Alþingi 1982

Sameinað þing, 1. fundur.

Föstudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1982, mánudaginn 11. okt., var hundraðasta og fimmta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það áttugasta og fimmta aðalþing í röðinni, en hundraðasta og tuttugasta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Ólafur Skúlason steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.
4. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
5. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
6. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
7. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
8. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
9. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
10. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
11. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
12. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
13. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
14. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
15. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
16. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
17. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
18. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.
19. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
20. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
21. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
22. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
23. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
24. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
25. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
26. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
27. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
29. Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
30. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
31. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
32. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
33. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
34. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
35. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e.
36. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
37. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
38. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
39. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
40. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv.
41. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
42. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
43. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
46. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
47. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
48. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
49. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
50. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
52. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
53. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
54. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
55. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
56. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
57. Tómas Árnason, 1. þm. Austurl.
58. Vilmundur Gylfason, 4. þm. Reykv.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til forsetastóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Háttvirtir alþingismenn. Hinn 17. sept. 1982 var gefið út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Við höfum ákveðið samkv. tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. okt. 1982.

Um leið og við birtum þetta er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1982.

Gunnar Thoroddsen. Karl Steinar Guðnason.
Logi Einarsson.

Gunnar Thoroddsen.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. okt. 1982."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Síðan við komum hér síðast saman við setningu Alþingis Íslendinga fyrir réttu ári höfum við séð á bak mörgum mætum þjóðfélagsþegnum, æskufólki, sem við tregum svo djúpt að sárin gróa seint, þeim af kynslóðinni sem er að kveðja samkv. lögmálum lífsins, og enn öðrum sem hafa lifað manndómsár sín en ekki lokið ævistarfi.

Fráfall hvers og eins snertir okkur öll, fámenna þjóð sem engan mann má missa fyrir aldur fram. Skiptir þar litlu hvort við þekkjum persónulega hvert annað, heldur sú einlæga samúðarvitund sem er með þeim sem eftir lifa í landinu og gefa hugsunum sínum og tilfinningum orð á íslensku. Það er íslensk tunga sem gerir okkur að þjóð og sameinar okkur hverja stund. Harmurinn á sín orð í hugarfylgsnum, — gleðin sín. Orðin eru íslensk.

Á þessum stað og á þessari stund er okkur efst í huga að minnast fráfalls dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrverandi forseta Íslands.

Dr. Kristján Eldjárn átti því láni að fagna að verða vinur allra landsmanna fyrir mannkosti sína, heiðarleika og einurð. Fregnin um að hann væri allur kom sem reiðarslag yfir þjóðina, og ég hygg að ekki sé til það heimili á Íslandi að ekki hafi sprottið rík orð dapurleika og missis í hugum manna.

Heimspekingurinn Sören Kirkegaard sagði eitt sinn: „Þegar þú komst í heiminn grést þú og aðrir glöddust. Lifðu nú lífi þínu á þann veg, að þegar þú yfirgefur heiminn gráti aðrir meðan þú sjálfur unir sáttur við þitt."

Okkur er öllum ljóst að fram undan eru erfiðir tímar sem á engan hátt má kenna okkur einum. Við verðum hverju sinni að taka þátt í því að vera hluti af heimsmyndinni eins og hún er: Sjálfstæð þjóð meðal þjóða. Við verðum að sætta okkur við að leggja hart að okkur og að aga okkur til hins ýtrasta, svo að við megum komast sem best af. — Við sem höfum verið svo lánsöm að geta komist hjá böli annarra þjóða, — atvinnuleysi.

Okkur hafa lengi verið færðar heim sannanir um að aðrar þjóðir vita að við höfum ýmislegt að gefa, sem metið er, merka arfleifð, ríka listsköpun og annálaða verklagni, en allt fléttast það saman í hugtak sem nefnt er menning.

Við höfum oft í aldanna rás verið aufúsugestir á erlendum grundum og margt sem við höfum átt þar fram að færa hefur fremur þótt til fyrirmyndar en hið gagnstæða.

Ég á þá ósk þjóðinni og þingmönnum til handa við setningu Alþingis á þessum degi, að viska og sáttfýsi sitji í fyrirrúmi til að reyna að sameina sundurleitar skoðanir, þannig að minnast megi okkar í sögunni sem heilsteyptrar þjóðar, er kunni fótum sínum forráð á viðsjárverðum tímum, og að orð heimspekingsins megi sannast um hvern Íslending.

Ég bið yður að rísa á fætur og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Gunnar Thoroddsen,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, dr. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., að ganga til forsetastóls.

Minning Kristjáns Eldjárns, fyrrv. forseta Íslands.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Ég býð hv. alþingismenn og starfsfólk Alþingis velkomið til starfa.

Á þessum stað og á þessari stundu minnumst við Kristjáns Eldjárns, fyrrv. forseta Íslands, sem andaðist fyrir tæpum mánuði, 14. sept., 65 ára að aldri.

Kristján Eldjárn var fæddur 6. des. 1916 á Tjörn í Svarfaðardal. Faðir hans var Þórarinn Kristjánsson Eldjárn, bóndi þar, kennari og hreppstjóri. Móðir Kristjáns var Sigrún Sigurhjartardóttir húsfreyja á Tjörn.

Hann fór ungur til mennta, brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1936 og stundaði nám í fornleifafræði við Kaupmannahafnarháskóla til 1939 þegar heimsstyrjöldin rauf þann námsferil.

Næstu tvo vetur starfaði hann við kennslu í Menntaskólanum á Akureyri. Á árunum 1941—1944 stundaði hann nám við Háskóla Íslands og lauk þaðan meistaraprófi í íslenskum fræðum. Hann var síðan aðstoðarmaður í Þjóðminjasafni Íslands 1945—47 og þjóðminjavörður 1947—1968. Hinn 1. ágúst 1968 tók hann við embætti forseta Íslands og gegndi því í 12 ár, til 1. ágúst 1980. Síðustu tvö æviárin sinnti hann fræðistörfum.

Í starfi sínum sem þjóðminjavörður fór Kristján Eldjárn víða um land og kom oft fram í útvarpi og sjónvarpi. Hann var félagslyndur og gjarnan kosinn til stjórnarstarfa í félögum. Honum var sýndur margs konar sómi fyrir embættis- og fræðistörf.

Kristján Eldjárn var gagnmenntaður maður og rækti störf sín með áhuga og elju. Hann vann að rannsókn fornleifa á námsárum sínum og löngum síðar og annaðist þjóðminjar í rúma tvo áratugi. Jafnframt ritaði hann margt um þau fræði.

Árið 1957 varði hann við Háskóla Íslands doktorsrit um kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Hann var hagorður, snjall í ræðu og riti og vandvirkur fræðimaður.

Rúmlega fimmtugur að aldri var hann kjörinn forseti Íslands og naut hylli þjóðarinnar í því starfi. Í hugum Íslendinga býr söknuður vegna fráfalls hans um aldur fram. Hann var sómi þjóðar sinnar og lifir sem slíkur í minningum og sögum.

Ég vil biðja þingheim að minnast hins látna fyrrv. forseta Íslands, Kristjáns Eldjárns, með því að rísa úr sætum sínum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Minning látinna fyrrv. alþingismanna.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Frá lokum síðasta þings hafa andast tveir fyrrv. alþm. sem hér verður minnst.

Jón Ívarsson, fyrrv. kaupfélagsstjóri og síðar forstjóri, andaðist 3. júní 1982, 91 árs að aldri.

Oddur Andrésson bóndi, sem átti hér sæti sem varaþm., andaðist 21. júní, á sjötugasta aldursári.

Jón Ívarsson var fæddur 1. jan. 1891 á Snældubeinsstöðum í Reykholtsdal. Foreldrar hans voru hjónin Ívar bóndi þar Sigurðsson og Rósa húsfreyja Sigurðardóttir. Hann stundaði nám í Hvítárbakkaskóla 1905—1907, í Kennaraskólanum fyrri hluta vetrar 1914—1915 og í Verslunarskólanum 1913—1914 og 1915—1916.

Hann var farkennari í Reykholtsdal veturinn 1908—1909, í Lundarreykjadal og Skorradal 1909—1913 og í Andakíl síðari hluta vetrar 1914—1915. Að loknu verslunarskólaprófi vann hann við verslun í Stykkishólmi 1916—1917, í Borgarnesi 1917—1921 og var kaupfélagsstjóri á Höfn í Hornafirði 1922—1943. Á árinu 1943 varð hann skrifstofustjóri Grænmetisverslunar ríkisins og Áburðarsölu ríkisins, en var síðan forstjóri þeirra stofnana 1944—1956.

Hann átti sæti í fjárhagsráði 1948—1953 og var síðan einn af forstöðumönnum Innflutningsskrifstofunnar 1954—1960. Eftir það var hann lengi lausráðinn starfsmaður hjá Ríkisútgáfu námsbóka. Hann átti sæti í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga 1936—1944 og í stjórn Áburðarverksmiðjunnar 1951—1963.

Við aukakosningar í Austur-Skaftafellssýslu sumarið 1939 var hann í kjöri utan flokka og hlaut kosningu. Hann sat á þingi til vorsins 1942, á sex þingum alls.

Jón Ívarsson var ungur á upphafsárum ungmennafélagshreyfingarinnar hér á landi. Hann gerðist þar liðsmaður og forustumaður í sínum heimahögum. Hann aflaði sér talsverðrar skólamenntunar. Að loknu verslunarnámi starfaði hann lengi á vegum samvinnuhreyfingarinnar og síðar við stjórnarstörf á vegum ríkisins. Hann var reglusamur og starfsamur, sjálfstæður í skoðunum og fastheldinn á þær dyggðir sem hann hafði tamið sér á ungum aldri. Honum entist lengi líf og heilsa í rósemi elliáranna eftir langan starfsaldur.

Oddur Andrésson var fæddur 24. nóv. 1912 á Bæ í Kjós. Foreldrar hans voru hjónin Andrés bóndi þar og hreppstjóri, síðar á Neðra-Hálsi í Kjós, Ólafsson og Ólöf húsfreyja Gestsdóttir. Frá 10 ára aldri til æviloka átti hann heimili á Hálsi, vann fyrst á búi foreldra sinna, stóð fyrir búi móður sinnar að föður sínum látnum, en bjó þar félagsbúi frá 1947, fyrst með bróður sínum, síðar syni.

Hann var varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi tvö kjörtímabil, 1963—1971, og tók níu sinnum sæti á Alþingi á þeim tíma.

Æskuheimili Odds Andréssonar var rómað fyrir myndar- og menningarbrag. Þar ól hann aldur sinn, stundaði bú og stóð í framkvæmdum við byggingar og ræktun. Hann kom víða við í félags- og umbótamálum í héraði. Hann var gæddur góðum tónlistargáfum, var kirkjuorganisti og söngstjóri. Hann var áhugamaður um skógrækt og var í stjórn Skógræktarfélags Íslands frá 1968, varaformaður þess 1972—1981. Hann átti sæti í stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík frá 1969 og í stjórn Osta- og smjörsölunnar frá 1977. Hann var forustumaður í skólamálum sveitar sinnar og héraðs og vann með öðrum að nýrri skipan heilbrigðismála og læknaskipunar í héraði. Hvarvetna gat hann sér orð fyrir samstarfsvilja, ósérhlífni og drenglyndi.

Ég vil biðja þingheim að minnast þeirra Jóns Ívarssonar og Odds Andréssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Benedikt Gröndal segir af sér þingmennsku.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Forseta Sþ. hefur borist svohljóðandi bréf, dagsett 6. ágúst 1982:

„Þar eð ég hef verið skipaður sendiherra Íslands í Stokkhólmi frá og með 1. sept. segi ég af mér þingmennsku frá þeim tíma.

Virðingarfyllst,
Benedikt Gröndal".

Í stað Benedikts Gröndals tekur sæti á Alþingi Jón Baldvin Hannibalsson og verður 9. þm. Reykv. Býð ég hann velkominn.

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis, var fundi fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Samkvæmt 3. gr. þingskapa skal nú kjósa forseta sameinaðs þings og bið ég starfsmenn þingsins að útbýta seðlum.

Kosningu hlaut

Jón Helgason, 3. þm. Suðurl., með 50 atkv. — Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., 1 atkv., Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., 1 atkv., Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Jón Helgason er rétt kjörinn forseti sameinaðs Alþingis. Ég óska honum heilla og bið hann að taka við störfum.

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. alþm. það traust, sem mér hefur verið sýnt, og vænti þess, að samstarf okkar á þessu nýbyrjaða þingi megi verða sem best.

Forseti lét nú fara fram kosningu 1. varaforseta.

Kosningu hlaut

Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., með 50 atkv. — Vilmundur Gylfason, 4. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., með 55 atkv. — Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., Halldór Blöndal, 7. landsk. þm. 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var JE, en á B-lista FrS. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn., og
Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.

Efri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
3. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
5. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
6. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
7. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
8. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
9. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
10. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
11. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
12. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
13. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e
14. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv.
15. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
16. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
17. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
19. Tómas Árnason, 1. þm. Austurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og Egil Jónsson, 11. landsk. þm., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., með 20 atkv.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil þakka hv. þdm. það traust, sem mér hefur verið sýnt, vænti þess, að ég verði þess trausts verður, og vænti góðrar samvinnu við hv. þdm. í hvívetna.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., með 19 atkv. — Egill Jónsson, 11. landsk. þm., hlaut 1 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., með 20 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var DA, á B-lista EgJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og

Egill Jónsson, 11. landsk. þm.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Guðmundur Karlsson.
8. — — Jón Helgason.
9. — — Geir Gunnarsson.
10. — — Kjartan Jóhannsson.
11. — — Þorv. Garðar Kristjánsson.
12. sæti hlaut Salome Þorkelsdóttir.
13. — — Guðmundur Bjarnason.
14. — — Stefán Guðmundsson.
15. — — Eyjólfur Konráð Jónsson.
16. — — Ólafur Ragnar Grímsson.
17. — — Eiður Guðnason.
18. — — Karl Steinar Guðnason.
19. — — Lárus Jónsson.
20. — — Stefán Jónsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.
4. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
5. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
6. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
7. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
8. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
9. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
10. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
11. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.
12. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
13. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
14. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
15. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
16. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
17. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
18. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
19. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
20. Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
21. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
22. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
23. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
27. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
28. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
31. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
32. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
33. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
34. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
37. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
39. Vilmundur Gylfason, 4. þm. Reykv.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., með 34 atkv. — 2 seðlar voru ógildir.
Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég þakka traust mér sýnt og vænti góðrar samvinnu.

Fyrri varaforseti var kosinn
Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., með 29 atkv. — Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm., 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., með 33 atkv. — Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÓÞÞ, á B-lista HBl. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., og
Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

11.	sæti	hlaut	Birgir Ísl. Gunnarsson.
12.	—	—	Karvel Pálmason.
13.	—	—	Eggert Haukdal.
14.	—	—	Magnús H. Magnússon.
15.	—	—	Skúli Alexandersson.
16.	—	—	Matthías Á. Mathiesen.
17.	—	—	Ingólfur Guðnason.
18.	—	—	Albert Guðmundsson.
19.	—	—	Stefán Valgeirsson.
20.	—	—	Sighvatur Björgvinsson.
21.	—	—	Jóhanna Sigurðardóttir.
22.	—	—	Pétur Sigurðsson.
23.	—	—	Alexander Stefánsson.
24.	—	—	Guðmundur J. Guðmundsson.
25.	—	—	Guðrún Helgadóttir.
26.	—	—	Garðar Sigurðsson.
27.	—	—	Geir Hallgrímsson.
28.	—	—	Páll Pétursson.
29.	—	—	Guðmundur G. Þórarinsson.
30.	—	—	Árni Gunnarsson.
31.	—	—	Halldór Ásgrímsson.
32.	—	—	Vilmundur Gylfason.
33.	—	—	Jósef H. Þorgeirsson.
34.	—	—	Jón Baldvin Hannibalsson.
35.	—	—	Jóhann Einvarðsson.
36.	—	—	Steinþór Gestsson.
37.	—	—	Þórarinn Sigurjónsson.
38.	—	—	Matthías Bjarnason.
39.	—	—	Ólafur G. Einarsson.
40.	—	—	Friðrik Sophusson.

Sameinað þing, 2. fundur.

Miðvikudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir samkvæmt 15. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.
Fram komu þrír listar. Á A-lista var ÞS, GeirG, AS, GB og FÞ. Á B-lista voru LJ, FrS, EgJ, EH. Á C-lista var KP. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Alexander Stefánsson (A),
Karvel Pálmason (C),
Friðrik Sophusson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Egill Jónsson (B),
Friðjón Þórðarson (A).

2. Utanríkismálanefnd.
Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa og voru kosnir án atkvgr.:
Aðalmenn:
Halldór Ásgrímsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Kjartan Jóhannsson (C),
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

Varamenn:
Guðmundur Bjarnason (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Guðrún Helgadótir (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Karl Steinar Guðnason (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B).

3. Atvinnumálanefnd.
Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa og voru því kosnir án atkvgr.:
Halldór Ásgrímsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Jón Baldvin Hannibalsson (C),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Sverrir Hermannsson (B).

4. Allsherjarnefnd.
Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Voru því kosnir án atkvgr.:
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

Embættisfærsla sýslumanns á Höfn í Hornafirði.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist fsp., hvort leyfð skuli, sem mér finnst ekki falla að ákvæðum þingskapa um fyrirspurnir og hef því ekki samþykkt, en fyrirspyrjandi hefur óskað eftir að hún verði borin upp í Sþ., hvort leyfð skuli. Fsp. er um embættisfærslu sýslumanns á Höfn í Hornafirði og er svohljóðandi:

„Hefur dómsmrh. talið ástæðu til að gera athugasemdir við embættisfærslu sýslumanns á Höfn í Hornafirði hinn 18. ágúst sl.?"

Fsp. er frá Vilmundi Gylfasyni.

ATKVGR.

Fellt að leyfa fsp. með 41:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JBH, KSG, KP, KJ, RA, SighB, SkA, StJ, SvG, VG, ÁG, EG, GeirG, GJG, GHelg.

nei: JE, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, ÓRG, ÓLJ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SalÞ, StefG, SV, StH, SteinG, SvH, TÁ, ÞK, ÞS, AG, AS, BÍG, DA, EH, EgJ, EKJ, FrS, GH, GB, GK, GGÞ, GTh, HÁ, HBl, HS, HG, IGuðn, IGísl, JH.

MHM, FÞ, GSig greiddu ekki atkv.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jónsson: Herra forseti. Til þess að taka af allan efa þá er ég þeirrar skoðunar — og tala sem gamall fagmaður í fréttamennsku — þá er ég þeirrar skoðunar, að framkoma sýslumanns (**Forseti:** Ekki efnislega umræðu.) í þessu máli — ég sagði, til þess að taka af allan efa um hvatirnar á bak við svar mitt — að framkoma sýslumanns hafi verið eðlileg og þakkarverð frá sjónarmiði þeirra sem áttu að segja frá atburðum þarna. Ég er aftur á móti jafn eindregið hinnar skoðunarinnar, að það sé fáránlegt að synja um þessa fsp. og gera þm. upp getsakir um hvatir til þessarar fsp., og segi því já.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er frá mínum bæjarhóli séð dapurlegt að horfa á þm., sem ég sé að skiptast nokkuð flokkslega, þm. Sjálfstfl. og Framsfl., umhverfast hér í kerfismennsku í versta og einfaldasta skilningi orðsins til þess að meina að fram sé borin fsp. til hæstv. dómsmrh. um embættisfærslu eins af undirmönnum hans. Þeirri fsp., sem hér hefur verið varpað fram, er hægt að svara með einföldu neii, ef dómsmrh. svo kýs, en hann meinar að fsp. komi fram. Hér var flutt í fyrra fsp. um launakjör bankastjóra. Hvers eiga þeir að gjalda? Þeir eru ekki staddir hér til þess að bera hönd fyrir höfuð sér, eins og þeir drenglyndu menn núna þykjast vera að tala um. Hér var borin fram fsp. af Matthíasi Bjarnasyni um kostnað við skrifstofuhald Alþingis. Skrifstofustjóri hefur ekki málfrelsi enn þá. Hvers eiga menn að gjalda nú, þegar lagakerfið í landinu hefur orðið sér til skammar eina ferðina enn og þessir ábyrgðarmenn lagakerfisins í áratugi standa hér og stöðva umr.? (**Forseti:** Ekki efnislegar umr.)

Herra forseti. Þú hefur að minni hyggju tekið ranga ákvörðun og brugðist því trausti sem þér var sýnt með miklum meiri hluta hér í gær. Hér er verið að stöðva umr., stöðva fsp. Það er það sem þetta mál snýst um og það er auðvitað skelfilegt. Ég læt vera að ræða prinsipmálin, sem að baki búa, réttindi minnihlutahópa sem urðu fyrir aðkasti á s. l. sumri og á sumrinu þar á undan. Ég fæ ekki að ræða það hér. Ég fæ ekki að ræða Rannsóknarlögreglu ríkisins og aðkast sem minnihlutahópur varð fyrir frá henni. Ég fæ ekki að ræða sýslumanninn og aðkast annars minnihlutahóps, sem hann varð fyrir í sumar. Þessa umr. á að stöðva. Mér er óskiljanlegt, en ég treysti því að þjóðin fái fulla vitneskju um það, hvað er að gerast hér í þessum sal í dag. Það var forsetafundur í morgun. Þar var svo ákveðið með öllum atkv. gegn einu. Forseti Nd., minnar deildar þar með, íbúðarkaupandinn á Akureyri, vill stöðva málfrelsi í þinginu. Og ég segi, herrar mínir, að í dag hafið þið orðið ykkur til skammar. Í dag hafið þið verið að reyna að koma í veg fyrir að málin fáist rædd hér á þinginu. Störf ykkar eru nú ekki til mikils sóma, eins og sést um þjóðfélagið allt. Þetta er röng ákvörðun. Þetta er skaðleg ákvörðun fyrir Alþingi, þetta er vont fordæmi. Ég er minnihlutamaður hér, við erum það augljóslega, en ég segi já.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þó að ég sé ósammála þeim hv. þm. sem óskaði eftir að koma þeirri fsp. á framfæri sem hér er til umr. í öllum meginatriðum í málflutningi hans í þessu máli, þá tel ég að hann hafi fyllsta leyfi samkv. þingsköpum þessarar virðulegu stofnunar til að koma á framfæri fsp. sinni. Ég tel að með þessari neitun séum við í raun og veru að stíga nokkurt skref aftur á bak í okkar þingræðisvenjum og hefðum. Ég tel það mjög slæmt, að menn skuli ekki fá að bera fram fyrirspurnir hér á hinu háa Alþingi, þó að einhverjum hv. þm. eða hæstv. forsetum þyki þær vitlausar. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, að hér hafi verið svarað mörgum miklu vitlausari fsp. heldur en þessari og ég harma að flokkur, sem m. a. kennir sig alfarið við lýðræði og berst fyrir því, eins og Sjálfstfl. skuli taka þá afstöðu til þessa máls sem hann gerir. Hér er um mjög mikilsvert formsatriði að ræða í okkar þinghaldi og það er af þeim sökum sem ég segi já.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Persónulega finnst mér þessi fsp. hvorki vera knýjandi né mikilvæg, en það er aukaatriði þessa máls. Þm. hljóta að eiga rétt á að bera hér fram þær fsp. sem þeir óska svara við, og það er vissulega alvarlegt ef meiri hl. Alþingis tekur sér það vald að neita því að fsp. fáist settar fram og þeim svarað. Það er mjög alvarlegt mál. — Herra forseti. Ég segi já.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Fram hefur komið af hálfu forseta Sþ. að hann hafi boðið hv. 4. þm. Reykv. að umorða fsp. sína þannig að hún geti orðið þingleg. Þessu hafnaði hv. 4. þm. Reykv. og velur það heldur að baða sig hér í sviðsljósinu. Ég harma þetta og segi nei.

Forseti (Jón Helgason): Ég lagði fram tillögu til breytinga við hv. 4. þm. Reykv., sem hann taldi að hann gæti ekki sætt sig við.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hér er um fsp. að ræða, sem fjallar um hörmulegt mál sem erfitt er að fjalla um þannig að Alþingi haldi sóma sínum, og menn geta skipst á skoðunum um það. Hvort hv. fyrirspyrjandi sé rétti fyrirspyrjandinn til að halda á málinu af hógværð, jafnviðkvæmt og það er, efa ég. En ég vil ekki afsala mér þeim rétti að spyrja hér hæstv. ráðh. um einstaka embættismenn og hef það í huga og segi því já.

Um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil nú ekki hafa um þetta mörg orð eða stór, en þó verð ég að gera aths. við stjórn forseta á fundinum. Hann lýsir því hér yfir, að þegar menn gera grein fyrir atkv. sínu megi þeir ekki fjalla um efnisatriði málsins. En það er augljóslega ekki sama hverjir í hlut eiga og hvað þeir eru að segja, því að hér hafa menn gert þannig grein fyrir atkv. sínu að lýsa sig andvíga efni fsp. Það er ekki gerð aths. við það. Það er aðeins gerð aths. við efnisatriði ef þau falla ekki forsetanum. Finnst ekki fleirum en mér þetta alvarlegt, með hverjum hætti þessi valdníðsla fer fram?

Ég skil ekki hvað hv. 10. þm. Reykv. er yfir höfuð að skipta sér af þessu máli, sem hann augljóslega veit ekkert um. Og hvað er hann með derring að vaða hér upp á dekk? Hann fer að vísa í einhver einkasamtöl mín og forseta. Hvaðan í ósköpunum kemur honum vitneskja um það? Það er rétt, að forseti hafði samband við mig í gær og bað mig að umorða spurninguna, sem ég gerði. Forseti kallaði mig enn á fund til sín í morgun, svo að ég skýri satt og rétt frá, og lagði fyrir mig handrit að nýrri spurningu, sem hann sagði að hann mundi fallast á að ég flytti. Og ég sagði honum að hann gæti látið hv. þm. Þórarin Sigurjónsson flytja þessa spurningu, ef honum væri umhugað um að fá hana fram. Ég flyt hana ekki. Ég var að flytja fsp. um allt annað mál. Er þetta að rétta fram hönd til samkomulags? Þetta er bull, herra þm. — Og hann notar orðalagið, að hér standi hv. 4. þm. Reykv. og sé að baða sig í einhverju ljósi. Hvers konar mannasiðir eru þetta? Ég hef borið fram fsp., eins og hann hefur margoft gert sjálfur. Ég hef orðið fyrir því að neitað er að ég fái að ræða hana. Var það ég sem var að baða mig í einhverju ljósi? Ég sé ekki betur en það séu einhverjir aðrir sem þeim ljóskösturum stýri, satt að segja. Ég skil ekki hvað þessi lögfræðipiltur úr Heimdalli er að skipta sér af málum sem hann augljóslega hefur ekkert vit á. Hann hefði getað greitt atkv. og þá hefði lítið borið á þessum aths.

Herra forseti. Fundarstjórn þín á þessum fundi hefur verið hlutdræg. Það hafa verið gerðar aths. við efnisatriði, þegar forsetanum hafa ekki fallið þau. Hér lýstu þm. sig hins vegar andvíga, ég veit ekki hvort það var, fsp. eða flm. — við erum orðnir ýmsu vanir — og þá eru engar aths. gerðar við það úr forsetastóli. Ég er rétt kjörinn þm. þangað til kjósendur ákveða annað og ég krefst þess, þrátt fyrir róttækar skoðanir mínar, að fá að hafa hér sama rétt og aðrir. Og ég krefst þess, að fyrirspurnir um svona efni eða Framkvæmdastofnun ríkisins og íbúðakaup á Akureyri megi koma hér fram og þær séu ekki hindraðar. Því nefni ég þetta, að þetta varðar forsetann sem í morgun taldi sig þess umkominn að neita fsp.

Herra forseti. Ég er að tala um þingsköp, fundarstjórn forseta sem kosinn var af þingmönnum allra flokka í gær. Hún hefur verið hlutdræg. Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá nokkrum manni. Hann bannaði sumum mönnum umr. um efnisatriði og hann leyfði aths. um efnisatriði ef þær voru af hinu taginu. Auðvitað sjá þetta allir. Og svo sitja þeir hér, kerfisfólkið, og segja: Nei, ekki umr. um þetta. Það er ekki furða þó að ástandið í þjóðlífinu sé eins og það er. Það er ekki furða þegar fólkið, sem ábyrgðina ber, hagar sér svona. Og það er eina ósk mín, að allir fái um þetta að vita. Það er eina ósk mín. Og, herra forseti, sú vitneskja nógu margra verður þér ekki til mikils sóma.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hefur komið fram hjá fjölmörgum þm., að það er mikið alvörumál þegar ákveðið er hvort takmarka eigi rétt þm. til þess að bera fram fyrirspurnir. Þjóðþingið er opinn vettvangur fyrir umr. Í stjórnarskránni er lögverndaður réttur hvers þm. til þess að bera sjálfur ábyrgð á gerðum sínum og vera ekki skuldbundinn neinum í því efni nema samvisku sinni. Þess vegna er það ákvörðun sem er alveg rétt hjá fyrirspyrjanda að getur haft alvarlegar afleiðingar, ef meiri hluti þings tekur sér fyrir hendur að ákveða fyrir hvern og einn þm. hvað er rétt gagnvart hans eigin samvisku eða ekki og draga þær markalínur sem eiga að gilda í þessum efnum. Ég tel að við meðferð þessa máls hafi orðið á mistök, sem ég skal ekkert um segja hverjum eru að kenna, hvort það er fyrirspyrjanda eða forseta þingsins. En þegar þingið tekur afstöðu í máli eins og þessu tel ég nauðsynlegt að fsp. liggi fyrir skriflega og einstakir þm. og þingflokkar hafi haft tíma og tækifæri til þess að fjalla um málið á lengri tíma heldur en þeim fáeinu mínútum sem hér voru notaðar til að knýja fram endanlega niðurstöðu í þessu máli.

Fjölmörg önnur atriði, sem koma á dagskrá þingsins, eru sett á prentaða dagskrá og tekin afstaða til hvort leyfa skuli og hvernig skuli ræða. Það var ekki gert í þessu tilviki. Það var ekkert á dagskrá fundarins sem gaf til kynna að þetta mál ætti að taka hér fyrir. Málið lá ekki fyrir í skriflegu formi og þm. höfðu ekki aðstöðu og tóm til þess að vega og meta með eðlilegum hætti, líkt og um önnur mál, hvaða afstöðu þeir taka. Ég vil beina því til hæstv. forseta og þm. allra, að ef önnur tilefni af þessu tagi koma upp verði farið með það líkt og öll önnur þingmál, að það liggi fyrir með eðlilegum hætti og í tæka tíð þannig að þm. og þingflokkar hafi sama tíma og gagnvart öðrum þingmálum, sem tekin eru á dagskrá með fyrirvara um hvernig með skuli fara og hvort leyfa skuli. Það sé ekki farið með málið með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Forseti (Jón Helgason): Það var ósk fyrirspyrjanda, hv. næstsíðasta ræðumanns, að þetta væri borið upp núna strax, og ummælunum um hlutdrægni vísa ég á bug, en þar munum við ekki sannnfæra hvor annan.

Efri deild, 2. fundur.

Miðvikudaginn 13. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir samkvæmt 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Gunnar Thoroddsen (B).

2. Samgöngunefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Egill Jónsson (B),
Jón Helgason (A),
Eiður Guðnason (C),
Lárus Jónsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Helgason (A),
Egill Jónsson (B),
Helgi Seljan (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eiður Guðnason (C),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Egill Jónsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eiður Guðnason (C),
Egill Jónsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Davíð Aðalsteinsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Helgi Seljan (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Jón Helgason (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Lárus Jónsson (B).

8. Menntamálanefnd.
Jón Helgason (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Gunnar Thoroddsen (A).

9. Allsherjarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Egill Jónsson (B),
Jón Helgason (A),
Eiður Guðnason (C),
Salome Þorkelsdóttir (B).

Neðri deild, 2. fundur.

Miðvikudaginn 13. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Guðmundur J. Guðmundsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (C),
Ingólfur Guðnason (A),
Matthías Bjarnason (B).

2. Samgöngunefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Steinþór Gestsson (B),
Árni Gunnarsson (C),
Alexander Stefánsson (A),
Halldór Blöndal (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Eggert Haukdal (B),
Árni Gunnarsson (C),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Karvel Pálmason (C),
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Páll Pétursson (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Guðmundur J. Guðmundsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Jóhann Einvarðsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Pálmi Jónsson (B).

8. Menntamálanefnd.
Ingólfur Guðnason (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Halldór Blöndal (B),
Vilmundur Gylfason (C),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (B).

9. Allsherjarnefnd.
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Vilmundur Gylfason (C),
Ingólfur Guðnason (A),
Eggert Haukdal (B).

Sameinað þing, 3. fundur.

Fimmtudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 12). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefna í flugmálum, þáltill. (þskj. 13). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Orkulög, frv. (þskj. 11). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég flyt hér frv. til orkulaga ásamt sjálfstæðismönnum hér í deildinni, Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Lárusi Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur. Þetta frv. er endurflutt nú. Það hefur tvisvar verið flutt áður og ég hef þá flutt ítarlegar framsöguræður fyrir þessu frv. og með því að ég veit að hv. þdm. hafa lagt sér á minni aðalatriði þess sem ég hef sagt í þessu máli, þá mun ég nú haga orðum mínum þannig, að leitast við að drepa aðeins hér á helstu atriði frv., sem nauðsynlegt er að leggja áherslu á, og þó að ég viti að hv. dm. hafi lagt á minnið það sem áður hefur verið sagt af minni hálfu í þessu máli, þá er ég ekki eins viss um að hæstv. iðnrh. hafi gert slíkt hið sama, enda á hann sæti í Nd., og það væri náttúrlega æskilegt, þó ekki sé sagt meira, að hann væri viðstaddur umr. um þetta mál. Þetta er eitt stærsta mál orkumálanna.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, mótast af víðfeðmi þess viðfangsefnis sem hér er við að fást. Samt sem áður greinast nýmæli frv. í þrjá meginþætti. Er þar um að ræða nýmæli sem varðar rannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra, nýmæli í skipulagi orkuvinnslunnar og dreifingu orkunnar og nýmæli er varðar hlutverk og skipulag Orkustofnunar og orkuráðs.

Eitt mesta nýmælið, sem er að finna í þessu frv., er í 2. gr. þess, sem fjallar um orkumálaáætlun. Hér er um algert nýmæli að ræða í orkulögum, þar sem gert er ráð fyrir að meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar verði sett fram í sérstakri orkumálaáætlun til langs tíma. Með tilliti til reynslunnar má halda því fram, að á fáum eða engum sviðum opinberra fjármála sé þörfin brýnni fyrir vandaðan undirbúning ákvarðanatöku en í orkumálum, og kemur þar einnig til, að einstakar orkuframkvæmdir eru einnig mjög fjárfrekar svo sem kunnugt er. Löggjafinn hefur áður talið ástæðu til að ákveða slíka málsmeðferð í einstökum mikilvægum málaflokkum, svo sem í vegamálum, hafnamálum og raunar einnig framkvæmdum á sviði heilbrigðismála. Þar sem einstakir áfangar orkumálaframkvæmda eru einatt mjög umfangsmiklir þykir rétt að miða hér við 10 ára áætlun eða 10 ára áætlunartímabil, en með hliðsjón af óstöðugleika íslensks efnahagslífs þykir jafnsjálfsagt að gera ráð fyrir að breytingar aðstæðna krefjist endurskoðunar á áætluninni á fjögurra ára fresti eða oftar.

Það er gert ráð fyrir, að Orkustofnun og virkjunaraðilar vinni saman að gerð orkumálaáætlunar í umboði ráðh. Þetta eru þeir aðilar sem ætlað er að hafa á hendi þau verkefni er mestu skipta um framtíðarstefnumörkun á þessu sviði. Að sjálfsögðu yrði leitað til annarra aðila við gerð áætlunarinnar, eftir því sem aðstæður gæfu tilefni til. Sérstaklega er gert ráð fyrir að gætt sé samræmis milli orkumálaáætlunar og annarrar áætlunargerðar til langs tíma á vegum ríkisins.

Orkumálaáætlun er ætlað að setja fram leiðir til þess að fullnægja skynsamlegri orkunotkun þjóðarinnar á áætlunartímabilinu á sem hagkvæmastan hátt og gera í því sambandi grein fyrir nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi á orkugjöfum og verðlagningu á orku. Þá skal í áætluninni sett fram fjármagnsþörf á áætlunartímabilinu og gerð grein fyrir því, hvernig staðið skuli undir fjármagnsútgjöldum, þ. e. afborgunum og vöxtum af lánsfé.

Þetta er það sem ég vildi sérstaklega taka fram um þetta þýðingarmikla nýmæli í frv. þessu um það sem varðar langtímaáætlanir í orkumálum.

Það hefur verið hlutverk Orkustofnunar að annast þann þátt orkumálanna sem við kemur rannsóknum og skyldum viðfangsefnum. Verður að telja grundvallaratriði í framkvæmd orkumálanna, að þau verkefni, sem Orkustofnun er falið að sjá um, fari vel úr hendi. Hér er því mest um vert að Orkustofnun hafi sem best tök á að gegna sínu mikilvæga hlutverki. Þær tillögur, sem varða Orkustofnun, miða því í meginatriðum að því 1. að styrkja stjórn stofnunarinnar; 2. hnitmiða verksvið stofnunarinnar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum; 3. að efla áhrifavald stofnunarinnar og þátt hennar í heildarstjórn orkumálanna. — Með tilliti til þess er lagt til að Orkustofnun sé fengin þingkjörin stjórn á þann veg, að orkuráði sé ætlað það verkefni auk þess að hafa með höndum stjórn Orkusjóðs svo sem nú er. Þá gerir frv. ráð fyrir að sú starfsemi, sem nú heyrir undir Orkustofnun í einu eða öðru formi, en varðar ekki meginhlutverk stofnunarinnar, verði fengin öðrum aðilum í hendur. Hins vegar er Orkustofnun fengið í hendur veigamikið verkefni við gerð orkumálaáætlunarinnar, eins og ég hef áður getið um.

Þá vil ég taka fram, að frv. gerir ráð fyrir að meginraforkuvinnslan verði á hendi eins fyrirtækis, þar sem er Landsvirkjun. Jafnframt er svo ráð fyrir gert, að sjálfstæð orkufyrirtæki í hinum einstöku landshlutum geti einnig annast orkuvinnslu eftir því sem efni standa til.

Samkv. þessu gerir frv. ráð fyrir, að heildarstjórn raforkuvinnslunnar verði komið á fót í formi samvinnu, sem fyrirtækjunum, er hafa á hendi orkuvinnslu, er gert að hafa. Samvinna þessi lýtur að skipulegri yfirstjórn, er varðar byggingu orkuvera og samrekstur þeirra. Reglur um þetta efni mótast mjög af þeirri sérstöðu Landsvirkjunar að bera ægishjálm yfir öll orkuveitufyrirtæki landsins. Er og staða Landsvirkjunar mjög efld frá því sem verið hefur með því að henni er ætlað að gegna aðalhlutverki í yfirstjórn raforkuvinnslunnar, svo sem fram kemur í frv. með reglum um 1. skipun samvirkjunarráðs, 2. eignarhald að stofnlínum, sem ætluð er Landsvirkjun, og 3. samrekstur orkuveranna.

Ég hef hér í fáum orðum drepið á ein þýðingarmestu nýmælin í frv., en mér þykir ekki vera hægt að komast hjá að víkja aðeins að öðrum þýðingarmiklum atriðum og vil ég einnig gera það í fáum orðum.

Samkv. frv. er reiknað með því, að fyrirtæki sveitarfélaga eða sameignarfélög ríkis og viðkomandi sveitarfélaga hafi á hendi raforkudreifingu og rekstur hitaveitna hvert í sínu umdæmi. Er þá gert ráð fyrir að þessi landshlutafyrirtæki geti einnig annast raforkuvinnslu, ef vilji er fyrir slíku og möguleikar. Með tilliti til þessa er gert ráð fyrir, að Rafmagnsveitur ríkisins verði lagðar niður jafnóðum og aðstæður leyfa. Leiðir þetta af því, að rétt

þykir, eins og ég hef hér lagt áherslu á, að landshlutafyrirtæki hafi á hendi raforkudreifinguna. Verður þá ekki ástæða til að halda áfram rekstri Rafmagnsveitna ríkisins til orkuvinnslu, þar sem önnur orkufyrirtæki með aðild ríkisins verði fær um slíkt. Með tilliti til þessa er ríkisstj. veitt heimild samkv. frv. til að láta af hendi eignir Rafmagnsveitna ríkisins til annarra orkufyrirtækja í landinu með þeim skilmálum sem um semst. Framkvæmd þessa fer fyrst og fremst eftir því, hvort landshlutafyrirtækjum eða sveitarfélögum verði gert kleift að taka við eignum Rafmagnsveitna ríkisins í viðkomandi landshluta. Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins getur hvergi orðið lögð niður nema þar sem tryggt er að fyrir hendi sé annar aðili fær um að halda uppi þeirri þjónustu sem um er að ræða. Þess vegna verður þetta fyrirtæki ekki lagt niður í einum áfanga, heldur smám saman, eftir því sem ástæður leyfa.

Ýmis önnur nýmæli er að finna í frv., sem ástæða væri að drepa á, en ég skal aðeins nefna nýmæli eins og það, að gert er ráð fyrir að Jarðboranir ríkisins verði teknar undan rekstrarstjórn Orkustofnunar. Um það verður nánar rætt þegar hér kemur til umr. mál nr. 10, um Jarðboranir ríkisins, sem er fylgifrv. þess frv. sem við nú ræðum.

Þá er í frv. þessu gert ráð fyrir, að Orkustofnun sé leyst undan því hlutverki að annast hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neysluvatnsleitar. Það er gert ráð fyrir öðrum aðilum til að sinna þessum störfum. Auk þess er gert ráð fyrir að svokölluð tækninefnd Orkustofnunar, sem að forminu til hefur verið við lýði, verði lögð niður því að hún hefur enga þýðingu haft.

Þá er Orkustofnun sérstaklega falið með beinum fyrirmælum að vinna að orkusparnaði. Ekki er í núgildandi löggjöf neitt að finna um þau efni, en við vitum öll, hve þessi þáttur orkumálanna er orðinn þýðingarmikill nú. Þá er það enn fremur nýmæli, að Orkustofnun er falið sérstaklega að uppfræða almenning um orkumál. Virðist full ástæða til þess að láta slík mál til sín taka.

Þá eru nýmæli og sérstök þýðingarmikil efnisatriði sem varða Orkusjóð. Það er gert ráð fyrir að Orkusjóður verði efldur eftir því sem með þarf til að tryggja framkvæmd orkumálaáætlunar. Þá er Orkusjóði fengin almenn heimild til að veita orkuveitulán til hitaveituframkvæmda, en samkv. lögum eru engin bein ákvæði um slíkt. Enn fremur er Orkusjóði heimilað í frv. þessu að veita einstaklingum lán til hitaveituframkvæmda. Engin heimild er til þess í núgildandi lögum, en þetta getur haft þýðingu, einkum í sveitum landsins þar sem einstakir bæir hafa möguleika á að virkja jarðvarma í eigin þarfir.

Þá er um að ræða nýmæli sem varðar fyrirkomulag í sambandi við lánveitingar Orkusjóðs. Það er gert ráð fyrir að orkuráð taki ákvarðanir um lánveitingar úr Orkusjóði í stað tillögugerðar til ráðh. Samkv. gildandi lögum er verksvið orkuráðs í dag að gera tillögur til ráðh. og þó að það sé venjan, ég hygg undantekningarlaus eða nær því, að ráðherrar samþykki það sem orkuráð leggur til í þessu efni, þá er valdið að forminu til hjá ráðh. Það þykir eðlilegt að þetta vald sé hjá stjórn sjóðsins, eins og venjulega er með lánasjóði, með sérstöku tilliti til þess að gert er ráð fyrir að stjórnin sé þingkjörin, kjörin af Alþingi.

Þá er eitt nýmæli enn, sem leiðir af breyttri tækni og auknum framförum í orkumálunum, og það er á þá leið, að rýmkaðar eru heimildir til að reisa raforkuver án leyfis stjórnvalda, en það þykir eðlilegt að ekki þurfi að leita til stjórnvalda til smávirkjana, jafnvel einkavirkjana, eins og nú er.

Það gæti verið ástæða til þess fyrir mig að koma inn á fleiri atriði, sem eru í þessu frv. og til nýmæla mega teljast eða eru mjög þýðingarmikil, en ég mun ekki gera það að þessu sinni. Ég vil aðeins vekja athygli á t. d. V. kaflanum, sem er um orkuveitur, þar sem eru mörg nýmæli frá gildandi lögum og sniðnir eru af þeir vankantar sem hafa komið í ljós varðandi ýmis tæknileg atriði, en þessi kafli hefur líka að sjálfsögðu ekki síst verið unninn af sérfræðingum og tæknimenntuðum mönnum á þessu sviði. Ég sé þó ekki ástæðu til þess að fara að ræða einstök atriði þessa kafla hér sérstaklega nema að gefnu tilefni.

Ég sagði í upphafi máls míns, að hér væri um að ræða frv. sem væri nú endurflutt. Og það er ekki einungis endurflutt í fyrsta sinn nú. Það er endurflutt í annað sinn. Þetta er í þriðja sinn sem mál þetta er lagt fyrir hv. deild. En það hefur ekki fengið afgreiðslu og það verður ekki komist hjá því að víkja nokkrum orðum að þeirri staðreynd. Hvernig stendur á því, að frv. sem svo vandlega hefur verið unnið hefur ekki fengið afgreiðslu á sama tíma sem það hefur ekki komið fram nein rökstudd gagnrýni á þeim helstu nýjungum og helstu efnisatriðum sem þetta frv. hefur að geyma? Hvernig stendur á því, að svo þýðingarmikið mál sem skipulag orkumálanna hefur ekki fengið afgreiðslu á sama tíma sem engar tillögur hafa komið fram sem varða heildarendurskoðun á þessari löggjöf, og þó er svo að sjá að allir séu sammála um að það þurfi að fara fram heildarendurskoðun á þessari löggjöf? Það er sannarlega von til þess að spurt sé að því hver er ástæðan.

Nú skal ég ekki fara að gerast æðifjölorður um það. Það er þeirra, sem hafa stöðvað afgreiðslu frv., að skýra það. En þó get ég ekki látið vera að víkja að ágreiningsatriðum sem hafa verið uppi varðandi skipulag orkumálanna. Það var ágreiningur, sem lengi var rætt um og mikið var deilt um, sem varðaði það, að annars vegar vildu sumir hafa eitt meginorkufyrirtæki og banna öðrum aðilum að annast raforkuframleiðslu, en hins vegar voru þeir sem gengu út frá því að allavega mundi vera eitt meginorkufyrirtæki, sem er fyrir hendi í formi Landsvirkjunar, en hins vegar væri ekki nein ástæða og mjög vafasamt og raunar óhægt að banna öðrum aðilum að virkja eða annast raforkuframleiðslu ef þeir vildu það og ef þeir gætu það.

Nú ætla ég ekki að fara að hafa langt mál um þennan ágreining, en ég held að það væri gott að menn gerðu sér grein fyrir því hver þessi ágreiningur var í hnotskurn eftir ítarlegar umræður um þessi mál í þeirri nefnd, sem vann að skipulagi orkumálanna og var skipuð af þáverandi iðnrh., Gunnari Thoroddsen, 1977 og skilaði áliti haustið 1978, — áliti sem þetta frv. er bytt á, en nefndin klofnaði út af ágreiningnum um hvort það ætti að vera eitt raforkuvinnslufyrirtæki í landinu og banna öðrum að virkja. Og hver var ágreiningurinn í hnotskurn? Þeir sem lögðu áherslu á eitt orkufyrirtæki vildu lögfesta það, að ekkert fyrirtæki í landinu mætti virkja stærra en 5 megawött. Við hinir, sem vildum hafa þetta frjálst, sögðum sem svo: Ef það eru aðilar í landinu sem treysta sér til þess að virkja stærra en 5 megawött, þá á þeim að vera það heimilt og það eru engin rök til þess að

banna slíkt. Um þetta var ágreiningur.

Ég hef alltaf litið svo á að það væri ekki hægt að standa á þessu sjónarmiði, að það megi ekki leyfa neinum öðrum í landinu, nema einu fyrirtæki, Landsvirkjun, að virkja stærra en 5 megawött. Það er útilokað að hægt sé að standa á þessu og ágreiningur um þetta efni er alger gerviágreiningur. Það væri ástæða til þess að spyrja: Hvers vegna er haldið uppi slíkum gerviágreiningi? Það verður ekki hægt og í raun og veru er það ekki hægt í dag með neinu móti vegna þess að á þessum tíma, sem liðinn er frá því að það var ágreiningur í þessari skipulagsnefnd orkumála, hefur þróunin orðið sú, staðreyndin er sú, að þetta þrönga sjónarmið fær ekki staðist. Síðan hefur það skeð, að öðrum aðilum en Landsvirkjun hefur verið veitt heimild til að virkja stærra en 5 megawött. Það hafa verið samþykkt lög á Alþingi um að veita Hitaveitu Suðurnesja heimild til að virkja 10 megawatta virkjun. Það hefur líka verið veitt heimild til sjóefnaverksmiðju til að virkja stærra en 5 megawött. Og dettur nokkrum í hug að það hefði verið hægt að standa á móti þessum ákvörðunum? Það reyndi enginn til þess að gera það. Allt sem menn segja og vilja viðhalda um ágreining út af þessu atriði, að binda virkjunarheimildir til annarra en Landsvirkjunar við 5 megawött, er fullkomin fáviska, ég leyfi mér að segja það. Og mér þætti gott að heyra ef hæstv. ráðh. ætlar að halda þessu fram hér enn í dag eftir þá þróun sem hefur orðið í þessum málum og eftir að hann er sjálfur búinn að standa að því að heimila virkjun stærri en 5 megawött fyrir Hitaveitu Suðurnesja og sjóefnaverksmiðjuna. Ég trúi því ekki fyrr en ég heyri.

Þá er það annað atriði sem menn hafa viljað gera að ágreiningsefni í sambandi við þetta frv. að því er virðist. Því hefur verið haldið fram að það væri ekki hægt að samþykkja þetta frv. vegna þess að það væri ekki í samræmi við þróunina í landinu og í því sambandi hefur verið bent á fyrirætlanir, sem nú eru orðnar að staðreynd, um að Laxárvirkjun og Landsvirkjun sameinuðust. Það er algerlega út í hött að halda því fram, að það hefði ekki verið hægt alveg jafnt þó að það hefði verið búið að samþykkja þetta frv. Það liggur meira að segja ljóst fyrir, að þetta frv. felur í sér rammalöggjöf um skipulag orkumálanna og sú rammalöggjöf er á þann hátt, að það geta verið fleiri eða færri orkufyrirtæki í landinu eftir því sem menn vilja, eftir því sem þykir hagkvæmt, og í grg. fyrir þessu frv. hefur alla tíð verið tekið fram að skipulag það, sem þetta frv. leggur til, rúmar ekki einungis að það geti verið stofnuð landshlutafyrirtæki til raforkuvinnslu, heldur einnig að það séu lögð niður slík fyrirtæki, ef fyrir hendi eru, og það sé hægt að sameina Laxárvirkjun og Landsvirkjun ef vilji er fyrir hendi. Allt þetta rúmast innan þess ramma sem þetta frv. gerir ráð fyrir og hefur alla tíð verið lögð áhersla á þetta. Samt virðast menn, og þá á ég fyrst og fremst við hæstv. iðnrh., leitast við að hengja hatt sinn á slíka fjarstæðu sem þá, að ekki sé hægt að samþykkja þetta frv. vegna þess að það útiloki sameiningu orkufyrirtækja. Þetta er algerlega út í hött. Þetta sjá allir, ef þeir lesa frv. Það er augljóst mál.

Þessar ástæður, 5 megawatta mörkin og fyrirslátturinn um það að ekki sé hægt að sameina orkufyrirtæki ef þetta frv. verður að lögum, eru algerlega tilhæfulausar og haldlausar. En á þessum forsendum, ef forsendur skyldi kalla, leyfa stjórnvöld sér og hæstv. ráðh. að liggja þversum í götu fyrir öllum framförum í skipulagsmálunum. Og hæstv. ráðh. hefur talað um að frv. þetta væri í raun og veru ótækt. Hann hefur ekki leitast við að færa nokkur rök fyrir þessu, nema ef vera skyldi þetta með 5 megawatta mörkin og það sem ég vék að um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Nú vil ég leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. — ég held að það verði ekki lengur komist hjá því að svara — að svara vissum spurningum.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Er það ótækt að gert skuli vera ráð fyrir að það verði gerð ítarleg orkumálaáætlun til 10 ára, eins og frv. gerir ráð fyrir, eða er það æskilegt? Hæstv. ráðh. hlýtur að hafa skoðun á þessu. Ég spyr enn fremur hæstv. iðnrh.: Er það ótækt að sett sé stjórn yfir Orkustofnun, þingkjörin stjórn, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, eða er það æskilegt? Vill hæstv. ráðh. tjá sig um þetta þýðingarmikla atriði? Og enn: Er það ótækt að stefna að því að styrkja Orkustofnun, hnitmiða störf Orkustofnunar við rannsóknir og ráðgjöf í orkumálum og efla áhrifavald stofnunarinnar, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir? Er það ótækt eða er eitthvert vit í því? Vill hæstv. ráðh. tjá sig um þetta efni? Og ég spyr áfram: Er það ótæk stefna, að gert sé ráð fyrir að Orkusjóður verði stórefldur eða kann nú að vera að það sé einhver skynsemi í því að efla Orkusjóð? Ég vænti þess að hæstv. ráðh. tjái sig um þetta. Ég spyr enn fremur hæstv. ráðh. hvað sé ótækt við að raforkudreifingin verði í höndum sveitarfélaga eða samtaka þeirra, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Vill hæstv. ráðh. gera grein fyrir því, hvað hann finnur að þeirri skipan?

Ég gæti haldið áfram að spyrja hæstv. ráðh., en ég ætla að láta staðar numið í bili. Ég hygg að ég sé nú búinn að gera heiðarlega tilraun til þess að fá efnislegar umr. um þetta mál og hæstv. ráðh. geti ekki skotið sér undan því að ræða þessi mál efnislega — þessa þætti, sem ég hef sérstaklega spurt um. Ég er í raun og veru að vænta þess, að það verði ekki enn á ný leikinn sá leikur — ég segi: að undirlagi hæstv. ráðh. — að koma í veg fyrir að þetta frv. hljóti þinglega meðferð í þetta sinn. Hér er um það stórt mál að ræða að hæstv. ráðh. er ekki stætt á að svæfa það endalaust og á sama tíma að neita því ekki að það sé þörf á því nú að setja nýja heildarlöggjöf um skipulag orkumálanna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að fara þess á leit að frv. verði vísað til hv. iðnn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til orkulaga, flutt af hv. 4. þm. Vestf. í þriðja sinn að ég hygg, og það kemur fram hjá honum hér sem áður áhugi á þessum málum. Ég er honum sammála um það að æskilegt er að ganga frá endurskoðun á orkulögum. Að því máli hefur verið unnið af hálfu núv. ríkisstj. og undir forgöngu iðnrn. og ég vænti þess að á þessu þingi, væntanlega fyrir jól, verði hægt að leggja fram frv. af hálfu ríkisstj. um þetta efni.

Ég vil vekja athygli á því að á undanförnum árum hafa orðið stórfelldar breytingar á skipulagi orkumála innan ramma núgildandi löggjafar. Og það eru þau atriði, sem þar hafa verið til meðferðar, sem hafa ráðið því að ekki hefur verið talið rétt að bera fram tillögur um heildarendurskoðun orkulaganna fyrr en ljóst væri hvort vilji væri til þess og möguleikar að ná samstöðu um þau atriði sem reynt hefur á. Nú hefur það tekist í veigamiklum atriðum á nýliðnu sumri, fyrir um tveimur mánuðum síðan, þegar samkomulag varð milli ríkisstj. og Landsvirkjunar um mjög þýðingarmikla þætti sem varða skipulag orku-

málanna. Sá samningur, um virkjanamál, yfirtöku byggðalína og fleiri atriði, er prentaður sem fskj. með þessu frv. og raunar einnig sá sameignarsamningur sem gerður var á s. l. ári um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar.

Þessi mál hafa verið unnin innan ramma gildandi orkulaga og ekki verið þörf lagabreytingar til þess að koma þeim á. En með þeirri víðtæku samstöðu sem um þessi mál hefur tekist, sem skipta mjög miklu máli fyrir stöðu raforkumálanna í landinu, er það auðveldara viðfangs að ganga frá endurmati á orkulögunum og útfæra þau í ljósi þeirrar samstöðu sem þarna hefur tekist.

Ég vil alls ekki gera lítið úr áhuga hv. flm. þessa frv. fyrir því að fá breytt ýmsum þáttum orkulaga. Ég er honum sammála um ýmis atriði þessara mála en ekki um önnur. Ég vísa í því efni til ræðu minnar í umr. um þetta sama mál á síðasta þingi. Frv. er nú flutt óbreytt þannig að þar er út af fyrir sig engu við að bæta nema þeim atriðum sem síðan hafa gerst í reynd og skýra mjög hvaða leiðir séu færar varðandi framhaldið, byggt á þeim samningum sem tekist hafa.

Hv. 1. flm. þessa frv. vék hér að tilteknum atriðum og beindi til mín fsp. þar að lútandi, m. a. um orkumálaáætlun til 10 ára sem gert er ráð fyrir í hans frv. Ég tel mjög eðlilegt að gerðar séu áætlanir fram í tímann um þessi mikilvægu mál sem önnur. Núverandi ríkisstj. hefur raunar beitt sér fyrir því og fengið lögfest frumvörp um heimildir til að reisa og reka stórar virkjanir, sem auka mjög við þær heimildir sem fyrir voru, reyndar meira en tvöfalda þær heimildir sem veittar hafa verið og komnar eru til framkvæmda í sambandi við raforkuöflun í landinu. Frv. um raforkuver nr. 60 frá 1981 fylgdu í greinargerð m. a. áform um nýtingu orkunnar, svo og þeirri þáltill. um virkjanaframkvæmdir og orkunýtingu sem samþykkt var samhljóða í Sþ. undir lok síðasta þings. Þar var af þingsins hálfu dreginn upp rammi um framkvæmdir í orkumálum til næstu 10—15 ára. Slíkan ramma þarf vissulega að endurskoða í ljósi reynslu og ég tel mjög eðlilegt að gengið sé frá áætlunum sem taki a. m. k. til 10 ára í þessum efnum.

Hv. 4. þm. Vestf. vék að Orkustofnun og stjórn þeirrar stofnunar en í hans frv. mun gert ráð fyrir því að henni verði kjörin stjórn af Alþingi. Ég er þeirrar skoðunar að í stjórn slíkra stofnana sé farsælla að tilnefnt sé af framkvæmdavaldinu heldur en þinginu. Það er mitt viðhorf og ég tel eðlilegt að það gildi einnig um fyrirtæki, sem ríkið stendur að að meiri hl., að það sé ekki löggjafinn sem kjósi þeim stjórnir heldur sé það framkvæmdavaldið sem geri það. En um þau efni eru eflaust deildar meiningar eins og raunar kemur fram með flutningi þessa frv. Ég ætla ekki að fara hér út í almennar umr. um ástæður fyrir minni skoðun í þessum efnum, en ég tel að það sé farsælla að framkvæmdavaldið beri ábyrgðina á þessum málum og tilnefni í stjórnir stofnana og fyrirtækja á vegum ríkisins. Við skipan slíkra stjórna er hins vegar mjög eðlilegt að haft sé í huga bæði verksvið viðkomandi stofnana og pólitísk valdahlutföll í landinu þannig að ekki sé um neina einsýni að ræða í þeim efnum, hvorki pólitískt né faglega.

Þá vék hv. 4. þm. Vestf. að Orkusjóði og beindi til mín fsp. um hann. Af því að hann vék að þessu tel ég rétt að fram komi að ég tel að málefni Orkusjóðs þurfi mjög gaumgæfilegrar athugunar við. Sú athugun hefur reyndar staðið yfir um nokkurt skeið. Ég held að það sé ekki hægt að orða það svo, að það beri brýna nauðsyn til að efla Orkusjóð í núverandi formi. Ég held að það sé miklu fremur nauðsyn að átta sig á því hvaða verkefni eðlilegt sé að falli undir Orkusjóð, eigi hann að starfa áfram, og að reynt sé að beina lánveitingum til einstakra þátta í raforkuiðnaðinum með beinum hætti til viðkomandi fyrirtækja, án þess að þau séu millifærð í Orkusjóði, oft með þeim hætti að lánskjör verða önnur heldur en reynast við endurlánveitingar úr sjóðnum. Það liggur m. a. fyrir í núverandi fjárlagafrv. að hjá Orkusjóði hefur safnast upp mjög há upphæð sem halli á sjóðnum vegna þess að úr honum hefur ekki verið endurlánað með þeirri ávöxtun að það tryggði eðlilegan rekstur. Þó er ég ekki þar með að segja að ekki komi til greina að lána til þessara mála með hagstæðari kjörum í vissum tilvikum heldur en almennt gilda.

Ég tel sem sagt mjög mikla þörf á því að ofan í málefni Orkusjóðs sé farið, fremur til að grynna á þeim upphæðum sem renna í gegnum sjóðinn heldur en auka þar sérstaklega við. Það mætti margt um þetta segja en ég vísa til fram komins fjárlagafrv. um þessi efni og vil geta þess, að iðnrn. var alls ekki ljóst hvaða upphæðir höfðu safnast fyrir hjá Orkusjóði sem hallabúskapur milli ára, og fjárlaga- og hagsýslustofnun var það raunar ekki ljóst fyrr en farið var ofan í þessi málefni til undirbúnings fjárlaga. Svona ráðstöfun fjármagns á ekki að endurtaka sig. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á því með hvaða hætti fjárstreymið er til stórra verkefna eins og á sviði orkumálanna og að komið verði þar á betri skipan.

Ég held að það hafi komið fram í máli hv. 1. flm. þessa frv. að ráðh. skipi stjórn Orkusjóðs samkv. gildandi lögum. Svo er ekki. Það er engin sérstök stjórn sem fer með málefni Orkusjóðs, fyrir utan það sem orkuráð kemur að þeim málum. Því er það orkuráð sem helst hefur yfirlit yfir málefni sjóðsins og framkvæmdastjóri þess. Er ég þó engan veginn að vísa neinni ábyrgð til orkuráðs í sambandi við þessi efni, en vildi aðeins að það kæmi fram og lægi fyrir að sérstök stjórn er ekki fyrir þessum sjóði umfram þá umsýslu sem orkuráð hefur þarna með höndum.

Þá vék hv. flm. til mín fsp. varðandi raforkudreifinguna, hvort ég teldi ekki eðlilegt að hún væri í höndum sveitarfélaga. Ég tel að núverandi háttur á raforkudreifingu sé ekki óeðlilegur miðað við núverandi aðstæður og ég er ekki þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að stefna að því að leggja Rafmagnsveitur ríkisins niður, síður en svo. Ég held að þær hafi mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna nú og muni hafa það í framtíðinni og ég tel ekki einsýnt að þau mál væru í betra horfi ef farið væri að deila þeim verkefnum upp til sveitarfélaga, sem Rafmagnsveiturnar hafa haft með höndum í sambandi við raforkudreifingu um hinar dreifðu byggðir og staðið þar vel að verki almennt séð. Ég get því ekki tekið undir það sem sérstakt markmið að fara að leysa Rafmagnsveitur ríkisins upp og fela verkefni þeirra sveitarfélögum í landinu. Hitt liggur fyrir, að sveitarfélög annast verkefni hliðstæð og Rafmagnsveitur ríkisins hafa á vissum svæðum, eins og Rafveita Siglufjarðar og þó alveg sérstaklega Orkubú Vestfjarða, svo sem kunnugt er.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál um þessi efni en taldi rétt að fram kæmi að unnið er að endurskoðun orkulaga. Ég hef lagt á það áherslu að reynt verði að flýta því verki, sem er umfangsmikið, og við þá endurskoðun verði tekið tillit til þeirra ákvarðana

sem teknar hafa verið á undanförnum þingum, þeirra samninga sem tekist hafa, eins og samningsins milli ríkisstj. og Landsvirkjunar frá 11. ágúst á síðasta sumri.

Ég vænti þess að frv. af hálfu ríkisstj. varðandi orkulög komi fram þannig að það geti verið til umr. samhliða þeirri meðferð sem þetta frv. hér fær hjá hv. d. Ég tel að það sé fyllilega tímabært að fara yfir þessi mál og reyna að ná saman um endurskoðun á þessum málaflokki í heild sinni.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. gefur mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð. Hann minntist á Rafmagnsveitur ríkisins og sagðist líta svo á, að það ætti ekki að vera sérstakt markmið að leggja þær niður. Ég er honum sammála um þetta. Það er ekkert sérstakt markmið að leggja Rafmagnsveitur ríkisins niður, enda tók ég skýrt fram að það ætti ekki og væri ekki hægt að leggja Rafmagnsveitur ríkisins niður nema í fyrsta lagi í áföngum og alls ekki neins staðar nema þar væru aðrir aðilar sem tækja við þessum verkefnum. En ef það eru aðrir aðilar, landshlutasamtök t. d. með aðild ríkisins eins og Orkubú Vestfjarða, sem tækju þetta að sér, þá tel ég að Rafmagnsveitum ríkisins sé á því svæði ofaukið eins og reynslan er á Vestfjörðum. Það er með tilliti til þessa sem ég tel að það eigi að leggja Rafmagnsveitur ríkisins niður í áföngum, eftir því sem tilefni er til, þ. e. ef á viðkomandi svæði eru aðrir aðilar fyrir hendi sem geta annast verkefni Rafmagnsveitnanna.

Hæstv. ráðh. ræddi þó nokkuð um Orkusjóð. Ég held að það hafi verið misskilningur hjá honum og að sjálfsögðu veit hann eins vel um þetta og ég. Hann sagði, ef ég skildi hann rétt, að Orkusjóður hefði ekki sérstaka stjórn (**Iðnrh.:** Umfram orkuráð.) Já, umfram orkuráð. En það er tekið fram í orkulögunum að orkuráð, eins og það er orðað, sé stjórn Orkusjóðs. Það fer því ekki á milli mála að Orkusjóður hefur stjórn, hefur orkuráð sem stjórn. En það eru mjög takmörkuð viðfangsefni sem orkuráð hefur nú. Í frv. því sem við nú ræðum er gert ráð fyrir að auka hlutverk orkuráðs með því að gera orkuráð einnig að stjórn Orkustofnunar, sem ég kem nánar að.

Hæstv. ráðh. sagði ýmislegt um Orkusjóð, sem mér finnst ástæða til að gera athugasemdir við og væri hægt að flytja langt mál um á þeirri forsendu, að það hlýtur að vera svo í orkumálunum eins og í öðrum málaflokkum, að sá fjárfestingarsjóður sem á að þjóna þeim hlýtur að skipta miklu máli. En nú skildist mér á hæstv. ráðh. að við hefðum kannske ekki sömu skoðun á því hversu miklu hlutverki Orkusjóður ætti að gegna. Hann orðaði þetta m. a. þannig, að það ætti að grynna á upphæðum sem rynnu í gegnum sjóðinn. Ég held þvert á móti að meiri upphæðir þurfi að renna í gegnum sjóðinn, það þurfi að efla hann á alla vegu og Orkusjóður hljóti eðli málsins samkv. að hafa mjög mikil verkefni og þýðingarmikil. Þetta gengur þvert á hugsun hæstv. ráðh. því að hann tók svo til orða á einum stað í máli sínu: eigi sjóðurinn að starfa áfram. Hann getur hugsað sér að sjóðurinn starfi ekki áfram.

Hæstv. ráðh. vék aðeins lítillega og réttilega að ástandi Orkusjóðs í dag og hve það er slæmt. Hvers vegna er það slæmt? Er það stjórn sjóðsins að kenna? Nei, svo er ekki og því heldur enginn fram. Höfuðorsökin — og mér liggur við að segja eina orsökin fyrir slæmri fjárhagsstöðu Orkusjóðs í dag er sú að stjórnvöld hafa haft þá skipan á að gera á Orkusjóði að taka verðtryggð lán og ráðstafa fjármagninu sem óafturkræfum framlögum. Á síðustu árum hefur þetta skipulag verið tekið upp, sem er algert ábyrgðarleysi og er raunar ekki hægt að fara nógu hörðum orðum um. Hver ber ábyrgð á þessu? Það er hæstv. ríkisstj. og yfirmaður sjóðsins, hæstv. iðnrh. Þó held ég að mér sé alveg óhætt að fullyrða að við allar fjárlagaafgreiðslur og allar afgreiðslur á lánsfjárlögum hef ég m. a. borið fram tillögur um að breyta þessu. Ég hef lagt til við fjárlagaafgreiðsluna að það yrði — eins og áður var — óafturkræft framlag úr ríkissjóði til Orkusjóðs til þess að hann gæti ráðstafað því sem óafturkræfu framlagi við sveitarafvæðinguna. Þetta er einfalt mál og þetta er augljóst mál. En menn hafa bara barið höfðinu við steininn og vaðið fram í þessari ósvinnu og blekkingarvef. Og mér finnst nú farið að kasta tólfunum, ef svo á að draga þá ályktun af því ástandi sem þetta framferði hefur skapað, að Orkusjóður sé kannske alveg óþarfur, það eigi bara að leggja hann niður. Þá er nú farið að ganga nokkuð langt.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um Orkustofnun og það atriði í frv. að gert er ráð fyrir að Orkustofnun hafi þingkjörna stjórn. Ég skal ekki fara að flytja hér tölu um það hvers vegna æskilegt er og sjálfsagt að mínu viti að hafa þingkjörna stjórn í svo þýðingarmikilli stofnun. Ég minni aðeins á að það er í samræmi við ýmislegt annað. Við höfum þingkjörnar stjórnir, og ég get talið upp ýmsar stofnanir. Hæstv. ráðh. segir að betur fari á því að framkvæmdavaldið skipi stjórn. Nú þykir mér það þó betra að framkvæmdavaldið skipi stjórn heldur en Orkustofnun hafi enga stjórn. Orkumálastjóri heyrir beint undir ráðh. Það er engin stjórn sem fjallar um málefni Orkustofnunar. Það er kannske engin fjarstæða, sem lagt er til í þessu frv., að sett sé stjórn yfir þessa þýðingarmiklu stofnun, sem gegnir lykilhlutverki í öllum orkumálum landsins, eða á að gera það. Þetta gefur mér tilefni til beinnar spurningar. Það eru tvö ár síðan hæstv. ráðh. skipaði að ég hygg einhverja ráðuneytismenn eða einhverja sér handgengna menn í stjórn yfir Orkustofnun. Ég man eftir því að mér fannst full ástæða til að taka málið fyrir á hv. Alþingi utan dagskrár og við hæstv. ráðh. töluðum mikið um þetta mál þá. Ég ætla ekki að rifja það upp en ég spyr hæstv. ráðh. að gefnu tilefni: Er þessi stjórn enn við lýði? Mig minnir að hann hafi sagt fyrir tveimur árum að hún væri skipuð til eins árs. Hver er reynslan af þessari stjórn? Ég vænti þess að hæstv. ráðh. geri grein fyrir þessu.

Hæstv. ráðh. sagðist vera sammála mér um það að eðlilegt væri að gera orkumálaáætlanir. Ég held að allir geti tekið undir það. En hæstv. ráðh. var að tala um að hann eða núv. ríkisstj. hefði fengið ýmsar ákvarðanir samþykktar á undanförnum mánuðum og misserum. Hann vék að virkjanafrumvörpum og heimildarlögum. Það er alveg rétt. En ég held að bæði í því sem hæstv. ráðh. sagði um þetta og í fleiri efnum, sem hann kom inn á varðandi orkumálaáætlun, gæti nokkurs misskilnings. Ákvæði um orkumálaáætlun er ákvæði um skipulag sem á að vera til staðar sem vettvangur til að fást við þessi mál. En í lögum um skipulag setjum við ekki ákvæði um það hvað á að gera. Það er annað mál.

Mér finnst líka í því sem hæstv. ráðh. sagði um skipulag orkumálanna gæta hliðstæðs misskilnings. Þegar við erum að tala um að setja lög um skipulag orkumála erum við að móta þær leiðir sem á að fara eftir. En við erum

ekki að ákveða hvaða framkvæmdir eigi að ráðast í eða ákveða. Þetta er sitt hvað. Hæstv. ráðh. lét að því liggja, ef hann sagði það ekki beinlínis eða meinti það, að ekki hefði verið hægt að setja lög um skipulag orkumála af því að það hefði ekki verið séð fyrir hvað skeði í tilteknum málum, eins og t. d. í sambandi við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Þetta er alger misskilningur. Í skipulagslögum setjum við ekki ákvæði um það hvað á að gera við sérstök orkufyrirtæki. Það er allt annað mál. Hæstv. ráðh. mótmælti því ekki heldur, sem eðlilegt var, að sameining Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar gat átt sér stað, eins og hefur alltaf verið tekið fram í grg. með þessum lögum, hvort sem búið var að samþykkja þessi lög eða ekki, vegna þess að slíkar aðgerðir voru framkvæmanlegar innan ramma laganna. Við þurfum einmitt að haga skipulagi orkumálanna þannig, að á hverjum tíma gefi það rúm til þess að gera þær ráðstafanir varðandi einstök fyrirtæki, varðandi einstakar framkvæmdir sem þarf að gera.

Hæstv. ráðh. var svo vænn að gera það sem mér láðist, að vekja athygli á að með þessu frv. eru tvö ný fskj., sameignarsamningur Landsvirkjunar, ríkisins og Laxárvirkjunar og svo samningurinn um yfirtöku Landsvirkjunar á virkjunarframkvæmdum og byggðalínu. Ég hefði átt að vekja athygli á þessu í tali mínu áðan en mér láðist það. En hæstv. ráðh. hefur vikið að þessu og ég legg áherslu á það, að þessi fskj. eru lögð fram til þess að allir megi sjá að það sem hefur verið gert með þessum samningum rúmast innan ramma orkulaganna eins og þau yrðu, ef frv. þetta yrði samþykkt.

Við hæstv. iðnrh. erum sammála—eins og ég hygg að allir hér — um að það þurfi að setja ný lög um skipulag orkumála, ný orkulög. Hæstv. ráðh. hefur alltaf sagt þetta þegar við höfum verið að ræða þessi mál. Og ég man ekki betur en ráðh. hafi á fyrri þingum, þegar við höfum rætt þetta, verið svo bjartsýnn að hann hafi gert ráð fyrir því að á því sama þingi kæmi frá honum frv. til orkulaga. Það var heldur ekki óeðlilegt, því að í sjálfum stjórnarsamningnum segir að það sé verkefni sem ríkisstj. ætli að vinna að, að fá sett ný orkulög. En það hefur ekkert orðið af þessu. Kannske er það í þessum umr. sem hæstv. ráðh. kveður sterkast að orði í þessu efni, því að ég get ekki skilið hann öðruvísi en svo að hann sé búinn að lofa okkur frv. um orkulög fyrir jól. Það virðist þá ganga í þessum efnum í öfugu hlutfalli við gengi ríkisstj. um þessar mundir. Ekki hef ég á móti því að slíkt frv. líti dagsins ljós og raunar vænti þess. Og ég verð að segja að ég fagna því að sjá það og kynna mér þann mun, sem verður á því og því frv. sem hér er til umr. Mér segir svo hugur um að það sé einungis í undantekningartilfellum sem þess sé að vænta að mikill ágreiningur verði í þessum efnum. Meira að segja það sem hæstv. ráðh. hefur síðustu misseri einkum byggt á til þess að viðhalda ágreiningi í þessum efnum er á slíkum brauðfótum sem ég hef áður lýst. Á ég þá sérstaklega við vangaveltunar um 5 megawatta mörkin og svo það að ekki hefði verið hægt að sameina Landsvirkjun og Laxárvirkjun ef frv. þetta hefði verið orðið að lögum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Vestf. sem er ástæða til að ég svari hér. Það varðar stjórn Orkustofnunar. Hún er við lýði. Hún hefur verið endurskipuð til árs. Hana skipa Egill Skúli Ingibergsson, fyrrv. borgarstjóri og framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar h.f., formaður, og með honum eru í stjórninni Kristmundur Halldórsson deildarstjóri í iðnrn. og Sveinbjörn Björnsson prófessor við Háskóla Íslands. Þessir þrír menn hafa starfað frá því að þessi stjórn fyrst var skipuð, að ég hygg snemma árs 1981, án þess að ég vilji fara nákvæmlega með það. Ég tel að af starfi hennar hafi verið verulegt gagn fyrir rn. og eins fyrir Orkustofnun, sem er verkefni stjórnarinnar að fjalla um. Stjórnin hefur átt samstarf við stofnunina og forsvarsmenn hennar og starfsfólk þar almennt og ar hafa orðið verulegar breytingar innan veggja, einnig skipulagsbreytingar, á þessu tímabili sem hafa leitt til betra og markvissara starfs að mínu mati hjá Orkustofnun.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar um stjórn Orkustofnunar sem ég óskaði eftir. Ég fagna því sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði orðið gagn að þessari stjórn. Það styrkir mig í þeirri skoðun að þá muni verða enn meira gagn að þingkjörinni stjórn. Við getum deilt um það. Mér þykir rétt að minna á að sá maður sem ætla mætti að væri þessum hnútum kunnugastur, orkumálastjóri, var á sínum tíma á móti því að sú stjórn sem hæstv. ráðh. hefur skipað yrði skipuð og lét þess getið í þeim umr. sem ég vitnaði til áðan, að hann teldi réttara að það væri þingkjörin stjórn ef það ætti að vera stjórn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Jarðboranir ríkisins, frv. (þskj. 10). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um Jarðboranir ríkisins er flutt af sömu þm. og frv. til orkulaga, sem við vorum að ræða áðan. Þetta frv. er raunar fylgifrv. með því frv. og er eitt af því sem gera þarf til þess að hnitmiða störf Orkustofnunar við þau mál, sem þýðingarmest er að hún vinni, og létta öðrum störfum af Orkustofnun.

Þetta frv. kveður á um það hvert eigi að vera hlutverk Jarðborana ríkisins. Meginbreytingarnar, sem frv. felur í sér frá gildandi lögum, eru í fyrsta lagi að Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins eins og verið hefur heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum framkvæmdastjóra sem ráðh. skipar.

Í öðru lagi er meginbreytingin frá gildandi lögum fólgin í því að það eru sett ákvæði um starfshætti fyrirtækisins, sem leiðir af því að hér verður um verktakafyrirtæki að ræða. Það er m. a. gert ráð fyrir að við hvert verkefni sem Jarðboranir ríkisins taka að sér verði gerður verksamningur og gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem Jarðboranir ríkisins inna af hendi, verði ákveðin með hliðsjón af því að tekjur af borunum standi undir reksturskostnaði og fjármagnskostnaði fyrirtækisins miðað við eðlilegan afskriftartíma. Það er talið að þeim markmiðum, sem lýsa sér í þessu, verði betur náð ef Jarðboranir ríkisins eru algerlega sjálfstæð stofnun en ekki deild í Orkustofnun eins og nú er.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. iðnn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 2). — 1. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944, en þetta er 2. mál þessa þings, 105. löggjafarþings. Flutningsmenn eru ásamt með mér hv. alþm. Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon og Karvel Pálmason.

Þetta frv. til breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins gerir aðeins ráð fyrir einni breytingu. Hún er sú, að 28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður, en í stuttu máli fjallar 28. gr. stjórnarskrárinnar um heimild til útgáfu brbl.

Eins og þinginu og þjóðinni allri er kunnugt hafa að undanförnu orðið allmiklar umræður um stjórnarskrána. Frá árinu 1978 hefur setið nefnd á vegum Alþingis með tveimur fulltrúum úr hverjum þingflokki, eða tveimur fulltrúum þingflokkanna öllu heldur, sem hefur verið að yfirfara stjórnarskrána. Það verk er víst langt komið og þingflokkarnir mega eiga von á því innan skamms að nefndin skili tillögum sínum til þeirra. Þetta frv. er flutt í fullri vitneskju um það að innan tíðar muni Alþingi þurfa að leggja mikla vinnu í drög að nýrri stjórnarskrá. Engu að síður er það mat flm. að frv. af þessu tagi eigi að koma fram á Alþingi nú.

Um málefnið sjálft er það að segja að ákvæði í stjórnarskrá um útgáfu brbl. hafa staðið þar allar götur frá því að stjórnarskrá var sett á árinu 1874. Það er auðvitað ljóst að sú stjórnarskrá, sem þá var sett, var einhliða ákvörðun dansks konungs. Það verður að vekja á því athygli að það löggjafarvald, sem Alþingi fékk á árinu 1874, var takmarkað. Það var takmarkað með tvennum hætti. Í fyrsta lagi var frá og með sama tíma kveðið á um deildaskiptingu Alþingis. Í Ed. sátu 12 þm. eða þriðjungur þm. og sex af þeim voru skipaðir af konungi. Takmörkun löggjafarvaldsins fólst í því að sex konungskjörnir fulltrúar, helmingur annarrar þingdeildarinnar, gátu stöðvað mál. Að hinu leytinu til fólst hið takmarkaða löggjafarvald í því að konungur gat synjað staðfestingar á samþykktum lögum. (**Forseti:** Ja, ég verð að segja alveg eins og er, ef nýja loftræstikerfið gerir það að verkum að við höfum hér ræðuhöld úr Ed., þá er mér nóg boðið. En þetta verður athugað fljótlega.) Má ég halda áfram? (**Forseti:** Gjörðu svo vel.)

Að hinu leytinu fólst hið takmarkaða löggjafarvald í því að konungur gat synjað að undirrita lög, og því valdi var ótæpilega beitt fyrstu áratugina. Ég held að ég fari rétt með það að á landshöfðingjatímanum svokallaða hafi því valdi verið beitt 70—80 sinnum. Þetta er aðeins sagt til undirstrikunar því að þegar stjórnarskráin var sett 1874 var ekki um leið verið að setja á fót löggjafarvald í landinu. Það var svo takmarkað að það var beinlínis hæpið að tala um löggjafarvald og er svo alveg til 1904. Engu að síður var þetta ákvæði inni í stjórnarskránni og þegar það skoðast sögulega verða menn auðvitað að taka margt með í reikninginn. Í fyrsta lagi það að Alþingi sat ekki nema annað hvert ár og aðeins einn til tvo mánuði á sumri. Í öðru lagi að samgöngur á þessum tíma voru litlar og ónógar í alla staði. Það var afar tímafrekt að kalla Alþingi saman ef með þurfti. Í þriðja lagi skipti kannske höfuðmáli að þegar Íslandi er sett stjórnarskrá, einhliða ákvörðun erlends valds, á árinu 1874 þá sátu í Danmörku ríkisstjórnir sem voru í þingræðislegum skilningi minnihlutastjórnir en sátu engu að síður. Þær sátu í krafti byssunnar og hins líkamlega afls sem þær höfðu á bak við sig í formi hers og lögreglu. Í kosningum í Danmörku á þessum tíma gerðist það aftur og aftur að þáv. stjórnarandstaða sigraði í kosningum, en það breytti engu, þing var rofið og bráðabirgðalagavaldi var ótæpilega beitt. Þetta er þekkt í íslenskri sögu undir nafninu „Estruptímabilið“ og þarf út af fyrir sig ekki að hafa um það fleiri orð. Þingræði komst svo á í Danmörku, í þeim skilningi sem við þekkjum, árið 1901 og þremur árum síðar komst það á hér.

Þessar sögulegu staðreyndir þurfa menn að hafa í huga þegar hugað er að því feikilega valdi sem framkvæmdavaldinu er fengið í hendur með því að heimila því að gefa út brbl.

Að stofni til höfum við sömu stjórnarskrá og við höfðum 1874. Í raun og veru má segja að stjórnarskránni hefur aðeins verið breytt að því er tekur til hins ytra borðs 1918 og 1944 og svo að hinu leytinu til í sambandi við kosningar og kjördæmaskipan. Að öðru leyti hefur stjórnarskránni ekki verið breytt. Að öðru leyti er hún óbreytt að stofni til frá 1874, frá því að hún var einhliða sett af hálfu dansks valds með þeim takmörkuðu réttindum sem hún fól í sér fyrir íslenska þjóð. Við þekkjum mörg dæmi um hversu úrelt þetta plagg er orðið. Það dugar að nefna mannréttindamál, að ekki sé minnst á það sem mestum deilum veldur nú sennilega, þ. e. kosningarréttarmál og kjördæmaskipan. Að minni hyggju er þetta eitt af þeim ákvæðum, sem eru orðin gjörsamlega úrelt, og færir framkvæmdavaldi fullkomlega ástæðulaus völd — og í raun og veru má bæta við, ástæðulausar freistingar.

Hér væri hægt að rekja mörg dæmi um það hvernig bráðabirgðalagavaldinu hefur verið misbeitt í gegnum tíðina. En það er efalítið óþarfi, hv. alþm. þekkja um það svo mörg dæmi. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég ætla að láta hv. þm. eiga sig að sinni. Það nægir að segja að kjördæmismál hafa verið ákveðin með brbl., það hefur verið ákveðið með brbl. hvernig skipa skuli í stjórn félagssamtaka svo að nokkuð sé nefnt.

Það sem menn mundu hafa á móti því að þetta ákvæði væri numið úr stjórnarskrá væri það að upp geti komið neyðarástand af einhverju tagi. Ef við rekjum söguna 25—30 ár aftur á bak þá segir hún okkur auðvitað það að ákvæðinu um brbl. hefur ekki verið beitt í einu einasta tilfelli af neyðarástandsástæðum heldur hefur brbl. verið beitt allt öðruvísi. En hitt er rétt, að fræðilega talað getur auðvitað komið upp neyðarástand. Það er óþarfi að lýsa því með hverjum hætti slíkt gæti borið að. En svarið við því er að komi upp slíkt ástand þá gilda einnig almenn ákvæði neyðarréttar. Við getum sagt að slíku ákvæði hafi einu sinni verið beitt í íslenskri sögu, að minni hyggju að vísu mjög óskynsamlega, en það var gert. Það var 1941 þegar ákveðið var að fresta kosningum um eitt ár, sem var auðvitað afdráttarlaust stjórnarskrárbrot hvernig

sem á er litið. En styrjöldinni var borið við og gripið til ákvæðis neyðarréttar. Ef til á að taka það, sem vonandi aldrei hendir, en setjum svo að upp kæmi heimsstyrjöld eða ófriðarástand í Norður-Atlantshafi, þá gilda auðvitað almenn ákvæði neyðarréttar. Það er hins vegar miklu alvarlegra mál heldur en t. d. kaupskerðing um 11% að ekki sé minnst á ómerkilegri tilefni — þegar til þessa réttar er gripið.

Annað atriði er svo hitt, að menn segja að ríkisstjórnir verði að hafa vald þegar þing situr ekki. Er þetta svo? Er víst að þetta sé nauðsynlegt? Þegar þetta ákvæði var sett sat Alþingi nokkrar vikur á sumrin annað hvert ár. Þingmenn í þann tíð og alllanga stund þar eftir höfðu laun einungis fyrir þann tíma sem þing sat. Nú hafa þm. laun í 12 mánuði og þeir eru meira og minna á ferðalögum milli kjördæmis síns og höfuðborgarinnar. Því má þess utan bæta við að vitaskuld snertir þetta mjög starfstíma Alþingis. Starfstími Alþingis er ennþá sniðinn eftir landbúnaðarþjóðfélaginu sem auðvitað vegur ekki lengur jafnþungt og það gerði áður. Það má segja að þingtími að vori og hausti sé ennþá miðaður við rúningu á vori og seinni göngur að hausti. Af hverju kemur Alþingi ekki saman fyrr en 10. okt.? Það er vandséð nokkur ástæða fyrir því. *Mundu ekki störf hér verða* vitrænni og spennulausari ef þingið starfaði lengur og jafnar? Hvers vegna skyldi þingið aðeins starfa í raun í 6—7 mánuði á ári hverju þó svo að það hafi verið ákveðið um síðustu aldamót? *Því hefur verið borið við* að gjörðin að kalla Alþingi saman er brýna nauðsyn ber til, eins og segir í stjórnarskránni, kosti fjárútlát. Ég dreg mjög í efa að þetta sé rétt, af þeirri einföldu ástæðu að þm. *sitja á launum alla 12 mánuði ársins og eru auk þess* mikið í förum. Svo ef brýna nauðsyn ber til, eins og nefnt er í stjórnarskránni að þurfi að vera til staðar til þess að gefa út brbl., þá á auðvitað að kalla Alþingi saman og þar með er tryggt að rétt sé að staðið.

Þetta tengist auðvitað miklu fleiri málum og mig langar til að skjóta því inn, vegna þess að spurt kann að vera af hverju menn séu að flytja svona frv. hér í hv. deild þegar vitað er að stjórnarskrárnefnd hefur setið að störfum — og að minni hyggju unnið feikigott verk — og tillögur hennar munu koma innan tíðar, fyrst til þingflokkanna væntanlega og síðan fluttar hér inn í þingið, að formaður eins af þingflokkunum, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem situr raunar í Ed., sagði í sjónvarpsþætti fyrir ekki mörgum dögum að Alþingi gæti afgreitt stjórnarskrána eða tillögur um stjórnarskrárbreytingar á nokkrum dögum, eins og komist var að orði. Þetta er að minni hyggju fullkomlega fjarstæðukennt, í fyrsta lagi vegna þess að stjórnarskrárbreytingar eru óvart meira heldur en kjördæmabreytingar, eins og sú till. ber með sér sem hér er verið að mæla fyrir. Ef heil brú er í þessari fullyrðingu hv. þm. mundi þetta þýða það að þeir atvinnumenn, sem sæti eiga í þessu húsi, væru að hraða sér til þess að afgreiða kjördæmamálið og kjördæmamálið eitt. En að minni hyggju eru stjórnarskrárbreytingar óvart töluvert miklu meiri og viðameiri heldur en sá málaflokkur einn. Í öðru lagi geri ég ráð fyrir því að hin ýmsu samtök borgaranna eigi eftir að segja sitt og gera sínar athugasemdir og hegða sér eins og lifandi lýðræði *gerir ráð fyrir. Stjórnarskrárbreytingu verður* auðvitað ekki valdbeitt hér í gegn á nokkrum dögum. Tökum bara atriði eins og þetta: Á að fella úr stjórnarskránni ákvæði um brbl. eða á að halda því inni? Það er meira en nokkurra daga verk að fjalla um það.

Herra forseti. Aðalatriði þessa máls er það að að okkar hyggju flm. hefur ákvæði til útgáfu brbl. mjög verið misbeitt á undanförnum árum. Þó að stjórnarskráin geri ráð fyrir að brbl. séu því aðeins gefin út að brýna nauðsyn beri til hafa verið gefin út brbl. um efnisatriði sem ekki er nokkur leið að flokka á þann veg að þau réttlæti útgáfu brbl. M. ö. o., þetta orðalag hafi verið misnotað og út úr því snúið með ýmsum hætti. Þar við bætast þeir nýju atburðir, sem urðu síðla í ágúst s. l. þegar gefin voru út brbl. Það hvarflar ekki að mér að draga í efa rétt löglega kjörinna stjórnvalda til þess að gefa út slík brbl. Þau eru í sínum fulla rétti. Ég vil bæta því við að þó að forsrh. einn væri þeirrar skoðunar að gefa út brbl. og gerði það — og vitað væri að allir hinir 59 þm. væru á móti honum — þá hefði hann samkvæmt stjórnarskránni rétt til þess að gera það. M. ö. o., það er ekkert í stjórnarskránni sem uppáleggur þeim sem brbl. gefur út, eins og stjórnarskráin nú er úr garði gerð, að kanna hvort meiri hluti sé til staðar. Engu að síður verður maður að ætla að svo alvarlegur hlutur sem útgáfa brbl. leggi útgefandanum þær mórölsku skyldur á herðar að ganga úr skugga um það hvernig atkvgr. muni fara.

Nú vitum við að síðan í lok ágúst hafa launþegar í landinu verið í óvissu um það hvort þeir fái 10 eða 11% meira eða minna í laun 1. des. Það er vegna þess að brbl. voru gefin út, sem eftir því sem við best vitum í dag — *það er reyndar sagt með öllum fyrirvara, einnig þeim að* menn geta haft fullkomna ástæðu til að skipta um skoðun í ljósi nýrra upplýsinga og ég held að menn þurfi að sýna hina fyllstu sanngirni í þeim efnum — en eftir því sem *menn vita í dag eru þessi brbl. fallin.* Nú vitum við ekki hvaða þinglegum aðferðum verði beitt bæði við framlagningu og umfjöllun eða hvenær málið kemur til atkv., en þetta með öðru sýnir hvað þetta réttarákvæði til handa framkvæmdavaldinu í stjórnarskrá landsins er beinlínis orðið hættulegt. Því að ef farið væri að þeirri tillögu sem hér er verið að leggja fram og þetta ákvæði væri fellt úr stjórnarskránni — eftir sem áður giltu auðvitað við hinar ýtrustu aðstæður almenn ákvæði neyðarréttar — þá hefði þessi mál borið öðru vísi að í sumar. Ef brýna nauðsyn hefði borið til að gefa út svofelld brbl. í endaðan ágúst þá hefði auðvitað átt að kalla þing saman. Það hefði varla kostað krónu aukalega. Þá hefði átt að fjalla um ástandið með þeim hætti, ef menn sáu svo miklar ástæður til, sem ég skal ekki draga í efa, fræðilega talað a. m. k., að hafi verið til staðar. Þá hefði þjóðin ekki velkst í óvissu um það hvort útgefin lög styddust við þingræðislegan meiri hluta eða ekki. Ég held að taka mætti nánast hver einustu brbl., sem út hafa verið gefin, ég vil nú ekki segja meira en síðustu 10 árin, og það sama gildir um þau.

Menn segja: Er ekki óskynsamlegt, stjórnunarlega séð og talað, að svipta framkvæmdavaldið þessu valdi? Svar mitt við því er: Ef það þarf að gefa út lög þá á löggjafinn að gera það. Hann einn er til þess fær og til þess bær. *Framkvæmdavaldið er til þess — það er skýrt tekið fram í* upphafsgreinum stjórnarskrárinnar — að framkvæma þau lög sem löggjafarvaldið hefur séð ástæðu til að setja eða setja ekki. Þessi skil eiga að vera skörp, það er hugsunin í *stjórnarskránni, en með misbeitingu* þessa ákvæðis, sem hér er lagt til að fellt verði niður, hefur þróunin orðið sú að framkvæmdavaldið fer með löggjafarvald annan helminginn af árinu. Af samgöngulegum ástæðum er

ekki þörf á þessu lengur, af öllum hinum ytri ástæðum er engin þörf á þessu lengur, en við höfum horft upp á stórkostlega misbeitingu. Og það er ekkert nýtt, ég minni á það. Það skal viðurkennt að ein af þeim ríkisstjórnum sem ótæpilegast misbeittu þessu valdi, var viðreisnarstjórnin. Ég held ég muni það rétt að í hvert skipti sem hún gaf út brbl., eða því sem næst, kom fram í sjónvarpinu helsti lagalegur talsmaður þáv. stjórnarandstöðu, núv. hæstv. utanrrh. Hann vísaði svo í stjórnarskrá og orðin „brýna nauðsyn ber til", eins og menn gera venjulega, og honum var auðvitað bara sent langt nef og brbl. gefin út. Svo tala svona menn í nafni laganna eftir því sem við á hverju sinni. Þetta þekkjum við mætavel. Menn túlka lögin sér í hag. Það er gangur þessara mála. Sannleikurinn er sá, held ég, að stjórnmálaflokkarnir hafa allir gerst svo sekir um prinsipleysi í þessum efnum að þeir eru nánast allir ófærir um að meta það hvenær brýna nauðsyn ber til. Um það þekkjum við mörg og því miður stundum heldur óskemmtileg dæmi.

Herra forseti. Þetta mál hefur verið rakið í alllöngu máli. Þetta er í sjálfu sér mjög einfalt frv. Það gerir aðeins ráð fyrir því að 28. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún stendur í dag, verði felld niður. Ég mun gera till. um það, herra forseti, að málinu verði vísað til allshn. Ég vil ekki gera frekari till. um það á þessu stigi hvert verði framhald málsins. Þá á ég við það að mér er ekki alveg ljóst með hverjum hætti stjórnarskrármálum mun fram vinda á næstu vikum eða mánuðum og framhald máls af þessu tagi er auðvitað undir því komið. En mér er engin launung á hinu, að fyrir flm. vaka annars vegar þær almennu prinsipástæður að þetta ákvæði er orðið úrelt og því er beitt iðulega fautalega, beitt af fautaskap. Um það þekkjum við mörg dæmi að alþm., bæði stjórnarmegin og stjórnarandstöðumegin, hafa iðulega staðið frammi fyrir gerðum hlut í þessum efnum og það er út af fyrir sig nógu skelfileg niðurstaða. Hin ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt á þessum tíma er sú, að það er auðvitað þingræðinu hættulegt að gefin skuli hafa verið nú nýverið út brbl. sem enginn hefur hugmynd um hvort muni verða felld eða felld ekki. Þetta er veikleiki í kerfinu. Ég undirstrika það, sem ég hef sagt áður, að ekki eitt augnablik dreg ég í efa rétt stjórnvalda til þess að gera það sem þau hafa gert. Samkv. bókstafnum eru þau í rétti. En ég dreg í efa skynsemi þess andspænis hinu íslenska þjóðfélagi að láta fólk vera að velkjast í vafa með það út allan nóvembermánuð hvort það fær 10% meira eða minna í laun. Því að það er það sem þessi lagasetning frá því í ágúst hefur í för með sér. Kannske fær fólk ekki að vita það fyrr en aðfaranótt 30. nóvember hvort 8000 kr. maðurinn, sem eru ekki há laun, fær 1000 kr. meira eða minna daginn eftir. Þetta er vegna þess að brbl. hafa verið gefin út upp á von og óvon þeirra sem þau gáfu út, og það er út af fyrir sig alvarlegur hlutur því að það er fleira hagur en þjóðarhagur. Hagur heimilanna er líka nokkuð sem máli skiptir. Ég vil líta svo til að óvissuna um þessi ágústlög megi ekki rekja til gerðarinnar sjálfrar — ég segi enn og aftur að lögmæti hennar verður ekki dregið í efa — en hana má rekja til þess að ríkisstj., sem er efnislega í raun og veru ekki lengur til, þ. e. hefur ekki starfhæfan meiri hluta eins og kallað er, beitir fyrir sig þessum ákvæðum.

Við skulum hugsa málið aðeins lengur. Allt Alþingi veit að það er fræðilegur möguleiki á því að ríkisstj. láti þessi brbl. ekki koma til atkv. og þau taki gildi 1. des. án þess að úr því hafi fengist skorið. Síðan er fræðilegur möguleiki á því að Alþingi fari í jólafrí um það bil 20. des. eins og venja er. Þá er enn fræðilegur möguleiki á því að gefin verði út ný brbl. og landinu verði stjórnað með brbl. sem ekki eiga við þingmeirihluta að styðjast. Ég er að vísu nærri fullviss um að meðal þeirra hv. alþm. sem enn teljast til meiri hl. muni finnast nógu margir sem geti ekki hugsað sér þessa skipun mála. En það er þá aðeins vegna þess að þeir alþm. taka sjálfir sjálfstæða móralska ákvörðun. Samkv. bókstafnum eins og hann stendur væri ekki hægt að draga í efa rétt þeirra til þess að stjórna í raun með brbl. og engum þingmeirihluta. Og fræðilega væri hægt að gera það frá ágúst 1982 til 2. des. 1983 vegna þess að pappírinn úrelti, m. a. sú 28. gr. sem nú er verið að leggja til að felld verði úr gildi, stendur frá 1874, frá því að hér voru allar þær ólíku aðstæður sem raktar voru í upphafi þessa máls.

Herra forseti. Reynsla síðustu vikna segir okkur það sem reynsla síðustu ára og áratuga hefði átt að segja okkur. Þetta er úrelt ákvæði. Þetta er ákvæði sem færir í fyrsta lagi of mikið vald til ríkisstjórna, færir vald til ríkisstjórna sem hugsanlega hafa ekki 31:29, heldur sem gætu haft 10:50. Það var það sem gerðist í Danmörku fyrir aldamót og hér heima og þessu ákvæði hefur ekkert verið breytt síðan.

Herra forseti. Langeinfaldast er að strika þetta ákvæði út með öllu því sem það stendur fyrir. Það mundi styrkja þingið andspænis framkvæmdavaldinu og það mundi verða liður í því að endurreisa þingræðið í landinu frá þeirri niðurlægingu sem þingræðið hefur orðið að þola síðustu áratugina.

Herra forseti. Eins og ég hef gert grein fyrir þá legg ég til að þessu máli verið vísað til hv. allsh. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. sem er 3. málið á þessu 105. löggjafarþingi. Þetta er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 80, útgefnum 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Flm. ásamt mér er hv. þm. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur frv. í þessa veru verið flutt á tveimur síðustu löggjafarþingum, 103. og 104, en í allnokkuð annarri mynd. Þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir því að á eftir 2. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna geta launþegar (vinnuseljendur), sem taka laun hjá sama atvinnurekanda (vinnukaupanda), stofnað félag á vinnustað sem hafi með samninga að gera og taki í einu og öllu við réttindum og skyldum stéttarfélaga. Þetta getur gerst að undangenginni skriflegri og leynilegri atkvgr., þar sem 2/3 hlutar þátttakenda hafa lýst sig samþykka þessu fyrirkomulagi, enda starfi fleiri en 25 launþegar á vinnustaðnum.

Félmrn. skal setja reglugerð um framkvæmd atkvgr."

Og síðan, herra forseti, er í 2. gr. frv. sagt: „Þar sem í

lögum þessum eru nefnd stéttarfélög komi: stéttarfélög og vinnustaðafélög.“ Og loks að yfirskriftinni á frv. verði breytt í þessa veru.

Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa um efni þessa frv. orðið allmiklar umr. á undanförnum tveimur árum þegar það hefur verið flutt hér á hinu virðulega Alþingi. Ég vil segja það strax að eitt lykilatriði í þessu frv. er auðvitað háð einfaldri ákvörðun, — og það er vilji flm., eins og fram kemur í grg. með frv., að til þess sé tekið tillit að því má mjög auðveldlega breyta eftir því sem reynslan segir okkur til um — það er sú tala sem kveður á um stærð þeirra vinnustaða sem við er átt. Í þessu frv. er sagt að þetta sé heimilt á vinnustað sem telji 25 launþega eða fleiri. Það má vel hugsa sér að færa þessa tölu til, hún verði önnur, hún verði hærri, hún verði jafnvel miklum mun hærri, og svo hitt, að það má beita niðurtalningu á fleiri sviðum en þar sem hún er dæmd til að misheppnast. M. ö. o., það er hægt að hugsa sér að fyrst í stað sé hér átt við vinnustaði með 200 launþegum og síðan farì það stiglækkandi ár frá ári, á tveggja ára fresti eða eitthvað slíkt. Ég vil, áður en lengra er haldið í þessu máli, vekja á því rækilega athygli að þessi tala er sveigjanleg, ef menn hafa skoðað samsetningu íslenskra fyrirtækja og af hvaða stærð þau eru o. s. frv. Það verður hv. allshn. sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar og ég treysti henni til að skoða mjög nákvæmlega tölfræði um slíkt.

Herra forseti. Eitt af því sem valdið hefur nokkrum misskilningi þegar þessar hugmyndir hafa verið ræddar á undanförnum árum er að menn hafa vísað til hvernig þessir hlutir eru uppbyggðir í öðrum löndum. Nú er það svo, að mismunurinn á t. d. Íslandi annars vegar og landi eins og Noregi á hinn bóginn er sá, að á Íslandi er vinnulöggjöf, á Íslandi er þessum hlutum skipað með löggjöf. Þau lög voru sett eftir feikilegar deilur á árinu 1938. Íslenska vinnulöggjöfin, lög um stéttarfélög og vinnudeilur til að vera nákvæmari, það sem við venjulega köllum vinnulöggjöf, voru sett af ríkisstjórn Framsfl. og jafnaðarmanna sem sat í þennan tíma. Þau voru sett gegn vilja annarra. Því má bæta við, svona til sögulegra upplýsinga, að á þessum tíma var einn af forustumönnum jafnaðarmanna um það bil að yfirgefa flokkinn. Það er Héðinn Valdimarsson. Og hann snerist gegn þessari löggjöf á þeim forsendum að vinnulöggjöf væri alltaf í eðli sínu þrælalöggjöf. Þetta er rakið nokkuð skilmerkilega í grg. með þessu frv., rök bæði með og á móti. En kjarni málsins er sá, að t. d. í Noregi eru þessir hlutir frjálsir, menn geta skipað þessum hlutum þann veg sem þeir kjósa. Hér er þetta ekki svo. Hér eru ákveðnir hlutir lögverndaðir og aðrir hlutir bannaðir. Þegar vinnulöggjöfin var sett 1938 var kjarni málsins, t. d. séð frá bæjardyrum míns flokks, Alþfl., að lögvernda þau stéttarfélög sem fyrir voru. Og hvernig var þetta gert? Þetta var gert þannig að í 2. gr. laganna, sem hafa staðið að mestu óbreytt síðan 1938, var sagt einfaldlega að ekkert stéttarfélag mætti vera smærra en nemur sveitarfélagi. Þetta þýddi það t. d. að Dagsbrún í Reykjavík var eina verkamannafélagið í Reykjavík og að ekki mátti stofna annað verkamannafélag þó svo menn vildu það og sæju félagslegar ástæður þar til.

Menn verða að hafa hugfast að þetta er á árum þegar töluverð upplausn er í verkalýðshreyfingunni, þegar menn eru að huga að því að fara að stofna hér fleiri en eitt alþýðusamband og þá eftir flokkspólitískum línum. Í vinnulöggjöfinni frá 1938 var m. ö. o. sitthvað leyft og sitthvað bannað. En vinnulöggjöfin frá 1938 gerir meira. Hún skyldar launþegafólk til að flokka sig í félög samkv. skilgreiningunni stétt, eins og það orð var skilið á kreppuárunum, m. ö. o. að verkamenn væru ein stétt, verkakonur önnur stétt, iðnaðarmenn þriðja stéttin, skrifstofufólk fjórða stéttin o. s. frv. Kjarni málsins er sá, að þessi skilningur á hugtakinu stétt er lögbundinn og lögverndaður á Íslandi. Ef verkamaðurinn, iðnaðarmaðurinn, skrifstofumaðurinn og flugvirkinn — eða hver annar, sem vinna saman t. d. á vinnustað, vilja sinna sínum félagsmálum saman þá geta þeir það ekki vegna þess að skilgreiningur kreppuáranna er lögbundinn og lögverndaður á Íslandi. Verkamenn verða að vera saman í félagi og þá er auðvitað átt við stór svæði eins og Reykjavík og Eyjafjarðarsvæðið og slíkt. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Þetta hefur á hinn bóginn valdið stórkostlegum misskilningi. Menn segja að með lagafrv. af þessu tagi sé verið að leggja til að riðla félagasamtökum eins og verkalýðshreyfingunni. Það er auðvitað mikill misskilningur vegna þess að hér er aðeins verið að leggja til að hlutur verði heimilaður, ekki þvingaður, sem hefur verið bannaður. Mér er fullkunnugt um það að fólk á stórum vinnustöðum hér í Reykjavík t. d. hefur leitað til lögfræðinga, sem hafa sérhæft sig í vinnurétti, og það hefur spurt: Getum við myndað félag, félag sem rekur sig út frá vinnustaðnum? Svarið hefur einfaldlega verið: Nei, það er bannað samkv. 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Menn hafa sagt: Hér er verið að lögþvinga einhverju upp á verkalýðshreyfinguna. Það er mikill misskilningur, það er ekki verið að því. Það er þvert á móti gert ráð fyrir því að þetta verði réttur sem fólki á vinnustöðum — og nú hef ég enn þann fyrirvara sem ég hafði um töluna í upphafi, því að henni má breyta mjög auðveldlega — þetta er réttur sem fólki er heimilt að nota sér ef það svo kýs. Og það er meira að segja gert ráð fyrir því að það þurfi aukinn rétt, þ. e. þetta gerist því aðeins að tveir af hverjum þremur launþegum á vinnustað óski eftir því. En ef það er svo, þá hins vegar gerist þetta, þá taki menn samningsréttinn og þar með verkfallsréttinn í sínar hendur.

Út af fyrir sig ætti það ekki að vera mitt mál að rökstyðja af hverju ég held að þetta eigi sums staðar betur við, vegna þess að það má auðvitað ræða á gólfinu, það á auðvitað að ræða inni í fyrirtækjunum, menn geta notað sér þennan rétt eða þeir geta það ekki, eða menn gera það ekki og það á ekki að vera neitt mál. Það eina sem hér er verið að leggja til er að launafólk hafi þennan rétt og noti hann ef það svo kýs og ef það telur hagsmunum sínum þannig borgið.

Ég vil skjóta því hér inn, herra forseti, að það er auðvitað alkunna að í nokkrum fyrirtækjum hér er við lýði óljós mynd af þessu fyrirkomulagi, ég nefni Straumsvík, ég nefni ríkisverksmiðjurnar, ég nefni Grundartanga, en þó ekki nema óljós mynd vegna þess að það eru mörg stéttarfélög í lagaskilningi orðsins, sem að baki samninganefndinni standa og fara með samningsvaldið, svo að það er eiginlega tvöfalt kerfið í þessum fyrirtækjum.

Menn segja ýmislegt. Menn segja t. d. að eitt hafi gerst. Það er meira launajafnræði þar sem þetta fyrirkomulag er vegna þess að menn gleyma síður sínum hinum minnstu bræðrum þegar samið er þannig að einn

semur fyrir alla og allir fyrir einn. Fyrir þessu hef ég ekki ómerkilega heimild vegna þess að þetta fullyrti hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson í viðtali við tímaritið Rétt árið 1976, að þetta fæli í sér meira launajafnrétti, og launajafnrétti er náttúrlega mikilvægt í sjálfu sér, bara sem mórölsk niðurstaða í kjarasamningi. en auðvitað kemur fleira til. Ég vil taka það fram að sennilega á maður ekki að vera að rökræða svo mjög hér á hinu háa Alþingi það sem ætlunin er að rökleiða svo úti á vinnustöðunum, á gólfinu þar, þegar þetta kæmi þar til umr. En væri ég þar staddur og ynni í meðalstóru fyrirtæki og væri ég áhugamaður um að þetta fyrirkomulag væri upp tekið, þá mundi ég reyna að afla mínum málstað fylgis með eftirfarandi rökum. Ég mundi segja: Það er fleira kjör en krónur. T. d. gætu það verið kjör að semja um heldur lægri laun en semja um dagvistunaraðstöðu fyrir þá sem við fyrirtækið vinna. Þetta hefur komið upp í nokkrum fyrirtækjum í Reykjavík raunar. Það er ekki í gegnum hefðbundna samningakerfið, það er með öðrum hætti. Venjulegur launamaður í Reykjavík hefur barn sitt í gæslu allan daginn. Hann borgar 3000 kr. fyrir það. Það eru allnokkrir peningar. Ef samið væri milli vinnuveitandans og starfsmannanna mundu menn semja um svona hluti. Og þetta eru ekki lítil réttindamál.

Við jafnaðarmenn höfum haft atvinnulýðræði á stefnuskrá okkar. Menn mundu semja sig til stjórnar í fyrirtækjunum. Það er auðvitað frjáls réttur beggja og þegar tveir semja hefur hvor um sig vald til að segja nei, hingað og ekki lengra. Þannig semja frjálsir menn. Ef menn vildu semja þannig, ef menn vildu semja sig til eignar að fyrirtæki eða hluta þess, af hverju mega menn það ekki? Oft er það efalítið eðlilegt rekstrarform að fyrirtækinu að launþegar eigi það að hluta. Og þetta fyrirkomulag gefur einmitt kost á því að menn semji annað til sín heldur en hreina krónutöluhækkun, sem jafnvel framleiðslan stendur ekki undir og fram gengur svo í rýrnandi mynd eins og við þekkjum.

Menn hafa haft það á móti hugmyndum af þessu tagi að þær feli í sér veikingu á samningsstöðu þess sem semur. Þetta er auðvitað fráleitt. Í fyrsta lagi vegna þess að samningsréttur og verkfallsréttur teljast til helgustu mannréttinda og það leikur sér enginn að þessum réttindum. Það dregur enginn úr slíkum réttindum sínum. Það er því fráleitt að gera ráð fyrir að menn muni fara gáleysislega með þennan rétt. Ég spái því að verði þetta frv. að lögum þá muni engir launþegar nota sér þessa heimild nema að mjög vel yfirveguðu ráði. Menn segja að í litlu fyrirtæki, 60 manna fyrirtæki, muni þetta þýða það að atvinnurekandinn muni níðast á fyrirtækinu. Er líklegt að það muni gerast? Mundi starfsfólk í slíku fyrirtæki taka sér réttinn ef það væri hrætt um þetta? En svo er annað í þessu. Samningsréttur og verkfallsréttur og rétturinn til að haga málum sínum er frjáls á Íslandi. Ef menn óttast þetta þá geta menn myndað sambönd. Segjum svo að hér risu upp 100 vinnustaðafélög í Reykjavík sem hvert semdi með sínum hætti. Ég segi þetta út í loftið, ég veit ekkert hvaða tala hér gæti átt við. Segjum svo að mönnum fyndist skyndilega að samningsstaða þeirra hefði veikst. Hvað er þá auðveldara en að menn myndi bandalög vinnustaðanna, sambönd vinnustaðanna? Allir sem ynnu í fataframleiðslu eða bara öll fyrirtæki í Reykjavík, vinnustaðafélög og stéttarfélög í hinum eldri skilningi orðsins, tækju sig saman og mynduðu bandalag. Hvernig í ósköpunum er hægt að halda því fram, ef talað er af sanngirni, viti og þekkingu, að það muni veikja samningsstöðu? Mönnum er fullkomlega frjálst að mynda með sér samtök eins vinnustaðar, tveggja vinnustaða eða fleiri vinnustaða, 100 vinnustaða, alveg eins og mönnum sýnist og eftir því sem þeir telja samningsstöðu sinni best borgið. Í Reykjavík eru tvö meiri háttar flugfélög. Segjum sem svo að þau vildu bæði nota sér þennan rétt. Segjum sem svo að þau teldu samningsstöðu sinni betur borgið með því að semja í samfloti. Þau um það, það er þeirra réttur að hegða sér svo.

Mér hefur fundist að þeir sem tala gegn þessari hugmynd séu að verja einhverja aðra og annarlegri hagsmuni heldur en hagsmuni þessa fólks. Þetta er ekki mín uppáfinning, ég hef fyrir mér eina mína allra bestu heimild í þessum málum, sem er hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, vegna þess að í nefndu viðtali við Rétt hafði einn maður þar, Sigurður Magnússon rafvirki, sagt: Það á að fara að semja á vinnustaðagrundvellinum. Já, sagði Guðmundur, það væri kannske miklu betra, en það verður ekki strax. En svo bætti hann við: Ætli það sé ekki einhver smákóngapólitík í þessu? — Ég endurtek, ætli það sé ekki einhver smákóngapólitík í þessu? Þetta var hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, á árinu 1976. Ég tek mér ekki svona orð í munn, vil ekki gera það, vil ekki setja umræðuna í hnotskurnina þá. En hér talar maður af nokkru viti og reynslu í samningamálum og hann sagði þetta: Ætli það sé ekki einhver smákóngapólitík í þessu? Ég vara við að umræðan fari mjög út á þær brautir — ég nefni þetta aðeins vegna þess að að því hefur oft verið vikið, m. a. í þessu langa viðtali — eða þetta voru prentaðar samræður raunar í tímaritinu Rétti, sem nú er orðið 6 ára gamalt.

Menn segja: Tillögumenn eru að þvinga einhverju upp á verkalýðshreyfinguna sem hún vill ekkert hafa með að gera. Ég segi: Þetta er rangt og hlýtur að vera mælt gegn betri vitund vegna þess að það er ekki verið að þvinga neinu upp á neinn þegar um er að ræða heimild sem menn ráða sjálfir hvort þeir nota og þurfa meira að segja til þess aukinn meiri hluta. Við gætum samþykkt þetta frv., gert það að lögum fyrir jól. Við gætum svo horft yfir sviðið eftir fimm ár og kannske hefði engin breyting átt sér stað vegna þess að þegar á átti að reyna og þegar fólk skynjaði þessi auknu réttindi sín og fór að ræða þetta á gólfinu hvert á sínum vinnustað, þá getur vel verið að allir kæmust að þeirri niðurstöðu að þetta hentaði þeim ekki. Það væri ekkert við því að gera. En mér er óskiljanlegt hvernig menn geta haft á móti því að fólk fái þessi réttindi og sagt síðan: Fólk mun misfara með þau, það mun ekki kunna að nota þau. Mér er óskiljanlegt, svo að ég noti þýskt orð, hvernig menn geta verið „Besserwisser" af þessari tegund, hvernig menn geta endalaust þóst vera að hafa vit fyrir öðru fólki. Og varðandi þetta ákvæði um hinn aukna meiri hluta, 2/3, þá kann að vera líklegra til sigurs fyrir málið og samkomulags að hafa það með þessum hætti.

Ég vil skjóta því inn að á fundi í stjórnmálafélagi, sem ég var á fyrir nokkrum mánuðum í Reykjavík, barst þetta frv. í tal. Þar stóð upp maður, launamaður hér í Reykjavík, og sagði: „Sannleikurinn er sá að hér í Reykjavík þykir fleira fólki vænna um vinnustaðinn sinn heldur en verkalýðsfélagið sitt." Nú fullyrði ég ekkert um hvort þetta kunni að vera rétt, ég set þetta aðeins fram til umþenkingar að svona kann þetta að vera. Er það ekki

skelfileg niðurstaða?

Menn hafa gjarnan sagt í umræðu um þetta að flm. þessa frv. væru að fjandskapast við verkalýðshreyfinguna. Engin mótrök þykja mér ósanngjarnari en þessi, að ég ekki segi ódrengilegri, því að fyrir mér er verkalýðshreyfingin fólkið sem er í henni en ekki fólkið sem stjórnar henni fyrst og fremst. Og ef einhver, þó ekki væri nema einn vinnustaður í Reykjavík vildi nota sér þessa heimild — ég endurtek: heimild — hvað með það? Af hverju má hann það ekki? Hvernig getur það verið fjandskapur við verkalýðshreyfinguna að flytja frv. til laga þó ekki nema aðeins brot, og kannske lítið brot af félagsmönnum í henni kynnu að vilja nota sér það? Kannske eru skiptar skoðanir um þetta meðal launþega. Þá ræða þeir það hver á sínum vinnustað og komast að niðurstöðu. En af hverju ætti að koma í veg fyrir það fyrir fram að slíkar umræður geti farið fram? Og ég endurtek það sem ég hef áður sagt: Ef enginn vill nota sér þessa heimild, segjum sem svo að það verði reynslan þegar við lítum yfir sviðið eftir fimm ár að þessum lögum sambykktum, nú gott og vel, þá nær það ekki lengra. Þá hefur fólk rætt sín mál, komist að skynsamlegri niðurstöðu, metið það svo að það væru ekki sínir hagsmunir að gera þetta svona, telur það veikja samningsstöðu sína. Við því er auðvitað ekkert að segja, það er ekki mitt mál. Ég vil aðeins ekki loka fyrir það að menn geti samið með þessum hætti.

En menn hafa nefnt það, gerðu það aðallega fyrir tveimur árum, m. a. í skelfilegum ræðum sem hér voru fluttar á hv. Alþingi, að hér væri verið að fjandskapast við verkalýðshreyfinguna. Ég tel þetta ósanngjörn rök og ég vil aðeins útskýra það með einni lítilli staðreynd. Ef við lítum til síðasta aldarfjórðungs þá er ein staðreynd alveg ljós og við blasandi hverju barni. Hún er sú að það hafa orðið tækniframfarir á Íslandi, miklar tækniframfarir. Alveg sama hvert við lítum, á verksmiðjur, uppskipun, hvert sem við lítum. Það er af hinu góða. Þetta er ekki iðnbylting en þetta er hröð iðnþróun. Ef við svo lítum yfir launasvæðið íslenska þá er annað alveg ljóst. Það er það að fólkið, sem við frumframleiðsluna vinnur, hefur borið skarðan hlut frá borði. Það hefur fengið minni hlutdeild í þessum tækniframförum heldur en því hefur borið. Það stendur hlutfallslega verr að vígi í dag, miðað við þá aukningu á heildartekjum sem orðið hefur vegna tækniframfaranna, heldur en það gerði fyrir 25 árum. Þetta veit ég að t. d. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson — og því nefni ég hann að hann er formaður stærsta verkamannafélagsins hér í Reykjavík — þetta veit ég að hann tekur undir með mér og hefur margsinnis gert. En sé þetta svona þá spyr ég líka: Hverju sætir þetta? Og er ekki eðlilegt að svarið sé að það er eitthvað rangt í því kerfi hvernig samið er um kaup og kjör? Eða hverju sætir það að þegar verið er að gera svokallaða heildarsamninga veturinn 1977, eða hvenær sem er, þá er ævinlega sest niður og sagt: Nú ætlum við að stefna að meiri launajöfnuði. Svo er staðið upp tveimur mánuðum seinna — og því miður, bilið er orðið meira en það var. Það gerist alltaf eins. Láglaunafólkið dró vagninn, hinir komu á eftir og sömdu um heldur meira. Þetta hefur gerst aftur og aftur í aldarfjórðung. Og úr því að þetta er svona er þá ekki eðlilegt svar að menn spyrji: Er ekki eitthvað rangt við skipulagið sjálft? Auðvitað er eitthvað rangt við skipulagið sjálft. Og af hverju koma verkalýðsforingjar, sem vitaskuld vinna vel og mikið og langan vinnudag að hagsmunum síns fólks, og enginn skilji orð mín svo að ég sé að gera lítið úr því starfi, — en af hverju standa þeir í fyrsta lagi svo iðulega sem blokk á móti breytingum, en í öðru lagi upp að loknum hverjum kjarasamningum og segja: Okkur mistókst. Okkar fólk bar minna úr býtum en hinir sem eru um miðbik launaskalans og þar fyrir ofan. — Hvað er að? Ég segi: Það er eitthvað að í skipulagsmálunum, en af hverju er eitthvað að í skipulagsmálunum? Af því að skipulagið er lögþvingað. Skipulag íslenskra alþýðusamtaka er lögþvingað. Það er það sem er t. d. munurinn á okkur og Noregi. Það er bundið með lögum hvað má og hvað má ekki, og svo koma menn þegar lagt er til að rýmkuð sé heimild, ekkert skyldað heldur rýmkuð sé heimild, og gefið tækifæri til þess að samið sé með öðrum hætti og öðru fyrirkomulagi, ef menn svo kjósa að $^2/_3$ meiri hluta og uppfylltum öðrum skilyrðum og þá segja menn: Þetta er árás á verkalýðssamtökin. Og ég spyr: Hvernig má þetta vera árás á verkalýðssamtökin? Ég finn ekkert svar við þeirri fullyrðingu, nema hið ívitnaða úr Rétti 1976.

Íslenskt þjóðfélag er þjóðfélag ábyrgðarleysis. Það ber ekki nokkur maður ábyrgð á því, og þá er ég auðvitað að tala um hið opinbera þjóðfélag, sem hann er að gera. Við vitum að menn semja um fiskverð. Menn bera enga ábyrgð á niðurstöðunni. Það er alveg sama um hvað menn semja. Enginn maður verður að hætta rekstri. Því er öllu hleypt út í gengið og gengið fellt til þess að leiðrétta vitleysuna sem menn komast að. Það ber heldur enginn ábyrgð á kjarasamningum. Ef menn hafa samið um meira en fyrirtækin geta staðið við, — og það er hygg ég nokkuð sem við þurfum að fara að endurskilgreina í þessu þjóðfélagi, þ. e. ábyrgð fyrirtækjanna, sem engin er í dag, — þá er öllu hleypt út á rýrnandi mynt. Það er hið ábyrgðarlausa kerfi sem hefur leitt okkur þangað sem við erum, þar sem sennilega þriðjungur launþega býr við ósæmilega lág laun. Ef menn færu að semja á þeim grundvelli að þeir bæði tækju tillit til hags þeirrar starfsemi sem þeir vinna við og fengju fljótt og vel arð þegar vel gengur, þá bera menn ábyrgð á því sem þeir eru að gera. Ég sé fyrir mér þjóðfélag þar sem valdinu er dreift út um allt land, út um alla borg, þar sem menn starfa saman í smærri einingum frekar en stærri og þar sem menn og samtök þeirra bera ábyrgð á því sem þeir eru að gera.

Það er lenska að ráðast að forustufólki í verkalýðshreyfingunni og segja að það beri enga ábyrgð. Þetta er auðvitað hreinn dónaskapur, og ég skal undirstrika það rækilega. Vitaskuld gildir það sama um rekendur fyrirtækjanna og það í miklu ríkara mæli en um hina sem eru talsmenn fólks með ósæmilega lág laun. Látum vera þó að þeir sýni svokallað ábyrgðarleysi á stundum vegna þess hverjir umbjóðendur þeirra eru, en málið er auðvitað það að fyrirtækin eru rekin með súrrandi neðanjarðarhagkerfi, eins og við vitum, með rosalegum upphæðum sem hvergi koma fram á skýrslum þar sem dregið er út úr þeim til einkaneyslu svokallaðra eigenda og allt þetta, sem allir vita að er svo, og menn eru farnir að tala um ævintýralegar upphæðir í hinu óskráða íslenska hagkerfi. En hvað svo? Þessi fyrirtækjarekstur semur síðan um laun sem framleiðsla hans mun aldrei geta staðið undir og af hverju? Af því að því er hleypt út í verðlag með einhverjum ríkisreknum meðaltalstölum. Vandinn er að minni hyggju ekki fyrst og fremst fólkið sem er í forsvari fyrir launþegahreyfinguna, því það er auðvitað að vinna

sín störf, en við hin bágu og takmarkandi skilyrði, einkum úr þessum lögum sem við erum nú að leggja til að verði breytt, en ábyrgðin er miklu frekar hjá óhæfu fólki sem er að reka fyrirtæki. Við eigum að fara að beina athyglinni miklu meira þangað. Fólk er að reka fyrirtæki í stórum stíl sem ræður ekki við slíkt verkefni. En ég er sannfærður um að verði þetta frv. að lögum og muni ákveðinn hluti launþega nota sér heimildir þess muni ein stórkostleg breyting fylgja í kjölfarið. Hún er sú, að þeir sem reka fyrirtækin verði kallaðir til ábyrgðar og það er ekki lítil breyting. Og fyrir áhugamenn um skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar, og ég vil ekki gera lítið úr því sem þeir hafa um þetta mál að segja, vil ég undirstrika rækilega hvaða breytingu það hefði í för með sér ef rekendur fyrirtækjanna væru kallaðir til ábyrgðar í ríkari mæli en nú er gert, því sá mælir er varla nokkur, hvað sem menn segja í þjóðfélagi, sem þjóðnýtir nánast allt tap, eins og menn þekkja. Hvað halda menn að þetta ábyrgðarleysi rekenda fyrirtækjanna kosti okkur á ári hverju og mánuði hverjum og degi hverjum?

Herra forseti. Um þetta frv. mætti vitaskuld hafa miklu lengra mál. Í grg. með því er í fyrsta lagi rakin mjög rækilega saga vinnulöggjafarinnar frá 1938; hverjir voru með henni og hvers vegna, hverjir voru á móti henni og hvers vegna. Þeir sem voru á móti henni voru fyrst og fremst flokkur sem þá hét Kommúnistaflokkur Íslands, síðar Sósíalistaflokkur og enn síðar Alþýðubandalag, svo og Héðinn Valdimarsson, sem í þann mund var á útleið úr Alþýðuflokknum eins og menn þekkja. Það vantar gjarnan inn í sögulega röksemdafærslu um þetta mál, að ástæða fyrir því að forustumenn jafnaðarmanna í þann tíð voru svo ákafir í að setja lög um stéttarfélög og vinnudeilur var auðvitað sú, að það var sótt að þeim úr báðum áttum. Kommúnistar, sem þá kölluðu sig svo, og sjálfstæðismenn, sem höfðu myndað t. d. félagið Óðinn í Reykjavík, sóttu að jafnaðarmönnum úr báðum áttum, tóku saman höndum, reyndu að mynda meiri hluta og riðla þeim út úr verkalýðshreyfingunni. Þetta voru feikileg átök, sem fram fóru í skjóli heimsatburða einnig. Þetta eru kreppuár og það verða menn að skilja. Jafnaðarmenn höfðu um það forustu að setja þessi lög. Höfundur þessara laga var fyrst og fremst Guðmundur Í. Guðmundsson þá lögfræðingur í Reykjavík, en þrír aðrir sátu með honum í nefndinni, og þetta voru varnarlög gegn ásókn. Þess vegna var þetta svo rígbundið sem það er og rígbundnara en í nokkru öðru landi. Þetta voru varnarlög gegn ásókn annars vegar kommúnista og hins vegar Sjálfstæðisflokksmanna, sem þá kölluðu sig svo. Þetta bandalag kommúnista og íhaldsmanna varð miklu víðtækara stundum í kosningum hér í Reykjavík. Í Hlíf í Hafnarfirði urðu fræg átök og miklu víðar. Satt að segja er einn kafli Íslandssögunnar enn þá óskráður, en ætti að skrá, en það er bandalag íhaldsins og kommúnista á árunum fyrir stríð, þegar þeir voru að ryðja jafnaðarmönnum út úr verkalýðshreyfingunni. Þessi lög, sem voru auðvitað stórkostlegt inngrip í frjáls félagasamtök, eru sett af þessum ástæðum. Og það vil ég segja sögulega, að ég hef mikla samúð með jafnaðarmönnum að hafa beitt sér fyrir þessari lagasetningu á þessum tíma, þó að mér finnist hins vegar að þessi takmarkandi lög séu orðin úrelt í dag, og ég reyni að setja mig í spor þeirra manna sem sáu að liðssveitir Stalíns annars vegar og liðssveitir atvinnurekenda hins vegar sóttu að þeim úr báðum áttum. Þeir vernduðu hagsmuni sína með lögum. Gott og vel. Það er út af fyrir sig skiljanlegt, þó að það sé frekleg árás á frjáls félagasamtök. (**GJG:** Þeir hafa ekki einir getað komið þessum lögum í gegn.) Þeir voru studdir af framsóknarmönnum, kæri vinur, það er nú heila málið. Það voru jafnaðarmenn og framsóknarmenn, sem þá mynduðu ríkisstjórn á Íslandi, sem þessi lög settu. Og ég sé, þó að þetta sé þriðja árið sem þetta frv. er flutt, að hv. 7. þm. Reykv. hefur enn ekki lesið greinargerðina með því, en hún er veigamikið plagg og fróðleg lesning, einnig fyrir hann.

En m. ö. o.: Sögulegar aðstæður geta breyst. Nú eru 44 ár síðan þetta frv. til l., sem þá var, varð að lögum og 44 ár eru langur tími í sögu þjóðar. Og af hverju eru menn núna að leggja til að þessum lögum sé breytt? Það er ekki þannig að menn séu að skipta sér af skipulagi alþýðusamtakanna í sjálfu sér, heldur aðeins að opna leiðir fyrir nýjar hugmyndir vegna þess að það er viðurkennt af öllum sem að þessu stóðu á sínum tíma, höfundum laganna, að þetta voru takmarkandi lög, inngrip í frjáls félagasamtök á sínum tíma, en sett af ákveðnum pólitískum ástæðum. Í þessum skilningi er verkalýðshreyfingin á Íslandi ekki frjáls félagasamtök. Það er það sem er misskilningur. Hún væri það ef engin lög væru til. Þá gætu menn skipulagt sig bara eftir hendinni. En það er ekki. Það eru lög í landinu sem leyfa sumt, leyfa t. d. stéttarfélög í kreppuskilningi orðsins, verkamenn sér, iðnaðarmenn sér, skrifstofufólk sér o. s. frv., en þau leyfa ekki annað. Þau leyfa ekki þessi þveru félög, eins og kallað er.

Herra forseti. Þetta er um sögu málsins.

Í annan stað er í grg. fyrir þessu frv. mjög ítarlega fjallað um tillögur Alþýðusambands Íslands, sem fram komu á árunum 1960—1962 að mig minnir, en í þann tíð var mikil umræða um skipulagsmál alþýðusamtakanna innan Alþýðusambands Íslands, þó að ekkert kæmi út úr því og er þó aldarfjórðungur síðan. Þá töluðu menn um að skipuleggja sig sem sambönd. Ég vil leggja á það ríka áherslu að hér er ekki um að ræða sömu hugmyndina. Hér er um að ræða að gengið er skrefinu lengra og heimilað að menn myndi með sér félag á vinnustaðnum. Ef menn vilja hins vegar mynda með sér sambönd í skyldum atvinnugreinum eða óskyldum, bara eftir hvað menn vilja, þá er það auðvitað heimilt eins og hver önnur myndun félaga og sambanda þeirra er heimil ef menn svo kjósa. Því er ekki stjórnað að ofan eða úr neinni áttt að menn skipuleggi sig með þeim hætti. Ef þeir vilja það, þá geri þeir svo vel. M. ö. o.: það er ekkert sem kemur í veg fyrir að menn skipuleggi sig eins og Alþýðusamband Íslands var að tala um eða menn sem fjölluðu um þetta hjá þeim á sínum tíma, skipuleggi sig með þeim hætti ef þeir svo kjósa. M. ö. o., herra forseti, það sem er að öðru leytinu til meginuppistaða í langri grg. með þessu frv. er lýsing á umræðum sem fram fóru innan Alþýðusambands Íslands. Og ég undirstrika þetta: Hér er um að ræða í grundvelli mínum sömu hugmyndina, en þó aðeins öðruvísi útfærða.

Í þriðja lagi, herra forseti, er ein grundvallarspurning sem mig langar mikið til að ræða í þessu sambandi. Menn hafa sagt svo: Þarna má engu breyta nema breytingin komi frá verkalýðshreyfingunni sjálfri, eins og það er kallað, og menn setja upp prestlegan svip þegar þeir taka sér þetta hugtak í munn. Ég spyr aftur, herra forseti: Hvað er verkalýðshreyfingin? Að minni hyggju er hún ekki nokkrir tugir forystumanna, heldur fólkið sem er í

henni. Ég vek athygli á því að innan vébanda Alþýðusambands Íslands munu vera á fimmta tug þúsunda. (**Gripið fram í:** Sjötta tug.) Sjötta tug nú orðið. Því er svo oft ranglega haldið fram, að alþýðusamtökin hér séu frjáls félagasamtök í heimspekilegum skilningi orðsins, á þeim séu engar þvinganir nær eða fjær. Þetta er rangt. 2. gr. laganna frá 1938 leyfir sumt og hún bannar sumt. Það eru engin lög um íþróttahreyfinguna á Íslandi. Það eru engin lög um bindindishreyfinguna, ekki um skipulag. Það eru lög sem hún setur sjálf, eru þá landslög raunar. Það er þetta sem átt er við þegar menn tala um frjáls félagasamtök. Það eru félagasamtök sem skipuleggja sig sjálf og geta breytt skipulagi sínu sjálf, ef þau svo kjósa. En launþegahreyfingin í landinu er ekki frjáls félagahreyfing í þessum skilningi orðsins. Það eru til lög sem leyfa sumt og banna sumt. Hér er aðeins verið að leggja til að það sem nú er bannað verði leyft ef svo og svo margir launþegar við gefnar kringumstæður svo kjósa. Og það er þetta sem er kjarni málsins.

Ég er búinn að heyra margar hvellar yfirlýsingar um það, að hér sé um að ræða atlögu að launþegahreyfingunni. Hvernig í ósköpunum má það vera atlaga að launþegahreyfingunni að rétturinn til að ákveða það hvort menn semja sem vinnustaður eða semja sem hefðbundið stéttarfélag sé færður inn á gólfið ef 2/3 hlutar launafólks á þessum vinnustað segja já? Mér er sagt, — til að nefna eitt fyrirtæki hér í Reykjavík, það eru Flugleiðir, — að í dag semji 38 eða 39 stéttarfélög við Flugleiðir. Þetta getur ekki verið æskilegt. Það er þó út af fyrir sig, ef menn vilja hafa það svoleiðis, þeirra frjálsi réttur.

Menn segja líka: Ef svona breyting kemst á þýðir það þá ekki að það sé óánægður minni hluti? Setjum svo að það færu fram umræður hjá Flugleiðum, langar umræður, þær stæðu í heilt ár, svona eins og heilbrigt félagslíf á að vera, og úr yrði vönduð niðurstaða. Segjum svo að allir launþegar hjá Flugleiðum kysu að fara þessa leið nema flugmenn. Þeir vildu hafa sitt sérvald og gætu það einhvern veginn svona. Þá er spurt: Eru ekki 97% að kúga 3%? Ja, gott og vel. Þetta kann að vera svona. Og ég spyr: Hvað með það? En svo hafa menn sagt líka að þetta væri ægilegt og tala í nafni verkalýðshreyfingarinnar. Ég spyr: Halda menn að þessir hlutir séu einhvern veginn öðruvísi núna? Tökum samninga hjá verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík. Eru ekki sumir sem vinna hin óbreyttu störf, eru ekki sumir á krönum, eru ekki sumir við ákveðna tæknilega vinnu í uppskipun? Og hvað semur Dagsbrún um marga taxta og eru allir ánægðir þegar heildarsamningar liggja fyrir? Er kranamaðurinn ánægður með hvað hann fær miklu meira en hinn óbreytti? Er maðurinn sem vinnur þetta starfið ánægður með það hvað hann ber úr býtum miðað við hinn, sem vinnur hitt starfið? Auðvitað ekki. Auðvitað felst ekki nein meginbreyting í frv. að því er þetta varðar. Launþegar hafa ætíð borið sig saman innbyrðis og munu ætíð gera. Ég segi aðeins, að það eru meiri líkur til þess að slík samskipti launþega innbyrðis fari friðsamlega fram og með skilningi á högum hvers annars við sumar kringumstæður þegar samið er með þessum hætti.

Hins vegar segi ég enn og aftur: Hér er aðeins verið að leggja til heimild, enga skyldu, enga nauðung, og þetta verða menn að gera upp við sig með hverjum hætti gert er. En hitt skal ég viðurkenna, að ég hef stundum fyllst skelfingu þegar ég hef hlustað á þaulvana samningamenn og verkalýðsforystumenn fyrri ára og áratuga tala gegn þessari hugmynd. Þeir láta eins og allt hafi verið í lagi. Þeir láta bara eins og þetta sé býsna gott eins og það er og standa upp og belgja sig út um hvaða skelfingu mundi af leiða. Og hvað er það sem er býsna gott? Það er sú einfalda staðreynd, að í tækniframförum undanfarinna ára hefur hið ófaglærða fólk í landinu borið miklu minna úr býtum en því hefur borið. Það er margviðurkennt af helstu talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar. Og í öðru lagi: Ævinlega setjast þeir niður í stórum samflotum, viðamiklum samningum, og segja: Nú skal samið um jöfn kjör eða jafnari kjör. Ævinlega standa þeir upp og segja: Okkur mistókst. (**HBl:** Er þetta nú satt?) Ójá, hv. þm. Þetta er því miður hárrétt. Og hvernig má þá vera að menn standi upp og segi: Við þessu kerfi skal ekki hróflað, þetta kerfi er heilagt.

Að lokum, herra forseti, vil ég vara við einu og það er þetta: Menn segja: Þessu má ekki breyta nema alþýðusamtökin sjálf geri um það tillögu. Að minni hyggju, þegar menn tala svo um alþýðusamtökin, eru þeir að meina aðeins örfámennan topp á pýramídanum. Og eins og ég hef margsagt: Í mínum huga eru alþýðusamtökin annað og meira en þessi fámenni toppur. Og menn hafa sagt: Þessu má ekki breyta nema alþýðusamtökin geri það sjálf. Svarið er, að alþýðusamtökin geta ekki gert það vegna þess að launþegahreyfing okkar er bundin með lögum, henni verður aðeins breytt með lögum í þessa veru. En málið er það, herra forseti, að vitaskuld er til þess ætlast að þegar umr. um þetta mál lýkur og það hefur verið sent til hv. allshn. verði það þaðan sent út sem víðast til umsagnar. Ég trúi því að það sé vilji allra hv. þm. að menn ræði um þetta og menn skoði það vandlega. Alþingi á auðvitað ekki að böðlast að neinu og það hefur aldrei staðið til. Það er ekki vilji flm. En vilji flm. stendur til þess að brjóta leið nýrri umræðu um þessi skipulagsmál að því er varðar samnings- og verkfallsrétt vegna þess að gamla skipulagið hefur ekki dugað. Það er alveg ljóst að gamla skipulagið hefur ekki dugað.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, segja það, sem mér er mikið alvörumál, að í lögunum frá 1938 var njörvaður niður skilningur ekki bara á stéttarfélögum heldur á stétt. Það er lögbundið að verkamenn, bláflibbafólkið, sé ein stétt og skrifstofufólkið, hvítflibbafólkið, sé önnur stétt. Og ég spyr, herra forseti: Getur það verið rétt að lögbinda stéttaskilning eins og hér er raunverulega gert? Ef fólkið, sem vinnur að frumframleiðslunni og skrifstofustörfunum og tölvufræðslunni og hverju sem er, vill vera saman í félagi og rjúfa þennan vítahring stéttaskilningsins, af hverju má það ekki? Af hverju bönnum við það í lögum? Og er það víst í fyrsta lagi að hagsmunamálum sé sinnt í stéttaskilningi áreiðanlega milli '30 og '40? Og í öðru lagi: Er það víst, að félagslegum þörfum sé sinnt, því að það vitum við að fyrir aldarhelmingi voru verkalýðsfélög líka miðstöðvar félagsins? Þau eru það ekki lengur nema í mjög takmörkuðum skilningi. Og ég spyr: Af hverju? Jú, jú, á því eru auðvitað margar ytri skýringar. En gengum við ekki of langt, þrátt fyrir allan sögulegan skilning og sögulega samúð á sínum tíma, í að njörva þetta skipulag niður með lögum? Gengum við ekki of langt og er ekki tímabært að breyta nákvæmlega þessu?

Ég byrjaði á því, herra forseti, að segja að tölunni 25 launþegar, sem við látum standa í þessu frv. eftir miklar umræður og athuganir, má auðveldlega breyta. Í öðru

lagi tölum við um að við atkvgr. taki 2/3 hlutar launþega þátt. Þessu má líka breyta og það er vitaskuld til umr. Í þriðja lagi, herra forseti, er í 1. gr. þessa frv. kveðið á um að félmrn. setji reglugerð um framkvæmd atkvgr. Þetta á sér sínar eðlilegu skýringar. Það geta t. d. vaknað spurningar um menn í hlutastörfum, í hálfu starfi, í 2/3 starfs og fleiri spurningar af því tagi, og eðlilegast þykir, að sama reglan gildi fyrir alla og að þar með sé það ráðuneytið sem með þetta hafi að gera. Þetta er skýrt í skýringum við einstakar greinar frv., sem er að finna aftast í grg.

Að lokum, herra forseti, geri ég till. um að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Því er stundum haldið fram að mörlandinn sé bæði hvatvís og nýjungagjarn, og það á stundum við. Við erum stundum fljótir að tileinka okkur nýja tækni, fljótir að gleypa við nýjungum, fljótir að ná tökum á þeim, jafnvel að ná þeim tökum á þeim að við gerum ýmsa hluti betur en aðrar þjóðir í tæknilegum skilningi. En að öðru leyti búum við við þá þversögn, að þetta fámenna gróskumikla þjóðfélag er að sumu leyti ákaflega íhaldssamt í allri sinni gerð.

Mér kemur af þessu tilefni í hug, að fyrir nokkrum árum spunnust miklar umræður um íslenskt skólakerfi. Menn ræddu um að það væri staðnað í úreltum formum. Það var „hírarkískt" skipulagt og fólk var aðgreint lárétt og lóðrétt, menn töluðu jafnvel um stéttaskiptingu. Svokölluðu bóklegu námi var gert hærra undir höfði en verklegu námi, sem enn er galli á kerfinu. Þá eru ýmsar blindgötur í kerfinu, ekki greiðar samgönguleiðir af einni námsbraut á aðra.

Þá gerðist það, að lærðir skólafrömuðir uppgötvuðu að einhver framúrstefnupólitík í skólakerfi í Svíþjóð væri í því fólgin að afnema þetta kerfi, koma á áfangakerfi, koma á einhverju sem héti samræmdur skóli. Þarna átti að opna blindgötur, skapa krossleiðir, hætta að sundra fólkinu í skólakerfinu og skipa þeim í einhverja hefðbundna bása og gera þetta að einni lífrænni heild.

Í þessum umræðum vakti einn lærður skólafrömuður athygli á því, að skólinn sem slíkur væri mjög íhaldssöm stofnun. Hann hafði fyrir sér einhverjar tölur um það af rannsóknum, ég held á bandarísku skólakerfi, að um hálf öld hefði liðið frá því að hugmynd hefði öðlast almannafylgi meðal skólamanna þangað til hún væri framkvæmd að 1/3 hluta í skólakerfinu. M. ö. o.: hann komst að þeirri niðurstöðu að skólinn væri rammíhaldssöm stofnun.

Nú gerum við okkur allt aðrar hugmyndir um verkalýðshreyfinguna. Verkalýðshreyfingin er nærri því byltingarafl í vitund sumra. Þar eru blóðrauðir bolsar, menn með stóran rauðan klút, og menn gera sér þær hugmyndir um verkalýðsforingja að þetta séu menn sem boða róttækar hugmyndir, gagngerar umbætur, uppstokkun á þjóðfélaginu. (**HBl:** Og horaðir.) Og ...? (**HBl:** Ég sagði horaðir.) Eru þeir til líka? Ég ætlaði ekki að leggja út af umræðum þingskrifara um holdafar verkalýðsforingja. Ég held að það skipti ekki meginmáli. Líkingin er þarna milli skólakerfis og verkalýðshreyfingar, milli hinna íhaldssömu stofnana.

Ég hygg að reynslan kenni okkur að auðvitað var verkalýðshreyfingin róttæk á vissu skeiði. Ég hika jafnvel ekki við að segja að hún hafi verið í bernsku sinni og á unglingsárum róttækasta aflið í baráttu fyrir mannréttindum á Íslandi. Skipulag hennar og starfshættir mótuðust auðvitað af þjóðfélagsveruleikanum, sem ríkjandi var þegar verkalýðshreyfingin náði hér að festa rætur. Sá þjóðfélagsveruleiki var tiltölulega fábreytilegur. Atvinnuskiptingin var fábreytt. Menn voru verkamenn, menn voru sjómenn og menn voru iðnaðarmenn og skipuðu sér í félög eftir því. Ég hirði ekki um að fara langt út í sögu, en það er staðreynd að fyrstu og öflugustu félögin voru meðal hinna skólagengnu og iðnlærðu.

Í stórum dráttum búum við við þetta kerfi enn þann dag í dag. Nú er ég ekki að ræða um inntak eða hugmyndir eða starfshætti, ég er að tala um þetta skipulag. Síðan er liðinn langur tími. Það þarf ekki að tíunda það nákvæmlega að íslenskt þjóðfélag hefur tekið algjörlega stakkaskiptum. Við búum við miklu flóknari þjóðfélagsveruleika, miklu flóknari starfaskiptingu. Það má segja sem svo, að menn sjái lítið fram í tíðina, en við vitum að við erum á þrepskildi ákaflega örra breytinga.

Verkalýðshreyfingin var nú ekki alveg blind á það, að sá skipulagsrammi, sem henni var búinn af frumherjunum í öndverðu, hæfði henni kannske ekki alla tíð. Þessi flík var farin að standa á beini. Hún var jafnvel farin að koma í veg fyrir að þau markmið, sem hún setti sér, næðust. Þess vegna er það, að fyrir u. þ. b. aldarfjórðungi var það niðurstaða á Alþýðusambandsþingi að þar voru samþykktar einróma álitsgerðir nefndar sem lagði til að skipulagi Alþýðusambands Íslands, verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, yrði gjörbreytt í grundvallaratriðum. Þetta mál fékk mikla umfjöllun og var rækilega skoðað. Það var milliþinganefnd starfandi. Menn leituðu upplýsinga frá nágrannalöndunum. Hingað kom danskur starfsmaður verkalýðshreyfingarinnar, vann hér nokkuð lengi með nefndinni og flutti mikinn fróðleik. Sett var saman grg. og tillögur um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands og frá því gengið árið 1960. Síðan er liðinn fast að aldarfjórðungur. Og staðreyndin er sú, að þrátt fyrir þessa gæfulegu umfjöllun í byrjun er svo komið að hreyfingin sjálf hefur látið þessar tillögur, sem hún lýsti einróma fylgi við, sofna svefninum langa í aldarfjórðung, heilan aldarfjórðung. Ég vitnaði til þess dæmis um skólakerfi, að það liði jafnvel hálf öld frá því að hugmynd næði almennu samþykki þangað til hún kæmist til framkvæmda að litlum hluta. Nú er spurningin: Þurfum við enn að bíða í aldarfjórðung, þarf að líða hálf öld þangað til verkalýðshreyfingin sjálf, forustumenn hennar, trúnaðarmenn hennar fara að vinna að því í alvöru að koma á því skipulagi sem þeir hafa sjálfir sí og æ og endurtekið lýst sig fylgjandi og lýst sem bráðnauðsynlegu og aðkallandi?

En er heimilt að setja um þetta lög? Þetta er kannske hið stóra deilumál. Auðvitað væri æskilegast að hér þyrfti ekki að setja nein lög. Auðvitað væri æskilegast að þessi mál hefðu eðlilegan framgang innan hreyfingarinnar sjálfrar, væru þar afgreidd með lýðræðislegum hætti og framkvæmd. En ég segi fyrir mína parta að ég met þau rök gild, sem flutt voru hér um hinar sögulegu staðreyndir, að hér var sett löggjöf á sínum tíma um samskiptareglur aðila á vinnumarkaði, um samningsrétt o. fl., um kjaramál. Þó að verkalýðshreyfingin hafi að stórum hluta brugðist hart við á þeim tíma vitna nú margir verkalýðsleiðtogar til þessarar löggjafar sem eins konar „Magna Carta", sem eins konar réttindaskrár, sem sé svo alfullkomin að henni megi ekki breyta þó að hún hafi verið sett á árinu 1938, þ. e. fyrir upphaf seinni heimsstyrjaldar, áður en mesta breytingaskeið, sem

orðið hefur í íslensku þjóðfélagi, rann upp.

Verkalýðsleiðtogar vitna oft til þess, að verkalýðshreyfingin sé fyrst og fremst samstaða fólks; að hugsjón hennar sé að efla samstöðu þeirra sem hafa ekki annað að selja á vinnumarkaðnum en sitt eigið vinnuafl og það sé styrkur samtakanna að skipuleggja þetta fólk í eina heild, virkja kraft þess, en sundra því ekki. Það er kannske kjarni málsins. Núverandi skipulag, samkv. álitsgerð samþykktri af Alþýðusambandsþingum, er þess eðlis að það sundrar fólkinu á vinnustöðunum í stað þess að sameina það.

Þetta mál, sem hér er flutt, er ekki nema lítill hluti af þessari heild. Það er í raun og veru ekki um annað en að ryðja úr vegi lagalegri hindrun; að heimila að fólk, þar sem tiltekinn lágmarksfjöldi er á stórum vinnustöðum, geti myndað vinnustaðafélög. Það leysir út af fyrir sig ekki málið. Það getur verið spor í rétta átt og þó kann það að vera álitamál hverjar afleiðingarnar yrðu í reynd, ef menn eru að hugsa um endurskipulagningu verkalýðshreyfingarinnar í anda samþykktar Alþýðusambandsþings. Þetta er partur af heild. En miklu meira máli skiptir, að *mínu mati*, hver verða örlög hinnar aldarfjórðungsgömlu samþykktar Alþýðusambandsþingsins sjálfs.

Herra forseti. Mig langar til þess að vitna örfáum orðum í rökstuðning, sem fram kemur í þessari aldarfjórðungsgömlu álitsgerð fyrir því að breyta skipulagi *Alþýðusambands Íslands*. Í kafla sem nefnist „Skipulag, kostir þess og gallar" eru gallarnir tíundaðir. Á það er bent, að verkalýðsfélögin í landinu eru orðin ótrúlega mörg. Þau eru fámenn og þau eru fjarri því að geta veitt meðlimum sínum þá þjónustu sem nauðsynleg er, aðstoð við samningsgerð, við það að leita réttar síns í öllum þeim frumskógi reglugerða, lagasetningar og stofnana sem forustumenn verkalýðshreyfinga eðlilega þurfa að leita til fyrir hönd sinna umbjóðenda. Til þess var vitnað þá, að Alþýðusambandið skiptist í 161 félag, og hefur fjölgað síðan. Flest þessara félaga voru sárafámenn. Aðeins fimm félög töldu yfir þriðjung allra meðlima Alþýðusambandsins á þeirri tíð. Tæplega 90 félög höfðu færri en 100 félagsmenn. Þar af voru mörg þeirra með sárafáa meðlimi.

Samningsrétturinn samkv. gildandi reglum liggur hjá þessum félögum. Reynslan er auðvitað sú, að þau framselja þennan samningsrétt til stærri félagsheilda. Engu að síður fundu menn til þess, að þessi skipulagsrammi væri ekki æskilegur. Í fyrsta lagi, eins og vitnað var til í upphafi, er mönnum þarna sundrað í félög eftir starfsgreinum. Verkamenn eru sér, ófaglærðir eru sér, sjómenn eru sér, verkakonur sér og allir hinir iðnlærðu faghópar síðan sér.

Alþýðusambandsmenn kvörtuðu mjög undan því, að heildarþing Alþýðusambandsins, sem er valdamikil samkoma og þarf að ráða ráðum verkalýðshreyfingarinnar í heild, væri óhæfilega fjölmennt. Það væri svo fjölmennt að það væri í raun og veru varla til þess bært sakir fjölmennis að ræða málefni hreyfingarinnar ítarlega eða afgreiða þau með eðlilegum hætti. Í raun og veru þyrfti Alþýðusambandsþing að vera með svipuðum hætti og Búnaðarþing, sem situr drjúgan part úr árinu. Búnaðarþing er nú ekki mjög fjölmennt. Það nýtur hins vegar ótvírætt ríkulegri þjónustu af hálfu ríkisvaldsins. Það mun vera kostað af ríkinu og eiginlega litið á það sem ríkisstofnun. Sem betur fer er nú ekki svo komið fyrir verkalýðshreyfingunni að hún sé orðin deild í félmrn., ekki enn a. m. k. En þetta var umkvörtunarefnið, að þarna er saman kominn ægilegur fjöldi fólks víðs vegar af landinu úr ýmsum starfsgreinum og fjölmennið er slíkt, að málabúnaður verður raunverulega að mötun frá toppnum og niður úr, þau fást ekki rædd.

Þriðja atriðið, sem var tíundað sem megingalli, var að vinnustaðir, ekki síst hér í þéttbýlinu, verða smám saman fjölmennari og þar starfa saman á einum vinnustað í einu fyrirtæki menn sem vinna ólík störf, hafa ólíka faglega menntun, en tvístrast í mörg verkalýðsfélög. Þeir hafa allir að vissu leyti sameiginlegra hagsmuna að gæta, en *þeim er sundrað. Oft er nefnt þetta fræga dæmi frá* Flugleiðum, þar sem félögin sem við er að semja eru tæplega 40. Auk þess stendur á prenti í bók, sem nefnd er „*Hvernig kaupin ganga á eyrinni*", að samningarnir sjálfir, sem verið hafa í gangi fyrir þetta fyrirtæki, hafa farið yfir 500. Ég tek ekki ábyrgð á þeim tölum, enda *farið með eftir minni*, en þetta dæmi nægir og þetta er ekkert einsdæmi. Að vísu mun þetta vera hrikalegt dæmi, en dæmin eru mörg hin sömu.

Á *stærri vinnustöðum* er það ekkert óalgengt að starfsfólkinu sé tvístrað í þetta 10—15 félög, hvert um sig með sinn samningsrétt. Að vísu er það svo í flestum tilvikum, að samningsréttur er framseldur og samið í heildarsamflotum, en engu að síður vitum við að þetta skipulag er kjörið til að brjóta niður það, sem á að vera æðsta boðorð launþegahreyfingarinnar, sem er „solidaritet", samstaðan. Þetta er skipulag sem hentar ákaflega vel fámennum forréttindahópum, sem hafa sterka samningsaðstöðu á markaðnum einmitt vegna fámennisins og geta í krafti þess lamað heilu atvinnuvegina. Þeir breyta kjarabaráttunni úr því að vera togstreita við vinnuveitandann í skæruhernað við félaga sína.

Spurt er: Er þetta einkamál hreyfingarinnar sjálfrar? Flm. spyr: Hvað er hreyfingin? Hreyfingin eru þúsundirnar, á sjötta tug þúsunda. Einhvern veginn hygg ég að allur þessi mikli fjöldi, sem auðvitað á hér hagsmuna að gæta, hafi ekki verið mikið til kvaddur til þess að fjalla um þessi mál. Þessi mál hafa verið í höndum forustumanna, nefnda og ráða. Það skortir mikið á að þessum málum hafi verið skírskotað til vinnustaðanna.

Það er orðið umkvörtunarefni og það er orðið hættulegt fyrir verkalýðshreyfinguna í heild þegar það ástand er orðið venjulegt og þykir óviðráðanlegt, að þjóðfélagið búi við það í hverri einustu viku allan ársins hring að einhver hópur skeri sig út úr, setji fram kröfur, gangi út af vinnustöðum, ekki síst einmitt ýmsir hópar opinberra starfsmanna, sérhæfðir hópar, sem hafa sterka samningsaðstöðu, brjóti niður allt sem heitir kjarasamningakerfi, skapi ævinlega ný og ný fordæmi, ýti undir sífelldan samanburð og sífelldan skæruhernað á vinnumarkaðnum, sem er í því fólginn að hóparnir eru að bera sig saman, breyti kjarabaráttunni í skæruhernað innbyrðis. Skipulag sem ýtir undir slíkt, elur á slíku, er slæmt. Það er aldarfjórðungur frá því að Alþýðusambandsþing samþykkti einróma að þetta skipulag eigi að leggja niður.

Reynslan síðan sú samþykkt var gerð er vissulega þess eðlis, að hún hefur styrkt röksemdir þeirra framsýnu manna, sem lögðu þessar tillögur fyrir ASÍ-þing upphaflega, og fengu þær samþykktar. Reynslan er nefnilega sú, að í þessum frumskógi hafa fámennustu hóparnir, hópar sem hafa mjög sterka samningsaðstöðu, njóta jafnvel sérstakra forréttinda, sýnt það og sannað að þeir geta

notað aðstöðu sína til þess, ekki síst þegar harðnar á dalnum, þegar lítið er til skiptanna, að skara eld að sinni köku, tryggja sína hagsmuni, en gera það þá raunverulega á kostnað þeirra fjölmörgu sem verri hafa aðstöðu og eru skildir eftir síðastir. Þetta er niðurstaðan. Þetta er reynslan af heildarkjarasamningum, stóru samflotunum, allan s. l. verðbólguáratug. Margar aðferðir hafa verið reyndar. Hvað eftir annað hefur því verið yfir lýst fyrir samninga að tryggja beri hag þeirra sem skarðastan hlut bera frá borði. En það hefur ekki tekist. Ef forustumenn Alþýðusambandsins hefðu borið gæfu til þess að fylgja eftir eigin samþykktum, eyða tortryggni, tregðu og andstöðu gegn þessum skipulagsbreytingum og komið á því skipulagi að sameina fólkið án tillits til sérgreina, án tillits til fagmenntunar í heilu atvinnuvegunum, þá vaknar sú spurning: Væri ekki líklegt að þá hefði tekist betur að koma til skila raunverulegri jafnlaunapólitík, að draga úr launamismun, að koma í veg fyrir þá þróun, sem er orðin í vaxandi mæli og nærri því að verða regla, að opinberar upplýsingar um kaup og kjör, um raunverulaga greidd laun, er ýmist ekki að hafa eða ekkert á þeim að byggja vegna þess að greiðslurnar fara fram raunverulega undir borðið?

Þetta er mál sem varðar verkalýðshreyfinguna sjálfa og þetta er mál sem varðar þjóðfélagið í heild: Hvar á samningsrétturinn að liggja? Ég hef alveg mótaðar skoðanir á því og það vill svo til að þær fara alveg saman við það álit, við þær samþykktir sem fram koma í grg. og tillögum um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands og beðið hafa framkvæmdar í aldarfjórðung. Ég hef ekkert við það að athuga að samningsrétturinn liggi í einstökum félögum. En ég tel það vera lykilatriði að skipulag Alþýðusambandsins sé þannig, að þeir sem starfa saman og eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta í einum og sama atvinnuveginum séu í sameiginlegu félagi á vinnustaðnum, án tillits til sérmenntunar. Þeir myndi síðan sameiginlegt atvinnuvegasamband, sem geti farið með samningsrétt, ef þeir svo kjósa. Þetta er mikilvægt til þess að stuðla að launajafnrétti. Þetta er líklegri leið til þess að draga úr launamisrétti og hvers kyns neðanjarðarstarfsemi í sambandi við kaup og kjör. Þetta er rétt leið til þess að draga úr eilífum skærum á vinnumarkaðnum og til þess að auka samábyrgð fólksins á vinnustöðunum og í atvinnuvegunum. Þetta er leiðin til þess að draga vígtennurnar úr forréttindahópunum, sem skeyta ekkert um hinn mikla breiða fjölda, sem verri aðstöðu hefur. Þetta er fyrsta skrefið í átt til þess að verkalýðshreyfingin geti sjálf gert með siðferðilegum rétti auknar kröfur um aukið lýðræði á vinnustöðum og í fyrirtækjunum. Þeim kröfum verður ekki komið til skila á vinnustöðum, þar sem launþegum sjálfum er skipt upp í 10—20—30 félög, sem öll keppa innbyrðis og skara eld hvert að sinni köku. Þetta er líka leiðin fyrir verkalýðshreyfinguna sjálfa til þess að ráða bót á ýmsum félagslegum meinsemdum sem hana hafa hrjáð í allt of ríkum mæli á undanförnum árum. Þetta er leiðin til þess að losa um sjálfskipaða fámennisstjórn og smákóngaveldi. Þetta er leiðin til að draga úr forræði pólitískra flokka yfir verkalýðsfélögunum og verkalýðshreyfingunni, sem er brýnt mál. Auðvitað er margt í starfi verkalýðshreyfingarinnar hápólitískt, en þar með er ekki sagt að hún eigi að vera ambátt eða senditík pólitískrar flokksforustu einhverra flokka, sem gera tilkall til þess að vera þar allsráðandi. Þess vegna er það brýnt, að verkalýðsleiðtogar, þeir sem valist hafa til trúnaðarstarfa í þessari hreyfingu, dragi það ekki í annan aldarfjórðung að koma þessum bráðnauðsynlegu og aðkallandi umbótum til skila. Þeir eiga að beita sér fyrir því að vinna bug á tregðulögmálinu. Þeir eiga að setja smákóngunum stólinn fyrir dyrnar. Þeir eiga að gera þá kröfu, að flokkapólitíkin og flokksræðistilhneigingin víki í hreyfingunni. Og þeir eiga að vinna bug á þeim andstæðum sem eru milli dreifbýlis og þéttbýlis, sem vissulega gætti upphaflega í andstöðu við þessa tillögu.

En það er enn spurt: Má lögfesta? Ég spyr enn: Ef svo fer að hraði snigilsins verður enn ráðandi á þá að bjóða mönnum upp á að bíða þolinmóðir eftir því að ekkert gerist í nýjan aldarfjórðung, fram yfir aldamótin 2000? Við höfum ekki tíma til að bíða miklu lengur. Má ég vitna til fordæmis úr því fyrirmyndarríki sósíaldemókratís og verkalýðshreyfingar á Norðurlöndum sem heitir Svíaríki. (**Forseti:** Fundartími styttist nú mjög, 2 mínútur.) Já, það dugar. — Þar gerðist það árið 1938 að sósíaldemokratísk ríkisstjórn lagði fram frv. í sænska þinginu, þar sem settur var með lögum rammi utan um samskipti aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega út frá samningsréttarmálum. En þessi lög áttu ekki að taka gildi fyrr en innan tveggja ára og því aðeins áttu þau að taka gildi að ekki hefði í millitíðinni tekist samkomulag af frjálsum og fúsum vilja milli verkalýðshreyfingar og annarra aðila vinnumarkaðarins um að haga starfsháttum og skipulagi á þann veg að samningsrétturinn yrði í atvinnuvegasamböndum og samningar færu fram á sama tíma. Það tókst. Það tókst þegar búið var að loka báða aðila inni ég held svo skipti nokkrum vikum. Þeir rétt sluppu með samkomulag þegar upp var staðið. Það mátti líkja þessu við páfakjör.

Ef engin hreyfing fæst á þetta mál verður ekki hjá því komist að löggjafarvaldið láti sig það varða að þjóðfélagið leysist ekki upp í eilíft „anarkí" og skæruhernað fámennra forréttindahópa um kaup og kjör. Það er verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar að leysa málið. Hún hefur mótað rétta stefnu. Það er æskilegt að hún leysi málið sjálf. En við höfum ekki tíma til þess að bíða í hálfa öld í viðbót.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 4. fundur.

Þriðjudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Stóriðnaður á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 18). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipan nefndar til að spyrja dómsmálaráðherra spurningar þáltill. (þskj. 27). — Hvernig ræða skuli.

Um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og þm. er væntanlega kunnugt eftir að hafa lesið þingplögg, þá er

sú þáltill., sem hæstv. forseti er í þann mund að leggja til hvernig rædd skuli, fram sett af tæknilegum ástæðum, þeim tæknilegu ástæðum að meiri hl. Alþingis synjaði mér s. l. miðvikudag um fsp. sama eðlis. Það er auðvitað öllum ljóst, að þetta er einasta tæknileg till. til að koma máli hér til umr.

Mér er hins vegar ekki alveg ljóst, hvort meiri hl. hv. alþm. hafi gert sér ljósa grein fyrir hversu alvarleg athöfn það er í þingræðislegum skilningi að meina fsp. til ráðh. Skrifstofa Alþingis hefur tjáð mér, að á lýðveldistímanum séu aðeins tvö fordæmi fyrir því að þetta hafi gerst. Í báðum tilfellum átti í hlut þáv. hv. þm. Magnús heitinn Kjartansson — þetta var að haustlagi 1977 — og í báðum tilfellum var um að ræða spurningar þar sem ráðh., í því tilfelli þáv. hæstv. viðskrh. og dómsmrh., Ólafur Jóhannesson, var spurður um persónulegar skoðanir; annars vegar á stefnu Framsfl. í tilteknu máli og hins vegar á tilteknu fyrirtæki hér suður með sjó. Þessu var hafnað af meiri hl. Alþingis á þeirri forsendu að hér væri ekki þinglega að staðið, sbr. 32. gr. þingskapalaga. Í ákvörðuninni sem meiri hl. Alþingis tók hér s. l. miðvikudag var engu slíku að heilsa. Það var verið að spyrja hæstv. dómsmrh. um atburðarás, sem sett var í gang af undirmönnum hans, um fullkomlega embættisleg störf undirmanna hans.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því út á hvaða brautir Alþingi er komið ef svo færi að það væri þingræðislegur máti að meiri hl., sem væntanlega stendur að ríkisstj., rétti upp hendurnar og bannaði fsp. frá minni hl., sem þá fræðilega væntanlega myndaði stjórnarandstöðu, og ég held að meiri hl. Alþingis, sem í flumbruskap tók þessa ákvörðun s. l. miðvikudag, hafi ekki haft hugmynd um hvað hann var að gera þinginu og hugmyndunum sem bak við það búa.

En því kveð ég mér hljóðs nú, að forseti er í þann mund að afgreiða þessa till. Hann hefur sagt mér það, að hann muni gera það með þinglegum hætti athugasemdalaust. Ég treysti því og mun því ekki setja fram ósk um að hann víki úr sæti, sem ég hefði gert að öðrum kosti, því að ég hef ástæðu til að treysta forseta ekki í þessum efnum eftir það sem gerðist hér s. l. miðvikudag. En ég skal brjóta odd af oflæti mínu og særðu þinglegu stolti og treysti honum í þessum efnum. En í grg. segi ég frá því, að forseti hafi gefið þinginu rangar upplýsingar hér s. l. miðvikudag og það eru býsna stór orð að segja. Ég tel mér skylt að greina frá aðeins einu atriði.

Forseti lýsti því yfir á þingi s. l. — **(Forseti:** Það er umr. um þingsköp.) Já, þetta er um þingsköp, herra forseti. (**Forseti:** Þetta er ekki efnisleg umr.) Þetta er ekki efnisleg umr., þetta er um þingsköp. Það er þingskapalegt atriði, að forseti lýsti því yfir að það væri að kröfu flm. sem málið gekk til atkv. s. l. miðvikudag. Þetta er rangt. Samkv. 32. gr. þingskapalaga, og þau fjalla væntanlega um þingsköp, herra forseti, skal atkvgr. fara fram á næsta fundi Sþ. Ef þessi neitun fer fram, sem forseti er í sínum fulla rétti að gera, þá getur þm. krafist þess að þingið taki afstöðu samdægurs. Það stendur þar svo skýrum stöfum sem verða má.

Forseti gaf þinginu og þjóðinni hér mynd af upphlaupi. Friðarspillirinn var á ferðinni eina ferðina enn. Það varð upphlaup í þingsölum og þeir sem eiga að segja þjóðinni satt og m. a. þiggja fyrir það laun frá skattgreiðendum drógu upp mynd af upphlaupi. Auðvitað tek ég þessu ekki sem þm. Ég hef flutt hér fram þáltill., sem er samin að ráðgjöf fróðustu lögfræðinga. Auðvitað er ég að fara í kringum þingskapalögin og ég dreg enga dul á það. Ég er að fá með tæknilegum hætti mál hér til umr. Ég fylli það út með skýrslu frá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem ástæðu, og lesi menn 3. gr. þeirrar skýrslu og spyrji svo: Af hverju er þessi fsp. sett fram? — En þetta er efnisleg og ég er aðeins að gera aths. við þingsköp.

Forseti hefur tjáð mér, að hann láti undan og muni ekki gera frekari aths. við með hverjum hætti þessu máli reiðir af hér á þinginu og ég treysti því að það verði. Ég mun því ekki setja fram ósk um að forseti víki úr forsetastóli. En forseti greindi hv. Alþingi rangt frá s. l. miðvikudag, og ekki aðeins það, heldur einnig formönnum þingflokkanna. Frá þessu er skýrt í grg. Ég bið þm. að hugleiða það í mikilli alvöru hvað hér gerðist alvarlegur atburður, því að hugleiði menn: Ef stjórnarfarið yrði svona almennt, hvað gerðist? Hugleiði forsetarnir það, tveir þm. að austan og einn úr Skaftafellssýslu. Sá fjórði er á móti. Hugleiði menn með hverjum hætti málum mundi fram vinda. Ég sé að menn eru niðurlútir og menn eiga að vera það þegar svona lagað hefur gerst.

Sem sagt, herra forseti: Ég tek orð þín góð og gild um það að þetta mál verði heiðarlega afgreitt. Ég nota þau orð í grg., að ég treysti því að fleiri bolabrögðum verði ekki beitt. Það eru stór orð líka, en fram sett af fullri ástæðu. Ég tel mig vera að reyna að halda á loft sóma þessarar stofnunar með því að ég er rétt kjörinn þm., þó að einhverjum hér mislíki það, og er í fullum rétti sem slíkur. Það sem gerðist hér s. l. miðvikudag má aldrei aftur henda, því að þingræðið og réttur þm., allt þetta, skiptir máli.

Og herra forseti: Umfram allt að greina Alþingi rétt frá þegar svo ber undir.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Að lokinni atkvgr., sem fram fór hér í síðustu viku, gerði ég nokkrar aths. við það, með hvaða hætti þetta mál hefði formlega borist til Sþ. og benti á að nauðsynlegt hefði verið að fsp. hefði legið fyrir sem þskj. líkt og hvert annað mál og þess hefði verið getið í dagskrá fundar Sþ. að til hennar hefði átt að taka afstöðu. Það hefur síðan gerst, eftir að þessi atkvgr. fór fram, ég held einum til tveimur dögum síðar, að hingað barst á borð í þingsölum 23. mál þingsins, 23. þskj. einnig, fsp. til dómsmrh. um embættisfærslu sýslumanns á Höfn í Hornafirði. Texti þess er efnislega samhljóða þeirri þáltill., sem nú hefur verið lögð fram og hér á að fara að greiða atkv. um, að því leyti að í báðum tilvikum er vikið að samskiptum dómsmrh. við sýslumann á Höfn í Hornafirði vegna embættisfærslu hinn 18. ágúst. Vegna þeirra skoðana, sem ég setti fram fyrir helgina, langar mig til að spyrja hæstv. forseta og vegna þess fordæmis sem síðasti ræðumaður réttilega benti á að er mikilvægt að menn átti sig á í þessu máli: Hvernig stendur á því og með hvaða rétti gerist það, að eftir að hér hefur farið fram atkvgr. um tiltekna fsp., þá fyrst birtist fsp. sem formlegt þskj. á borðum þm. með sérstöku málsnúmeri og stendur þess vegna mér vitanlega áfram sem 23. mál þingsins? Ef það er rétt að prenta þessa fsp. sem þskj., þá hlýtur það að hafa átt að gerast áður en atkvgr. fór fram á sínum tíma, en hún komi ekki fram sem þskj. eftir að atkvgr. hefur farið fram, sérstaklega þegar hún hefur fallið á þennan veg.

Ég fagna því út af fyrir sig að fsp. liggur hér frammi

sem þskj. og er ekki að gagnrýna það í sjálfu sér. Það sem ég er hins vegar að gagnrýna og spyrjast fyrir um er hvernig standi á því að það gerist þá fyrst eftir að Sþ. hefur tekið afstöðu til málsins. Ég hefði kosið að það hefði gerst áður, eins og ég lýsti hér fyrir helgina, og þess hefði verið getið í dagskrá að til þessarar fsp. ætti að taka afstöðu. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort framlagning fsp. sem sérstaks þskj. með sérstöku málsnúmeri boði það, að það verði ekki aftur gripið til þess að bera fsp. upp til atkvgr. hér án þess að þær liggi fyrir í skjölum þm.

Forseti (Jón Helgason): Á fundi á miðvikudaginn kom hv. 4. þm. Reykv. að máli við mig og skírskotaði til ákvæðis þingskapa um beiðni um að leita álits þingheims ef forseti synjaði fsp. Í þingsköpum segir að það eigi að leggja það undir atkv. á næsta fundi. Til þessa ákvæðis skírskotaði hv. 4. þm. Reykv. og ég gat ekki skilið það á annan hátt en þann, að þar með væri hann að óska eftir því að atkv. væri leitað á þessum fundi. Það getur vel verið að það hafi verið rangur skilningur hjá mér, en ég skírskota þá bara til þm. um hvort ég hafi þar með verið að segja rangt frá. Ég skildi það svo, að óskað væri eftir því að atkv. væri leitað á þessum fundi. Þetta svarar þá einnig máli hv. síðasta ræðumanns. En það mun hafa verið áður en fsp. var synjað sem þskj. var prentað og það er komið inn í skjöl Alþingis, hvort sem því hefur verið dreift út meðal þm. eða ekki.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í þinglegum skilningi erum við auðvitað að tala um hörmungaratburð, hörmulega ákvörðun, sem meiri hl. Alþingis tók. Ég skil forseta svo núna, að það verði ekki gerðar frekari tilraunir til að hefta það að mál séu hér rædd. Þeim sinnaskiptum er út af fyrir sig ástæða til að fagna.

En að því er þessa aths. hæstv. forseta varðar vil ég lesa fyrir hv. þm. upp úr 32. gr. þingskapalaga. Þar er því fyrst lýst hvernig fsp. eigi að vera. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli.“ Og síðar segir: „Alþm. segir til um það, hvort hann óskar skriflegs svars.“ Þetta þekkja menn.

Síðan segir, herra forseti, og ég bið menn að hlýða vel á: „Forseti ákveður samdægurs, hvort fsp. skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkv. á næsta fundi í Sþ. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fsp.“

Er þetta ekki alveg ljóst? Fsp. sú, sem hér um ræðir, var lögð fram til skjalavarðar á fyrsta degi þings, á mánudegi. Forseti hafði samband við flm. og óskaði eftir orðalagsbreytingu og ég skal skýra frá hver hún var; að sagnorðið „áminna“ væri hlutdrægt og í staðinn yrði notað „að gera aths. við“. Ég féllst fúslega á þetta og skrifaði spurninguna upp á nýtt í skrifstofu forseta og vildi engan frekari málarekstur um það. Það dugði ekki og lagt var fyrir mig, með hendi forseta, nýtt handrit að nýrri spurningu og ég sagði: Nei, þetta er allt önnur spurning og ég flyt hana ekki. — Það var boðaður forsetafundur í hádeginu. Hann sátu hv. þm. Sverrir Hermannsson, hv. þm. Jón Helgason, hv. þm. Helgi Seljan og hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Þeir ákváðu 3:1 að leggja það til að fsp. minni væri hafnað. Og úr því að þeir ákváðu það í þessu gefna hádegi á miðvikudegi bar þeim að leita atkv. um það samdægurs á næsta fundi. Það er tvítekið í lagagr. Og hvernig má það vera verk mitt þó að ég sendi forseta þingsköpin með undirstrikunum, sem ég gerði, og benti honum á hvernig ætti að fara með málið? Það er þetta sem ég er að segja og þetta eitt. Ég sé ekki hvernig hægt er að kalla það að kröfu minni. Er það sekt ef ég, 4. þm. Reykv., krefst þess að lög séu ekki brotin á Alþingi? Þingsköp eru lög.

Það er þetta sem gerðist: Til mín komu sendiboðar og báðu um að ég frestaði málinu. Og mér er það alveg óskiljanlegt. Það komu sendiboðar og báðu 4. þm. Reykv. að fallast á lögbrot og hann sagði nei. Herrar mínir, þið eruð að neita, en af hverju hafa menn þennan hraða á framgangi málsins í þingsköpum? Vegna þess að neitun er alvarlegt mál og ekki leikfang og ekki til þess fallin að draga upp mynd af einstökum þm. sem einangraðir eru hér í húsinu. Þingsköpin gera ráð fyrir því að þetta sé alvörumál, en ekki leikfang í valdatafli. Ég vil greina þinginu frá því, sem er mín persónulega skoðun, og ég hef ekkert á bak við mig, að ég held að þeir sem fyrir þessu stóðu hafi ekki þekkt þingsköp og ekki vitað að um neitun átti að greiða atkv. samdægurs. Þess vegna greinir forseti þinginu frá því að það sé að kröfu 4. þm. Reykv. sem þetta sé gert samdægurs. Krafan var fólgin í því að halda lögin, sem þetta hús öðrum húsum fremur ætti að halda á loft. Ég veit að mönnum er brugðið og mér þykir vænt um að svo skuli vera, en þessa menn, sem stöðugt hafa virðingu Alþingis á orði, sem stöðugt tala í nafni lýðréttinda og mannréttinda og því um líks, bið ég að gæta sín.

Ég er sannfærður um að það efni, sem við hér höfum verið að ræða, verður skráð í þingsögunni sem fordæmi til að varast, því að það hafa skeð skelfilegir atburðir. Hugsum okkur 32ja manna stjórn — (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að stytta mál sitt.) Eina setningu. — tæki þá línu að meina hinum 28 með atkvgr. dag eftir dag að spyrja. Hugsið ykkur hvaða fordæmi þið hafið gefið.

Ég vil þakka hv. formanni þingflokks Alþb. fyrir hans málefnalegu aths. við þetta og þann áhuga, sem hann hefur sýnt á málefninu sjálfu, og sýnir það satt að segja að margir hér inni mættu af honum læra hvað sem menn hafa að segja að öðru leyti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Því miður fannst mér svar hæstv. forseta ekki vera fullnægjandi áðan. Það sem ég er að spyrja um er, að nú hefur komið í ljós að fsp. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar varð formlegt mál hér á Alþingi, 23. mál þingsins, varð það í skjölum þingsins og gögnum og nú gagnvart þm. öllum í skjalasafni þeirra. Ég spyr um það: Er hægt að taka formlegt númerað mál til afgreiðslu og atkvgr. í Sþ. án þess að það formlega og númeraða mál sé á dagskrá viðkomandi fundar? Ég hef að vísu ekki framkvæmt ítarlega rannsókn á þingsköpum hvað þetta snertir, en ég tel það brjóta í bág við allar venjur, starfshætti og meginreglur, sem hér eru á þinginu, og skapa einnig hættulegt fordæmi að formleg númeruð þingmál séu tekin til atkvgr. í þingsölum án þess að birtast á prentaðri dagskrá viðkomandi fundar. Ef talin væri nauðsyn á slíku væri a. m. k. nauðsynlegt, að mínum dómi, að leita samþykkis Alþingis, hvort vikið sé frá þeirri prentuðu dagskrá og þetta mál tekið fyrir, eða þá, eins og oft er gert hér í þingsölum, að settur væri nýr fundur og nýrri dagskrá dreift. En að það sé hægt að taka formlegt númerað mál til atkvgr. í þingsölum án þess að það birtist á prentaðri

dagskrá né um það fari fram atkvgr. í þingsölum tel ég algerlega óviðunandi og nánast brot á öllum almennum reglum, sem hér eiga að gilda. Ég er ekki að tala um persónulega ákvörðun forseta í þessu tilviki, heldur eingöngu vegna fordæmisins að gera þetta atriði hér að umræðuefni. Það væri mjög hættulegt fordæmi ef hægt vari að taka númeruð og formleg þingmál til atkvgr. í þinginu án þess að þau hafi birst á prentaðri dagskrá viðkomandi fundar eða formleg atkvgr. farið fram um það á fundi hvort málið eigi að koma til atkv. ef forsetum, hverjir svo sem þeir eru, hvort sem þeir sitja hér, nú eða síðar, á að vera falið vald í krafti þessa fordæmis til þess að taka mál til atkvgr. án þess að geta þeirra í dagskrá eða láta þingið sjálft ákveða hvort það eigi að greiða þeim atkv., þá er ég algerlega andvígur slíkum starfshættum og tel þá ekki síður hættulega en það sem hv. síðasti ræðumaður var að gera hér að umræðuefni. Það er þess vegna sem ég hef gert þetta formsatriði, sem sumum kann að finnast minni háttar, að svo miklu umræðuefni. Ég tel það vera lykilatriði, þegar okkur þm. varð það ljóst með framlagningu þskj. á borð okkar rétt fyrir helgina, að þessi fsp. hafði hlotið formlegt málanúmer í skjölum þingsins, var 23. mál.

Þess vegna vil ég ítreka fsp. mína til hæstv. forseta. Ég geri ekki kröfu til þess að hann svari henni hér og nú úr sínu sæti, heldur sætti mig fyllilega við það að henni verði svarað formlega á síðari fundi. Ef hæstv. forseti vill taka sér umhugsunarfrest geri ég enga aths. við það, en ég bið hann að íhuga vel svar sitt og hagnýta sér að taka sér frest í málinu, sem ég geri enga aths. við, áður en kveðinn er upp úrskurður um það, sem yrði fordæmi síðar meir, hvort hægt sé að taka formleg og númeruð mál þingsins til endanlegrar afgreiðslu með þessum hætti.

Forseti (Jón Helgason): Ég þarf engan frest að taka mér til þess að skýra frá því, að ég held að það sé augljóst, af því sem hér hefur komið fram, að mál þetta var ekki orðið númerað þskj. þegar atkvgr. fór hér fram. Það var ekki búið að úrskurða málið þinglegt og þess vegna hafði það ekki fengið neitt númer þá.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þetta er úrskurður sem mér finnst ekki hægt að una við, að fsp., sem lögð er fram á skrifstofu þingsins og fær þar númer, verði þá fyrst formlegt þskj. og formlegt þingmál þegar meiri hl. Alþingis hefur hafnað því að hún verði þingmál. Það er regla sem ég satt að segja fæ engan botn í, að málið fái þá fyrst formlegan sess sem þingmál þegar meiri hl. Alþingis hefur hafnað því að það verði þingmál eða þá að fá númerið og sessinn sem þingmál áður en þingið tók endanlega afstöðu. En að gera það að þingmáli þá fyrst þegar meiri hl. Alþingis er búinn að hafna því að það verði þingmál! Ég segi í fullri hreinskilni að ég botna ekki upp né niður í slíkum úrskurði.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Stefna í flugmálum, þáltill. (þskj. 13). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Á síðasta þingi lögðum við fram þrír þm. Alþfl. till. til þál. um mótun opinberrar stefnu í flugmálum. Þá urðu miklar umr. um þessa till., sem stóðu á fjórðu klukkustund, og þátt í þeirri umr. tóku fulltrúar allra þingflokka. Það sem mér þótti raunar merkilegast við þá umr., sem var fyrsta umtalsverða og efnislega umr. sem fór fram á þinginu um íslenska flugmálastefnu, var hve lítið heyrðist um hana í fjölmiðlum hér á landi. Ég ætla ekki að gera því skóna að það hafi verið af einhverjum annarlegum ástæðum heldur því, að menn hafi þá líklega verið uppteknir af einhverju öðru. En hafi verið þörf á því að ræða stefnu í íslenskum flugmálum á síðasta þingi, þá er nauðsyn að gera það nú.

Ég vil benda á nokkur atriði, sem gerst hafa síðan þetta mál var til umr. hér á síðasta þingi. Það er alveg augljóst, að sú samkeppni, sem stefnt var að og efnt til á þessu sumri í millilandaflugi á Íslandi, hefur orðið til þess að skaða bæði félögin sem tóku þátt í henni. Þessi samkeppni átti samkv. skoðun hæstv. samgrh. að verða öllum til góðs er að henni stæðu. Ég held að það hljóti að vera öllum ljóst, sem eitthvað hafa kynnt sér flugmál og það sem gerst hefur í flugmálum á undanförnum mánuðum og misserum, að þau flugfélög, sem nú halda uppi samkeppni enn þá í millilandaflugi, því að skipting flugleiða á milli þeirra hefur ekki tekið að fullu gildi, hafa bæði tapað og vandi þeirra er að verða mikill. Þingið stendur frammi fyrir því að eyða 4 tugum milljóna eða þar um bil, nota 4 tugi milljóna, hvort sem við köllum það endurgreiðslu til Flugleiða hf. eða styrk, vegna þess hve illa gengur í fluginu hjá þeim. Það má því segja um þetta mál með nokkrum rétti, að það sem afhent er með annarri hendinni er tekið með hinni.

Í umr. á síðasta þingi um þetta mál kom í ljós, að ræðumenn og fulltrúar þingflokkanna voru flm. í mjög mörgum atriðum sammála. Það kom m. a. í ljós, að hæstv. flugmálaráðherra var í stórum dráttum sammála grundvallaratriðum þeirrar till. sem hér liggur frammi til umr. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði þá um það, að það hlyti öllum mönnum að vera það ljóst, sem eitthvað fengjust við flugmál hér á landi, að millilandaflugið og aðalflugleiðir hér innanlands væru ekki til skiptanna, ef unnt ætti að vera að bjóða öruggar flugsamgöngur. Ég held að þetta hafi verið sannað með margvíslegum rökum, sem ekki verði hnekkt.

Ég vil líka minna á það, að þessi stefna var raunverulega staðfest af íslenskum stjórnvöldum þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir voru sameinuð árið 1973, þannig að þær skoðanir sem fram hafa komið og leita til annarra átta hljóta að vera byggðar á röngum forsendum. Ég hef sagt það og sagði það um þetta mál á síðasta þingi, að ég óttaðist það mjög að fjárhagsvandi íslensku flugfélaganna mundi eingöngu leiða til þess að þau gætu ekki endurnýjað flugflota sinn á eðlilegan hátt og þar með væri höggvið að rótum þess öryggis sem við hljótum að gera kröfu til að verði að ríkja í flugmálum hér sem og annars staðar.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja þessa till. að öllu leyti, heldur aðeins þá höfuðdrætti sem koma fram í upphafsorðum hennar, þar sem skipt er upp í 8 liði því sem við flm. teljum að þurfi að verða rauði þráðurinn í opinberri íslenskri flugmálastefnu. Með leyfi forseta ætla ég að fá að lesa þessa liði.

„1. Stefnt skal að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum

innanlands.

2. Öðrum flugfélögum í innanlandsflugi verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsynlegt reynist, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða, er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.

3. Verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum verði gerð raunhæf til að tryggja það, að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.

4. Ekkert flugfélag skal hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess veðri þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.

5. Stefnt skal að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi.

6. Framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkv. fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5% fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.

7. Þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda að aðskilja beri almenna flugstarfsemi á flugvellinum frá starfsemi varnarliðsins.

8. Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og reist ný flugstöð er öll flugfélög geti haft not af."

Þetta er í öllum megindráttum það sem við Alþfl.-menn teljum að beri að stefna að í mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum. Ég held að þó að mönnum hafi ekki verið orðið það ljóst við umr. um þetta mál á síðasta þingi hljóti þeim að vera það ljóst í dag, að það stefnir í hreint óefni ef fram heldur sem horfir með þá samkeppni sem t. d. átti sér stað á milli tveggja íslenskra flugfélaga á síðasta sumri, þegar boðnar voru niður flugferðir á tilteknum flugleiðum og þá á þann hátt að bæði flugfélögin urðu fyrir umtalsverðu tjóni.

Ég ætla ekki að rifja upp köpuryrði hæstv. samgrh. hér við umr. í fyrra, þegar hann gerði því skóna að ég væri sérstakur talsmaður tiltekins flugfélags hér á landi í þessu máli og væri þess vegna að hreyfa því hér á hinu háa Alþingi. Ég ætla hins vegar að minnast nokkurra þeirra orða sem hann viðhafði og ég tel jákvæð og benda til þess að hann skilji í raun og veru hvað við erum að fara Alþfl.-menn, með þessu máli, þó að hann hafi ekki viljað kannast við það þá.

Hann rekur hér till. nánast lið fyrir lið og þegar ég las þetta nú fyrir stuttu vakti það óneitanlega nokkra ánægju að sjá hve sammála hann var mörgum liðum till. Ég vona að svo sé enn og kannske hafi þeim liðum fjölgað sem hann er sammála. Hann sagði m. a. um 3. lið till., með leyfi forseta:

„Um 3. liðinn get ég verið sammála hv. þm. Ég hygg að verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum sé ekki á þann veg sem ætti að vera. Til greina kemur að gefa það frjálst, m. a. vegna þess að samkeppni við flugfélög, sem fljúga á ýmsa hina smærri staði, er orðin æðimikil."

Ráðh. kemur síðan að 4. lið og með leyfi forseta segir hann þar: „Í fjórða lið segir að ekkert flugfélag hafi forgangsrétt til leiguflugs. Þetta er mjög umdeilt. Flugleiðir hafa lagst mjög gegn því, að leiguflug verði frjálst, og t. d. í þeim viðræðum, sem hafa farið fram vikum og mánuðum saman við flugfélögin, hefur það komið mjög greinilega fram hjá Flugleiðum, að þær teldu ekki æskilegt að t. d. Arnarflug hefði frjálst leiguflug á þeirra megináætlunarstaði, þ. e. Kaupmannahöfn og London. En ég viðurkenni að þetta er umdeilt atriði. Og það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að erlend flugfélög geta vitanlega haslað sér völl og gera, bæði á sviði áætlunarflugs og leiguflugs."

Hér nefnir ráðh. auðvitað einu hættuna sem steðjar að flugi hér á Íslandi og gerir það nauðsynlegt að við reynum að styrkja þær einingar í fluginu sem fyrir hendi eru. Vegna tvíhliða loftferðasamninga okkar við þjóðir, sem við höfum gert samninga við, hafa þær jafnan rétt til að fljúga hingað og við höfum til þess að fljúga til þeirra.

Þá kemur að 5. lið. Hæstv. ráðh. segir, með leyfi forseta: „Að 5. liðnum hefur verið unnið, eins og reyndar öllum þessum málum meira eða minna. Það hafa verið starfandi menn á vegum rn. að því að færa viðhaldið í vaxandi mæli til landsins og ég tel að það hafi að ýmsu leyti tekist."

Gott dæmi er ef satt er, herra forseti, en ég er engu að síður þeirrar skoðunar, að það þurfi að gera umtalsvert átak á þessu sviði til þess að færa viðhaldið inn í landið meir og betur en tekist hefur hingað til.

Um 6. liðinn sagði hæstv. ráðh., með leyfi forseta: „Um 6. lið ætla ég ekki að fjalla. Það væri út af fyrir sig mjög æskilegt ef hægt væri að binda framlag til flugsins við skulum segja við hundraðshluta af þjóðarframleiðslu, eins og ákveðið hefur verið í vegamálum, og kannske kemur að því."

Ég vona að sem flestir þm. hafi séð mynd í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum þar sem ágætur sjónvarpsfréttamaður sýndi ástand nokkurra flugvalla á Íslandi. Það er auðvitað hægt að telja upp fleiri flugvelli, sem eru eins slæmir og þeir sem þar voru nefndir, og gæti ég nefnt dæmi þess að hafa sjálfur verið í flugvél sem festist, t. d. á Raufarhafnarflugvelli og Þórshafnarflugvelli, en engu að síður hlýtur mönnum sem hugsa um þessi mál og um þau fjalla að vera fyllilega ljóst að hér er þörf mikils átaks ekki síður en í vegamálum. Sú tala sem sett er fram í þessari þáltill., 1.5% þeirra fjárlaga sem samþykkt eru hverju sinni, er engin sú tala sem ekki ætti að vera hægt að ráða við í þokkalegu árferði hér á landi, enda hefur framlagið komist hæst 1974 rösklega 1% af fjárlögum og voru unnin mörg og gagnleg verk hér á landi í flugmálum, sem vert væri að fylgja eftir og þeirri stefnu sem þannig hefur þróast.

Hæstv. ráðh. fór fleiri orðum um þessa till. og ég verð að segja það, eftir að hafa lesið ræðu hans, að það kemur mér á óvart hve jákvæður hann var gagnvart þessari till. Þess vegna vænti ég þess, að till. fái núna þann framgang og þá fyrirgreiðslu á hinu háa Alþingi sem henni ber.

Umr. um flugmál hér hafa verið mjög takmarkaðar og það er nánast hinu háa Alþingi til vansa hversu lítið það hefur gert fyrir flugið hér á landi. Fram undir það að Alþingi fór að huga að íslenskum flugmálum gekk flugmálastjóri með betlistaf í hendi, eins og öllum mönnum er kunnugt, m. a. á vit bandarískra flugmálayfirvalda til þess að fá þar tæki og búnað fyrir ekki neitt. Það var raunverulega upphafið að öryggismálum í íslensku flugi að flugmálastjóra tókst að kría út alnauðsynlegustu tæki sem þurfti m. a. hér á Reykjavíkurflugvelli.

Herra forseti. Í umr. á síðasta þingi tóku þátt menn eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem er fróður um

flugmál. Hann fór nokkrum orðum um þessa till. og yfirleitt heldur jákvæðum orðum og það gladdi mig að eiga stuðning hjá þeim manni. Hann segir þar m. a., með leyfi forseta:

„Það hefur lengi verið mín skoðun að eitt flugfélag *væri nóg fyrir þann markað sem við höfum í millilandaflugi* þar sem um áætlunarflug er að tefla. Það sýndi sig á sínum tíma, að samkeppni í þessum efnum er hæpin vegna þess að markaðurinn er ekki stór."

Hv. þm. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl., tók einnig til máls um þessa till. og hjá honum verð ég að segja að till. hlaut mestan stuðning í öllum þeim umr. sem fram fóru um hana. Hv. þm. Friðrik Sophusson tók undir þá gagnrýni, sem ég hafði uppi, á stefnuleysi í flugmálum hér á landi, taldi brýna nauðsyn bera til þess að taka þessi mál öll mun fastari tökum og vitnaði í loforð, sem hæstv. samgrh. hafði gefið þá fyrr á þinginu, um það að leggja fram sína eigin flugmálastefnu. Það er kannske rétt að lýsa eftir þeirri stefnu núna og spyrja hæstv. ráðh. að því, vegna þess að hann var ekki viðstaddur nema örlítinn hluta af þeirri umr. sem fram fór á síðasta þingi, hvar þessi flugmálastefna sé, hver reynsla hans sé af þeirri samkeppni sem hann efndi til í sumar á tilteknum flugleiðum og hvort hann hyggist halda henni áfram eða hvort hann ætli að halda sig við það að skipta flugleiðunum, eins og nú er að koma í ljós. Það er eiginlega nauðsynlegt fyrir þingið að fá að vita um þetta áður en það fer að fjalla um tiltölulega háar fjárhæðir, sem ætlunin er að veita Flugleiðum til þess að styrkja og þó ekki styrkja, vegna þess að þarna er að vissu leyti um endurgreiðslu að ræða til félagsins á fjármunum sem íslenska ríkið hefur fengið fyrir þá þjónustu sem þetta félag veitir.

Ég held að menn verði að gera sér ljóst, að á sama tíma og hæstv. samgrh. heldur uppi því stefnuleysi, sem hann hefur gert sig sekan um að mínu mati, er það auðvitað óráðsía að mörgu leyti að veita fjármunum til félags, sem hann tekur aftur frá mögleikana til að afla sér fjármuna. Þetta er pólitík sem ég skil ekki og held að sé röng. Ég held jafnvel að æstustu talsmenn hinnar frjálsu samkeppni hafi séð að till. af þessu tagi er ekki atlaga gegn frjálsri samkeppni, eðli málsins samkvæmt, heldur er hér um að ræða það sem enskir menn kalla, „common sense", að það gangi ekki upp í 230 þús. manna samfélagi að efna til samkeppni í millilandaflugi vegna þess að markaðurinn er of smár, enda hefur það komið í ljós að það sem talsmenn samkeppninnar töldu að mundi verða árangur hennar, þ. e. að erlendum ferðamönnum frá viðkomandi löndum mundi fjölga, hefur bara ekki reynst rétt. Þeim hefur ekki fjölgað. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að þessi samkeppni, sem nú er að snúast upp í andstæðu sína, sem er úthlutun á flugleiðum og skipting á flugleiðum, hafi ekki átt rétt á sér og hún sé röng. En ég vil hins vegar minna hv. þm. á það, að þessi þáltill. fjallar um annað og meira en samkeppni flugfélaga. Hún fjallar um að við gerum umtalsvert átak í flugmálum, að við reynum að bæta flugvelli landsins, að við reynum að bæta öryggið á þessum flugvöllum og að við reynum að gera flugið að því samgönguvopni, ef ég mætti orða það svo, sem okkur er brýn nauðsyn.

Ég er þeirrar skoðunar, að fátt geti bætt samgöngur okkar þjóðar meira en góðar flugsamgöngur. Norðmenn tóku þá stefnu á sínum tíma að leggja umtalsverða fjármuni til sinna flugmála og þeir hafa unnið þrekvirki í þeim efnum. Þeir eru búnir að malbika og steypa nánast alla sína flugvelli, dreifbýlis- og þéttbýlisflugvelli. Þeir eru búnir að koma upp fullkomnustu öryggistækjum við þá alla. Þetta er gert samkv. stefnu sem tekin var í uppbyggingu flugvalla í Noregi. Auðvitað þyrftum við að *gera slíkt hið sama.*

Ég vil herra forseti, fá að lesa hér nokkur orð af því sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði við þessa umr., en ég hef sagt að hans hlutur í þeirri umr. var með því jákvæðasta sem þar kom fram. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég minntist á það fyrr, að það sé kominn tími til að hv. *Alþingi taki á þessum málum af festu og hér verði* mörkuð flugmálastefna. Ég tel að sú till., sem hér liggur fyrir, sé eðlileg þegar af þeim sökum." — Hér talar varaformaður Sjálfstfl.

Hann fer fleiri orðum um till. og er yfirleitt heldur jákvæður í afstöðu sinni, sem ég auðvitað fagna og fagnaði.

Þá tók til máls við þessa umr. hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og hann talaði af þekkingu um þessi mál. Það bólaði ekki á því að hann teldi að þessi till. væri þess eðlis að hana bæri að rífa niður, heldur að hana bæri að ræða.

Fleiri töluðu. Ég vil nefna hv. þm. Skúla Alexandersson, sem byrjaði að vísu á því að lýsa því yfir að till. væri gagnslaus, en rakti hana svo lið fyrir lið og mælti með liðunum eins og þeir lágu fyrir í till. Ég ætla ekki að ergja hann með því að lesa upp þessa þversögn í málflutningi hans, en það er allt í lagi að hann geri það sjálfur og getur svo komið hér fram með sínar skoðanir núna.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að orðlengja þetta mál. Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar, að Alþingi þurfi og verði að móta stefnu í flugmálum og við þm. vil ég segja: Í guðanna bænum! Við skulum ekki koma í veg fyrir að við ræðum þennan mikilvæga *málaflokk bara af því að einn tiltekinn stjórnmálaflokkur* flytur um hann till., heldur skulum við taka til tillögunnar málefnalega afstöðu. Það ber okkur að gera. Og ég er sannfærður um það, eftir þær ræður sem fluttar voru á síðasta þingi um þetta mál, að þessi till. á miklar undirtektir hér á þingi. Þess vegna þætti mér vænt um ef henni yrði að lokinni þessari umr. vísað til allshn. og þar fengi hún hraða og góða afgreiðslu, *vegna þess að einkum og* sér í lagi er innanlandsflug hér nú á því stigi að það þarf nauðsynlega að gera mikið átak til að bæta um betur.

Ég vil minna á að fyrir nokkrum mánuðum lýsti flugmálastjóri því yfir, að flugmál nytu einskis stuðnings á hinu háa Alþingi. Hann sagði þetta berum orðum: Þm. ræða ekki flugmál. Þm. hafa ekki áhuga á flugmálum.

Þá vil ég líka minna menn á að þingið stendur frammi fyrir því að þurfa að samþykkja lög um stuðning við Flugleiðir og þar er auðvitað stórkostlegt mál á ferðinni. Þar er verið að ræða um 40 millj. kr. eða þaðan af meira. Líta má á þessa upphæð sem endurgreiðslu, eins og ég sagði áðan, til félagsins, en aðrir, eins og hæstv. flugmálaráðh. hafa kallað þetta styrk. Ég verð að mótmæla því, hæstv. flugmálaráðh., að á sama tíma og við þurfum að samþykkja „styrk" til stærsta flugfélags landsins mótum við þá stefnu í flugmálum að etja saman tveimur flugfélögum með þeim afleiðingum að bæði verða fyrir tjóni af því ati. Ég segi ekki neitt sem ég má ekki segja, en það er alveg ljóst að það er umtalsvert og stórfellt tap á flugi Flugleiða á Norður-Atlantshafsflugleiðinni þó svo

farþegum hafi fjölgað að mun. Það er líka tap á innanlandsflugi félagsins. Og ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum, sem með flugmálum fylgist grannt, að t. d. sætanýting Arnarflugs á flugleiðinni til Amsterdam hefur stöðugt verið að dragast saman. Ég held að ég fari alveg rétt með, að hún hafi í síðasta mánuði verið 42%.

Nú hef ég margendurtekið í öllum umr. um þessi flugmál að ég er ekki að troða skóinn niður af Arnarflugi, það dettur mér ekki í hug. Ég hef sagt að þar væru duglegir menn á ferðinni, sem vildu reyna að spjara sig og bjarga sér, en ég hef líka sagt um leið, að það væri óraunhæft mat hjá þeim, sem og þeim mönnum sem stutt hafa að áætlunarflugi þeirra milli Íslands og annarra landa, að þeir geti tekist á við það verkefni með það sem öruggt leiðarljós að það beri sig. Það dæmi gengur einfaldlega ekki upp og mun ekki ganga upp.

Ég vil líka benda hv. þm. á það, að miðað við það efnahagsástand sem hér hefur verið að skapast á síðustu mánuðum og það sem á eftir að gerast á efnahagssviðinu hjá okkur og í nágrannalöndunum verður sú mynd ekki bjartari sem fram undan er í flugmálum okkar. Það mun ekki fjölga farþegum á milli landa, það er alveg víst. Þess vegna vil ég biðja þingheim að hugleiða þessi mál öll mjög vandlega og taka afstöðu til þessarar till. á grundvelli þess sem ég hef nú rakið — á grundvelli þess, sem er eins einfaldur og tvisvar tveir eru fjórir, að það er ekki pláss, það er ekki lífsrými, fyrir tvö áætlunarflugfélög í millilandaflugi á Íslandi. Jafnvel þó að menn vilji stuðla að samkeppni sem þeir telja að leiði til lægri fargjalda gengur það dæmi ekki upp.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál og bið, eins og ég nefndi hér áðan, að málinu verði vísað til allshn. Sþ. og þar fái það væntanlega hraða og góða umfjöllun því að það þarf að leita til margra, það þarf að spyrja að áliti margra. Og ég vona sannarlega að sú umræða sem varð á síðasta þingi og væntanleg umræða í nefnd um þetta mál og væntanlegar tillögur samgrh. hæstv. um mótun opinberrar stefnu í flugmálum verði til þess að við getum mótað þá stefnu sem við getum farið eftir á næstu árum og gerir allar okkar flugsamgöngur öruggari og betri, en ekki verri og lakari.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með mjög breyttan og bættan málflutning hv. 1. flm. Mér þótti hann allur miklu ábyrgari nú heldur en hann var áður og ég hef ekkert nema gott um það að segja sem hann sagði hér áðan. Ég gæti reyndar vísað til þess sem ég sagði um hina ýmsu liði þessarar till. þegar hún var til umr. hér á síðasta þingi. Reyndar hefur hv. flm. þegar gert það, og má segja að þar hafi hann tekið af mér ómakið því að mín skoðun er í engu breytt. Mér þykir þó viðeigandi, þegar um svo mikilvægt mál er að ræða, að fara aftur yfir þessa liði og gera grein fyrir minni skoðun.

Í fyrsta lið segir: „Stefnt skal að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda.“ Ég er þessu ekki sammála og skal ég fara um það nokkrum orðum.

Við afgreiðslu á þeim styrk sem Flugleiðir hafa nú haft í tvö ár kom í upphafi mjög eindregið fram sú skoðun þeirra nefnda sem um málið fjölluðu, þ. e. fjh.- og viðskn. Alþingis, að orðið skyldi við tilmælum starfsmanna Arnarflugs og að því stefnt að flugfélagið yrði sjálfstætt flugfélag. Í viðræðum við starfsmenn Arnarflugs um þessa till. og þessa hugmynd, sem átti rætur sínar mjög að rekja til þeirra, kom greinilega fram að þeir töldu það eiginlega forsendu fyrir slíkum sjálfstæðum rekstri að þeir hefðu einhverja áætlunarflugleið. Þeir töldu slíkt nauðsynlegt, að því er þeir sögðu mér og mér er kunnugt um að þeir skýrðu frá því sama við nefndir Alþingis, til þess að nokkur festa yrði í sjálfstæðum rekstri flugfélagsins.

Að þessum upplýsingum og hugmyndum fengnum lögðu nefndirnar til að Arnarflug yrði sjálfstætt flugfélag. Við því var orðið. Flugleiðir seldu meiri hlutann af hlutafé sínu í Arnarflugi og starfsmennirnir keyptu það. Félagið hefur síðan verið rekið sem sjálfstætt flugfélag, en að vísu með mjög mikilli aðild Flugleiða, sem hafa haft veruleg áhrif á ákvarðanir innan stjórnar Arnarflugs. Ég hef einnig talið mér skylt að framfylgja þessari stefnu, enda er ég að öllu leyti sammála og tók að sjálfsögðu þátt í mótun hennar í upphafi. Ég gerði því mjög ítrekaða tilraun — og fékk til liðs við mig hina hæfustu menn — til að ná samkomulagi milli Flugleiða og Arnarflugs um skiptingu áætlunarleiða og samstarf þessara flugfélaga, svo að þessum skilyrðum væri fullnægt þannig að samkeppni yrði nokkur og sérstakur samanburður á þjónustu og starfsemi flugfélaganna á erlendum áætlunarleiðum. Þessar tilraunir mistókust. Það var lögð í þær mjög mikil vinna, haldnir margir fundir og ég hélt satt að segja stundum að þær væru að takast. Ég fékk t. d. að sjá drög að samkomulagi. En því miður fór ætíð svo, þegar á átti að reyna, að þeim var hafnað.

Ég ákvað þá að veita Arnarflugi heimild til flugs á takmörkuð svæði, þ. e. á meginlandið, með flugi til Amsterdam, Düsseldorf og Zürich. Arnarflugsmenn höfðu að vísu sótt það af miklu kappi að fá að fljúga á Frankfurt en Flugleiðir höfðu sérstaklega andmælt því, töldu að það kynni að orka tvímælis og valda þeim vandræðum í sambandi við þeirra Lúxemborgarflug. Vöktu þeir athygli á því að þeir reka umfangsmikla skrifstofu í Frankfurt sem er nauðsynleg vegna þess flugs. Ég taldi rétt að verða við þessum tilmælum Flugleiða og veitti því Arnarflugi ekki leyfi til flugs á Frankfurt. Ég vil einnig geta þess, að í þeim viðræðum sem fóru fram á milli Flugleiða og Arnarflugs mun þetta atriði mjög hafa borið á góma, og var liður í því samkomulagi sem ég taldi þá u. þ. b. vera að nást.

Það er síðan rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að mikil samkeppni upphófst á milli þessara tveggja flugfélaga, samkeppni sem áreiðanlega skaðaði þau bæði, samkeppni þar sem augljóslega áttu sér stað gífurleg undirboð. M. a. var boðið flug til Frankfurt og Amsterdam fyrir lægra verð en til Egilsstaða því í verðinu var m. a. innifalin gisting og einnig leigubifreið í vikutíma svo eitthvað sé talið. Ég held að það hafi verið alveg ljóst að þarna var um óheilbrigða og ákaflega óheppilega samkeppni að ræða. Ég sá mér því ekki annan kost en að höggva á þann hnút og skipta flugleiðum á milli flugfélaganna. Það gerði ég og ákvað að sú skipting skyldi taka gildi frá og með október nú í ár. Það var því á engan máta hróflað við þeim áætlunum, sem gerðar höfðu verið um flug nú í sumar, og flugfélögunum veittur nægilegur frestur til að skipuleggja sitt flug næsta sumar með tilliti til þess sem ákveðið var.

Ég vil einnig draga mjög í efa að Flugleiðum hafi með þessu verið valdið nokkru tjóni. Eftir þeim upplýsingum

sem ég hef munu um tveir af hundraði farþega Flugleiða koma frá þessum svæðum til Íslands, þ. e. frá Hollandi, Düsseldorf og að sjálfsögðu hafa þeir ekki verið með flug til Zürich. Mér er einnig kunnugt um að flug Flugleiða til Düsseldorf hefur verið rekið með verulegum halla og valdið þeim vandræðum. Einnig vita allir þm., hygg ég, að Flugleiðir hafa haft heimild til flugs til Amsterdam í meira en áratug en aðeins nýtt það að ráði síðustu þrjú árin eða svo. Ég tel því að þarna hafi verið skipt leiðum áætlunarflugs á þann máta sem a. m. k. Flugleiðir geta vel við unað.

Ég er þeirrar skoðunar að nokkur samkeppni og samanburður einnig á áætlunarflugleiðum sé mjög æskilegur. Ég vil taka það fram að að mínu mati veita bæði flugfélögin ágæta þjónustu sínum farþegum, t. d. flugþernur og áhafnir flugvéla. Ég held að það sé almennt viðurkennt að það er með því besta sem gerist. Hins vegar get ég ekki neitað því að mér hefur stundum sýnst, ekki síst á meðan Flugleiðir höfðu algera einokun á þessum sviðum, að ekki væri nægilegt tillit tekið til farþega. Því miður hafa tafir oft orðið ákaflega miklar, og stundum hafa flugvélar jafnvel verið teknar af áætlunarleiðum í aðrar þarfir, sem valdið hefur verulegum vandræðum fyrir flugfarþega.

Það er athyglisvert, svo ég nefni eitt lítið dæmi, að ótrúlega margir hafa minnst á það við mig í sumar að furðu gegni að áætlunarflug héðan á sumrin á vegum Flugleiða skuli nánast eingöngu vera kl. 7 eða 7.15 að morgni, þannig að þeir a. m. k. sem á hótelum búa, og jafnvel Íslendingar í heimahúsum, þurfa að fara á fætur kl. 4 að nóttu til að ná áætlunarbifreiðum frá Hótel Loftleiðum og ná þessu flugi kl. 7 eða 7.15. Ég leyfi mér að fullyrða að hvergi nokkurs staðar í heiminum sé boðið upp á slíkt flug frá höfuðborg lands til umheimsins. Menn geta skoðað upplýsingar frá öðrum flugfélögum um það. Mér er kunnugt um það að erlendir menn, sem hér hafa verið, hafa bókstaflega breytt sinni flugáætlun og farið deginum áður eða deginum síðar til að ná flugi Arnarflugs sem ég hygg að hafi verið um hádegisbilið. Vitanlega liggja til þessa ástæður, mér er vel kunnugt um það, það er verið að tengja þetta flug Bandaríkjafluginu. En þetta hefur líka valdið því að á Keflavíkurflugvelli myndast bókstaflega örtröð þann tíma sem þar eru stundum tvær vélar frá Bandaríkjunum og tvær að fara til Evrópu. Ég held að það sé engin goðgá þó að farþegar, sem þurfa að fara þar á milli flugvéla, bíði eitthvað lengur en þarna er gert ráð fyrir. Við höfum allir kynnst því á erlendum flugvöllum að þurfa að bíða kannske tvo tíma eða svo til að ná annarri vél.

Þetta nefni ég aðeins sem dæmi um samanburð sem ég verð var við að menn eru að gera og ég tel ákaflega heilbrigðan. Ég gæti því miður nefnt æðimargar kvartanir sem til mín og samgrn. hafa komið. Ég hef stundum komið þeim á framfæri en ég tel ekki ástæðu til að eltast við það hér og endurtek það sem ég sagði áðan, að bæði flugfélögin veita að ýmsu leyti hina ágætustu þjónustu. En samanburðinn og samkeppnina, þótt nauðsynlegt hafi reynst að takmarka hana, tel ég heilbrigða.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi mál varðandi áætlunarflug til útlanda séu komin í viðunandi horf eins og stendur og hef ekki hugsað mér að breyta þeim á nokkurn máta frekar. Hitt er svo allt annað mál, hvort Arnarflugi tekst að halda uppi þessu áætlunarflugi. Ég er alls ekki dómbær um það. Það kann vel að vera að það reynist erfitt. Og vitanlega verður flugfélagið sjálft að taka afleiðingum af því. En af því að hv. þm. minntist nokkuð á þann styrk sem veittur er Flugleiðum, þá má vitanlega hafa önnur orð um þessa aðstoð. En að sjálfsögðu er það styrkur þegar endurgreitt er það fé sem aðili annars mundi greiða í skatta og gjöld. Þetta er greitt af því fé sem ríkissjóður hefði að öðrum kosti fengið í sinn hlut og hefði þá verið notað til annarra þarfa í þágu þjóðfélagsins. En það skiptir ekki öllu máli. Hitt er svo annað mál, að þegar slík aðstoð er veitt þá er að mínu mati útilokað að heimila slíka samkeppni og þau undirboð sem urðu á s. l. sumri. Er ég þar alls ekki að kenna einu flugfélaginu um fremur en öðru, venjulega eiga báðir nokkra sök þegar tveir deila. Þetta réði m. a. því að ég taldi mér ekki annað fært en að höggva á þann hnút og skipa málum eins og nú hefur verið gert.

Í fyrsta lið þáltill. segir jafnframt: „Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.“ Flugleiðir hafa heimild og hafa sérleyfi til áætlunarflugs á öllum þeim flugleiðum innanlands sem flugfélagið hefur óskað eftir. Ég hef engan hug á að breyta því fyrirkomulagi. Þvert á móti hef ég neitað ýmsum aðilum sem sótt hafa um áætlunarflug til og frá Reykjavík á leiðum Flugleiða. Ég hef hafnað því og ekki talið það samræmast þeirri stefnu sem með þessu er mörkuð.

Í öðrum lið segir: „Öðrum flugfélögum í innanlandsflugi verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsynlegt reynist, að tengjast neti aðal-flugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.“ Hér er hreyft mjög athyglisverðu og mikilvægu máli sem hefur verið mjög fjallað um. Ég vil segja það um þennan lið að í þessu felst mikil skynsemi. En því miður hefur reynst ókleift að framkvæma þetta víða um land. T. d. hefur reynst algerlega ókleift að framkvæma þetta svo á Vestfjörðum að við verði unandi. Þar hagar svo mjög oft til, sérstaklega að vetrarlagi, að unnt er að fljúga inn á einn flugvöll en ekki annan, t. d. unnt að fljúga á Holt eða Suðureyri en ekki á Ísafjörð, og þess vegna mjög erfitt að tengja flug frá þessum minni stöðum inn á Ísafjarðarflugvöll svo að eitt dæmi sé nefnt. Einnig hefur það hvað eftir annað komið fyrir, sem ég veit að þeir þekkja sem eru staðkunnugir á Vestfjörðum, að flugi er aflýst á Ísafjarðarflugvöll á síðustu stundu, eftir að farþegar eru komnir þangað. Smávægileg breyting á vindátt getur valdið því, flugvél iðulega komin í Djúpið að lendingu þegar henni er vísað frá. Það væri satt að segja nokkuð erfitt að hafa þá farþega þangað þegar komna frá nærliggjandi sveitum, kannske jafnvel þannig að þeir komast ekki til baka. Þetta er aðeins lítil og lausleg mynd af þeim erfiðleikum sem fylgja flugi á þessu svæði. Mér er ljóst að þetta er auðveldara víða annars staðar og er framkvæmt miklu meira t. d. á Norðurlandi og á Austfjörðum. Þessi leið, þó hún sé skynsamleg, hefur því að mínu mati ekki verið framkvæmanleg. Þó að oft hafi verið um hana rætt — og fyrirrennarar mínir hafa, að því er ég best veit, haft áhuga á því að framkvæma hana — hefur það ekki verið talið fært. Þess vegna hefur verið horfið að því ráði með einstaka staði að heimila þaðan beint flug til Reykjavíkur, sem þá er sinnt af öðrum flugfélögum, ekki síst flugfélögum sem staðbundin eru á viðkomandi svæði, en einnig hafa flug-

félög hér sinnt þessu. Arnarflug fékk fyrir nokkrum árum, 1978 eða 1979 hygg ég heimild til flugs á allmarga staði um landið, sem það hefur síðan sinnt af ágætum. Flugleiðir hafa ekki leitað eftir flugi á þá staði og ég held satt að segja að um þetta flug sé sæmilegur friður.

Það er eitt atriði í þessari grein sem ég vil nefna. Það er rætt um opinbera aðstoð. Vissulega er nokkur opinber aðstoð í gegnum styrk til sjúkraflugs. Þó má ætla að sú aðstoð hrökkvi ekki lengra en svo, að hún greiði þann kostnað sem af þeirri þjónustu hlýst. En vitanlega hefur það þó verið þáttur í því að gera mönnum kleift að halda uppi þessum litlu flugfélögum. Þessi litlu flugfélög eru ákaflega mikilvæg fyrir landshlutana, ekki bara í sjúkratilfellum heldur einnig alls konar mikilvægum flutningum um landshlutana, jafnvel t. d. fyrir atvinnuvegina í fjölmörgum tilfellum þegar skort hefur varahluti, svo eitthvað sé nefnt. Ég tel það því mjög athyglisverða hugmynd hvort ekki er réttlætanlegt að veita meiri opinbera aðstoð til þess að reka megi þessi flugfélög sem eru í miklum fjárhagserfiðleikum.

Þriðjiliðurinn fjallar um verðlagningu fargjalda á innanlandsflugleiðum. Ég hef að sjálfsögðu fjallað um hann áður eins og um aðra liði og reyndar rakti hv. þm. mitt svar í því sambandi. Ég hef nú um nokkurt skeið þrýst á það að fargjöld á innanlandsflugleiðum yrðu hækkuð nokkru meira en verðlagsforsendum nemur vegna þess að það er rétt sem kom fram hjá hv. flm. að afkoma þeirra flugfélaga sem þessu flugi sinna hefur verið mjög bágborin, ekki síst Flugleiða. Ég tel að nokkur árangur hafi náðst og get upplýst að verðlag á innanlandsflugi hefur hækkað á þessu ári um 75%, sem er töluvert umfram verðlag. M. a. var 8. þessa mánaðar samþykkt 15% hækkun. Þetta hefur ekki verið gert með samhljóða atkvæðum í verðlagsráði að vísu, en ég neita því ekki að ég hef þrýst nokkuð á þetta vegna þess tapreksturs sem verið hefur á þessu flugi. Ég hef einnig leitað eftir því hvort ekki kæmi til greina að losa þetta undan verðlagsráði. Þá mundi fara um þessar hækkanir samkvæmt loftferðalögum, þ. e. þær yrðu háðar samþykki samgrn. Á það hefur ekki ennþá verið fallist. Þessi mál eru öll í athugun, m. a. sú verðgæsla sem menn vilja taka upp. En þarna hefur fengist þó nokkur leiðrétting.

Fjórði liður fjallar um það að ekkert flugfélag hafi forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug. Það eru einmitt þessi fjögur síðustu orð sem hafa staðið í mönnum, „í bága við áætlunarflug". Mönnum sýnist sitt hvað um það. Ég hygg að þeir séu margir sem telja að yfirleitt valdi leiguflug á áætlunarleiðum áætlunarfluginu fjárhagstjóni. A. m. k. hefur mjög orðið vart við þetta á aðalleiðum Flugleiða. Flugleiðir hafa t. d. hvað eftir annað varað við því að heimila leiguflug til Kaupmannahafnar og London og lagst gegn því og stjórnvöld hafa verið hikandi við að leyfa slíkt flug og reynt að draga úr því. Meðan ég hef verið í þessu starfi hef ég látið rannsaka slíkar umsóknir mjög vandlega. En að vísu — eins og einnig kom fram í ræðu hv. flm., og hann vísaði jafnframt til ræðu minnar á s. l. ári í því sambandi — eiga erlendir aðilar töluverðan rétt sem við getum ekki staðið gegn. Með tilliti til þessa athugaði ég þrjá kosti áður en gefnar voru út reglur um leiguflug Arnarflugs og Flugleiða til þeirra landa sem þessi flugfélög bæði eða þessi flugfélög sitt í hvoru lagi fljúga áætlunarflug til. Sá fyrsti var sá að hafa þetta að öllu leyti frjálst og þá eingöngu háð leyfum frá loftferðaeftirliti og samgrn. hverju sinni. Í öðru lagi að leyfa slíkt flug inn á viðkomandi svæði en þó ekki til þeirra borga sem flogið er til. Ég vil geta þess að þetta er nánast sá háttur sem Norðurlöndin hafa. Leiguflugfélögin þar hafa mjög víðtækt leyfi til leiguflugs en þó ekki t. d. til höfuðborga Norðurlanda. Danskt félag fær ekki heimild til að fljúga til Osló leiguflug en flýgur til ýmissa annarra borga í Noregi svo eitthvað sé nefnt. Og svo í þriðja lagi að takmarka þetta þannig að Arnarflug hefði ekki heimild til leiguflugs til Norðurlanda eða til Bretlandseyja eða Lúxemborgar eða New York. Hins vegar hefðu Flugleiðir ekki heimild til leiguflugs til Hollands og Sviss. Um Þýskaland yrði þá fjallað sérstaklega hverju sinni.

Þetta sendi ég flugráði, sem mælti einróma með síðustu leiðinni, og reyndar er það sú leið sem næst mun hafa verið komin samkomulagi í viðræðum Flugleiða og Arnarflugs. Ég ákvað því að farið yrði eftir síðustu leiðinni, þ. e. leiguflugið takmarkað eins og ég hef nú rakið, þannig að ekki verði flogið af öðru flugfélaginu til áætlunarsvæðis hins. Um þetta veit ég ekki annað en að sé nokkuð víðtækt samkomulag, kannske um það eina í þessum málum.

Fimmti liðurinn fjallar um viðgerðir. Þar hefur starfað nefnd og ég segi enn að ég held að töluvert hafi á unnist. Ég geri ráð fyrir því að Arnarflug skipi einnig fulltrúa í þá nefnd. Ég hef reyndar nýlega rætt við formann þeirrar nefndar og óskað eftir því við hann að hert verði á athugun þessara mála, og það munu vera fundir í gangi núna þessa dagana í því sambandi til að skoða hvernig þetta hefur þróast og hvað meira þarf að gera þar.

Um sjötta liðinn get ég ekki sagt annað en að þetta væri að mörgu leyti álitlegt. Reyndar hygg ég að skynsamlegra væri að miða við einhvern hundraðshluta þjóðarframleiðslu. Það má kannske segja að fjárlög og þjóðarframleiðsla haldist nokkuð í hendur en eftir ítarlega athugun á slíkri viðmiðun í sambandi við vegamálin var þó ákveðið að fara yfir í viðmiðun við þjóðarframleiðslu. Mér sýndist það vera skynsamlegra. Ég hef því hugleitt þetta og þetta hefur satt að segja verið komið á blað hjá okkur í rn. Við höfum þó ekki treyst okkur til að framfylgja þessu enn en ég er svo sannarlega til viðræðu um það mál. En af því í þessum lið segir að fé skuli varið í samræmi við áætlunina, sem gerð var 1976 og samþykkt hér sem þáltill., vil ég upplýsa að því miður reynist ákaflega erfitt að framfylgja þeirri áætlun. Í henni var gert ráð fyrir tveimur meginflokkum flugvalla, þ. e. aðaláætlunarflugvöllum, eins konar stofnflugvöllum, og svo sjúkraflugvöllum eða B-flokki flugvalla. Gert var ráð fyrir ákveðinni lengd þessara flugvalla. Í B-flokki var miðað við svokallaðar „stall" flugvélar, þ. e. flugvélar sem geta notað stutta flugbraut, 800 metra flugbraut, sem þá var miðað við.

Nú hefur sú þróun orðið, að flest flugfélögin hafa meira eða minna hætt rekstri þessara flugvéla, sem stafar af því að þær eru taldar mjög dýrar í rekstri. Þau hafa tekið upp aðrar miklu hraðfleygari vélar en sem því miður þarfnast lengri flugbrauta. Það verður því að segjast eins og er að flugmálayfirvöld eru í miklum vandræðum út af þessari þróun og hafa verið knúin til þess að lengja flugbrautir, sem falla undir þennan B-flokk. Til þess hefur orðið að verja fjármagni sem alls ekki var gert ráð fyrir í þessari áætlun.

Ég hef því rætt um það við flugmálastjóra að þessi áætlun verði endurskoðuð og reynt þá að meta að nýju hvers konar flugvélum ber að gera ráð fyrir í þessu flugi, sérstaklega hinna minni flugfélaga. Reyndar hafa farið fram viðræður við þessi flugfélög, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum nú nýlega, um athugun á rekstrinum, bæði öryggisþáttum þess og ýmsu fleiru. Og því miður verð ég að segja að ég tel þar ýmsu ábótavant, sem þarf að athuga. Flugvélarnar eru ekki fyrir þá flugvelli sem áætlunin frá 1976, sem samþykkt var hér á Alþingi, ákvað. Þarna er ekki lengur því samræmi til að dreifa sem þarf að vera. Þetta er allmikið mál og ég taldi rétt að gera það að umræðuefni þar sem talað er um fjárframlög til flugvalla.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram að fjárframlag til öryggisþátta flugsins verður að auka. Það fékkst aukið nokkuð á síðasta ári umfram það sem almennt var um framkvæmdaframlög, og það er vel. En ég er ekki búinn að sjá að það takist eins vel á þessu ári og það þarf hið háa Alþingi að skoða.

Að vísu hafa orðið þarna umtalsverðar framfarir. Ég vek athugli á því að fjölmargir af okkar meginflugvöllum hafa tekið stakkaskiptum. T. d. er nýlega búið að opna öryggisaðflug og reyndar búið að malbika flugbraut á Akureyri, sem gerir þann flugvöll hæfan fyrir beint flug erlendis frá, þ. e. það er hægt að lenda þar með fulla þyngd bæði eldsneytis og farþega. Þetta er töluvert mál. Og reyndar hafa margir flugvellir hér tekið miklum breytingum. Ég nefni t. d. Ísafjarðarflugvöll. Þar er búið að setja upp lýsingu, þar er búið að setja upp miðlínusendi fyrir aðflug um Djúpið sem stórbætir öryggi. Miðlínusendar hafa verið settir upp á fjölmörgum öðrum flugvöllum, t. d. á Sauðárkróki og Húsavík svo eitthvað sé nefnt. Fullt samkomulag hefur verið um það að láta slíkan öryggisþátt flugsins ganga fyrir, samkomulag við flugmálastjóra, flugráð og öryggisnefnd.

Mjög stór áfangi vegna Reykjavíkurflugvallar er að sjálfsögðu að nú er loksins búið að taka þann radar í Keflavík í notkun sem hægt er að nota til aðflugs á Reykjavíkurflugvelli. Ég veit að við hörmum það allir að það skyldi ekki gert fyrr, strax 1979 þegar hann var settur upp og menn hugðust hafa aðgang að honum í þessu skyni.

Einnig er nú í undirbúningi — og reyndar liggur fyrir samþykki frá Alþjóðaflugmálastofnuninni um greiðslu helmings endurnýjunar á þeim tengilið sem verður að endurnýja við Keflavíkurflugvöll og er nauðsynlegur til þess að stjórna megi allri umferð um Norður-Atlantshafið frá Reykjavíkurflugturni, eins og gert hefur verið til þessa, en er gert því miður í gegnum ófullkomin tæki sem stundum hafa brugðist. Það má geta þess í því sambandi, ekki síst þar sem misskilningur kom fram í fjölmiðlum um það, að í sambandi við endurnýjun á þessum tengilið er mjög auðvelt, með tiltölulega litlum kostnaði, að færa merkin frá þeim radar, sem nú stjórnar aðflugi til Reykjavíkurflugvallar, einnig inn til Reykjavíkurflugvallar, þannig að radarinn sjáist þar á sjónvarpsskjánum. Þetta mundi spara verulega rekstrskostnað, því nú þarf að sjálfsögðu að senda menn suður eftir daglega og því fylgir kostnaður. Þetta er einnig í og það er misskilningur að þarna sé um kostnaðarsama framkvæmd að ræða.

Um sjöunda liðinn ætla ég ekki að fjalla fremur nú en ég gerði síðast. Þetta er sérstakt mál, sem um er fjallað í stjórnarsáttmála, og ég tek það fram enn einu sinni að þó að ég sé því hlynntur og telji nauðsynlegt að reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, þá er ég bundinn af því sem ég samþykkti í stjórnarsáttmála. Reyndar verð ég að segja það alveg eins og er að mér finnst að sú mikla fjárfesting, sem felst í slíkri byggingu, verði að skoðast einnig með hliðsjón af þeirri miklu þörf, sem er í flugi hér innanlands almennt, ekki síst öryggisþáttum flugsins.

Áttunda lið, að Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur vegna innanlandsflugs, er ég sammála og hann á að bæta eftir föngum. Ég hef ekkert við þá grein að athuga.

Það hefur margsinnis verið spurt um mína stefnu í flugmálum. Ég tel mig satt að segja vera að lýsa henni hér enn einu sinni og auðvelt að draga hana saman úr þingtíðindum ef menn hafa ekki fengið hana. Ég tel reyndar ekki að mér beri að leggja fram till. til þál. um hana. Ég tel að það sem ég er að gera sé í raun og veru þegar í ýmsum samþykktum Alþingis, sem ég hef nú þegar rakið, m. a. í þál. sem samþykkt var 1976 og ég hef minnst á hér að þarf að breyta. Hins vegar kæmi vel til greina að leggja fram eins konar skýrslu um það mál sem lýsti því sem ég hef nú rakið í minni ræðu.

Ég vil svo að lokum endurtaka það að ég fagna því að umræða er um flugmálin. Ég vona að það verði til þess að þoka mikilvægum þáttum flugmála áfram. Ég vil geta þess að ég mun endurflytja þau frv. sem ég lagði fram á síðasta þingi. Þau verða lögð fram í Ed. og ég vona að þá fáist einnig umræður um áætlanagerð og ýmsa þætti sem snerta mjög náið það sem fjallað er um í þessari þáltill. Og ég tek undir það með hv. flm. að ég vona að hún leiði til málefnalegrar umræðu hér á hinu háa Alþingi svo og þau önnur þingmál um flugmál sem ég mun leggja fram og hef nefnt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hefði viljað óska eftir því að flm. þessarar till. létu svo lítið að hlusta á umr. um hana og ber þá ósk sérstaklega fram að þeir þm. Vestfjarða, sem hér hafa skrifað upp á, verði í salnum meðan ég flyt mál mitt. Vildi ég með leyfi forseta mega gera hlé á máli mínu þar til þeir mæta. (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því að þeirra yrði leitað.)

Ég vil byrja á því að reka hér þá jákvæðu hluti sem eru í þessari þáltill. Þar er skylt og rétt að byrja á 8. liðnum. Það er tvímælalaust til hagsbóta fyrir Íslendinga almennt að Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur vegna innanlandsflugs. Ég vona að það séu sameiginlegir hagsmunir Reykvíkinga og dreifbýlisins að svo verði um ókomna framtíð og tel reyndar að það sé um svo sjálfsagt mál að ræða að ekki þurfi að eyða miklum tíma í rökstuðning um það.

Ég er líka í öllum aðalatriðum sammála því sem sagt er í 4.lið þessarar till.: „Ekkert flugfélag skal hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál.“ Þetta er að sjálfsögðu aðalatriðið. Hér kemur á eftir í sömu grein: „Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.“ Ég vildi gjarnan fá það betur útskýrt hvað felst í orðinu „bága“. Það er hægt að fela eitt og annað bak við það orð og meðan ég veit ekki hver er hin hugsaða merking tel ég ástæðulaust að vera með neinar getsakir í því sambandi.

Ég er hlynntur því að stefnt verði að því að viðhald flugvéla fari fyrst og fremst fram innanlands. Hins vegar

tel ég að undir mörgum kringumstæðum sé hæpið að binda það í of fastar skorður.

Hitt sem vakti undrun mína og gerði það að verkum, að ekki er undan því hægt að víkja að ráðast nokkuð harkalega á þessa þáltill., er sá boðskapur sem hún flytur gagnvart þeim flugfélögum sem starfa í landinu. Hv. 1. flm., 6. þm. Norðurl. e., gat þess hér að hann væri ekki að troða skóinn niður af Arnarflugi. Það er hárrétt athugað. Hér er um miklu róttækari aðgerðir að ræða en svo, að hægt sé að nota jafn hógvært orðalag og að verið sé að troða skóinn af félaginu. Hann sagði hér orðrétt og það er kjarni málsins í þeirri merkingu sem liggur á bak við þetta: Það er ekki lífsrými fyrir tvö áætlunarflugfélög til og frá Íslandi — eða á Íslandi. Ég tók ekki nákvæmlega eftir niðurlagi setningarinnar. Þetta hugtak með lífsrými er ákaflega sjaldan notað nú á dögum. Þetta var notað mikið af Hitler á sínum tíma. Hann sagði að Þjóðverjar þyrftu meira lífsrými. Og hann var ekki í neinum vafa um það hvað hann ætlaði sér að gera. Hann ætlaði að ryðja úr vegi, taka þá af sem stóðu gegn því að Þjóðverjar fengju það lífsrými sem þeir þyrftu. Ef merkingin er sú hin sama sýnist mér að ekki verði hægt að skilja þetta á annan veg en þann, að þetta sé hrein aðför að öðru flugfélaginu, og það liggi ljóst fyrir hver merkingin sé, falin á bak við fegurri orð hér í till. (Gripið fram í.) Þetta fer í bága við lífsrýmið, segir hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég veit ekki hvort nokkur von er til þess að við getum rætt þessi mál á þann veg, að nokkurt samkomulag um lífsskoðanir geti átt sér stað.

Ég vil vekja athygli á öðru sem kemur hér fram í 2. gr. Það segir svo: „Öðrum flugfélögum í innanlandsflugi verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsynlegt reynist, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða er aðalflugleiðirnar ná ekki til.“ Þessi setning gerir mig bæði reiðan og undrandi. Það vekur furðu mína að hv. 3. þm. Vestf. skrifi upp á till. þar sem verið er að leggja svona hluti til. Það vekur enn meiri furðu mína að hv. 6. landsk. þm. skuli gera það. Það er flogið af hálfu Flugleiða til þriggja staða á Vestfjörðum, á Ísafjörð, á Þingeyri og á Patreksfjörð. Ég fæ ekki betur séð en að með þessum till. sé verið að leggja til að á hina staðina eigi að taka upp doríuflug til þessara þriggja staða. Ef gert er ráð fyrir að menn komist samdægurs til Reykjavíkur eða frá Reykjavík, eftir að þetta doríuflug væri upp tekið, þýðir þetta að það þyrfti að fljúga tvisvar t. d. frá Holti í Önundarfirði á Ísafjörð, bæði áður en flugvél færi suður og einnig eftir að flugvél kæmi að sunnan. Menn geta rétt ímyndað sér kostnaðinn af þessari tilhögun. Það vekur og undrun mína að það er verið að tala um öryggismál samhliða í þessari till. Hvaða öryggi fylgir þeirri tilhögun, ef hún yrði upp tekin, hvaða öryggi er bætt með slíkum ráðstöfunum? Ég vil leggja þá spurningu fyrir Sighvat Björgvinsson, hv. 3. þm. Vestf., hvað hann telur að kostnaður aukist hjá farþegunum á þessari leið — eða hjá ríkinu ef það ætlar að fara að greiða þau gjöld. Ég vil líka fá svör við því hvernig hann hefur hugsað sér umrætt doríuflug.

Hér er talað um að verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum verði gerð raunhæf til að tryggja það að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna. Ég veit ekki til að slakað hafi verið á öryggiskröfum vegna þess að fluggjöld hafa ekki verið hærri. Hafi verið gefin úr reglugerð, sem heimili það að slakað sé á öryggiskröfum vegna þess að fluggjöld séu ekki hærri, þá vildi ég gjarnan fá að frétta af því. Hins vegar hafa fluggjöld í innanlandsflugi hækkað um 73eða 75% á þessu ári. Ég vil fá hrein svör. Hvað telja flm. að fluggjöldin hefðu átt að hækka mikið í prósentum á þessu ári? Það skiptir nefnilega íbúana þó nokkru máli á hvaða verði þeir geta flogið t. d. Vestfjörðum til Reykjavíkur.

Það er vitnað í Noreg og sagt að Norðmenn hafi tekið upp það kerfi í flugmálum að flogið sé inn á aðalvelli. Ráðh. samgöngumála talaði um að sér fyndist þetta skynsamlegt en lýsti því jafnframt yfir að þetta væri óframkvæmanlegt á vissum stöðum á Íslandi. Ég fæ það nú ekki til að ganga upp. En hver er höfuðmunurinn ef við horfum á Noreg og berum hann saman við Ísland? Annað landið er aflangt og gerir það að sjálfsögðu mun einfaldara að taka upp þá stefnu sem hér er verið að tala um. En ég biðst undan þeirri forsjá sem þessir hv. þm. leggja til að hið háa Alþingi taki sér handa vissum landshlutum þessa lands í samgöngumálum — og vinna til hreinnar bölvunar að þróun flugmála fyrir t. d. það kjördæmi sem ég er þm. fyrir. Mig undrar það í fyrsta lagi að þm., sem eiga að vera þar staðkunnugir, láti sér detta í hug að skrifa upp á þessa till. til þál. Og ég harma það, forseti, að þeir sjái sér ekki fært að vera við þegar till. er rædd — nema þeir hafi metið það svo að það gæti verið skynsamlegt að vera fjarverandi.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól nú er fyrst og fremst að þakka hæstv. samgrh. mjög góðar undirtektir við þessa þáltill., sem ég vona að sé upphafið að breyttum og bættum háttum í íslenskum flugmálum.

Mig langar aðeins að gera nokkrar athugasemdir við orð hans. En okkur kom saman um það, hæstv. ráðh. og mér, að það væri allt í lagi að ég gerði það að honum fjarstöddum. Hann les það þá væntanlega þegar þar að kemur. Hins vegar vil ég ekki skorast undan því að svara spurningum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, sem ég verð nú að játa að ég skildi ekki að fullu, ekki allar. (**ÓÞÞ:** Er svona erfitt að svara þeim?) Ég mun gera það sem ég get til að svara því sem ég skildi af hans spurningum.

Nú veit ég ekki hvort hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson í öllu sínu veldi reiknar með daglegu þotuflugi frá Holti í Önundarfirði til Reykjavíkur eða hvaða hugmyndir hann hefur um áætlunarflug yfir höfuð. En til þess að útskýra fyrir honum, eins og líklega kennari mundi gera í barnaskóla, þá vil ég segja honum það að hugmyndin á bak við þessa grein er sú einfaldlega, að öryggi flugsins verði betur tryggt með því að hafa stærri og fullkomnari vélar, sem fljúga á milli stærri og fullkomnari flugvalla, og í tengslum við það meginflug geti farþegar átt kost á því að nota smærri flugvélar frá smærri völlum til þess að komast inn á þessa aðalvelli í veg fyrir það flug sem tengir þessa staði við aðra aðalflugvelli í landinu. Vona ég nú að þetta skiljist. Sjálfur er ég fæddur á Ísafirði og þekki talsvert til staðhátta svo að hv. þm. þarf ekki að taka mig í kennslustund í þeim efnum.

Hv. þm. spurði hvað við vildum að fargjöld yrðu hækkuð. Þetta er í sjálfu sér eðlileg spurning. Það sem við höfum á bak við eyrað í þessum lið till. er það að innanlandsflug hefur verið svo svelt á undanförnum árum að þar hefur eðlileg endurnýjun ekki getað átt sér stað. Og það vita allir, sem hafa verið með atvinnurekstur, að þegar tæki eru orðin gömul kostar meiri

fjármuni að halda þeim gangandi. Þetta eru ákveðin lögmál sem ganga yfirleitt í gegnum allan atvinnurekstur í landinu og þó víðar væri leitað. Það er m. a. af þessum sökum að reksturinn á hinum gömlu Fokker Friendship-flugvélum Flugleiða er orðinn ákaflega dýr og miklu dýrari en hann þyrfti að vera ef endurnýjun hefði átt sér stað hraðar og á eðlilegri hátt en raun ber vitni. M. ö. o., nýjar flugvélar, minni tilkostnaður vegna minni bilana, eldri flugvélar, meiri tilkostnaður vegna meiri bilana. Svo einfalt er það mál.

Í sambandi við öryggisþáttinn í fluginu er það kunnugt öllum mönnum, sem hafa viljað vita, að tekið hefur verið upp nýtt kerfi í sambandi við skoðun þessara flugvéla. Áður tíðkaðist það að farið var reglulega yfir allar flugvélar og skipt um tæki eftir ákveðnu kerfi, skipt um tæki, skipt um vélarhluta og annað eftir ákveðnu kerfi. Nú hefur orðið nokkur breyting á þessu og annað kerfi tekið upp sem er þess eðlis að nú er skipt þegar viðkomandi tæki bila. Ég er þeirrar skoðunar að þetta nýja kerfi sé lakara en hið eldra, en það er kostnaðarminna. Það hefur í sjálfu sér ekki meiri hættur í för með sér, en engu að síður er það skoðun mín að með þessu sé öryggi skert vegna skorts á fjármagni.

Vegna orða hæstv. samgrh. verð ég að fagna því að hann tók undir nánast hvern einasta lið þeirrar þáltill., sem hér er til umr., nema þann sem okkur hefur greint á um og að öllum líkindum mun greina á um um ókominn tíma — eða þar til það sannast, sem ég hef haldið fram, að samkeppni af því tagi sem hæstv. samgrh. hefur efnt til fær ekki staðist.

Ég vil minna á það sem hæstv. ráðh. sagði við umr. á síðasta þingi, með leyfi forseta: „Flugleiðir fljúga á þessa staði, þ. e. Amsterdam og Düsseldorf, sem eru tveir af þessum þremur stöðum, aðeins yfir hásumarið, Arnarflug telur sér kleift að bjóða flug á þessa staði allan veturinn. Hér er vitanlega um töluverða útvíkkun að ræða frá því sem þarna hefur verið um að tefla til þessa."

Hvað hefur nú breyst síðan hæstv. ráðh. sagði þetta? Jú, það hefur breyst, að Arnarflug treystist ekki til þess að fljúga yfir veturinn nema til Amsterdam. Düsseldorf-leiðin er dottin upp fyrir.

Síðan sagði ráðh., með leyfi forseta: „Ég geri mér vonir um að í utanlandsfluginu takist að koma fram þeirri stefnu sem skapar samanburð og nokkra samkeppni, en leyfir samt sem áður tveimur flugfélögum að starfa og kippir á engan máta grundvelli undan Flugleiðum."

Hæstv. ráðh. efndi til þessarar samkeppni og hann stöðvaði hana líka. Hann stöðvaði hana með því að skipta upp flugleiðum. Hæstv. ráðh. sagði hér í ræðu sinni rétt áðan að hann hefði talið að þessi samkeppni væri komin út í öfgar. En hver af talsmönnum frjálsrar samkeppni ætlar að draga þá markalínu sem þarf að draga á milli óheppilegrar og ósæmilegrar samkeppni og þeirrar samkeppni sem er það ekki? Ég held að um þetta muni okkur greina á og, eins og ég sagði áðan, það verði svo þar til það kemur í ljós, sem ég hef sagt hér á þingi og stend ennþá við, að þessi samkeppni gengur ekki og mun ekki ganga.

Ráðherrann fór hér nokkrum orðum um breyskleika Flugleiða í sambandi við stundvísi og annað við brottför héðan af landinu á morgnana, sem hann sagði að væri á tímabilinu 7—7.15, þá færi fjöldi af flugvélum og mikil örtröð skapaðist í flugstöðinni. Auðvitað er þetta rétt. En af hverju er þetta? Ég hélt nú að hæstv. samgrh. vissi ástæðuna fyrir þessu. Það er verið að reyna að nýta til fleiri flugferða þann litla flugflota sem þetta flugfélag á. Svo einfalt er þetta mál. Þess vegna er morgunninn tekinn snemma. Auk þess vil ég benda á að vegna tímamismunar er það fjöldi manna sem þarf að ná flugvélum skömmu eftir hádegi í öðrum borgum. Heimsborgin er ekki bara Reykjavík eða Keflavík og Kaupmannahöfn annars vegar. Það eru fleiri borgir á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum.

Þá fagnaði ég einlæglega þeirri hugarfarsbreytingu sem hafði orðið hjá hæstv. ráðh. í sambandi við 2. lið till. minnar. Hann sagði nú að sá liður væri bæði athyglisverður og skynsamlegur. En á síðasta þingi sagði hann orðrétt, með leyfi forseta: „Í sambandi við 2. liðinn verð ég að segja að þar finnst mér koma fram æðimikil fávísi hv. flm." Hér hefur því greinilega orðið umtalsverð hugarfarsbreyting.

Ég endurtek það að ég fagna þessum undirtektum hæstv. samgrh. og ég vil segja við hann að hann getur lesið það í þingtíðindum að þau snörpu orðaskipti, sem fóru okkar á milli á síðasta þingi í sambandi við þessa till., voru ekki út af till. sjálfri heldur út af þriðja flugfélaginu, sem kom til sögu, og vegna kaupa sem þá fóru fram og ég ætla ekki að gera að umræðuefni núna en gefst kannske tækifæri til að gera síðar.

Ég hef aðeins eitt, herra forseti, að lokum um þetta að segja. Ég endurtek ósk mína um að þessi till. fái skjóta meðferð í nefnd, enda hafi allir ræðumenn, sem um hana töluðu á síðasta þingi og hæstv. samgrh. nú, lýst stuðningi við langflesta liði hennar. Fagna ég því mjög að svo mikill áhugi og svo mikil samstaða skuli hafa tekist á hinu háa Alþingi um jafn veigamikla tillögu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég nenni ekki að fara að ræða hér um þingsköp, en mér þykir það dálítið endasleppt að láta þessari umr. lokið og að þeir menn sem óskað er eftir að séu hér viðstaddir, flutningsmennirnir sjálfir, og virðist ekki stór krafa, hafi ekki látið svo lítið að vera í salnum. Hitt harma ég þó enn meir, að þær fáu spurningar, sem ég lagði hér fram og óskaði eftir að yrði svarað, hafa ekki fengið þá eðlilegu málsmeðferð að þeim væri svarað. Í sjálfu sér er hugsanlegt að þar komi til skilningsleysi hv. 6. þm. Norðurl. e. og mun ég láta á það reyna í einni spurningunni, þ. e. hversu mikið í prósentum telur hann að hefði þurft að hækka flugfargjöldin? Þetta er einföld spurning. Þessu ættu menn að geta svarað beint. Menn, sem hafa hugsað jafn mikið um þessi mál, mættu gjarnan hafa svar við þeirri spurningu. Hv. flm. talar um það að hann þekki til vestra því að hann sé fæddur á Ísafirði. Í sjálfu sér er það ekki nema góðra gjalda vert. Það breytir aftur á móti engu um þá staðreynd, að landshættir gera það allerfitt að gera flugvöll af nægilegri gæðakröfu á Ísafirði, eins og þarft væri og ég vildi að væri gert. Og þegar menn varpa fram billegum rökum, eins og þeim að láta í það skína að ég geri ráð fyrir daglegu þotuflugi frá Holti í Önundarfirði, þá eru það rökþrota menn sem þannig svara. Þeir koma sér undan því að ræða það sem um er spurt og svara því málefnalega.

Það liggur ljóst fyrir að sú stefna sem hér er verið að leggja til yrði til stórkostlegrar bölvunar fyrir hagsmuni Vestfirðinga gagnvart flugmálum. Þetta veit meiri hluti

þjóðarinnar vegna þess að hún þekkir land sitt, en hv. flutningsmenn hafa því miður ekki gert sér grein fyrir því.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði að samþykkt þessarar till. væri stórlega til bölvunar fyrir Vestfirði. Það er auðvitað rangt. Það er til hagsbóta fyrir Vestfirði að það séu stórar og öruggar flugvélar í förum. Ef það er ekki hægt með góðu móti að komast á milli fjarða er auðvitað flogið til Reykjavíkur. Það er ekki verið að útiloka neitt frá því sem er.

Hann spurði hvað þau þyrftu að hækka mikið í prósentum fargjöldin í innanlandsflugi samkv. þáltill. Það er auðvitað erfitt að svara því. Hitt er annað mál, að það má sýna það með mörgum dæmum og við höfum dæmi um það frá mörgum stofnunum, t. d. frá Hitaveitu Reykjavíkur, að með því að svelta þjónustustofnanir svo að þær fá ekki eðlilegan kostnað greiddan erum við að velta vandanum yfir á framtíðina. Ef við segjum að í dag þurfi að hækka um 10%, en það fæst ekki, þá þýðir það að öðru jöfnu að hækka þyrfti þessa þjónustu um 20% á næsta ári. Það sem frestað er í dag kemur á okkur seinna.

Hv. þm. talaði um að við værum að ganga af Arnarflugi dauðu, ef það fengi ekki heimildir til áætlunarflugs milli landa. Ég vil minna á að það er ekkert land í Evrópu sem treystir sér til þess að hafa tvö flugfélög í áætlunarflugi á milli landa, nema hvað Bretar og Frakkar gera eitthvert lítilræði af því. Meira að segja Norðurlöndin þrjú, skandinavísku löndin, eru með eitt flugfélag í áætlunum á milli landa, fyrir öll löndin, og telja að það sé ekkert vit í því að minnka þessa einingu. Það er einu sinni svo, í þessum rekstri ekki síður en öðrum, og frekar í þessum en flestum öðrum, að hagkvæmni stórrar rekstrareiningar er mjög augljós. Stærri flugvélar eru miklu ódýrari pr. farþega en minni vélarnar. Ef hv. þm. heldur að við séum að drepa Arnarflug með þessu, ef það eða eitthvert annað álíka félag fær ekki áætlunarflug milli landa, hvernig skýrir hann það þá, að áður en Arnarflug fékk þessa áætlunarheimild var verulegur rekstrarafgangur af leigufluginu, verulegur, í tugum milljóna, þrátt fyrir tap á innanlandsfluginu. Hann var í tugum milljóna króna rekstrarafgangurinn hjá þessu að mörgu leyti ágæta félagi. Núna er óttast um rekstrarafkomuna. Það skyldi þó ekki vera vegna þess að það er komið í áætlunarflug á milli landa.

Þessi þáltill. er auðvitað fyrst og fremst tilraun til að búa til opinbera stefnumótun, skynsamlega stefnumótun, í flugmálum, svo að ekki sé verið að breyta henni frá ári til árs. Hvaða vit er í því að halda uppi þeirri stefnumótun fyrir nokkrum árum að sameina flugfélögin til þess að losna við banvæna samkeppni og fara svo að taka upp þessa sömu samkeppni rétt á eftir, bara eftir því hvað ráðh. dettur í hug í það og það skiptið? Auðvitað verðum við að búa til einhverja skynsamlega stefnu í þessum málum og framfylgja henni, ekki hringla með hana fram og til baka öllum til skaða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 30). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Meðfylgjandi frv., sem ég mæli hér fyrir, er unnið af hópi sem ég kvaddi til haustið 1981 til þess að líta yfir lög um heilbrigðisþjónustu frá 1978 með síðari breytingum. Í hópnum áttu sæti Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., sem jafnframt stýrði starfi hópsins, Ólafur Ólafsson landlæknir og alþm. Salome Þorkelsdóttir, Jóhann Einvarðsson, Magnús H. Magnússon og Helgi Seljan.

Ég mun nú, herra forseti, rekja helstu nýmæli frv. þessa, en það er allviðamikið. Það eru 26 greinar og flestar þeirra innihalda efnisatriði sem ástæða er til að geta sérstaklega um.

Í 1. gr. frv. er tekið inn það ákvæði að á heilsugæslustöðvum skuli ekki einasta vera endurhæfingarstarf heldur læknisfræðilegt endurhæfingarstarf og er einkunninni „læknisfræðilegur“ bætt inn í gr. miðað við núgildandi lög.

Í 2. gr. er veigameiri breyting. Þar er gert ráð fyrir því að stofnuð verði sérstök nefnd til þess að sinna kvörtunum og kærum sem varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Nú eru þessi mál í höndum landlæknis eins. Hér er sem sagt lagt til að til hliðar við landlæknisembættið verði ákveðin sérfræðinganefnd sem auk þess megi vísa málum beint til ef upp koma klögumál á heilbrigðisþjónustuna eða starfsemi hennar.

Ég tel að hér sé um að ræða mjög mikilsvert ákvæði, sem hefði iðulega getað afstýrt misskilningi, togstreitu og erfiðleikum, bæði fyrir viðskiptamenn heilbrigðisþjónustunnar og fyrir starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar.

3. gr. frv. gerir ráð fyrir því að eigi sjaldnar en fjórða hvert ár verði haldið heilbrigðisþing. Heilbrigðisþing var haldið haustið 1980 í fyrsta sinn og þótti gefast þá mjög vel. Hér er gert ráð fyrir því að þetta verði reglulegur viðburður. Ég vil geta þess að ég hef miðað við það að heilbrigðisþing fjalli um afmarkað málefni, sem verði forvarnarstarf eða fyrirbyggjandi starf í heilbrigðismálum, heilsuvernd hvers konar.

Í 3. gr. frv. er jafnframt gert ráð fyrir því að Heilbrigðisráð Íslands verði lagt niður. Það var stofnað með lögunum 1973 og 1978, en það hefur ekki starfað og þykir ástæðulaust að framlengja það hér í lagabókstaf.

4. gr. frv. gerir ráð fyrir því að heilbrigðismálaráð læknishéraðanna hafi ekki með að gera skipulagningu á starfi ríkisspítalanna, að ríkisspítalarnir verði með öðrum orðum teknir út úr því verkefnasviði sem ætlað er heilbrigðismálaráðunum. Snertir þetta að sjálfsögðu fyrst og fremst heilbrigðismálaráðið í Reykjavík, þar sem Landsspítalinn er, en einnig heilbrigðismálaráðið á Norðurlandi eystra og heilbrigðismálaráðið í Reykjanesumdæmi.

5. gr. kveður á um verkefni héraðslækna sem starfa samkv. lögunum frá 1978 og settir eru eða skipaðir til fjögurra ára í senn. Í gildandi lögum vantar ákvæði um

störf þessara héraðslækna. Með 5. gr., eins og hún lítur út í frv., er reynt að bæta úr þeim ágalla.

Í 6. gr. er ákvæði um að launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða heilbrigðisstofnunum. Ákvæði um þetta vantaði einnig í lögin frá 1978.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því að nokkur breyting verði á starfsemi lækna við heilsugæslustöðvar hinar minni. Það má segja að þessi breyting í 7. gr. eigi uppruna sinn hér í hv. Ed. Í gr. er gert ráð fyrir því að ákvæðin um aðstoðarlækna, sem samþykkt voru hér á sínum tíma og urðu að lögum ég held vorið 1981, komi í rauninni hér inn og að við heilsugæslustöð H1 skuli starfa einn læknir hið minnsta í stað eins læknis. Hér eru því með orðalaginu opnaðir möguleikar á því að fjölga læknum við H 1 stöðvar sé slíkt talið brýnt. Enn fremur er lagt til að ráða megi lækna til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæli með slíku, og að heimilt verði að ákveða að læknir hafi aðsetur á Hstöð varanlega eða um tiltekinn tíma mæli sérstakar ástæður með því.

8. gr. frv. felur í sér nokkrar breytingar á heilsugæsluumdæmunum í landinu. Þar kunna að vera þær breytingar sem þm. staldra kannske einna mest við. Ég legg þó á það mikla áherslu að reynt verði að halda þannig á þeim umr. og þeim málum að ekki þurfi að tefja framgang þessa máls í þinginu.

Fyrsta breytingin í 8. gr. er sú, að það er lagt til að á Grundarfirði verði starfrækt H1 stöð í stað Hstöðvar. Eins og kunnugt er þá er Hstöð núna í Grundarfirði sem þjónað er frá Stykkishólmi. Í fyrsta þættinum er einnig gert ráð fyrir því að Reykhólar verði færðir undir Stykkishólmsumdæmi í stað Hólmavíkurumdæmis, eins og nú er, og að Gufudalshreppur, Geiradalshreppur og Flateyjarhreppur verði færðir undir Stykkishólmsumdæmi, í stað Hólmavíkurumdæmis, eins og nú er í lögunum.

Í öðru lagi er gert hér ráð fyrir því að Múlahreppur verði færður undir Patreksfjörð í stað Hólmavíkurumdæmis, eins og nú er kveðið á um.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að Bæjarhreppur verði færður undir Hvammstangaumdæmi í stað Hólmavíkurumdæmis, en þannig er háttað þjónustu við Bæjarhrepp núna að honum er þjónað frá Hvammstanga.

Í fjórða lagi er Kópaskeri ákvarðað starfssvæði, en það var ekki gert við endurskoðun laganna 1978. Þar var aðeins kveðið á um að hafa H1 stöð á Kópaskeri, en stöðinni var ekki ákvarðað starfssvæði eins og vera ber og nauðsynlegt er.

Í fimmta lagi er sú breyting lögð til á 8. gr. að Skeggjastaðahreppur er færður undir Vopnafjörð í stað Bakkafjarðar, en Bakkafjörður getur sem slíkur ekki haft ákveðið starfssvæði þar sem þar er eingöngu reiknað með Hstöð.

Í sjötta lagi er hér sú breyting að gert er ráð fyrir H2 stöð á Eskifirði í stað H1 stöðvar. Fólksfjöldi á svæðinu er orðinn það mikill að það getur í rauninni ekki talist neitt álitamál.

Í sjöunda lagi er hér lagt til að sett verði upp Hstöð að Hofi í Öræfum.

Í áttunda lagi er gert ráð fyrir því að taka ákvörðun um að á Stokkseyri verði Hstöð og í Þorlákshöfn H1 stöð í stað Hstöðvar. Enn fremur er lagt til að Þingvallahreppur falli undir Selfoss, þ. e. Árnesumdæmi í stað Reykjanesumdæmis.

Í níunda lagi er svo lagt til í 8. gr. að í Grindavík verði H1 stöð í stað Hstöðvar og að í Vogum verði Hstöð. Enn fremur er lagt til að Vatnsleysuhreppur falli undir Keflavíkurumdæmi, enda í reynd þjónað frá Keflavík, í stað Hafnarfjarðarumdæmis, eins og stendur í núgildandi lögum.

Hér hef ég talið upp helstu breytingarnar á 8. gr. þessa frv. og vík þá að 9. gr., en hún felur í sér þá meginbreytingu að heimilt verði að ráða sjúkraþjálfara framvegis við heilsugæslustöðvar. Þessi breyting felur það ekki í sér að sjúkraþjálfarar verði skilyrðislaust ráðnir við allar heilsugæslustöðvar heldur eingöngu við þær stærstu og allt samkvæmt nánari ákvörðun heilbr.- og trmrn. og fjárveitingayfirvalda á hverjum tíma.

Í 9. gr. er sú brtt. gerð að ráðh. geti ákveðið að sjúkraliði gegni störfum á heilsugæslustöð og taki laun úr ríkissjóði þegar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fást ekki til starfa. Á slíkt hefur reynt bæði á Suðureyri og Ólafsfirði í minni ráðherratíð og hefur þá þurft að fara krókaleiðir með greiðslur, þ. e. viðkomandi sveitarfélag hefur greitt sjúkraliðalaunin, en síðan hefur rn. endurgreitt úr læknishéraðasjóði.

10. gr. frv. kveður á um framkvæmdir við byggingu og búnað heilsugæslustöðva og er efnislega eins og ákvæði laga um skólakostnað frá 1967, að nokkru leyti með ákveðnum breytingum sem gerðar voru af mér og rn., þar sem mér fannst að tillaga nefndarinnar gengi í rauninni fulllangt í þá veru að fastbinda framlög til heilsugæslustöðva og taka þannig ákvörðunarvald úr höndum Alþingis. Greinin hljóðar svo nú: „Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en fyrir liggur skriflegt samþykki ráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis þess verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi. Kostnaðaráætlun skal miðast við þann tíma er hún er staðfest og taka þeim breytingum sem vísitala byggingarkostnaðar tekur frá staðfestingardegi til útborgunardags."

Ég held að hér sé um ákaflega mikilvægt ákvæði að ræða, þó að nokkuð hafi verið linað á því frá því sem það var í upphaflegri tillögu þingmannanefndarinnar.

Í 11. gr. eru ákvæði um það hvaða starfsemi á að vera á heilsugæslustöðvum. Þar eru nokkur nýmæli. Í fyrsta lagi er lagt til að sjúkraflutningar verði teknir inn sem eitt af verkefnum heilsugæslustöðva. Í öðru lagi er lagt til að heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi verði eitt af verkefnum heilsugæslustöðvanna. Í þriðja lagi tóbaksvarnir og í fjórða lagi að í félagsráðgjöf skuli m. a. fólgin fjölskyldu- og foreldraráðgjöf. Síðan er sérstaklega vísað til laga nr. 46 frá 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að því er snertir atvinnusjúkdóma og varnir gagnvart þeim.

Enn fremur segir hér í 11. gr. að aðsetur heilbrigðisfulltrúa skuli vera þar sem heilsugæslustöð er þar sem slíku verði við komið.

Í 12. gr. er kveðið á um það hvernig reksturskostnaður heilsugæslustöðva verði greiddur. Breytingin á greininni, sem lögð er til þarna, er í framhaldi af fyrri brtt. í frv. þessu.

Í 13. gr. er nýtt ákvæði sem er á þá leið að við 21. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: „Sveitarfélög innan sama heilsugæsluumdæmis geta samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Skal í slíkum tilvikum gera samning um eina stjórn, kosningu fulltrúa sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu. Skal samningurinn staðfestur af ráðherra." Hér er m. a. átt við sveitarfélög eins

og Reykjavík. Hér gæti hugsanlega komið inn sveitarfélag eins og Hafnarfjörður, ef þar yrði um að ræða fleiri en eina heilsugæslustöð, en hér gætu einnig komið inn fleiri sveitarfélög á stærra svæði sem tækju sig saman um yfirstjórn heilsugæslustöðva.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir því að leita þurfi umsagnar stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar um umsóknir lækna og tannlækna um störf á heilsugæslustöðvum. Það er nýmæli. Til þessa hefur málið yfirleitt farið venjulega leið, til stöðunefndar og síðan til ráðh., en hér er gert ráð fyrir umsögn frá stjórnum heilsugæslustöðva.

Í 15. gr. er talað um flokkun sjúkrahúsa, hver hún skuli vera, og þar eru nokkrar breytingar frá núgildandi lögum. Þar er t. d. lagt til að í stað orðsins sjúkraskýli, sem sums staðar eru starfrækt t. d. í Bolungarvík, komi heilsugæslusjúkrahús og í stað orðsins gistiheimili, sem hér er starfrækt t. d. í Reykjavík á vegum Rauða krossins, komi sjúkraheimili. Þessar brtt. gerði nefndin og ég féllst á að flytja frv. með þeim hætti. Ég verð þó að játa að ég er ekki allt of ánægður með orðið heilsugæslusjúkrahús og bið hv. þingnefnd að taka til athugunar hvort ekki mætti finna þar heppilegra orð, þó að orðið sjúkraskýli lýsi náttúrlega ekki á nokkurn hátt þeirri starfsemi sem fram fer t. d. í sjúkraskýlinu í Bolungarvík.

Hvað snertir vinnu- og dvalarheimili eru felld niður ákvæðin sem segja að á slíkum stofnunum skuli taka til vistunar líkamlega bæklaða eða fávita, eins og það er orðað í núgildandi lögum. Slík heimili, að því er snertir fatlaða, falla í dag undir lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta.

Í 16. gr. er um að ræða mikilvægt ákvæði. Þar er gert ráð fyrir því að ráðh. skuli með reglugerð kveða á um samvinnu og samstjórn sjúkrahúsa í landinu. Það hefur skort mjög á samstarf sjúkrahúsa, ekki síst t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu, og það er gert ráð fyrir að ef Alþingi féllist á till. af þessu tagi yrði unnt að kveða á um faglega samstjórn sjúkrahúsa, t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu. Þessi till. er í samræmi við samþykktir heilbrigðisþings, sem gerðar voru árið 1980, og ég hygg að allir, sem þekkja til yfirstjórnar heilbrigðismála, sjái hversu nauðsynlegt er að svona samstjórn eða samvinna verði til.

Ég vil aðeins í tilefni af 15. og 16. gr. frv. taka það fram að nú er í undirbúningi útgáfa reglugerðar um flokkun sjúkrahúsa. Sú reglugerð hefur verið í undirbúningi um alllangt skeið og átti að verða til strax samkv. lögunum frá 1973. Heilbrmrn. hefur ekki komið þeirri reglugerð neitt áleiðis fyrr en núna, og það er ljóst að í þeim efnum rekumst við á mörg sker þannig að það verður erfitt að koma þeirri reglugerð út. Það vilja fáir breyta þeim húsum sem þeir hafa með að gera. Mjög margir vilja hins vegar auka stórlega við þá heilbrigðisþjónustu sem sjúkrahús þeirra þegar hafa. Og þegar kemur að Reykjavík þá vill auðvitað enginn missa spón úr sínum aski en allir fá viðbótarþjónustu. Þó um sé að ræða lengri framtíð þá vilja allir fá möguleika á að taka inn á sig sem allra flestar sérgreinar læknisfræðinnar. Hér er með öðrum orðum um að ræða mjög mikinn vanda. En þetta er mjög nauðsynlegt mál vegna þess að tvíverknaður í heilbrigðisþjónustunni er dýr, og þjóðin hefur ekki efni á slíku.

Í 17. og 18. gr. er eingöngu um orðalagsbreytingar að ræða.

19., 20. og 21. gr. fjalla um framkvæmdastjóra sjúkrahúsanna og forstjóra ríkisspítalanna og eru viðleitni í þá átt að festa stöðu þessara aðila. Við teljum mjög mikilvægt að rekstraraðilarnir, sem með fjármunina fara frá degi til dags, hafi meiri ábyrgð og áhrif á spítölunum en nú er. Samkv. núgildandi lögum er í rauninni mestöll ábyrgð í höndum fagstéttanna, hjúkrunarfræðinga og lækna, en hér gerum við ráð fyrir því að framkvæmdastjórar spítalanna fái meiri áhrifamöguleika en verið hefur.

Hér er um að ræða mjög þýðingarmikið nýmæli að mínu mati sem ég bið hv. Alþingi að líta á með velvild.

Í 20. gr. eru nokkur ákvæði um breytingu á yfirstjórnum sjúkrahúsanna. Ég held að það sé ekki viðkunnanlegt annað en að lesa greinina í heild hér í framsöguræðu fyrir þessu frv., svo mikilvæg er hún. Í greininni segir: „Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn heilbr.- og trmrn., en stjórn þeirra allra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig að starfsmannaráð ríkisspítala tilnefnir tvo menn, — þannig er það einnig núna — sameinað Alþingi fjóra — hér er um að ræða nýmæli, að kalla Alþingi inn í yfirstjórn ríkisspítalanna — og ráðh. skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. — Það er óbreytt frá því sem nú er. — Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðh. að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri ríkisspítalanna í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis."

Síðan kemur 30. gr. 2. tl. og þar segir: „Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af fimm manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir (í Reykjavík heilbrigðismálaráð) þrjá menn og ráðh. tilnefnir einn fulltrúa, og skal hann vera búsettur í sveitarfélagi sem aðild á að sjúkrahúsinu. Þegar um einkasjúkrahús er að ræða eða sjálfseignarstofnun kýs starfsmannaráð einn stjórnarmann, ráðh. tilnefnir einn, sem búsettur skal í viðkomandi sveitarfélagi, en eigendur kjósa þrjá menn."

Eins og þessum málum er háttað núna greiðir ríkið milli 85 og 90% af þeim kostnaði, sem til fellur á einstökum sjúkrahúsum, en það hefur ekki möguleika til þess að hafa áhrif á daglega stjórnun stofnananna. Þetta tel ég óeðlilegt. Hér er um að ræða till. sem ég legg fyrir þingið og ber alla ábyrgð á.

Ég vil segja það að ég vona að hv. Alþingi taki á þessu með skilningi, og ég vona að við getum haldið umr. um þetta á málefnalegu plani, þannig að við þurfum ekki að lenda í pólitískri togstreitu um atriði af þessum toga. Hér er um að ræða fyrirkomulagsatriði, og ef þingið vill leggja til annað fyrirkomulag þá er ég opinn fyrir því. Aðalatriðið í mínum huga er það að um sé að ræða skilvirka og skýra stjórn á heilbrigðisþjónustunni.

Þetta taldi ég rétt, herra forseti, að taka fram varðandi yfirstjórn sjúkrastofnananna. Ég held að það séu engin ákvæði í 21. eða 22. gr. sem ástæða er til að fjalla hér frekar um.

Ég vil aðeins geta þes að í 23. gr. er lagt til að um framkvæmdir við sjúkrahúsabyggingar gildi sömu framkvæmdareglur og getið er um að framan varðandi byggingar heilsugæslustöðva, en hér segir um það efni í 22. gr.: „Ráðh. lætur gera áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við heilbrigðismálaráð hér-

aðanna og landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin skal gerð til fjögurra ára og endurskoðast annað hvert ár og staðfest af Alþingi. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

Ég vil láta þess getið að ég hef látið vinna í heilbr.- og trmrn. áætlun um framkvæmdir í heilbrigðismálum til 5 og til 10 ára. Ég hef ekki gert þá áætlunartillögu mína að opinberu plaggi. Ég er hins vegar fús til þess, ef heilbr.- og trn. óskar eftir, að láta henni í té þessa áætlunartillögu. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að gerðar séu áætlanir um framkvæmdir í heilbrigðismálum á hinum einstöku svæðum, þannig að tilviljanir ráði því ekki eða pólitískur þrýstingur hvar stofnanir eru settar niður á hverjum tíma. Þar hefur okkur iðulega mistekist dálítið að mínu mati, og ég vona að áætlunargerð verði til þess að bæta þar nokkuð úr. Ég vona líka að áætlunartillaga heilbr.- og trmrn. verði heilbr.- og trn. þessarar deildar til glöggvunar. Ég vænti þess að menn líti á hana eins og hverja aðra till. en geri engar tilraunir til þess að gera hana að pólitísku bitbeini, vegna þess að í slíkri áætlunartillögu af okkar hálfu er að sjálfsögðu tekið á mörgum viðkvæmum pólitískum atriðum varðandi skiptingu framkvæmda niður á kjördæmin, sem menn gætu sjálfsagt gert sér mat úr, ef þeir væru í þannig skapi.

Að lokum, herra forseti, ætla ég svo að geta um ákvæði til bráðabirgða en það er mikilvægt. Þar segir orðrétt: „Heilsuverndarstarf samkv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1983." Mörgum kann að finnast þetta of knappur frestur úr því að við erum komin þetta langt fram á árið 1982. Nefndin þarf að taka afstöðu til þess og færa þá til tölu. Ég vil hins vegar geta þess að ég geri mér góðar vonir um að það sé ekki langt í að heilsugæslukerfi verði komið á víðast hvar ekki seinna en á árinu 1984, með þeim hraða sem nú er fyrirhugaður.

Á nokkrum stöðum gerast breytingar núna á næstu mánuðum. Í því efni vil ég nefna Ísafjörð. Þar hefur verið starfrækt heilbrigðisþjónusta samkv. heilsuverndarlögunum, en við gerum ráð fyrir því að heilsugæslustöð taki til starfa á Ísafirði eftir ekki mjög langan tíma og þar með verði svæðið sett undir heilsugæslulögin nýju. Ég geri mér einnig vonir um að unnt verði að stíga skref í þessum efnum í Hafnarfirði áður en langur tími líður. Hið sama er reyndar að segja um Reykjavík, þar sem samkomulag hefur náðst milli borgaryfirvalda, fjmrn., heilbrmrn. og heimilislækna í Reykjavík um fyrirkomulag nýs kerfis hér í höfuðborginni, sem gæti vafalaust orðið okkur til styrktar og greitt götu þess að heilsuverndarkerfið gamla yrði lagt niður hér í Reykjavík. Viðræður hafa staðið yfir og standa nú yfir milli heilbrigðisyfirvalda og borgaryfirvalda í Reykjavík um þetta mál.

Ákvæði til bráðabirgða þarf sem sagt athugunar við. Á bak við það er þessi saga um heilsuverndarstarfið og hvernig það hefur aðlagast heilsugæslukerfinu á undanförnum árum.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan átti sæti í þeim starfshópi sem ég setti á laggirnar haustið 1981 nokkrir alþm. sem ég nefndi. Að sjálfsögðu tók frv. nokkrum breytingum í meðferð ríkisstjórnarinnar og heilbrmrn. Á þeim breytingum svo og á frv. í heild ber ég að sjálfsögðu fulla ábyrgð. En ég þakka þm. öllum fyrir gott starf af þeirra hálfu og ég er viss um að það var stuðningur að því fyrir starfsmenn heilbrmrn. að fá ráðleggingar þm. við meðferð málsins í stjórnarráðinu og rn.

Herra forseti. Ég tel að það væri mikilvægt ef samstaða tækist um mál þetta þannig að það yrði afgreitt á yfirstandandi þingi. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það frv. sem hér hefur nú verið lagt fram af hæstv. heilbr.- og trmrh. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu felur ekki í sér neinn heildaruppskurð eða stefnumarkandi breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég lít svo á að hér hafi fyrst og fremst verið um að ræða ýmsar lagfæringar og hagræðingar á núgildandi lögum.

Heilbrigðisþjónustan er viðamikill málaflokkur. Það eru skiptar skoðanir um ýmsa þætti hans og hvernig að þeim skuli staðið. Væntanlega mun viðkomandi hagsmunaaðilum gefast tækifæri til að koma sínum athugasemdum og skoðunum á framfæri þegar heilbr.- og trn. tekur til starfa og fer að fjalla um þetta frv. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. og hæstv. ráðh. skýrði reyndar hér frá var skipuð starfsnefnd sem vann að endurskoðun laganna. Ég var einn af þeim þm. sem áttu sæti í þeirri nefnd. Ég vil við þetta tækifæri lýsa ánægju minni með það ágæta samstarf sem var innan nefndarinnar. Ég tel að ýmsar lagfæringar sem settar voru í frv. séu til bóta, en að sjálfsögðu geta verið skiptar skoðanir um það.

Þar sem ég á sæti í heilbr.- og trn. Ed. tel ég ekki ástæðu til að fjalla á þessu stigi málsins um efnisatriði frv. Ég fagna því að frv. kemur fram nú í upphafi þings. Það verður þá væntanlega nægur tími til að fjalla um það, a. m. k. ef þetta þing á einhverja lífdaga framundan. En það kemur væntanlega í ljós fljótlega hvort svo verður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 26). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs. Um s. l. áramót, þegar fiskverð var ákveðið, taldi Þjóðhagsstofnun að afkoma útgerðarinnar væri með nokkrum halla eða samtals ÷ 3.3%, þar af bátar með ÷ 4.5, minni togarar ÷ 2 og stórir togarar ÷ 4.5%. Þetta er að vísu nokkru minni halli en að mati Þjóðhagsstofnunar hefur verið á útgerð iðulega á undanförnum árum, allt frá 1974. Sum árin hefur halli þessi reyndar verið langtum meiri, t. d. á árunum 1974—1976, þegar rekstur útgerðar samtals, eins og nefnt er í töflum Þjóðhagsstofnunar, var með halla upp á allt að 14.0%. Reyndar er það athyglisvert að þessi ár

öll telur Þjóðhagsstofnun að útgerð hafi ekki verið rekin með hagnaði hér á landi. Næst því komist árið 1979 með ÷ 3.4%. Þessar útkomutölur eða áætlanir Þjóðhagsstofnunar breyttust hins vegar mjög fljótlega vegna þess aflabrests sem varð á árinu. Sérstaklega bitnaði það mjög á togurunum sem urðu fyrir verulegum aflabresti á vormánuðum. Var þá fljótlega ljóst að í stað þess að vera um það bil ÷ 4.0% var þessi afkoma um það bil eða jafnvel töluvert yfir ÷ 16%. Og við endanlegt mat á afkomu útgerðarinnar í maímánuði var reyndar talið að afkoma togaraflotans væri komin niður fyrir — 20%, og reyndar ÷ 30% hjá stóru togurunum, í versta tilfelli gætum við sagt, þ. e. miðað við áframhaldandi aflabrest.

Ég skipaði þess vegna í júní starfshóp til að gera úttekt á þessari mjög svo breyttu stöðu útgerðarinnar. Starfshópur sá skilaði mér skýrslu 28. júní. Var þar bæði gerð athugun á afkomu útgerðar fram að þeim tíma — eða við skulum segja á fyrra helmingi ársins — og einnig hvað áætla mætti um afkomu útgerðar á síðari hluta þessa árs. Í þessum starfshópi voru frá rn. Bogi Þórðarson og Magnús Ólafsson, Kristján Ragnarsson og Ágúst Einarsson frá útgerðarmönnum, Þórður Friðjónsson frá forsrn., Ólafur Davíðsson og Rósmundur Guðnason frá Þjóðhagsstofnun.

Í örfáum orðum var það niðurstaða þessa starfshóps að halli á togaraflotanum á fyrra hluta ársins, eða frá janúar til maí eins og tölur lágu þá fyrir um, hefði numið 126 millj. kr. og jafnframt, eins og fyrr var nefnt, að afkoma á minni togurunum væri í staðinn fyrir að vera um það bil ÷ 2% orðin nálægt ÷ 20% vegna aflabrestsins. Einnig er í þessari skýrslu gerð athugun á afkomu togaraflotans mánuðina júní—des. Það er að sjálfsögðu nokkru erfiðara við að eiga þar sem gefa verður sér ákveðnar forsendur. En hópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ef áframhald verði svipað og á fyrri hluta ársins hvað varðar afla á úthaldsdag og samsetningarbreyting afla verði svipuð og orðið var, þá sé hallinn orðinn um 16—17% og um 25% hjá stærri togurunum. Hins vegar miðað við það að afli lagist og verði svipaður og hefur verið undanfarin ár, þá yrði þessi halli á bilinu 10—14%.

Við þessar aðstæður varð ljóst að grípa varð til aðgerða til þess að rétta við starfsgrundvöll útgerðarinnar. Í beinu framhaldi af skýrslu þessa starfshóps hófst á vegum sjútvrn. athugun á því hvernig það mætti gera. Í sambandi við brbl. þau sem gefin voru út um efnahagsmálin í lok ágúst var ákveðið að færa gengismun, þ. e. helming af gengishagnaði fiskvinnslunnar, að hluta til togaraútgerðarinnar og að hluta til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, eins og gert hefur verið í fjölmörgum tilfellum áður. Hins vegar kom í ljós að svigrúm það sem gafst með þeirri gengisfellingu var hvergi nærri nægjanlegt til þess að rétta við þessa slæmu afkomu útgerðarinnar fram í tímann. Því var horfið að því ráði að lagfæra fyrst og fremst þann mikla halla sem orðið hafði á útgerð á fyrri hluta ársins. Með brbl. var ákveðið að greiða til togaraútgerðar samtals 80 millj. kr. eða um það bil 3/4 af þeim halla sem starfshópurinn taldi að orðið hefði á útgerð togara á tímabilinu jan.—maí. Einnig var ákveðið að leggja 10 millj. kr. í Fiskimálasjóð. Verður því fjármagni varið í fyrsta lagi til útlána vegna orkusparandi aðgerða í útgerð og í öðru lagi vegna átaks til þess að bæta gæði fisks og fiskafurða. Loks var ákveðið að verja 15 millj. kr. til þess að lagfæra útlánakjör á öðru fjármagni sem veita á loðnuverksmiðjum vegna þess brests sem orðið hefur á loðnuafla. Er það gert á grundvelli niðurstöðu sérstakrar nefndar sem skipuð var til að skoða þau vandamál. Þá var ákveðið að verja 5 millj. kr. í Lífeyrissjóð sjómanna. Að lokum var ákveðið að eftirstöðvar skuli renna í Stofnfjársjóð fiskiskipa, eins og áður hefur verið gert, til þess að mæta þar hækkunum sem verða á gengistryggðum lánum.

Eins og ég sagði áður var ljóst að með þessum aðgerðum í efnahagsmálum í lok ágústmánaðar skapaðist ekki svigrúm til þess að lagfæra stöðu útgerðarinnar svo sem nauðsynlegt mátti teljast. M. a. stafaði þetta af því að sú gengisfelling, sem þá var ákveðin í fullu samræmi við tillögu Seðlabanka Íslands, skapaði ekki meira svigrúm og sömuleiðis hefur athugun á stöðu ríkissjóðs leitt í ljós að þar er ekki svigrúm til þess að verja fjármagni svo umtalsvert verði í þessu skyni.

Með tilvísun til þessa þótti mér rétt að beita mér fyrir því að fiskverðshækkun gæti orðið nokkru meiri en almennt hafði verið gert ráð fyrir. Eftir að ákvörðun um fiskverð kom ti yfirnefndar átti ég að sjálfsögðu fundi bæði með kaupendum og seljendum og leitaði þar eftir samkomulagi um það að fiskverðshækkun gæti orðið allt að 20%. Um það varð hins vegar ekki samkomulag. Fulltrúi útgerðar hafnaði því. Hins vegar hafnaði fulltrúi sjómanna því ekki og kvaðst reiðubúinn til að athuga slíka fiskverðshækkun. Um það var því ekki að ræða og varð niðurstaðan sú, að samið var við kaupendur um 16% fiskverðshækkun, sem ég tel reyndar að hafi verið í efri kanti þess sem kaupendur gátu með góðu móti rökstutt.

Ég þarf ekki að rekja hér þau átök sem síðan urðu við útgerðina út af þessum málum. En til að gera langa sögu stutta vísa ég í fyrsta lagi til þeirra brbl. sem hér liggja nú fyrir til staðfestingar um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs.

Til meðferðar hefur verið alllengi olíuverð til fiskiskipa og m. a. mikið um það rætt að olíuverð til fiskiskipa hér á landi, sérstaklega verð á gasolíu, er allmiklu hærra en gengur og gerist í höfnum erlendis. Mun munur á gasolíuverði þar og hér vera um það bil 40%. Allítarleg athugun fór því fram á þessu og hófst reyndar þegar í vor eftir að erfið staða útgerðar varð ljós. Í þeirri athugun kemur fram að á hinu íslenska olíuverði hvíla ýmsir liðir sem kannske má segja að orki tvímælis og verða til þess að hækka verulega olíuverð hér. Ég nefni þar í fyrsta lagi skuld við Innkaupajöfnunarsjóð olíu, er nam samtals fyrir um það bil hálfum öðrum mánuði 44 millj. kr., bæði á svartolíu og gasolíu. Í öðru lagi hvílir á olíunni skuld vegna láns sem tekið var 1979 til þess að dreifa á lengri tíma þeirri skuld sem þá hafði safnast á innkaupajöfnunarreikning olíu. Það lán er nú að eftirstöðvum um 30 millj. kr. Samtals eru þetta 74 millj. kr., en á gasolíunni nemur það álag sem á er lagt til að greiða þessar skuldir um 8% af verði olíunnar. Þá hvílir einnig á olíunni dreifingarkostnaður, sem er á gasolíuna rúmlega 12%, en hins vegar á svartolíuna rúmlega 8%. Þá er einnig lagt á verðjöfnunargjald, sem er að vísu töluvert minna en það er þó um 3—4%, og sömuleiðis eru smávægilegir tollar, þ. e. innflutningsgjald, bankakostnaður o. þ. h. sem allt hefur verið athugað mjög gaumgæfilega og nemur samtals um það bil 2%.

Í sambandi við efnahagsaðgerðirnar í ágúst samþykkti ríkisstj. að fella niður öll þau opinber gjöld sem á olíunni hvíla, þ. e. gasolíu og svartolíu, og jafnframt að beita sér

fyrir lækkun á bankakostnaði sem á er lagður. Umræður hafa farið fram um þetta og er að því stefnt að þessir liðir verði felldir niður eða lækkaðir svo sem frekast er kostur. Þó verður ekki komist hjá nokkrum útgjöldum í þessu sambandi, fyrst og fremst bankakostnaði, en mér sýnist að þarna gæti orðið lækkun upp á um það bil 1.5%. Það er að vísu ekki nema dropi í hafið, en sjálfsagt virðist þó að fella slík gjöld niður.

Þá var einnig allmikið um það rætt að greiða þær skuldir sem á innkaupajöfnunarreikningi hvíla, og sömuleiðis þá skuld sem ég nefndi áðan upp á 30 millj. kr., sem er eftirstöðvar af láninu frá 1979. Ég lét einnig fara fram athugun á því hvort hugsanlegt væri að lækka verðjöfnunargjaldið með tilliti til þess að þetta er verðjöfnunargjald sem á olíu er lagt fyrir alla notkun, þ. e. ekki bara á fiskiskip heldur einnig til upphitunar og á bifreiðar o. s. frv. Niðurstaðan varð sú, að mjög lítil lækkun yrði eða um það bil 0.7% þótt þetta yrði aðskilið eftir notkun, þ. e. sérstaklega reiknað fyrir fiskiskip og hins vegar fyrir aðra notkun. En almennt má segja að í ljós kom að sú leið sem að ýmsu leyti væri æskileg, að fella niður og létta af svona gjöldum, er allmargslungin og krefst nýrra útreikninga og áætlana hjá Verðlagsstofnun og olíufélögum, sem tekur eitthvað lengri tíma.

Ég vil geta þess í sambandi við olíuna að þau innkaup, sem gerð voru frá breska olíufélaginu á fyrra ári og menn réðust í í þeirri von að þar fengist meira öryggi og kannske einnig eitthvað lægra verð, urðu hins vegar til þess að hækka hér verulega olíuverð. Sú olía, sem þaðan var keypt, reyndist þegar upp var staðið 3.2 millj. dollara dýrari en olía keypt á sama tíma frá Sovétríkjunum. Að sjálfsögðu má varpa þeirri spurningu fram hvort rétt sé að leggja þá byrði alfarið á olíunotendur og þá ekki síst á útgerð. Mér sýnist vel koma til greina að skoða einnig þessa staðreynd.

Þá vil ég geta þess í sambandi við olíukostnaðinn að hann hefur aukist mjög verulega á undanförnum árum. Olíukostnaður — þá á ég við fyrir minni togarana, þar sem notkunin er nú mest — var um það bil 11% aflaverðmætis 1973, hækkaði síðan 1976 við olíuhækkunina upp í 17.4, lækkaði síðan með ýmsum aðgerðum niður í 15.1% 1977. — Reyndar er rétt að hafa í huga að þarna á milli er settur á fót Olíusjóður, sem ég kem að síðar, að öðrum kosti hefði olíukostnaður verið verulega hærri. — 1977 er olíukostnaður 15.1%, 1978 14.9%, 1979 18.3%, 1980 20.5% og í sept. í ár var olíukostnaður áætlaður á minni togara tæplega 25%. Menn hafa furðað sig á þessari gífurlegu hækkun, ekki síst með tilliti til þess að olíuverð í Rotterdam hefur staðið nokkurn veginn í stað í dollurum. Að vísu hafa orðið smávægilegar hækkanir með haustinu, eins og algengt er, þ. e. gasolíuverð hækkaði í haust úr 288 dollurum í 308. Það er hins vegar alls ekki meiri sveifla og reyndar heldur minni en varð á fjórða ársfjórðungi 1981, þó að vera kunni að hækkun á olíu á síðasta ársfjórðungi sé ekki öll komin fram. Reyndar er það athyglisvert að gasolíuverð í Rotterdam er í dollurum það sama nú og það var 1978. Ef við setjum það á 100 þá, þá er það 100 nú, að sjálfsögðu einnig í dollurum. Það var 307 dollarar, ársmeðaltal 1980, en er nú í sept. 308, þannig að það er alls ekki um það að ræða að gasolíuverð — og reyndar á það einnig við svartolíuna að mestu leyti — hafi hækkað á heimsmarkaðinum þessi árin. Hitt er svo annað mál, að olíuverð er skráð og fyrir olíuna greitt í dollurum, og dollarinn hefur eins og kunnugt er breyst ákaflega mikið og olíuverð að sjálfsögðu þá í íslenskum krónum í samræmi við það.

Eftir þessa athugun á olíu og leiðum til þess að lækka olíukostnað þótti mér sýnt að þær tækju töluvert lengri tíma en viðunandi væri. Var því horfið að því ráði að endurvekja til bráðabirgða þann Olíusjóð fiskiskipa sem settur var á fót 1973 og lagður niður 1976. Að vísu voru greiðslur úr þeim olíusjóði langtum meiri en gert er ráð fyrir nú, sem hlutfall af olíukostnaði, og þótti þá stundum orðið varhugavert. Voru færð rök að því að um misnotkun kynni að vera að ræða.

Ákeðið var að verja 60 millj. kr. til þess að greiða niður olíu í gegnum olíusjóð á fjórum síðustu mánuðum þessa árs, og eins og segir í 2. gr. þessara laga þá er gert ráð fyrir því að verja um það bil helmingi af innistæðu í Tryggingasjóði fiskiskipa, þ. e. 30 millj. kr. af greiðsluafgangi þar, í þessu skyni. Jafnframt er ákveðið í þessum brbl. að Olíusjóði fiskiskipa skuli heimilað að taka lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr., sem ríkissjóði er jafnframt heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð. Ljóst var að þessar aðgerðir einar út af fyrir sig, þó að þær séu mikilvægar og nemi um það bil 180 millj. kr. á ársgrundvelli, dugðu ekki til að bæta svo afkomu útgerðar að viðunandi væri. Þess vegna varð að samkomulagi eftir viðræður við fiskkaupendur að gera jafnframt ráð fyrir hækkun á hinu almenna fiskverði, sem ákveðið var 1. sept. s. l., um 4%. Svigrúm hafði skapast til slíkrar fiskverðshækkunar vegna mikillar hækkunar á dollaranum sem reyndar hefur haldið áfram. Hefur þessari fiskverðshækkun verið að fullu mætt gagnvart fiskvinnslunni með hækkun á gengi dollarans.

Einnig var í þessu sambandi frá því gengið við Landssamband ísl. útvegsmanna að áfram héldi athugun á hinum ýmsu þáttum sem gætu orðið til þess að bæta hag útgerðar. Kemur það fram í bréfi sem sjútvrn. ritaði Landssambandi ísl. útvegsmanna 16. sept. 1982. Þar eru reyndar dregnar saman þessar aðgerðir. Vil ég, með leyfi forseta, lesa bréf þetta. Þar segir:

„Ráðuneytið vísar til bréfs dags. 8. þ. m. um rekstrarvanda fiskveiðiflotans og stöðvun hans, svo og svarbréfs Landssambands ísl. útvegsmanna dags. 10. þ. m. Vill rn. hér með upplýsa að ríkisstj. hefur í dag ákveðið eftirgreindar aðgerðir til að bæta rekstrargrundvöll útgerðar.

1. Verð á gas- og svartolíu til fiskiskipa verði lækkað um 20% frá og með 1. sept. s. l. með greiðslum úr olíusjóði sem á fót verði settur. Fjármagn sjóðsins á þessu ári verði 30 millj. kr. af greiðsluafgangi Tryggingarsjóðs fiskiskipa og 30 millj. kr. lán með ríkisábyrgð frá Seðlabanka Íslands.

2. 100 millj. kr. af tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs á árinu 1981 verði ráðstafað til lækkunar vaxta sem greiddir eru úr sjóðnum frá 1. okt. 1982 til 1. okt. 1983.

3. Útgerðinni verði gert kleift að breyta talsverðum hluta vanskila- og skammtímalána í lán til lengri tíma þannig að ætla megi að fjármagnskostnaður meðalfyrirtækis verði viðráðanlegur.

4. Fjármagnskostnaður nýrra skipa, einkum þeirra sem smíðuð hafa verið innanlands, verði athugaður sérstaklega.

5. Hluti framangreindra aðgerða til stuðnings útgerð fiskiskipa gildir til næstu áramóta. Tíminn fram að ára-

mótum verði notaður til að fjalla í samráði við hagsmunaaðila um vanda útgerðar og aðgerðir til að bæta rekstrargrundvöll á næsta ári."

Skal ég að lokum fara nokkrum orðum um þá liði sem ég hef nú rakið og lesið. Um 1. liðinn hef ég fjallað, þ. e. lækkun á olíukostnaði. Þó vil ég geta þess að við athugun, sem Þjóðhagsstofnun gerði eftir að brbl. voru sett, kemur í ljós að þær 60 millj., sem í lögunum er ákveðið að verja í þessu skyni, munu duga nokkru betur en ráð var fyrir gert í þessu bréfi, þ. e. munu geta náð lengra en að greiða niður 20%. Um það var því rætt við fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna hvernig að þessu máli yrði komið. Kom til greina að eiga nokkurn afgang vegna hækkana, sem kynnu að verða síðar á þessu ári og má telja mjög líklegar ef ekki öruggar því miður, vegna breytingar á dollaragengi, eða greiða strax nokkru meira niður. Niðurstaðan varð sú að gera ráð fyrir 22% lækkun á olíuverði nú strax. Að mati Þjóðhagsstofnunar þarf til þess 56 millj. kr. til áramóta. Það sem fyrst og fremst veldur því að fjármagnið dugar betur er sú staðreynd að loðnuveiðar verða að öllum líkindum engar á þessu ári.

2. liður fjallar um tekjuafgang Fiskveiðasjóðs. Í ársreikningum Fiskveiðasjóðs fyrir árið 1981 er færður tekjuafgangur að upphæð 165 millj. kr. Vanskil við sjóðinn eru hins vegar gífurlega mikil eða rúmlega 400 millj. kr. Þessi tekjuafgangur er því í raun og veru aðeins á pappírnum. Þessi ráðstöfun á tekjuafgangi til þess að lækka vexti á næsta tímabili, 1982—1983, verður heldur ekki til þess að draga úr greiðslugetu eða gera greiðslustöðu sjóðsins verri á því ári. Við getum sagt því miður, því að þar er, eins og ég sagði, um gífurlega mikil vanskil að ræða. Þessi færsla verður fyrst og fremst til þess að minnka vanskil útgerðarinnar við sjóðinn og þá að sjálfsögðu jafnframt að draga úr greiðslubyrði útgerðarinnar þegar til lengri tíma er litið.

Greiðsluvandi Fiskveiðasjóðs stafar fyrst og fremst af því að sjóðurinn er enn að yfirtaka lán vegna fiskiskipa sem keypt eru erlendis og einnig bráðabirgðalán sem veitt er til smíða innanlands og eru almennt til 7 ára. Síðan yfirtekur Fiskveiðasjóður þau og lengir til 18 ára. Töluvert er enn útistandandi af slíkum lánum sem Fiskveiðasjóður er enn þá að yfirtaka. Samkv. áætlun sjóðsins verður því greiðslustaða hans mjög erfið á næstu þremur árum. Til viðbótar hefur svo komið á þessu ári sú staðreynd, að greiðslugeta útgerðar með aflabrest á herðum hefur orðið miklu lakari en áður var ráð fyrir gert og vanskil útgerðar við Fiskveiðasjóð því orðið miklu meiri en menn gerðu ráð fyrir þegar greiðsluáætlun sjóðsins var samin í lok síðasta árs. Þetta málefni Fiskveiðasjóðs er nú til sérstakrar meðferðar hjá ríkisstj. og sömuleiðis á milli Fiskveiðasjóðs og Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég legg sem sagt áherslu á að þó að þetta sé til þess að létta greiðslubyrði útgerðarinnar við Fiskveiðasjóð, þegar til lengri tíma er litið, þá skerðir þetta út af fyrir sig ekki greiðslustöðu sjóðsins á næsta ári eða eykur þau vandræði sem sjóðurinn er í vegna vanskila. Þau vanskil minnka eitthvað en vandamál sjóðsins út af fyrir sig verða ekki meiri. Þetta þýðir um það bil 30% lækkun vaxta á því tímabili sem hér um ræðir, frá 1. okt. 1982 til 1. okt. 1983.

Þá segir í 3. lið að útgerðinni verði gert kleift að breyta talsverðum hluta vanskila- og skammtímalána í lán til lengri tíma þannig að ætla megi að fjármagnskostnaður meðalfyrirtækis verði viðráðanlegur. Hér er farin svipuð leið og farin var á árunum 1975—1976. Þá var vanskilum breytt í lán til lengri tíma. Um þetta hefur að sjálfsögðu verið haft náið samráð við Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana auk fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna. Á það hefur verið lögð áhersla að hraða þessari skuldbreytingu þannig að hún taki skemmri tíma en 1975—1976. Á þeim árum má segja að hvert einstakt fyrirtæki hafi verið tekið fyrir, enda tók sú skuldbreyting hátt í tvö ár. Því var leitað nýrra leiða til að þetta mætti ganga hraðar. Niðurstaðan varð sú, eftir samkomulag við Seðlabankann, að ákveðið var að gera ráð fyrir að skuldbreytingin næmi hjá hverju fyrirtæki ákveðnum hundraðshluta af húftryggingarmati fiskiskipanna. Húftryggingarmat hefur hækkað mjög verulega á þessu ári eða um 38%. Ákveðin hundraðstala hefur ekki verið fest en þó til að byrja með miðað við 7%. Er ráð fyrir því gert af hálfu sjútvrn. og í viðræðum við Seðlabankann að þessi tala geti farið upp í 10%. Þarna þarf að vera nokkur sveigja á og ræðst skuldbreytingin að sjálfsögðu mjög af því hvaða veð útgerðaraðilar geta boðið, ef ekki í sínum fiskiskipum, þá í öðrum fasteignum. Því var ekki talið rétt að festa þessa tölu, heldur að hafa þar nokkra sveigju á. Einnig var í samráði við Seðlabankann og viðskiptabankana ákveðið að binda ekki þessa skuldbreytingu algerlega við útgerð, heldur að hafa svipaðan hátt á og var 1975—1976, að skoða einnig stöðu fiskvinnslunnar, enda er þetta tvennt svo nátengt að það má heita ógerlegt að skilja þar á milli. Jafnframt var ákveðið að auglýsa eftir nauðsynlegum gögnum og gefa aðeins frest til loka þessa mánaðar. Sú auglýsing hefur birst og gögn hafa komið fljótt inn. Ég get upplýst, að mikil skuldbreyting er þegar tilbúin og mun fara fram á allra næstu dögum. Viðskiptabankar hafa að þessu unnið. Einnig má segja að þar hafi komið til góða starf nefndar sem hefur starfað á vegum Framkvæmdastofnunar og sjútvrn. að því að kanna skuldastöðu útgerðarinnar. Ég vil einnig geta þess að ráð hefur verið fyrir því gert að skuldbreyta mætti skuldum útgerðar við ýmsa viðskiptaaðila aðra en viðskiptabankana, enda gætu þá þeir aðilar skuldbreytt í sínum viðskiptabanka. Sömuleiðis hefur verið gengið frá því að Seðlabankinn mun taka a. m. k. verulegan hluta af þessari skuldbreytingu upp í yfirdrátt eða bráðabirgðalán án viðskiptabankanna hjá Seðlabanka Íslands.

Ég vil einnig geta þess að um það hefur verið samið við Seðlabankann að þau skuldabréf, sem út verða gefin og gert er ráð fyrir að verði til 6—7 ára, geti verið með fasteignaveðsvöxtum — eða verðtryggð og þá vaxtalaus, ef útgerðarmenn óska þess fremur. Ég geri mér því vonir um að þessi skuldbreyting geti gengið fljótt og vel.

Þá vil ég jafnframt geta þess, sem ég las upp í 4. lið þessa bréfs, að gert er ráð fyrir því að athuga sérstaklega fjármagnskostnað nýrra skipa. Slík athugun fór fram á vegum sjútvrn. á skipum sem bæst hafa í flotann á árunum 1977—1980. Sú athugun leiddi í ljós, eins og hv. þm. mun mörgum kunnugt, að fjármagnskostnaður þessara skipa er miklu meiri en almennt gerist og meðaltöl sýna í útgerðinni, og nemur á ársgrundvelli, fært til núvirðis, um 75 millj. kr. fyrir þessi skip. Jafnframt kemur í ljós að ef vandi þessara skipa er dreginn frá í reikningum Þjóðhagsstofnunar batnar afkoma minni togaranna um 4 hundraðshluta-stig, þ. e. breytist t. d. úr 16 af hundraði í 12 af hundraði. Mín skoðun

hefur því verið og er sú, að vandi þessara skipa verði ekki leystur með almennri fiskverðshækkun og slíkum aðgerðum sem hér eru til umr. Hann þarf að skoða alveg sérstaklega. Mín skoðun er jafnframt sú, að eigendur þessara fiskiskipa þurfi að horfast í augu við þann mikla fjármagnskostnað, sem þarna er, og þá verði fyrst og fremst að aðstoða þá til þess að auka eigið fjármagn í þessum skipum. Sumir eigendur kunna að geta það af eigin styrkleika, ef þeir hafa önnur skip, sem greidd eru, eða aðrar eignir til að standa að baki slíkum rekstri, en mörg smærri fyrirtæki og sveitarfélög munu eiga þarna í verulegum erfiðleikum. Þessi athugun er nú að hefjast og mun henni verða hraðað, enda má segja að það byggir að nokkru á því sem gert var og ég hef áður nefnt.

Þá vil ég geta þess, sem ekki er í því bréfi sem ég las hér upp, að jafnframt var gert ráð fyrir því að taka sérstaklega á vanda loðnuskipanna. Hefur verið farið farið fram á það við Fiskveiðasjóð að afborgun af lánum, sem á þeim skipum hvíla, verði frestað, þ. e. veittur greiðslufrestur í eitt ár og lánin lengd að sama skapi. Einnig hefur verið ákveðið í samráði við hagsmunaaðila að taka sérstaklega til athugunar alla uppbyggingu á olíukostnaði og mun viðskrh. fljótlega skipa nefnd í því skyni með þátttöku hagsmunaaðila.

Þá segir í 5. lið í því bréfi sem ég las upp áðan að hluti framangreindra aðgerða til stuðnings útgerð fiskiskipa gildi til næstu áramóta. Þar er fyrst og fremst vísað til þeirrar olíuniðurgreiðslu sem ég rakti áðan. Hún er skammtíma ráðstöfun og vissulega má um hana deila. Ég nefndi áðan að til hennar var gripið af því að menn töldu að aðrar aðgerðir í sambandi við olíuna, t. d. að létta af þeim skuldum sem á henni hvíla o. fl., tækju lengri tíma og því væri nauðsynlegt að athuga það nánar og kanna þá hvað menn vildu gera þegar til lengri tíma er litið í því sambandi. Þar er einnig ákveðið að tíminn til áramóta verði notaður til að fjalla í samráði við hagsmunaaðila um vanda útgerðar og aðgerðir til að bæta rekstrargrundvöll á næsta ári. Þessi vinna er nú að hefjast. Einn almennur fundur hefur verið haldinn, þar sem m. a. sjávarútvegsnefndum Alþingis var boðið. Annar mun fljótlega verða haldinn. Einnig hefur sjútvrn. ritað öllum þingflokkum og óskað eftir því að þeir tilnefni mann til samráðs við rn. um þetta mál eða þennan þátt í samþykkt ríkisstj. Geri ég mér vonir um að það starf geti hafist fljótlega. Ég vil geta þess að ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að fulltrúar útgerðar og sjómanna taki þátt í því starfi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég held að ég hafi drepið á flesta veigamestu þættina. Aðalatriðið er þetta, að sjávarútvegur, og þá fyrst og fremst útgerðin, hefur orðið fyrir mjög miklum skakkaföllum á þessu ári vegna aflabrests, sem hefur orðið til þess að útgerðin hefur ekki getað staðið undir þeim kostnaði sem á hana hefur hlaðist með alls konar hækkunum, t. d. á olíu, og reyndar vil ég leggja áherslu á, ekki síður stórhækkuðum fjármagnskostnaði. Fjármagnskostnaður útgerðarinnar er gífurlegur, ekki síst þar sem um mjög mikið af dollaralánum er að ræða, sem tekin hafa verið undanfarin mörg ár bæði til nýsmíði hér á landi og kaupa á fiskiskipum, þó að erlend skip búi þar reyndar nokkuð betur yfirleitt. Yfirleitt eru lán á slíkum skipum í öðrum gjaldmiðli. Ég vil ekki halda því fram að menn hafi getað séð fyrir þá hækkun sem orðið hefur á dollaranum. Hins vegar kemur í ljós að raunvextir, t. d. á dollaralánum hjá Fiskveiðasjóði, urðu á síðasta ári 23%. Þetta hefur að sjálfsögðu valdið útgerðinni gífurlegum búsifjum, gífurlegum vandræðum og aukið mjög mikið þann fjármagnskostnað sem útgerðin ber, sem hún hefur ekki getað staðið undir, þegar tekjur hennar hafa dregist svo gífurlega saman sem fram kemur í þeim tölum sem ég las áðan um breytingu á afkomu útgerðar frá upphafi árs til maí og júní á þessu ári. Það er ekki um annað að ræða en að taka á þessum vanda, og vitanlega þarf að leysa hann til frambúðar. Ég vil geta þess að lokum að eftir þær aðgerðir, sem nú hefur verið gripið til, telur Þjóðhagsstofnun að afkoma útgerðar í heild sé á bilinu ÷ 1.5 til ÷ 4.5%, framreiknuð til 12 mánaða að sjálfsögðu. Þarna er nokkurt hlaup, sem ræðst af aflabrögðum. Í því fyrra er gert ráð fyrir svipuðum afla og varð á síðasta ári, en í því síðara fyrir aflabresti eins og varð á fyrri hluta þessa árs.

Það er að sjálfsögðu ekki viðunandi að útgerð sé rekin til langframa með svo miklum halla eins og verið hefur undanfarin mörg ár. Og það er reyndar ekki aðstaða til þess fyrir útgerðina að velta á undan sér slíkum hallarekstri. Á þessu þarf að verða breyting. Því þarf að taka á þessu máli og ekki aðeins þá að fjalla um aðgerðir eins og felast í þessu frv., heldur einnig um afkomu útgerðar á langtum breiðari grundvelli. Kanna þarf til hlítar hvernig er hægt að bæta afkomu íslensks sjávarútvegs.

Að þessu mæltu vil ég leggja til, herra forseti, að frv. því sem nú er til umr. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hæstv. sjútvrh. fylgdi úr hlaði með allítarlegri ræðu um sjávarútveg almennt, er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 21. sept. á s. l. hausti. Ég verð að segja hæstv. sjútvrh. það til hróss, að hann er fyrr á ferðinni með að leggja fyrir Alþingi frv. um Olíusjóð fiskiskipa frá 21. sept. en ríkisstj. öll og hæstv. forsrh. í broddi fylkingar er að leggja fram brbl. þau sem mjög hafa verið umrædd í þjóðfélaginu að undanförnu og gefin voru út 21. ágúst á s. l. hausti. Þessi brbl. hafa verið rædd í fjölmiðlum, bæði sjónvarpi, útvarpi og blöðum, en það virðist ekki enn eiga neinn hljómgrunn að þau verði rædd á Alþingi Íslendinga, sem á þó stjórnskipulega séð að afgreiða brbl., staðfesta þau eða fella.

Hæstv. forsrh. lét að því liggja, — raunar meira en það, hann sagði það mjög skýrt og skorinort, — og hann sagði það fyrir framlagningu þessara laga, hvað stjórnarandstaðan væri sundurþykk, en hæstv. sjútvrh. lætur ekkert tefja fyrir framlagningu frv. um Olíusjóð fiskiskipa þó að stjórnarandstaðan sé svona sundurþykk. En hvers vegna er þá verið að leggja fram fjárlagafrv. þegar stjórnarandstaðan er svona sundurþykk? Það skyldi þó ekki vera eitthvað annað að, annað og meira en að stjórnarandstaðan sé sundurþykk. Ætli það séu ekki fleiri en ein brotalöm í ríkisstj. Það hriktir alls staðar í þeirri hryggðarmynd, eins og allir vita, og það er auðvitað ástæðan fyrir því að brbl. um efnahagsaðgerðir sjá ekki dagsins ljós hér á hv. Alþingi. Það er ástæðan. Og þeir geta rætt í sjónvarpi, útvarpi og blöðum eins og þeir vilja um að stjórnarandstaðan hafi sína ábyrgð, hún eigi að afgreiða allt það sem að henni er rétt, segja bara já og amen, annars séu þetta óábyrgir menn, sem vilji þjóðinni allt illt. Því er nú kominn tími til og hefði verið miklu nær að

ræða brbl. á undan þessu frv., því að þau eru þær ráðstafanir sem mest eru umræddar, og þar með að ræða hér á réttum vettvangi, ekki í blöðum heldur Alþingi sjálfu, það sem er að gerast í þjóðfélaginu, en ekki liggja með svona tvískinnung á því að leggja fram þessi margumræddu brbl. og reyna að finna sér eitthvað annað til til þess að ljúga sig út úr ógöngunum, sem hefst þó engan veginn. — Er nú hv. 4. þm. Reykv. farinn að fussa, já. Hann hafði þó helst karlmennsku til þess.

Ég ætla aðeins að snúa mér að efni þessara brbl., sem eru hér lögð fram til staðfestingar, og taka það í raun og veru fram fyrst, að við stjórnarandstöðuna hefur ekkert samband verið haft. Stjórnarandstöðunni var ekki kynnt málið frekar en brbl. um efnahagsaðgerðir. Samviskusömustu þm. stjórnarliðsins, sem enn telja sig fylgja stjórninni, afsaka ríkisstj. gjarnan með því að þeim hafi ekki verið kunnugt um, þegar brbl. um efnahagsaðgerðir voru gefin út, að stjórnin væri svona illa farin, sérstaklega hér í þessari hv. þd., að hún hefði ekki meiri hl. En þetta er þó ekki hægt að segja þegar brbl. um Olíusjóð fiskiskipa voru gefin út. Þá vissu allir þetta, öll þjóðin, og meira að segja ráðh., a. m. k. þeir sem voru á landinu. En samt var þetta gert.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að fara inn á nýjar brautir, sem eru þó gamlar, — braut sem var horfið frá. Það er verið að auka millifærslurnar í þjóðfélaginu og um þetta er samið og þetta frv. er flutt til staðfestingar á þeim samningi. En eigi að síður er þetta staðreynd, að hér er verið að taka upp í ríkari mæli millifærsluleið í efnahagsmálum, sem hefur aldrei gefið góða raun í okkar þjóðfélagi. Við hurfum frá millifærsluleiðinni 1976 að öllu leyti með því að stórlækka útflutningsgjaldið og afnema þessar millifærslugreiðslur og þá var byggt á nýjum lögum um útflutningsgjald, sem var 6% af útflutningsverði sjávarafla, jafnt á allar tegundir. Því var ekki varið til millifærslu á rekstrarkostnaði, heldur til þess að standa undir starfsemi ákveðinna stofnana, og þá sérstaklega Aflatryggingasjóðs, sem fékk tæplega helming og hefur fengið tæpan helming af þessu útflutningsgjaldi æ síðan. Hinn hlutinn var til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs, 22%, og til greiðslu á vátryggingarkostnaði fiskiskipa samkv. reglum, sem sjútvrn. setti, 27%. Þá var horfið frá iðgjaldagreiðslunum að öðru leyti en þessu í fullu samkomulagi við sjávarútveginn allan, bæði sjómenn, útgerðarmenn og fiskvinnslustöðvar, og þessi mikilvæga breyting náði fram að ganga á mjög skömmum tíma hér á Alþingi. Þar með var horfið frá þessum millifærsluleiðum eins og við greiðslu olíu. Nú er þetta tekið upp og sagt að þetta séu samningar við forsvarsmenn útgerðarinnar og það dreg ég á engan hátt í efa. Það er engin furða þó að útgerðin hafi verið orðin langeygð eftir því að einhverjar aðgerðir væru gerðar varðandi olíuverð, því að svo oft var búið að lofa þessum aðgerðum og búið að taka margar veltur í sambandi við olíusjóðinn á þessu kjörtímabili eða einkum frá 1979.

Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir að 30 millj. kr. af greiðsluafgangi Vátryggingasjóðs fiskiskipa verði varið í þessu skyni. Nú segir í lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þeim kafla þeirra laga sem fjallar um Aldurslagasjóð, að ráðh. geti ákveðið að Tryggingasjóður fiskiskipa leggi Aldurslagasjóði til fé, að fengnum tillögum stjórnarnefndar Tryggingasjóðs. Þá var rætt um að hér væri um ríflega innheimtu að ræða til að standa undir þessum hluta af vátryggingargjöldum, að það ætti að nota þetta til að efla Aldurslagasjóð. En þeir sjóðir eru tveir sem eru til þess ætlaðir að hafa það hlutverk að stuðla beint að því að útgerðarmenn losni við úrelt og óhentug fiskiskip. Hinn sjóðurinn er Úreldingarsjóður, en hann er byggður á öðru og úthlutunarreglur hans eru líka með nokkuð öðrum hætti. Aldurslagasjóðurinn er hrein vátryggingastarfsemi, þar sem þeir sem fá bætur greiða iðgjöld til þess sjóðs, en til þess að efla hann meira voru eignir hinnar svokölluðu bráðafúadeildar, sem starfað hafði frá 1958, teknar og lagðar í Aldurslagasjóð og hugsað að við bættist verulega frá Tryggingasjóði fiskiskipa. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er ekki ánægður með að það sé eiginlega þegjandi og hljóðalaust horfið frá þessum ágæta ásetningi. M. ö. o.: ef einhvers staðar eru til peningar eru þeir bara hrifsaðir þegar menn eru komnir í harðan hnút til að geta haldið áfram útgerð í þessu landi, sem er undirstaða atvinnulífsins.

Í 2. gr. þessa frv. segir: „Einnig er Olíusjóði fiskiskipa heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu."

Hver er staða Olíusjóðs? Hvaða möguleika hefur hann til þess að endurgreiða þetta lán? Af hverju var ekki skrefið stigið til fulls og ríkissjóður tók lán sem það lagði í þennan olíusjóð í þessu augnamiði? Ég er alveg sammála því, að öðru leyti sem ráðh. sagði varðandi þetta. En ég hefði talið, að þetta hefði verið miklu hreinna og ákveðnara. Hvenær á Olíusjóður að borga þetta lán, nema að falla að einhverju leyti frá sínu hlutverki, því sem honum er ætlað?

Hitt er svo annað mál, sem maður kann illa við að blanda inn í Olíusjóðinn, hækkun fiskverðs. Það væri kallað hálfgert klúður að vera að bæta þarna við grein. En það er nú vegna brbl. um efnahagsaðgerðir sem þetta klúður verður til, því að í 3. mgr. 1. gr. þeirra laga segir, að „þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. sept. 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. sept. til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar." Þá var ætlun ríkisstj. að ganga lengra gagnvart sjómönnum en öllum öðrum, þegar lögin voru gefin út 21. ágúst, og þar fóru saman hagsmunir útgerðarmanna og sjómanna, að olían héldi áfram að hækka. Eins og hæstv. ráðh. gat um var hlutfall olíunnar komið í tæplega 25%, svo að það var ekki óeðlilegt að viðbrögðin yrðu hörð.

Ég segi fyrir mitt leyti: Ég hef aldrei verið talsmaður þess eða stutt það að fara út í hörð, ósangjörn verkföll launþega eða stöðvun atvinnutækja. Ég held að það eigi alltaf að vera keppikefli allra aðila að til þess eigi ekki að koma og menn eigi að sýna á þann hátt eins mikla sanngirni og frekast er unnt að sýna. En mér hefur verið sagt að það hafi verið gefið mjög ákveðið undir fótinn um verulega hækkun olíu, en verið snúist þannig við þessari yfirlýsingu að olían hafi litlu síðar hækkað og þá hafi allt farið í bál og brand, sem allir vita og ég ætla ekki frekar að gera hér að umræðuefni. M. ö. o.: í sambandi við þetta frv., eins og það liggur fyrir, er mér það ljóst að hér er um samkomulag að ræða hvað snertir 1. gr., sem aðilar sjávarútvegsins ganga inn á í ítrustu neyð til þess að ekki stöðvuðust öll atvinnutæki í landinu, en mér er þessi leið ákaflega ógeðfelld og kemur því vel ofan í, sem ég var

með á þeim tíma sem ég var sjútvrh., breytingu á útflutningsgjaldinu frá 16. febr. 1976, ef ég man rétt dagsetninguna.

Hin atriðin mega koma og koma vafalaust til athugunar í þeirri n. sem fær frv. til meðferðar, sjútvn., sem ég á sæti í, og ég fæ þess vegna tækifæri til að fjalla nánar um það.

Hæstv. ráðh. gerði margt að umræðuefni í sinni ræðu og m. a. olíuverðið og þá sér í lagi gasolíuverðið. Og hann kom inn á þá miklu skuld, sem er við innkaupajöfnunarreikning, sem hann sagði að væri nú um 44 millj. kr. fyrir utan það lán sem tekið var á árinu 1979 að upphæð 30 millj., og þessi lán eða þessar skuldir gerðu 8% hækkun á olíunni. Þetta er eitt af þeim mörgu dæmum sem við gætum nefnt um þær aðgerðir sem hafa verið gerðar á undanförnum árum í efnahagsmálum og í verðlagsmálum — aðgerðir sem voru gerðar á sínum tíma með því að taka lán til að koma í veg fyrir um litla stund hækkun á olíu. Þessar aðgerðir eru núna að koma okkur í koll. Og þetta eru ekki einu aðgerðirnar sem þessi stjórn hefur gripið til. Stjórnin sem var á undan henni tók líka — (**ÓÞÞ:** Bretaviðskiptin eru dýr, Matthías.) Var lánið tekið vegna Bretaviðskiptanna 1979? (**ÓÞÞ:** 50 millj.) Það er ekki ónýtt fyrir ríkisstj. að hafa þennan hagfræðing.

Þetta er afleiðing af rangri stefnu. Þetta er afleiðing af því að vera að fela verðbólguna, ljúga því að þjóðinni hvað eftir annað að verðbólguhraðinn sé ekki nema þetta og þetta, eins og 40% 1981, þegar gengið var sett fast, þegar þeir drukku kaffið, ráðherrarnir, á gamlársdag 1980. Þá var þetta patent tekið upp: Nú festum við gengið. Okkur varðar ekkert um hver verðbólgan verður. — Og það var gert. Að vísu urðu þeir að láta undan síga tvisvar — þrisvar sinnum. En hvað kostaði það útflutningsatvinnuvegina? Hvað kostaði það bæði sjávarútveginn og iðnaðinn og landbúnaðinn? Töluverður hluti af þeim erfiðleikum sem eru í dag eru fyrir þá heimsku sem þá óð uppi. Svo koma þessir menn og segja: Ja, hvaða úrræði hefur stjórnarandstaðan? — Það getur engin stjórnarandstaða haft úrræði á takteinum við öllum vitleysunum sem gerðar eru af þessari ríkisstj. á meðan hún er við lýði. Hversu dugleg sem hún væri, þá hefði hún ekki við. Þetta er eitt af því sem þessi stjórn hefur unnið sér til skammar og öllum hugsandi mönnum til skapraunar. Svo eru bankarnir teknir og skammaðir fyrir allt of mikil útlán. Það er alltaf verið að tala um útlán bankanna. Það er búið að gera bankakerfið þannig, að allir bankarnir, bæði ríkisbankar og aðrir, skulda o·ðið stórfé í Seðlabankanum, að einum banka undanskildum, sem á nokkrar milljónir enn þá. Og svo um leið og bankarnir eru skammaðir fyrir of mikil útlán biður ríkisstj. þá um að lána enn þá meira í þetta og hitt! En þó held ég að það taki nú út yfir allt að ætla að verja 165 millj. kr. af tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs til að létta greiðslubyrði útgerðarinnar. Ráðh. lýsti því réttilega og sagði það alveg satt og rétt, að þessi gróði væri að vísu ekki til nema á pappírnum. Þá á að létta þessa greiðslubyrði á pappírnum! En það vita allir, að stærsti stofnlánasjóður sjávarútvegsins hefur tekið á sig svo miklar skuldbindingar, bæði vegna innlendu skipasmíðinnar og vegna innflutnings skipa á undanförnum árum, sem hann er að taka smám saman við á mörgum árum, að það er ekki hægt að segja að staða sjóðsins sé slæm, hún er alveg hryllingur. Það væri nú gaman að hæstv. sjútvrh. léti einhverja góða reiknimeistara gera rekstraráætlun fyrir skip sem núna er verið að byggja og kosta kannske upp undir 100 og jafnvel 110 millj. kr. Það væri gaman að sjá hvað það skip þyrfti að fiska mikið til að standa undir sínum skuldbindingum. Fyrir hálfu öðru ári var líka áætlun gerð, miðuð við allt annað verðlag, sem var miklu, miklu lægra en nú, og þá var talið að svona skip þyrfti að fiska að mig minnir um 17400 tonn. Ætli það verði þá mikið undir 24 þús. tonnum sem þessi nýju skip þyrftu að fiska — eða ef við ætlum að miða við raunveruleikann, hvað skip fiska almennt, hvað er meðaltalið, hvað þyrfti það fiskverðið að vera til þess að þau stæðu undir sér? Þetta væri nú fróðlegt að fá upplýsingar um. Ég veit að hæstv. sjútvrh. er röskur maður og fljótur að taka ákvarðanir og hefur mörgum á að skipa og ég vænti þess að hann geri nú þetta fyrir ágætan vin sinn og þingbróður að láta gera þessa rekstraráætlun.

Ég verð nú að segja eins og er, að mér finnst eiginlega hálfleiðinlegt alltaf að hlusta á þessar tölur um halla eða útkomu í hinum ýmsu greinum, bæði í sjávarútvegi sem annars staðar, og útreikninga Þjóðhagsstofnunar, sem eru framreikningar. Þessir framreikningar hafa í raun og veru ákaflega lítið að segja og gefa okkur langt frá því þá mynd sem við þurfum að fá. Þegar við lítum til baka, til áranna við skulum segja 1974—1975, — þá voru mikil erfiðleikaár, verðfall á velflestum mörkuðum, útlendingar tóku upp undir 50% af þeim afla sem veiddur var hér við land, — sjáum við að var ljótt útlit í þessum framreikningum. En með tilkomu nýrrar fiskveiðilögsögu og yfirráðarétti Íslendinga sjálfra batnaði auðvitað stórlega hagur bæði veiða og vinnslu, eins og eðlilegt er og allir skilja. Sama má segja um það, að á árunum 1979, 1980 og ekki síst árið 1981 vantar enn í framreikning Þjóðhagsstofnunar þann mikla halla sem bæði útgerð og fiskvinnsla hafa orðið að bera í stóraukinni skuldasöfnun. Það kemur hvergi inn í þennan framreikning. Þess vegna er útkoman mun verri að svo miklu leyti sem aflinn hefur ekki vaxið fram yfir það, og hann óx þó verulega, einkum á s. l. ári. — Og það er auðvitað alger óþarfi hjá bæði hæstv. ríkisstj. og öðrum að tala um almennan aflabrest. Þetta ár verður annað eða þriðja besta aflaárið í sögu þjóðarinnar hvað snertir botnfiskaflann. Hins vegar er það rétt, að loðnustofninn hefur hrunið gersamlega. Kannske hefði nú ekkert verið betra ástandið núna miðað við hvernig afurðaverði loðnunnar er háttað, að koma henni í verð, og útgerð skipa og afkomu sjómanna, en það er nú lán í óláni, að þegar slíkt ástand er skuli þurfa að beita loðnuveiðibanni og um það deilum við ekki. Vitaskuld væri ósanngirni af mér að viðurkenna ekki að þetta er áfall. Við höfum aftur á móti auknar síldveiðar, við höfum aukið ýmsar aðrar veiðar verulega, en þetta er áfall sem verður auðvitað að viðurkenna. En ég kann illa við að tala um aflabrest þegar annað eða þriðja besta þorskveiðiár er í sögu þjóðarinnar. Ég held að guð refsi þjóðinni ef hún er svona vanþakklát við þau gjöfulu fiskimið, sem við búum við, og vara við þessu tali.

Hæstv. ráðh. minnti hér á nefnd, sem Alþingi kaus í lok síðasta þings til að gera úttekt á atvinnumálum þeirra byggðarlaga þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum sem hrun loðnustofnsins hefur valdið. Niðurstöður þessarar nefndar ásamt tillögum um aðgerðir átti að leggja fyrir ríkisstj. eins fljótt og unnt var. Þessar tillögur voru lagðar fyrir ríkisstj. 19. júlí í sumar. Það var bráðabirgðaskýrsla

um athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins og tillögur til úrbóta. Þessir aðilar gerðu sér miklar og bjartar vonir um að á þessu máli yrði tekið og að fjármagn fengist til að lána þeim til þess að bregðast við þessum erfiðu aðstæðum. Þeir bentu á einn sjóð, Byggðasjóð. Það virðast nú flestir benda á, ef einhvers staðar er komið í óefni, að þessi sjóður eigi að leysa úr, og vitaskuld er hlutverk hans að leysa vandamál hinna einstöku byggðarlaga og atvinnulífs, en það hefur nú skeð, að framlög til þessa sjóðs hafa verið skorin niður mjög verulega á undanförnum árum. Þar við bætist erfið efnahagsstaða þeirra sem sjóðurinn hefur lánað. Það fara að því er ég best man um 2/4 útlána til sjávarútvegs, þó allra mest til fiskiskipa. Afborganir og vextir greiðast bæði seint og illa og það er í sífellt ríkari mæli verið að beita skuldbreytingum í þessum sjóði. Á þann hátt minnkar ráðstöfunarfé hans mjög verulega. Það er því alveg um tómt mál að tala að gefa ávísun á þennan sjóð til lausnar þessum mikla vanda á þessu ári a. m. k. og sömuleiðis fram eftir næsta ári. Það væri líkt því og að gefa út tékka á innistæðulausan reikning. Það fengist ekkert út úr því því að þarna eru ekki til fjármunir, enda ekki við því að búast. En þá er komið að því, að vitaskuld er það ríkisstj., sem er framkvæmdaaðili og hefur tekið við áliti þessarar þingkjörnu nefndar, sem verður að gera tillögur um fjárútvegun í þessu skyni og þá jafnframt að marka einhverja tímasetningu, hvenær þessi lán ættu að koma til útborgunar.

Ég hvorki vil né get talað fyrir hönd Byggðasjóðs eða Framkvæmdastofnunar í þessu máli, en ég get sagt það fyrir mig persónulega, sem á þar sæti í stjórn, að það mun ekki standa á mér að greiða atkv. með öllum þessum skuldbreytingum og ef ríkisstj. óskar þess og tryggir að taka lán til útlána í þessu skyni, þá mun sömuleiðis ekki standa á mér að verða við óskum ríkisstj. En þannig stendur þetta mál nú, að engir fjármunir eru til til þess að koma til móts við þær verksmiðjur og þá staði sem eru nú í miklum vanda. Mér dettur ekki í hug að gagnrýna einn eða annan fyrir að þessi vandi verður til. Þar er ekki við neinn að sakast, en þarna verður auðvitað að bregðast við af karlmennsku og dugnaði og menn snúi þar bökum saman.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég segja það, að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að athuga og kanna þetta frv. vel í þeirri nefnd, sem því er vísað til, og fá jafnframt ítarlegar og betri upplýsingar, en ég held mér mjög fast við þá skoðun mína, að brbl. um efnahagsaðgerðir hefðu átt að koma á undan þessu frv. og verða því samhliða, sem og önnur þau frv. sem ríkisstj. hét að kæmu fram í kjölfar brbl. Þó að það sé ekki á verksviði hæstv. sjútvrh. sérstaklega, þá er hann sterkur aðili í núv. ríkisstj. Þá langar mig að síðustu að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvað líði 1. gr. í yfirlýsingu ríkisstj. „Að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins", segir þar, „verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkv. nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. des. 1982." Ég trúi því ekki að þetta frv. eigi ekki að sjá dagsins ljós fyrr en eftir að verðbótaskerðingin á laun er komin til framkvæmda 1. des. Ég tel að í framhaldi af þessari yfirlýsingu beri ríkisstj. að leggja þegar í stað fram þetta frv. eða þá segja að hún sé uppgefin á því, ef svo er. Þetta væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um frá hæstv. ráðh., sem hlýtur að þekkja mjög vel þessi mál þar sem hann er einn af þríeykinu í ríkisstj. sem fjallar um efnahagsmálin.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú kannske ekki ástæða til við 1. umr. um þetta mál að eyða löngum tíma í það. Það skal ekki heldur verða gert af minni hálfu, þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um málið. Það eru þó tiltölulega fá atriði sem ég vildi aðeins víkja hér að.

Ég vil taka undir það, sem fram kom áðan hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að það skýtur nokkuð skökku við að þessi brbl., sem útgefin eru mánuði á eftir hinum fyrri, sem menn kalla nú aðalbrbl., skuli koma til umr. á þessum tíma, svo að segja strax á fyrstu dögum þingsins, en ekki er að sjá að neitt bóli á aðalmálinu sem um er að ræða, þ. e. brbl. um efnahagsráðstafanir, sem menn kalla svo, sem í raun og veru eru svo sem engar nema kaupskerðingin. Og það er ástæða til þess að spyrjast fyrir um það, hæstv. sjútvrh., aðrir eru víst ekki hér af hæstv. ráðh. — (**Gripið fram í:** En Tómas?) Jú, hæstv. viðskrh., fyrirgefðu. Ég spyr þá hæstv. viðskrh. líka og ætlast til að hann svari, fyrst hann biður um að hann sé spurður: Hvað líður framlagningu brbl. um efnahagsráðstafanirnar? Hæstv. ráðh., báðir tveir: Er ekki þess að vænta að menn fari að sjá það plagg hér á borðum þannig að menn geti í raun og veru farið að ræða um efni þess á þeim stað sem það á að ræða á? (**Viðskrh.:** Það veit forsrh.) Hæstv. viðskrh. bað um spurninguna og hann biðst greinilega undan því að svara henni þá. (**Gripið fram í:** Hann vill ekki svara henni.) Viljann hefur lengst af vantað í þeim herbúðum. Ef engin svör fást við þessu er auðvitað augljóst hvað er á ferðinni. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Það er fyrst og fremst það, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar koma sér ekki saman um hvernig það mál skuli afgreitt, hafa ekki meiri hl. til þess að afgreiða það eins og þeir vildu gjarnan gera það. Á því strandar málið. Kannske upplifum við kaupskerðingu 1. des. útgefna með brbl. án þess að meiri hl. Alþingis sé fyrir hendi til að staðfesta slíkt. Það væri vissulega upplifun að sjá framan í þm. Alþb. eftir að hafa staðið þannig að málum. — Er hv. skrifari að yfirgefa salinn? — En væntanlega fara mál að skýrast að því er þetta varðar.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði einnig, að ekkert samráð var haft við stjórnarandstöðuna í sambandi við það mál, sem hér er nú til umr., og hæstv. sjútvrh. lét ekki svo lítið, það ég best veit, að láta þm. í té þessi brbl., sem út voru gefin 21. sept. Hæstv. ráðh. hafði ekki svo mikið við. Það má þó hæstv. forsrh. eiga að hann sendi hin lögin, a. m. k. fékk ég þau í hendur. (**Gripið fram í:** Ekki allir.) Ekki allir, nei. Það er úrvalið líklega.

Hæstv. sjútvrh. talaði mikið um það áðan, eins og raunar allir ráðh. gera nú og stjórnarliðið í heild, að allt það sem nú væri verið að gera væri vegna stórkostlegs aflabrests, þrátt fyrir þá staðreynd að árið í ár er annað eða þriðja aflahæsta ár sem komið hefur í sögu þjóðarinnar, og öll þau vandkvæði, sem nú eru fyrir dyrum og fyrirsjáanleg, eiga að þeirra dómi að vera vegna þess, sem er auðvitað alrangt. Meginorsök þess vandamáls, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, er auðvitað kolvitlaus stjórnarstefna. Meginorsökin er sú og það er yfirklór af hálfu hæstv. ráðh. og stjórnarliða að telja alla orsökina vera vegna aflabrests, þegar það liggur fyrir að um er að ræða eitt af tveimur eða þremur aflabestu árum sem

þjóðin hefur upplifað. Það er því ástæða til að undirstrika það sérstaklega, að þau brbl., sem hér er verið að ræða, og ekki síður hin, sem væntanlega fást rædd innan ekki langs tíma um efnahagsaðgerðir, eru vegna rangrar stjórnarstefnu í efnahagsmálum.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að það hefði þurft að grípa til aðgerða til að rétta við halla útgerðar. Út af fyrir sig er það rétt. Það er búið að lofa útgerðinni því alla sjútvrh.-tíð núverandi hæstv. ráðh. að rétta hennar hlut, en sáralítið hefur miðað í þá átt. En hæstv. sjútvrh. og hæstv. ráðh. aðrir hafa gleymt að tala um að rétta við halla heimilanna í landinu. Það er ekki síður ástæða til að huga að því hvernig rekstur heimilanna í landinu gengur heldur en t. d. útgerðarinnar og annarra aðila, en á það minnast ekki hæstv. ráðh.

Varðandi þetta mál er auðvitað einvörðungu um að ræða enn eina bráðabirgðalausnina í þessum efnum — bráðabirgðalausn sem kemur til með að standa í 2—3 *mánuði og þá er allt málið aftur í hnút. Það liggur a. m. k.* fyrir, að sjómannasamtökin eru farin að ókyrrast. Ég hygg að ég muni það rétt að hæstv. sjútvrh. hafi lofað sjómannasamtökunum enn eina ferðina að sjá til þess að olíugjaldið svokallaða verði a. m. k. lækkað ef ekki fellt niður um n. k. áramót. Það er því ástæða til að spyrja, þegar þessi mál ber á góma hér og nú: Hvað er að gerast í sambandi við þau málefni, um lækkun eða jafnvel niðurfellingu á hinu margumtalaða olíugjaldi til fiskiskipa, eins og ráðh. hefur lofað?

Ég held, og það er rétt að komi fram í þessum umr., að það sé kominn tími til þess fyrir stjórnvöld að athuga sinn gang í þeim efnum sem að útgerðinni snúa og raunar öðrum atvinnurekstri, og þá á ég við þá reglu sem virðist vera við lýði um meðaltalsútreikninginn. Í raun og veru virðist ekkert fyrirtæki í þjóðfélaginu, hvorki í útgerð, fiskvinnslu, verslun né neinum öðrum atvinnugreinum, það illa rekið að það fari á hausinn. Það má segja að það sé lögbannað að menn fari hér á hausinn, hvernig sem *þeir reka fyrirtæki. Ég held að ein af megin*meinsemdunum að því er þetta mál varðar, stöðu útgerðar og aðgerðir til að koma í veg fyrir að öngþveiti komi upp með tveggja eða þriggja mánaða millibili, sé að dregist hefur að endurskoða þetta grundvallaratriði og reikna ekki alltaf út frá ákveðinni meðaltalstölu sem fundin er.

Eins og hér kom fram áðan er í 2. gr. þessa frv. og brbl. gert ráð fyrir að Olíusjóði sé heimilað að taka 30 millj. kr. lán og ríkisstj. er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. Hvað þýðir þetta í raun og veru? Þýðir þetta ekki einvörðungu að það er ríkissjóður sem ætlar að borga þetta? Ef það þýðir það, sem ég tel raunar víst, af hverju eru menn þá með þennan feluleik, af hverju er það þá ekki ríkissjóður sem tekur þetta lán og setur það í sjóðinn í staðinn fyrir að vera með þessa blekkingu, ef það er á annað borð meiningin að ríkið taki þetta lán og borgi það? Hv. þm. Matthías Bjarnason spurðist fyrir um þetta og ég tek undir þá fsp. og ítreka hana. Er ekki í raun og veru verið að bjóða upp á að ríkissjóður sjálfur standi skil á þessum peningum?

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. Garðari Sigurðssyni, formanni sjútvn., er farið að leiðast undir þessari umr. og enginn skyldi verða hissa á því, enda skal ég ekki hafa um þetta öllu fleiri orð á þessu stigi máls. Það kemur væntanlega að því síðar, eftir að nefnd hefur fjallað um málið, að tilefni gefst til að ræða það frekar. Ég er í sjálfu sér ekki að lýsa andstöðu við þetta mál, eins og málum er komið og það í pott búið, en ég ítreka að hér er enn ein bráðabirgðalausnin á ferðinni — bráðabirgðalausn sem er fyrst og fremst af orsökum rangrar stjórnarstefnu í efnahagsmálum hjá hæstv. ríkisstj. (**PS:** Rangri ríkisstj.) Rangri ríkisstj., segir hv. þm. Pétur Sigurðsson. Það má rétt vera. Auðvitað er það mál málanna, að ríkisstj., sem þannig hefur teflt málum þjóðarinnar nánast í það forræði sem þau eru í í dag, víki og við taki heilsteypt stjórnarstefna, sem er þess megnug að leiða þjóðina út úr þeim vítahring sem stjórnarstefna núv. ríkisstj. hefur leitt hana í.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í framhaldi af ræðum þeirra hv. 1. þm. Vestf. og hv. 6. landsk. þm. er það auðvitað alveg ljóst, sem fram kom hjá þeim báðum, að þetta eru fyrstu brbl. eftir sumarið sem lögð eru fram hér á hinu háa Alþingi. Það hafa nú verið hinar réttu *leikreglur í þessum efnum, að í fyrsta lagi setja ríkis*stjórnir brbl., og þær hafa rétt tl þess og við því er ekkert að segja, en í öðru lagi er hitt, að í upphafi næsta þings á eftir leggja ráðherrar þessi brbl. fram. Það má út af fyrir sig þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það framlag og þá kurteisi og þá virðingu fyrir þinginu og þingræðinu sem hann hefur sýnt í þessum efnum. En fyrir vikið, og ég ætla ekki að ræða olíugjald til fiskiskipa sérstaklega, vil ég hins vegar mjög taka undir það, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og Karvel Pálmasyni, að það hafa verið gefin út önnur brbl. og um þau brbl. hefur verið ágreiningur, t. d. opinberlega á milli andstæðra afla efnislega um þetta atriði hér í þinginu, og við erum í óvissu um þau — erum út af fyrir sig ekki í neinni óvissu um það mál, sem ráðh. hér hefur talað fyrir, en þetta skiptir máli. Það skiptir máli fyrir mann, t. d. hér í Reykjavík, sem hefur 8 þús. kr. á mánuði, hvort af honum verða teknar 800 kr. 1. des. Þetta skiptir máli. Og það er ekki hægt að hafa manninn í óvissu um hvort í *launaumslagi hans verður 800 kr. eða 900 kr. eða 1000* kr. meira eða minna 1. des. Mér er ljóst að hæstv. sjútvrh. sem slíkur ber auðvitað aðeins ábyrgð á sínum málaflokki strangt til tekið og formlega talað, en eins og fram kom hjá ræðumönnum báðum áðan er hann einnig aðili að ríkisstj. Það er ekki spurt um þau brbl. sem ráðh. hefur lagt fram og talaði fyrir áðan, þó svo það skuli strengilega tekið fram og undirstrikað að honum bera þakkir fyrir hans verknað. Hann hagar sér þinglega rétt í þessum efnum. En hagi hann sér þinglega rétt haga einhverjir aðrir sér þinglega rangt, og þeir sem haga sér þinglega rangt eru þeir sem hafa gefið út brbl. um laun, ekki um olíuverð til fiskiskipa heldur laun, en leggja þau ekki fram, því að óvissa 8 þús. kr. mannsins eða 12 þús. kr. mannsins eða 20 þús. kr. mannsins magnast stöðugt því nær sem líður. Vegna þess að þetta eru brbl. útgefin, sem hér er verið að mæla fyrir, og ég undirstrika þakklæti til sjútvrh. fyrir hans verknað í þeim málaflokki sem hann ber ábyrgð á, þá langar mig, engu að síður, til að spyrja hann formlega: 1. Veit hann hvenær þau brbl. sem mesta athygli hafa vakið — eðlilega því að þau snerta flesta — verða lögð fram? 2. Veit hann í hvorri deildinni þau verða lögð fram? Og 3. Viti hann það ekki, er þá ekki ótrúlegur trúnaðarbrestur í ríkisstj. ef formaður Framsfl. og formaður Alþb. hafa ekki þann aðgang að hæstv. forsrh. að geta spurt hann hvar og hvenær á að leggja þessi brbl. fram? Ég vil taka það fram, að ég lít svo til að

þetta sé jákvæð spurning því að þetta er hrós í garð hæstv. sjútvrh. fyrir hans þinglegu gjörðir að því er hans málaflokka snertir, en því miður, og t. d. hér í Reykjavíkurkjördæmi, eru margir sem spyrja um launin sín og þeir vilja vita: Á hverju eigum við von í jólamánuðinum? Eigum við von á 10% meira eða minna? Þess vegna, hæstv. ráðh., skiptir þetta svo marga svo miklu máli. Og í framhaldi af þeim brbl. sem hæstv. ráðh. hefur talað fyrir í dag ítreka ég þessar spurningar og bið um skýr og undanbragðalaus svör.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Spurningar til mín eru ekki margar í sambandi við þetta frv. Þó eru það fáein atriði sem ég vil koma inn á.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að stjónarandstöðunni var ekki kynnt þetta frv. áður en það var gefið út. Hins vegar vil ég upplýsa, að meðan málið var til meðferðar gerði ég tilraun til að ná saman fundi með sjútvn., og reyndist þá aðeins einn maður vera í bænum og margir erlendis nú. Ég skal ekki neita því að það hefði svo sem mátt gera fleiri tilraunir, ég viðurkenni það, en á lokastigum þessa máls var það í svo hraðri meðferð að það reyndist ekki kleift þá helgi sem þetta var afgreitt. Hins vegar vil ég upplýsa það, að ég kynnti mér það eftir öðrum leiðum og ég taldi mig hafa vissu fyrir því að málið mundi hafa stuðning út fyrir raðir stjónarflokkanna hér á hinu háa Alþingi.

Ég get tekið undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að millifærsluleiðin er ekki skemmtileg leið, þó við höfum oft orðið að fara hana. Ég tel hana vera afsakanlega tímabundið, á meðan fundnar eru aðrar leiðir. Vitanlega eru í þjóðfélaginu gífurlega miklar millifærslur, við skulum segja í sköttum. Skattakerfið er í raun og veru allt saman millifærsla, þegar skoðaðar eru þær greiðslur sem þegnarnir fá og við höfum svo sannarlega allir samþykkt. En almennt séð tel ég að beri að forðast slíkt og hef engu við það að bæta.

Í þessu sambandi nefndi hann sérstaklega Aldurslagasjóð og Úreldingarsjóð. Það er rétt, að það er heimild fyrir ráðh. að færa greiðsluafgang frá Tryggingasjóði í Aldurslagasjóð til að auka getu hans til að kaupa upp eldri skip. Reyndar tók ég þá ákvörðun fyrir einum tveimur árum. En staðreyndin er orðin sú, að það hefur ekki orðið þörf fyrir það fjármagn. Eftirspurn eftir úreldingu er svo lítil, og við getum kannske sagt því miður. Menn hafa fremur brugðið á það ráð að láta gera við skip sín, ekki síst eftir að innflutningur hefur verið svo takmarkaður sem nú er eða réttara sagt bannaður og nýsmíði er svo kostnaðarsöm, eins og kom fram í þeim tölum sem hv. þm. nefndi áðan um nýja togara. Því virðist ekki hafa orðið þörf fyrir þetta fjármagn þar. En ég vek athygli á því, að eingöngu er hér gert ráð fyrir að verja um það bil helming af greiðsluafgangi Tryggingasjóðs í þessu skyni, enda er vitanlega ekki um það að ræða að taka allt það fjármagn sem þar er. Það geta orðið þau skakkaföll, að Tryggingasjóður þurfi á því fé að halda. Reyndar geta tekjur hans dregist saman og munu dragast saman ef afli dregst saman.

Um olíugjaldið ræddi hv. þm. Karvel Pálmason. Ég vil uplýsa það og endurtaka það reyndar enn einu sinni, sem ég hef alltaf sagt þegar ég hef rætt um breytingu á olíugjaldinu. Ég segi, hef sagt og segi enn að ég hef talið þetta vera óheppilegt gjald eins og það er á lagt. Því hefur verið vinna í gangi allt frá því að fyrirrennari minn setti á fót nefnd í því skyni að skoða aðrar leiðir í þessu sambandi. Ég hef einnig heitið sjómönnum því að beita mér fyrir því að þetta gjald verði stórlækkað eða jafnvel fellt niður, enda hef ég alltaf lagt áherslu á að menn verði sammála um aðrar leiðir til að tryggja rekstrarafkomu útgerðar. Ég hef alltaf sagt þetta og hv. þm. getur flett því upp í þingtíðindum að loforð mitt er alltaf bundið þessu skilyrði. Þessar viðræður hafa farið fram að litlu leyti enn, en það er einmitt gert ráð fyrir að þær tengist framhaldsmeðferð þessa máls, sem þeirri nefnd er ætlað að fjalla um sem ég hef óskað eftir tilnefningum frá þingflokkunum í.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um efnahagsmálin almennt. Ég er sannfærður um að það skapast, fyrr vonandi fremur en síðar, tækifæri til þess. Ég þakka svo hv. þm. Vilmundi Gylfasyni góð orð um framlagningu þessa frv. út af fyrir sig.

Reyndar er hv. þm. Matthías Bjarnason genginn úr salnum, en hann spurði hvað liði umfjöllun um viðmiðunarkerfið. Um það hefur verið mikið fjallað, eins og kemur fram í samþykktum ríkisstj., og þar er lögð á það áhersla að um það skuli fjalla í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Slíkt samráð er haft. Það er ákveðin nefnd á vegum ríkisstj. sem fjallar um þetta mál og ég ve t að samráðsfundur um þetta mál er nú á allra næstu dögum. Málið er því þarna í meðferð, eins og til hefur verið ætlast.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason spurði um hvenær og hvar o. s. frv. Ég vil nú vísa fyrstu spurningunni, um það hvenær efnahagslögin verða lögð fram, til hæstv. forsrh. Það er hann sem leggur þau fram. En ég vil hins vegar upplýsa hv. þm. um það, að að sjálfsögðu hefur mjög verið um þetta fjallað og við í Framsfl. höfum samþykkt að við föllumst á ákvörðun forsrh. í því máli. Ég get ekki fjallað um það frekar nú, en ég veit að forsrh. er með það í athugun.

Í hvorri deildinni frv. verður lagt fram er einnig ákvörðun forsrh., sem leggur fram málið, en ég held að ég sé ekki að brjóta neinn trúnað þó að ég segi að ég geri ráð fyrir að málið verði lagt fram í Ed.

Ég vil einnig taka það fram út af þriðju spurningunni, um trúnaðarbrest, held ég að hv. þm. hafi kallað það, að slíku er alls ekki til að dreifa. Um þessi mál er mjög ítarlega fjallað í ríkisstj. og í þeirri ráðherranefnd sem ég á sæti í ásamt hæstv. félmrh. Ég vek einnig athygli á því, að það eru núna einmitt í gangi viðræður við stjórnarandstöðuna um þinghaldið og annað í því sambandi og þá alveg sérstaklega meðferð efnahagsmálanna. Ég þarf ekki að nefna þá fundi, sem þegar hafa verið haldnir, sem mér þóttu gagnlegir, og ég veit að gert er ráð fyrir fundum aftur í þessari viku um þetta mál. Ég geri mér fastlega vonir um að af þeim fundum og viðræðum verði árangur og menn geti þá komist að niðurstöðu um meðferð þeirra mikilvægu mála, þ. e. efnahagsmálanna og þess sem þeim tengist og fleira, þannig að við getum þá hér á þinginu, ef ég má orða það svo, hagað okkur af ábyrgð og tekið á þessum stóru málum þannig að vel megi fara.

Ég vildi nota tækifærið og undirstrika það, að ég legg ákaflega mikið upp úr þeim viðræðum, sem nú fara fram um alla meðferð efnahagsmála og fleiri viðkvæmra mála og þinghalds í heild, og tel ekki fært af minni hálfu að fara að ræða hér ítarlega um þau mál á meðan þær umræður fara fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er náttúrlega ýmislegt sem hægt er að ræða í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil í upphafi máls míns aðeins vekja athygli á því, að hæstv. sjútvrh. svaraði í engu þeim fsp. sem beint var til hans í sambandi við framlagningu einstakra mála á þinginu nú í vetur og út af þeim ummælum, sem hann hefði um viðræður ríkisstj. við stjórnarandstöðu um efnahagsmál eða önnur mál, er því við að bæta að náttúrlega eru litlar forsendur fyrir slíkum viðræðum ef ríkisstj. veit sjálf ekki hvað hún ætlar að gera. Það er auðvitað forsendan fyrir því að hægt sé að tala um málin að ríkisstj. geri upp eigin hug. Það er skylda ríkisstj., ef hún vill sitja, að gera það. Hæstv. sjútvrh. ber ábyrgð á málefnum útgerðarinnar og hann hlýtur þess vegna að leggja sig fram um að veita einhverjar upplýsingar um hvernig hann hyggst standa að útgerðinni, þegar þeir peningar hafa gengið til þurrðar sem hér er fjallað um í sambandi við niðurgreiðslur.

Ég vil í upphafi aðeins leiðrétta þau ummæli sjútvrh., sem hann viðhafði hér fyrr í dag, að fulltrúi útgerðarinnar hafi hafnað 20% fiskverðshækkun. Þetta er ekki rétt. Þetta hefur formaður Landssambands ísl. útvegsmanna leiðrétt þrásinnis, en hæstv. sjútvrh. heldur sig við sama heygarðshornið. Ég held að það verði hver og einn að meta það og vega eftir þeirri reynslu sem hann hefur af ummælum þessara tveggja manna hvor segir satt, hæstv. sjútvrh. eða formaður Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um það, enda sýnir rekstraryfirlit Þjóðhagsstofnunar, sem gefið var út eftir fiskverðhækkunina 1. sept. s. l., að 4% fiskverðshækkun þá úr 16 í 20% hefði litlu breytt um afkomu útgerðarinnar. Og eins og hæstv. sjútvrh. veit manna best varaði Seðlabankinn ríkisstj. sérstaklega við því, þegar brbl. voru sett, að með þeim ráðstöfunum væri ekki tekið á vanda atvinnuveganna. Þetta liggur fyrir og er kjarni þessa máls.

Ég vil aðeins vegna þeirra ummæla hæstv. sjútvrh., sem ýmsir hafa nú hrakið hér, að við höfum orðið fyrir mjög verulegum aflabresti á þessu ári, vekja athygli á að í rekstraryfirliti Þjóðhagsstofnunar, þar sem fjallað er um minni skuttogara, munar 0.1 tonni á veiðidag. Aflamunurinn í ár og í fyrra, ef sami afli hefði veiðst í ár og veiddist í fyrra, miðað við það sem minni skuttogararnir fá eftir áætluninni 1. sept., er 0.1 tonn. Það er nú allt og sumt. Og hvort sem heldur yrði eru það aðeins tvö ár sem minni togararnir fá meiri afla en á þessu ári, þ. e. 1981 og 1980, og skakkar þó ekki miklu. Varðandi stærri togarana munar 0.2 tonnum sem hver þeirra fær minna í ár en ef sami afli hefði verið á úthaldsdag og í fyrra. Það er nú allt og sumt.

Þegar við tölum um vanda útgerðarinnar er það ennfremur mjög athyglisvert í sambandi við stöðu og hag hennar á s. l. ári, mesta aflaári sem yfir okkur hefur gengið, á ári þegar t. d. stærri togararnir öfluðu meira á úthaldsdag en nokkru sinni, bæði fyrr og síðar, að þá skuli það samt sem áður vera eina árið sem þeir eiga ekki eyri afgangs upp í fjármagnskostnað, ekki einn einasta eyri, ekki grænan eyri, og það er mesta aflaárið. Og síðan sagði hæstv. sjútvrh. áðan að ástæðan fyrir erfiðleikum útgerðarinnar núna væri minni afli. Þetta stenst ekki hjá hæstv. sjútvrh. Aflasældin í fyrra skilaði útgerðinni ekki því sem hann vildi gefa í skyn núna. En ef við á hinn bóginn rifjum upp það sem hæstv. sjútvrh. sagði í Tímanum í áramótagrein sinni kemur það í ljós að hann skildi a. m. k. þá að hann hafði staðið sig illa sem sjútvrh. á árinu 1981, þegar hann leit yfir farinn veg og sá að þetta ár hafði orðið neikvætt varðandi efnahag sjávarútvegsins, þó að það væri mesta góðæri sem yfir sjávarútveginn hefur gengið.

Ég skal svo að öðru leyti ekki hefja víðtækar umr. um útvegsmál, en aðeins varpa fram þeirri skoðun minni að Olíusjóður fiskiskipa eigi að koma inn í A-deild ríkisreiknings og að það eigi að meðhöndla hann sem slíkan, því að hér er að sjálfsögðu um hreina skuld ríkissjóðs að ræða. Þessi sjóður hefur engar tekjur. Honum er ætlað að greiða niður olíu um fjögurra mánaða skeið og þegar nýtt ár rennur upp hefur hann gufað upp eins og frá þessu er gengið. Ég tel þess vegna að þingnefnd eigi að ganga þannig frá þess máli að olíusjóðurinn komi inn í A-deild ríkisreiknings og verði skráður þar. Ég tel það bókhaldslega rétt og gefa réttari mynd af stöðu ríkissjóðs um áramót en ella mundi, þó að ég þykist hins vegar vita að sú hafi verið hugmynd ráðh. að halda sjóðnum utan við ríkisbókhaldið til þess að hafa fallegri skuldastöðu um áramótin.

Ég vil svo í öðru lagi draga það mjög í efa, að það standist skv. stjórnarskrá að með einföldum brbl. sé heimilt að taka fé úr Tryggingasjóði og verja til olíuniðurgreiðslna. Ég fæ í fljótu bragði ekki séð hvaða nauðsyn bar til slíkrar eignaupptöku. Sjútvrh. sagði að vísu í kringum mánaðarmótin ágúst/september í sjónvarpi að hann teldi ekki verjandi að standa undir niðurgreiðslum á olíu til fiskiskipa með almennri skattlagningu á meðan eitthvað væri til í sjóði hjá útgerðinni. Og nú leitaði hann vel og lengi og fann Tryggingasjóðinn. — En það kom líka fram hjá hæstv. sjútvrh. áðan að hann skildi hvers vegna svo mikið væri til í þessum sjóði. Í fyrsta lagi hefðu menn á undangengnum góðærum, á því mikla aflaári í fyrra, ekki sótt um framlög úr Aldurslagasjóði eins og búast hefði mátt við og í öðru lagi hefði óvenjumikið komið inn. Þess vegna varaði hann við því að halda lengra út á þessa braut því að það gæti komið upp sú tíð að minna fiskaðist og þá gæti Tryggingasjóður fiskiskipa komist í vandræði. En hann taldi samt sem áður, og ég veit ekki hvernig hann komst að þeirri niðurstöðu, óhætt að taka þessar 30 millj., sem ég sé nú satt að segja ekki hvernig hægt er að réttlæta.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkrar setningar. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir skýr — svo langt sem þau ná — og áreitnislaus svör við fsp. mínum, en það var eitt atriði sem vakti athygli mína. Hann sagði að Framsfl. sem stofnun hefði lagt það í hendur forsrh. að leggja brbl. fram og mundi hlíta því. Það er út af fyrir sig leikregla og ekkert við því að segja. En nú vil ég spyrja í framhaldi af þessu: Ef hæstv. forsrh. svo ákveður að draga framlagningu brbl. um launamál fram yfir 1. des., mun Framsfl. lúta því?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örstutt.

Í fyrsta lagi: Hv. þm. Halldór Blöndal vefengdi það, að ég hefði boðið 20% fiskverðshækkun. Þetta er út af fyrir sig kannske ekki stórt mál, en ég gætti þess að hafa mann

með mér þegar ég bauð þetta, Ólaf Davíðsson, og ég vil eindregið óska eftir því, þar sem svo var komist að orði að ég væri að segja ósatt, að hv. sjútvn. kalli á Ólaf Davíðsson og Kristján Ragnarsson og spyrji þá að þessu. Ég veit að það hefur komið fram að þetta var ekki gert í yfirnefnd, enda engin staða til þess þar sem ljóst lá fyrir áður en sá fundur yfirnefndar var haldinn að það yrði ekki samþykkt. En ég óska eftir því að þetta verði kannað og rætt og þessir menn að þessu sérstaklega spurðir báðir. — Ég get getið þess að Kristján Ragnarsson hafði ákveðnar ástæður til þess að hafna þessu, sem ég hef út af fyrir sig ekkert við að athuga, sem hafa komið fram hjá honum.

Hv. þm. sagði að afli hafi orðið 0.1 tonni minni á úthaldsdag hjá minni togurunum fyrri hluta ársins en í fyrra. Mér er ráðgáta hvar hv. þm. fær þetta. Í þeirri skýrslu, sem ég vísaði til frá starfshópi þeim sem ég skipaði, segir: Aflaminnkun janúar —maí miðað við sama tíma 1981 er áætluð 16% á hvert skip hjá minni togurum og samsetningarbreyting (aflaminnkun er öll í þorski) er talin rýra tekjur um 6% til viðbótar. Ef 0.1 tonn er 16%, þá — (**Gripið fram í:** Það er 1% of mikið.) Já, eitthvað kringum það — standast ekki mínar reikningskúnstir. En ég skal svo sannarlega afla mér gleggri upplýsinga um þetta. En þetta er undirskrifað af sjálfum Kristjáni Ragnarssyni, sem hv. þm. tekur nú manna trúanlegastan. (Gripið fram í.) Já, ég er hér með aðra skýrslu sem Kristján Ragnarsson undirskrifar. (**HBl:** Frá Þjóðhagsstofnun?) Hún hlýtur að vera miklu betri en Ólafur Davíðsson. Ég skal kynna mér hvernig í ósköpunum á þessu má nú standa.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason spurði um brbl. Ég er ég held að verði aldrei að taka afstöðu til. Ég er sannfærður um að hæstv. forsrh. leggur brbl. fram fyrir 1. des. Ég efast ekki um það. Ég hef ekki nokkra ástæðu til að halda annað. Ef svo fer ekki kann að vera að þingflokkur Framsfl. verði að fjalla um það. En ég get ekki á þessu stigi svarað fyrir þingflokkinn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vegna orðaskipta minna og hæstv. ráðh. um þau 4% sem bar á milli frá 16 í 20% segja að sjútvrh. er að sjálfsögðu kunnugt um að það var ekki fullnægjandi fyrir útgerðina að fá fiskverðið hækkað upp í 20% og enga niðurgreiðslu á olíu. Ef hæstv. sjútvrh. vill svo túlka þetta með þeim hætti að útgerðin hafi út af fyrir sig hafnað 20% fiskverðshækkun sem leið til lausnar á vandanum, þá má hann það mín vegna. En mér finnst það ekki merkilegur málflutningur. Staðreyndin er sú, að formanni LÍÚ var ekki boðið upp á neitt það sem hann gat sætt sig við fyrir útgerðina. Auðvitað vildi hann heldur 20% fiskverðshækkun en 16, en það veit hæstv. sjútvrh. jafnvel og ég, og vera að reyna að snúa málinu þannig er náttúrlega út í hött.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 5. fundur.

Fimmtudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Stefna í flugmálum, þáltill. (þskj. 13). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, þáltill. (þskj. 32). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hafsbotnsréttindi á Reykjaneshrygg, þáltill. (þskj. 34). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Laxveiðar Færeyinga í sjó, þáltill. (þskj. 36). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stóriðnaður á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 18). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal að flytja á þskj. 18 till. til þál. um staðarval stóriðju á Norðurlandi. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra og kosti þess að velja þar stóriðnaði stað, t. d. í grennd við Akureyri eða Húsavík."

Á tveimur síðustu þingum var sams konar till. lögð fram en varð ekki útrædd. Eins og hv. þm. er kunnugt er hér um að ræða mál sem á sér nokkuð langan aðdraganda og hefur hlotið verulega umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Á Alþingi, 94. löggjafarþingi, sem sat 1973—1974, fluttum við hv. þm. Halldór Blöndal svipaða till. og þessa. Þeirri till. var vísað til ríkisstj. með svofelldri umsögn í nál. um það atriði till. að kanna hagkvæmni þess, vegna jákvæðrar þróunar byggðar og aukins öryggis í orkuöflun allra landsmanna, að velja stóriðjufyrirtæki stað á Norðurlandi. Orðrétt segir í nál. hv. allshn. Sþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Um hið fyrra atriði er það að segja að viðræðunefndin um orkufrekan iðnað hefur haft það til könnunar og mun halda henni áfram. Þegar til aukins rafmagns kemur nyðra verður þetta mál vafalaust í brennipunkti."

Þetta hafði hv. allshn. Sþ. um hliðstæða till. að segja á árinu 1974.

Eins og kunnugt er hefur Alþingi ákveðið að næsta stórvirkjun í landinu verði í Blöndu og eru þegar hafnar undirbúningsframkvæmdir við þessa virkjun. Teningunum er því kastað að þessu leyti. Augljóst er að næg orka verður til staðar á Norðurlandi innan skamms, bæði

vegna samtengingar alls orkukerfis landsmanna og einnig vegna þess að ákveðið er að Blönduvirkjun rísi. Stórfyrirtæki í iðnaði, sem nota mikla orku, bæði við Eyjafjörð og við Húsavík, munu því geta fengið nægа raforku á hagkvæmu verði, jafnvel fremur á Norðurlandi en í öðrum landshlutum á næstunni.

Þegar þessi till. var til umr. á Alþingi öðru sinni á síðasta þingi tók hæstv. iðnrh. til máls og lagði á það áherslu að við þyrftum að vera vel á verði, kanna sem flesta möguleika til þess að renna traustum stoðum undir atvinnulíf í landinu, auka fjölbreytni þess, koma á nýjum vaxtarbroddum í stað þess sem brott fellur í tímans rás og vegna breyttra aðstæðna. Ég vil taka heils hugar undir þessi ummæli hæstv. iðnrh. Hann sagði einnig að Alþb., sem hann mælti fyrir, hefði lagt á það um langt skeið áherslu að sérstaklega vel yrði vandað til undirbúnings að stofnun meiri háttar iðnrekstrar í landinu, fyrirtækja sem geta talist stór á okkar mælikvarða, því að alltaf er það afstætt hvað telst stórt og hvað smátt, sagði hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. skýrði einnig frá því að hann hefði sett á laggir 3. okt. 1980 nefnd sem kölluð hefur verið staðarvalsnefnd. Samkv. skipunarbréfi, sagði hæstv. ráðh., sé henni ætlað það hlutverk að kanna hvar helst komi til álita að reisa iðjuver í tengslum við nýtingu á orku- og hráefnalindum landsins. Í þessu erindisbréfi er einnig kveðið á um að hlutverk nefndarinnar sé að kanna umræddа staði sem helst kæmu til álita ef reist yrðu iðjuver í tengslum við nýtingu á auðlindum landsins. Hann sagði í þessu sambandi orðrétt: „Er þá átt bæði við hráefnaauðlindir og orkulindir, og vel má tengja það einnig þeim auðlindum sem í mannfólkinu sjálfu búa. Jafnframt er *nefndinni ætlað, eins og segir í skipunarbréfi,* að taka tillit til líklegra áhrifa sem slíkt fyrirtæki hefði á atvinnulega og efnalega þróun, samfélag náttúru og umhverfi. Er nefndinni falið að greina í hverju slík áhrif séu helst fólgin og bera saman viðkomandi staði með hliðsjón af því.“ Svo sagðist hæstv. iðnrh. efnislega frá þegar hann tók til máls um till. þessa á síðasta þingi.

Nú hefur staðarvalsnefnd nýlega skilað bráðabirgðaskýrslu um staðarval álvers í landinu. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun staðarvalsnefndar að forðast beri eftir föngum myndun nýrra verksmiðjuþorpa og einhæfra iðnaðarbæja. Hníga þar einkum til hagrænar og félagslegar ástæður sem studdar eru innlendri og erlendri reynslu og nánar verður vikið að í skýrslu nefndarinnar. Staðarvalsnefnd telur affarasælla að nýtt fyrirtæki falli sem eðlileg og jákvæð viðbót inn í þá atvinnu og félagslegu heild, sem fyrir er, án þess að raska verulega ríkjandi jafnvægi. Af þessum sökum er það álit staðarvalsnefndar að einkum beri að stuðla að staðsetningu nýrra fyrirtækja í nágrenni þéttbýlis þannig að starfsmannafjöldi nýs fyrirtækis verði að jafnaði ekki meiri en 20% af þeim vinnumarkaði sem fyrir er á svæðinu. Starfsmannafjöldi í fullbyggðu álveri fyrir 130 þús. tonn, með skautsmiðju, er talinn vera um 600 manns. Að baki slíku fyrirtæki þyrfti því um 3000 manna vinnumarkað hið minnsta, að mati staðarvalsnefndar, eða sem nemur u. þ. b. 7000 íbúðum yfir komandi vinnusókn.“

Á þessum forsendum kemst staðarvalsnefnd í raun að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki af þessari stærðargráðu, 400—600 manns, sé tæpast unnt að velja stað annars staðar í landinu en í grennd við höfuðborgarsvæðið eða á Eyjafjarðarsvæðinu. Þessi niðurstaða staðarvalsnefndar styðst við erlendar athuganir og reynslu, t. d. í Noregi. Í þessu sambandi vil ég leggja sérstaka áherlsu á að staðarval slíkra stórfyrirtækja hefur langvíðtækust áhrif á heildarbyggðaþróun í landinu ef þeim er valinn staður þar sem fyrir er öflugur iðnaður og þjónustuumhverfi. Í því sambandi er Eyjafjarðarsvæðið langálitlegasta þéttbýlissvæði *á landinu utan höfuðborgarinnar og nágrennis* hennar. Um þetta atriði sagði ég orðrétt í framsöguræðu á síðasta þingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ætla má að fyrirtæki, sem veitti 400 manns atvinnu, muni örva aðra atvinnustarfsemi í Eyjafirði svo að um 600 ný atvinnutækifæri hlytust af staðarvali slíks stóriðjufyrirtækis til viðbótar. Þannig yrði fjöldi nýrra atvinnutækifæra 1000 og íbúafjölgun a. m. k. 3000 vegna staðarvalsins. Á hinn bóginn yrði íbúafjölgun minni og færri ný atvinnutækifæri sem hlytust af staðarvali slíks fyrirtækis í 1000 manna héraði, svo að dæmi sé tekið, en félgslegar aðstæður allar gerbreytast þar sem hefðbundnar atvinnugreinar væru væntanlega einar fyrir í slíku byggðarlagi.“

Það er því ekki einasta nauðsynlegt vegna þeirra raka sem staðarvalsnefnd nefnir að velja slíku fyrirtæki stað í öflugu þéttbýli, heldur nást með slíku staðarvali langtum meiri áhrif á heildarbyggðaþróun í landinu en ef slíku fyrirtæki væri valinn staður utan slíks þéttbýlis og þjónustuumhverfis.

Það er alkunna að nokkur ágreiningur hefur verið um stefnuna í atvinnumálum á Eyjafjarðarsvæðinu að þessu leyti. Því er ekki að leyna að margir eru hræddir við stóriðju á Eyjafjarðarsvæðinu, einkum stofnun álvers. Menn benda á að staðhættir séu slíkir í Eyjafirði, bæði veðrátta og landslag, að mengunarhætta sé þar meiri en á öðrum stöðum. Ég vil leggja ríka áherlsu á það í þessu sambandi, eins og ég hef gert í þau skipti sem ég hef fjallað um þetta mál bæði hér á Alþingi og annars staðar, að það skiptir höfuðmáli að kannað sé hvort hér sé einhver hætta á ferðum. Slíkar athuganir hafa því miður ekki farið fram og þær taka sinn tíma. Það er þetta atriði, að tapa ekki ennþá lengri tíma í undirbúningi og athugun á þessu máli, sem fyrst og fremst knýr mig til að endurflytja þessa till. Á það má líka benda í þessu sambandi að tækni fleygir fram á öllum sviðum. Tækni hefur einnig breyst í mengunarmálum. Þess vegna er öll umræða um mengunarhættu af stórfyrirtækjum í Eyjafirði nánast alveg út í hött ef ekki er stuðst við nýjustu þekkingu á þessu sviði.

Þá er einnig rétt að undirstrika að till. þessi er um alhliða eflingu atvinnulífs á þessu svæði, bæði Eyjafjarðarsvæðinu og í grennd við Húsavík. Það dylst engum að um ýmsa kosti er að ræða. Þar má nefna frekari fullvinnslu sjávar- og landbúnaðarafurða, ýmsan nýiðnað, svo sem rafeindaiðnað, eflingu þess iðnaðar sem fyrir er, nýjar atvinnugreinar, svo sem fiskirækt, loðdýrarækt o. s. frv. Ég vil undirstrika enn og aftur að auðvitað á að gera allt sem unnt er til að auka atvinnutækifæri á þessum svæðum og ekki síst að standa þannig að stjórn landsins að atvinnulíf hafi almenn skilyrði til að blómgast og dafna. En þeir möguleikar, sem þarna kunna að leynast, breyta því ekki að það er nauðsynlegt að minni hyggju að kanna hvort unnt sé að velja stóriðnaði stað á Eyjafjarðarsvæðinu án áhættu, án þess að umhverfi eða náttúru sé hætt. Þetta er ekki síst nauðsynlegt vegna þess að verði fyrirtæki í orkufrekum iðnaði reist í landinu, fyrirtæki af framangreindri stærðargráðu, 400—600 manns, þá er í

raun réttri ekki um aðra staði að ræða en Eyjafjarðarsvæðið eða þá höfuðborgarsvæðið og nágrenni. En það hlýtur öllum að vera ljóst, að einhliða uppbygging stórfyrirtækja, sem nota mikla orku, umhverfis höfuðborgarsvæðið hlýtur að hafa mjög einhliða áhrif á byggðaþróun í landinu.

Stefnan í atvinnumálum hefur verið mjög ofarlega á baugi á Norðurlandi eystra undanfarin ár og ekki að ófyrirsynju. Þetta á einkum við um stærstu þéttbýlisstaðina, Akureyri og Húsavík, þar sem vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu er iðnaður. Þar hefur oft og tíðum orðið nokkur, stundum verulegur samdráttur í atvinnulífinu. Á hann vafalítið rætur að rekja til öfugsnúinnar efnahagsstefnu ríkisstj. undanfarin ár, t. d. í gengismálum, verðlagsmálum, vaxta- og húsnæðismálum. Ástæða er þó til að ætla að til viðbótar sé um verulegan frambúðarvanda að ræða í eflingu atvinnulífs á þessum stöðum, einkum á Akureyri þar sem vaxtarbroddurinn er í iðnaði og þjónustugreinum, og einnig á Húsavík eins og ég sagði áðan. Á Akureyri voru um 60% vinnuaflsins hjá 11 stærstu fyrirtækjum bæjarins árið 1970. Nú eru 70% vinnuaflsins hjá einvörðungu 7 fyrirtækjum, þar á meðal sjúkrahúsinu og Akureyrarbæ. Þessi stóru fyrirtæki: Útgerðarfélag Akureyringa, Verksmiðjur SÍS, Slippstöðin, Niðursuðuverksmiðja K. Jónsson og Co., svo að nokkur séu nefnd, eiga öll í erfiðleikum vegna þeirrar stefnu sem ríkt hefur í efnahags- og atvinnumálum undanfarið. Ég legg þó áherslu á að ekkert hinna fyrrgreindu fyrirtækja virðist líklegt til að vaxa verulega umfram núverandi stærð og umsvif — eða nægilega til þess að örva atvinnulífið á Akureyri — jafnvel þótt úr rættist með atvinnu- og efnahagsstefnu stjórnvalda. Þess er m. ö. o. ekki að vænta að hjá þeim verði til ný atvinnutækifæri, sem nauðsynleg eru á næstu árum ef ungt fólk, sem kemur á vinnumarkaðinn, á að geta fest rætur og heimili í þessu héraði.

Svipuðu máli gegnir raunar um Húsavík. Þar virðist fiskiðnaðurinn vart bæta við sig verulegu vinnuafli og aðrar iðngreinar á Húsavík flestar bundnar þjónustu við hann. Nýr vaxtarbroddur er því nauðsynlegur þar til eflingar atvinnulífinu ekki síður en á Akureyri, enda hafa bæjaryfirvöld á Húsavík sýnt á þessu sérstakan skilning undanfarin ár. Hafa staðið yfir um nokkurt skeið athuganir á að koma þar á fót nýjum iðngreinum, t. d. trjákvoðuverksmiðju, svo sem kunnugt er. Þetta er mjög lofsvert framtak hjá bæjaryfirvöldum á Húsavík og sýnir að minni hyggju að þau hafa ríkan skilning á því að kanna beri alla kosti þess að efla og treysta framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins í byggðarlaginu.

Fram til þessa hafa skoðanir því miður verið skiptari á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu um framtíðaruppbyggingu atvinnumálanna, einkum að því er varðar könnun á staðarvali fyrir stóriðnað í byggðarlaginu. Það verður líka að segjast að þm. kjördæmisins hafa ekki verið á eitt sáttir í þessu stóra máli. Nú nýverið hafa orðið miklar umræður um atvinnumálin á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Bæjarstjórn Akureyrar hefur nýlega samþykkt samhljóða ítarlega ályktun um atvinnumál í kjölfar þess að mjög hefur syrt í álinn undanfarin ár á atvinnusvæðinu á Akureyri eins og kunnugt er af fréttum. Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa úr þessari atvinnumálaályktun bæjarstjórnar Akureyrar. Þar segir:

„Á áratugnum 1971—1981 fjölgaði Akureyringum um 10 930 manns í 13 420 eða um 2 490 manns. Þetta samsvarar rúmlega 2% fjölgun á ári. Í upphafi áratugsins voru Akureyringar 5.28% allra landsmanna en í lok hans 5.87%. Hlutfallsleg aukning er þannig 0.6%. Bæjarstjórn Akureyrar álítur að svipuð þróun á næsta áratug sé bæði eðlilegt og æskilegt markmið í þessu efni. Margvísleg stefnumörkun bæjarstjórnar á undanförnum árum hefur miðað í þessa átt. Má þar nefna nægilegt lóðaframboð til íbúðabygginga og atvinnustarfsemi og öra uppbyggingu ýmissar þjónustu bæjarins.

Bæjarstjórn telur fjölbreytt atvinnulíf nauðsynlega forsendu fyrir stöðugleika í efnahag bæjarins og bæjarbúa. Jafnframt stuðlar fjölbreytt atvinnuval að því að allir geti fengið starf við sitt hæfi."

Þá segir enn í ályktun bæjarstjórnarinnar um atvinnumálin:

„Bæjarstjórn telur að nýta beri þau tækifæri til atvinnusköpunar sem landið og hafið umhverfis það bjóða upp á, þ. e. þær auðlindir er þjóðin hefur yfir að ráða. Vegna þeirrar umræðu sem nú fer fram um hvernig nýta beri raforku, sem áformað er að framleiða með fallvötnum landsins, vill bæjarstjórn árétta að hún telur rök hníga að því að næsta fyrirtæki í orkufrekum iðnaði, sem reist verður í landinu, rísi á Eyjafjarðarsvæðinu. Því beinir bæjarstjórn því til stjórnvalda að nauðsynlegum rannsóknum á svæðinu verði hraðað og á grundvelli þeirra niðurstaðna verði tekin ákvörðun um stofnun slíks iðnaðar í samráði við íbúa svæðisins."

Ályktun bæjarstjórnar Akureyrar um atvinnumál er ítarlegri en þetta og birtist í grg. með þessari þáltill. Eins og ég sagði áðan var þessi ályktun samþykkt samhljóða í bæjarstjórn, en mér er tjáð að fulltrúar Kvennaframboðs og fulltrúar Alþb. hafi gert einhvern fyrirvara með sérbókun.

Ég vil leggja áherslu á það, herra forseti, að í þessari ályktun bæjarstjórnar Akureyrar kemur fram hvað fyrir okkur vakir, flm. þessarar till. Við tökum heils hugar undir þessa ályktun bæjarstjórnarinnar. Við beinum þeirri áskorun fyrst og fremst til stjórnvalda að nauðsynlegum rannsóknum á Eyjafjarðarsvæðinu verði hraðað og þannig lagður grundvöllur að því að unnt sé að taka ákvörðun með rökum um stofnun orkufreks iðnaðar við Eyjafjörð í samráði við íbúa byggðarlagsins.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni með þessa þáltill. sem ég hefði jafnvel kosið að fleiri þm. kjördæmisins hefðu átt kost á að skrifa upp á. Um það tjáir ekki að fást. Ég vil minna á að allt frá árinu 1978, í þeirri kosningabaráttu sem þá fór fram í Norðurl. e., gerði ég það að umræðuefni iðulega í ræðum mínum að augljóst væri að það þyrfti að efla mjög alla iðnaðaruppbyggingu í því kjördæmi, og þá einkum og sér í lagi á Eyjafjarðarsvæðinu. Á þessu hef ég klifað nánast á hverjum fundi sem fjallað hefur um atvinnumál í þessu kjördæmi síðan 1978. Það fer ekkert á milli mála að í því kjördæmi eins og víða á landinu eru skiptar skoðanir um hvernig atvinnuuppbyggingin skuli fara fram. Þar takast á að mínu mati tvö mjög sterk öfl. Annars vegar eru þeir menn sem vilja treysta á framtak einstaklingsins í þágu þjóðarheildar og hins vegar þeir sem telja að fátt sé hægt að gera nema þar hafi samvinnuhreyfingin fingurna í.

Ég lít svo á að atvinnuuppbyggingin í Norðurl. e. og þá einkum á Eyjafjarðarsvæðinu hafi truflast og tafist að

verulegu leyti vegna þeirra deilna sem upp hafa komið um það hvernig að henni skuli staðið. Það er engu að síður ljóst að nú hefur fengist fram, eins og hv. 1. flm. þessarar till., Lárus Jónsson, gat um, mjög mikilsvert plagg þar sem er fundargerð bæjarráðs Akureyrar frá 28. sept. s. l., þar sem það er loksins staðfest svart á hvítu að bæjarráð hefur áhuga á því að orkufrekum iðnaði verði valinn staður á Eyjafjarðarsvæðinu, Akureyringum til styrktar í sinni atvinnuuppbyggingu, enda hafa menn gert sér það ljóst að orkufrekum iðnaði fylgir meira en þau atvinnutækifæri sem skapast í verksmiðjum.

Það er ýmiss konar þjónustuiðnaður, sem blómstrar við hlið þessara verksmiðja, og af sumum reiknað að þar skapist fjögur atvinnutækifæri á móti hverju einu. Ég hef sjálfur sagt að stóriðja í því formi sem við þekkjum hana væri ekki neitt allsherjar lausnarorð, heldur mættum við huga að ýmiss konar iðnaði. Þá hef ég t. d. nefnt að það væri vel þess virði að huga betur að því en gert hefur verið hvort ekki mætti nýta fisk og fiskhráefni til betri úrvinnslu til þess að gera verðmeiri afurðir úr þeim.

Sá ágreiningur sem hefur verið uppi í okkar kjördæmi um afstöðuna til þessara mála virðist fara minnkandi sem betur fer. Menn taka nú frekar en áður þann pólinn í hæðina að þessi leið sé sú leið sem fara verður, einfaldlega vegna þess að aðrir möguleikar gefast ekki.

Mig langar, herra forseti, að vitna hér í örstutta forustugrein sem ég skrifaði í Alþýðumanninn á Akureyri fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Þar sagði ég m. a.:

„Hér á Akureyri er fyrst og fremst kosið um það hvert beri að stefna í þróun atvinnumála. Það er kosið um það hvort ungar og vinnufúsar hendur fái störf við sitt hæfi á næstu misserum og árum eða hvort Akureyringar leiti til annarra byggðarlaga um vinnu.

Akureyringar standa á tímamótum og um leið höfuðstaður Norðurlands. Rannsóknir, sem hæfustu menn hafa gert, sýna svo að ekki verður um villst að það er iðnaður og ýmsar þjónustugreinar sem verða að taka við öllu því vinnuafli er við bætist á næstu árum. Það er ljóst að fram til ársins 2000 fækkar atvinnutækifærum í landbúnaði um nokkur þúsund. Engin þörf verður fyrir aukið vinnuafl í fiskiðnaði. Líklegt er talið að þar verði um fækkun að ræða vegna síaukinnar vélvæðingar og örtölvubyltingar. Hið sama gildir um sjávarútveginn. Þetta eru staðreyndir sem ekki verða hraktar. Það er af þessum ástæðum að nú kjósa Akureyringar um það hvort mikið og nauðsynlegt átak verði gert í eflingu iðnaðar af öllu tagi".

Ég vil í þessu sambandi minna á að t. d. Akureyringar hafa að nokkru leyti búið við falskt atvinnuöryggi á undanförnum árum. Það er nefnilega svo að stórfyrirtækjum, SÍS og KEA, hefur verið ætlað það tröllaukna hlutverk að efla svo iðnað í bænum að allt nýtt vinnuafl geti leitað þangað. En þrátt fyrir dugnað og hæfileika ýmissa forustumanna þessara samtaka, sem um áraraðir hafa auðvitað verið mikilvægt afl í atvinnulífi Akureyringa, hefur það ekki dugað til. Þarna komum við einmitt að nokkrum kjarna í þessu máli. Menn hafa treyst um of á atvinnuuppbyggingu þessara samtaka og gleymt því um leið að það þarf meira til.

Það er öllum hv. þm. kunnugt að atvinnuástandið á Akureyri hefur verið nokkuð knappt, ekki eins gott og við höfum kosið að það væri. Þetta á einkum og sér í lagi við um byggingariðnaðinn, sem hefur átt við nokkra erfiðleika að stríða, þó að eitthvað hafi úr ræst og ekki komi til þess alvarlega verkefnaskorts sem við var búist fyrir tveimur mánuðum. Engu að síður er útlitið ekki gott þegar líður fram á næsta ár. Það eru ekki í sjónmáli nein þau ný atvinnutækifæri í þessu kjördæmi sem gætu veitt nýju vinnuafli störf. Þetta er eðli málsins samkvæmt mjög alvarlegt. Þessi mál verður að taka traustum tökum því að verði það ekki gert fljótlega þá getur skapast á þessu svæði, einkum og sér í lagi Eyjafjarðarsvæðinu, hreint vandræðaástand. Landbúnaðurinn hefur verið geysilega sterk stoð í öllu atvinnulífi þarna en af mörgum ástæðum getur hann ekki tekið við nýju vinnuafli á næstu árum, heldur eru allar líkur á því að vinnuaflið í landbúnaði fari minnkandi.

Ég vildi sem sagt, herra forseti, taka undir þessa till. að hluta til, en ítreka þó þá skoðun mína að ég tel í raun og veru ekki sjálfgefið að við þurfum við uppbyggingu atvinnulífsins að horfa eingöngu til stórrekstrarverksmiðja, heldur megi huga að öðrum greinum iðnaðar, sem eiga t. d. heima í kjördæmi af þessu tagi, þar sem ýmiss konar úrvinnsla bæði landbúnaðarafurða og sjávarafurða kemur mjög vel til greina. En það er alveg ljóst að nú er staða mála sú að það verður að taka afstöðu til þess, ef mönnum er alvara með að stofna til smíði nýs álvers hér á landi, hvar það álver eigi að vera. Og staðarvalsnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sem virðist óvefengjanleg, að Eyjafjarðarsvæðið er það svæði sem helst kemur til greina til að taka við þeirri verksmiðju.

En af því að ég sá hæstv. iðnrh. hér inni áðan vildi ég spyrja hann að því, ef hann heyrir mál mitt, hvar þau mál standi nú í kerfinu sem snerta nýtt álver hér á landi. Við höfum ekkert um það heyrt hvert athugun þeirra mála er á veg komin. Væri afskaplega fróðlegt að heyra frá hæstv. iðnrh. hvar í pappírsbunkum iðnrn. hugmyndir hans og hans fjölmörgu ráðgjafa eru um það hvenær eigi að hefja framkvæmdir við nýtt álver og hvort nokkur afstaða hafi verið tekin til þess hvar slíkt álver eigi að vera. Nú sé ég að hæstv. iðnrh. er genginn í salinn og ætla þá að endurtaka spurningu mína til hans ef fyrri flm. till. hefur ekki gert það. Ég var að spyrja um það hvort nokkur ákvörðun hefði verið tekin í iðnrn. eða hvort það lægi fyrir hvenær hugsanlegt væri að hefja framkvæmdir við smíði nýs álvers hér á landi, hvort þau mál væru komin á þann rekspöl að þess mætti vænta að ákvarðanir yrðu teknar á næstu misserum, og þá hvort hans hv. rn. hefði tekið afstöðu til þeirra valkosta sem staðarvalsnefnd nefnir í sinni grg. eða sínum niðurstöðum m. a. um Eyjafjarðarsvæðið. Ég geri mér ljósa grein fyrir því að þetta mál hlýtur að tengjast mjög virkjun Blöndu og þeirri orku sem þaðan kemur, en ég held að það væri fróðlegt fyrir alla hv. þm. — og eins fyrir aðra landsmenn að fá upplýsingar um það núna hvort einhverjar ákvarðanir liggi fyrir. Það er stundum haft á orði að mikið sé talað, rætt, athugað og rannsakað á vegum iðnrn., og það er vel, vegna þess að það er undirstaða þess að hægt sé að taka einhverjar ákvarðanir. En ákvarðanir verður engu að síður að taka og þess vegna ber ég þessar spurningar fram til hæstv. iðnrh. í þeirri von að hann geti sagt okkur eitthvað um það hvar þessi mál standa nú.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa í meginatriðum yfir stuðningi mínum við þá till. til þál. sem hér er til umr. Sérstaklega vil ég þó lýsa stuðningi við það sem hér er rætt um, að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurl. e. Ég vil hins

vegar taka undir með hv. 6. þm. kjördæmisins það sem hann sagði hér í lok sinnar ræðu, að honum fyndist ekki sjálfgefið að horfa eingöngu til stórrekstrar í þessu sambandi, og þess vegna þyrfti það kannske ekki að vera meginefni till. að athuga um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi, heldur að skoða almennt hvernig við eigum að standa að eflingu atvinnulífsins.

Hv. frsm. gat þess líka í framsögu sinni fyrir þáltill. að það væru ýmsir aðrir kostir til atvinnuuppbyggingar, svo sem eins og frekari úrvinnsla sjávarafla og úrvinnsla úr landbúnaðarafurðum. Ég vil þá nefna rannsóknir í sambandi við lífefnaiðnað og hugsanlega slíka framleiðslu sem mundi nýta úrgang úr sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum. Við fluttum um það þáltill. hér á síðasta þingi, nokkrir þm. Framsfl., að kannaðir yrðu möguleikar á lífefnaiðnaði. Hv. frsm. nefndi einnig rafeindaiðnað og fleira mætti nefna í þessu sambandi. En það er ljóst að það þarf að efla atvinnulíf í þessum landshluta. Þm. kjördæmisins voru kallaðir til fundar norður á Akureyri seinni part sumars til þess að ræða þar við atvmn. og framámenn iðnaðar á Akureyri. Einkum voru það að vísu byggingariðnaðarmenn og ljóst er að þar er um þessar mundir vandinn mestur. Það er samdráttur í byggingariðnaðinum og þá kreppir auðvitað fyrst að þar og í viðkomandi þjónustuiðnaði. Við þingmennirnir skipuðum fulltrúa úr okkar hópi til þess að vinna með heimamönnum að athugunum á þessum málum.

Akureyri er mikill iðnaðarbær og það verður að sjálfsögðu að leita allra leiða til þess að þróa þann iðnað sem þar er fyrir. Við verðum að treysta grundvöll iðnaðarins þannig að þessi iðnaður geti staðið fyrir sínu, hann hafi möguleika til þess að eflast og þróast. Og við verðum að gæta þess að nýir atvinnukostir, svo sem eins og nýr stóriðnaður, gangi ekki inn á möguleika þess iðnaðar sem þarna er fyrir, taki frá honum vinnuafl þannig að úr honum dragi mátt. Það verður að standa þannig að þessum málum að slíkt komi ekki til.

Varðandi stóriðnaðinn sem slíkan vil ég þó segja það að ég tel ljóst að við þm. þessa kjördæmis, svo og aðrir sem hlut eiga að máli, verðum að horfa til hans með opnum huga. Við verðum auðvitað að vera jákvæðir í öllum rannsóknum og athugunum á því hvað hægt sé að gera til þess að tryggja atvinnulífið, en einnig að íhuga vel að ef um stórfellda uppbyggingu á atvinnulífi sums staðar er að ræða hlýtur það að verka sem aðdráttarafl eða segull á þá staði þar sem atvinnulíf er viðkvæmara. Þetta tel ég að við þurfum að hugsa alvarlega um.

Eyjafjarðarsvæðið er að sjálfsögðu viðkvæmt svæði í náttúrufarslegu tilliti. Þar er blómleg byggð. Þetta er eitt öflugasta og blómlegasta landbúnaðarhérað á landinu og við verðum að gæta þess að hugsanlegur stóriðnaður, sem þar yrði settur upp, spilli ekki fyrir því atvinnulífi sem þar er, þeirri blómlegu landbúnaðarstarfsemi sem þar er og á sér djúpar rætur. Ef einhvers staðar á að reka landbúnað hér á landi þá er það að sjálfsögðu í héraði eins og Eyjafjarðarsvæðið er. Við þurfum þess vegna að gera kröfur til þess að vel verði hugað að mengunarvörnum öllum og þau mál verði skoðuð ítarlega og vandlega, ef til stóriðnaðar kemur á þessu svæði, eins og frsm. fyrir þessari þáltill. rakti reyndar vel í sinni framsöguræðu. Eyjafjarðarsvæðið er miklu viðkvæmara verðurfarslega en ýmis önnur svæði, þar sem vindar blása og veðurfar er með öðrum hætti en einmitt í Eyjafirði. Þess vegna þurfum við að gæta fyllstu varúðar.

Ég vil sem sagt lýsa því yfir að ég tel nauðsynlegt að við athugum þetta. Við þurfum að taka þátt í uppbyggingu og eflingu atvinnulífsins í þessu kjördæmi ekki síður en annars staðar. Ég vil líka minna á — eins og hér er reyndar gert í grg. — það framtak sem t. d. bæjaryfirvöld á Húsavík hafa sýnt varðandi atvinnuuppbyggingu þar með því frumkvæði sem þau hafa átt að athugun á starfrækslu trjákvoðuverksmiðju. Bæjaryfirvöld hafa veitt fjármagn til athugana á þeim atvinnukosti og ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við það. Mér er kunnugt um að á næstu vikum er væntanleg niðurstaða úr hagkvæmniathugunum sem nú eru í gangi varðandi hugsanlega trjákvoðuverksmiðju. Væri fróðlegt að heyra það frá hæstv. iðnrh. hvað er nýjast að frétta af því máli og hvort hann getur gefið okkur hér einhverjar upplýsingar þar um.

Ég vil svo aðeins endurtaka það að ég lýsi stuðningi mínum við þessa þáltill. í meginatriðum og tel nauðsynlegt að við könnum það sérstaklega hvernig efla megi atvinnulífið á Norðausturlandi og skoðum í því sambandi alla tiltæka kosti.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér er til umr. þáltill. sem flutt var á síðasta þingi og ég gerði þá að umtalsefni, þegar umr. fór fram um hana, og ekki eru liðnir nema sumarmánuðirnir síðan þessi mál bar hér á góma í umr. í lok síðasta þings, þannig að ég get vísað að nokkru til þess sem þá kom fram, en vegna þess sem síðan hefur gerst og þeirra fsp. sem hér eru fram komnar tel ég rétt að fara allnokkrum orðum um þetta mál og reyna að svara þeim fsp. sem hér hafa komið frá hv. alþm. þetta varðandi.

Eins og fram kom hjá fyrri flm. þessarar þáltill., hv. 3. þm. Norðurl. e., er honum ljóst að í gangi er vinna varðandi öll þau atriði sem að er vikið efnislega í þáltill. Sú vinna er í gangi á vegum stjórnvalda og hér er meira um það að ræða að ýta á eftir, minna á þau sjónarmið sem hv. flm. bera í brjósti um þessi efni. Sérstaklega nefndi hv. frummælandi hér áðan nauðsyn athugana og rannsókna í sambandi við þessi mál, ekki síst varðandi umhverfisþáttinn. Mér þykir það nú ágætt þegar það heyrist hér frá hv. alþm. að rannsóknir séu nauðsynlegar og æskilegar í stórmálum sem þessum, því að stundum ber það við að það er talið að ofgert sé á því sviði, en þegar um er að ræða stórverkefni, sem taka óhjákvæmilega talsverðan tíma í undirbúningi ákvarðana, er hv. alþm. auðvitað ljóst að þar þarf að vanda vel til og kosta nokkru til í undirbúningi, ekki síst til þess að forða því að menn misstigi sig bæði varðandi ráðstöfun fjármagns og eins varðandi þau áhrif sem uppbygging stórra atvinnufyrirtækja hefur á samfélagið hið næsta og einnig náttúrlegt umhverfi, sem engir hafa áhuga á að spilla, að ég vona með stórrekstri.

Ég vil aðeins minna á það hér, að það var haustið 1980 sem iðnrn. skipaði svonefnda staðarvalsnefnd um iðnrekstur til þess að gera víðtækar athuganir á hvar skynsamlegt væri að hugsa til þess að setja niður meiri háttar fyrirtæki, sem byggi á auðlindum og orkulindum landsins og hráefnum, sem hér falla til til úrvinnslu. Í þessari nefnd eru fulltrúar, fyrir utan iðnrn., frá heilbrrn., en undir það heyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins eða sú stofnun sem fer með þau verkefni sem snúa að starfsleyfum fyrir iðnrekstur. Þá á Náttúruverndarráð

fulltrúa í þessum hópi, til að það fylgist sem best með þessum málum, og einnig er þarna fulltrúi frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þessi nefnd hefur unnið mikið starf og hefur haft sérstakan verkefnisstjóra á sínum vegum, sem er Pétur Stefánsson verkfræðingur, og fleiri hafa unnið að málum fyrir nefndina. Er þess að vænta nú innan skamms, að fyrir liggi álit frá henni almenns efnis um þessi mál — niðurstöður úr mikilli vinnu, sem fram hefur farið á vegum nefndarinnar varðandi þetta meginverkefni, að draga upp sem skýrasta mynd af því hvar skynsamlegt geti talist að setja niður slík meiri háttar iðnfyrirtæki í landinu út frá víðtæku mati. Ég vænti að það þyki fengur að þessum niðurstöðum þegar þær koma fram og liggja fyrir.

Fyrir utan þetta hefur staðarvalsnefnd um iðnrekstur fjallað um einstök tiltekin málefni að beiðni rn. varðandi iðnrekstur sem er á dagskrá og þar sem fram fer hagkvæmnismat og er þá nauðsynlegt einnig að taka inn staðarkosti og það sem lýtur að hugsanlegri staðsetningu slíkra fyrirtækja. Þ. á m. er sú haghvæmniathugun á íslenskri álíðju eða nýju álveri hérlendis sem nú er að unnið. Nefndin fékk það verkefni að leggja mat á þá þætti sem lúta að staðarvali slíks hugsanlegs fyrirtækis. Til þess var vitnað hér áðan og vegna þess að hér komu fram fyrirspurnir þar að lútandi nefni ég þetta hér, en mun ekki víkja að því fyrr en sá sem um spurði, hv. 6. þm. Norðurl. e., er hér viðstaddur og get komið að öðrum þáttum í millitíðinni í von um að hann birtist.

Fyrir utan þessar athuganir, sem varða Norðurland eystra eins og aðra landshluta, taldi iðnrn. skynsamlegt að litið yrði á iðnþróunarmálefni Eyjafjarðarsvæðisins sérstaklega. Það ýtti á, að frá sveitarstjórnum á þessum svæðum, m. a. og líklega sérstaklega frá bæjarstjórn Akureyrar, hafa komið ábendingar til stjórnvalda um hættu á að atvinnuleysi geti skapast þar m. a. vegna erfiðleika hjá vissum greinum starfandi iðnaðar og samdráttar sem menn hafa talið að væri yfirvofandi t. d. í byggingariðnaðinum. Iðnrn. skipaði því, að höfðu samráði við aðila heima fyrir og fleiri, sérstaka samstarfsnefnd sem hefði það verkefni að kanna stöðu iðnaðar og möguleika á iðnþróun á Eyjafjarðarsvæðinu. Í skipunarbréfi nefndarinnar frá 4. febrúar 1982 segir einnig:

„Við tillögugerð n. skal höfð hliðsjón af öðru atvinnulífi á svæðinu, samþykktum og ályktunum sveitarstjórna og annarra aðila um atvinnumál á Norðurlandi eystra. Um ákjósanlega iðnþróun yrði horft til sem flestra greina almenns iðnaðar smárra og stærri fyrirtækja, sem ætla má að hafi vaxtarmöguleika og falli að því atvinnulífi og umhverfi sem fyrir er. Varðandi orkufrekan iðnað sem til álita kæmi er miðað við íslensk fyrirtæki og virkt forræði landsmanna yfir slíkum rekstri. Lögð er sérstök áhersla á að tekin verði til athugunar félagsleg áhrif slíkra stórfyrirtækja og að gerðar verði strangar kröfur um umhverfisvernd. Jafnframt verði höfð í huga tengsl þeirra við annað atvinnulíf, að öðrum greinum iðnaðar meðtöldum, m. a. varðandi úrvinnsluþróun afurða frá orkufrekum iðnfyrirtækjum. Við áætlanir um atvinnuþróun á svæðinu verði haft að markmiði að tryggja sem best atvinnu og byggð á öllu Eyjafjarðarsvæðinu."

Þetta er tilvitnun í skipunarbréf þessarar samstarfsnefndar um iðnþróun á Eyjafjarðarsvæðinu, en þar eiga fulltrúa Alþýðusamband Norðurlands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, sem stofnað var á þessu ári, og Náttúruverndarráð auk fulltrúa frá iðnrn. Þessi nefnd hefur unnið talsvert á þessu ári og raunar, að ég hygg, mikið starf og haft samráð við marga á svæðinu, eins og raunar sú staðarvalsnefnd um iðnrekstur sem vitnað var til áðan, sem hefur haft samvinnu og samband við sveitarstjórnir víða um land og marga aðra aðila varðandi sín verkefni.

Til athugunar hefur verið, eins og hér hefur komið fram, hagkvæmni hugsanlegrar nýrrar álíðju hérlendis, álverksmiðju, og gerði iðnrn. um það samning við norska fyrirtækið Årdal Sundal Verk og einnig samning við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um að vinna að þessu hagkvæmnimati. Þessi athugun stendur nú yfir, en er langt komin þannig að ég vænti þess að niðurstöður úr henni liggi fyrir á þessu ári, áður en því lýkur, og það verði hægt að meta mál í framhaldi af því. Það er auðvitað öllum hv. alþm. ljóst, að fjárfesting af því tagi sem tengjast kann nýju álveri hérlendis, sem gert er ráð fyrir að Íslendingar standi að, er ekki lítil. Það er ekki lítið fyrirtæki þar á ferð, ekki síst ef miðað er við þá stærð slíkra fyrirtækja eins og algengast er nú, allt að 130 þús. tonna ársframleiðslu, sem auðvitað er hugsanlegt að byggja upp í áföngum. Er raunar gert ráð fyrir og lögð áhersla á að möguleikar á því sviði verði fram dregnir í þessari hagkvæmniathugun.

Í tengslum við þessa hagkvæmniathugun var óskað eftir því, að staðarvalsnefndin umrædda legði mat á skynsamlega möguleika í sambandi við staðsetningu á nýrri álverksmiðju hérlendis og um það skilaði hún bráðabirgðaáliti á því sumri sem nú er liðið. Þar kom fram, eins og hér var vitnað til af hv. 3. þm. Norðurl. e. að einkum væru það tvö svæði á landinu sem talið væri að kæmi til greina með tilliti til fólksfjölda að tækju við slíku stórfyrirtæki, þ. e. Faxaflóasvæðið og Eyjafjarðarsvæðið. Á það er hins vegar bent í þessari álitsgerð, að að mjög mörgu sé að hyggja í sambandi við þessi efni, ekki síst umhverfismálum, og það á alveg sérstaklega við hugsanlega staðsetningu slíks fyrirtækis á Eyjafjarðarsvæðinu vegna þeirra landfræðilegu aðstæðna sem þar eru fyrir hendi og þeirra hagsmuna í landbúnaði m. a. sem þar er um að ræða, þar sem eru ein blómlegustu landbúnaðarsvæði landsins við Eyjafjörð. Þar má því ekki tefla á tvær hættur í sambandi við mengunarmál. Því er það, að í framhaldi af þessu áliti mun nefndin láta gera, og hefur reyndar þegar hrundið því af stað, athuganir á umhverfisáhrifum slíks rekstrar með tilliti til þess tæknibúnaðar sem best er þekktur og til greina kemur til að koma í veg fyrir skaðlega mengun af slíkum rekstri. Þær athuganir taka nokkurn tíma og það er ekki gert ráð fyrir að niðurstöður af þeim liggi fyrir fyrr en þá á næsta ári, e. t. v. á seinni hluta næsta árs. Meðal þátta sem þar þarf að athuga sérstaklega eru loftgæðaathuganir, dreifing mengunarefna, sem tengist loftstraumum, og hafinn hefur verið undirbúningur að slíkum athugunum.

Hér var spurt af hv. 6. þm. Norðurl. e. hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í sambandi við þetta í framhaldi af ábendingum staðarvalsnefndar og hvenær slíkra ákvarðana gæti verið að vænta. Það eitt liggur fyrir um þetta mál í framhaldi af því sem frá nefndinni kom, að við hagkvæmniathugunina verði gerður samanburður á áætluðum kostnaði slíks fyrirtækis, annars vegar við Faxaflóa og þá á Reykjanesi sérstaklega og hins vegar á

Eyjafjarðarsvæðinu, nánar tiltekið í Arnarneshreppi þar sem helst hefur verið talið koma til greina að slíkt fyrirtæki yrði sett niður. Þannig hefur sem sagt þeim möguleika verið haldið opnum með þessu — eða réttara sagt hefur sá möguleiki ekki verið útilokaður — að slíkt fyrirtæki gæti komið til greina við Eyjafjörð, en hins vegar ekkert um það hægt að fullyrða á meðan niðurstöður úr slíkum athugunum liggja ekki fyrir, en þær eru hugsaðar sem grundvöllur til að meta þessi mál út frá sem bestri vitneskju. Eins og ég greindi frá ættu niðurstöður að geta legið fyrir á næsta ári, trúlega ekki fyrr en á seinni hluta þess, hvað snertir þessar umhverfisathuganir.

Ég vil láta þess getið, að í sambandi við þetta mál allt hefur verið haft mjög gott samband við heimamenn, að ég best veit, af hálfu staðarvalsnefndar um iðnrekstur og eins við iðnþróunarnefndina á Eyjafjarðarsvæðinu. Þannig áttu fulltrúar frá staðarvalsnefndinni fund með iðnþróunarnefnd Eyjafjarðar 11. okt. s. l. og fóru yfir þessi mál með henni, greindu frá stöðu mála og spurðust fyrir um hvort menn teldu að eittvað skorti upp á málsmeðferðina, og hvort heimamenn vildu legga þar inn nýja þætti eða nýjar ábendingar, en á þessum fundi komu ekki fram slíkar umkvartanir. Um málið virðist því ríkja góður friður á þessu stigi máls í sambandi við skoðun þess.

Hér var einnig vikið að athugunum varðandi trjákvoðuverksmiðju á Húsavík, sem hefur verið til meðferðar um nokkurt skeið, og spurst fyrir um stöðu þess máls. Það er rétt, sem látið var að liggja af hv. 5. þm. Norðurl. e., að von er á því að niðurstaða úr hagkvæmniathugun liggi fyrir innan skamms. Ég vil orða það svo, að það geti orðið fyrir lok ársins, kannske eitthvað fyrr eða fyrir jólaföstuna, en að þessu máli hefur verið unnið af krafti, að reyna að átta sig á sem flestum þáttum þess, og það hefur ekkert það fram komið, að mér sé kunnugt um fram til þessa, sem útiloki að hér geti verið arðbært fyrirtæki á ferðinni, en að sjálfsögðu þarf að meta slíkt stig af stigi eftir því sem athugunum fleytir fram. Einnig hér þarf að gefa rikan gaum að umhverfisþáttum málsins, fyrir utan hina fjárhagslegu þætti, og á það hefur verið lögð áhersla að svo sé.

Fyrir utan þessar athuganir, sem hér er að vikið, vil ég geta þess, að kannanir varðandi jarðhitasvæði á Norðurlandi eystra hafa staðið yfir og í mótun er áætlun varðandi frekari rannsóknir á háhitasvæðum okkar, sem ég geri ráð fyrir að leggja fyrir hv. Alþingi þegar hún er fullmótuð af hálfu ráðuneytis og ríkisstj., því að þær rannsóknir sem þar er gert ráð fyrir munu óhjákvæmilega kosta allnokkurt fjármagn.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, geta þess, að ég tel mjög eðlilegt að þm. kjördæmis eins og Norðurlands eystra gefi gaum að þessum stóru málum, sem hér hefur verið vakið máls á með endurflutningi þessarar þáltill., og ég tel það eðlilegt að þeir fái að fylgjast með þessum málum eins og aðrir hv. alþm., þegar nýir áfangar liggja fyrir í könnun þeirra, en eins og fram kom í skipunarbréfi iðnþróunarnefndar fyrir Eyjafjarðarsvæðið þurfum við að sjálfsögðu að líta til þess atvinnurekstrar sem fyrir er, fylgjast með þróunarmöguleikum hans og bera þá saman við þá möguleika sem menn sjá í sambandi við nýjan iðnað og ný fyrirtæki.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir er allra góðra gjalda verð og auðvitað er nauðsyn á því að efla atvinnulíf á Norðurlandi eystra og kanna leiðir í þeim efnum, en þar sem inn í þessar umr. hafa blandast hugmyndir manna um að staðsetja álver í Eyjafirði tel ég ástæðu til að segja nokkur orð.

Það er gert lítið úr því hér, að á Norðurlandi er verulegur ágreiningur um þessi mál. Það er mikill fjöldi Norðlendinga andvígur því að setja niður álver í Eyjafirði og telur að það sé mjög til að spilla öllu náttúrufari, þar verði mikil mengun. Sér þetta fólk mjög mikla annmarka á því að eyðileggja þá náttúrufegurð sem í Eyjafirðinum er.

Ef til vill er ekki tímabært að velja álveri stað á tímum er mikil kreppa ríkir í áliðnaði og hvert áliðjuverið fer á hausinn á fætur öðru víðs vegar um heiminn, en þó hygg ég að ástæða sé til að menn geri það upp við sig hvar næsta álver verður staðsett þegar bjartar horfir um þennan iðnað. Það er nú svo, að stundum gengur vel og stundum illa í þessum iðnaði og vafalaust er að álver munu skila hagnaði þegar frá líður.

Í áliti staðarvalsnefndar er bent á allnokkra staði þar sem hægt væri að staðsetja álver. Þar er t. d. bent á hvað það hafi ótvíræða kosti að staðsetja álver í Helguvík eða Vatnsleysuvík, þ. e. á Suðurnesjum, og verð ég að segja það sem mína skoðun, að ég tel að það sé hiklaust rétt að næsta álver verði staðsett á þeim slóðum. Þar er ekki ágreiningur um þessi mál, menn vilja fá ný starfstækifæri, enda er það svo á þessum slóðum að það þarf að skapa 150 ný starfstækifæri á ári fyrir fólk á Suðurnesjum. Þar eru góðar aðstæður til iðnþróunar, bæði hvað varðar framboð á orku og hráefnum, og því mælir allt með því að þannig verði á málum haldið. En við eigum ekki að neyða fólk til þess að fá yfir sig stóriðju, fólk sem ekki vill stóriðju, og ástæða er til að taka tillit til þess þegar menn hugsa þannig.

Ég hefði líka haldið, að iðnrh. lýsti því hér yfir að næsta álver yrði staðsett á Suðurnesjum vegna þess að í stjórnarsáttmálanum, reyndar undir kaflanum um utanríkismál, er talað um að efla atvinnulíf á Suðurnesjum, reyna að gera öflugt átak í atvinnumálum á Suðurnesjum. Það hefur ekki enn verið gert. Þar hefur ekkert verið gert í þeim efnum. Því hefði verið ástæða fyrir iðnrh. að lýsa því yfir að rétt væri að næsta álver yrði staðsett á Suðurnesjum.

Það er líka fyrirsjáanlegt, að þegar við höfum byggt flugstöð, sem verður gert vafalaust, og búið verður að reisa olíutanka í Helguvík verður mikill skortur á atvinnu, sem slíkt stórfyrirtæki sem álver gæti leyst.

Ég tel líka, að það sé mjög varhugavert að íbúar á Suðurnesjum þurfi að vera háðir vinnu hjá varnarliðinu. Því mundi það auka jafnvægið ef slík stóriðja yrði staðsett þar.

Ég vil endurtaka það, að það er mikil nauðsyn á að kanna og athuga hvernig best verður brugðist við varðandi erfiðleika atvinnulífsins á Norðurlandi eystra. Það þarf að leysa þau mál, en við eigum ekki að þvinga menn til að taka stóriðju, — menn sem ekki vilja stóriðju.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Í upphafi ræðu síðasta ræðumanns, þ. e. hv. þm. Karls Steinar Guðnasonar, hvíslaði að mér hv. þm., sem nærri mér situr, svolátandi spurningu: Hvaða skammarstrik skyldi það vera sem Karl Steinar Guðnason vill ekki láta fremja í Helguvík?

Ég fagna framkominni hógværri og svo skynsamlegri till. til þál., sem hér er flutt af Lárusi Jónssyni og Halldóri Blöndal, svo háþróaðri í raun og veru að hún er að

nálgast hið guðdómlega stig að ekki þurfi að flytja hana framar. Við höfum fjallað um till. af þessu tagi, samda með þessum hógværa aðdraganda skynsamlegrar hugsunar, við höfum fjallað um hana áður. Ég hef tekið undir till. af þessu tagi í grundvallaratriðum, en nú má einu við það bæta sem áður hefur verið um sams konar till. sagt: Ennþá er það fjær lagi nú, að við getum gefið undir fótinn þeim bjartsýnishugmyndum að af orkufrekum iðnaði, framleiðslu á landi hér á málmum og málmblöndum til sölu á alþjóðlegum markaði, geti landsfólk okkar lifað góðu lífi. Ég vil minna hv. þm. á það, að einmitt um þessar mundir er atvinnuleysið mest og örast vaxandi í löndum stóriðjunnar, hins orkufreka iðnaðar, vegna þess ástands sem nú ríkir í efnahagsmálum okkar blessaða tæknivædda heims.

Þegar við hugleiðum það, að hvert atvinnutækifæri, eins og það er kallað, atvinna hvers manns við fyrirtæki af því tagi sem hér hefur borið á góma, þ. e. í álverksmiðju, myndi kosta því sem næst 15 millj. kr., þá getum við nú reynt að geta okkur til um hversu mörgum mönnum við gætum ekki veitt atvinnu fyrir slíkt framlag í kapítali í léttari iðnaði eða við þau störf þar sem unnið er úr landsins gæðum og unnið að því að nýta landsins gæði betur fremur en að taka þátt í hinum alþjóðlega braskmarkaði með hina þungu málma á vegum erlendra auðhringa eða í nánum fjárhagslegum tengslum við þá.

*Ég er enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að hlutverk okk*ar verði að nýta gæði þessa lands betur en við höfum áður gert, leggja áherslu á að byggja upp og efla þær tegundir iðngreina þar sem við kunnum best til verka, í matvælaframleiðslunni, og minni jafnframt á að það er ekki atvinnuleysi í þessu landi. Hvernig í ósköpunum getur á því staðið að ekki skuli vera atvinnuleysi á Íslandi, þar sem svo til vantar alla stóriðjuna og hinn orkufreka iðnað, ef þetta er lausnin til frambúðar á atvinnumálum þessarar þjóðar? Við minnumst allir hinna glæsilegu fullyrðinga um það, með hvaða hætti járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði ætti að verða ný stoð undir efnahagslíf Íslendinga. Það hefur kannske farið framhjá hv. þm., að enn í sumar kom ný frétt um það með hvaða ágætum þessi stoð hefur reynst. Peningarnir úr vösum íslenskra skattþegna, sem áttu að endast til þess að sjá þessari verksmiðju farborða til ársins 1985, eru þegar upp urnir á þessu sumri. Tapið á þessari verksmiðju, sem við ályktuðum í orði sem svo í umr. í vetur að nægt hefðu til þess að setja bundið slitlag á allan hringveginn á einu ári, samsvarar þeim kostnaði sem mundi nægja til þess að leggja bundið slitlag á hringveginn tvisvar og hálfum sinnum á þessu ári.

Ekki er ég því andsnúinn, nema síður sé, að við leitum til þess fanga að koma orkunni okkar í verð, að framleiða orkufrekan varning, sem við getum selt á föstu og upp*færanlegu verði erlendis til þess að kaupa fyrir fljótandi* orku í mynd olíu og annarrar orku, sem við þurfum að flytja inn í landið, með því að gera samninga til langs tíma við þá aðila sem á slíku þurfa að halda. Ég vil aftur á móti ekki, eins og nú horfir, að við stundum það, og það er ég raunar viss um að er ekki vilji hv. flm. þessarar till. heldur, ég vil taka það fram, ég þekki þá af miklu meiri greind en svo og varfærni, — að við gefum undir fótinn með það, að með slíkum hætti, eins og nú er ástatt í heiminum á hinum alþjóðlegu mörkuðum með þessa vöru, getum við leyst atvinnuvandamál í Norðurlandskjördæmi eystra. Til þess má ég ekki hugsa að við gefum undir fótinn með slíkt, eins og nú horfir. Þessa kosti eigum við alla að athuga. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu með skynsamlegum hætti, að við getum með slíkum hætti eflt efnahagslega stöðu í þeim landshluta og efnahagslega stöðu þjóðarinnar til langframa, þá ber okkur sannarlega að neyta slíkra kosta, en það er þá eins gott að við spillum ekki með þeim hætti atvinnu sem fyrir er á þeim slóðum, að við vegum ekki að rótum traustra atvinnutækja sem fyrir eru í þeim landshlutum og að við fordjörfum ekki landið okkar á þann hátt og spillum *kostum þess, sem fyrir eru.*

Ég styð efnislega þessa till. með sjálfsögðum skynsamlegum fyrirvara og ætla að síðar á þessum vetri, þrátt fyrir þau mál sem í aðsigi eru og má halda að úfar muni af rísa hér inni á þinginu, fáum við tækifæri til þess að ræða hliðstæð mál og mál sem varða grundvallarhugsunina í þessari þáltill., — þá möguleika sem við eigum á því að efla efnahag þessarar þjóðar og menningu með því að koma upp fyrirtækjum af þessu tagi. Ætla má ég þá, að við munum draga nokkrar ályktanir af reynslunni, sem við höfum haft af hinum fyrri stóriðjufyrirtækjum, sem reist hafa verið á landi hér með pompi og pragt, og þætti þá sæta furðu ef enginn þeirra hv. þm., *sem börðust af mestri hörku fyrir því að slík fyrirtæki* væru sett upp á landi hér, kynni ekki að ganga út úr þessum hv. þingsal með bleika kinn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljós ánægju mína yfir því, hversu þáltill. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e. er vel tekið af samþingismönnum okkar að norðan, þeim sem til máls hafa tekið, einkanlega af hv. síðasta ræðumanni, 4. þm. Norðurl. e., en ég hef aldrei heyrt hann jafnhógværan og nú þegar orkufrekur iðnaður er annars vegar. Ég hygg raunar að það stafi af því, að hann gerir sér fulla grein fyrir að við getum ekki lengur vænst þess að geta sótt meiri afla í sjóinn, heldur verðum að fara þar með meiri gát en verið hefur. Sú skýrsla sem nú er í undirbúningi hjá fiskifræðingum gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni um að lífskjör geti batnað hér á *næstu árum svipað og í nágrannalöndum með því að* við byggjum velferð okkar í jafnríkum mæli á sjávarafla og verið hefur. Þess vegna verðum við að leita víðar fanga og fara í því efni að dæmi Skallagríms, sem þótti einhver besti búmaður á sinni tíð, sem ég skal ekki rifja upp nú.

Ég vil taka undir það með þeim sem hér hafa talað, að það er vissulega ástæða til að gera sér vonir um að sú trjákvoðuverksmiðja, sem verið er að rannsaka nú að risið gæti í nágrenni Húsavíkur, geti reynst arðbærari en maður þorði að vona í upphafi. Þar er um verulegt byggðaframlag að ræða, ef af verður. Ef ég man rétt er gert ráð fyrir að þar vinni á annað hundrað manns, kannske um 150 manns, og þar er um verulega orkunotkun að ræða, 450 kígawattstundir á ári eða eitthvað þvíumlíkt. Það er stærðargráðan a. m. k. Eins og hæstv. iðnrh. sagði hér áðan hefur ekkert komið fram í þeim athugunum, sem gerðar hafa verið, — a. m. k. veit ég ekki til þess, því á vegum iðnrn. eru þessar rannsóknir unnar, — sem bendir til vandræða eða útilokar möguleika á þeirri verksmiðju. Það yrði að sjálfsögðu gífurleg lyftistöng fyrir Skjálfandasvæðið og mundi mjög rétta af hinar norðlensku byggðir.

Ég vil einnig þakka hæstv. iðnrh. fyrir það, að hann *skyldi hafa beitt sér fyrir því að Eyjafjarðarsvæðið kæmi* aftur inn í myndina í sambandi við álver, gagnstætt því

sem leit út fyrir á vordögum. En nú er það sem sagt komið í ljós, að staðarvalsnefnd hefur mælt með að álverið rísi við Dysnesið við Eyjafjörð. Mér skilst að þær hagkvæmniathuganir, sem fram fari, ein fyrir sunnan og ein fyrir norðan, séu á tveimur svæðum, annars vegar á Reykjanesi norðanverðu og hins vegar á Dysnesi. Og ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að taka Eyjafjarðarsvæðið aftur inn í myndina og vænti þess, að þær niðurstöður, sem fram koma, sýni að það er ekki óhagkvæmara að reisa þar álver en annars staðar, a. m. k. ef maður vill hafa í huga að sterkt mótvægi haldist norðanlands við höfuðborgarsvæðið, svo sem verið hefur.

Ég skal ekki fara í hart við hv. 3. landsk. þm. um staðarvalið að þessu sinni, en það leyndi sér ekki að hann gerði sér miklar vonir um að urgur í mönnum fyrir norðan myndi valda því að Reyknesingar fengju álverið án nokkurrar fyrirhafnar. Hann var líkur malandi ketti á meðan hann var að velta því fyrir sér, ylja sér við þann hita sundurlyndis sem hann hugsaði sér að væri fyrir norðan. Nú má vera að ýmsir menn séu á þessu stigi hikandi í afstöðu til uppbyggingar stóriðju þar, en ég held á hinn bóginn, að þegar þar að kemur og menn hafa fengið staðreyndir málsins fyrir framan sig og íhuga hvað gerist ef eitt stóriðjuver til viðbótar rís hér á Suðurlandi, en ekki fyrir norðan, þegar menn leggja þetta dæmi fyrir sig í heild, taki menn hitt fram yfir, að reyna að halda því jafnvægi sem verið hefur á síðustu árum í þróun byggðar norðanlands og sunnan.

Auðvitað má hugsa sér að Eyjafjarðarsvæðið haldi velli með öðrum hætti, t. d. ef víðtækt samkomulag tækist um það meðal þm. að reisa þar aðrar stofnanir í staðinn, vísi að háskóla eða eitthvað þvíumlíkt, en ég þori nú ekki fyrir fram að treysta því að um það náist samkomulag.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil í lokin aðeins láta í ljós undrun mína yfir því, að þegar iðnþróunarnefnd við Eyjafjörð var skipuð skyldi iðnrekendum ekki vera gefinn kostur á að skipa mann í nefndina, eins og ýmsum öðrum þeim aðilum sem þar eru, sem hefði að mínum dómi verið eðlilegt. Það er að vísu rétt að iðnaðardeild SÍS er býsna sterk fyrir norðan, en það eru nú til önnur fyrirtæki þar líka og ekki síður vel rekin og það er mikill misskilningur ef menn halda að framtak einstaklingsins hafi ekki líka komið við sögu við Eyjafjarðarsvæðið. Ýmis landskunn sterk fyrirtæki eru þar. Þá einstaklinga, sem lögðu þar hönd á plóginn fyrst, áttu hugmyndina að að koma þessum fyrirtækjum upp, skal ég ekki telja upp hér, en eðlilegt hefði ég talið að iðnrekendur hefðu verið með í iðnþróunarnefnd fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég sé ekki ástæðu til að fara hér út í almennar umræður um ýmislegt, sem hér kom fram í máli hv. þm., en ég sé ástæðu til að þakka mjög jákvæðar undirtektir við þessa till., sem hér hafa komið fram, og sérstaklega vil ég þakka hæstv. ráðh. hans málflutning við þessar umræður. Hann sagði að það væri unnið að því að framkvæma öll meginatriði sem fram kæmu í till. á vegum rn., staðarvalsnefndar og fleiri aðila. Staðarvalsnefnd var skipuð haustið 1980 og ef ég man rétt kom þessi till. fram fyrst þá á Alþingi og fékk svolítið öðruvísi umfjöllun þá en nú. En ég hef enga löngun til þess að rifja það upp, heldur þakka þær undirtektir sem hér hafa komið fram.

Ég lít svo til, að það sé mjög gott að það sé unnið hratt að málum, og ef unnið er að því að framkvæma þessa þáltill. meðan hún er í meðförum Alþingis ætti það að flýta fyrir því, að þetta mál í heild kæmist í höfn, atvinnumálin á Norðurlandi eystra, þar með talið að kannaðir séu kostir þess að koma þar upp orkufrekum iðnaði. Það er vel, ef svo verður, að þessum málum er öllum þokað fram um leið og þessi till. er hér til umræðu í þriðja sinn á Alþingi.

Herra forseti. Ég gleymdi víst að gera tillögu um nefnd og ég geri það þá að tillögu minni nú, að till. verði vísað til hv. atvmn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var tvennt sem ég vildi nefna hér.

Hv. 7. landsk. þm. nefndi í sínu máli að í iðnþróunarnefnd á Eyjafjarðarsvæðinu væri ekki fulltrúi iðnrekenda. Ég tel rétt að ítreka það, sem ég sagði áðan, að nýstofnað iðnþróunarfélag á Eyjafjarðarsvæðinu á þar fulltrúa. Ég hef litið svo til, að það væri samnefnari fyrir þá sem vinna að iðnaðarmálum á því svæði. Mér er ekki kunnugt um að iðnrekendur við Eyjafjörð hafi með sér sérstakt félag eða deild í þeim félögum iðnrekenda sem starfa á landsmælikvarða. En til þess að leitast við að tryggja að sem best samstarf tækist í þessari nefnd og hún endurspeglaði viðhorf manna víðar en á Akureyri einni saman skipaði rn. í hana þrjá fulltrúa: Helga Guðmundsson bæjarfulltrúa, sem er formaður nefndarinnar, Valdimar Bragason bæjarstjóra á Dalvík og Gunnar Ragnars framkvæmdastjóra Slippstöðvarinnar á Akureyri. Þeir eru þarna fyrir utan þá aðila tilnefnda í nefndina sem ég gat um áðan.

Hitt vildi ég svo taka undir, sem hér kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég vék ekki að sérstaklega í mínu máli, auðvitað þurfa menn að gá til veðurs í sambandi við efnahagsþróun heimsins þegar verið er að tala um gífurlegar fjárfestingar af því tagi sem um er að ræða í fyrirtækjum eins og þeim sem við erum að nefna hér og verið er að athuga um grundvöllinn fyrir, trjákvoðuverksmiðju og hugsanlegt álver. Ég get getið þess hv. alþm. til upplýsingar, að samkvæmt lauslegu mati kostar fyrirtæki eins og 130 þús. tonna álver, sem ég sagði að væri talin eðlileg einnig í þeim rekstri á alþjóðavísu, um 440 millj. Bandaríkjadala, sem svarar til um 6700 milljóna íslenskra króna. Hér eru því stórar upphæðir á ferðinni og á þær ber að sjálfsögðu að líta þegar menn eru að vega og meta atvinnuþróun af þessu tagi og það jafnframt að hér er um að ræða málefni landsins alls, þó að eðlilegt sé að menn á einstökum svæðum, sem horfa til atvinnuþróunar, leggi þar einnig orð í belg. Þar þarf einmitt að standa að hlutunum út frá víðtæku mati, eins og reynt er að gera með þeim athugunum sem fram fara, og ekkert liggur fyrir um hvaða ákvarðanir verða teknar í kjölfar þeirra. Fyrst verða menn að sjá niðurstöðunar og átta sig sem allra best á því sem hér er á ferðinni.

Ég get svo nefnt það hér að lokum, að í sambandi við athugun á trjákvoðuverksmiðju, sem hugsað hefur verið til að staðsetja á Húsavík, hefur verið við það miðað við athugun málsins að slíkt fyrirtæki gæti risið þar. Auðvitað þarf að athuga það nánar og það er til sérstakrar könnunar. Í sambandi við þessa hagkvæmniathugun er höfð samvinna við finnska aðila. Það er gaman að rifja það upp hér, þegar ágætir gestir eru hérlendis

frá Finnlandi, sem er forseti Finnlands með sínu fylgdarliði, að finnsk fyrirtæki hafa tekið á þessu máli að beiðni Íslendinga, þar sem samstarfsaðili við þessa hagkvæmniathugun er finnskt stórfyrirtæki sem er stærsta markaðsfærslufyrirtæki Finnlands, og athugun á markaði í Evrópu fyrir þessar afurðir er unnin sérstaklega af finnsku fyrirtæki sem er samband finnskra pappírs- og trjákvoðuframleiðenda.

Forseti Finnlands vék einmitt að því í ræðu í veislu, sem haldin var af forseta Íslands honum til heiðurs í gærkvöld, að æskilegt væri að hægt væri að renna fleiri stoðum undir samskipti landanna á viðskiptasviði, og þó að hér sé aðeins um hagkvæmniathuganir að ræða, án nokkurrar skuldbindingar um frekara samstarf ef til stofnunar fyrirtækis kemur, er hér vissulega um áhugavert og athyglisvert samstarf að ræða, sem gæti verið vísir að öðru meira, ef niðurstöður athugunarinnar reynast jákvæðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 6. fundur.

Mánudaginn 25. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Jón Helgason): Útvarpsumræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða og einnig stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í Sjálfstæðisflokknum. Röðin verður þessi í báðum umferðum: Forsrh., Sjálfstfl., Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag. Af hálfu Sjálfstfl. talar Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. talar Steingrímur Hermannsson sjútvrh. í fyrri umferð, en Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl., í þeirri síðari. Af hálfu Alþýðuflokksins tala Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl., og Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., í fyrri umferð, en Vilmundur Gylfason, 4. þm. Reykv., í þeirri síðari. Af hálfu Alþýðubandalagsins talar Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., í fyrri umferð, en Svavar Gestsson félmrh. í þeirri síðari. Af hálfu stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í Sjálfstfl. talar Pálmi Jónsson landbrh. í síðari umferð.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Snögg umskipti til hins verra hafa orðið í þjóðarbúskap Íslendinga á þessu ári. Heimskreppan, sem þjakað hefur efnahagslíf allra nálægra þjóða mörg undanfarin misseri, hefur gert vart við sig hérlendis með fullum þunga og meiri erfiðleikum en nokkurn mann óraði fyrir við upphaf ársins. Um leið og kreppan í efnahagsmálum umheimsins hefur leitt til verðfalls og sölutregðu á framleiðslu landsmanna hefur orðið tilfinnanlegur brestur í fiskveiðum, undirstöðu efnahagslífs Íslendinga.

Á síðustu árum varð veruleg aukning á sjávarafla. Á sama tíma versnuðu viðskiptakjör þjóðarinnar stórlega. Kaupmáttur útflutningsframleiðslunnar hefur þannig rýrnað um 13% frá árunum 1977 og 1978, þegar þjóðin naut sem bestra kjara á erlendum mörkuðum. Þetta er tilfinnanlegt tjón, en þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður hefur okkur tekist fram á þetta ár að bæta lífskjörin með mikilli framleiðsluaukningu. Þegar framleiðslan dregst skyndilega saman verður skellurinn stór og áfallið þungt.

Á þessu ári hefur hvert áfallið öðru þyngra dunið yfir atvinnulíf landsmanna með þeim afleiðingum að allar forsendur í efnahagsmálum hafa gerbreyst á ótrúlega skömmum tíma.

Þegar ég flutti stefnuræðu fyrir réttu ári virtist um marga hluti bjart fram undan. Erfiðleikar voru vissulega fyrir hendi, en þeir voru gamalkunnir og úrræði lágu fyrir um hvernig við þeim skyldi bregðast. Mikilsverður árangur hafði náðst í efnahagsmálum á því ári, 1981, og fyrir lágu spár sérfræðinga sem á voru reistar áætlanir um áframhaldandi árangur. Allar þær spár og öll sú þekking, sem fyrir lá um þetta leyti í fyrra, benti til þess að með þeirri stefnu, sem mörkuð hafði verið, mundi landsmönnum auðnast að sigla áfram stóráfallalaust í gegnum þann ólgusjó alþjóðaefnahagsmála sem leitt hefur til óhugnanlegs ástands í atvinnumálum í löndunum allt í kring.

Því var spáð af hlutlausum sérfræðingum, að útflutningur Íslendinga mundi aukast að verðmæti um 3 til 4% í ár. Í þess stað mun hann líklega dragast saman um 12—13%. Einnig töldu sérfræðingar, að jöfnuður mundi nást í viðskiptum landsmanna við útlönd á þessu ári. Þess í stað hefur myndast halli á viðskiptum okkar, sem rekja má beint til samdráttar í útflutningsframleiðslu og sölutregðu á erlendum mörkuðum. Talið var fyrir ári að þjóðarframleiðsla Íslendinga mundi aukast um 1% á þessu ári, en þess í stað mun hún að öllum líkindum dragast saman um 3.5%.

Á öllum þessum spám, sem enginn maður var í aðstöðu til að rengja, voru reistar áætlanir um áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Þær áætlanir hafa ekki staðist vegna brostinna forsendna um fiskafla og útflutningsverðmæti. Á þessum spám voru einnig reistar þær vonir að unnt yrði að halda kaupmætti óbreyttum eða jafnvel að bæta hann nokkuð annað árið í röð. Nú eru hins vegar horfur á að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni dragast saman í ár, en þó miklu minna en búast mætti við vegna þeirra áfalla sem yfir hafa dunið. Þannig er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni minnka um 1% á yfirstandandi ári. Á næsta ári mun kaupmátturinn óhjákvæmilega minnka enn vegna minnkandi tekna þjóðarinnar. Á síðasta ári var hér á landi hæsti kaupmáttur ráðstöfunartekna sem nokkru sinni hefur þekkst. Í ár býr þjóðin þannig við kaupmátt sem er aðeins einu prósentustigi minni en það besta sem hér hefur orðið.

Það er nú eins og áður, að í rauninni byggjast spár, útreikningar og áætlanir sérfræðinga og stjórnvalda á hverjum tíma á því í meginatriðum hve mikinn fisk landsmönnum tekst að draga úr sjónum og við hvaða verði útlendingar eru tilbúnir að kaupa þann fisk. Hvorttveggja gerðist í senn, að brestur varð á fiskafla og hitt, að vegna ömurlegra efnahagsaðstæðna víða um heim hafa viðskiptavinir vorir erlendis einfaldlega ekki bolmagn til þess að kaupa framleiðslu okkar því verði sem hún hefur kostað okkur. Hversu mikið sem við deilum um ástæðurnar fyrir efnahagserfiðleikum okkar, þá verða það allt smáatriði hjá þessum einföldu staðreyndum.

Þrátt fyrir þessi tvíþættu áföll, sem ég hef hér rakið, hefur okkur Íslendingum þó auðnast eitt, sem aðrar þjóðir í okkar heimshluta hafa ekki borið gæfu til. Hér á landi hefur verið full atvinna allt þetta ár. Í þeirri svartsýni, sem gerir vart við sig þegar illa árar, megum við Íslendingar ekki gleyma því, að tekist hefur að sneiða hjá þeim hörmungum sem yfir nágranna okkar hafa gengið, þar sem tíundi hver maður eða meira gengur atvinnulaus mánuðum og árum saman án þess að nokkuð virðist ætla að rofa til. Þetta er það sem alla alþýðu þessa lands skiptir mestu. Prósentubrot til eða frá í kaupmætti skipta litlu í samanburði við þá þjóðarógæfu sem slíkt fjöldaatvinnuleysi er.

Í þeirri umræðu, sem fram fer um markmið og leiðir í efnahagsmálum, megum við aldrei gleyma því, að þó að við búum í gjöfulu landi er það ekki neitt náttúrulögmál sem segir að hér á Íslandi verði ekki atvinnuleysi. Það sýnir reynsla grannþjóðanna og raunar okkar eigin reynsla svo ekki verður um villst.

Á miklu ríður fyrir framtíð okkar að við berum áfram gæfu til að standa saman og skipta byrðunum jafnt í stað þess að láta undan og dæma þúsundir landa okkar úr leik í atvinnulífinu. Þannig veltur á miklu hvernig við bregðumst við þeim áföllum sem svo snögglega hafa dunið yfir.

Stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum má setja fram í fjórum meginþáttum:

Í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd.

Í öðru lagi að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

Í þriðja lagi að verja lægstu laun eins og unnt er fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í þjóðartekjum.

Í fjórða lagi að veita viðnám gegn verðbólgu.

Til þess að ná þessum fjórum meginmarkmiðum setti ríkisstj. í s. l. ágústmánuði brbl. sem innihalda þessi meginatriði:

Dregið er úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags með helmingslækkun verðbóta á laun 1. desember n. k. og samræmdri lækkun búvöru- og fiskverðs. Aflað er tekna á þann hátt að dregið mun úr viðskiptahalla. Tekjunum verður ráðstafað til jöfnunar lífskjara. Um leið og gengi krónunnar var breytt til að styrkja stöðu atvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla var helmingi gengismunar varið til sérstakra ráðstafana í þágu sjávarútvegs, einkum vegna erfiðleika í togaraútgerð.

Auk þessara meginatriða í brbl. ákvað ríkisstjórnin að standa að ýmsum aðgerðum til þess að stuðla að meginmarkmiðum sínum í efnahagsmálum. Nokkur helstu atriði þessara aðgerða eru eftirfarandi:

Að taka upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins; að stöðva innflutning fiskiskipa í tvö ár, gera auknar kröfur til eigin fjárframlags við nýsmíði innanlands og beina verkefnum við breytingar og viðhald flotans til innlendra skipasmíðastöðva í auknum mæli; að setja hertar matsreglur og viðurlög til þess að tryggja betri meðferð á afla og auka framleiðslugæði; að efna til stóraukinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskri framleiðslu; að örva útflutning með nýjum útflutningstryggingum og efldu útflutningslánakerfi; að draga úr þörf fyrir útflutningsuppbætur með því að stuðla að samdrætti í kjötframleiðslu með aðstoð hins opinbera, þannig að framleiðsla haldist framvegis í hendur við innanlandsneyslu og nýtanlega erlenda markaði; að efla loðdýrarækt og aðrar nýjar búgreinar með útflutning í huga; að undirbúa sérstakt átak í markaðsmálum íslenskra afurða erlendis; að gefa frjálsa verðlagningu á innlendum iðnaðarvörum sem eiga í óheftri erlendri samkeppni; að samræma útlánareglur, lánstíma og vaxtakjör fjárfestingalánasjóða atvinnuveganna; að undirbúa löggjöf um að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til fimm ára í senn; að leggja aukna áherslu á sparnað í opinberum rekstri og sporna við útþenslu í ríkiskerfinu; að takmarka erlendar lántökur til samræmis við markmið um viðskiptajöfnuð; að draga úr heildarfjárfestingu og beita ýmsum aðgerðum til þess að draga úr innflutningi; að endurskoða skipulag og útgjöld til heilbrigðismála; að endurskoða tekjuöflun í kerfi hins opinbera með það fyrir augum að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna; að vinna að því að samræma aðstöðugjöld á atvinnurekstri með lækkun gjaldsins á iðnað og landbúnað; að verja 175 millj. kr. á þessu og næsta ári til láglaunabóta og skattendurgreiðslna til þess að tryggja jöfnun lífskjara; að veita 85 millj. viðbótarframlag til Byggingarsjóðs ríkisins til þess að auðvelda fólki að koma sér upp eigin húsnæði; að efna til viðræðna við viðskiptabanka og sparisjóði um lengingu lána til atvinnuvega og til húsbyggjenda; að stefna að aukinni hlutdeild starfsmanna og meðábyrgð þeirra í stjórnun fyrirtækja og stofnana; að beita sér fyrir frestun á umfangsmiklum byggingaframkvæmdum opinberra stofnana og fyrirtækja þar sem ástæða þykir til; að jafna húshitunarkostnað með sérstöku átaki og kom fyrsti áfangi þess til framkvæmda 1. október s. l. að leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins um þá breytingu á orlofslögum að laugardögum og frídegi verslunarmanna verði sleppt í talningu orlofsdaga. — Þannig hefur ríkisstj. sett sér fjögur meginmarkmið í efnahagsmálum og markað stefnu í samræmi við þessi markmið.

Þau áföll, sem yfir þjóðarbúið hafa dunið og hér að framan hafa verið rakin, hafa leitt til mikils halla á viðskiptum Íslendinga við útlönd. Miðað við þann árangur, sem náðist í efnahagsmálum á s. l. ári, og þær spár um framvindu efnahagsmála, sem fyrir lágu í fyrrahaust, var talið að ná mætti hallalausum utanríkisviðskiptum á árinu 1982 þrátt fyrir að spáð væri nokkurri rýrnun viðskiptakjara. Í stað aukins útflutnings eru nú hins vegar horfur á að hann minnki um 12—13% á þessu ári.

Um leið og tekjur þjóðarinnar minnkuðu jókst innflutningur hröðum skrefum framan af þessu ári og varð 8—10% meiri að magni til á fyrra helmingi ársins en hann hafði verið árið á undan. Það er nú eitt allra brýnasta verkefnið í íslenskum efnahagsmálum að draga svo skjótt sem auðið er úr hinum mikla halla á utanríkisviðskiptum þjóðarbúsins og eyða honum alveg á næstu tveimur árum. Þetta var einn megintilgangur efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar í ágúst og þeirra brbl. sem sett voru þá um leið.

Til þess að tryggja árangur af gengislækkun krónunnar í ágúst var nauðsynlegt að hemja víxláhrif verðlags og kaupgjalds af hennar völdum með því að takmarka verðbætur á laun. Að öðrum kosti hefðu efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar skilað litlum árangri, en magnað verðbólgu.

Sá viðskiptahalli sem við er að glíma mun nema um 10% af þjóðarframleiðslu þessa árs. Með þeim aðgerðum sem ríkisstj. hefur ákveðið er mjög dregið úr viðskiptahallanum og er að því stefnt með áframhaldandi gát á þessu mikilvæga atriði að helminga hallann þegar á næsta ári og eyða honum alveg á árinu 1984.

Annað meginverkefni íslenskra efnahagsmála er að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til aukningar framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins. Aðeins með mikilli atvinnuuppbyggingu á sem flestum sviðum atvinnulífsins verður unnt að tryggja öllum landsmönnum næga atvinnu í framtíðinni. Atvinnuöryggi verður áfram eitt meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstj. Frá því markmiði verður ekki hvikað. Þetta er slíkt meginatriði fyrir þjóðfélagslegan frið og velferð alls almennings að hafa verður markmiðið um fulla atvinnu að leiðarljósi við mótun stefnu á öllum sviðum efnahagsmála. Ríkisstj. mun ekki fórna þessu markmiði fyrir eitthvað skjótteknari árangur í baráttunni við verð-

bólguna.

Forsenda fullrar atvinnu og bættra lífskjara í framtíðinni er fjárfesting í auðlindum og atvinnuvegum þjóðarinnar. Þó nú sé þörf nokkurs samdráttar í neyslu og fjárfestingu megum við ekki draga svo saman seglin að fjárfesting okkar í framtíðarmöguleikum þjóðarinnar minnki verulega. Þess í stað eigum við að leggja áherslu á að beina framkvæmdafé þjóðarinnar inn á þær brautir sem líklegastar eru til að auka þjóðarframleiðslu og atvinnu á komandi árum. Hér þarf að fara saman stórhugur og aðgát.

Ríkisstj. mun áfram vinna að stórfelldri uppbyggingu orkuframleiðslu.

Þá hefur ríkisstj. ákveðið að gera átak í vöruvöndun og gæðaeftirliti með íslenskri framleiðslu til að auka verðmæti þeirra afurða sem við framleiðum.

Þá má nefna, að því mikla átaki sem staðið hefur yfir í vegamálum verður fram haldið á næsta ári og áfram samkvæmt vegáætlun sem samþykkt var á þessu ári.

Þegar illa árar er það mikilvægara en nokkurn annan tíma að hafa gát á skiptingu þjóðarteknanna. Það er eitt af meginmarkmiðum efnahagsstefnu stjórnarinnar að jafna lífskjör og bæta hag hinna lakast settu. Á síðustu árum hafa lífskjör Íslendinga batnað verulega, þrátt fyrir margháttaða erfiðleika í efnahagsmálum. Þannig jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um milli 4 og 5% á síðasta ári. Í ár mun kaupmáttur dragast örlítið saman, en þó er því spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði aðeins um 1% minni en það besta sem þjóðin hefur áður þekkt, en það var kaupmáttur ársins í fyrra. Á næstu mánuðum og misserum þurfum við Íslendingar að búa okkur undir nokkurn samdrátt lífskjara.

Á miklu veltur fyrir þjóðfélagsfrið og samstöðu þegnanna að unnt reynist að deila þessum byrðum sem jafnast niður þannig að þeir sem við lökustu kjörin búa þurfi ekki að taka á sig umtalsverðar byrðar af áföllum þjóðarinnar. Í þessu skyni verða viðræður við samtök launafólks um hvernig verja skuli 175 millj. kr. á þessu og næsta ári til láglaunabóta og til skattendurgreiðslna. Að auki hefur ríkisstj. ákveðið, eins og fram var tekið, að tvöfalda framlag til Byggingarsjóðs ríkisins, en stærsta kjarabót almennings í landinu er auðveldun á öflun húsnæðis til eigin nota. Í undirbúningi er sérstakt átak í þessum efnum og er stefnt að því að hækka að raungildi lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Þá má nefna áfanga í jöfnun húshitunarkostnaðar, sem kom til framkvæmda 1. okt. s. l.

Á s. l. ári náðist mikill árangur í baráttu við verðbólguna. Hún lækkaði þá á einu ári úr 60% í um 40%. Ríkisstj. stefndi að því í upphafi þessa árs að ná enn verulegum áfanga í verðbólguhjöðnun, miðað við þær forsendur sem kunnar voru um s. l. áramót, en þá var gott útlit fyrir að nokkuð tækist að þoka verðbólgunni niður á árinu. Þau áföll sem útflutningsframleiðsla landsmanna hefur orðið fyrir á þessu ári gerðu þessar óskir að engu. Við þær aðstæður sem skapast höfðu um mitt þetta ár var öllu öðru mikilvægara að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi og draga úr viðskiptahalla. Gengislækkun krónunnar var óhjákvæmileg leið í þessum efnum.

Um leið og gengislækkunin og þær hliðarráðstafanir sem gerðar voru henni samfara munu ná þeim árangri sem að var stefnt, þ. e. að draga úr viðskiptahalla og tryggja áframhaldandi rekstur útflutningsatvinnuveganna, fól þetta í sér að slaka varð á markmiðum í verðlagsmálum. Við þessar aðstæður gæti of aðhaldssöm stefna í efnahagsmálum leitt til atvinnuleysis, eins og gerst hefur í nágrannalöndunum og valdið mjög umtalsverðum samdrætti kaupmáttar. Ríkisstj. telur að ekki eigi að leysa aðsteðjandi efnahagsvanda með því að stofna til atvinnuleysis. Hins vegar leggur ríkisstj. höfuðáherslu á að verðbólgunni verði haldið í skefjum og í því skyni komi til framkvæmda þær aðgerðir sem ríkisstj. hefur þegar ákveðið.

Skjóttekinn árangur í verðlagsmálum með stórfelldum lífskjarasamdrætti getur reynst skammvinnur. Reynslan erlendis sýnir að tilraunir til að leysa verðbólguvandann með atvinnuleysi eru sársaukafullar og geta leitt menn út í fen sem þeir komast ekki út úr. Þó að verðbólgan sé ein höfuðmeinsemd hins íslenska efnahagslífs verða menn að gæta þess að efna ekki til enn stórfelldari vandamála með vanhugsuðum tilraunum til lausnar á þessum þráláta vanda íslensks efnahagslífs.

Á s. l. árum hefur tekist að ná þeim mikilsverða árangri sem er hallalaus rekstur í ríkisbúskapnum. Á árunum 1975—1978 komust skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann upp í 4—5% af þjóðarframleiðslu, en við síðustu áramót var þetta hlutfall komið niður í rúmlega 1%. Þannig hefur ekki einungis tekist að reka ríkissjóð án skuldasöfnunar s. l. þrjú ár, heldur hefur reynst unnt að greiða til baka mikinn meiri hluta þeirra skulda sem ríkissjóður hafði safnað vegna hallareksturs um og eftir miðjan síðasta áratug. Allar horfur eru á að á þessu ári verði einnig mjög viðunandi útkoma á fjármálum ríkisins.

Þessi mikilsverði árangur í ríkisfjármálum hefur náðst með því að beita aðhaldi í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins. Á þessu ári hefur þetta aðhald enn verið hert með ýmsu móti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1983 mótast enn af því meginmarkmiði sem einkennt hefur stjórn ríkisfjármála í tíð núverandi ríkisstjórnar, en það er hallalaus rekstur ríkissjóðs. Samdráttur þjóðartekna mun gera leiðina að þessu markmiði torsóttari en fyrr. Því mótast stefnan í ríkisfjármálum fyrir næsta ár mjög af þeirri eindregnu viðleitni að draga svo úr ríkisútgjöldum sem frekast er unnt.

Traust fjármálastjórn ríkisins á undanförnum árum gerir okkur kleift að forðast að bæta niðurskurði á félagslegri þjónustu við lífskjarasamdrátt, eins og gerst hefur víða í kringum okkur.

Þrátt fyrir að samdráttur efnahagslífsins dragi úr tekjum ríkissjóðs er áformað að afborganir ríkissjóðs af lánum verði hærri en þau lán sem tekin verða þannig að skuldir ríkissjóðs minnki enn á næsta ári, fjórða árið í röð. Þetta skiptir verulegu máli fyrir framvindu peningamála, en ríkissjóður hefur á undanförnum misserum haft áhrif í átt til jafnvægis í peningamálum gagnstætt því sem verið hafði um langt skeið.

Í þróun peningamála hefur á þessu ári gætt skorts á jafnvægi. Dregið hefur hlutfallslega úr aukningu sparifjár, en útlán hafa vaxið meira en verðlagsbreytingum nemur. Ráðstafanir verður að gera til að koma hér betra jafnvægi á. Á síðasta ári varð hins vegar mikil aukning á sparifé landsmanna. Þetta var gleðileg og mikilvæg þróun, sem framhald þarf að verða á. Það er ekki síst mikilvægt í því skyni að auka innlenda fjármögnun atvinnuveganna og opinberra framkvæmda og draga

þannig úr þörf á erlendum lántökum og er ein forsenda þess að árangur náist við að eyða viðskiptahallanum.

Um s. l. áramót féllu verðstöðvunarákvæði laga úr gildi. — Þar með var meira en áratugar löng verðstöðvun afnumin.

Í janúarmánuði var lögð fram á Alþingi skýrsla ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum. Þar sagði m. a. um verðlagsmál:

„Í verðlagsmálum verði við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Tekið verði upp nýtt fyrirkomulag, sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða".

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu voru síðan samþykktar á Alþingi breytingar á verðlagslöggjöfinni, sem miðuðu að því að auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Verðlagsyfirvöld hafa síðan unnið að undirbúningi verðgæslukerfis og í því sambandi átt viðræður við ýmis hagsmunasamtök atvinnuveganna.

Stefnt er að því, að í vetur verði unnt að fella undan beinum verðlagsákvæðum ýmsar greinar innlendrar vöruframleiðslu sem eiga í óheftri samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna aðgerða í efnahagsmálum í lok ágúst s. l. var undirstrikað að gefa ætti verðlagningu á þessum vörum frjálsa. Jafnframt því að stefna að afnámi beinna verðlagsákvæða þar sem því verður við komið verður með markvissum hætti unnið að kynningarstarfsemi til að styrkja verðskyn kaupenda og seljenda.

Stefna ríkisstj. í fjárfestingarmálum á þessu ári og því næsta tekur mið af þeim erfiðleikum sem þjóðarbúið á við að glíma. Meginhersla er lögð á að draga verulega úr opinberum framkvæmdum á næsta ári. Opinberar framkvæmdir hafa talsvert dregist saman á þessu ári, enda var beinlínis að því stefnt með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum í upphafi ársins.

Á s. l. árum hefur náðst verulegur árangur í því að styrkja eiginfjárstöðu fjárfestingarlánasjóða með bættri ávöxtun á fé sjóðanna. Jafnframt hefur verið unnt að draga úr beinum framlögum ríkisins til lánasjóða atvinnuveganna. Enn vantar þó nokkuð á að útlánareglur og vaxtakjör þessara sjóða séu sambærileg. Verður unnið að því á næstunni að samræma þetta. Það er stór liður í viðleitni ríkisstj. til að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna. Auk þess hefur það áhrif í þá átt að draga úr óarðbærum framkvæmdum, sem ráðist hafa af vildarkjörum á fjármagni.

Allt frá því að ríkisstj. tók við í ársbyrjun 1980 hefur jafnt og þétt verið unnið að því að lagfæra stöðu fiskvinnslunnar, en hún hafði versnað mjög verulega mánuðina á undan. Með aðlögun gengis að innlendum kostnaði, ýmsum aðgerðum til sparnaðar, endurgreiðslu á fjármagnskostnaði og breytingu á vaxtakjörum afurðalána tókst undir lok síðasta árs að tryggja jákvæða afkomu fiskvinnslunnar. Afkoma útgerðar var einnig betri á síðasta ári en oft áður. Áður en aflabrestur og önnur áföll tóku að dynja yfir s. l. vetur var staða fiskvinnslu og útgerðar með betra móti. Á þessu ári hefur sjávarútvegur lent í miklum erfiðleikum vegna aflabrests og sölutregðu. Loðnan, sem á undanförnum árum hefur staðið undir um tíunda hluta af útflutningstekjum landsmanna, hefur á þessu ári að mestu leyti horfið úr okkar þjóðarbúskap. Þá hafa þorskveiðar dregist stórlega saman á þessu ári.

Vegna þessara áfalla versnaði staða útgerðarinnar mjög verulega. Í ágúst var gripið til umfangsmikilla aðgerða til að lagfæra rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Eftir þessar aðgerðir er rekstrarstaða útgerðar botnfiskveiða talin vera neikvæð um 2—5%, sem er betri staða en mjög oft áður, en um miðjan síðasta áratug var togaraútgerð landsmanna árum saman rekin með miklu meiri rekstrarhalla en þessar tölur gefa til kynna.

Þeir miklu erfiðleikar, sem gengið hafa yfir útgerð og fiskvinnslu á þessu ári, hafa haft víðtæk áhrif á allt efnahagslíf landsmanna. Áður en þessir erfiðleikar dundu yfir var staða þessara undirstöðugreina sterkari en oft áður og getum við því vonandi litið á þessa erfiðleika sem tímabundna. Við þeim hefur verið brugðist og að þessum málum er stöðugt unnið. Þó að hér sé að mestu leyti um að ræða erfiðleika sem rekja má beint til árferðis og efnahagsörðugleika erlendis, þá er ýmislegt, bæði í útgerð og fiskvinnslu, sem endurskoðunar þarfnast. Fiskveiðifloti landsmanna hefur náð þeirri stærð að ekki er lengur hagkvæmt að auka þar við. Af þessum sökum ákvað ríkisstj. í ágúst að leggja bann við innflutningi fiskiskipa.

Á liðnu vori samþykkti Alþingi samhljóða þál. um stefnu í iðnaðarmálum, þar sem áhersla er lögð á nauðsyn öflugrar iðnþróunar á næstu árum og bent á leiðir að því marki. Að framkvæmd þessarar stefnu er nú unnið m. a. með ákvörðun sem ríkisstj. tók í ágúst um endurskoðun á tekjuöflunarkerfi hins opinbera til þess að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna, lækkun aðstöðugjalds á iðnað og frjálsa verðlagningu á innlendum iðnaðarvörum sem eiga í óheftri samkeppni.

Ríkisstjórnin hefur markað stefnu um opinber innkaup ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana á vörum og þjónustu og leitast verður við að gera hlut innlends framleiðslu- og þjónustuiðnaðar í uppbyggingu orku- og iðjuvera sem mestan. Sérstakt átak er að hefjast til að örva stofnun smáiðnaðarfyrirtækja. Starfsemi iðnráðgjafa í landshlutunum hefur þegar gefið góða raun og víða er á döfinni stofnun svæðisbundinna iðnþróunarfélaga og sjóða til eflingar iðnaði. Hafnar eru framkvæmdir við sjóefnavinnslu á Reykjanesi og í undirbúningi er bygging steinullarverksmiðju og stálbræðslu. Fyrirtæki hefur verið stofnað um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og er gert ráð fyrir að hún rísi á næstu árum. Unnið er að hagkvæmnisathugun vegna ýmissa greina í orkufrekum iðnaði, m. a. trjákvoðuverksmiðju og áliðju.

Í orkumálum hefur mikið áunnist við að auka hlut innlendra orkugjafa í húshitun og draga úr olíunotkun. Mikilvægir áfangar hafa náðst í verðjöfnun á orku, fyrst með jöfnun á verði raforku til almennra heimilisnota, og skref hefur verið stigið í lækkun á raforkuverði til húshitunar. Með víðtækum samningum milli ríkisins og Landsvirkjunar í ágúst s. l. um virkjanir og yfirtöku byggðalína er tryggt að sama gjaldskrá gildi um afhendingu rafmagns í heildsölu frá Landsvirkjun í öllum landshlutum.

Alþingi samþykkti samhljóða 6. maí þáltill. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Með henni er dreginn rammi um meginverkefni í raforkuframkvæmdum til næstu 10 til 15 ára og ákveðin stærri skref í virkjun fallvatna en áður hafa verið tekin.

Framkvæmdum við Hrauneyjafossvirkjun lýkur að mestu í ár. Hafnar eru framkvæmdir við Blönduvirkjun og verður virkjunin tekin í notkun eigi síðar en á árinu 1987. Unnið er að undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar með

það fyrir augum að hún geti hafið rekstur árið 1990. Samhliða byggingu þessara virkjana á Norður- og Austurlandi verður unnið að því að treysta stöðu virkjana á Suðurlandi og síðan að því að ljúka við Sultartangavirkjun, en nú er unnið að stíflugerð sem mun nýtast henni.

Hafin er könnun vegna hugsanlegra olíulinda innan íslenskrar lögsögu, m. a. með borunum við Flatey á Skjálfanda. Samkomulag hefur orðið við Norðmenn um skiptingu hafsbotns milli Íslands og Jan Mayen og gert ráð fyrir samvinnu um rannsóknir á þessu sviði.

Ríkisstj. hefur kynnt stefnu sína í landbúnaðarmálum með þáltill. á Alþingi. Meginatriði þeirrar stefnu eru að framleiða landbúnaðarafurðir með þeirri fjölbreytni sem landkostir, veðurfar og markaðsskilyrði leyfa, að tryggja efnahagslegt sjálfstæði og félagslegt jafnrétti bændafólks og eignar og umráðarétt þess á bújörðum, að leggja áherslu á að varðveita náttúruauðæfi landsins, landkosti og hlunnindi bújarða og eðlilega byggð í landinu.

Í samræmi við þessa stefnu mun ríkisstj. áfram vinna að því að framleiðsla landbúnaðarins verði í samræmi við innlendan markað og erlenda markaði sem teljast viðunandi. Í þessu skyni verður m. a. haldið áfram að auka fjölbreytni framleiðslunnar með eflingu nýrra búgreina, en jafnframt með nýjungum í markaðsmálum og vinnslu búvara fyrir innlendan og erlendan markað. Unnið verður að athugun á nýjum leiðum til að hafa áhrif á framleiðslumagn í þeim tilgangi að móta meginlínur eftir héruðum eða framleiðslusvæðum sem draga úr afskiptum af umsvifum einstaklinga. Jafnframt verður gerð sérstök athugun á fjárhagsstöðu bænda.

Þegar ríkisstj. tók við völdum í byrjun 1980 var bundið slitlag á vegum um 270 km alls. Á þremur sumrum, 1980 og 1981 og nú í sumar, hefur verið bætt við um 380 km og hefur þannig miklu meira verið bætt við á þremur árum en framkvæmt hafði verið samanlagt öll árin á undan. Síðustu tvö árin hefur verið lagt á yfir 140 km hvort ár. Stefnt er að því að halda áfram á sömu braut. Stærri hluta þjóðarframleiðslunnar er nú varið til vegamála en áður eða um 2.2%.

Ríkisstj. hefur nýlega tekið ákvörðun um tvöföldun á framlagi ríkisins til hins almenna húsnæðiskerfis. Nú er unnið að mikilsverðum breytingum á fjármögnun húsnæðismála með það fyrir augum að auðvelda róðurinn þeim sem byggja eða kaupa húsnæði í fyrsta sinn. Stefnt er að auknu samstarfi bankakerfisins, lífeyrissjóða og Byggingarsjóðs ríkisins til hagsbóta fyrir húsbyggjendur.

Það er tvímælalaust ein mikilvægasta kjarabót sem nokkur launþegi getur fengið að auðvelda honum að koma sér upp húsnæði. Með því átaki sem gert hefur verið í byggingu verkamannabústaða og þeim áföngum sem nú eru í undirbúningi í almenna húsnæðislánakerfinu eru stigin stór skref í þá átt að allur almenningur ráði við þennan stóra þátt í útgjöldum sínum.

Unnið er að endurskoðun jafnréttislaga og sömuleiðis að frv. um stjórn umhverfismála.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs aldraðra og þeirri vinnu sem lögð hefur verið í þessi mál á síðustu misserum ætti senn að ljúka því neyðarástandi sem skapast hafði í hjúkrunarmálum aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Nú hefur verið lögð áhersla á að hækka tekjutryggingu aldraðra og er nú samanlagður ellilífeyrir og tekjutrygging hærra hlutfall af kauptöxtum en nokkru sinni fyrr. Þá hefur verið unnið að víðtækri stefnumótun í málefnum aldraðra og liggur fyrir frv. sem er þungamiðja þeirrar stefnumótunar.

Reksturskostnaður sjúkrastofnana hefur vaxið hröðum skrefum hér á landi, eins og raunar víða annars staðar. Nú hefur verið hrundið af stað víðtækri könnun á því máli. Á næsta ári mun heilbrmrn. undirbúa áætlun til fimm ára um forvarnarstarf í ýmsum þáttum heilbrigðismála. Einkum er að því stefnt að auka upplýsingamiðlun til heilsuverndar. Þá hefur sérstakt átak verið undirbúið í áfengismálum og ávana- og fíkniefnamálum.

Þannig er unnið að fjölmörgum málum á sviði félags- og heilbrigðismála, en hér er um að ræða snaran þátt í lífskjörum almennings.

Á síðasta þingi voru samþykkt ýmis merk lög á sviði menntamála, svo sem lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands, lög um Listskreytingasjóð ríkisins, lög um námslán og námsstyrki o. fl. Í ráði er að flytja einnig á yfirstandandi þingi ýmis frv. sem snerta skólamál og almenn menningarmál. Lögð hefur verið áhersla á röskleg átök við bygginguþjóðarbókhlöðu.

Utanríkisstefna Íslands byggist á góðum samskiptum við öll ríki, þátttöku í Sameinuðu þjóðunum, Atlantshafsbandalaginu og alhliða samstarfi Norðurlanda. Áfram verður unnið að því að styrkja hlut Íslands í alþjóðlegu samstarfi og áhersla lögð á að styrkja hverjar þær aðgerðir sem geta dregið úr spennu í samskiptum ríkja, stöðvað vígbúnaðarkapphlaupið og stuðlað að raunhæfum samningum um afvopnun. Fulltrúar Íslands munu leggja þeim öflum lið sem vilja vinna gegn aukinni tilhneigingu til verndunaraðgerða í milliríkjaviðskiptum og stuðla þannig að því að ríkjandi efnahagskreppu linni sem fyrst.

Í dómsmálum verður áfram unnið að umbótum á löggjöf sem stuðlar að hraða og öryggi í meðferð dómsmála. Lögð er áhersla á að veita upplýsingar, aðstoð og leiðbeiningar þeim sem þurfa að ná rétti sínum.

Herra forseti. Það ár sem nú er að líða hefur orðið okkur erfitt um marga hluti. Heimskreppan hefur sótt okkur heim með óvæntum þunga og um leið hefur sjávarafli minnkað. Við þurfum nú að framleiða miklu meira en fyrir fáum árum til þess eins að halda í horfinu því að framleiðsla okkar hefur ekki hækkað í verði neitt nálægt því sem allir aðdrættir okkar hafa hækkað. Um leið hefur það gerst á þessu ári að sjávarafli hefur stórlega minnkað frá því sem var í fyrra og misserin á undan. Fram á þetta ár stóðum við af okkur heimskreppuna með því að framleiða stöðugt meira og gerðum þannig betur en að vinna upp það raunverulega verðfall sem orðið hefur á framleiðslu okkar. Þetta brást í ár og nú finnum við fyrir köldum vindum þeirrar kreppu sem svipt hefur tugi millj. manna í nálægum löndum atvinnu og lífsafkomu. Um leið og við hörmum þessi áföll megum við ekki tapa áttum í þeirri svartsýnisþoku sem jafnan leggst yfir þegar erfiðlega gengur. Við skulum meta stöðu okkar og framtíðarmöguleika raunsæjum augum.

Í fyrsta lagi getum við fagnað því, að á Íslandi einu landa í okkar heimshluta hefur ekki komið til atvinnuleysis. Slíkt ástand er sem fjarlæg draumsýn öllum nágrönnum okkar, þar sem milljónir fullveðja manna eru ekki lengur þátttakendur í atvinnulífinu. Slíkum hörmungum hefur verið afstýrt á Íslandi og við verðum að leggja á það alla áherslu að standa af okkur vinda kreppunnar á þann hátt að landsmenn allir skipti á sig byrðunum í stað þess að deila þeim ójafnt niður svo sem gerst

hefur sums staðar í kringum okkur.

Í öðru lagi skulum við minnast þess, að kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings hefur aldrei orðið hér jafn mikill og hann varð í fyrra. Að vísu mun hann á þessu ári lítillega dragast saman og á næsta ári eitthvað meira, en það er samdráttur frá því sem við höfum þekkt best.

Í þriðja lagi skulum við minnast þess, að við búum í landi með mikla möguleika og suma þeirra erum við nú fyrst að byrja að nýta. Við verðum að halda áfram að fjárfesta í framtíð okkar, þó að hér eins og annars staðar verðum við að sýna meiri aðgát en áður. Þar þarf að fara saman gát og stórhugur. Um leið og við sýnum fulla og aukna aðgát skulum við minnast þess, að það er bjartsýni og stórhug að þakka að við búum hér við ysta haf við góð lífskjör.

Fram undan eru margar hættur í okkar þjóðarbúskap. Handan þeirra skerja er hins vegar mikil framtíð fyrir okkar litlu þjóð. Á öllu veltur að við stöndum saman, tökumst á við erfiðleikana, en verðum ekki sundrungaröflum að bráð. Aðeins með því að fylgja stefnu sem tryggir þjóðfélagsfrið og samstöðu alls almennings getum við klakklaust komist í gegnum skerjagarðinn og sigrast á erfiðleikunum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Síðasti ræðumaður er kunnur að því að mála glansmyndir. Ræða hans í kvöld stingur nokkuð í stúf við það sem venja er og hlustendur þekkja. Hingað til hefur allt verið í lagi og stjórnarathafnir gengið eftir áætlun. En nú hefur syrt í álinn að áliti síðasta ræðumanns. En auðvitað fer fjarri að ríkisstj. beri ábyrgð á ástandinu og hinu dökka útliti að hans mati.

Tvennt bar síðasti ræðumaður fyrir sig. Spár sérfræðinga höfðu brugðist. Vitnaði hann til þjóðhagsáætlunar er fylgdi stefnuræðunni í fyrra. En þjóðhagsáætlun, sem fylgir stefnuræðu forsrh., er útbúin og birt á ábyrgð ráðherra og þar er byggt á forsendum sem ráðherra gefur sérfræðingum. Um þetta eru dæmi í þeirri þjóðhagsáætlun sem fylgir stefnuræðu að þessu sinni. Þar er byggt á því að frekari efnahagsaðgerðir, sem enn hafa ekki séð dagsins ljós, muni komast í framkvæmd og að þeim gerðum muni verðbólgan á næsta ári geta komist niður undir 40%. En sé byggt á þeim aðgerðum sem komnar eru fram, þ. á m. brbl., er ljóst að verðbólgan verður yfir 60%. Hér skeikar miklu. Skýringin er sú, að byggt er á óljósum orðum um væntanlegar efnahagsaðgerðir, sem ekkert samkomulag er um innan ríkisstj., hvorki í fyrra né nú. Að þessu leyti er því ekki sérfræðingum um að kenna heldur forsrh. og röngum forsendum, sem hann lætur sérfræðingum í té, að spár hafa brugðist.

Í öðru lagi ber forsrh. fyrir sig að ytri kringumstæður hafi breyst svo mjög að þær séu orsök þess hvernig komið er. Það þykir alltaf lágkúrulegt að þakka sjálfum sér allt þegar vel árar en kenna öðrum um þegar miður fer. Stjórnarliðar geta rifjað upp að við stjórnarandstæðingar sögðum fyrir um þróun mála í gagnrýni okkar í umræðum um stefnuræðu forsrh. í fyrra og þegar frá upphafi þessa stjórnarsamstarfs. Þótt Íslendingar hafi orðið fyrir áföllum, sem ber að mæta af fullri einurð, þá er verðmæti sjávarafurða sambærilegt við árin 1978 og 1979. Og eftir met í aflaverðmæti síðustu tvö árin ættum við að vera vel undir það búnir að mæta erfiðleikum. En vegna rangrar stjórnarstefnu fer víðs fjarri að svo sé.

Þegar fokið er í flest skjól og öll markmið ríkisstj. og fyrirheit eru aðeins orðin tóm er þó eitt sem hatturinn er hengdur á. Það er að hér sé ekki atvinnuleysi, gagnstætt því sem er með öðrum þjóðum. En það er rétt að við gerum okkur grein fyrir því, Íslendingar, hvort hér sé full atvinna í þess orðs réttu merkingu, hvort vinnuafl landsmanna sé allt bundið við arðbær störf. Og er það ríkisstj. að þakka að hér eru skráðir atvinnuleysingjar innan við 1%? Því fer fjarri. Þessari sýndarmennsku er komið í kring með geigvænlegri erlendri og innlendri skuldasöfnun, sem auðvitað er ekkert annað en gálgafrestur. Og inntakið í ræðu síðasta ræðumanns var í raun og veru að landsmönnum var hótað atvinnuleysi ef þeir sættu sig ekki við lakari lífskjör. Því miður er sú hótun ekki tilefnislaus. Það sýnir reynslan á þessu ári þegar fiskveiðiflotinn hefur stöðvast bæði í ársbyrjun og nú síðast í september og mörg fyrirtæki riða á barmi uppgjafar og gjaldþrots vegna þess að þeim eru ekki sköpuð skilyrði til starfa.

Forsrh. taldi að valið stæði á milli verðbólgu og atvinnuleysis. Við sjálfstæðismenn erum þeirrar skoðunar að unnt sé að ráðast gegn verðbólgunni án þess að atvinnuleysi haldi innreið sína. En forsrh. og ríkisstj. hafa gefist upp í baráttunni gegn verðbólgunni og hengja hatt sinn nú á atvinnuleysisvofuna til þess að treina líftóruna í ríkisstj. Við eigum hvorki að þola verðbólgu né atvinnuleysi.

Það var ljóst við stjórnarmyndun haustið 1978, þegar þáverandi vinstri stjórn var mynduð, og við stjórnarmyndunina eftir kosningarnar 1979, þegar núverandi stjórn var mynduð, að stjórnvöld þurftu að snúast gegn verðbólgu annars vegar og tryggja atvinnuöryggi hins vegar. Menn höfðu búið að auknum fiskafla eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur undir forustu okkar sjálfstæðismanna 1975. En sá aukni fiskafli og verðmætaaukning, sem honum fylgdi, dugði ekki eyðsluseggjum núverandi stjórnar heldur þurfti og til að koma erlend skuldasöfnun í stærri stíl en nokkru sinni áður til viðbótar aukinni seðlaprentun.

Stjórnvöld gáfust ekki eingöngu upp í baráttunni gegn verðbólgunni heldur vanræktu að skapa nýjum atvinnugreinum skilyrði. Fiskifræðingar höfðu löngu varað við því að fiskstofnar væru ofnýttir og því ætti loðnubrestur og minnkandi þorskafli ekki að koma stjórnvöldum á óvart. En í stað þess að láta sér þá aðvörun að kenningu verða og hefja sókn til að nýta orkulindir landsins og byggja upp stóriðju og almennan iðnað hafa núverandi stjórnvöld í raun og veru stöðvað fyrri þróun í þeim efnum.

Við hvoruga þessa stjórnarmyndun, 1978 eða 1980, horfðust stjórnaraðilar í augu við nauðsyn þess að berjast gegn verðbólgunni annars vegar og tryggja áframhaldandi hagvöxt hins vegar. Það vakti fyrst og fremst fyrir þeim að næla sér í ráðherrastóla og halda völdum. Framsóknarmenn féllu fyrir þessari freistingu þegar eftir skemmdarverk og galdra A-flokkanna 1978, og síðan féllu fleiri fyrir hinu sama við stjórnarmyndun 1980.

Það er á allra vitorði og ekkert fær dulið lengur þá staðreynd að stjórnarmyndunin 1980, sem átti að leysa stjórnarkreppuna og bjarga virðingu Alþingis, var byggð á fyrirætlunum Alþb. og Framsfl. um að kljúfa Sjálfstfl. Reynslan hefur orðið sú að Alþb. og Framsfl. hafa orðið fyrir vonbrigðum. Þeim hefur ekki tekist að kljúfa Sjálfstfl. Það sýndi sigurganga hans í sveitarstjórnarkosningunum á liðnu sumri. Sannast hefur að sér grefur

gröf þótt grafi því að óánægja og klofningur hafa myndast í þessum flokkum.

Í stað þess að núverandi ríkisstj. leysti tveggja mánaða stjórnarkreppu og bjargaði sóma Alþingis, eins og hún átti að gera, hefur ríkisstj. framlengt stjórnarkreppuna um nærfellt þrjú ár með upphlaupum á þriggja mánaða fresti og misboðið þingræði og virðingu Alþingis jafnvel freklegar en dæmi eru til frá dögum danskra einvaldskonunga.

Nú er ekki heldur hægt að leyna staðreyndum og hinum alvarlegu viðhorfum sem við blasa eftir tvö bestu aflaár og mestu verðmætaöflun, sem við Íslendingar höfum notið.

Ríkisstj. lofaði að verðbólgan skyldi á þessu ári verða 7—10%. Hún verður a. m. k. 60% og ekkert útlit fyrir að hún hjaðni.

Ríkisstj. lofaði að tryggja gengi íslensku krónunnar. En gengisfellingar hafa verið fleiri og örari ásamt stöðugu gengissigi þannig að dollarinn hefur fjórfaldast í verði á tæplega þriggja ára ferli ríkisstj. Núverandi ríkisstj. á Íslandsmet í gengisfellingu og er þá langt til jafnað.

Ríkisstj. lofaði að myntbreytingu skyldi nýta í baráttu gegn verðbólgu og til að tryggja gengi íslensku krónunnar en myntbreytingin hefur orðið skálkaskjól fyrir verðhækkunum og hruni íslensku krónunnar.

Tvær síðustu ríkisstjórnir lofuðu að tryggja kaupmátt launa, setja samninga frá 1977 í gildi, en hafa staðið að meiri launa- og verðbótaskerðingum en dæmi eru til um, eða samtals um 40% á síðustu fjórum árum meðan grunnlaun hafa hækkað um 25%. Kaupmáttur kauptaxta er nú minni en 1978 þótt þjóðartekjur séu svipaðar og verðbólgan æðir áfram þrátt fyrir launaskerðingar.

Ríkisstjórnir hafa s. l. fjögur ár hækkað skatta um 6% af þjóðarframleiðslu eða um allt að 1 800 millj. kr.

Ríkisstj. hefur hagað svo málum að viðskiptahalli var 5% af þjóðarframleiðslu á síðasta ári og spáð er 10—11% halla á yfirstandandi ári. Erlendar skuldir hafa stórhækkað. Þær námu um 30% af þjóðarframleiðslu fyrir fjórum árum en eru nú orðnar 45% af þjóðarframleiðslu. Seðlabankinn spáir að innan skamms fari þær yfir 50%. Greiðslubyrði afborgana og lána, sem áður var 12—13% af gjaldeyristekjum, er á yfirstandandi ári 23% og Seðlabankinn spáir að innan skamms muni þriðja hver króna af gjaldeyristekjum okkar fara í afborganir og vexti af erlendum lánum. Svavar Gestsson líkir okkur við Pólverja í þessum efnum, en þeir þurftu að biðja vestræn ríki um sérstök skuldaskil. Ragnar Arnalds segir okkur vera sokkin á kaf í gífurlegt skuldafen. Slíkur er vitnisburður þeirra er á þessu bera ábyrgð.

Ríkisstj. hefur hagað peningamálum þannig að viðskiptabankarnir skulda nálægt 1 000 millj. kr. í Seðlabanka og boða nú meiri lánsfjárskömmtun en dæmi eru til. Ríkisstj. lofaði vaxtalækkun, en vextir hafa hækkað um nær helming á síðustu fjórum árum, og eru þó lægri en verðbólgan segir til um. Fyrir liggur hjá ríkisstj. till. um 8% vaxtahækkun og verðtrygging hefur farið vaxandi í heildarútlánum með vaxandi verðbólgu og aukið fjármagnskostnað enn meira. Ríkisstj. hefur í raun gengið á bak allra sinna orða, svikið öll sín loforð og ætti þegar af þeirri ástæðu að fara frá.

Við sjálfstæðismenn lýstum andstöðu okkar við brbl., sem eru nú helsta bjargráð ríkisstj., vegna þess að við krefjumst breyttrar stjórnarstefnu. Í brbl. felst kjaraskerðing, án þess að hún komi að teljandi gagni í baráttunni gegn verðbólgu, og til lengdar getur hún orðið til skaða vegna þess að launþegar munu ekki sætta sig við sífelldar kjaraskerðingar, eins og vinstri stjórna er vandi, sem Alþb. ber höfuðábyrgð á. Verðbótaskerðing um 8% 1. des. styðst við þá nauðsyn að tilkostnaður atvinnuveganna aukist ekki. En á sama tíma hefur lenging orlofs meira en 4% tilkostnaðaraukningu í för með sér. Væri þá ekki skynsamlegra að draga úr verðbótaskerðingu og fresta því að taka sér lengra frí meðan svo árar sem nú er?

Samhliða þessum brbl. voru boðaðar ýmsar aðrar ráðstafanir. Ekkert af því sem boðað hefur verið hefur séð dagsins ljós, en alþm. hljóta að gera kröfu til þess að málin séu lögð fram í einni heild svo að yfirsýn fáist yfir áhrif þessara aðgerða. En ágreiningur milli stjórnarliða veldur því að djúpt er á þessum málum öllum. Samkvæmt þessum brbl. er svo enn um aukna skattheimtu að ræða sem sjálfstæðismenn geta undir engum kringumstæðum sætt sig við.

Allur almenningur verður nú ekki eingöngu að horfast í augu við rýrnandi kaupmátt heldur er jafnvægisleysið í efnahagsmálum orðið slíkt að okurlánamarkaður er talinn þrífast með ólíkindum. Menn flýja í neðanjarðarhagkerfi vegna skattaáþjánar og húsnæðiskreppan er slík að húsaleiga stórhækkar. Gripið er til styrkja- og uppbótakerfis eins og dæmin sýna þegar fiskiskipaflotanum var komið aftur á flot með bráðabirgðaráðstöfunum, slætti til áramóta, en óleyst vandamál skilin eftir fyrir og eftir þann tíma. Menn eru óðum að hverfa marga áratugi aftur í tímann þegar vinstrimennskan blómgaðist á sjötta áratugnum áður en viðreisnin hélt innreið sína. Hvarvetna eru menn í vörn gagnvart óstjórn og ofræðisvaldi ríkisstj. Þróunin stefnir óðfluga í þá átt sem er undanfari efnahagsskipulags austantjaldsríkjanna undir forustu sósíalista. Atvinnufyrirtæki standa höllum fæti, fólki er fækkað eða uppsagnir liggja við. Lánsfjárskömmtunin og verðbólguþróunin segja til sín með vaxandi þunga.

Fyrstu atvinnufyrirtækin, sem fórnað verður, eru einkafyrirtæki og fyrirtæki hlutafélaga. Samvinnufélögin haldast nokkru lengur uppi. Þau hafa borist á og keypt upp einkafyrirtækin í skjóli forréttinda sinna og aðgangs að lánastofnunum meðan framsóknarmenn verma valdastólana. En að þeim kemur einnig þegar kommúnistar ná því takmarki sínu að hremma alla atvinnustarfsemi undir hið opinbera svo að valdhafar hafi ráð einstaklinga og fyrirtækja í höndum sér og geti tryggt sér áframhaldandi völd með sama hætti og gerist í austantjaldslöndunum. En hver vill una þeim lífskjörum og frelsissviptingu sem þar tíðkast? Við skulum ekki gera of lítið úr þessari hættu og stöðva þá þróun sem nú á sér stað í tíma. Það er full þörf að spyrna við fótum, gerbreyta stjórnarstefnunni og hefja nýja endurreisn.

Þegar ljóst var í ágústmánuði s. l., eftir að brbl. voru gefin út, að ríkisstj. hafði misst starfhæfan meiri hluta í þinginu samþykkti þingflokkur Sjálfstfl. ályktun þess efnis að kalla bæri þing saman hið fyrsta, þingið sinnti brýnustu úrlausnarefnum, svo sem kjördæmamálinu, síðan yrði þing rofið, og kosningar færu fram svo að nýr þingmeirihluti væri þess umkominn að snúa sér að lausn þess mikla vanda sem við blasti. Ríkisstj. sinnti þessari kröfu í engu. Það er því ekki á ábyrgð Sjálfstfl. að eigi vinnst tími til að snúa sér að lausn vandamálanna. Það er alfarið á ábyrgð núverandi ríkisstj.

Bæði Svavar Gestsson og Steingrímur Hermannsson hafa sagt að ríkisstj. hefði of veika stöðu til þess að glíma við þau alvarlegu mál sem fram undan eru. Um leið og óstarfhæf stjórn leitar eftir lengingu lífdaga hjá stjórnarandstöðu er það og viðurkenning á því að ríkisstj. hefur beðið skipbrot og ætti því um leið að fallast á nýjar kosningar hið allra fyrsta.

Krafa Sjálfstfl. er að ákvörðun sé tekin um að ríkisstj. biðjist lausnar, þing verði rofið og til nýrra kosninga boðað. Sjálfstæðismenn telja að áður en til kosninga sé gengið beri að leita sem víðtækastrar samstöðu án tafar um lausn kjördæmamálsins til þess að jafna vægi atkvæða. Við getum ekki sett fyrir okkur að óæskilegra sé að kjósa á vetrarmánuðum en á öðrum tíma ársins þar sem við megum engan tíma missa til að geta snúið okkur að lausn þeirra vandamála sem bíða. Um leið verðum við að tryggja að allir kjósendur til sjávar og sveita geti neytt atkvæðisréttar síns með samgöngubótum og heimild til fleiri kjördaga.

Lausnarbeiðni ríkisstj. er eðlileg þar sem hún hefur misst starfhæfan meiri hluta á þingi og hefur þess vegna ekki umboð þingsins til meiri háttar stjórnarathafna. Það er hvorki ástæða fyrir Sjálfstfl. né unnt að krefja hann um það að lengja lífdaga þeirrar stjórnar sem svo hefur haldið á málum sem ég að framan hef rakið.

Við sjálfstæðismenn viljum með engum hætti taka nokkra ábyrgð á þeirri stjórnarstefnu og stjórnarathöfnum sem núv. ríkisstj. verður ein að axla og standa reikningsskil gerða sinna fyrir í næstu kosningum. Kjósendur verða sjálfir að kveða upp sinn dóm, þeirra er valdið og Sjálfstfl. mun í þeim kosningum leggja stefnu sína undir dóm kjósenda og væntir stuðnings þeirra svo að breyta megi um stjórnarstefnu.

Við viljum fyrst og fremst berjast gegn verðbólgunni með því að lækka skatta og draga úr ríkisumsvifum. Með þeim hætti lækka síðan vextir, fjármagnskostnaður, útgjöld fyrirtækja og heimila. Við viljum að gengi íslenskrar krónu sé raunhæft í samræmi við afkomu atvinnuveganna og tryggi jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Við viljum gera jöfnunarsjóði, sem núverandi ríkisstjórn hefur tæmt og stefnt í skuldir, raunhæft tæki til að jafna sveiflur í afla og verðlagi. Við viljum jafna skilyrði atvinnuveganna en ekki stefna í þveröfuga átt í vonlausa hít styrkja- og uppbótakerfis eins og núverandi ríkisstjórn. Við viljum skapa atvinnuvegunum skilyrði til þess að öðlast hagnað svo að unnt verði að endurnýja atvinnutækin, auka framleiðslu og framleiðni og greiða hærri laun og bæta kjör almennings í landinu. Við sjálfstæðismenn viljum gera atvinnurekendur með þessum hætti ábyrga fyrir rekstri sínum og efla samkeppni og samanburð þeirra á milli þannig að það verði hvatning til að reka atvinnufyrirtækin á sem hagkvæmastan hátt. Við sjálfstæðismenn höfnum ríkisforsjá og haftabúskap en viljum leysa hugvit og framtak einstaklinga úr læðingi. Einstaklingsframtakið getur gert kraftaverk sem engum skrifborðs- og gæluverkefnastjórnum er unnt að gera sér í hugarlund. Við viljum efla frjálsa samkeppni í því skyni að lækka vöruverð og vinna bug á verðbólgunni. Við viljum auka og efla sparnað með því að einstaklingar ráði sjálfir sem mest yfir aflafé sínu og hvetja þá til þess að leggja fram áhættuframlag til uppbyggingar atvinnufyrirtækja, enda njóti þeir þá sams konar skattaívilnana og annar sparnaður. Við viljum að sérhverri fjölskyldu verði gert kleift að eignast og búa í eigin húsnæði. Við sjálfstæðismenn viljum tryggja þeim sem minna mega sín í lífinu öryggi og mannsæmandi afkomu en það verður ekki gert nema undirstaðan, atvinnuvegirnir í landinu og afrakstur þeirra, sé byggð á traustum grunni. Við viljum að menn beri ábyrgð á orðum sínum og gerðum, stjórnmálamenn jafnt og atvinnurekendur og launþegasamtök eða önnur hagsmunasamtök. Prýstihópar, þótt hlutverki hafi að gegna, mega ekki vaða uppi í þjóðfélaginu vegna veikleika stjórnmálamanna sem eru á atkvæðaveiðum og láta eftir þeim í trausti þess að allur almenningur, sem borgar brúsann, taki ekki eftir því að það er verið að hlunnfara hann.

Við væntum þess að kjósendur, sem valdið hafa, geri sér grein fyrir því að við Íslendingar stöndum á örlagaríkum tímamótum. Það skiptir máli að hver og einn gangi að kjörborðinu við næstu kosningar með það eitt í huga hvers þjóðarheill krefst og leggi sig fram um það af ábyrgðartilfinningu að stuðla að því að efla þjóðarhag eftir megni. Hver og einn hefur hlutverki að gegna fremur á Íslandi en í nokkru öðru landi þar sem við erum fámenn þjóð og um hvern einstakan og framlag hans munar. Það er okkar gæfa.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í fréttum af umheiminum undanfarnar vikur, mánuði og jafnvel ár hefur einna hæst borið frásögn af vaxandi kreppu. Í iðnaðarríkjunum hefur kreppan einkennst af því að mörgum stærri iðnfyrirtækjum er lokað. Samfara þessu hefur atvinnuleysi stöðugt farið vaxandi og er nú víða orðið meira en 10. hver vinnufær maður. Atvinnuleysi það sem er í Bretlandi nú mundi t. d. samsvara því að 13 000 Íslendingar væru atvinnulausir.

Í mörgum hinum vestrænu iðnaðarríkjum hefur verið fylgt harðri stefnu í peningamálum, peningamálastefnunni svonefndu. Vextir hafa verið háir. Undan þessu hafa fyrirtækin verið að kikna og þau sem hafa lokað geta að sjálfsögðu ekki greitt sínar skuldir, enda spáir Alþjóðatollastofnunin í Genf, GATT, því að fram undan kunni að vera hrun bankakerfisins með kreppu sambærilegri þeirri sem skall á 1931. Fæstir telja þó ástandið svo alvarlegt sem betur fer. Með slíkum aðgerðum hefur víða tekist að halda verðbólgunni nokkuð í skefjum. Segja má að það hafi verið gert með því að svelta atvinnuvegina og fólkið.

Framsfl. hafnar þessari leið í baráttunni við verðbólguna. Það hefur sú ríkisstjórn sem nú situr jafnframt gert. Við teljum atvinnuleysi óviðunandi böl. Hinu verður ekki neitað, að mikil atvinna og miklar tekjur geta leitt til þenslu og viðskiptahalla, ekki síst ef útflutningur dregst saman. Við slíku er óhjákvæmilegt að bregðast.

Við Íslendingar höfum sloppið ótrúlega vel við kreppuna í nágrannalöndum okkar. Hennar hefur að vísu gætt nokkuð í iðnaði, sérstaklega orkufrekum iðnaði. Einnig hafa útflytjendur sjávarafurða til sumra Evrópulanda orðið fyrir barðinu á því jafnvægisleysi sem gætt hefur í gjaldeyrismálum. Yfirleitt hefur þó útflutningur sjávarafurða, sem þjóðarbúið byggir fyrst og fremst á, gengið vel þar til á þessu ári að hin alvarlega sölustöðvun á skreið verður í Nígeríu.

Efnahagserfiðleikar okkar eru því að verulegu leyti af öðrum toga spunnir en kreppan í iðnaðarríkjunum. Þeir stafa fyrst og fremst af aflabresti. Við veikleika í loðnu-

stofninum varð vart á s. l. ári og loðnuveiðar varð að stöðva. Heildaraflinn varð um 100 þús. lestum minni en ráð var fyrir gert. Á þessu hefur ekki orðið breyting, því miður. Ólíklegt er að um nokkra loðnuveiði verði að ræða á þessu ári. Loðnuafurðir hafa numið um 7,5% gjaldeyristekna þjóðarinnar. Þessi samdráttur hefur í för með sér u. þ. b. 2% minni þjóðarframleiðslu. Að öllum líkindum verður þorskafli u. þ. b. 80 þús. lestum minni í ár en ráðgert var. Það veldur einnig um 2% minni þjóðarframleiðslu. Og það er útilokað að halda því fram, eins og kom fram í orðum Geirs Hallgrímssonar hér áðan, að ekki muni um 15% minni gjaldeyristekjur. Þetta er gífurleg blóðtaka fyrir íslenskt þjóðarbú.

Síðastliðinn áratug nam hagvöxtur hér á landi 3,6% að meðaltali á ári. Þessi vöxtur byggir fyrst og fremst á vaxandi sjávarafla. Á árinu 1981 verður á þessu breyting. Þá er aflinn farinn að nálgast það hámark sem ætla má að okkar góðu fiskimið geti gefið. Á s. l. ári jókst þjóðarframleiðslan þó um 1,5%. Í ár er hins vegar talið að þjóðarframleiðslan muni dragast saman um 5% af ástæðum sem að framan er getið. Ofangreinda þróun verður að hafa í huga þegar fjallað er um framvindu efnahagsmála og aðgerðir ríkisstj. á því sviði.

Þegar ríkisstj. var mynduð setti hún sér sem meginmarkmið traust atvinnulíf, næga atvinnu og minnkandi verðbólgu. Þótt atvinnulíf hafi, vegna atvinnubrests og mikillar verðbólgu, ekki verið eins traust og æskilegt er hefur þó tekist að halda fullri atvinnu. Því markmiði hefur verið náð. Úr verðbólgu hefur einnig tekist að draga þótt ekki hafi náðst það markmið sem sett var á því sviði.

Eftir að ríkisstj. var mynduð dróst of lengi á árinu 1980 að grípa til aðgerða gegn verðbólgunni. Ýmsir töldu það erfitt vegna lausra kjarasamninga. Myndarlegt átak var hins vegar gert í upphafi ársins 1981. Verðbólgan stefndi þá í yfir 70% en með niðurtalningu hinna ýmsu þátta, sem áhrif hafa á verðbólguna, tókst að koma henni á síðari hluta ársins niður undir 40%. Það er ekki lítill árangur þegar þess er jafnframt gætt að á sama tíma hélst full atvinna og fullur kaupmáttur. Þetta tókst með því að draga úr verðbótum á laun 1. mars 1981, takmarka hækkun búvöruverðs og fiskverðs í samræmi við það, fresta fullri verðtryggingu fjármagns og hamla gegn vaxtahækkunum og setja þak á verðlagshækkanir. Kaupmátturinn var hins vegar varinn með skattalækkunum. Þótt þessar aðgerðir kæmu nokkuð hart við ýmsar atvinnugreinar verður því ekki neitað að mjög athyglisverður árangur náðist. Vafalaust er jafnframt að minni verðbólga vó margfalt upp það óhagræði sem aðgerðunum fylgdi. Það voru mistök að halda ekki áfram á sömu braut á síðari hluta ársins 1981.

Þegar þjóðhagsáætlun var lögð fyrir Alþingi í október í fyrra var talið að þjóðarframleiðslan ykist um 1% á þessu ári, viðskipti við önnur lönd yrðu hallalaus og úr verðbólgu drægi áfram. Við þessar aðstæður gaf ríkisstj. út í janúarmánuði s. l. áætlun sína um efnahagsmál. Þá var talið nægjanlegt að draga úr víxlverkun verðlags og kaupgjalds með því að endurskoða vísitöluviðmiðun. Jafnframt var leitast við að treysta grundvöll atvinnulífsins með því að draga úr útgjöldum, t. d. var launaskattur lækkaður. Forsendur þjóðhagsáætlunar breyttust hins vegar mjög skyndilega vegna minni sjávarafla. Þjóðhagsstofnun gaf því út nýja áætlun í upphafi þessa árs. Var þá talið að þjóðarframleiðslan drægist saman um 3% og viðskiptahalli gæti orðið 4—5%. Þá mátti þegar vera öllum ljóst að grípa varð til harðra aðgerða í efnahagsmálum. Ég lýsti mínu viðhorfi í ítarlegu viðtali í Tímanum í byrjun júní. Sumum þótti það einkennast af svartsýni. Aðeins nokkrum dögum síðar birti Þjóðhagsstofnun enn nýja áætlun. Þá var komið í ljós að þorskafli yrði einnig miklu minni en áætlað hafði verið. Nú taldi Þjóðhagsstofnun að þjóðarframleiðsla gæti dregist saman um allt að 6%. Jafnframt var viðskiptahalli orðinn 8—9%. Þessi snögga breyting boðaði alvarlegra ástand í efnahagsmálum en við Íslendingar höfum orðið að horfast í augu við allt frá því fyrir síðustu heimsstyrjöld.

Þótt samdráttur þjóðarframleiðslunnar og sú kjaraskerðing, sem slíku hlýtur að fylgja, sé vissulega mjög alvarlegt mál veldur viðskiptahallinn þó enn meiri áhyggjum. Viðskiptahallinn boðar að meiru er eytt en aflað. Hann merkir að erlendar skuldir þjóðarinnar aukast gífurlega. Greiðslubyrði af erlendum lánum var innan við 20% gjaldeyristekna á s. l. ári, sem getur alls ekki talist óeðlilegt miðað við þá vexti sem greiddir voru erlendis. Nú er hún orðin 22%. Ef viðskiptahallinn héldist áfram eins og hann hefur verið verður greiðslubyrðin komin upp í hvorki meira né minna en 33% árið 1985 eða þriðjung af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Slík greiðslubyrði er óbærileg og hlýtur að leiða til greiðsluþrots. Gegn viðskiptahallanum varð því fyrst og fremst að snúast.

Fljótvirkasta leiðin væri eflaust sú að draga mjög úr fjármagni í umferð og svelta fyrirtækin og fólkið þannig að minni eftirspurn verði eftir gjaldeyri. Það er leifturs óknin. Og ég heyrði ekki betur á orðum Geirs Hallgrímssonar áðan en hann væri þar við sama heygarðshornið. Þannig fer einnig íhaldsstjórnin í Bretlandi að og uppsker 10—12% atvinnuleysingja. Þessi ríkisstj. fer ekki þá leið, jafnvel þótt lengri tíma taki að snúa við alvarlegri þróun í viðskiptamálum.

Með brbl. frá 21. ágúst s. l. og yfirlýsingu um efnahagsmál er snúist gegn ofangreindum vanda, en þó þannig að ekki skapist atvinnuleysi. Gengisfellingunni í ágúst var ætlað að hækka verð á erlendum gjaldeyri og draga þannig úr eftirspurn og innflutningi og lagfæra viðskiptahallann. Ef slík gengisfelling er látin leiða til launahækkunar hefur hún að sjálfsögðu mjög lítil eða engin áhrif. Því var ekki um annað að ræða en taka áhrif gengisfellingarinnar út úr verðbótum launa. Það verður gert 1. des. n. k. Að sjálfsögðu er þar um kjaraskerðingu að ræða. Það er erfitt spor, en þó ólíkt betra en atvinnuleysi eða stóraukin skuldasöfnun erlendis, sem gæti leitt til greiðsluþrots hins íslenska þjóðarbús.

Í yfirlýsingu ríkisstj. er jafnframt gert ráð fyrir öðrum aðgerðum, bæði til þess að létta þá byrði sem fyrrgreind kjaraskerðing veldur launþegum og einnig til þess að draga nokkuð úr víxlverkun verðlags og launa og stuðla þannig að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Undir hið fyrra falla ákvæði um láglaunabætur og lengra orlof, en undir hið síðara breyting á viðmiðunarkerfinu, m. a. með lengingu vísitölutímabilsins og fleiru sem nú er til umræðu við fulltrúa launþega og vinnuveitenda. Þetta eru ekki óljósar áætlanir eins og Geir Hallgrímsson hélt fram áðan. Þetta eru raunhæfar áætlanir til hjöðnunar á verðbólgu og kemur greinilega fram í áætlun Þjóðhagsstofnunar mat hennar á áhrifum þessara aðgerða. Þjóðhagsstofnun telur að án aðgerða hefði verðbólgan stefnt í

80—90%, en með ofangreindum aðgerðum megi ná verðbólgu á næsta ári aftur niður í um 40—45%. Það er út af fyrir sig góður árangur, en mætti þó gjarnan vera meiri.

Aðgerðirnar nú eru um ýmislegt líkar efnahagsaðgerðunum í upphafi ársins 1981. Þá var einnig dregið úr verðbótum launa og hækkun búvöruverðs og fiskverðs og láglaunabætur ákveðnar. Í tveimur veigamiklum þáttum verða þær þó frábrugðnar.

Með efnahagslögum frá 1979 var stefnt að fullri verðtryggingu inn- og útlána. Við aðgerðirnar 1981 var hægt á vaxtahækkuninni og því frestað að ná fullri verðtryggingu. Í lok ársins, þegar verðbólga hafði hjaðnað og spáð var enn hjaðnandi verðbólgu árið 1982, var talið rétt að koma á fullri verðtryggingu inn- og útlána. Þessu hefur Seðlabankinn síðan haldið mjög til streitu, jafnvel svo að ýmsum, m. a. mér, þykir nóg um. Ég óttast að mörgum einstaklingum, t. d. þeim sem eru að byggja, reynist skuldabagginn þungur þegar tekjur hækka ekki í samræmi við verðlag og lánskjaravísitölu. Sömuleiðis er ljóst að fjármagnskostnaður mun reynast ýmsum fyrirtækjum ofviða er tekjur dragast saman eins og gerist með minni afla.

Ég minni á að þegar ákveðið var að taka upp fulla verðtryggingu var mjög um það rætt að slíkt væri vart framkvæmanlegt nema í minnkandi verðbólgu þannig að vextir og verðbólga mættust á niðurleið verðbólgunnar. Einnig var þá vakin athygli á því að með slíku fyrirkomulagi yrði að stórlengja lánstímann og auka rekstrarfé í samræmi við verðbólgu. Þetta hefur ekki tekist nema í tiltölulega litlum mæli.

Nú er svo komið að jafnvel Alþfl.-þm. er farið að blöskra. Þeir flytja frv. um að létta fjármagnskostnaði af einstaklingum. Ég er sammála þeirri hugsun sem í því felst, en slíkt þarf einnig að ná til fyrirtækjanna. Með vaxtahækkun og gífurlegri takmörkun rekstrarfjár er hætt við að atvinnufyrirtæki geti stöðvast. Það gæti þessi ríkisstj. ekki horft upp á aðgerðarlaus og það mun hún ekki gera. Með þessu er ég ekki að boða að hverfa eigi frá verðtryggingu inn- og útlána. Hins vegar tel ég að í því sambandi sé óhjákvæmilegt að taka tillit til aðstæðna, t. d. almennrar greiðslugetu.

Í öðru lagi var talið óhætt í lok ársins 1981 að slaka á verðlagseftirliti. Í sumum tilfellum varð verðákvörðunin í raun og veru frjáls, eins og t. d. hjá Landsvirkjun, sem á eigin spýtur hefur nú hækkað heildsöluverð raforku um 35%. Sjálfstæðismeirihlutinn í Reykjavík boðar yfir 30% hækkun á Hitaveitu Reykjavíkur nú og ársfjórðungslega næsta ár. Þetta þýðir hvorki meira né minna en hátt í þreföldun á taxta Hitaveitunnar á einu ári. Sú spurning hlýtur að vakna hvort hjá slíkum fyrirtækjum landsmanna, sem hafa nánast einokun, sé gætt nægilegrar ráðdeildar.

Að mati Þjóðhagsstofnunar munu þær efnahagsaðgerðir, sem ég hef nú lýst, ná umtalsverðum árangri. Þeim árangri má alls ekki fórna í refskák stjórnmálanna. Hitt er svo annað mál, að sumum kann að virðast að lengra þurfi að ganga. Við framsóknarmenn erum til viðræðu um það, enda sé þess gætt að atvinnuvegirnir hafi viðunandi rekstrargrundvöll og atvinna sé næg. Að okkar mati þurfa niðurtalningarskrefin að vera tíðari.

Sá samdráttur í afla sem fyrst og fremst veldur erfiðleikum í dag hefur að sjálfsögðu lagst þyngst á sjávarútveginn. Gengisfellingin í ágústmánuði, sem byggð var á tillögum Seðlabanka Íslands, veitti ekki svigrúm til þess að leiðrétta nægilega rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Í tengslum við efnahagsráðstafanirnar varð því að láta nægja að bæta að stórum hluta það mikla tap sem togararnir höfðu orðið fyrir á fyrri hluta ársins. Einnig var lagt fjármagn í Stofnfjársjóð fiskiskipa til þess að vega gegn hækkun gengistryggðra lána útgerðarinnar. Þá verður 10 millj. kr. varið til orkusparandi aðgerða og átaks í gæðamálum, 15 millj. til aðstoðar við loðnuverksmiðjurnar og 5 millj. til að efla lífeyrissjóði sjómanna. Þótt þessar aðgerðir séu mikilvægar var ljóst að lagfæra varð rekstrargrundvöllinn enn. Það var gert eftir hörð átök við fulltrúa útgerðarmanna. Ég ætla ekki að rekja hér gang þeirra mála. Ég fagna því að skynsemin var látin ráða og fallist var á þær ráðstafanir sem ríkisstj. bauð. Það forðaði svo sannarlega frá miklum vanda.

Meðal þessara aðgerða er mjög umfangsmikil skuldbreyting sem ég geri mér fastlega vonir um að gangi langtum hraðar en samsvarandi skuldbreyting á árunum 1975—1976. Þessi framkvæmd er eðlileg þegar þess er gætt að við fulla verðtryggingu verður að lengja lán atvinnuveganna eins og lofað var. Lækkun olíukostnaðar er mikilvæg til þess að bæta greiðslustöðu útgerðarinnar. Olíukostnaður togaranna hefur hækkað úr um 11% aflaverðmætis 1973 í tæplega 25% nú. Með niðurgreiðslunni lækkar þessi kostnaður niður fyrir 20%. Niðurgreiðsla er ætíð umdeilanleg. M. a. af þeirri ástæðu þótti mér rétt að gera aðeins ráð fyrir niðurgreiðslu á olíu til áramóta og veita Alþingi tækifæri til þess að taka afstöðu til framhaldsaðgerða. Um þau mál verður fjallað í fullu samráði við hagsmunaaðila og stjórnarandstöðu.

Ekki vinnst tími til þess að rekja hér og nú þær aðgerðir sem líklegastar eru til þess að rétta við rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Einstakir spekingar virðast þó hafa fundið lausnarorðið. Mér skilst að of stór floti sé mesti efnahagsvandi íslensku þjóðarinnar. Þessu er ég ósammála. Hvar værum við Íslendingar staddir ef við ættum ekki öflugan fiskveiðiflota? Þá værum við ekki á meðal auðugustu þjóða. Hér væru lífskjörin bágborin. Ég viðurkenni að þorskveiðiflotinn er óþarflega stór eftir að nauðsynlegt varð að heimila loðnuskipunum þorskveiðar. Staðreyndin er þó sú, að þessi stóri floti nær ekki þeim afla sem fiskifræðingar mæla með og þjóðarbúið þarfnast. Jafnframt hef ég talið sjálfsagt að stuðla að endurnýjun flotans og eðlilegt að nýta í því sambandi ýmsa góða möguleika á ódýrum skipum erlendis. Þessi undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar á að búa við góð og fullkomin skip.

Nei, vandinn er ekki of stór floti eða eðlileg endurnýjun hans. Vandinn er fyrst og fremst of dýr skip og of lítið eigið fjármagn í þeim skipum. Að hluta stafar þetta af því að innlendar skipasmíðar hafa ekki notið sömu fyrirgreiðslu og keppinautar þeirra erlendis. Það er því í raun og veru iðnaðarvandamál sem hefur verið velt yfir á útgerðina. Það veldur gífurlegum kostnaðarauka að öll lán til innlendrar skipasmíði hafa verið í dollurum. Kostnað við slík lán fær enginn borið að óbreyttu.

Staða fiskvinnslunnar var erfið þegar þessi ríkisstj. tók við í upphafi ársins 1980. Þá hafði gengi ekki verið lagað að kostnaðarhækkunum innanlands eins og nauðsynlegt er. Þetta hefur smám saman verið leiðrétt, bæði með aðlögun gengis að kostnaðarhækkunum en jafnframt með ýmsum öðrum aðgerðum. Einna mikilvægast tel ég það samkomulag sem náðist við Seðlabanka Íslands um

miklar endurgreiðslur á fjármagnskostnaði. Þær námu 230 millj. kr. til útflutningsatvinnuveganna samtals á s. l. ári. Þá er einnig ákaflega mikilvægt að afurðalánum var breytt úr dollaralánum í lán með vöxtum sem nema 29%. Ekki síst með tilliti til þeirrar þróunar, sem orðið hefur á gengi dollarans, má ljóst vera hve mikilvæg þessi breyting hefur reynst. Útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, ekki síst grundvallargreinum eins og útgerð og landbúnaði, verður að tryggja viðunandi rekstrarstöðu.

Þessa dagana er mjög rætt um þá staðreynd að ríkisstj. hefur misst meiri hluta sinn í Nd. Mér datt þó satt að segja ekki í hug að stjórnarandstaðan legðist sem heild gegn brbl. Það væri slíkt ábyrgðarleysi að annað eins hefur varla þekkst. Vissulega kom til greina að láta þm. standa frammi fyrir ábyrgðarlausum yfirlýsingum, gefa þeim kost á að fella brbl. strax og efna til kosninga fyrir miðjan nóvember. Við framsóknarmenn leggjum á það höfuðáherslu í þessu sambandi að alls ekki má þó fórna þeim vinning sem í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. felst. Því er ekki um annað að ræða en líta raunsætt á stöðu mála og taka á vandanum af fullkominni ábyrgð. Annað er óréttlætanlegt.

Eina ábyrga leiðin í stöðunni er að ríkisstj. og stjórnarandstaða semji um framgang mikilvægustu lykilmála. Þessar viðræður eru hafnar. Stjórnarandstaðan gerði kröfu til þess að samið yrði um þingrof og kosningar. Þetta teljum við sjálfsagt að ræða í tengslum við samkomulag um meðferð nauðsynlegustu þingmála. Þannig hefur verið gengið til móts við stjórnarandstöðuna. Viðbrögð hennar hafa valdið mér vonbrigðum. Nú er þess krafist að ríkisstj. segi af sér. Það leysir engan vanda. Það breytir heldur engu í efnahagsmálum hvort kosningar verða í jan. eða febr. eða t. d. í apríl þegar færð er orðin skárri um erfiðustu kjördæmin. Það er einlæg von mín að menn átti sig á þessu og fjalli næstu daga af ábyrgð um meðferð nauðsynlegustu þingmála og efnisatriði í því sambandi og semji síðan um kjördag með tilliti til eðlilegs framgangs þingmála og tíðarfars.

Góðir Íslendingar. Við lifum að ýmsu leyti á erfiðum tímum. Það stafar að hluta af mjög miklum efnahagsörðugleikum í flestum eða öllum viðskiptalöndum okkar. Líklega hefði þó tekist að sigla fram hjá þeim erfiðleikum að mestu leyti ef ekki hefði skapast vandamál af allt öðrum toga, þ. e. aflabrestur. Sá mikli samdráttur, sem þessu fylgir í þjóðarframleiðslu, leiðir óhjákvæmilega um tíma til lakari afkomu þjóðarbúsins og einstaklinga. Hjá því verður ekki komist. Með fulla atvinnu og miklar tekjur undanfarin ár erum við Íslendingar hins vegar vel undir slíkt búnir, enda er ég þess fullviss að við munum fljótlega rétta úr kútnum að nýju. Við höfum allan grundvöll til þess. Fiskimiðin eru gjöful og munu áfram standa undir stærstum hluta þjóðarframleiðslunnar. Við eigum mikla ónotaða orku og ágætt land til framleiðslu á landbúnaðarafurðum þar sem nýjar og álitlegar búgreinar hasla sér völl. Aukin framleiðsla er að sjálfsögðu lausnarorðið þegar til lengri tíma er litið. Undir það átak þurfum við að búa okkur með minnkandi verðbólgu og meiri ráðdeild á öllum sviðum.

Við Íslendingar vorum fátæk þjóð. Á fátæktinni unnum við sigur. Nú ríkir hér velmegun. Ekki er síður nauðsynlegt að ná tökum á velmeguninni.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði að veita ætti á næsta ári 85 millj. kr. viðbótarframlag til Byggingarsjóðs ríkisins. Það er gott og blessað, en sú upphæð er þó ekki nema lítill hluti af því sem núv. ríkisstj. hefur af sjóðnum haft. Ef fyrri markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins væru óskertir fengi hann á næsta ári 380 millj. kr. framlag, en fær aðeins 156,5 millj. samkv. fjárlagafrv. að meðtöldum þeim 85 millj. sem forsrh. gat um, langt innan við helming þess sem sjóðurinn hefði fengið ef núv. ríkisstj. hefði látið markaða tekjustofna hans í friði.

Á yfirstandandi ári fær húsnæðislánakerfið í heild, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, vel innan við helming þess sem það hefði fengið að óskertum tekjustofnum. Afleiðingarnar blasa líka alls staðar við. Almennum nýbyggingarlánum hefur fækkað um þriðjung, langt niður fyrir það sem svarar til eðlilegrar íbúðarþarfar, og félagslegum íbúðarbyggingum fer einnig fækkandi ef svo heldur fram sem horfir. Ungu fólki og öðrum, sem vilja byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn á almennum markaði, er það orðið með öllu óviðráðanlegt. Fólkið, sem mest þarf á húsnæði að halda, er horfið af markaðinum, það er bjargarlaust. Forsjá ráðh. Alþb. í húsnæðismálum var nýlega nefnd af flokksbróður þeirra og í þeirra eigin málgagni „hægfara lífskjaraskerðing sem bitna mun á heilli kynslóð ungs fólks". Í þessum málum verður að snúa við blaði. Það verður að hefja nýja sókn að þeim markmiðum, sem Alþfl. setur fram í frv. sínu árið 1979, sem m. a. fólu það í sér að almenn nýbyggingarlán hækkuðu á fáum árum í 80% byggingarkostnaðar og önnur lán eftir því. Ef stefnu frv. Alþfl. hefði verið fylgt væri nýbyggingarlán Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári minnst 40% byggingarkostnaðar, en er 16—17%, hvort tveggja miðað við staðalíbúð eins og Húsnæðisstofnun reiknar þær út. Eftir að séð varð hver stefna ríkisstj. í þessum málum er hafa þm. Alþfl. flutt hvert lagafrv. á fætur öðru, til að freista þess að bjarga því sem bjargað verður fyrir húsbyggjendur, án verulegs árangurs.

Hæstv. forsrh. sagði einnig að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi aldrei verið meiri en á síðasta ári. Auðvitað ætti þetta að vera rétt, enda þjóðartekjur þá hærri en nokkru sinni fyrr. Ég efast þó stórlega um að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi verið jafnmikill og af er látið. Í öllum útreikningum á verðbólgu og kaupmætti er notast við löngu úreltan málstokk, framfærsluvísitöluna.

Margar ríkisstjórnir hafa svindlað á viktinni, eins og einokunarkaupmenn forðum daga, en engin eins hrikalega og núv. ríkisstj. Hjá henni er svindlið orðið að vísindagrein. Ég tek nýlegt dæmi. Í ágúst s. l. var ákveðið að greiða stórlega niður verð á innfluttum kartöflum. Til niðurgreiðslnanna átti að verja 4 millj. kr. og var búist við að þær giltu í 2—3 vikur eða þar til innlendar kartöflur kæmu á markaðinn. Þessar skammtíma niðurgreiðslur lækkuðu framfærsluvísitöluna um 1.4% næsta ársfjórðunginn og lækkuðu því laun í landinu um 70 millj. Fjögurra millj. kr. niðurgreiðsla lækkaði laun um 70 millj. Ef við yfirfærum þetta á meðalfjölskyldu í landinu þá lítur dæmið svona út: 70 kr. af skattgjöldum fjölskyldunnar eru notaðar til að greiða niður kartöflukaup sömu fjölskyldu um sömu upphæð. En vegna þess hve verðbólgan er talin hafa lækkað mikið vegna þessa lækka laun sömu fjölskyldu næstu þrjá mánuðina um 1 230 kr. Auðvitað er þetta gróf kjaraskerðing þó að mælingar

sýni ekki að svo sé. Það lækkar ekki verðbólguna þó að klippt sé af málbandinu sem hún er mæld með. Málstokkurinn er bæði úreltur og margfalsaður og því vart treystandi til að mæla kaupmátt launa.

Árin 1980 og 1981 voru þjóðarbúinu um flest mjög góð. Hvert aflametið á fætur öðru var slegið, verðlag útflutningsafurða var hátt og mikil hækkun dollarans var einstakt búsílag, þegar á heildina er litið, þjóðartekjur hærri en nokkru sinni áður. En hvernig voru þessi góðu ár notuð? Voru þau notuð til að byggja upp fyrir framtíðina? Nei. Voru þau notuð til að safna í sjóði til magrari ára? Þvert á móti. Fjármagni var í stórum stíl sóað í óarðbærar fjárfestingar, sem engum arði skila í þjóðarbúið en binda okkur bagga um langa framtíð, og stórfelld erlend neyslulán voru tekin í mesta góðæri. Áfram var offjárfest í landbúnaði til að auka framleiðslu á vörum sem við getum ekki selt. Áfram var haldið að kaupa fiskiskip til landsins í stórum stíl þótt afkastageta þess flota sem fyrir var væri miklu meiri en fiskistofnar okkar þola. Og ekki má gleyma garminum henni Kröflu þótt eldri sé en allir núverandi stjórnarflokkar. Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl. bera ábyrgð á þeirri virkjun og margir núv. ráðherrar komu þar alveg sérstaklega við sögu.

Af þessum fjárfestingum og mörgum öðrum þurfum við að bera mikinn kostnað um langa framtíð án nokkurs arðs. Vegna Kröflu þarf hver meðalfjölskylda í landinu að greiða 3 800 kr. skatt á næsta ári, vegna útflutningsuppbóta þarf sama fjölskylda að greiða 5 500 kr. og vegna togarakaupa síðustu tveggja ára a. m. k. 4 000 kr. Samtals þarf hver fjölskylda í landinu að greiða vegna þessara þriggja óarðbæru fjárfestingarliða a. m. k. 13 300 kr. í aukna skatta á næsta ári án þess að fá nokkuð í staðinn.

Í heild eru þær upphæðir sem hér er um að ræða liðlega 800 millj. kr. á næstu árum. Þetta er tvisvar sinnum hærri upphæð en verja á til allra nýframkvæmda í vegagerð á landinu öllu. Þetta er álíka há upphæð og nemur öllu framkvæmdafé ríkissjóðs til skólabygginga, sjúkrahúsa, hafna, flugvalla og vegaframkvæmda á landinu öllu. Sú skattlagning sem sérhver meðalfjölskylda á landinu öllu verður fyrir vegna þessara þriggja vitlausu fjárfestingarpósta, sem núv. stjórnarflokkar allir þrír bera ábyrgð á en Alþfl. einn flokka hefur ævinlega varað við, jafngildir 8% skerðingu á ráðstöfunarfé allra launþega í landinu. Það munar um minna.

Herra forseti. Það er greinilegt að þjóðin er og hefur lengi verið tilbúin til að færa fórnir ef þær eru nauðsynlegar og koma réttlátlega niður og ef hægt er að sýna frá á að þær geri gagn, bæði til skamms og langs tíma. Það er því sorglegt að núv. ríkisstj. hefur ekki notfært sér þennan góða vilja þjóðarinnar til verulegra og varanlegra endurbóta á efnahagskerfinu. Þessari ríkisstj. hefur verið sýnt meira umburðarlyndi en flestum öðrum. Þrátt fyrir það hefur hún aldrei komið sér niður á aðgerðir í efnahagsmálum, sem horfa til framtíðar, aldrei komið sér saman um neins konar kerfisbreytingar þótt augljós nauðsyn blasi hvarvetna við. Það eina sem ríkisstj. hefur komið sér saman um eru bráðabirgðaaðgerðir, þegar allt er að komast í þrot, bráðabirgðaaðgerðir sem svo til eingöngu snúast um kjaraskerðingu launþega. Önnur ráð hefur ríkisstj. ekki fundið.

Ég viðurkenni að stundum eru þær aðstæður í þjóðfélaginu vegna heimatilbúins eða utanaðkomandi vanda, eða hvors tveggja eins og nú er, að tímabundin kjaraskerðing er nauðsynleg, en þó aldrei nema sem liður í víðtækum aðgerðum sem horfa til framtíðar. Í slíkum tilvikum verður að tryggja að árangur aðgerðanna verði varanlegur, að fórnir séu ekki færðar til einskis, að þeim verst settu verði hlíft. Ekkert af þessu gera brbl. ríkisstj. og því er Alþfl. þeim andvígur.

Alþfl. hefur og hefur haft um margra ára skeið fullmótaðar tillögur um gerbreytta efnahagsstefnu, tillögur bæði til skamms og langs tíma. Alþfl. vill ekki skjóta sér undan ábyrgð í þessum málum fremur en öðrum, og alveg fráleitur er sá áróður málgagna stjórnarliða að stjórnarandstaðan verði að samþykkja léleg brbl. um léleg efnahagsúrræði, en standa ella ábyrg fyrir afleiðingum af þriggja ára misheppnaðri efnahagsstefnu núv. ríkisstj.

Þó að við eigum nú við ýmsa örðugleika að stríða, þá er síður en svo ástæða til að örvænta. Árin 1967 og 1968 átti þjóðin við margfalt meiri erfiðleika að etja en nú, en var þó fljót að vinna sig út úr þeim. Af núv. ríkisstj. er þó lítils að vænta í þessum efnum. Henni fórst sigling þjóðarskútunnar illa í blásandi byr árin 1980 og 1981 og því við litlu að búast þegar kula tekur á móti. Við getum snarlega rétt þjóðarskútuna við ef við erum samhent og stórhuga. Við getum t. d. fljótlega bætt stöðu þjóðarbúsins og almennings með því einu að hætta óarðbærum og óskynsamlegum fjárfestingum á borð við Kröflu og skuttogarakaup erlendis frá. Með því að feta okkur út úr útflutningsbótakerfinu getum við náð umtalsverðri hækkun ráðstöfunartekna. Við erum ein af fáum þjóðum heims, sem á mun meiri orku en hún þarf sjálf á að halda, orku sem ekki eyðist þótt af sé tekið og ekki veldur mengun. Stórhuga nýting þeirrar orku mun fljótlega bæta þjóðarhag, ef skynsamlega er að málum staðið, en til þess þarf styrka og samhenta ríkisstj.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í kvöld höfum við hlýtt á stefnuræðu, sem flutt er fyrir hönd ríkisstj. sem situr í stjórnskipulegri sjálfheldu, eins og forsrh. hefur sjálfur komist að orði — ríkisstj. sem er rúin trausti og trúnaði og verður að una við þá staðreynd að á Alþingi er uppi jafnteflisstaða sem veldur því að stjórnin kemur ekki málum fram án atbeina stjórnarandstöðu. Við höfum hlýtt á stefnuræðu oddvita ríkisstj. sem ætti að vera búin að segja af sér og boða til kosninga. En hvaða stefnu boðaði forsrh. í þeirri ræðu sem við í kvöld höfum heyrt? Það vefst sjálfsagt fyrir ýmsum að svara því — og þó. Stefnan virðist sú ein að sitja áfram. Það eitt skyggir nú á allt annað.

Mér heyrðist formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, vera að tala um niðurtalningu hér áðan. Hvaða niðurtalningu? Varla niðurtalningu verðbólgunnar, sem framsóknarmenn töluðu svo mikið um fyrir síðustu kosningar og framan af valdatíð þessarar ríkisstj. Það hefur lítið verið talað um niðurtalningu verðbólgunnar í seinni tíð. Hins vegar hefur borið öllu meira á niðurtalningu lífskjara launþega og sömuleiðis hefur rekstrargrundvöllur atvinnuveganna verið talinn niður fyrir núllið. Það er nú eina niðurtalning þeirra framsóknarmanna sem fram hefur komið í þessu þjóðfélagi.

Fyrir einu ári fóru fram á Alþingi sams konar umr. og eiga sér stað nú í kvöld. Þá málaði forsrh. glansmynd af

ástandi efnahagsmála og stöðu þjóðarbús. Við Alþfl.-menn bentum þá rækilega á að þessi glansmynd væri falsmynd sem gæfi alranga mynd af stöðu þjóðarbús og atvinnuvega. Nú hefur glansmyndagerð Gunnars Thoroddsens hætt störfum. Ríkisstj. hefur gefist upp í barátt-unni við verðbólguna — verðbólguna sem á þessu ári, samkv. stjórnarsáttmála, átti að vera á bilinu 7—10%, óðaverðbólguna sem nú er kannske nær því að vera 80% og stefnir hærra.

Í ræðunni, sem við hlýddum á hér í kvöld, var dregin upp dökk mynd. Raunar var þar lítið sagt í löngu máli, en mergur þess máls sem þar var flutt var þessi: Okkur hefur mistekist, en það er ekki okkur að kenna. — Hvernig á annað að vera en þeirri ríkisstj. mistakist sem sér engin úrræði önnur en að skerða laun? Víst getur launaskerð-ing verið nauðsyn, ill nauðsyn, ekki skal dregið úr því. En fórnir af hálfu launafólks verða að skila árangri. Þær hafa engum árangri skilað í tíð þessarar ríkisstj. Kaupið hefur verið skert og skammgóður vermir hefur það reynst. Það er engri ríkisstj. sætt sem verður að grípa til kaupskerð-ingar á fárra mánaða fresti. Það er hægt að fara fram á að launafólk færi fórnir ef þær fórnir verða til þess að árang-ur næst. En það er ekki hægt að krefjast þess, að launa-fólk færi fórnir aftur og aftur sem engum árangri skila. Við þurfum kerfisbreytingu í íslensku þjóðfélagi, ekki kauplækkun á kauplækkun ofan.

Ég hjó eftir því áðan, er hæstv. forsrh. ræddi um land-búnaðarmálin, að hann greindi frá því að nú skyldi gera sérstaka athugun á fjárhagsstöðu bænda. Ekki skal úr því dregið að nauðsyn kunni að vera að athuga sérstaklega fjárhagsstöðu bændastéttarinnar. Íslenskir bændur leggja vissulega fram mikilvægan skerf til þjóðarbúsins. Erfitt er þó að sjá hvaða nauður rekur til þess að gera sérstaka könnun á fjárhagsstöðu bænda einmitt nú um-fram aðrar stéttir í þessu þjóðfélagi. Vonandi leiðir þessi könnun þó í ljós að hagur íslenskra bænda stendur með blóma þrátt fyrir söluerfiðleika á erlendum mörkuðum. Þeir erfiðleikar stafa kannske fyrst og fremst af stein-runnu sölukerfi sem hneppt er í einokunarviðjar Sam-bandsins.

Við heyrum líka um það talað um þessar mundir að gera þurfi sérstaka úttekt á rekstrarstöðu ýmissa atvinnugreina og breyta lausaskuldum í föst lán. En í þessu sambandi held ég að eitt hafi gleymst — eitt sem er afar mikilvægt. Það er rekstrargrundvöllur alþýðu-heimilanna á Íslandi. Núverandi ríkisstj. hefur gleymt að huga að rekstrargrundvelli heimilanna og það talar eng-inn um að gera sérstaka úttekt á fjárhagsstöðu íslenskra láglaunaheimila. Rekstrargrundvöllur alþýðuheimil-anna á Íslandi er löngu brostinn í óðaverðbólgu og efnahagslegri óstjórn, en það sjá hæstv. ráðherrar ekki. Þeir hafa öðrum hnöppum að hneppa.

Hvernig væri nú að gera sérstaka athugun á fjár-hagsstöðu láglaunaheimila á Íslandi? Við skulum kanna hvernig einstæð móðir eða einstæður faðir með tvö börn, sem búa í leiguhúsnæði, fara að því að láta 7—8 þús. kr. mánaðarlaun duga sér og börnum sínum til lífs-viðurværis. Við skulum líka kanna hvernig ung hjón, sem eru að byggja og vinna myrkranna á milli, komast af, hvernig þeim vegnar undir efnahagsstefnu Gunnars Thoroddsens og húsnæðismálastefnu Alþb. Við skulum líka láta kanna kjör lífeyrisþega og öryrkja. Þetta er vissulega ástæða til að athuga. Því höfum við þm. Alþfl. ákveðið að beita okkur fyrir því hér á Alþingi að slík könnun á fjárhagsstöðu íslenskra alþýðuheimila og lág-tekjufólks verði látin fara fram. Það ætti m. a. að kanna hvernig myntbreytingin margumtalaða og smávöruokr-ið, sem henni fylgdi, hefur leikið íslenskt láglaunafólk.

Góðir hlustendur. Ekki skal úr því dregið að vandi steðjar nú að íslenskum efnahagsmálum, meiri vandi en oft áður. Þann vanda má að nokkru rekja til atvika og atburða sem við höfum engu um ráðið. En vandinn á ekki síður rætur að rekja til efnahagslegrar óstjórnar og rangrar stjórnarstefnu. Þann vanda getum við því aðeins lagfært að við tökum upp nýja háttu. En hvernig má það verða? Í fyrsta lagi er það svo að við höfum um langan tíma fylgt alrangri fjárfestingarstefnu. A. m. k. 17 tog-arar að verðmæti um það bil 850 millj. kr. hafa bæst við allt of stóran fiskiskipaflota fyrir tilstilli Steingríms Her-mannssonar sjútvrh. Líklegt er að tapið af þessum við-bótartogaraflota ráðh. muni nema öðrum 850 millj. kr. á næstu þremur árum eða svo.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að á næsta ári þurfum við, þú og ég, að borga 220 millj. kr. aðeins í vexti og afborg-anir af Kröflu. Fjárfestingarmistökin í Kröflu eru eitt mesta fjármálahneyksli sem Íslandssagan kann frá að greina. Fyrir það fé sem fer í Kröfluhítina eina á næsta ári mætti sjálfsagt byggja eins og 250 íbúðir. Og hvar skyldu þeir vera, herrarnir, sem bera ábyrgð á þessu endemi? Jú, einn Kröflunefndarmaður er fjmrh., annar Kröflu-nefndarmaður er menntmrh. og æðsti yfirmaður allra Kröflumála er forsrh. En hvers vegna að tala um Kröflu núna? Vegna þess að á næsta ári kosta afrek þessara heiðursmanna okkur gífurlegar upphæðir í hækkuðum sköttum, eins og Magnús H. Magnússon rakti ítarlega hér áðan.

Ég sagði fyrr að glansmyndagerð Gunnars Thor-oddsens hefði nú hætt störfum. Nú er brýnna en nokkru sinni fyrr að taka upp breytta stjórnarhætti. Nú skulum við láta nýja og ferska vinda blása um sali stjórnar-ráðsins, þar sem nú leggur um ganga dauninn af Iscargo og togarakaupum þeirra framsóknarmanna. Við verðum að taka upp nýja fjárfestingarstefnu. Við verðum að hætta blekkingarleik vísitölusvindlsins sem þessi ríkisstj. hefur iðkað af meiri list en nokkur önnur. Við verðum að stórauka og efla aðstoð við þá sem eru að eignast hús-næði. Við verðum að draga úr hættulegri skuldasöfnun erlendis. Við verðum að gera kerfisbreytingu í íslensku efnahagslífi — kerfisbreytingu í stað sífelldra kaup-lækkana. Hversu miklu betur stæðum við ekki í dag, hversu miklu betri gætu lífskjör þjóðarinnar ekki verið ef ekki væru hin himinhrópandi dæmi allt í kringum okkur um ranga fjárfestingu: Krafla 220 millj., viðbótin við fiskiskipastól sem þegar var of stór 850 millj., á fjórða hundrað millj. í meðlag með íslenskum landbúnaðaraf-urðum á erlendum mörkuðum. Það mætti margt gera fyrir þessa fjármuni. Það sem nú skiptir mestu í íslensk-um stjórnmálum og íslensku efnahagslífi er að taka upp nýja stefnu í fjárfestingarmálum. Um það höfum við Alþfl.-menn flutt tillögur. Að því vill Alþfl. vinna og að því mun Alþfl. vinna.

Við Íslendingar eigum mikinn auð, þjóðarauð, sem eru orkulindir landsins. Þessi þjóðarauður getur á ókomnum tímum fært okkur ómældan arð ef við aðeins berum gæfu til að halda rétt á okkar málum. Þess vegna eigum við nú bjarta framtíð. En forsenda þess að sú framtíð verði ekki alltaf framtíð, heldur verði nútíð, er auðvitað sú að við kunnum fótum okkar forráð, förum að

greiða upp erlendu eyðsluskuldirnar í stað þess að láta börn okkar axla þær byrðar, að við tökum aðeins erlend lán til hagkvæmra framkvæmda, ekki til þess að falsa vísitöluna eins og þessi stjórn hefur gert, og síðast en ekki síst, að við nýtum okkur þá orkusjóði sem land okkar geymir. Við höfum of lengi hjakkað í sama hjólfari. Nú þurfum við að marka nýja stefnu, fara nýjar brautir. Þar hefur Alþfl. markað stefnu — stefnu sem færir okkur nær þeirri framtíð sem við sjálf og afkomendur okkar ætlum að njóta. — Góðar stundir.

Helgi Seljan: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á sumardögum stóðum við ljóslega andspænis meiri erfiðleikum fyrir þjóðarbúið en um árabil höfðu yfir gengið. Hér hefur það ástand og þær horfur, sem þá blöstu við, verið rakið ítarlega í stefnuræðu forsrh. Eðli og umfang þessa vanda fór ekki fram hjá neinum, nema ef vera skyldi talsmönnum stjórnarandstöðunnar, og sjaldan eða aldrei hefur þjóðin verið í heild sannfærðari um markvissar aðgerðir, að taka þyrfti til hendi. Þó stjórnarandstaðan þykist ekki skilja áhrif minnkandi þorskafla og hruns loðnustofnsins á þjóðartekjurnar, þá skilur og veit þjóðin alvöru þessa máls, ekki síst þar sem fiskurinn er hinn mikli atvinnugjafi.

Þjóðin skilur vel þörf þess að taka erlend lán til arðgefandi framkvæmda, sem skila sér í framtíðinni í þjóðarbú okkar og auka velferð og öryggi til lengri tíma litið. Hún skilur einnig þegar ljóst er að öll kjör þessara lána fara hríðversnandi og auka fjárhagsbyrðar þess sama þjóðarbús með óhæfilegum þunga. Stjórnarandstaðan lætur nægja gamla sönginn um allt of mikil erlend lán jafnhliða því sem sífellt er sífrað yfir seinagangi í stórframkvæmdum þeim sem í mestri lánsfjárþörf eru. Þjóðin skilur það að yfirgnæfandi hluta að gífurlegur viðskiptahalli hlýtur að kalla á hörð viðbrögð, harðari raunar en fram hafa fengist, því að hún veit að það er eytt umfram efni, sóað umfram það sem aflast. Þeir sem harðast hafa gengið fram í baráttunni fyrir frjálsum og óheftum innflutningi á öllu milli himins og jarðar eiga eðlilega bágt með að taka sinnaskiptum og leggjast á sveif með Alþb. um aðhald og stjórn þessara mála. Þeim er vorkunn hvað þetta áhrærir.

Þetta þrennt, stórfelld rýrnun þjóðartekna, ört versnandi lánakjör erlendis og hrikalegur viðskiptahalli, að ógleymdri hinni erfiðu stöðu atvinnuveganna, skóp það óvissu- og vandaástand þar sem svo sannarlega þurfti að grípa á ýmsu. Og þjóðin spurði um lausnir, gerði sér grein fyrir þörf víðtækra aðgerða. Ríkisstj. veitti í sumar sín svör við spurningum um lausn vandamálanna, ýmist í formi brbl. eða með beinum og ákveðnum yfirlýsingum um stefnu í atvinnu-, kjara- og efnahagsmálum, þar sem markmiðin voru þau helst að halda uppi fullri atvinnu, verja lífskjör þeirra lakar settu og jafna þau lífskjör um leið með beinum félagslegum aðgerðum. Niðurstaða fékkst í engu átakalaust í ríkisstj., þar sem ólík sjónarmið og stefnumið mætast, en að henni fenginni hefur samstaða verið um framkvæmd hennar.

Alþb. lagði í það mikla vinnu að gera tillögur um lausn vandamálanna á víðum grunni, þar sem bæði var snúist beint við vanda líðandi stundar og horft til framtíðar morgundagsins. Það var því að vonum að tillögur þess settu sitt skýra mark á brbl. og enn frekar ýmis stefnumarkandi atriði í viljayfirlýsingu ríkisstj. Þessar tillögur náðu að sjálfsögðu ekki allar fram að ganga í samsteypustjórn eðlilegra málamiðlana, ekki síst þar sem þær snerta róttækar kerfisbreytingar eða beinan uppskurð á ýmsum þáttum efnahagskerfisins. Þessar tillögur liggja hins vegar allar ljóst fyrir og verða áfram veganesti okkar í þjóðmálabaráttunni. Meginatriði þeirra má draga saman í því að treysta skuli undirstöðu heilbrigðs atvinnulífs til sjávar og sveita og þar með atvinnuöryggisins, að gróðaaðilar þjóðfélagsins verði að leggja fullan skerf til úrlausnar og rýrnandi þjóðartekjur dragi ekki úr þeim samfélagsþáttum sem setja mark sitt öðru fremur á aðstöðu og aðbúnað fólksins í landinu.

Þær raddir hafa heyrst úr ýmsum áttum að enn lengra hefði átt að ganga í efnahagsaðgerðum, og sannarlega stóð ekki á Alþb. að gera það á alhliða grunni. En þegar sá lævísi undirtónn einn býr að baki, að með harðari aðgerðum skuli einungis gengið harðara að launafólki, þá er það rétt að í því efni stóð á Alþb. Nátengdur þessu er sá holhljómur sem greina má í öllu talinu um nýjan verðviðmiðunargrundvöll vísitölunnar hjá ýmsum. Það stendur ekki á Alþb. að gera nauðsynlegar breytingar á vísitölukerfi, sem um margt er gallað, en ef ákafi manna beinist að því einu að sú leiðrétting skili sér einungis í skertum kjörum, þá kalla ég það holhljóm og gegn ákvörðun af því tagi hlýtur Alþb. að snúast öndvert.

Þjóðmálabaráttan á öllum sviðum snýst nefnilega ævinlega um það hver skuli hlutur hins vinnandi manns, ekki síst þegar hinni óheftu markaðs- og frjálshyggju vex fiskur um hrygg, þar sem örbirgð og allsleysi við hliðina á auðlegð og ríkidæmi eru sjálfsögð og réttlát lögmál. Lausnir brbl. og stefnuyfirlýsingin voru ekki keyptar við vá atvinnuleysis, svo sem margar ríkisstjórnir hafa gert. Þær skertu ekki samfélagslega þjónustu, sem er uppáhaldsbjargráð afturhaldsstjórna. Þær tryggðu lífskjör þeirra lakast settu svo sem framast mátti verða, þveröfugt við það sem íhaldið í Danmörku gerir nú óhikað. Þessar ráðstafanir voru þess eðlis, að þær voru sannarlega gerðar í trausti þess að fyrir þeim væri þingmeirihluti, enda höfðu menn síst vænst þess, þegar þannig var á málum tekið, að einn „stjórnarliða" — að vísu innan gæsalappa — sæi þá ástæðu til að hlaupast undan merkjum og taka undir svartagallsraus stóryrtrar stjórnarandstöðu.

Í dag eru þessi mál því í mikilli óvissu, ef öll stjórnarandstaðan ætlar að fella þessi brbl. og neitar að taka öllum sönsum. Því skal að vísu ekki enn trúað til fullnustu, en miðað við allar yfirlýsingar hefðu það verið eðlileg viðbrögð, þegar svo horfði, að láta á ábyrgð stjórnarandstöðunnar reyna og ef ábyrgðarleysið yrði niðurstaðan, að láta þá þjóðina dæma um hvert framhaldið skyldi vera. Þetta var álit Alþb., því að það hljóta að vera í senn heiðarleg og réttmæt vinnubrögð að fela þá kjósendum úrskurðarvaldið. Því fer fjarri að Alþb. hafi ætlað sér í nokkru að firra sig þeirri ábyrgð, sem það hefur þegar axlað, og síst af öllu er það okkar ætlan að yfirgefa þetta stjórnarsamstarf til þess eins að auðvelda afturhaldinu eftirleikinn og leiða yfir þjóðina ríkisstj. leiftursóknar og lífskjaraskerðingar. Eins og tillögur sínar, er Alþb. vann í sumar, er það ekki síður tilbúið að leggja verk ráðherra sinna í þessari ríkisstj. undir dóm þjóðarinnar.

Alþb. og fjmrh. þess hefur lagt höfuðáherslu á að fjármálastjórn væri styrk og á traustum grunni byggð, að fyllsta aðhalds væri gætt á sama tíma og framlög hafa verið stóraukin til þeirra málaflokka er mestu skipta um

félagslega þjónustu, í menningarlegum efnum og til heilsugæslu og trygginga. Hallalaus ríkisbúskapur er gleðileg staðreynd, ekki síst þegar þessar félagslegu forsendur eru hafðar í huga. Eftir botnlausa skuldasöfnun í Seðlabankanum í tíð Sjálfstfl. hafa þær skuldir markvisst verið greiddar um leið og jafnvægi hefur náðst í ríkisfjármálunum. Löngum hefur Alþb. verið legið á hálsi fyrir ábyrgðarleysi í fjármálum í skjóli þess að það hefur aldrei fyrr farið með þann málaflokk. Nú hafa kenningarnar um ábyrgðarleysi fallið svo gersamlega um sjálfar sig að nú er helsta fangaráðið að kenna fjármálastjórn Alþb. við íhaldsstefnu. En íhald og aðhald eru sitt hvað og menn eru nú reynslunni ríkari.

Menn kunna að æpa um skattaáþján, svo hjákátlega sem það hljómar nú, þegar einkaneysla hefur sannarlega verið í hámarki annars vegar og hins vegar blasir við sú staðreynd að aukin samneysla, sé þar rétt á haldið, skilar sér best til þeirra sem skarðastan hlut bera og veldur meira um aðstöðu- og kjarajöfnun þegnanna í þjóðfélaginu en flest annað. Fjárlagafrv. nú er vissulega háð ástandi efnahagsmála og þjóðartekna. En því ánægjulegra er það hversu þessum samneysluþáttum er þar vel til skila haldið. Það er svo annað mál, að þeir sem hæst tala um skattheimtu og hlut hins opinbera eru ævinlega frekastir til þess fjár og fá þar aldrei nóg.

Í félagslegri uppbyggingu okkar á viðamikilli heilsugæsluþjónustu hafa náðst meiri áfangasigrar en menn gera sér oft grein fyrir. Hinir svokölluðu félagsmálapakkar hafa fært launafólki ótaldar réttarbætur, m. a. í löggjöf um ýmisleg baráttumál sem launþegahreyfingin hefur árum saman árangurslaust reynt að ná fram. Orlofslengingin nú er eitt þeirra mikilvægu mála. Þegar að kreppir munu ýmis félagsleg réttindamál, sem þannig hafa fengist fram, duga best og sýna ótvírætt gildi sitt.

Hrópyrði nú um málefni aldraðra og öryrkja hljóma fáránlega í munni þeirra sem skiluðu þeim málum sem raun bar vitni 1971, en nýttu fyrsta tækifærið 1974 til að afnema hlut ríkisins í fjármögnun til framkvæmda í þágu aldraðra og héldu framlögum til öryrkja og þroskaheftra í algeru lágmarki á valdatíma sínum. Frá 1978 hefur hin jákvæðasta þróun átt sér stað. Nægir þar að nefna stóraukin framlög til þessara málefna á nær öllum sviðum, m. a. vegna öflugra sjóðstofnana, sem hafa leitt af sér stórfellda raungildishækkun, auk þess sem þjónustan spannar æ fleiri svið og tekur til fleiri þátta en áður þar sem framþróun í nýskipan þessara mála hefur verið tryggð. Ekki síst á þetta við um þá of vanræktu einstaklinga sem þroskaheftir eru og gleðilegust er sú þróun að hvarvetna um land er nú unnið að verkefnum í þeirra þágu, en áður var nær alger ördeyða ríkjandi úti á landsbyggðinni.

Á síðasta þingi lágu fyrir veigamiklir frumvarpsbálkar um málefni aldraðra annars vegar og fatlaðra hins vegar og báðir þurfa þeir að fá afgreiðslu sem fyrst. Heildarlög, sem varða veginn í réttindamálum þessa fólks, eru nauðsyn. Þau gefa þá viðspyrnu sem á þarf að halda í sókn fram á við til aukinna framfara, betri þjónustu. Og fjármagni því sem þannig er varið er vel varið. Það skilar sér ekki aðeins í aukinni lífshamingju, aukinni velferð, heldur einnig í beinum þjóðhagslegum arði þegar fram líða stundir. Skuldagreiðsla samfélagsins er vel á vegi, en ekkert skal úr dregið að ótalmargt er enn ógert og enn þarf á brattann að sækja.

Þegar á aldraða er minnst væri ekki úr vegi, þegar umhyggja íhaldsins er að yfirbuga þá, að skoða þær bláköldu staðreyndir að á þessu og næsta ári verður um að ræða nær 50% aukningu á vistrými fyrir aldraða í landinu. Einhvern tíma hefði slíkt þótt tíðindi og síst er til þess ástæða að láta þetta stórátak liggja í þagnargildi, þó að enn sé margt og mikið ógert — eða hvað segja staðreyndir um kaupmátt lífeyrisþega nú og þegar Alþfl. og Sjálfstfl. skiluðu af sér fyrir 11 árum? Láta mun nærri að þar sé um aukningu að ræða sem nálgast 100% til elli- og örorkuþega með tekjutryggingu. Er því glöggt að á óminnishegra gleymskunnar er alfarið treyst þegar þessir aðilar berja sér nú á brjóst. Hefur þó síst verið ofgert í þessum efnum, en samanburðurinn er aðeins svo hrikalega þeim í óhag er hæst láta.

Ekki verður moldviðrið minna þegar að húsnæðismálunum kemur. Þar gleymist gjarnan hið mikla átak sem gert hefur verið í félagslegum íbúðabyggingum, því að vissulega skila 600 verkamannabústaðir mörgum vel á veg. Lánakerfi húsnæðismála hefur einnig í stórauknum mæli tekið þátt í ýmsum nýjum þáttum, svo sem lánum til orkusparandi aðgerða, endurbóta- og viðbyggingarlánum og sérþarfalánum öryrkja auk hinnar miklu aukningar í lánveitingum til kaupa á eldra húsnæði. Og þrátt fyrir öll lætin og fullyrðingar um svik og vanefndir hefur húsnæðisstjórn nýverið sent út tilkynningu um greiðslu lána á næstu mánuðum, sem að fullu er í samræmi við greiðsluáætlun og venjur síðustu ára. Hins vegar er ljóst að viðbótarfjármagn þarf til þeirra sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn. Það verður að gera þó að syrti í álinn og með efnahagsaðgerðum sumarsins var þar stigið mikilvægt skref með tvöföldun framlags til þessa þáttar, sem mun skila sér til þeirra sem nú standa í framkvæmdum. Sömuleiðis eru nú á döfinni róttækar breytingar á húsnæðislöggjöf okkar þessu unga fólki í hag og þeim verður hrint í framkvæmd, ef ríkisstj. fær til þess frið.

En lífskjarajöfnun kemur víða við og nú þegar mest er um jöfnun atkvæðisréttar rætt er brýnt að jöfnunarmál landsbyggðarfólks fái enn skjótari framgang, þar sem mismunun er enn allt of ríkjandi á flestum sviðum. Þar er kyndingarkostnaðurinn þó tilfinnanlegastur og þegar hafa þar verið stigin skref til jöfnunar og miklu skiptir að áætlun iðnrh. um framhald þar nái að fullu fram að ganga. Á réttindamál landsbyggðarfólks þarf að reyna samhliða því sem atkvæðavægið margumtalað er leiðrétt.

Í orku- og iðnaðarmálum hefur verið unnið grundvallarstarf, sem á eftir að valda tímahvörfum í þeim efnum, þar sem vandlegar og vel grundaðar áætlanir hafa tekið við af oft fálmkenndu handahófi. Þar eru því uppi markvissari og betur undirbúin áform í orkubúskap okkar en áður er um dæmi. Á örfáum árum hefur byggðalínukerfið verið byggt upp og hringtenging orkukerfisins er nú í sjónmáli á næsta ári. Þegar Magnús heitinn Kjartansson boðaði þessa samtengingarstefnu fussuðu margir í fyrirlitningu, en nú vildu allir þá Lilju kveðið hafa.

Línulagnir til einangraðra svæða hafa verið stórfelldar og öryggi raforkukerfis okkar því með öllu ólíkt því sem áður var. Að útrýmingu erlendra orkugjafa hefur markvisst verið unnið og árangur þar ótrúlegur þegar litið er til fyrri tíma. Samningurinn við Landsvirkjun í sumar um sama heildsöluverð raforku alls staðar og yfirtöku

byggðalínanna svo og uppbyggingu og rekstur nýrra virkjana á Norður- og Austurlandi hefur grundvallarþýðingu fyrir öll orkumál okkar og þess mun landsbyggðin njóta, svo sem fólk þar á fullan rétt til, þó enn komi orkusalan til stóriðjunnar inn í þá mynd, sem allt skekkir og alla jöfnun hindrar meira og minna.

Virkjunaráform næstu ára eru miðuð við það að við Íslendingar nýtum þessa dýrmætu auðlind í eigin þágu til íslenskra verkefna á sviði alhliða iðnaðaruppbyggingar. Þar þarf ekki síður að huga að ýmsum þjónustu- og framleiðsluiðnaði, ekki síst úr innlendum hráefnum, framleiðsluiðnaði smærri eininga, þar sem hann getur veitt ríkulega uppbót í einhliða atvinnulífi.

Í orkufrekum iðnaði mun nú í vetur reyna á hvernig menn taka á því vel undirbúna íslenska verkefni sem kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði er og lög voru sett um á síðasta þingi. Þar reynir á hvort menn hafa trú á því að við getum ráðið sjálfir við verkefni af þessu tagi eða hvort áfram á að hlíta erlendri forsjá. Auðvitað ber þá að gæta að þjóðhagslegum forsendum, svo sem gert hefur verið. Orkufrekur iðnaður er ekki eitthvað sem komið getur í stað okkar fyrri atvinnuvega, svo sem draumórar margra hafa staðið til. En mikilvæg stoð getur hann reynst ef réttilega er að staðið. Þennan iðnað þarf því að byggja upp af fullri einurð, en með fyllstu gát, þar sem við höfum óskorað vald á hraða og þróun allri, að ógleymdu algeru forræði. Við verðum að líta til reynslunnar af raunsæi. Hún hefur kennt okkur að valt er þar að treysta á um of, því ekki eru áhrif hinnar alþjóðlegu kreppu minni þar en í öðrum atvinnugreinum, sveiflurnar þar ekki síður afdrifaríkar.

Nú er að íslenskum áformum unnið gagnstætt erlendum iðjuverum, sem nærast á nær ókeypis orku, sem almenningur í landinu greiðir svo með dýrum dómum, hvort sem það er til að hita híbýli sín eða til almenns atvinnurekstrar. Glíman við erlenda auðhringinn, sem ríkjum ræður í Straumsvík, mun komast í brennidepil þjóðmálanna og sú glíma verður bæði lærdómsrík og örlagarík. Þá reynir á manndóm og reisn manna til að standa við hlið iðnrh. með íslenskum hagsmunum gegn erlendum álfurstum. Þrátt fyrir fullyrðingar og furðuskrif, þar sem málstaður auðhringsins hefur verið varinn í líf og blóð af ótrúlegum undirlægjuhætti og óskiljanlegum og öll þjóðin hefur orðið vitni að, verður að treysta því að heilbrigð skynsemi og þjóðleg reisn verði þeirri lágkúru yfirsterkari þegar til kastanna kemur.

Í beinu framhaldi af því efnahagslega sjálfstæðismáli sem Alusuisse-málið er hlýtur hugurinn að leita til þjóðfrelsismála okkar. Þar þykir okkur að vonum seint miða. En við sem þekkjum baráttuna frá því á kaldastríðsárunum verstu í kringum 1950 og allt til þessa dags, baráttuna fyrir hlutleysi og herleysi, höfum þó sannarlega ástæðu til að fagna þeirri almennu og vaxandi vitund fólks um nauðsyn öflugrar friðarbaráttu gegn brjálæði gereyðingarinnar. Vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna ljær nú enginn lið í dag nema steinþröll kaldastríðsáranna og fákænir frjálshyggjupostular. Sú er mín trú, að friðarhreyfing líkt og farið hefur eldi hugsjóna um ótal lönd eigi eftir að verða virkt afl í íslenskum þjóðmálum næstu ár. Slík allsherjarvakning megnar ein að losa okkur undan oki þess auma klafa sem annað stórveldanna hefur á okkur lagt. Baráttan um frekari umsvif erlendra byssubófa hér mun að sjálfsögðu halda áfram, sömuleiðis barátan gegn betlihugmyndum flugstöðvarfarandriddaranna. En voldug hreyfing gegn vitfirringu vopnabúnaðarins, gegn stórveldastefnunni með alheimsfriði, mun þó ein megna að skila okkur verulega á veg. Þar munu æ fleiri fylkingar ganga í friðarins þágu gegn árásarbandalögum og erlendri hersetu. Við þetta hlýtur von okkar að vera bundin.

Herra forseti. Undir lestri stjórnarandstöðunnar áðan flaug mér óvart í hug:

> Andstöðunnar elgur frægur
> eyrum manna glymur hér.
> Engin kreppa, afli nægur,
> af úrlausnum er mesti sægur,
> bara ef stjórnin burtu fer.

Það er svo önnur saga, að ekki bólar enn á þessum úrlausnasæg. En við því hafa menn varla búist fremur nú en fyrri daginn.

En lokaorð mín skulu þessi: Alþb. hafnar leiðum afturhaldsins í baráttu við alheimskreppu og innanlandsvanda. Það vill arðbærar og atvinnuskapandi framkvæmdir í stað fjárfestingarsukks í þágu milliliða- og gróðaaðila. Það vill skipulag á stjórn atvinnulífsins þannig að það þjóni heildinni en ekki einhverjum duttlungum einstaklinga í óheftu gróðaskyni einu saman. Það vill eflingu hinna hefðbundnu atvinnugreina okkar, sjávarútvegs og landbúnaðar, á þann hátt að þeir sem þar að starfa hljóti sem ríkulegust verkalaun, en afætur ýmiss konar hirði ekki óverðskuldaðan skerf. Og síðast en ekki síst vill Alþb. beita sér fyrir áframhaldandi sókn í félagslegum réttindamálum alþýðunnar í landinu, sem skiptir meira máli en flest annað um raunveruleg lífskjör. Úr því skal ekkert dregið, að erfiðleikar eru fram undan og siglingin kann að verða torleiðum háð. En af ábyrgð og festu verður á þeim vanda að taka sem að höndum ber, þannig að þjóðarheill verði ævinlega ofar stundarhagsmunum og hentistefnu. Og framar öðru ber að snúast gegn frjálshyggju ótakmarkaðs einkagróða þegar að sverfur, því þá fyrst yrði þröngt fyrir dyrum alþýðufólksins í þessu landi ef sú stefna réði hér ríkjum. Þegar afturhald annarra landa hefur nú sýnt alþýðufólki þar klærnar svo að um munar er öllu mikilvægara að við höldum fram innlendri atvinnuuppbyggingu gegn erlendri kreppu og félagslegri sókn þrátt fyrir áföll í þjóðarbúinu. Undir þeim leiðarljósum berst Alþb. og er reiðubúið til átaka um þau stefnumið hvenær sem er. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Í þeim umr. sem fram hafa farið hér í kvöld sem og í stjórnmálaumræðu síðustu vikna hefur tvö meginefni borið hæst. Í fyrsta lagi efnahagsmál og efnahagsráðstafanir ríkisstj., í öðru lagi hina pólitísku stöðu sem upp er komin á Alþingi og spásagnir um hvenær efnt kunni að verða til kosninga.

Í yfirgripsmikilli ræðu fjallaði forsrh. ítarlega um fyrra atriðið. Ég vil því aðeins nefna örfáa þætti. Brbl. ríkisstj. frá því í ágústmánuði hafa það meginhlutverk að verja þjóðfélagið verstu afleiðingu þeirra alvarlegu áfalla sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á þessu ári. Þessi áföll, sem hvort tveggja hafa komið fram í aflatregðu og markaðsþrengingum, eru þeim mun erfiðari viðfangs sem þau hafa komið ofan í langvarandi verðbólguþróun innanlands sem erfiðlega hefur gengið að kveða niður. Engum

dylst að efnahagsráðstafana var þörf og brbl. hefur verið tekið með skilningi af þjóðinni. Spyrja má hvort ekki hafi verið þörf harðari ráðstafana og að þær væru fyrr á ferðinni en raun varð á. Slíkum spurningum má að vísu svara játandi, en á það verður að líta að það tekur tíma að ná pólitískri samstöðu um slík mál, og hverju sinni verður eigi gengið lengra en svo að fullvíst megi telja að ráðstafanir verði eigi brotnar niður af hagsmunasamtökum eða pólitískum liðsoddum.

Áhrif brbl. á efnahagslífið eru enn ekki komin fram nema að hluta þannig að talið er að verðbólga verði allt að 30% minni á næsta ári þeirra vegna en ef ekki hefði verið að gert. Í yfirlýsingu ríkisstj. sem fylgdi brbl. eru veigamikil atriði sem sum hver krefjast breytinga á löggjöf. Ég tel það mjög mikilvægt að um nokkur slík meginatriði hafi verið tekin ákvörðun eða lagafrv. lögð fram áður en frv. til staðfestingar brbl. verður afgreitt á Alþingi. Svo er t. d. varðandi ákvæði um láglaunabætur, breyting á lögum um orlof og nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun. Ég hygg að ekki sé ofsagt að núverandi vísitölukerfi hafi gengið sér til húðar. Alvarlegustu gallar þess eru sjálfvirkni í launa- og verðlagsbreytingum fjórum sinnum á ári og sívaxandi launamisrétti vegna þess hve það teygir á bilinu milli hárra og lágra launa. Margfeldisáhrif verðlags og launabreytinga á þriggja mánaða fresti eru orðin slík að þau ógna öllu efnahagskerfinu og hafa ævinlega verið skaðleg. Ég hef á síðustu árum hreyft tillögum um að fækka þessum verðlags- og verðbótatímabilum niður í tvö á ári, en get sætt mig við að byrja á því að þeim verði fækkað í þrjú á ári, eins og rætt hefur verið um af hálfu viðræðunefndar um vísitölumál. Ég legg mikla áherslu á þýðingu slíkra breytinga sem ná jafnt yfir verðbætur á laun, búvöruverð og fiskverð. Þar er um að ræða breytingar sem hafa varanleg áhrif til aukins stöðugleika í efnahagskerfinu. Á því er full þörf.

Það vakti furðu þegar forustumenn stjórnarandstöðunnar lýstu yfir andstöðu við brbl. þegar eftir að þau voru sett. Augljóst var að slík afstaða byggðist á skammsýni en ekki á umhyggju fyrir hagsmunum þjóðfélagsins. Við sjálfstæðismenn í ríkisstj. höfum talið og teljum það skyldu okkar að haga meðferð þess máls þannig að brbl. komi til framkvæmda í öllum greinum og að leita allra leiða til að þau hljóti jákvæða afgreiðslu Alþingis. Við töldum það ekki rétt að tefla þessu máli þannig að fyrirsjáanlegt væri að leiddi til falls frv. og síðan þingrofs og kosninga nú fyrri hluta vetrar. Þess vegna teljum við ekki ástæðu til að hraða málinu sérstaklega, auk þess sem svo kynni að fara að stjórnarandstaðan sjái að sér og átti sig á því að það yrði henni síst til álitsauka að vinna þau skemmdarverk á efnahagskerfinu sem falli brbl. væru samfara.

Um þessar mundir vilja forystumenn stjórnarandstöðunnar að ríkisstj. segi af sér og að efnt verði til kosninga hið allra fyrsta, jafnvel í janúar eða febrúar. Slíkt hefur oft heyrst áður frá stjórnarandstöðu. Ef vitað væri að kosningar leystu mikinn vanda þá væri þetta sjálfsagt. Ef svo væri þá væri mikið sældarlíf hjá þeim þjóðum sem kjósa að jafnaði á eins til tveggja ára fresti. En reynslan sýnir að kosningum fylgja átök. Þeim getur fylgt stöðvun á nauðsynlegum aðgerðum og í kjölfar þeirra fylgir stundum langvarandi stjórnarkreppa.

Um tal manna um kosningar nú vil ég að öðru leyti segja það að ég tel fráleitt að kjósa um miðjan vetur. Þeir sem tala um það í alvöru miða sjóndeildarhring sinn við Elliðaár eða í hæsta lagi landnám Ingólfs. Það getur verið hugsanlegt að kjósa í apríllok, en þó geta vegir í sumum byggðarlögum verið ófærir vikurnar út á þeim árstíma. Og ef komið er fram í aprílmánuð þá er álitamál a. m. k. hvort þjóðfélagið bíði að nokkru leyti tjón af því þó að kosningar verði á eðlilegum tíma í júnímánuði.

Eftir erfitt og sveiflukennt árferði síðustu árin ríkir nokkur óvissa um afkomu bændastéttarinnar. Talið er að hún sé misjöfn enda þótt þorri bænda búi við góða eða sæmilega afkomu. Þrátt fyrir undrun Eiðs Guðnasonar hér áðan hef ég ákveðið að setja nefnd til þess að athuga eftir föngum fjárhagslega stöðu bænda og skila tillögum til rn. um ráðstafanir, eftir því sem talin verður ástæða til. Verður nefndinni m. a. falið að grafast fyrir um það hvort mismunur kunni að vera á afkomu bænda eftir landshlutum eða eftir framleiðslugreinum.

Ríkisstj. hefur markað þá stefnu í till. til þál. að landbúnaðarafurðir verði framleiddar með þeirri fjölbreytni sem landkostir, veðurfar og markaðsskilyrði leyfa. Ljóst er að möguleikar okkar til framleiðslu eru hvergi nærri fullnýttir. Á hinn bóginn er það markaðurinn sem í sumum greinum takmarkar framleiðslu landbúnaðarins. Þess vegna hefur verið unnið að aukinni fjölbreytni á þremur árum. Má þar einkum nefna fiskeldi og fiskrækt, fóðurframleiðslu og loðdýrarækt. Auk þess eru möguleikar okkar hvergi nærri fullnýttir í ylrækt, sem er vaxandi framleiðslugrein í landbúnaði. Í þessu sambandi má minna á að um síðustu áramót voru tæplega 30 refabú á landinu, en um næstu áramót verða þau væntanlega um 100. Unnið er að skipulagningu fóðurstöðvar fyrir loðdýraræktina og leyfi til loðdýraræktar verða síðan veitt í samræmi við það skipulag.

Vegna þess hve markaðurinn takmarkar framleiðslu hefðbundinna búgreina hefur verið lögð mikil rækt við markaðsmálin. Auk þess sem unnið hefur verið af búvörudeild SÍS og markaðsnefnd hefur verið leitað til einstaklinga sem hafa þekkingu og reynslu í viðskiptum. Ég met starf þessara aðila mikils. Það tekur tíma og árangur kemur ekki í ljós á einum degi, en það hefur þó þegar sannast að hægt er að selja hálfunnið kjöt erlendis mun hærra verði en fæst fyrir það með hefðbundnum útflutningsháttum. Hér eigum við enn mikið verk að vinna, en jafnframt að auka þá starfsemi sem hafin er, m. a. af hálfu einstaklinga, að færa kjötið í aðgengilegar umbúðir fyrir markaðinn, innanlands sem erlendis. Í þessum efnum liggur vonandi veruleg framtíð fyrir sauðfjárframleiðsluna þannig að þrátt fyrir erfiðleika á erlendum mörkuðum er væntanlega enn of snemmt að afskrifa hana sem útflutningsgrein.

Ljóst er að landbúnaðurinn þarf að laga sig að breyttum aðstæðum á innlendum markaði og nýtanlegum mörkuðum erlendis. Sú stefna kemur fram í þáltill. ríkisstj. í landbúnaðarmálum. Mikilvægt skref var stigið í þessa átt sumarið 1980 þegar ákveðið var með brbl. að leggja gjald á innfutt kjarnfóður til að draga úr innflutningi á fóðri, efla innlenda fóðuröflun og hamla gegn óhagkvæmri umframframleiðslu á mjólk. Þær efasemdaraddir, sem þá heyrðust um þessa stjórnunaraðgerð, eru þagnaðar samhliða því að góður árangur hennar hefur komið fram.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur undanfarin ár unnið að mótun kvótakerfis sem setur framleiðslu einstakra bænda og framleiðslu í landinu ákveðinn ramma. Ég hef ákveðið að láta kanna í samvinnu við bændasam-

tökin hvort ekki sé réttara að skipta landinu í framleiðslusvæði, sem hvert hafi rétt á fullu verði fyrir ákveðið magn búvöru, séu möguleikar markaða takmarkaðir, frekar en að láta það kvótafyrirkomulag sem unnið hefur verið að stjórna framleiðslumagninu. Með því mætti draga úr afskiptum af hverjum einstaklingi og tryggja betur þá framleiðslu sem þarf að vera til staðar í einstökum byggðarlögum með hliðsjón af byggðaþróun og markaði fyrir búvörur.

Ekkert liggur enn fyrir um tölu sláturfjár eða kjötmagn sem kemur á markað í haust. Þó virðist ekkert benda til að kjötið verði meira en í fyrra, fremur hið gagnstæða. Ekki er heldur vitað hve mörgu fé hefur verið slátrað samkv. samningum Framleiðsluráðs. Enn er því ekki hægt að áætla um markaðshorfur fyrir það kindakjöt sem til fellur á þessu hausti. Á hinn bóginn virðist ljóst að hægt verður að greiða sem næst fullt verð fyrir framleiðslu síðasta verðlagsárs og nota til þess m. a. fé úr kjarnfóðursjóði. Ætti það uppgjör að fara fram nú fyrri hluta vetrar.

Herra forseti. Þótt við ýmsa erfiðleika sé að etja í okkar landbúnaði, sem ekki er ný bóla, hefur landbúnaðurinn á margan hátt verið varinn áföllum, sem að hafa sótt, og margt hefur þokast til betri vegar. Ég nefni aðeins til viðbótar því sem fyrr er sagt verulega hækkun rekstrarlána á þessu ári og endurreisn Hólaskóla og um leið myndarlegan rekstur allra menntastofnana landbúnaðarins. Landbúnaðurinn hefur á að skipa hæfum mönnum með mikla þekkingu og hann er byggður upp af dugmikilli bændastétt. Fram undan eru nóg viðfangsefni og bændastéttin verður að geta haldið áfram uppbyggingu og framþróun. Í því er fólginn einn traustasti hornsteinninn að framtíð okkar þjóðar. — Góða nótt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þessu hausti, þegar Alþingi er loks kvatt saman, blasa við gífurlegir erfiðleikar í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Um þessa bjargföstu, óhagganlegu staðreynd er ekki deilt. Ráðherrar í sjálfri ríkisstj. hafa gengið fram fyrir skjöldu og dregið upp svo dökkar myndir af ástandinu að okkur óbreyttum þm. í stjórnarandstöðu þykir jafnvel nóg um að sumu leyti. Formaður Alþb., hæstv. ráðh. Svavar Gestsson, hefur t. d. sagt að við eigum nú í mestu efnahagserfiðleikum í áratugi. Minna má ekki gagn gera. Hæstv. fjmrh. orðaði þetta svo í grein í Þjóðviljanum í sumar: „Þjóðarskútan stefnir í öldudal einhverrar mestu efnahagskreppu síðustu áratuga." Þetta tel ég að vísu mistúlkun. Efnahagsáföllin sem dundu yfir íslensku þjóðina í lok áratugsins 1960—70 voru miklu meiri og af öðrum toga. Síldin hvarf og samtímis varð stórfellt verðfall á afurðum okkar. Þá voru þessi áföll líka óumdeilanlega öll utanaðkomandi. Svipaða sögu má segja um áföllin 1974—75. En hvað um það, hvað sem um þessi ummæli ráðh. og ríkisstj. má segja þá dylst engum að með þeim er engin fjöður dregin yfir þá staðreynd að mikil — og það sem verra er, stórhættuleg efnahagskreppa er nú skollin á. Hún kemur í kjölfar undangenginna metaflaára og tiltölulega góðs verðs á afurðum okkar.

Hvernig lýsir hún sér svo, þessi mikla efnahagskreppa? Fyrsta einkennið, sem ég vil nefna, er feiknaleg eyðsluskuldasöfnun erlendis. Hæstv. fjmrh. lýsti þessu fyrirbrigði þannig orðrétt í áðurnefndri Þjóðviljagrein: „Við erum óneitanlega að sökkva á kaf í ískyggilegri skuldasöfnun." Þessi ummæli ráðh. eru ekki ýkjur. Nú, þegar orku- og stóriðjuframkvæmdir dragast saman um allan helming, fer halli þjóðarbúsins gagnvart útlöndum í svimandi upphæðir, rúmar 3 þús. millj. nýkr. sem er 10.5% af þjóðarframleiðslu. Nú er svo komið að áætlað er að upphæð sem svarar andvirði fjórða hvers fisks, sem dreginn er á land, fari til að borga afborganir og vexti á næsta ári af erlendum lánum: Í upphafi síðasta áratugs var þessi greiðslubyrði svo miklu léttari að aðeins tíundi hver fiskur fór til að borga afborganir og vexti af erlendum lánum. Ef við sökkvum í ískyggilega skuldasöfnun vegna viðskiptahalla og eyðslu, svo að notuð séu enn orð hæstv. fjmrh., þá sláum við auðvitað ekki þau lán til atvinnuuppbyggingar til arðbærra framkvæmda. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir ógn við atvinnuöryggi alls almennings.

Annað einkenni efnahagskreppunnar er langvarandi taprekstur undirstöðuatvinnuveganna og skuldasöfnun. Það hlýtur að bjóða stórfelldu atvinnuleysi heim ef ekki er gerbreytt um stefnu og svo fer fram sem nú horfir. Verulegur niðurskurður opinberra framkvæmda, einkum úti um land, svo sem í hafnarframkvæmdum, skólabyggingum og á fleiri sviðum, sem ráðgerður er í fjárlagafrv. ríkisstj., dregur ekki úr atvinnuleysishættunni.

Þriðja einkenni efnahagskreppunnar er að heildarsparnaður þjóðarinnar hefur minnkað svo undanfarið að nálgast hrun. Dr. Jóhannes Nordal upplýsti á ráðstefnu fyrir nokkrum dögum að innlendur sparnaður, sem var um það bil 25% af þjóðarframleiðslu fyrir tveimur árum, sé nú í ár kominn niður fyrir 19%. Nú er það svo að seðlar eru í rauninni prentaðir til þess að halda bankakerfinu á floti og atvinnuvegunum gangandi um stundarsakir.

Fjórða einkenni efnahagskreppunnar er að fjárfesting í atvinnuvegunum hefur dregist saman ef frá er talinn fiskiskipastóllinn. Mestur er samdrátturinn í stóriðnaði og stórvirkjunarframkvæmdum. Framleiðni í atvinnuvegunum hefur minnkað.

Fimmta einkenni efnahagskreppunnar eru stórfelldar skattahækkanir, endalaus þensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs og þar með ríkisumsvifa, en niðurskurður á fjárveitingum til framkvæmda og atvinnuvega. Ríkissjóður væri rekinn með stórfelldum halla ef eyðsluskuldasöfnun erlendis væri hætt.

Sjötta einkenni ástandsins í efnahagsmálum er að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa staðnað síðustu ár þrátt fyrir metafla og stóraukna sjávarvöruframleiðslu. Kaupmáttur heimilanna hefur minnkað og í ár og næsta ár verður stórfelldur samdráttur á þjóðartekjum og lífskjörum samkv. opinberum spám. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni hér áðan að það sé mikil kjarabót að auðvelda launþegum öflun eigin húsnæðis. Veit ekki hæstv. ráðh. að stórlega hefur dregið úr húsbyggingum, einkum einstaklinga, í stjórnartíð hans? Þar er enn ein kjaraskerðing heimilanna á ferðinni.

Í sjöunda lagi og síðast en ekki síst, hvað um þennan krabbameinssjúkdóm í íslensku efnahagslífi, verðbólguna? Hefur hún ekki verið talin niður eða kveðin niður? Ég undrast það satt að segja að sumir framsóknarmenn, eins og formaður Framsfl. hér áðan, skuli hafa þrek til þess að tala enn um niðurtalningarstefnu, svo hlægilegt öfugmæli sem hún er orðin. Skemmst er frá því að segja, að verðbólgan er illvígari en þegar ríkisstj. settist að völdum, þótt hún eigi samkv. ákvæðum stjórn-

arsáttmálans að vera a. m. k. komin niður fyrir 10%. Hún verður yfir 60% á þessu ári og sennilega svipuð á því næsta samkv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar, ef ekki verður neitt að gert, þrátt fyrir verðbótaskerðingu brbl.

Ég hef nú nefnt sjö stórhættuleg sjúkdómseinkenni efnahagskreppunnar sem flest fara snarversnandi með hverjum deginum. Tvímælalaust má t. d. segja að svo langt sé gengið í eyðsluskuldasöfnun erlendis að teflt sé í fullkomna tvísýnu atvinnuöryggi, lánstrausti og fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Það er því sannarlega ástæða til þess að taka undir með hæstv. ráðherrum sem draga upp dökkar myndir af ástandinu. Nú deila menn um orsakir fyrir einni mestu efnahagskreppu síðustu áratuga. Stjórnarsinnar kenna um aflabresti og heimskreppunni ógurlegu. Við stjórnarandstæðingar bendum á öfugsnúna stjórnarstefnu og að við höfum ár eftir ár aukið afla og sjávarvöruframleiðslu vegna þeirrar framsýni ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Bjarnasonar sem sjútvrh. að færa út fiskveiðilögsöguna í 200 mílur. Aflabresturinn er ekki meiri en svo að við búum nú við svipaða sjávarvöruframleiðslu og árið 1979. En látum deilur um orsakir þessarar miklu efnahagskreppu lönd og leið. Upp úr stendur að þrátt fyrir svonefndar efnahagsráðstafanir ríkisstj. og brbl. frá því í sumar verður enn stórfelldur halli á viðskiptum okkar við útlönd á næsta ári samkv. þjóðhagsspá forsrh. Þrátt fyrir gífurlega kjaraskerðingu verður 60% verðbólga á næsta ári. Engar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að halda atvinnuvegunum gangandi upp úr áramótum. Sem sagt, kreppunni er ekki bægt frá og allar líkur á að stórfellt atvinnuleysi skelli á ef siglt er sama kúrs.

Þegar haldleysi svonefndra ráðstafana ríkisstj. í sumar varð ljóst kröfðust allir þm. Sjálfstfl. nema ráðherrarnir að Alþingi yrði kvatt saman, það fjallaði um brýnustu mál svo sem kjördæmamálið, að ríkisstj. segði síðan af sér og efnt yrði til kosninga. Þær kosningar stæðu nú fyrir dyrum og unnt fyrir nýjan þingmeirihluta að mynda stjórn í nóv. sem hefði þingstyrk, getu og vilja til þess að ráðast með skipulegum hætti að rótum efnahagskreppunnar og umfram allt forða frá fjöldaatvinnuleysi. Fullreynt er nú að núv. hæstv. ríkisstj. er komin að þrotum, eins og einn ráðh. orðaði það, og er alls ófær um að ráða við þann djúptæka vanda sem ráðherrarnir sjálfir segja svo mikinn sem raun ber vitni. Samt virðist hún enga hugsjón hafa aðra en að lafa áfram í ráðherrastólum.

Ég varpa eftirfarandi spurningu fram: Hvort sýnir meiri ábyrgð, þráseta ríkisstj., sem komin er að þrotum og hefur ekki starfhæfan meiri hluta á Alþingi, horfandi á hættuástand efnahagskreppunnar magnast geigvænlega, eða sú lýðræðislega krafa stjórnarandstöðunnar að núverandi stjórnmálakreppa verði leyst með kosningum? Auðvitað er það algerlega ábyrgðarlaus afstaða ríkisstj. að útmála hættuástand í þjóðfélaginu, en ætla samt að sitja nokkra mánuði eða misseri enn án minnstu möguleika til þess að ráðast að rótum vandans.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Tími minn er á þrotum. Nú syrtir vissulega í álinn. Engin ástæða er þó til að láta hugfallast. Ísland er gott land, við eigum miklar auðlindir. Þar á meðal eigum við duglegt og vel menntað fólk. Við eigum mikinn mannauð. Við þurfum að breyta um stefnu í brú þjóðarskútunnar, efla og treysta atvinnulífið, virkja einstaklingana og félagasamtök þeirra til nýrra dáða. Þann veg getum við unnið okkur út úr vandanum þótt mikill sé. — Góðar stundir.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Sérstakar aðstæður ríkja nú á Alþingi. Ríkisstjórnin hefur ekki lengur meiri hluta í Nd. þingsins. Ríkisstjórnin, sem var eina þingræðisstjórnin sem reyndist mögulegt að mynda að loknum síðustu kosningum, hefur því ekki lengur forsendur til styrkrar stjórnar. Á seinni hluta vetrar mun því óhjákvæmilega koma til nýrra kosninga nema enn verði óvæntar breytingar á Alþingi. Er nú tekist á um hvernig hægt sé að haga málum þannig að ekki hljótist af meiri háttar vandræði fyrir efnahagslíf þjóðarinnar. Ég mun gera þau mál að umtalsefni hér sem verða höfuðviðfangsefni stjórnmálanna á næstu misserum, en þau eru efnahagsmálin og stjórnarskrármálið.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð hafði niðurtalningarstefna Framsfl. fengið mikinn hljómgrunn. Ríkisstj. var mynduð eftir langa stjórnarkreppu og setti hún sér það mark að hefta verðbólguna í áföngum, án þess þó að lögbinda aðgerðirnar í upphafi tímabilsins. Fara átti leið samninga og samkomulags og grípa inn í þegar það teldist nauðsynlegt. Því verður ekki neitað, að við framsóknarmenn erum óánægðir með að ekki hefur náðst meiri árangur en raun ber vitni. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Áhrif hagsmunahópa í þjóðfélaginu eru öflug. Hinir ýmsu hópar hafa mikinn metnað fyrir hönd umbjóðenda sinna svo að oft sjást þeir ekki fyrir. Þessi sami metnaður hefur í reynd stórlega dregið úr möguleikum ríkisstj. til virkrar hagstjórnar. Í nafni þröngra sérhagsmuna er haldið uppi baráttu undir ýmsum kjörorðum, eins og um aukin ríkisútgjöld, lægri skatta, lægri útlánsvexti og hærri innlánsvexti. Jafnvel á tímum samdráttar í þjóðartekjum krefjast menn hærri launa og minni verðbólgu, sem í raun þýðir meiri skuldir og aukna verðbólgu. Því skulum við gera okkur ljóst að lífskjör, sem haldið er uppi með taprekstri og erlendri skuldasöfnun, eru skaðleg stundarblekking sem mun leiða til enn meiri erfiðleika í framtíðinni.

Það sama á við hér og á hverju einstöku heimili. Hvaða ábyrgt foreldri getur réttlætt það fyrir sjálfu sér að taka eyðslulán, sem það sér ekki fram á að geta endurgreitt af tekjum sínum, í stað þess að draga úr útgjöldum? Það veit að með slíku háttalagi verður það afkomendanna að gera upp óreiðuna.

Vegna þeirrar stöðu sem nú hefur verið lýst og þeirrar ákvörðunar ríkisstj. að lögbinda ekki ákveðin þrep í niðurtalningunni reyndist nauðsynlegt að ganga til langvinnra samninga um sérhvert skref í baráttunni við verðbólguna. Þetta reyndist seinvirk leið og höfum við framsóknarmenn ekki dregið dul á óánægju okkar með framvindu mála, enda þótt segja megi að skilningur hafi farið vaxandi hjá samstarfsmönnum okkar í ríkisstj.

Ef ráða á niðurlögum verðbólgu eru aðeins tvær meginleiðir. Sú fyrri byggir á niðurtalningu, sem verður að vera í markvissum og undanbragðalausum skrefum í stað tímafreks samningaþófs, sem sýnt hefur að leiðir ekki til viðunandi niðurstöðu. Ég vil taka sérstaklega fram að í ljósi reynslunnar er það mín skoðun að aðgerðir til niðurtalningar verðbólgu verði að lögbinda eigi að ná tilætluðum árangri í baráttu gegn henni. Síðari meginleiðin er leiftursókn, sem landsfræg er orðin og miðar að því að ná sem mestum árangri í einu vetfangi, án tillits til annarra áhrifa, þ. á m. atvinnu. Valið á næstunni mun því standa á milli markvissrar hjöðnunar verðbólgu með

aðgerðum er hafi undanbragðalausan stuðning í lögum og leiftursóknar í nýjum búningi. Við framsóknarmenn erum sannfærðir um að innan allra flokka eru sterk ábyrg öfl sem eru sammála meginsjónarmiðum okkar í baráttunni gegn verðbólgu. Sjálfstfl. mun raunar segja að niðurtalningin hafi verið reynd og ekki skilað nægilegum árangri. Því verði að reyna nýja, bragðbætta leiftursókn. Ég vara við slíkri stefnu. Verum þess minnug, að við höfum þrátt fyrir allt fetað okkur áfram, og minnumst þess einnig að í þjóðfélagi okkar, sem var komið út á ystu nöf þjóðfélagslegra átaka árið 1978, gætir nú á ný aukins skilnings og samstarfsvilja. Áframhaldið verður að byggja á þeim grunni en með meiri festu. Leiftursókn mun kollvarpa þessum grundvelli og leiða til átaka og skilningsleysis. Ekki er að efa að bol atvinnuleysisins mun einnig eitra andrúmsloftið í þjóðfélaginu.

Ég leyfi mér að fullyrða að Framsfl. er eini stjórnmálaflokkurinn sem getur leitt ábyrg stjórnmálaöfl saman til virkrar efnahagsstjórnar, — virkrar efnahagsstjórnar, sem byggir á lögbundnum aðgerðum til niðurtalningar sem meginstefnu, auk róttækra aðgerða í fjármálum ríkisins og peningakerfi landsins sem miði að tryggingu kaupmáttar og tiltrú á innlendan sparnað.

Þjóð, sem ber virðingu fyrir sjálfstæði sínu og sjálfsforræði, verður að taka á málum sínum af ábyrgð og festu eigi hún ekki að missa traust út á við. Vandinn liggur í því að ná sátt inn á við til að ná nauðsynlegum styrk út á við. Ef við hins vegar náum ekki þeirri sátt missum við tiltrú þeirra er við eigum skipti við, sem getur skaðað og rýrt okkar efnahagslega sjálfstæði. Því eigum við engan annan kost en að sameinast í því að bæta stöðu okkar og skapa skilyrði fyrir uppbyggingu atvinnuveganna sem geti staðið undir bættum lífskjörum. Minnumst þess þó að við stöndum ekki ein í slíkum sporum. Allur hinn vestræni heimur stendur frammi fyrir svipuðum vandamálum. Aðalatriðið er að vinna markvisst að lausn vandamálanna, að nauðsynlegar aðgerðir njóti skilnings þjóðarinnar og jafnframt að svigrúm sé fyrir hendi til að grípa inn í atburðarásina verði óvæntar breytingar í hagkerfinu. Framsfl. mun nú sem fyrr vinna að lausn mála á þessum grundvelli.

Stjórnarskrárnefnd hefur verið alllengi að störfum og undirbúið breytingar á stjórnarskránni. Tillögur liggja enn ekki fyrir og því er óvarlegt að búast við að niðurstaða geti fengist á næstunni. Stjórnarskráin er okkar þjóðarsáttmáli. Sá sáttmáli snertir sérhvern einstakling í þjóðfélaginu. Það er því nauðsynlegt að tillögur stjórnarskrárnefndar komi til almennrar umræðu meðal fólks.

Í umræðunni um nýja stjórnarskrá hefur mest verið talað um jöfnun atkvæðisréttar og fjölgun þingmanna. Það er almennt viðurkennt að nokkur leiðrétting þurfi að verða á vægi atkvæða milli kjördæma. Hafa margvísleg sjónarmið komið fram um það hvernig að breytingunni skuli staðið. Eðlilegast virðist að flytja hluta uppbótarþingmanna í mesta þéttbýlið með beinum eða óbeinum hætti, án þess að þingmönnum fjölgi. Allt bendir til þess að niðurstaðan verði önnur. Er það miður, sérstaklega ef það er sakir þröngra flokkslegra sjónarmiða og þrengstu sérhagsmuna einstakra þingmanna. Á sama tíma og við erum að berjast við að finna leiðir út úr efnahagsvanda okkar getum við ekki leyft okkur að leysa deilur um vægi atkvæða með fjölgun þingmanna. Eða er einhver þeirra skoðunar að það hafi þýðingu fyrir framvindu mála að fjölga þeim? Það ber hins vegar vott um úrræða- og ábyrgðarleysi að leitast við að leysa vandamál með því að auka stöðugt við báknið til að komast hjá óþægindum, á sama hátt og við leysum ekki vanda verðbólgunnar ef enginn vill neitt á sig leggja til að ná henni niður. Því skulum við setja okkur það mark að leysa kjördæmamálið án fjölgunar þingmanna og ná samkomulagi um aðgerðir gegn verðbólgu sem komi sem réttlátast við alla þjóðfélagsþegnana. Með því einu komum við fram af þeirri ábyrgð sem þjóðin gerir nú kröfu til að við sýnum. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. mun ekki rísa hátt í þingsögunni fyrir ræðu þá sem hann hefur flutt hér í kvöld. Á löngum þingferli, sem staðið hefur með hléum síðan 1934, hefur risið sjaldan verið lægra. Risið er lágt vegna þess að hæstv. forsrh. fer einasta almennum orðum um almenn stefnumál. Hann skírskotar meira til fortíðar en framtíðar. Hann minnist hins vegar ekki á hitt, sem allir þó vita, að það er stjórnarkreppa í landinu. Ríkisstj. hefur misst meiri hl. sinn í annarri þingdeildinni. Þar er jafntefli. Jafnaðarmenn, stjórnarandstaðan yfir höfuð að tala, ber ekki ábyrgð á því að hv. þm. Eggert Haukdal hefur sagt upp tryggðum við Gunnar Thoroddsen. Það hefur þm. væntanlega gert sjálfur og einn og gert upp samvisku sína. Þetta hefur gerst. Þetta eru staðreyndir. Um þær staðreyndir hefði hæstv. forsrh. átt að fjalla, hefði hann verið einlægur við hlustendur. Hann kaus að þegja.

Stjórnarsinnar segja, að stjórnarandstaðan eigi nú að koma til bjargar ríkisstj. af því að hv. þm. Eggert Haukdal er hlaupinn. Þessi framsetning er einkennileg og hún er röng. Jafnaðarmenn hafa verið andvígir hæstv. ríkisstj. Við lítum svo á, eins og allir vita, að efnahagsstefna hennar sé þjóðinni hættuleg. Því fyrr sem ríkisstj. fer frá því betra. Ríkisstj. sem ekki getur lifað af sjálfri sér og styrk sínum á auðvitað að segja af sér. Og hvað á að koma í staðinn? spyrja menn. Því svaraði Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., á fundi með ráðh. á föstudag. Það á að reyna myndun meirihlutastjórnar, sem taki upp nýja og gerbreytta stjórnarstefnu. Gangi það ekki, þá á að reyna myndun minnihlutastjórnar og gangi það ekki, þá á að huga að myndun utanþingsstjórnar. Þetta er einfalt og þetta er skýrt. Núv. ríkisstj. er efnislega fallin. Hún hefur gagnað lítið í gegnum tíðina, hún er nú gersamlega gagnslaus. Hún þvælist fyrir framförum og er til óþurftar. Ný ríkisstj. þarf að ákveða kosningadag, hún þarf að gera drög að gerbreyttri efnahagsstefnu og ný ríkisstj. þarf að leggja fram drög að nýrri stjórnarskrá svo fljótt en samt svo vel og vandlega sem verða má.

Spurt er um brbl., lögin um kjaraskerðinguna. Því er auðsvarað. Jafnaðarmenn eru andvígir þessari lagasetningu. Þetta er ábyrgðarlaus lagasetning, röng ákvörðun á röngum tíma. Þetta eru auðvitað ekki efnahagsráðstafanir í réttum skilningi orðsins. Brbl. eru ekkert annað en 10—11% kjaraskerðing og það í upphafi jólamánaðar. Aðalatriðið er þó hitt, að það er röng aðferð að skerða laun með lögum. Þessi lög þýða, að maðurinn eða konan sem eru með 9 þús. kr. á mánuði eru svipt 1 þús. kr. í upphafi jólamánaðar og það með lögum. Ráðstafanirnar svokölluðu eru ekkert, ég endurtek, ekkert nema þetta. Þessi mál hafa að vísu verið illa skýrð af fjölmiðlum, en ég er viss um að þegar nær líður 1. des. og þessi einfalda staðreynd blasir við, þá munu menn, allir réttlátir menn, sjá hvað þessi aðferð er ranglát.

Aðalatriðið er þó hitt, að einhliða og lögbundin kjaraskerðing, eins og sú sem nú er lagt til að verði gerð, er úrelt og úr sér gengin aðferð. Það verður að breyta um stefnu. Auðvitað má vel vera, að fyrirtækin segi satt þegar þau segjast ekki geta borgað þessi laun 1. des., en leiðin er ekki að grípa inn í með lögum. Nær væri að gefa samninga frjálsa, að ætlast til þess að launafólk og fyrirtæki semji upp á nýtt og semji þá skynsamlega, semji um þau verðmæti sem til staðar eru. Þetta verður að vera framtíðarsýnin. Kjarni málsins er sá, að einstaklingar og samtök þeirra verða að fara að bera sjálf ábyrgð á því sem þau eru að gera. Það er ekki hægt að semja ábyrgðarlaust um laun, um fiskverð, um hvað sem er og síðan komi annar eða báðir aðilar til ríkisvaldsins og heimti lög. Slík inngrip löggjafans eru ævinlega ranglát og bjóða auk þess heim auknu ábyrgðarleysi. Það hefur verið samið um of háar upphæðir í síðustu samningum og séu báðir aðilar sammála um það, þá eiga þeir að semja upp á nýtt. Menn eiga að bera ábyrgð. Ríkisstj. hefur auðvitað aukið enn á þennan vanda með ábyrgðarlausri sjávarútvegsstefnu, með fokdýrri landbúnaðarstefnu, með aðgerðarleysi í iðnaðarmálum, með því að bila í verðtryggingarmálum, en samt verða menn og samtök þeirra að bera ábyrgð. Það er krafa næstu framtíðar.

Hæstv. forsrh. heldur því fram í upphafi máls síns hér í kvöld, að hér sé kreppa, að heimskreppan hafi komið hingað með fullum þunga. Ég vara við þessum ábyrgðarlausu orðum forsrh. Hér er vissulega kreppa í ríkisstj. og víst er kreppa á því heimili sem þarf að lifa af 10 þús. kr. á mánuði, en almennum orðum talað þyrfti ekki að vera kreppa á Íslandi. Það eru einungis orð þeirra manna sem í örvæntingu eru að reyna að verja verk sín og umfram allt völd sín. Krepputal forsrh., sem á sér rætur uppi í stjórnarráði og viljanum til að vera þar lengur, er stórhættulegt. Við eigum auð í orkulindum, við eigum auð í hafinu umhverfis landið, landið sjálft er mikill auður. Víst hefur verið stjórnað illa, en hér þarf ekki að vera kreppa og hér á ekki að vera kreppa. Verðmætum er óréttlátlega skipt, það er auðvitað rétt, og sennilega er svo mikið svikið undan sköttum á Íslandi að aðeins jafnast á við Suður-Evrópu, en það er vegna þess að hér hefur of lengi verið of mikil kreppa í stjórnkerfinu. Við stöndum á þröskuldi tölvualdar innan örfárra ára. Hvað halda menn að þeir geti þá, sem nú væla um kreppu? Þess vegna eru orð forsrh. hættuleg.

Menn spyrja: Hvernig ríkisstj. á að taka við fram að kosningum og hvað á hún að gera? Ég vísa til ummæla Kjartans Jóhannssonar þar um. Hitt er rétt, að þar er nokkur vandi. Vandinn er m. a. sá, að í undanförnum kosningum hefur um þriðjungur þjóðarinnar kosið Sjálfstfl., sennilega allflestir á öðrum forsendum en þeir ætluðu sér. Sá Sjálfstfl. sem starfar á Alþingi Íslendinga er ekki klassískur frjálslyndur flokkur almennra leikreglna. Þetta er ríkisafskiptaflokkur í þágu hinna efnameiri. Felipe Gonzáles, jafnaðarmaðurinn sem er að sigra með glæsibrag í kosningum á Spáni, segir í blaðaviðtali að spánskir jafnaðarmenn séu um margt að segja það sem heilbrigð og upplýst borgarastétt ætti að segja og gera, en segir ekki og gerir ekki. Sama er á Íslandi. Jafnaðarmenn á Íslandi hafa verið talsmenn markaðar í landbúnaðarmálum, heilbrigðis í sjávarútvegsmálum. Hvar er Sjálfstfl.? Framsóknarmegin við Framsfl. Jafnaðarmenn hafa verið talsmenn verðtryggingarstefnu í peningamálum, síðaðra peningaviðskipta. Hvar er Sjálfstfl.? Hann er ónýtur í öllum slíkum málum. Sjálfstfl. er hægt og hægt að grafa undan borgaralegum verðmætum á Íslandi. Klofningurinn á milli Gunnars og Geirs er auðvitað engin tilviljun og sannleikurinn er sá, að Sverrir Hermannsson í Framkvæmdastofnun ríkisins, Egill Jónsson, Pálmi Jónsson og Steinþór Gestsson í landbúnaðarmálum og Matthías Bjarnason og Friðrik Sophusson í vaxtamálum þættu sennilega of yfirgengilegir til þess að rúmast í Framsfl. Allt eru þetta stjórnarsinnar í hjartanu.

Hæstv. forsrh. kom bæði með sálina og söguna í Sjálfstfl. inn í núv. ríkisstj., að því leyti hafði hann rétt fyrir sér, og hver er málefnalegur ágreiningur stjórnarandstöðu Sjálfstfl. við núv. ríkisstj.? Þið heyrðuð Geir Hallgrímsson og Lárus Jónsson hér í kvöld. Þessi ágreiningur er enginn. Hann er deilur um vegtyllur og valdastóla, hégóma, Geir eða Gunnar. Sjálfstfl. er svona. Það vitum við hér á Alþingi, en það veit ekki nógsamlega vel sá þriðjungur þjóðarinnar sem enn veitir honum brautargengi og heldur að með því sé verið að styrkja og efla borgaraleg verðmæti á Íslandi.

Á Íslandi er ekki kreppa í eiginlegum skilningi þess orðs. Hins vegar eru allt of margir allt of fátækir. Þess vegna er kreppa á of mörgum heimilum og það ríkir kreppa í stjórnkerfinu. Hæstv. forsrh. er kreppa af sjálfum sér. Þessa stjórnkerfiskreppu má rekja til úreltrar stjórnarskrár, sem verður að endurskoða.

Virðingarleysi fyrir landslögum er auðvitað algjört. Í lögum frá 1979 er þess krafist að inn- og útlán séu verðtryggð. Það stendur þar skýrum stöfum. En hvað gerist? Ríkisstj. hlýðir ekki landslögum, heldur ákveður öðruvísi. Og hvað eigum við að gera, loka bankamálaráðh. inni? Það gerum við varla. En hvernig er þá hægt að ætlast til þess að aðrir menn hlýði annars konar lögum?

Og stjórnkerfið er í kreppu af öðrum ástæðum. Við ætlum að breyta kjördæmaskipan til að auka jafnræði þegnanna, til að ná fram jafnvægi milli dreifbýlis og þéttbýlis, en vita menn hvernig vandinn raunverulega er? Ef menn ætla að fjölga alþm. til að ná fram jafnræði allra kjördæma án þess að fækka neins staðar, þá þarf að fara með þá í rúmlega 120 — ég endurtek: rúmlega 120. Ef menn ætla hins vegar að ná fullu jafnræði, en samt halda sér við töluna 60, þá þarf að fara með fámennustu kjördæmin niður í 2 — ég endurtek: 2. Hvorugt dettur mönnum í hug í alvöru, svo engin furða er þó að menn hiki. Sannleikurinn er sá, að fjölgun þm. um 7 eða 9, sem auk þess er vitlaus leið, leysir engan vanda.

Menn verða að fara að ræða nýja stjórnarskrá og samfélagið allt verður að taka þátt í þeirri umræðu. Ný ríkisstj. á að beita sér fyrir slíkri umræðu. Við þurfum að ræða mannréttindamál, skiptingu og dreifingu valdsins, eignarréttarákvæði, og við megum ekki gleyma því að jafnvægisleysi í kjördæmismálum hefur leitt til jafnvægisleysis í efnahagsmálum og það er mikill kjarni þessa máls. Einnig þess vegna þurfum við að huga að nýjum leiðum. Við þurfum að fara varlega, fara með gát, en við þurfum að reifa nýjar hugsanir, nýjar hugmyndir. Við getum ekki borið ábyrgð á því að framlengja þá kreppu hugar og þjóðar sem hæstv. forsrh. hefur lýst og ber sjálfur verulega ábyrgð á.

En hvað gæti verið nýtt, hvað gætu verið nýjar brautir? Í stað þess að huga stöðugt að annaðhvort fjölgun eða tilfærslu þm., sem augljóslega leysir hvort eð er engan vanda, má hugsa sér aðrar leiðir. Það má hugsa sér að

kjósa forsrh. eða ígildi hans beinni kosningu yfir landið allt í tveimur umferðum. Sá skipi aftur með sér ríkisstjórn innan þings eða utan. Aðgreining framkvæmdavalds og löggjafarvalds verði skýr, m. ö. o. að framkvæmdavaldið sé þannig kosið að atkv. vegi jafnt í Kópavogi og á Kópaskeri, í Reykjavík og á Reykjanesi við Djúp. Framkvæmdavaldið hallaðist þó fremur til þéttbýlis, en löggjafarvaldið yrði óbreytt, — ég endurtek: óbreytt, — enda myndaði það mótvægi. Þá væri fyrst eðlilegt að hagsmunir dreifbýlis vægju þyngra, enda kæmi það minna eða ekki að sök. Reglur um samskipti framkvæmdavalds og löggjafarvalds er auðvitað hægt að hafa með mörgum hætti og þær eru ekki til hindrunar, ef menn á annað borð vilja huga til þessarar áttar.

Því er þessi hugmynd nefnd, og ég ítreka að þetta er aðeins hugmynd sem rædd hefur verið meðal jafnaðarmanna, að umræðan eins og hún nú er er auðvitað stöðnuð, helfrosin, full af vonleysi eins og ríkisstj. En góðir hlustendur, við megum ekki láta það á okkur fá. Þessi ríkisstj., andlit hennar og kreppa, kjaraskerðingaráform, vonleysistónn og hugmyndaleysi er ekki lengur andlit þessarar þjóðar. Stjórnin mun fara frá innan tíðar. Og á Íslandi þarf ekki að vera kreppa, hvað sem dr. Gunnar hefur sagt í framsöguræðu sinni hér í kvöld. Kreppan í stjórnarráðinu á ekki og má ekki vera kreppa þjóðarinnar. Það eru að koma nýir tímar. Kraftmikil jafnaðarstefna, nýjar hugmyndir, sem sóttar eru til margra manna og kvenna, eiga erindi við hina nýju tíð. Við megum ekki gefast upp, uppgjöf og krepputal forsrh. og ríkisstj. má ekki vera uppgjöf og kreppa þjóðarinnar og þarf ekki að vera það.

Einu tímaskeiði er um það bil að ljúka. Nýtt tímaskeið er að hefjast og það skal verða von, en ekki vonleysi. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Góðir hlustendur, herra forseti. Hin kraftmikla jafnaðarstefna, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason lýsti hér áðan, hefur aðallega birst landsmönnum í því að undanförnu, að heyrst hafa fréttir um vígaferlin innan Alþfl., þar sem deilt er um eina örugga þingsæti Alþfl. í Reykjavík í næstu kosningum milli Jóns Baldvins og Vilmundar. Það er hin kraftmikla jafnaðarstefna sem landsmenn hafa fengið að kynnast.

Hv. þm. Magnús H. Magnússon minntist á það hér fyrr í kvöld að húsnæðismálin væru mjög í ólestri undir forustu núv. ríkisstj. Hélt hann þar sömu ræðuna og hann hélt í fyrra eða hitteðfyrra. Húsnæðismálin eru af eðlilegum ástæðum mjög í brennidepli. Eins og forsrh. gat um er í undirbúningi stórátak í þessum efnum. Beinist það einkum að því að hækka sérstaklega lán handa þeim sem byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn. Nú í vikunni verða kynntar tillögur í húsnæðismálum, þar sem m. a. er gert ráð fyrir annarri meðferð lánskjaravísitölu húsnæðislána en verið hefur.

Vegna ummæla um vísitölumál hér fyrr í kvöld kemst ég ekki hjá því að geta þess, að frv. til laga um vísitölumál hefur ekki verið afgreitt í ríkisstj. og samningsforsendum verður ekki breytt nema með samkomulagi allra stjórnaraðila og í samráði við verkalýðshreyfinguna. Þetta er seinvirk leið, eins og nefnt var hér fyrr í kvöld, en það er lýðræðisleg leið.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson flutti hér mjög sérkennilega ræðu fyrr í kvöld. Geir Hallgrímsson lofaði að afnema verðbólguna og jafnframt að tryggja fulla atvinnu. Hann lofaði lægri sköttum, en nefndi það ekki hvernig hann ætlaði að fara að því. Hann sagði ekki frá því hvernig hann ætlaði að afnema verðbólguna heldur, en landsmenn þekkja leiftursóknina. Hann sagði ekki frá því hvernig hann ætlaði að tryggja fulla atvinnu, en landsmenn þekkja hugmyndir hans um erlenda stóriðju og stóraukin umsvif ameríska hersins. Þannig er enn ljóst hvað hann vill. Geir Hallgrímsson hefur í kvöld enn einu sinni afhjúpað stefnu og loddaraskap Sjálfstfl. Þannig hafa útvarpsumr. gert gagn.

Góðir hlustendur. Þessum útvarpsumr. er að ljúka. Enn þá einu sinni hafið þið fengið tækifæri til þess að bera saman málflutning íslenskra stjórnmálamanna og líklega hafa sumir komist að niðurstöðu. Margir eru kannske ánægðir með flokkinn sinn, eins og gengur, og hneykslast á hinum flokkunum. Enn fleiri hygg ég að séu í vafa og enn aðrir telja að stjórnmálamenn á Íslandi séu hver öðrum líkir, þeir segi jafnan það sama þegar allt kemur til alls. Þrátt fyrir þetta velja menn á milli flokka í kosningum hér á landi. Þátttaka í kosningum er reyndar meiri hér en í grannlöndum okkar, sem betur fer. Þetta stafar af því, að auðvitað er munur á afstöðu flokkanna þegar grannt er skoðað, en hinu er ekki að neita, að færri eru nú sem betur fer bundnir í viðjar vanans en áður hefur verið. En það er mikilvægast að þjóðin geri kröfur til ríkisstj. og stjórnarandstöðu um ábyrgð en ekki ábyrgðarleysi.

Hlustendur hafa ekki komist hjá því að heyra í kvöld kröfur stjórnarandstöðunnar um að ríkisstj. segi af sér. Þessi krafa er til marks um ábyrgðarleysi. Í framkvæmd mundi hún auka á glundroða og óvissu í efnahags- og atvinnumálum og ég hélt að flestum þætti nóg komið í þá áttina. Það leysir engan vanda að ríkisstj. segi af sér, nema ákvarðanir hafi verið teknar af nýjum þingmeirihluta um að yfirtaka landsstjórnina eða að samkomulag hafi orðið um það með öðrum hætti hversu landinu verði stjórnað fram yfir kosningar. Það er engu að síður ljóst að svo fráleit sem krafan er um afsögn ríkisstj., þá væri hitt fráleitt að ríkisstj. neitaði að viðurkenna þá staðreynd að á Alþingi er sjálfhelda sem verður að leysa. Þar ber ríkisstj. fremst skyldu, en þar ber stjórnarandstaðan líka ábyrgð. Ég skora á landsmenn að fylgjast vel með því sem gerist á *næstunni í viðræðum* við stjórnarandstöðuna. Athygli almennings verður vonandi til þess að flýta niðurstöðum. Þegar menn eru að ræða jafn örlagarík mál og stjórn þjóðfélagsins er ekki sæmandi að gaufa langtímum saman við að finna niðurstöðu. Slíkt á líka að vera þarflaust.

Alþýðubandalagið hefur krafist uppgjörs, krafist þess að brbl. yrðu lögð strax fyrir þingið og ef þau féllu yrði þing rofið og efnt til kosninga. Þannig kom sérstaða Alþýðubandalagsins skýrt fram í því, að við vildum koma málum á hreint og það tafarlaust. Þessi krafa Alþýðubandalagsins var sett fram í byrjun þings með það í huga að unnt yrði að kjósa í nóvember svo þessi stjórn eða ný stjórn gæti gert ráðstafanir í stað brbl. fyrir 1. des. Alþýðubandalagið vildi í þessum kosningum skjóta málinu til þjóðarinnar, losa um sjálfhelduna á Alþingi Íslendinga. Þetta var ekki gert, m. a. virtist áhugi stjórnarandstöðunnar merkilega lítill á því að kosið yrði strax. Nú er komin upp ný staða í stjórnmálum. Erfitt er að ímynda sér að samstaða náist um kosningar fyrir áramót. Þess vegna hefur ríkisstj. farið fram á það við stjórnarandstöðuna að ræða um afmörkuð lykilmál og um kosn-

ingar á fyrri hluta næsta árs. Viðræðurnar við forustu stjórnarandstöðunnar hafa ekki borið árangur til þessa, því miður. Þeir hafa ekki viljað setja fram afdráttarlaust sína skoðun um afgreiðslu brbl., nema að þeir muni fella þau við fyrsta tækifæri. Þeir hafa lýst vilja sínum til að taka á kjördæmamálinu og það er vel, en þeir hafa gert kröfu til þess að ríkisstj. segi af sér. Kröfunni um afsögn ríkisstj. hefur verið hafnað.

Þrátt fyrir stjórnmálalega sjálfheldu um þessar mundir er margt sem mælir á móti því að ríkisstj. segi af sér.

Í fyrsta lagi er hún enn meirihlutastjórn, en hana skortir styrk til að koma málum í gegnum aðra deild þingsins.

Í annan stað liggur ekkert fyrir um aðra ríkisstj. og það er nauðsynlegt að slíkt liggi fyrir áður en ríkisstj. segði af sér.

Í þriðja lagi er greinilegt að ríkisstj. nýtur stuðnings meðal almennings í landinu.

Í fjórða lagi er ástand hér á landi í atvinnu- og efnahagsmálum betra en í grannlöndum okkar. Ísland er eina landið í Vestur-Evrópu sem hefur haldið fullri atvinnu. Hér hefur félagsleg þjónusta verið aukin. Hér er staða ríkisbúsins góð.

En hvað er það sem stjórnarandstaðan vill? Vill Alþfl. meiri eða minni kaupskerðingu en þá sem fram kemur í brbl.? Ekkert svar. Þó hafa Alþfl.-menn haft hér eins langan ræðutíma og aðrir flokkar í kvöld og tvo mánuði til að hugsa sig um. Vill Alþfl. kannske kauplækkun eins og þá, sem hann lagði til haustið 1978, að kaup hækkaði aðeins um 4% á þriggja mánaða fresti burtséð frá verðbólgunni? Kauplækkunarfrv. Alþfl. 1978 var samið af þeim Jóni Baldvin og Vilmundi Gylfasyni, en þeir bítast nú um hvor þeirra verður í efsta sætinu hjá Alþfl. í Reykjavík í næstu þingkosningum. Ekki er það ágreiningur um kauplækkun sem getur skýrt línurnar í illvígum prófkjörsslag Alþfl. Vill Sjálfstfl. meiri eða minni kaupskerðingu en felst í brbl.? Ekkert svar. Vilja stjórnarandstöðuflokkarnir ekki tvöfalda framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins, eins og ráðstafanir ríkisstj. gera ráð fyrir? Ekkert svar hefur borist við því, enda þótt eitt brýnasta úrlausnarefnið nú sé húsnæðismál unga fólksins. Vill Sjálfstfl. meiri eða minni gengismun en þann sem tekinn er af fiskvinnslunni í brbl. eða vill hann draga úr stuðningi við útgerðina? Ekkert svar, aðeins ábyrgðarlaus slagorð. Vill Sjálfstfl. hærri eða lægri verslunarálagningu en gert er ráð fyrir í brbl.? Ekkert svar. En hver trúir því, að Sjálfstfl. vilji ganga að versluninni eins og þessi ríkisstj. gerir í brbl., þar sem álagning er lækkuð um 10%?

Staðreyndin er sú, góðir hlustendur, að stjórnarandstaðan hefur aldrei, allt frá því að núv. ríkisstj. var mynduð, lagt fram eina einustu tillögu til úrlausnar í efnahagsmálum. Hún hefur hins vegar allan tímann hrópað: Burt með ríkisstj. Ríkisstj. hefur allan þenan tíma haft veikan þingmeirihluta, og þær hafa stundum verið raunalegar fréttirnar sem hafa verið sagðar í fjölmiðlum af því hvernig fyrrverandi stjórnarstuðningsmenn höguðu sér áður en þeir greiddu atkv. hér í þingsölunum. Sjaldan hefur virðing þessarar samkomu látið meira á sjá en einmitt í þau skiptin. Nú er þessi þm., sem þarna um ræddi einkum, hlaupinn heim til föðurhúsanna og Geir Hallgrímsson hefur fagnað hinum glataða syni.

Stjórnarandstaðan hefur fullyrt að undanförnu að Alþýðubandalagið hafi viljað fara út úr ríkisstj. og þess vegna krafist kosninga. Þetta er rangt. Alþýðubandalagið vildi kjósa til að treysta stöðu ríkisstj. á Alþingi, því ég er sannfærður um að stjórnin hefði fengið aukinn meiri hl. í kosningum sem hefðu farið fram nú. Það sýna allar þær upplýsingar sem fyrir liggja. A. m. k. er það ljóst að Alþýðubandalagið er að styrkjast um þessar mundir. Flokkurinn hefur tekið á efnahagsvandanum með ábyrgum hætti og það munu kjósendur meta. Alþýðubandalagið er reiðubúið að taka á efnahagsvandanum áfram, jafnvel þó að á vegi verði óþægileg og erfið vandamál. Alþýðubandalagið er ekki flokkur sem hleypur frá vandanum. Alþýðubandalagið er flokkur sem vill takast á við vandamálin á félagslegum grunni gegn veldi fjármagnsins.

Við teljum, að fram undan séu á næsta ári og jafnvel árum mikil vandamál í efnahagslífi Íslendinga. Við teljum að það sé nauðsynlegt að viðurkenna þær staðreyndir, einnig í kjörum fólksins. En við viljum einnig líta á þær hliðar sem bjartar eru, en sjást oft illa fyrir umræðu sem beinist yfirleitt eingöngu að vandamálunum.

Að undanförnu hef ég orðið var við að fjöldi fólks er að velta því fyrir sér hvað eigi að kjósa í næstu kosningum. Ég tel að jarðvegur pólitískra ákvarðana sé nú opnari hér í landinu en nokkru sinni fyrr. Ég hef orðið var við að allt þetta fólk metur það sem Alþýðubandalagið hefur gert í félags- og heilbrigðismálum. Ég hef tekið eftir því, að starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar óttast niðurskurð íhaldsstjórnar og þeir sem sinna félagslegri þjónustu eru beinlínis hræddir þegar þeir heyra fréttirnar frá Bretlandi, þar sem líf manna er reiknað út í peningum í samanburði við annan kostnað heilbrigðisþjónustunnar. Með köldu blóði sitja menn þar og reikna það út hvort það borgar sig að halda lífinu í þessum manni eða ekki. Með köldu blóði eru jafnvel styttar ævilíkur manna, sem ella gætu lifað eitthvað lengur. Svo grimm og andstyggileg er peningahyggjan, svo köld og miskunnarlaus er hún. En forsvarsmenn hennar reyna auðvitað að fela þessar staðreyndir. Þeir tala um frelsi, en það frelsi er ekkert annað en frelsi fjármagnsins gegn manninum og lífi hans. Það er táknrænt að aldrei tala hægri öflin hærra um frelsi en þegar þau ganga fram af mestu offorsi. Það er ekki að furða. Því hrikalegri sem málstaðurinn er, þeim mun háværari og ósvífnari verður blekkingariðjan.

Alþýðubandalagið er sem fyrr reiðubúið að taka þátt í því að reyna að verja íslensku þjóðina fyrir peningahyggjunni, sem um þessar mundir herjar á alþýðu grannlanda okkar. Við hleypum ekki afturhaldsstefnunni að átakalaust, en sigur vinnst ekki nema við stöndum saman. Við höfum með hjálp launamanna unnið að stórfelldum framförum í félagsmálum á liðnum árum meðan félagsleg þjónusta hefur verið skorin niður í grannlöndum okkar. Við höfum með stuðningi launamanna stöðvað atvinnuleysisvofuna og Ísland er því eina landið sem hefur nú fulla atvinnu. Við munum með stuðningi launamanna áfram beita okkur fyrir því að treysta undirstöðu okkar þjóðlífs og stuðla að félagslegum og menningarlegum framförum. Við skulum gera allt sem við getum til þess að verja Ísland fyrir afturhaldsstjórnum eins og í Bretlandi, Danmörku, Bandaríkjunum, Noregi og nú síðast í Vestur-Þýskalandi. Þar gerðist það, að miðflokkur læddist með veggjum og hljóp svo í bland við tröllin, sveik grundvallaratriði í stefnu ríkisstjórnar Helmuts Schmidt og kom afturhaldinu til valda.

Miðflokkum er aldrei að treysta, það sýnir reynslan, ekki aðeins frá Vestur-Þýskalandi 1982 heldur einnig frá Íslandi 1974 og 1959.

Nú er staðan þannig í íslenskum stjórnmálum, að á löggjafarsamkomunni er pólitísk sjálfhelda. Í Nd. hefur stjórnarandstaðan 20 menn, stjórnarsinnar 20. Stjórnarandstaðan hefur tekið á sig þá ábyrgð að stöðva hvaða mál sem er frá ríkisstj. Þessi afstaða hefur það í för með sér að ríkisstj. leitar viðræðna við stjórnarandstöðuna um úrlausn helstu mála fram að kosningum. Stjórnarandstaðan hefur því verið kvödd til ábyrgðar.

Ég skora á landsmenn að fylgjast vandlega með þessum viðræðum, þannig að almenningsálitið hjálpi til við að leiða þær til lykta. Ég er sannfærður um að slíkt gæti hjálpað til við að knýja fram úrslit mjög fljótlega. Þau úrslit verða að snúast um afmörkuð mál sem samið yrði um auk þess sem kosningadagur yrði ákveðinn. Kröfur um afsögn ríkisstj. leysa engan vanda, þvert á móti magnar afsögn ríkisstj. ringulreið í stjórnmálum og stuðlar að vaxandi öngþveiti í efnahagsmálum.

Góðir hlustendur. Ég er viss um að þið metið fremur þá sem sýna ábyrgð en ábyrgðarleysi, fremur þá sem ganga hreint og heiðarlega til verks en hina sem læðast með veggjum. Alþýðubandalagið óttast ekki um niðurstöðu ykkar, en við skulum í sameiningu gera okkur ljóst að fram undan er alvarlegur vandi í efnahagsmálum á Íslandi. Erlendar skuldir geta stofnað sjálfstæði þjóðarinnar í hættu ef við förum ekki varlega. Verðbólgan æðir áfram. Við þurfum því að leita leiða til að koma á samkomulagi um stjórnarstefnu, sem losar þing og þjóð úr pólitískri og efnahagslegri sjálfheldu. Alþýðubandalagið er sá flokkur sem almenningur getur treyst til að standa vörð um lífskjör alþýðu og heildarhagsmuni. Alþýðubandalagið býður fram krafta sína. Átökin verða sem fyrr milli afturhaldsins og Alþýðubandalagsins. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Sameinað þing, 7. fundur.

Þriðjudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármál af dagskrá.

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 26. okt., að loknum 7. fundi.

Endurreisn Reykholtsstaðar, þáltill. (þskj. 44). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í húsnæðismálum, þáltill. (þskj. 46). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 47). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stóriðnaður á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 12). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl. leyft mér að flytja hér þáltill. sem fjallar um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi. Till. þessi var einnig flutt á Alþingi í fyrra eða shlj. till., en náði þá ekki umr. Með leyfi forseta er þessi till. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu ríkja í Norður-Ameríku og Vestur-Afríku."

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum hver vandi blasir við íslensku þjóðarbúi vegna ofvaxtar fiskiflotans, sem svo hefur verið nefndur, eða vegna þess hve hömlulítill skipainnflutningur hefur verið leyfður hér þar til nú að ríkisstj. hefur áttað sig og boðað stöðvun innflutnings fiskiskipa um takmarkaðan tíma. Það er búið að lýsa og hefur oft verið lýst hverjar afleiðingar þessi mikla fjölgun fiskiskipa hefur haft fyrir íslenskt þjóðarbú og á það verið bent að a. m. k. 17 togarar hafa í tíð núv. sjútvrh. bæst við flotann — 17 togarar sem munu kosta í kringum 850 millj. ísl. kr. Allir vita hvernig rekstrargrundvöllur hinna nýju skuttogara af þessari gerð er. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Hv. þm. eru því mætavel kunnugir. Þá má þess geta að loðnuflotinn hefur ekki haft verkefni við sitt hæfi frá því að loðnuveiðar voru úr sögunni, hversu lengi sem það kann að standa.

Vitað er að nokkur ríki hafa aflað sér tímabundinnar heimildar til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi annarra ríkja. Má þar t. d. nefna bæði Japani, Kóreumenn og Austur-Evrópuþjóðir. Það er t. d. alkunna, að pólsk fiskiskip höfðu heimild til þorskveiða út af austurströnd Bandaríkjanna fram að þeim tíma er herlög voru sett í Póllandi og Bandaríkjamenn sviptu Pólverja þessum veiðileyfum. Pólsk fiskiskip seldu þá aflann a. m. k. að einhverju leyti til bandarískra fyrirtækja. Annað dæmi, sem kunnugt er, er þátttaka íslenskra nótaveiðiskipa í veiðum á vegum eigenda norska verksmiðjuskipsins „Norglobal", sem hér kom töluvert við sögu loðnuveiða á sínum tíma. Þær veiðar áttu sér stað innan fiskveiðilögsögu Máritaníu.

Sovétríkin hafa t. d. stundað fiskveiðar í fiskveiðilögsögu ýmissa ríkja í Vestur-Afríku og hafa fiskiskip þeirra, a. m. k. að einhverju leyti, landað afla sínum þar, þ. e. í Vestur-Afríku.

Þá má enn geta þess, að fyrir fáeinum árum voru hér á landi á ferð fulltrúar stjórnvalda í Líberíu, sem vildu efna til samvinnu við erlendar þjóðir um fiskveiðar í landhelgi síns heimalands.

Það mætti nefna ýmis fleiri dæmi til að gefa vísbendingu um að enn séu e. t. v. möguleikar til að nýta íslensk fiskiskip á fjarlægum veiðislóðum.

Tilgangur þessarar þáltill. er fyrst og fremst sá, að það verði gengið úr skugga um hvort finna megi þessum flota okkar, sem auðsjáanlega hefur of lítil verkefni hér, verkefni á fjarlægum miðum. Víst er það vitað að samfara því eru auðvitað ýmis vandamál, en það er skoðun okkar flm. að íslenskir útgerðarmenn og íslenskir sjómenn muni geta sigrast á þeim vanda. En fyrsta skrefið í þeim efnum er auðvitað að kanna, hvort möguleikar eru á því að nýta íslenska fiskiskipaflotann eða hluta hans með þeim hætti að hann fái veiðileyfi í fiskveiðilögsögu annarra ríkja. Þetta er, eins og ég hef áður minnst á, ekkert einsdæmi. Það eru ýmis ríki sem fara að með þessum hætti, þó að mjög hafi auðvitað þrengst um þar á seinni árum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til að þessari till. verði vísað til hv. allshn. til nánari umfjöllunar og athugunar.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það sem hér liggur fyrir til umr. er till. til þál. um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiði í erlendri fiskveiðilandhelgi. Þetta mál hefur verið flutt áður. Ég ætla ekki að bæta mörgum orðum við grg. og rökstuðning flm. Samt vil ég víkja að einu atriði.

Á borðum þm. liggur nú fyrir skjal nr. 45 í Sþ., þjóðhagsáætlun fyrir 1983. Þar segir á bls. 10 í kaflanum um atvinnumál:

„Forsenda nægrar og öruggrar atvinnu fyrir vaxandi fjölda fólks eru traustir atvinnuvegir. Staða þeirra verður best styrkt til lengdar með því að auka framleiðni og hagræðingu og með því að draga úr kostnaði við framleiðslustarfsemina. Í yfirlýsingu ríkisstj. frá 21. ágúst vegna aðgerða í efnahagsmálum kom fram, að ríkisstj. hefur ákveðið að standa að margháttuðum aðgerðum til að treysta atvinnuvegina. Sumt af því er unnt að framkvæma strax, en annað mun ekki skila árangri fyrr en að nokkrum tíma liðnum."

Síðan segir, herra forseti, undir fyrirsögninni „Sjávarútvegur":

„Það eykur á vanda sjávarútvegs, þegar afli dregst saman, að mörg ný skip hafa bæst í flotann á síðustu árum með mun meiri fjármagnskostnað en eldri skipin. Rekstrarstaða þessa hluta flotans er því mun verri en hinna skipanna, og gerir það stöðu greinarinnar í heild lakari en ella. Af þessum sökum er nú nauðsynlegt að stöðva innflutning fiskiskipa algerlega næstu tvö árin og gera verulegar kröfur til eiginfjárframlags með nýsmíði innanlands. Reynslan sýnir, að mjög erfitt er að draga úr ásókn í ný skip eftir þeirri leið að herða fjármagnskjörin. Það er því nauðsynlegt að grípa tímabundið til þess ráðs að banna algerlega innflutning á skipum."

Hvernig tengjast þessi tvö mál? Jú, annars vegar er því haldið fram í þjóðhagsáætlun ríkisstj. sjálfrar að einn helsti vandinn, sem við er að fást í sjávarútvegsmálum, sé beinlínis afleiðing af stefnu sjútvrh. og hæstv. ríkisstj. að fjölga í sífellu skipum á sama tíma og afrakstursgeta fiskistofna er takmörkuð og veiðimagn er takmarkað með sérstökum aðgerðum. Þannig veit hægri höndin ekki hvað sú vinstri gerir í stjórnarathöfnum. Fyrir liggur að ríkisstj. hefur gripið til bráðabirgðaúrræða. Þau eru að fella gengið, að hækka skatta og að krefja launþega um það 1. des. að opna launaumslögin sín til að borga bakreikninga þeirrar rányrkjustefnu sem hér hefur verið rekin. Þessar almennu ráðstafanir dugðu ekki og hæstv. sjávrh. þurfti að tvítaka þessar aðgerðir. Að lokum náðist samkomulag milli ríkisstj. og hagsmunaaðila um að grípa til frekara gengissigs, taka erlend lán og ávísa síðan á tóma sjóði til þess að fleyta sjávarútveginum fram til næstu áramóta. En áramótin eru skammt undan og þá þarf að reikna dæmið upp á nýtt. Horfurnar fram undan að því er varðar gengisþróun eru uggvænlegar, horfur fram undan í efnahagsmálum uggvænlegar. Það dæmi verður ekki einfalt úrlausnar.

Því hefur verið haldið fram af gagnkunnugum aðila í útgerð, Ólafi Björnssyni útgerðarmanni í Keflavík, að þrátt fyrir að menn gæfu sér þær forsendur að aflamagn á hvern hinna nýju Steingrímstogara verði tvöfaldað frá því sem nú er, og margir afla þeir vel, þá dygði það ekki til til þess að endar næðu saman í rekstri þeirra. Hvað á þá til bragðs að taka? Á að reikna rekstrargrundvöll sjávarútvegsins frá næstu áramótum miðað við allan flotann, líka þann hluta hans sem fyrirsjáanlega er enginn rekstrargrundvöllur fyrir? Á að miða gengisskráningu íslensku krónunnar við það eða ætti að horfast í augu við vandann, t. d. með þeim hætti að taka þessa margfrægu Steingímstogara út úr dæminu og finna þeim önnur verkefni? Um það m. a. er þessi tillaga.

Nú er það alkunna, eins og segir í grg. með þessari till. að samningar hafa verið gerðir milli ríkja, eins og t. d. milli Austur-Evrópuríkja og Bandaríkjanna og Kanada, um veiðiheimildir í þeirra fiskveiðilandhelgi. Einnig liggja fyrir upplýsingar um að mörg hinna vanþróuðu ríkja, sem við þróun hafréttar á undanförnum árum hafa náð einkarétti á fiskveiðilögsögu sinni, þurfa mjög á aðstoð að halda til að geta nýtt þessar auðlindir sínar. Við Íslendingar erum öðrum þjóðum fremur sérfróðir um sjávarútvegsmál, þó að því megi kannske halda fram að við séum ekki endilega sérfróðir um rekstur. Íslenskir sjómenn eru afkastamestu sjómenn í heimi. Aflamagn á hvern mann er hið mesta í heimi. Reynsla okkar og kunnátta í þessum efnum, í þessari sérgrein okkar, er mikils virði. Það er mikilvægt mál hvort við getum ekki á sama tíma og við búum við of stóran flota einfaldlega boðið fram bæði tæki og sérþekkingu, kunnáttu okkar einvalaliðs, sjómannastéttar okkar, í því skyni að aðstoða vanþróaðar þjóðir til að nýta sínar auðlindir.

Það er mikið rætt um alþjóðlega samhjálp og það er líka mikið gert að því að benda á að hún vill oft víkja fyrir eiginhagsmunum og sérgæðingshætti hverrar þjóðar. Kannske er hægt að leysa málin þegar saman fer nokkur eigin hagur og vilji til aðstoðar við aðra. Þess vegna er þetta alvörumál og þess vegna ber að kanna það í alvöru.

Hvernig á að leysa mál íslenskra byggðarlaga, ef um það væri að ræða að fækkað væri í togaraflotanum? Um það liggja fyrir ýmsar ábendingar, m. a. í þeim óskalista sem fylgdi brbl. ríkisstj., þ. e. ábendingar frá stjórnarliðum sjálfum um nauðsyn þess að við ákvörðun á verðlagningu hinna ýmsu fisktegunda verði reynt að draga úr því að eini mælikvarðinn á afkomu sé aflamagnið sjálft og stuðla með verðlagningunni frekar að bættri meðferð

afla strax við veiðar og um borð og í vinnslu. Í annan stað hafa verið fluttar á hv. Alþingi tillögur sem miða að því að miðla afla, að samræma afla og vinnslu eftir afkastagetu. M. ö. o. að gera sérstakar ráðstafanir ef of mikill afli berst á land á einum stað, til þess að gera það hagkvæmt og framkvæmanlegt að hann verði unninn þar sem hörgull er á hráefni. Þetta er auðvitað ein leið. Um þetta hafa verið fluttar tillögur. Ég minnist t. d. till. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar þess efnis að gera mönnum *þetta auðveldara í framkvæmd með því að stofnaður* verði sérstakur sjóður er ábyrgðist greiðslur fyrir landaðan afla til þeirra staða sem fengju hann til vinnslu.

Það er ekki nóg að segja: Vandinn er óviðráðanlegur. Það er ekki nóg að leggja fram opinbert gagn sem heitir þjóðhagsáætlun og benda á að vandinn í sjávarútvegi hefur stóraukist fyrir tilverknað ráðh. Hann er fyrst og fremst í því fólginn að togurum hefur verið fjölgað á sama tíma og afrakstursgeta fiskistofna er takmörkuð og veiðiheimildir takmarkaðar. Það er ekki nóg að tala almennum orðum um að það sé stefnt að því að auka framleiðni og hagræðingu og draga úr kostnaði við framleiðslustarfsemi á sama tíma og afleiðingar stjórnarstefnunnar eru þær að auka tilkostnað á fjármagnseiningu, auka tilkostnað á hvert mannár, draga m. ö. o. úr framleiðni og hagræðingu og auka tilkostnað við veiðar og vinnslu. Vandamálið þarf að leysa. Þetta er mjög athyglisverð tillaga og ég vil endurtaka að það ber að taka hana alvarlega.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er flutt till. til þál. um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi. Þegar flm. hefur talað fyrir málinu stendur upp samflokksmaður hans til að vekja á því sérstaka athygli að þessa till. beri að taka alvarlega og hann margítrekar þetta hér í púltinu. Annaðhvort lítur hann svo á að almennt beri ekki að taka þær tillögur sem koma frá hans samflokksmönnum alvarlega eða hann telur að þarna sé um heiðarlega undantekningu að ræða og þess vegna sé alveg sérstök nauðsyn að vekja á því athygli.

Þessi till. hlýtur að vekja ýmsar spurningar og ég vil koma að þeim síðar, en halda áfram að vekja athygli á málflutningi seinasta ræðumanns. Hann gat þess, sem alþjóð veit, að aflamagn á hvern sjómann á Íslandi er það mesta í heimi. Engu að síður slær hann því föstu að það sé stærsta þjóðarnauðsyn að auka nú mjög aflamagnið á hvern sjómann. Sem sagt: Það er verið að koma því hér á framfæri að það séu íslenskir sjómenn á allt of mörgum skipum sem séu aðaldragbítur inn á hagvöxtinn í landinu. Hver trúir nú þessu rugli, hver trúir því? Ef við færum og ræddum við íslenska sjómenn, þá væru þeir fljótir til að benda á að það væri yfirbyggingin í þessu þjóðfélagi sem væri að sliga útgerðina. Það væru komnir of margir sem lifðu á þessari útgerð. Það væri vandamálið, en ekki hitt, að íslenskir sjómenn kæmu með of lítinn afla að landi.

Það liggur alveg ljóst fyrir að við getum bætt gæði þess afla mjög verulega sem við komum með að landi, en það er spurning hvort hægt sé að leggja það á íslenska sjómannastétt að koma með jafnmikinn afla að landi og nú er komið með pr. mann og jafnframt að bæta gæði aflans eins og vert væri.

Ég ætla ekki að fara hér út í hugmyndirnar um fiskimiðlunina, sem átti að koma sem björgun í þau byggðarlög þar sem skipin færu burtu. Það er kenning sem ég vildi gjarnan sjá betur útfærða. Auðvitað er sjálfsagt að miðla fiski á milli sé það hægt, það vita allir.

En flm. tillögunnar vil ég spyrja þessarar spurningar og óska eftir að fá efnislegt svar, af því að ég lít ekki á þessa till. sem neitt gamanmál og taldi að það þyrfti engan sérstakan ræðumann hingað upp í pontuna til að segja þingheimi það: Frá hvaða svæðum á Íslandi telja þeir að hægt sé að fara með skip til veiða á fjarlæg mið án þess að atvinnuleysi skapist í landinu?

Ég er hlynntur því að kannað verði hvort hægt sé að fá veiðiheimildir fyrir íslensk skip, þá fyrst og fremst í nágrenni okkar þannig að aflinn mætti nýtast til vinnslu hér á landi. Ef það væri hægt teldi ég það sjálfsagt. En ég er ekki búinn að sjá að þeir togarar sem hafa verið framleiddir hér innanlands og kosta 40—50% meira en skip á heimsmarkaðsverði séu samkeppnisfærir í veiðum einhvers staðar úti í löndum til að skila okkur arði. Ég er ekki búinn að sjá rekstraryfirlit yfir slíkar hugmyndir. Það má vel vera að það liggi fyrir hjá flm., en hvað um það. Hitt er brýnt, að fá fram heiðarlegt svar við þessu: Frá hvaða svæðum á Íslandi telja flm. að hægt sé að fara með skip til veiða á fjarlæg mið án þess að atvinnuleysi skapist í landi?

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að fagna því að þessi till. er fram komin. Hér er einungis um að ræða könnun á þessu efni.

Þess er að gæta, að hafréttarsáttmálinn gerir ekki einungis ráð fyrir að fiskur sé ekki ofveiddur, hann gerir líka ráð fyrir því að stuðlað sé að því að fiskur sé ekki vannýttur og að veiðum sé hagað þannig að skynsamleg nýting fari fram á auðæfum hafsins. Það er vitað, að sums staðar eru vannýttir fiskistofnar og það er ekkert við það að athuga að við Íslendingar rannsökum hvort við getum tekið þátt í því að nýta þessi auðæfi, bæði okkur sjálfum til hags og eins þeim sem hugsanlega mundu selja okkur veiðileyfi, eða við tækjum að okkur að kenna fiskveiðar, sem till. fjallar ekki um þótt einn ræðumanna hafi sérstaklega vikið að því.

Við Íslendingar viljum auðvitað ekki að aðrir ásælist okkar fiskimið og höfum haldið mjög vel á málum í því efni og höfum tryggt okkur sérstöðu, þar sem er 71. gr. hafréttarsáttmálans, þar sem við erum alveg undanþegnir því að þurfa að þola það að nokkrir aðrir veiði í okkar fiskveiðilandhelgi. Við ætlum okkur ekki að seilast til veiða innan fiskveiðilandhelgi annarra ríkja þar sem þau geta sjálf hagnýtt sín auðæfi. Það mundum við aldrei gera. En þar sem um vannýtta fiskistofna er að ræða er ekkert óeðlilegt að við athugum hvort við getum tekið þátt í veiðum.

Mér finnst ekki viðkunnanlegt að vera að draga hér inn í spurningar eins og þá sem hv. síðasti ræðumaður dró fram, hvort hér mundi skapast atvinnuleysi ef skip af einhverjum ákveðnum landssvæðum færu til veiða. Auðvitað mundu þá fyrst og fremst fara skip sem væru ekki notuð eða lítt notuð hér innanlands. Þar að auki er auðvitað hægt að fá skip með mjög góðum kjörum erlendis keypt. Ef þau væru alls ekki notuð til fiskveiða í okkar fiskveiðilandhelgi, mætti auðvitað beita þeim annars staðar.

En mér finnst aðalatriðið að fara ekki að hnotabítast um þetta, heldur hitt að láta þessa könnun fram fara. Það getur engan skaðað og þess vegna er ég ánægður með að á þetta skuli hafa verið bent hér og till. þessi flutt.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vildi í örfáum orðum þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér. En tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs að nýju var það, að hv. þm. Ólafur Þórðarson, 5. þm. Vestf., sem hefur þann hæfileika að koma mönnum sífellt á óvart og þeim mun meir sem hann oftar kveður sér hljóðs, bar hér fram spurningar. Auðvitað ber þessi till. það með sér eins og hún er orðuð, að spurningum hans er á þessu stigi ekki hægt að svara, ekki frekar en það er hægt að nafngreina ákveðin skip sem ættu að fara til slíkra veiða. Það er fyrst þegar það kemur í ljós hvort möguleikar eru á öflun veiðileyfa og veiðiaðstöðu fyrir íslensk skip annars staðar sem það kemur til athugunar hverjir hafa áhuga á að stunda slíkar veiðar eða hvort einhverjir hafa yfirleitt áhuga á því. Þess vegna er auðvitað ekki hægt að svara þessum spurningum hans nú. En það vita auðvitað allir, þótt hv. þm. Ólafur Þórðarson hafi kannske ekki hugmynd um það, að fiskiskipafloti okkar er of stór og það viðurkenna allir og það hefur ríkisstj. mjög rækilega viðurkennt, bæði í orði og verki, nú að undanförnu. Þetta hefur hins vegar farið fram hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að því er virðist. Og ef fiskiskipafloti okkar er allt of stór, eins og allir viðurkenna nú, hvað er þá fyrst til ráða? Það er auðvitað að reyna að finna þessum flota verkefni á öðrum slóðum en okkar fiskislóð. Það er of nærri gengið ýmsum okkar stofnum þeir eru fullnýttir eða ofnýttir, og þá blasir það auðvitað beint við að finna þessum flota verkefni annars staðar. Þar er það sem menn hljóta að hugsa fyrst um.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. spyr í tilefni af þessum umr. um hættu á atvinnuleysi og vill fá að vita á hvaða svæðum hún yrði mest. Honum stæði nú kannske nær að svara því sjálfum. Væntanlega er þm. svo kunnugur staðháttum í sínu eigin kjördæmi að hann viti að í fjölmörgum verstöðvum á Vestfjörðum hefur orðið að leita eftir erlendu vinnuafli svo skiptir tugum og hundruðum manna. Og þessi erlendi vinnukraftur er sóttur jafnvel alla leið til andfætlinga okkar á hnettinum, þ. e. til Ástralíu og Nýja-Sjálands. Sjálfur er ég persónulega kunnugur því, að við fiskiðnað á Vestfjörðum hafa ekki aðeins starfað menn hinum megin frá á hnettinum heldur af flestum þjóðernum heiðbundinna farandverkamanna í Evrópu og víðar. Þar eru starfandi Tyrkir, Arabar, Júgóslavar, Portúgalar, Spánverjar o. s. frv.

En spurningin er að sjálfsögðu út í hött ef það er staðreynd, sem raunverulega er verið að segja hér í þjóðhagsáætlun og greinargerð Þjóðhagsstofnunar um efnahagsmál, að Steingrímstogararnir séu gjaldþrota, nema því aðeins að það kraftaverk gerist að þeir allt að því tvöfölduðu aflamagn sitt, því þá er atvinna fjölda fólks í hættu. Margir þessara togara afla vel. Við erum ekki að gera því skóna að það hafi verið ráð fyrir því gert þegar rekstrargrundvöllur þeirra var reiknaður út að þeir legðu upp 7, 8, 9 eða 10 þús. tonna ársafla, en hvað gerist ef þessir togarar verða raunverulega gjaldþrota? Hvað verður um atvinnu þeirra sjómanna og atvinnu þess fólks sem vinnur við úrvinnslu aflans? Hverra kosta er þá völ? Annars vegar er hér till. sem miðar að því að það verði kannað hvort hægt er að finna hluta af hinum of stóra fiskveiðiflota verkefni sem í sjálfu sér má gera ráð fyrir að séu arðgefandi. Það er ekki verið að tala um að gera þessi skip út fyrir ekkert. Það er verið að biðja um að kannað verði hvort hægt sé að finna þeim verkefni sem greitt verði fyrir.

Ég vil vekja athygli á því, að meðal stjórnarliða er að finna ýmsa þá menn sem hvað ákafast hafa haldið því fram að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir til að miðla afla í samræmi við vinnslugetu. Ég minnist þess t. d. að dagblaðið Þjóðviljinn birti sérstakan óskalista þeirra Alþb.-manna, sem að vísu er ekki að finna í óskalista ríkisstj., þar sem eru fjölmörg atriði sem að því lúta að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að miðla afla og samræma vinnslu og gera sérstakar ráðstafanir, m. a. fræðsluherferð, sem væntanlega á að verja til einhverjum fjármunum, til þess að bæta meðferð afla og auka aflaverðmætið.

En spurningu hv. þm. er reyndar svarað fyrir hönd ríkisstj. í þjóðhagsáætlun, sem ég vitnaði til áðan. Þar segir:

„Forsenda nægrar og öruggrar atvinnu fyrir vaxandi fjölda fólks eru traustir atvinnuvegir. Staða þeirra verður best styrkt til lengdar með því að auka framleiðni og hagræðingu og með því að draga úr kostnaði við framleiðslustarfsemina."

Það er allt og sumt. Þarna er svarið, herra þingmaður. Það sem hefur verið að gerast er það, að í stað þess að auka framleiðni og hagræðingu og draga úr kostnaði hefur allur tilkostnaður við veiðar takmarkaðs afla verið stóraukinn með mjög alvarlegum þjóðhagslegum afleiðingum, nefnilega þeim að þetta hefur þýtt þörf fyrir hærra fiskverð en ella hefði verið, þörf fyrir meiri gengislækkun en ella hefði verið og ein afleiðingin þar af leiðandi meiri verðbólga en ella hefði verið og lakari rekstrarstaða fyrirtækja. Þeim mun meiri verðbólga, þeim mun minni framleiðni og þeim mun ótraustari atvinnuvegir. Hafi hv. 5. þm. Vestf. einhverjar aths. við þetta að gera bið ég hann vinsamlegast um að beina þeim spurningum sínum til réttra aðila, þ. e. til hæstv. ríkisstj. og ráðgjafa hennar, sem þessa áætlun gefa út.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil eindregið hvetja til þess að þessi till. verði samþykkt og tel meira en tíma til kominn að hún kæmi hér fram.

Það segir í till. að athugað skuli um möguleika til veiða við strendur Norður-Ameríku og Vestur-Afríku. Ég tel að það sé fyllilega ástæða til að athuga um veiðimöguleika víðar en þarna. Það er ekki mjög langt síðan við Íslendingar stunduðum bæði loðnuveiðar og reyndar þorskveiðar líka í Barentshafi. Við stunduðum karfaveiðar við Nýfundnalandsstrendur. Það er ekki ýkjalangt síðan íslenskir útgerðarmenn gerðu út á síld við austurströnd Bandaríkjanna og þar reið á vaðið einn af frumkvöðlum íslenskrar útgerðar á síðustu áratugum, Einar Sigurðsson. Hans skip stunduðu þessar veiðar í 1—2 ár. Við skulum ekki gleyma því að við höfum stundað miklar úthafsveiðar á Grænlandshafi, við Bjarnarey. Við stunduðum lúðuveiðar við Grænland. Auðvitað er það staðreynd, að það sem skiptir mestu máli fyrir okkur væri að fá heimildir til kolmunnaveiða við Írland og eins rækju-, loðnu- og karfaveiða við miðlínu Grænlands. En ég geri ráð fyrir að þar verði um mjög vandasama samningagerð að ræða og þá mundum við vafalaust kalla yfir okkur bæði Þjóðverja og Englendinga með gagnkvæmar kröfur um veiðar hér á Íslandsmiðum, svoleiðis að þar ættum við kannske að fara okkur hægt. En ég vil líka benda á að

Þjóðverjar hafa á undanförnum árum stundað veiðar með togurum sínum við austurströnd Suður-Ameríku og haft af því ágætan árangur.

Auðvitað þarf í sambandi við þetta að leita álits hagsmunaaðilanna, bæði Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna, en ég vil hvetja til þess að þessi till. fái verulega umfjöllun og verði samþykkt að henni lokinni.

Hérna má segja að sé um nokkra stefnumörkun að ræða. Við getum bent þarna á athafnasemi Japana og Sovétmanna. Athafnasemi Japana var engin tilviljun. Þetta var mál sem var gaumgæfilega undirbúið hjá þeim og unnið samkv. margra ára áætlun. Hin stóru fyrirtæki þeirra hafa hvert af öðru ráðist inn hjá þróunarþjóðunum, bæði í Afríku, Suður-Ameríku, við Karabíska hafið og alls staðar á Kyrrahafinu. Þeir hafa skipt heimshöfunum niður í ákveðin svæði og unnið þau skipulega. Þetta hefur verið mjög áhættusamt fyrirtæki hjá þeim. Sum þessara stóru fyrirtækja hafa beinlínis riðað til falls vegna hinnar miklu áhættu sem þau taka, en þau hafa talið hana þess virði. Eins er hitt, að við skulum hafa það í huga — eða a. m. k. hef ég séð þær upplýsingar — að þessi athafnasemi Japana hefur haft jafnmikil áhrif til jákvæðrar þróunar í þróunarlöndunum og öll starfsemi FAO. Þetta hefur því ekki svo lítið að segja. Eins hef ég hugmyndir um það, að frændur okkar Færeyingar hafi unnið töluvert að þessum málum á undanförnum árum. Það væri vel þess virði að kynna sér þeirra starfsemi.

En ég vil sem sagt hvetja til þess að þessi till. verði tekin til gaumgæfilegrar umfjöllunar í þeirri nefnd sem henni verður vísað til og við samþykkjum hana að henni lokinni. Ég tel hana mikils virði.

Ólafur P. Pórðarson: Herra forseti. Svo undarlega ber við að ég hef fengið heldur bágt fyrir að bera hér upp spurningu varðandi þá þáltill. sem fram er borin og einnig átölur fyrir að hafa tekið hana alvarlega. En mér þykir þetta nú ekki sanngjarnt.

Ég virði út af fyrir sig 1. flm. fyrir að lýsa því hér yfir að ekki sé hægt að svara þeirri spurningu sem ég bar fram, það sé yfir höfuð ekki hægt, en ég ráðlegg honum jafnframt að fara varlega í að gefa slíkar yfirlýsingar áður en 9. þm. Reykv. hefur tekið til máls. Hann er ekki í neinum vandræðum með að gefa svör við því sem ekki er hægt að gefa svör við. Hann gaf meira að segja tvöfaldar skýringar á þessu.

Í fyrsta lagi útskýrði hann að þau skip væru á Vestfjörðum sem ætti að senda til útlanda. Ástæðan fyrir því væri sú, að þar ynnu Ástralíubúar, Tyrkir, Júgóslavar og fólk frá mjög mörgum löndum öðrum í fiski og jafnframt væri að finna svar við spurningunni í þjóðhagsáætlun ríkisstj. Það er því orðið dálítið hæpið að rjúka hjá hér strax upp í pontuna og lýsa því yfir að það sé ekki hægt að svara spurningum.

En aftur á móti lét hv. 9. þm. Reykv. ósvarað öðru. Hann fullyrti hér áðan að íslenskir sjómenn kæmu með meira aflamagn að landi en sjómenn nokkurs annars ríkis, en færði ekki fyrir því nein hagfræðileg rök á hvaða forsendum hægt væri að fara fram á að þeir skiluðu enn þá meira aflamagni. Hann lét ógert að gefa skýringar á því í sinni ræðu. Sannleikurinn er nefnilega sá, að það erlenda verkafólk sem er í vinnu á Íslandi vinnur fullkomlega fyrir kaupinu sínu og hin gjaldeyrisskapandi svæði, þar sem þetta verkafólk vinnur, hafa yfirleitt ekki það mörg veiðiskip hvert og eitt að það sé nokkur möguleiki að gera ráð fyrir að hægt sé að taka skip þaðan og senda þau á fjarlæg mið. Þetta veit hv. 9. þm. Reykv. Hann var í framboði fyrir vestan og ferðaðist um Vestfirði og kynntist þessum málum þó nokkuð. Og hann hefði varla talað svona á fundum þar um þessi mál. — Hann bjó þar einnig. Það er hárrétt athugað.

Ég tel að það sé í sjálfu sér fullkomlega góðra gjalda vert að athuga með möguleika á veiðum í erlendum fiskveiðilandhelgum og utan þeirra. En ég held að það sé mun meira raunsæi í því sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., þar sem hann ræddi möguleika á því að Íslendingar keyptu sér þá skip til slíkra veiða ef það væri hagkvæmt.

Menn hafa látið hér í það skína, að hægt væri að skrá íslenska krónu á mun hærra verði ef við færum í það að fækka skipum. Sannleikurinn er aftur á móti sá, að við erum búnir að skrá íslenska krónu að staðaldri allt of hátt. Hvernig færi fyrir íslenskum iðnaði ef við færum nú að hækka gengi krónunnar? Ætli það yrði ekki hrun, hv. þm. Halldór Blöndal?

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hér er til umr. till. um að fela ríkisstj. að kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu ríkja Norður-Ameríku og Vestur-Afríku. Þessi till. var lögð hér fram í fyrra, en ég held að hún hafi ekki verið rædd, ekki komist til umr. þá. Till. þessari lík var borin fram á hv. Alþingi fyrir um 20 árum. Þá var svipaður tónn í mönnum, að íslenski fiskveiðiflotinn væri dálítið of stór og það væru mörg veiðiskip þar óhagstæð og ekki nýtanleg við Íslandsstrendur. Það voru þá fyrst og fremst hinir svo kölluðu tappatogarar, sem höfðu verið keyptir af vinstri stjórninni, sem sat hér 1956—1958, og það var talin mikil nauðsyn að finna þessum skipum önnur mið til að fiska á en við Íslandsstrendur.

Mér finnst vera svipaður tónn í þessari till. og hinni 20 ára gömlu till., það sé verið að flýja frá þeim vandamálum sem þarf að leysa á heimavettvangi og flytja þau vandamál til annarra landa, annarra ríkja, þó að varla liggi það á bak við að aðrir en við stöndum undir rekstri þeirra skipa sem send yrðu á erlend fiskimið. Ég held að það sé nær, og vil taka undir orð hv. 5. þm. Vestf., að huga frekar að því að nýta betur afla okkar og nýta betur fiskiskipaflota okkar hér á heimaslóðum en hugsa til þess að beina honum á erlend fiskimið.

Það að senda flotann á erlend fiskimið kallar beinlínis á að uppi verði kröfur um að aðrar þjóðir fái að nýta íslensku fiskimiðin einnig. Ef við Íslendingar, sem fyrst og fremst erum fiskframleiðendur, ekki neytendur, förum að leita eftir því að nýta fiskiskipaflota okkar á erlendum miðum hlýtur það að koma fram að aðrir aðilar óska eftir að fara að komast á okkar mið. Að rökstyðja till. slíka sem þessa með því að Rússar og Japanir, Austur-Þjóðverjar og Kóreumenn fari á mið annara þjóða til að sækja sér afla er náttúrlega alveg út í bláinn. Allir þessir aðilar eru að sækja sér afla til þess að nýta á heimaslóð. Meginhluti þess afla sem þessar þjóðir veiða er nýttur heima. Þeir hafa tryggan markað fyrir þær afurðir sem þeir afla á erlendum miðum.

Ég lít svoleiðis á, að vandamál þess flota sem við viðurkennum, þó ekki allir, að sé of stór, að sumu leyti kannske heldur stór, sé allt annað en að lagst verði með því að vísa honum á erlend mið. Þar er stóra markmiðið að nýta betur þann fisk sem við fiskum. Við þurf-

um jafnvel að fjölga skipum, stækka skip og endurbyggja þau til þess að sá afli, sem við komum með að landi, verði betri og að sá afli, sem við seljum á erlenda markaði, lendi ekki í svipuðu og hefur verið t. d. á s. l. ári, að ýmsir hlutar íslenskrar framleiðsluvöru hafa verið endursendir heim eða allt að því. Við erum sjálfsagt með í minnum að á s. l. vori var hver fiskfarmurinn af öðrum sendur til Portúgals og lá við að sendingarnar yrðu að koma heim aftur, en það var síðan samið um að fiskurinn yrði tekinn af kaupendum með stórum afföllum. Slíkt þurfum við að forðast og við forðumst slíkt ekki með öðru en að breyta fiskveiðistefnu okkar hér heima og haga okkur svolítið öðruvísi á fiskimiðunum hér heima en við gerum. Það gerum við ekki með minni flota. Það gerum við fyrst og fremst með betur búnum flota og jafnvel stærri flota. Við þurfum að koma fleiri mönnum um borð í skipin okkar til þess að fara betur með fiskinn og við þurfum reyndar að fá fleiri menn, jafnvel Júgóslava og Araba, til að vinna við fiskverkunina okkar í landi til þess að við höfum möguleika á því að skila betri vöru.

Ég vil svo einnig taka undir fsp. hv. 5. þm. Vestf. um það og ítreka það, að þeir sem bera fram till. sem þessa hljóti að hafa í huga ákveðinn flota sem þeir ætla sér að senda á þessi mið. Þar af leiðandi hlýtur að verða að svara, það er ekki hægt að snúa sig út úr því svari: Hvaða skip eiga að fara? Er það kannske — það er dálítið nálægt mér og hv. flm. Eiði Guðnasyni — Skarðsvíkin? Og þannig má spyrja. Við eigum ekki að vera hrædd við að loðnuskipin okkar bætist við botnfiskflotann. Við eigum að nýta þann flota á þau mið og leita til þeirra miða sem eru okkur hér nær. Ákveðnu hlutfalli af þessum flota eigum við að beina á kolmunna, sem þegar er verið að gera, og við eigum að nýta þennan stóra flota meðan við bíðum eftir loðnunni, sem við væntum að komi hér á miðin aftur áður en langt um líður. Við eigum að nota þennan flota til öflunar afla sem við komum með að landi heima.

Ég nefndi í upphafi að fyrir 20 árum hefði verið borin fram svipuð tillaga og þessi. Hún fékk ekki undirtektir hér í þingi og ég held að hún hafi hvergi fengið neinar undirtektir úti um landið. Ég geri ráð fyrir að jafnvel þó að till. þessi fái undirtektir hér á hv. Alþingi, sem hún hefur fengið nokkrar, verði undirtektir hennar úti um landið á meðal sjómanna og útvegsmanna svipaðar og þeirrar till. sem hér var til meðferðar fyrir 20 árum og það sannist að sá floti sem við gerum út núna er nýtanlegur við Íslandsstrendur og óþarfi sé að senda hann til annarra landa.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég geta þess, sem ég veit að hæstv. sjútvrh. getur staðfest, að á fundi sem hann efndi til um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum fyrir um það bil hálfum mánuði til þremur vikum gáfu fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar þær upplýsingar að kolmunnastofninn væri þegar kominn á undanhald. M. ö. o. var það þeirra umsögn að ekki væri þess að vænta, því miður, að hægt væri t. d. að senda loðnuveiðiflotann til kolmunnaveiða, eins og menn hafa verið að vonast til, vegna þess að rannsóknir bentu til að sá stofn sé nú þegar kominn á undanhald, m. a. vegna þeirra miklu veiða sem stundaðar hafa verið af Rússum og öðrum austantjaldsríkjum. Þetta veit ég að hæstv. sjútvrh. er sjálfsagt reiðubúinn til að staðfesta. Ég held að menn verði að afla sér upplýsinga um hvernig ástandið er í þessum efnum áður en menn koma hér upp, eins og hv. þm. gerði áðan, og benda á svona atriði sem lausn í málinu.

Í öðru lagi kom það líka fram á þessum fundi með hæstv. sjútvrh., sem hann er sjálfsagt reiðubúinn til að staðfesta einnig og ég held að hann hafi upplýst hér á Alþingi fyrir skömmu, að það hefur orðið á síðasta 1 1/2 ári mjög alvarleg öfugþróun í sambandi við afköst fiskveiðiflota okkar. Frá árinu 1974 til ársins 1980 hefur afli á úthaldsdag stöðugt verið að aukast eða úr 7.4 tonnum hjá hinum minni skuttogurum á úthaldsdag árið 1974 í 11.9 tonn á úthaldsdag 1980—1981. Ég held að ég muni þessar tölur alveg rétt. Það sem síðar hefur gerst er að afköst þessa flota fara nú hraðminnkandi þannig að afli á úthaldsdag þessa flota er ekki lengur 11.9 tonn, heldur 10.7 tonn. Þetta er meginskýringin á slæmri afkomu þessa hluta veiðiflotans.

Hver er ástæðan fyrir þessu? Ástæðan fyrir þessu er m. a. sú, að þessum fiskiskipum hefur fjölgað svo mjög á umliðnum árum að afli á úthaldsdag vegna fjölgunar skipanna er nú minnkandi. M. ö. o. fer að kosta meira og meira í útgjöldum að ná sama afla og áður. Þetta skapar ekki aðeins vandamál fyrir þennan hluta fiskiskipaflotans, heldur fyrir þjóðfélagið í heild, og er ein af mörgum ástæðum þess að hæstv. ríkisstj. telur nú bráðnauðsynlegt að grípa til enn einna kjaraskerðingaraðgerðanna.

Hæstv. sjútvrh. hefur sjálfur sagt það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, og ætti samþm. hans á Vestfjörðum að vera farinn að þekkja þær upplýsingar, þ. e. ef hv. 5. þm. Vestf. telur sig ekki vera of mikinn mann til að hlusta á sinn eigin flokksformann, að erfiðleikarnir í afkomu þorskveiðiflotans stöfuðu m. a. sérstaklega af því að fyrirvaralítið hafi loðnuveiðiflotinn misst sín hefðbundnu viðfangsefni og hafi orðið að beina honum til þorskveiða til viðbótar við þann þorskveiðiflota sem fyrir er. Þm. Vestf. hafa þurft að horfa upp á það, m. a. vegna þessara ástæðna sem hæstv. sjútvrh. hefur lýst og ég var að endurtaka áðan að hlutdeild Vestfjarðatogara í þorskveiðum fer stöðugt minnkandi ár frá ári vegna þess að Vestfirðingum er bannað að sækja á þorskveiðimið fyrir Vestfjörðum vegna ástandsins sem m. a. hefur skapast af því að þorskveiðiflotinn er nú orðinn of stór. Ég kalla það algert ábyrgðarleysi af slíkum þm. að hafa á móti því að reynt sé að leita einhverra leiða til að létta þrýstingnum af þorskveiðunum, ef slíkt væri hægt, m. a. leiða til þess að finna viðfangsefni fyrir einhvern hluta flotans á miðum utan Íslandsmiða.

Hér er ekki verið að ræða um að skipa einhverjum útgerðarmönnum eða sjómönnum, sem ekki hefðu áhuga á eða vildu ekki fara, til veiða utan Íslandsmiða. Hér er ekki verið að ræða um tillögu um að skipa þeim að gera svo. Hér er aðeins verið að ræða um till. um að fela ríkisstj. að kanna hvort völ sé á því að finna einhver viðfangsefni fyrir einhvern hluta af flota landsmanna á öðrum miðum en þeim íslensku.

Ég vil einnig taka það fram í þessu sambandi, að ég hef rætt þessi mál við fiskiskipstjóra íslenska, sem hafa verið að veiðum á fjarlægum miðum, bæði á vegum fjölþjóðastofnana, svo sem eins og stofnana Sameinuðu þjóðanna og einnig á vegum erlendra útgerðarfyrirtækja. Ég ræddi síðast við einn slíkan skipstjóra fyrir um það bil hálfum mánuði vestur á Ísafirði. Hann sagði mér að hann undraðist að Íslendingar virtust vera eina meiri háttar fiskveiðiþjóðin sem reyndi ekki að bera sig eftir þeim

möguleikum sem þar blöstu við. Hann tók fram, að mjög víða langt frá okkar hefðbundnu miðum væri að finna ekki bara fiskiskip frá stórþjóðum í Evrópu, austantjalds og vestan, heldur einnig fiskiskip frá frændum okkar Færeyingum. Þau væru mjög víða utan hefðbundinna veiðisvæða sinna, en hins vegar væri það algjör undantekning og nánast ekki til hin síðari ár að Íslendingar leituðu eftir því.

Hann benti í öðru lagi á að með þessu væru menn að vinna sér hefðbundinn veiðirétt á tilteknum miðum í nánd við okkar íslensku fiskimið. Þarna væri um að ræða veiðileyfi sem seld væru m. a. vegna þess að enn um sinn væru til fiskimið sem ekki væru fullnýtt. Þar væri hægt að afla möguleika á veiðileyfakaupum, þ. e. ekki gagnkvæms samkomulags um að hleypa veiðiskipum annarra þjóða í íslenska fiskveiðilögsögu, heldur möguleika á að *fá veiðileyfi keypt. Hann sagði að þessar stórþjóðir, sem* mjög mikla áherslu leggja nú á fiskveiðar, væru m. a. að vinna sér hefðbundinn veiðirétt á þessari veiðislóð með því að festa þar kaup nú á veiðileyfum, sem mundu gefa þeim tiltekinn hefðarrétt til þess að stunda veiðar á þessum slóðum eftir 5 eða 10 ár, þegar að því kæmi að einnig þessar veiðislóðir væru fullnýttar.

Í fjórða lagi vil ég taka það fram, að ég hef einnig rætt þetta mál við fiskiskipstjóra af Vestfjörðum og það gæti ég upplýst hv. 5. þm. Vestf. um, ef hann væri hér í salnum, að þeir skipstjórar sem ég hef rætt þetta við — gerði það síðast á fundi á Ísafirði fyrir hálfri viku — taka mjög undir það meginefni till. að reynt sé að athuga hvaða möguleikar séu fyrir íslenskan fiskiskipaflota á öðrum miðum en þeim hefðbundnu. Þeim er það auðvitað ljóst, skipstjórum á Vestfjörðum, sem búa í næsta nágrenni við auðugustu þorskveiðimið landsins, að það *er beint hagsmunamál fyrir íbúa þessa svæðis að fá að* nýta þorskveiðimiðin undan ströndum Vestfjarða, að fá að nýta Vestfjarðamið betur en þeir gera, betur en þeir hafa fengið að gera á undanförnum árum, þegar hlutdeild Vestfirðinga í þorskveiðum hefur stöðugt farið minnkandi vegna lokunar Vestfjarðamiða fyrir Vestfirðingum sjálfum stóran hluta ársins. Þeir gera sér það alveg fyllilega ljóst, þessir menn, að ef hægt væri að létta þrýstingnum af þorskveiðunum, með hvaða hætti svo sem það væri hægt, þannig að þeir sem búa í næsta nágrenni við þessi auðugu mið gætu fengið að nýta þau betur en þeir fá, væri það beinn ávinningur fyrir viðkomandi aðila og byggðarlög.

Herra forseti. Þetta vildi ég aðeins taka fram til upplýsingar og jafnframt leggja áherslu á að till. þessi gerir ekki ráð fyrir að skipa útvegsmanni eða sjómanni eitt eða neitt sem hann ekki vill sjálfur. Till. gerir aðeins ráð fyrir að hæstv. *ríkisstj. hafi frumkvæði að því að kanna þá* möguleika sem íslenski fiskveiðiflotinn kynni að geta haft til veiða á fjarlægari miðum.

Ég vil svo aðeins í tilefni af þeim umr. sem hér hafa fram farið og þætti hv. 5. þm. Vestf. í þeim vekja athygli á því, að hér fyrr á fundinum var afgreitt hvernig ræða skyldi till. um endurreisn Reykholtsstaðar. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að ræða þá till. sem allra fyrst.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að ég gat ekki verið við framsögu um þessa till., en vil þó segja örfá orð.

Ég vil upplýsa í fyrsta lagi, að þetta mál hefur dálítið verið kannað m. a. eftir að loðnubresturinn varð hér eða úr loðnuveiðum dró eins og menn þekkja. Þá ræddi ég þetta við Landbúnaðar- og matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna. Ég hafði bæði tækifæri til þess við komu forstjóra þeirrar stofnunar hingað til lands og einnig heimsótti ég þá stofnun og ræddi það þá mjög ítarlega. FAO hefur glöggar upplýsingar um slíka möguleika um heim allan, því stofnunin er starfandi að þessum málum. Í ljós kom, að þeir töldu vera möguleika á slíkri veiði í Indlandshafi fyrst og fremst, þar sem stór fiskstofn hefur verið uppgötvaður með aðstoð þessarar stofnunar. Ég kom síðan á viðræðum á milli fulltrúa stofnunarinnar og Landssambands ísl. útvegsmanna. Íslendingur, sem starfar á vegum stofnunarinnar, kom hingað heim og hitti Landssamband ísl. útvegsmanna eða forsvarsmenn þeirra, en út úr þessu kom ekki neitt. Það virtist enginn áhugi vera á þessu hjá íslenskum skipstjórnarmönnum. *Ég óskaði einnig eftir því við utanrrn. að kanna þessa* möguleika í Suður-Ameríku. Það var reyndar fyrr. Út úr því kom ekki heldur neitt.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel sjálfsagt að skoða svona möguleika ef menn hafa áhuga á því, en hins vegar vil ég taka mjög undir það sem kom fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni hérna áðan. Ég held að flotinn okkar hér heima hafi næg verkefni. Ég get ekki tekið undir það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það sé stærð flotans sem hefur takmarkað þorskveiðar út af Vestfjörðum. Það sem hefur takmarkað þorskveiðar þar hafa verið miklar skyndilokanir nú upp á síðkastið vegna þess að þorskur þar hefur verið mjög smár. Ég vek athygli á því, að sú verndunaraðgerð sem beitt hefur verið hér nú árum saman er eitt af því athyglisverðasta sem við höfum gert til að vernda smáþorskinn. Náðst hefur með þessu mjög góður árangur. Fyrir nokkrum árum, t. d. 1976—1977, *var um fjórðungur af veiddum þorski þriggja* ára þorskur eða yngri, en nú er það talið vera um 5—6 af hundraði. Þorskurinn hefur haldið sig núna miklu meira á Austfjarðamiðum og þess vegna hefur að sjálfsögðu breyst hlutfallið á milli Vestfjarða og Austfjarða í þessu sambandi. Vestfjarðatogararnir hafa orðið, eins og allir þekkja, að sækja lengra en þeir þurftu undanfarin ár. En það hefur jafnframt valdið erfiðleikum út af Vestfjörðum nú að þar hefur orðið að loka vegna þess að þar hefur verið mikið af smáfiski. Að sjálfsögðu hefur það ekki aðeins bitnað á Vestfjarðaskipunum, heldur öllum skipum. Það mátti skilja á hv. þm. að þetta væri einhver sérstök lokun sem Vestfjarðaskip yrðu fyrir.

Mikið hefur verið talað um stærð flotans og veit ég ekki hvort ég á að fara að rifja þær umr. upp. Það er staðreynd, að þrátt fyrir þessa miklu stærð flotans mun okkur vanta líklega um 80 þús. tonn til að ná því sem *fiskifræðingar enn, þrátt fyrir samdrátt í veiðum, telja að* óhætt sé að taka og þjóðarbúið svo sannarlega þarf á að halda.

Ég hef hins vegar sagt, eins og kom fram hjá hv. þm., að ég tel þorskveiðiflotann orðinn nokkuð of stóran eftir að loðnuflotinn bættist við, en það er hins vegar einlæg von mín, og ég veit allra hér, að sá floti fái fljótlega verkefni við sitt hæfi. Ég get nú upplýst, að leiðangur Hafrannsóknastofnunar er nýkominn að landi eftir loðnumælingar. Í þessum leiðangri mældust nú um 265 þús. lestir af hrygningarloðnu, sem er veruleg aukning frá því í fyrra á sama tíma. Til upplýsinga skal ég geta þess, að árið 1980 mældust samtals af tveggja og þriggja ára loðnu, þ. e. loðnu sem er kynþroska, um 500 þús.

lestir og eins og menn e. t. v. muna mældust hins vegar á sama tíma 1981 aðeins um 139 þús. lestir, en nú 265, svo þarna virðist nú vera einhver bati á ferðinni. Hins vegar skal tekið fram, að ég mun ekki gera á þessum grundvelli till. um neinar veiðar af þessum hrygningarstofni.

En það er ekki síður athyglisvert að eins árs loðna hefur mælst meiri nú en undanfarin ár. Árið 1980 mældust 171 þús. lestir af eins árs loðnu, en í fyrra aðeins 5 þús. lestir, en nú mældust um 160—300 þús. lestir. Því virðist vera meiri eins árs loðna á ferðinni a. m. k. en mælst hefur undanfarin ár. Að vísu taka fiskifræðingarnir fram, að erfitt er að byggja á mælingum á eins árs loðnu, en jafnframt hefur komið fram að aðstaða er að ýmsu leyti góð á svæðinu nú og því er e. t. v. ástæða til bjartsýni með loðnuveiðar annað haust. Ekki skal ég út af fyrir sig segja meira um það, en þau orð hef ég eftir fiskifræðingum. Ef það fer svo, að loðnuveiðar geta hafist að nýju fær loðnuflotinn að nýju verkefni við sitt hæfi.

Af því að hér var minnst nokkuð á kolmunnastofninn vil ég geta þess, að sjútvrn. hefur nú notað það fjármagn, sem það hefur, til að beina skipum á kolmunnaveiðar og reyndar gert það undanfarin ár. Í ljós kom við mjög ítarlega tilraun sem gerð var á s. l. ári á kolmunnaveiðum í bræðslu, að það er ekki arðbært. Styrkur reyndist þurfa að vera um það bil helmingur af aflaverðmæti til að slík veiði kæmi til greina. Hins vegar hefur verið unnið að rannsóknum og tilraunum með Norðmönnum og Færeyingum og ítarlegar upplýsingar fengist af tilraunum Færeyinga á því sviði. Þar hefur veiði aukist á kolmunna til manneldis í verksmiðjuskipum og niðurstaðan varð því sú, að þrjú íslensk skip verða útbúin til slíkra veiða. Eitt skipið, fyrsta skipið, Eldborgin, sigldi til veiða hygg ég s. l. sunnudag. Var þá búið að ganga frá því skipi með vélum til að vinna kolmunnann um borð. Mjög fróðlegt verður að fylgjast með þessari tilraun til kolmunnaveiða. Þótt það sé rétt, sem einnig kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að fiskifræðingar óttast að veiðar á kolmunna séu að nálgast hámark er okkar hlutur þar langt fyrir neðan það sem okkur bæri í raun og veru miðað við göngu kolmunnans í gegnum íslenska fiskveiðilögsögu. Því er ákaflega mikilvægt að við höslum okkur völl í kolmunnaveiðum.

Hins vegar er fáviska að senda 30 skip á kolmunna, sem ég sá í einhverju dagblaðinu. Það er ekki minnsti grundvöllur til slíks eins og nú standa sakir með þær veiðar.

Ég vil jafnframt sérstaklega taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni, að það er gífurlega stórt verkefni fram undan að bæta meðferð á afla um borð í íslenskum fiskveiðiskipum. Ég get skýrt frá því, að nú um nokkra mánuði hefur verið unnið mjög ítarlega í þeim málum í framhaldi af vinnu sem fór fram á vegum fyrirrennara míns, hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, og nál. sem þá var skilað. Ég geri ráð fyrir að frv. um breytingar á framleiðslueftirliti verði lagt fram á þingi innan tíðar og jafnframt verði endurskoðaðar reglur um meðferð á afla um borð í fiskiskipum, sem tvímælalaust munu leiða til þess — við skulum horfast í augu við það — að úr toppunum verður dregið. Varla er annað mögulegt, því það sýnir sig að í þessum gífurlegu toppum, bæði á togveiðum og netaveiðum, er farið illa með afla og áreiðanlega má rekja þær leiðu fréttir sem við höfum haft af lélegri framleiðslu til slíkra toppa að stórum hluta. Þó að dregið hafi úr afla á togdag, eins og kom fram hjá hv. þm., hygg ég að það út af fyrir sig sé ekki alvarlegt. Ég hygg að jafnvel kunni að reynast nauðsynlegt að setja á hömlur sem leiða til þess að eitthvað meira dragi úr afla á dag. Þetta mál verður til umr. með hagsmunaaðilum núna næstu dagana og vikurnar og eflaust berst það svo inn í sali hins háa Alþingis.

Ég hef sem sagt ekkert við það að athuga að veiðar erlendis séu kannaðar, en vildi upplýsa að það virðist vera mjög takmarkaður áhugi á slíkum veiðum. Ég hef einnig rætt við allmarga, bæði skipstjóra og útgerðarmenn, og mér hefur heyrst að þeir hafi tiltölulega lítinn áhuga á þessum möguleika. Einnig hefur komið fram í því sambandi að verð á fiski víða erlendis er töluvert lægra en hér og því takmarkaður áhugi af þeim ástæðum. Sjálfsagt er að kanna þetta, ef einhver hefði áhuga á slíku, en ég held að það leysi á engan máta vandamál íslenskrar útgerðar í dag.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég get látið efnislega útrætt um þetta mál. Hins vegar kann ég illa við að menn geri mér upp orð og þarf því að gera tvær leiðréttingar á fullyrðingum hv. 5. þm. Vestf.

Hann fullyrti, að ef þessi þáltill. kæmi til framkvæmda, sem er um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi, þá hefði ég fullyrt að þau skip sem þannig fengju ný verkefni væru vestfirsk skip. Ég vil taka það skýrt fram, að þetta eru hans orð en ekki mín. Ég sagði ekkert slíkt. Mér er fullkunnugt um að fiskvinnslufyrirtæki og útgerðarfyrirtæki á Vestfjörðum eru mörg hver rekin þannig að til fyrirmyndar er. Ég var að ræða um vanda þeirra skipa sem í öllum opinberum gögnum eru lýst því sem næst gjaldþrota og tvöfaldur afli gæti ekki forðað undan hamrinum. Þau skip er ekki öll að finna á Vestfjörðum, sem betur fer. Þau er víða að finna.

Þau orð, sem ég lét falla um erlent vinnuafl á Vestfjörðum, staðfesta það auðvitað, sem alþjóð er kunnugt, að þegar mikill afli berst á land er hann meiri en svo að fólk fái við ráðið að vinna með eðlilegum hætti og eðlilegum vinnutíma, enda er það alkunna að vinnuþrældómur var með ólíkindum, þó eitthvað hafi dregið úr því í seinni tíð.

Önnur fullyrðing þm, sem hann eignaði mér, var sú, að ef togurum yrði fækkað væri ég að mæla með auknu vinnuálagi sjómanna. Hann virtist gefa í skyn, að fjölgun togara við veiðar á sama eða minnkandi aflamagni væri sjómönnum í hag. Bæði er að ég sagði ekkert slíkt og hitt, að þetta eru auðvitað hinar mestu fjarstæður. Það er fjarstæða að kjör sjómanna, sem ráðnir eru upp á hlut, hafi batnað við að fjölga skipum til að veiða minnkandi afla. Það er auðvitað bein kjaraskerðing, enda hafa sjómenn mátt af þessum sökum þola mjög alvarlega kjaraskerðingu. Strit þeirra er samt óbreytt.

Ef um það er að ræða, að menn taki alvarlega hugmyndirnar um jöfnun afla og vinnslu, eins og margir stjórnarliðar hafa tekið undir, þá kann vel að vera að í því felist að það megi fjölga mönnum um borð, ef það leiðir til bættrar aflameðferðar, aukinna gæða og hærra verðs fyrir afurðina.

Þetta gefur tilefni til þess að lokum að taka undir þá athugasemd hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að endurreisn Reykholtsstaðar bíði enn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var ánægjulegt að heyra það, að ráðh. tók undir þessa till. og var

reiðubúinn að styðja hana. Það var líka ánægjulegt að heyra, að hann hefði komist til þess að skoða það starf sem unnið var meðan ég var sjútvrh. varðandi breytingar á fyrirkomulagi framleiðsluefirlits. Það var þeim mun ánægjulegra sem margt af þeim verkum sem hann hefur staðið í hefur vakið mikil vonbrigði, ekki bara hjá mér heldur hjá þjóðinni, og orðið okkur til mikils skaða, eins og kunnugt er.

Ég held að það fari ekkert milli mála og öllum sé orðið það ljóst, að sú aðferð sem notuð hefur verið að undanförnu við að stórauka fiskiskipastólinn skaði bæði sjómenn, útgerð og landsmenn í heild. Menn hafa í rauninni verið að éta yfir sig varðandi þetta efni, farið út á þá braut að fjárfesta of mikið á sama hátt og menn hafa lent í miklum vanda í landbúnaðinum vegna offramleiðslugetu. Þegar þannig fer í sjávarútvegi, þá er ráðist að sjálfum undirstöðum íslensks efnahagslífs.

Það skemmdarverk, sem hefur verið unnið á afkomu sjávarútvegsins í tíð núv. ríkisstj., mun taka langan tíma að bæta, en sú till. sem hér er flutt er tilraun til þess að leita leiða út úr þeim vanda sem ríkisstj. hefur skapað. Þess vegna var það auðvitað ánægjulegt, að hæstv. sjútvrh. skyldi mæla með því að þessi till. yrði samþykkt. En það vakti sérstök vonbrigði að ýmsir þm. hjakka enn í sama farinu. Ég get þar nefnt annars vegar sérstaklega þm. Ólaf Þórðarson og hins vegar hv. þm. Skúla Alexandersson. Það var góð og gild stefna á sínum tíma að stækka fiskiskipastólinn, alveg hreint á sama hátt og það var góð og gild stefna á sínum tíma að auka framleiðslugetu landbúnaðarins, en það er stórhættulegt ef menn eru ekki reiðubúnir að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma og hjakka áfram í sama farinu aftur og aftur. Núna er sú stefna sem fylgt hefur verið í landbúnaðarmálum stefna sem þýðir versnandi lífskjör. Sú stefna, sem ríkisstj. hefur fylgt og þessir hv. þm. töluðu fyrir, þýðir líka versnandi lífskjör í þessu landi við núverandi aðstæður. Það er verið að tala hér fyrir úreltum sjónarmiðum. Það er eins og menn séu steinrunnir. Það er þetta sem hefur verið mikill ágalli á íslensku stjórnkerfi á undanförnum árum. Menn hafa ekki verið reiðubúnir að breyta um stefnu þegar tímar hafa breyst. Þegar maður horfir upp á þá reynslu, sem við höfum orðið fyrir í landbúnaðarmálunum allan s. l. áratug og í sjávarútvegsmálunum í tíð núv. ríkisstj., horfir maður með ugg til framtíðarinnar, þegar við stöndum á þröskuldi tölvualdar þar sem sjálfvirkni mun aukast og þar sem menn þurfa skjót og skynsamleg viðbrögð við að aðlagast nýjum aðstæðum, þannig að tæknin geti nýst okkur til þess að bæta lífskjörin, en verði ekki til þess að skapa hér atvinnuleysi.

Íslenskir stjórnmálamenn standa í því öllum stundum að sjá til þess, bæði „prívat" og með tillöguflutningi, að framfylgja úreltri stefnu í atvinnumálum, sem rýrir lífskjör þjóðarinnar. Þeir komast ekki til þess að hugsa einu sinni um þessi mál — reyndar kannske vegna þess að þeir eru svo uppteknir í bráðabirgðahjakki frá mánuði til mánaðar að þeir gefa sér aldrei tóm til þess að líta til framtíðarinnar og hafa svolitla framtíðarsýn.

Ég ætlaði mér ekki, herra forseti, að fjalla sérstaklega um þetta mál á þessum vettvangi núna, en þær ræður sem hér voru haldnar gerðu það að verkum að ég gat ekki stillt mig um að benda á hvert grundvallaratriði það er að menn taki upp gerbreytta stefnu í þessum málum. Fyrir því höfum við Alþfl.-menn talað á undanförnum árum.

Auðvitað er það rétt, að það á að gera allt sem unnt er til að nýta betur þann fisk sem kemur úr sjónum og við eigum að gera hvað við getum til þess að gæði útflutningsins séu sem mest. En það firrir okkur ekki því, að við verðum að taka skynsamlegar ákvarðanir um nýtingu fiskistofnanna og um stærð fiskiskipastólsins. Stærð fiskiskipastólsins ræður langmestu um hver tilkostnaðurinn er við veiðarnar og þar með um afkomu útgerðar og um afkomu þjóðarbúsins. Þetta er langmikilvægasta stærðin. Jafnframt verða menn að hafa það í huga, að ef við ætlum að stunda hér lífvænlegan sjávarútveg er meginatriði að við stöndum vörð um fiskistofnana og höfum sterka fiskistofna, þannig að menn þurfi ekki að eltast um allan sjó til þess að fá nokkrar bröndur. Þá vex líka tilkostnaðurinn. Með því að hafa sterka fiskistofna og stóra fiskistofna getum við líka minnkað tilkostnaðinn af útgerðinni.

Menn tala um að það sé hætta á vaxandi samkeppni af hálfu t. d. Kanadamanna, og það er rétt. Það er einungis tvennt sem við getum notað til þess að mæta þeirri samkeppni. Í fyrsta lagi getum við tileinkað okkur tækni í fiskiðnaðinum, þannig að við séum þeim fremri á hverjum tíma í fiskiðnaðinum. Það kostar gífurlega fjármuni. Þangað eigum við að beina þeim. Hitt er að hafa skynsamlega stjórn á fiskveiðunum með því að takmarka stærð fiskiskipastólsins og hafa sterka fiskistofna. Kanadamenn hafa ákveðið að byggja upp við austurströnd sína hrygningarstofn, sem er milljón tonn í þorski, til þess að taka úr honum á hverju ári 200—300 þús. tonn af þorski. Þeir leggja svo ríka áherslu á að jafnvel þótt hrygning mistakist geti þeir haldið áfram að veiða sama magn eftir sem áður og án þess að auka tilkostnaðinn. Þetta skiptir líka meginmáli varðandi afkomu okkar.

Herra forseti. Sú till., sem hér er flutt, er tilraun til þess að feta sig út úr þeim vandræðum sem núv. ríkisstj. hefur komið þessum málum í. Ég held að hún sé sjálfsögð. Þetta er tilraun sem ber að gera. Málið er það alvarlegt að það verður að leita allra ráða. Ég vænti þess, að hún fái víðtækan stuðning og mér þykir vænt um að hæstv. sjútvrh. skuli hafa lýst yfir stuðningi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að koma hér svona fljótt aftur upp. Um leið og ég endurtek að ég sé svo sannarlega ekkert athugavert við það að skoða það sem felst í þessari till. vil ég hins vegar lýsa því yfir, að ég er ákaflega ósammála því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Satt að segja, því meira sem ég velti fyrir mér þessum reiknikúnstum, að stærð fiskveiðiflotans sé stærsta efnahagsvandamál íslensku þjóðarinnar, því minni skynsemi sé ég í þeim. Þegar menn jafnvel leyfa sér að deila í aflann með tonnatölu flotans, og fá þá meiri afla að sjálfsögðu per tonn eftir því sem tonnatala flotans verður minni, nær slíkt ekki nokkurri átt. En svona virðast mér í raun og veru dæmin gerð.

Að sjálfsögðu eykst ekki afli á þau skip sem eftir eru í sama hlutfalli og skipunum fækkar, því fer víðs fjarri. M. a. kemur það greinilega fram í því reiknimódeli sem verið er að vinna að og hv. þm. lét hefja vinnu við á sínum tíma. Ég vil halda því fram, að vandamálið sé of dýr skip. Það er miklu frekar það. Það er of mikið fjármagn í þessum nýju skipum.

Eitt mitt fyrsta verk, þegar ég tók við þessu starfi, var

að breyta ákvörðun fyrirrennara míns og heimila endurnýjun á togaranum Guðbjörgu á Ísafirði. Það skip hefur borið að landi ómældan auð í íslenskt þjóðarbú, gífurlegan auð, og þó að það sé eflaust að mati sumra syndsamlegt að hafa leyft þá endurnýjun í nokkuð stærra skipi tel ég það eitt af mínum betri verkum.

Ég hef nýlega skoðað verðsamanburð á Ottó Þorlákssyni og Guðbjörgu, ítarlegan samanburð sem Fiskveiðasjóður gerir. Þar kemur fram, að mati Fiskveiðasjóðs, að Ottó kosti 44% meira en Guðbjörg. Það munar um þann bagga. Ég hef svo sannarlega ekki á móti því að byggja skipin hér heima, vildi gjarnan hafa þau öll byggð hér heima, en það er ófært á meðan íslenskum skipasmíðastöðvum er ekki gert kleift að keppa við þær erlendu, m. a. vegna gífurlegs fjármagnskostnaðar, vaxtakostnaðar o. s. frv., sem hvílir á þeirri fjármögnun sem íslenskar skipasmíðastöðvar hafa aðgang að. Þarna held ég að sé langsamlega stærsti vandinn.

Ég hef áður getið þess, að aðeins hjá þeim 15 togurum, sem skoðaðir voru sérstaklega og byggðir á árunum 1977—1980, kemur í ljós að fjármagnskostnaður umfram meðaltalið er 75 millj. kr. á ári að núvirði. Ef þetta er dregið frá batnar afkoma minni togaranna í heild um 4 prósentustig. Það munar hvorki meira né minna um þetta.

Einnig kemur í ljós að sú fjármögnun, sem íslenskar skipasmíðastöðvar hafa haft aðgang að, sem er í dollurum, bar á síðasta ári raunvexti, sem voru 23% fyrir ofan verðbólgu, 23% raunvextir. Það er alveg ljóst að engin útgerð fær borið slíkt. Það getur verið að Reykjavíkurborg geti greitt tapið af Ottó Þorlákssyni, sem er gífurlegt með slíkan fjármagnskostnað, en mörg minni sveitarfélög og minni staðir geta það alls ekki.

Ég vil þess vegna leyfa mér að halda því fram að þarna sé vandamálið, en alls ekki í of stórum flota, stórum flota sem þarf að fara vel með fiskinn og reyndar að ná meiri afla en við náum í dag.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. sjútvrh. jákvæðar undirtektir við þessa till., sem hefur satt best að segja vakið meiri og víðtækari umræður en ég átti von á. Mér var kunnugt um að hæstv. ráðh. hafði nokkuð látið athuga það mál sem till. fjallar um. Ég held hins vegar að brýnt sé að sú athugun sé gerð að nýju og ekki síður að athugun á þessu máli sé stöðugt í gangi og þessir möguleikar séu kannaðir.

Ég minnist þess ekki að sagt hafi verið í þessum umræðum að stærsta og eina efnahagsvandamál Íslendinga væri of stór fiskifloti. Ég held að þar hafi verið fulldjúpt í árinni tekið hjá hæstv. ráðh. Hins vegar höfum við Alþfl.-menn margsinnis bent á að eitt af okkar vandamálum er taumlaus eða taumlítill innflutningur fiskiskipa, sem hefur verið leyfður í ráðherratíð hæstv. sjútvrh. Við höfum bent á að hann hafi skapað margvísleg vandamál. Það þýðir ekkert að standa hér í ræðustól og afneita beinhörðum tölum og segja bara: Þetta eru reikningskúnstir. Ég hélt satt að segja að það væri fyrir neðan virðingu hæstv. ráðh. að leyfa sér málflutning af því tagi. Menn verða auðvitað að taka staðreyndum þó að þær séu óskemmtilegar. En ég þakka ráðh. jákvæðar undirtektir við till.

Megintilefni þess að ég kvaddi mér hér hljóðs að nýju var þó kannske fyrst og fremst ræða sú sem hv. 4. þm. Vesturl. flutti hér áðan og nokkur ummæli sem hann lét sér um munn fara. Í fyrsta lagi að þessi till. kallaði á veiðar annarra þjóða hér við land. Það er ekkert í þessari till., ekki stafur, ekki orð, ekki setning, sem gefur tilefni til þess, ekki nokkur skapaður hlutur. Menn tala hér enn um stærð fiskiflotans. Það gerði líka hv. þm. Skúli Alexandersson og vildi nú ekki gera mikið úr því. En það er athyglisvert að bæði hann og hæstv. sjútvrh. notuðu orðin „ívið of stór, heldur stór". Hvað er það annað en viðurkenning á því að fiskiskipaflotinn sé of stór, þegar sagt er að hann sé heldur stór, ívið stór eða eitthvað í þá áttina? Það þýðir bara á mannamáli að fiskiflotinn sé of stór, og ástæðulaust að vera að skafa neitt utan af því. En það sem mér fannst þó kannske alvarlegast og einkennilegast í þessari ræðu var það að við ættum að flytja inn fleiri Júgóslava og Araba til að vinna í fiski. Það var sagt hér úr þessum ræðustól. Þetta er alrangt. Það koma þúsundir og aftur þúsundir Íslendinga á vinnumarkaðinn á hverju ári og við eigum að gera störfin bæði við fiskveiðar og fiskvinnslu aðlaðandi fyrir þetta fólk. Við eigum ekki að stefna að því að flytja inn fleiri Júgóslava og fleiri Araba til að starfa í okkar fiskiðnaði. Það er alröng stefna. Satt að segja átti ég ekki von á því, það kemur mér mjög á óvart að heyra þetta frá hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Ég vona bara að honum hafi orðið á mismæli í sinni ræðu hér áðan, vegna þess að við eigum að gera þessi störf aðlaðandi fyrir okkar fólk, við eigum ekki að stefna að því að hafa útlenda farandverkamenn sem uppistöðuna í okkar fiskiðnaði og fiskvinnslu, það er alröng og raunar hættuleg stefna. Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum að því.

Hv. þm. Skúli Alexandersson kom hér í ræðustól og nafngreindi ákveðin skip, hvort að við tillögumenn værum með í huga að það ætti að senda Skarðsvíkina á veiðar einhvers staðar við strönd Norður-Ameríku eða Vestur-Afríku. Ég á von á því að næst komi annaðhvort hann eða hv. þm. Ólafur Þórðarson og spyrji hvort við viljum ekki nafngreina menn sem eigi að senda til þessara veiða. Þetta er auðvitað svo fáránlegur og furðulegur málflutningur að það tekur engu tali. Þessi till. fjallar eingöngu um það að kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk skip, þetta fjallar eingöngu um það að nýta betur þau fiskiskip sem við eigum. Það er enginn að tala um að gera einhverjar ráðstafanir sem leiði til atvinnuleysis hér. Hver hefur minnst á það? Jú, hv. þm. Ólafur Þórðarson hefur minnst á það. Það dettur auðvitað engum manni slíkt í hug. Þetta er eingöngu hugsað til þess að skapa íslenskum sjómönnum og íslenskum fiskiskipaflota aukin og ný verkefni, leita á nýjar slóðir. Það viðurkenna allir að flotinn er of stór. Hann gæti nýst okkur betur. Hann gæti aflað aukinna verðmæta. Það er allt og sumt sem vakir fyrir okkur með flutningi þessarar till.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður. Hv. 5. þm. Vesturl. talaði um að ég hefði sagt að æskilegt væri að nota — ja, ég nafngreindi víst bæði Júgóslava og Araba, við fiskvinnslu á Íslandi. Ég skal endurtaka þetta hér og undirstrika að ég tel að við þær aðstæður þegar við færum að landi mikinn afla, sem íslenskar hendur geta ekki sinnt, eins og hefur verið meira og minna vítt og breitt um landið, þá er það betri lausn að flytja inn í landið verkafólk frá öðrum þjóðum en að flytja íslenska fiskiflotann til annarra þjóða og á önnur fiskimið.

Ég tek undir það að það er nauðsynlegt að gera íslensku fiskvinnsluna það aðlaðandi að fleiri Íslendingar vilji vinna þar, og að því er stefnt vítt og breitt um landið. Á síðustu árum hafa átt sér stað mikil umskipti hvað því viðvíkur. En hitt tel ég ólíkt betri kost, að flytja hingað útlendinga, Ástrala sem hafa verið flestir hér og nú upp á síðkastið Dani, til þess að vinna við íslenska fiskinn en að senda fiskiskipin á erlend mið.

Hv. þm. taldi það hálfgerða ósvinnu af mér og 5. þm. Vestf. að óska eftir nafngreiningu á skipum eða jafnvel mönnum þeim er skyldu sigla á erlend fiskimið. Ég held að þegar menn koma með till. sem þessa hljóti þeir að vera með ákveðin skip í huga, eða a. m. k. ákveðinn hluta veiðiflotans. Ég geri ráð fyrir því að einmitt með tilliti til þessarar till. sé það fyrst og fremst loðnuflotinn sem um sé hugsað. Í þeim flota var einmitt það skip sem ég nafngreindi áðan og þar af leiðandi ekki ótrúlegt að það sé eitt af þeim skipum sem ættu að fara á hin erlendu fiskimið.

Sú fullyrðing að í þessari till. felist ekki það að verið sé að skapa möguleika fyrir atvinnuleysi í sjávarþorpum á Íslandi er algerlega röng. Um leið og íslensku fiskiskipin eru send á önnur fiskimið en þau íslensku og þau flytja ekki afla til fiskvinnslustöðvanna í sjávarútvegsbæjunum þá skapast þar atvinnuleysi. Framkvæmd slíkrar till., að ákveðinn hluti íslenska fiskveiðiflotans færi á erlend fiskimið, gerir nákvæmlega það sama að verkum og þegar íslensku fiskiskipin eru að sigla með afla á erlendan markað. Það gerir það að verkum að það skapast atvinnuleysi og minnkandi atvinna í íslenskum fiskibæjum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að ræða hér allt það sem sagt hefur verið um þá spurningu sem ég varpaði hér fram í mesta sakleysi á sínum tíma. En ég vil leiðrétta þann misskilning að það sé frá mér komið að þetta leiði til atvinnuleysis. Það kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. En hann hafði aftur á móti ekki stórar áhyggjur af því, það var annað mál. Og hann var líka með hrein svör við því hvar skipin væru sem ættu að fara úr landi. En það er ekki skrýtið þó að hv. 5. þm. Vesturl. sé kominn á þurrt land í þessum efnum og telji ekki óhætt að fara út í fiskihafnirnar til að benda á hvaða skip þau séu sem eiga að fara úr landi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 27. október 1982.

Þar sem ég vegna veikindaforfalla mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni óska ég þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Ólafur Jóhannesson,
5. þm. Reykv."

Haraldur Ólafsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því eigi að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Orlof, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Fyrir liggur frv. til l. um breytingu á lögum um orlof, nr. 87 frá 24. des. 1971. Ég hef mælt fyrir svona frv. áður og tel því ástæðulaust að fara mörgum orðum um það. Frv. er þó að nokkru breytt frá því í fyrra þar sem við flm. höfum ákveðið að fara fram á það að verkafólk fái sams konar orlof og gerist meðal opinberra starfsmanna. Því hefur orðið viðbót í tillögu okkar er hljóðar svo:

„Starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð hefur 40 ára aldri á því orlofsári sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkv. 1. gr. þessarar gr. fá þrjá daga í orlof, og sá, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá þrjá daga til viðbótar."

Í 2. gr. segir í framhaldi af þessu: „Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum vegna þeirra sem rétt eiga á lágmarksorlofi. Við 10 ára starf eða 40 ára aldur hækkar orlofsfé í 11.59% og við 18 ára starf eða 50 ára aldur hækkar orlofsfé í 13.40%". Þetta er viðbót frá því sem verið hefur undanfarin þing, en till. okkar um lengingu orlofs hefur ekki náð fram að ganga. Það hefur verið andstaða gegn því, málið hefur verið svæft og við höfum ekki náð því fram.

Ástæða fyrir þessum tillöguflutningi er sú, að verkafólk hefur verið mjög óánægt með það að njóta ekki sömu orlofskjara eins og gengur og gerist annars staðar. Fólki er fortalið að það hafi 24 daga í orlof, en þá hafa laugardagar verið taldir með. En menn vinna ekki laugardagana og hafa þess vegna hvort sem er frí á laugardögum og því hafa menn talið út í hött og úrelt reyndar að telja þá sem orlofsdaga. Þetta óréttlæti höfum við viljað afnema. Nú hefur okkur bæst greinilegur liðsauki, þar sem í loforðalista ríkisstj. kemur fram að hún hyggist beita sér fyrir þessu, að vísu nokkru dýrara en okkar frv. gerir ráð fyrir nú. Ég sá rétt áðan að verið var að dreifa frv. til l. um sama efni og fyrri hluti okkar till. gerir ráð fyrir, og maður skyldi þá vona að samstaða verði innan ríkisstj. um þá hluti. Það er ekki sýnt hvort svo er, en mig langar til að víkja þeirri spurningu að þeim sem geta svarað hvort samstaða er um þessa hluti í ríkisstj. Auðvitað erum við flm. mjög kátir yfir því að gengið hafi verið til liðs við okkar skoðanir í ríkisstj., þótt ekki hafi það verið gert fyllilega, því að við teljum alveg rökrétt að verkafólk fái sama orlofsrétt og opinberir starfsmenn, alls ekki minni en þeir hafa. Ætti að vera auðvelt fyrir alþm. að samþykkja að þeir sem hafa unnið lengi hjá sama atvinnurekanda fái nokkra umbun með lengingu orlofs. Það er það sama og fulltrúar ríkisvaldsins hafa samið við starfsmenn sína um.

Ég minni á að því lengra sem líður á þing og því lengur sem dregst að afgreiða þessi mál, því minna verður orlofið á næsta ári. Fyrir hvern mánuð, sem þetta dregst, minnkar orlofið um $^{1}/_{12}$ og því verður að flýta afgreiðslu þessara mála. Við leggjum að sjálfsögðu mikla áherslu á að frv. okkar verði samþykkt því að það gefur laun-

þegum mun meiri rétt en tilgreint er í frv. ríkisstj. Hún hefur að vísu gengið nú til liðs við okkur, fallist á okkar skoðanir og verkalýðshreyfingarinnar og fari svo áfram, þá þarf ekki lengur að bíða en til næsta vetrar að þeir stjórnarliðar telji sig geta samþykkt 2. gr. okkar frv., sem er launþegum miklu meira virði en það sem þeir eru nú að bera fram.

Ég vil að það komi fram að fjölmörg verkalýðsfélög hafa sent til mín sem flm. og til félmn. áskorun um að samþykkja það frv. sem við höfum verið að berjast fyrir, og Alþýðusambandið samþykkti á þingi sínu hinu síðasta einróma að mæla með samþykkt till. okkar um lengingu orlofs. Eg er fullviss um að umræðan innan verkalýðsfélaganna og áskoranir verkalýðsfélaga á Alþingi og aðra hefur orðið til þess að þetta mál var tekið upp í lofoðalista ríkisstj. En ég legg enn áherslu á að sú till. sem við erum hér að flytja gengur lengra, færir launþegum í raun meiri rétt, færir fólki jafnrétti á við opinbera starfsmenn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég flyt þetta frv. ásamt þm. Salome Þorkelsdóttur, Agli Jónssyni og Lárusi Jónssyni. Þetta frv. felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkv. gildandi lögum er fóstureyðing heimil af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af refsiverðu atferli.

Með frv. þessu er lagt til að fella niður að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingar. Af þessu leiðir aðrar breytingar sem frv. felur á sér.

Það er skoðun flm. að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna". Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því hvað er „of erfitt" í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður". Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingum að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkv. þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum skal lífi þess tortímt ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil ef konan býr við „þágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu". Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna æsku eða þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt".

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað óskyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar 1 000 konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, árið 1975 5.9, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4, árið 1978 8.4 einnig og árið 1979 10.2. Á tímabilinu 1962—1970 voru skráðar 61—109 fóstureyðingar á ári. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, 1977 456, 1978 453 og 1979 563. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975 bar 1. flm. þessa frv. fram brtt. við frv. að lögum þessum, þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Brtt. náði ekki fram að ganga. Þessa brtt. hefur 1. flm. tekið upp á ný á þrem þingum í formi frumvarpa til laga sem voru samhljóða því sem hér er nú lagt fram. Þá hlutu frv. ekki afgreiðslu. Þess er nú freistað enn á ný að leggja málið fyrir Alþingi í trausti þess, að það nái nú fram að ganga.

Fyrir þrem árum bar hátt umræður um velferð barnsins. Þess var vænst að barnaár Sameinuðu þjóðanna yrði okkur einhver hvatning í þessu efni. Hvað hefði verið háleitari hugsjón en að þjóðin hefði sett sér á þessu barnaári það markmið að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum. En barnaárið leið án þess að til slíks kæmi. Í öllum umræðunum hér um velferð og rétt barnsins gleymdist helgasti rétturinn, rétturinn til lífsins. Hinir mörgu einstaklingar og félagasamtök, sem létu til sín heyra, véku ekki að því að létta á fargi fóstureyðinganna. Það var aðeins gert í lofsverðum undantekningartilfellum.

En þó það væri þagað þunnu hljóði hér á landi um þau grundvallarmannréttindi, sem rétturinn til lífsins er, þá var það síður en svo að slíkt gerðist hvarvetna annars staðar. Þannig var t. d. í tilefni barnaársins samþykkt á þingi Evrópuráðsins 3. okt. það ár ítarleg ályktun um velferðarmál barnsins. Ályktun þessi kveður m. a. á um að vernda skuli rétt sérhvers barns til lífs frá því að getnaður á sér stað. Í ályktun þessari er skorað á ráðherranefnd Evrópuráðsins að hefjast þegar handa um gerð Evrópusáttmála um þau réttindi barnsins sem ályktunin fjallar um. Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu svo sem kunnugt er. Okkur varðar því um hvað gerist á þeim vettvangi. Þetta frv. er því m. a. eðlilegt andsvar við því sem þar er að gerast.

Mörg fleiri dæmi mætti taka erlendis frá er sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga.

Það var því fullkomin öfugþróun sem átti sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25 frá 1975. Með frv. þessu

er því lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frv. felur í sér að fóstureyðingar verði ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar samt að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða *alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður*, getur skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til að í þessu landi búum við við víðtæka almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum. En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem varðandi fæðingarorlof og mæðralaun. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir, sem ekki eru til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanlega tjón, sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri *handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni*.

Við Íslendingar vinnum skipulagsbundið á ýmsum sviðum til að forða slysum og bjarga mannslífum. Við teljum að einskis megi láta ófreistað í þessum efnum. Þá viljum við öllu til kosta og mannslífið aldrei metið til fjár. Þar sem við beitum okkur í þessu efni höfum við líka náð árangri. Samt sem áður teljum við aldrei nóg að gert meðan mannslíf glatast af slysförum. Við fyllumst hryggð og teljum þjóðarógæfu að missa mannslíf af þessum orsökum. Það hvílir sorg yfir sjóslysum og umferðarslysum. Á síðasta ári, árið 1981, fórust 17 manns í sjóslysum og drukknuðu og 27 manns glötuðu lífinu í umferðarslysum þetta sama ár hér á landi. Þessu höfum við orð á og teljum að enn verði að herða róðurinn til að forða slysum og bjarga mannslífum frá bana. Við látum hverja ógæfuna í umferðar- og sjóslysum verða okkur hvatningu til að gera betur til að vernda mannslífið. Við unum því ekki að á síðasta ári skulum við hafa misst 17 mannslíf í sjóslysum og drukknunum og 27 mannslíf í umferðarslysum.

En hver eru hins vegar viðbrögð okkar við að missa á einu ári 547 mannslíf í fóstureyðingum? Á síðasta ári, árinu 1981, voru framkvæmdar 547 fóstureyðingar hér á landi. *Það er hljótt um þessar fórnir. Það fer lítið fyrir frásögnum eða fréttum af þessum voveiflegu staðreyndum.* Samt hlýtur þetta að nísta hvern mann inn í merg og bein ef hann sinnir þessari hugsun. En hvað er gert til varnar þeim mannslífum sem hér er fórnað? Það fer lítið fyrir því. Hvað er gert til að bjarga mannslífum á þessum vettvangi? Það er horft aðgerðalaust á ástandið sem fer versnandi frá ári til árs. Er ekki kominn tími til aðgerða? Tíma sinnuleysis, áhugaleysis og aðgerðaleysis *á nú að ljúka*.

Íslendingar hafa sérstöðu í ýmsum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum, og þá einkum þeim fjölmennustu, er fólksfjölgun eitt meginvandamálið sem við er að glíma. Fólkinu fjölgar þar um of miðað við efnahag, félagslegar aðstæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í samband við offjölgunarvandamál, sem þar er við að stríða, þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar sem felst í fóstureyðingum. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta *haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda* okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum sem því fylgja. Það er í húfi að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum, ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo *alvarlegt sem það er fyrir* þjóðarheildina, varðar frv. þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því, að það er um mannslíf að tefla þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði, að þetta mannslíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu, eða telja megi auðsætt að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða, eða konan hafi orðið þunguð af refsiverðu atferli. Það er á þessum forsendum sem frv. þetta er flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir að fólk geti notið hamingju, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að bera afleiðingarnar ef það vill það ekki, þá er það sama þjóðfélag að kippa stoðunum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Þá duga ekki jafnvel félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið að *jafnvel eigin geðþótti og makræðissjónarmið ráði því*, hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagur og félagsleg aðstoð verður þá aldrei einhlít vörn í þeim vanda, því að það er ekki einungis um félagslegt vanda-

mál að ræða, heldur siðrænt vandamál. Til þarf að koma lífs- og manngildismat á siðferðilegum grunni.

Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju í gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lifi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn, sem hafa fengið góða umönnun og gott veganesti út í lífið, þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því að aðhlynning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleifðar. Samkvæmt því mati er réttur inn til lífs undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárri forneskju að ætla af félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um. Langt er nú liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi. En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma, ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði á þeim tíma verið framkvæmanleg með sama hætti og nú hefði sú aðferð vafalaust verið notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama hve lífið hafði langt fram gengið þegar því var tortímt. Samkvæmt Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnst slík lög og reglur nú víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög, sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum, og um lögmæti þess fari eftir því hvað þroska þessa lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak, því að félagslegar aðstæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem það er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á löngum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhorf sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni örlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við.

Með frv. þessu er þess freistað að svo megi verða.

Ég gat þess áðan að frv. þetta er nú endurflutt. Ég gat þess að ég hefði áður verið einn um hituna sem flm. Ég gat þess einnig í upphafi að nú værum við flm. fjórir. Mér þykir ákaflega mikilvægt að nú skuli svo vera komið, að ég er ekki lengur einn flm. að þessu frv., heldur hefur nú komið vaskt lið til aðstoðar og til baráttu í þessu mikilvæga máli. Ég hef ástæðu til þess að ætla að það sé ekki einungis innan veggja þessarar hv. deildar sem í ljós kemur aukið fylgi og baráttuvilji fyrir því máli sem hér er flutt. Ég hef ríka ástæðu til þess að ætla að það sé á vissan hátt spegilmynd af þeirri þróun sem er að gerast úti í þjóðlífinu. Ég tel engan vafa á því að það séu alltaf fleiri og fleiri sem eru að gera sér ljóst hvílík óhæfa það er að ætla sér að leysa svokölluð félagsleg vandamál með fóstureyðingum. Ég hef ástæðu til þess að ætla að um leið og æ fleira og fleira fólk gerir sér grein fyrir þessu, þá sé líka æ fleira og fleira fólk þess albúið að berjast fyrir þessum málstað og leiða hann til sigurs.

Þegar ég hef þetta allt í huga, þá leyfi ég mér, herra forseti, að vænta þess að þetta frv. fái nú afgreiðslu á því þingi sem við nú sitjum. Það er sannarlega kominn tími til þess að hv. alþm. láti af því sinnuleysi, áhugaleysi og aðgerðarleysi sem um of hefur einkennt í þessu máli.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lokinni þessari umr. að óska þess, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta mál nema örfá orð. Við höfum áður rætt það hér oft í þessari hv. deild og er litlu við það að bæta sem fram hefur komið áður. Ég vil þó aðeins segja þetta.

Á sínum tíma var þetta mjög rætt hér í þingi. Það var einmitt samflokksmaður hv. þm. Þorv. Garðars, Matthías Bjarnason, þáv. heilbr.- og trmrh., sem leiddi þetta mál til lagasetningar 1975. Þá eins og nú voru skoðanir mjög skiptar. Í raun voru pólarnir þá algerlega frjálsar fóstureyðingar annars vegar og hins vegar nær algert bann við fóstureyðingum.

Í meðferð þingsins þá var unnið gott starf að eðlilegri málamiðlun sem flestir gátu sætt sig við. Ég man að ég tók virkan þátt í umræðu og athugun þessa máls og hafði um það vissar skoðanir sem lítið hafa breyst. Þar með er ekki sagt að ég skilji ekki og virði viðhorf annarra, sem e. t. v. ganga í öfuga átt, jafnvel þveröfuga átt. Margt í röksemdafærslu hv. 1. flm. um mannhelgi og virðingu fyrir lífinu get ég svo sannarlega tekið undir, og ég efa ekki andartak þá alvöru sem þar býr að baki hjá hv. 4. þm. Vestf. Ég dreg heldur ekkert úr kristilegum siðgæðishugmyndum um mannhelgi. En því miður hefur þó farið svo, að sá hluti þjóða sem kallar sig kristna og kennir sig við siðgæðishugmyndir kristninnar hefur verið víðs fjarri mannhelgi og virðingu fyrir réttindum til að lifa. Miskunnarleysið og drápsfýsnin hefur ekki verið minni hjá þeim sem þannig hafa í orði sagst játa kristna trú, því miður.

Það er hins vegar rétt hjá hv. 1. flm. að samkvæmt kristnum siðgæðishugmyndum ætti mannhelgi að vera öllu ofar. En breytnin sýnir bara annað og ólíkt grimmúðlegri og ómannúðlegri kenndir en við erum hér að ræða gagnvart þessum afmarkaða þætti mannhelginnar. Um þetta þykist ég vita að við séum sammála, en andspænis þessum myrku staðreyndum stöndum við. Annars væri það efni í ærna umræðu almennt um lífið og tilveruna og trúarhugmyndir almennt, sem ég ætla ekki út í hér af þessu tilefni, þar sem flm. leggur aðaláherslu á þennan bakgrunn kristilegrar kenningar. Ég veit að þar talar hann beint út frá hjartanu og ég virði skoðanir hans í því svo sannarlega.

Vissulega er hér vandrataður meðalvegur og það gera flm. sér ljóst, því að frv. þeirra er um þrengingu, færri fóstureyðingar, en alls ekki um bann við hvaða aðstæður sem er. Okkur var líka ljóst, sem stóðum að lagasetningu 1975, að þarna yrði erfitt að rata meðalveginn. Ekki síst kom það þá glögglega fram í orðum þáv. heilbrmrh., Matthíasar Bjarnasonar, sem hann mælti hér í deild einmitt varðandi það mál og ég var að glugga í núna í hádeginu. Ég held að áhersla allra, þá sem nú, hafi að því beinst að með ýtrustu gát skyldi gengið fram og síst væri hér um að ræða mál sem ekki þyrfti athugunar við og hennar vandlegrar í hverju einstöku tilfelli. Ég held að öllum hafi verið ljóst að aukin og bætt ráðgjöf og bestu upplýsingar færustu aðila hefðu hér úrslitaþýðingu um alla framvindu, og því var einmitt við þessa lagasetningu lögð sérstök áhersla á það.

Hvernig til hefur tekist má eflaust deila um endalaust og ekki treysti ég mér í dómarasætið hvað einstök tilfelli varðar og hvaða mörk hefur verið miðað við. Ég vil satt

að segja ekki dæma um það á neinn máta, þó að ég efist ekki um að í ýmsum tilfellum hefði mátt öðruvísi að málum standa, eins og allt orkar ævinlega tvímælis þá gert er, og þá kannske ekki síst þegar um svo viðkvæm mál er að ræða. Ég ætla hins vegar enn staðfastlega að ekki sé út í fóstureyðingu farið nema ástæður séu ærnar, og ef rétt ráðgjöf og fræðsla og aðstoð hvers konar, læknisfræðileg sem félagsleg, kemur til hljóti enn að vera um algert neyðarúrræði að ræða. Ég neita að trúa öðru um íslenskar konur, sé rétt að staðið um alla framkvæmd þess lagabálks sem við samþykktum 1975. Það er einmitt þess vegna, vegna þess trausts sem ég ber til þeirra, að ég tel að ákvörðunarrétturinn endanlegi, þegar öll mál hafa við yfirvegun verið upp gerð, og í samstarfi við færustu aðila á sviði heilsugæslu og félagsráðgjafar, að sá ákvörðunarréttur eigi að vera konunnar sjálfrar. Ábyrgð hennar er mikil vissulega, en á hana treysti ég. Hlýt ég enn að undirstrika þessa meginlínu í minni skoðun.

Ég legg hins vegar enn sem fyrr mikla áherslu á það að við öll skilyrði sé staðið til fullnustu, að öll ráðgjafarþjónusta sé rækt, og síst stendur á mér að bæta hinar félagslegu aðstæður þannig að þær verði hverfandi valdur í þessu. Brýnast er því kannske að gera aðstæðurnar sem allra bestar og hefja ráðgjöfina til öndvegis meira en nú er gert, þannig að forsendur málamiðlunarlaganna, sem ég leyfi mér að kalla svo, frá 1975, forsendur þeirra, sem öll framkvæmd þeirra á að byggjast á, séu uppfylltar svo sem framast er unnt. Að því skulum við öll hjálpast.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég get verið stuttorður. Ég tel það frv., sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um fóstureyðingar, þannig vaxið, að ekki komi til greina að samþykkja það. Mér finnst allt of fortakslaust að fella niður það ákvæði, er kveður á um félagslegar aðstæður, því að við vitum að það sem til greina kemur í svona málum er meira en læknisfræðilegar ástæður og meira en það hvort konu hafi verið nauðgað.

Ég tel að þeir sem vilja fella niður félagslegar ástæður geri sér vart grein fyrir því hve félagslegar ástæður geta stundum verið nöturlegar og hversu mikill ábyrgðarhluti það er að þvinga konu til að eiga barn sem hún vill ekki eiga eða aðstæðnanna vegna á mjög erfitt með að eiga. Ég tel að grundvallaratriðið eigi að vera það að konan ráði því sjálf hvort af þessu verður eða ekki, en það þarf og að vera í lagi að ráðgjöf samkv. lögum sé rækt, að henni sé sinnt. Ég leyfi mér að efast um að svo sé gert í dag. Því þarf að breyta. Ég lýsi áhyggjum mínum af því hversu fóstureyðingum hefur fjölgað. Annaðhvort er það vegna þess að félagslegar ástæður hafa orðið verri eða þá að of frjálslega er farið með þessa hluti. Sýnist mér að viturlegra væri að fara ofan í það, kanna hvort þau ákvæði laganna er fjalla um ráðgjöf séu rækt sem skyldi.

Það heyrist í útlandinu, kannske mest hjá félagslega vanþróuðum ríkjum, að banna eigi fóstureyðingar. Kirkjan hefur fjallað mikið um þetta, þ. e. kaþólska kirkjan, en hún er þekkt fyrir annað en frjálslyndi og fyrir annað en að setja félagslegar þarfir fólks í öndvegi.

Ég get aftur á móti samþykkt það frv. sem fjallar um að breyta lögum um almannatryggingar svo að árleg mæðralaun hækki og reynt sé með auknu fjármagni að gera félagslegar aðstæður betri. Ég held þó að slíkar ráðstafanir muni ekki nægja, en það mun kannske verða spor í rétta átt.

Ég tek undir það, að ég virði skoðanir þeirra sem eru andvígir þeim lögum sem nú gilda og ber virðingu fyrir þeirra tali um mannhelgi og virðingu fyrir lífinu. En ég hygg að menn geri sér ekki grein fyrir því hversu mikil ábyrgð fylgir því að neyða konu til að eiga barn, sem hún á e. t. v. mjög erfitt með að eiga vegna félagslegra ástæðna. Þær geta verið verri en nokkrar læknisfræðilegar ástæður, verri en nokkuð annað.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Eins og fram kom í máli 1. flm. þessa frv. er þetta í fjórða sinn sem frv. er flutt hér á Alþingi og þar til nú hefur 1. flm. þess, hv. 4. þm. Vestf., verið eini flm. slíks frv. Nú hefur honum bæst liðsauki. Ég er einn af þeim þm. sem setja nafn sitt við þetta frv. Það geri ég til þess að fram komi stuðningur minn við málefnið. Það er e. t. v. auðveldara að tjá samþykki sitt og stuðning við viðkvæmt mál með þögninni, að vera einn af hinum þögla meiri hluta sem sumir vilja meina að sé til varðandi þetta málefni. En ég tel drengilegra að gera það á þann hátt að það komi fram, að hv. 4. þm. Vestf. leikur ekki einleik í þessu máli á hv. Alþingi, að það eru fleiri þeirrar skoðunar, vegna þeirrar reynslu sem komin er af löggjöfinni sem leyfði rýmkun á heimild til fóstureyðinga, að þörf sé á að endurskoða þessi mál og reyna að snúa þróuninni við.

Ég tel ekki þörf á að fara efnislega út í það sem frv. felur í sér, 1. flm. þess hefur gert því máli ítarleg skil, en ég vil aðeins ítreka þá ósk að í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er verði gerð tilraun til að endurskoða þessa löggjöf og snúa þróuninni við. Það er það sem þetta frv. felur í sér.

Mér fannst það koma fram hjá báðum hv. ræðumönnum, sem hér hafa lýst sig efnislega andvíga þessu frv., að það sé einmitt félagsleg ráðgjöf sem sé frjálslega farið með, það sé sá þáttur í lögunum sem geri það að verkum að farið sé nokkuð frjálslega með þessi mál og þróunin hafi orðið sú sem raun ber vitni.

Vissulega er það rétt, að það eru skiptar skoðanir um hver ástæðan er, og skiptar skoðanir á þessu máli. Og vissulega virðum við hvert annars skoðanir þó við séum ekki á sama máli. En ég vil taka undir ósk 1. flm. frv., að það fái a. m. k. meðferð Alþingis, að það verði afgreitt í gegnum þingið, þannig að menn fái þá tækifæri til þess að koma fram í dagsljósið með sínar skoðanir hér á hv. Alþingi.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er hið merkasta. Ég hef áður, á fyrri þingum, tekið þátt í umræðum um þetta efni. Ég vil taka undir margt af því sem komið hefur hér fram og vil lýsa því yfir strax í upphafi að ég tel þetta mál þess eðlis að það eigi að fá þinglega meðferð. Ég held að sá reynslutími, sem orðinn er af lögunum um fóstureyðingar, sé orðinn það langur og ýmislegt hafi komið fram sem réttlæti það að málið sé tekið til meðferðar.

Ég viðurkenni fúslega að orðin „félagslegar ástæður" eru ákaflega óljós. Það þyrfti að skýra nokkru betur í frv. hvað við er átt, til þess að unnt sé að nota þetta af skynsemi, og sérstaklega þó að samræmi sé í þeim ákvörðunum sem teknar eru um fóstureyðingar.

Það er augljóst mál að við erum hér öll sammála um fóstureyðingar, ég vil undirstrika það. Í raun og veru er enginn andvígur fóstureyðingum. Það kom mjög skýrt fram í framsöguræðu hv. 4. þm. Vestf. að hann telur, að

vissum skilyrðum fullnægðum, að fóstureyðing sé réttlætanleg. Það sem um er deilt er hvaða aðstæður það eru. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni á hinu háa Alþingi, að ég held að það þurfi að vera langtum skýrari ákvæði um þessi efni í lögunum. Það er varla hægt að leggja það á nokkra nefnd, hversu valinkunnir aðilar sem að henni standa, að ákveða upp á eigið eindæmi, kannske með mjög óljósum reglum og lagaákvæðum, hvenær fóstureyðing skuli leyfð og hvenær ekki. Í ljósi þess held ég að fara þurfi nokkuð aðra leið en hér er bent á. Það þarf að taka lögin öll til endurskoðunar. Það þarf að gera þau langtum skýrari en þau eru nú.

Ég vil einnig benda á að það atriði sem ég tel að einkum hafi farið úr böndunum í sambandi við framkvæmd laganna er að manni sýnist sem svo, að fóstureyðing komi oft og tíðum í stað takmörkunar á barneignum. Ég vil fara örfáum orðum um þetta atriði. Enginn vafi er á að einhver hluti af þeirri geigvænlegu aukningu, sem orðið hefur á fóstureyðingum, stafar af því að þær eru núna opinberar. Það er búið að svipta af þeirri dulu forboða og leynifóstureyðinga sem tíðkuðust hér áður fyrr og menn vita um. Við þekkjum áreiðanlega öll dæmi um slíkt. Sumt af því er þannig til komið. Hitt er þó alveg öruggt mál, að hin nokkuð svo óljósu ákvæði laganna hafa stuðlað að því að fóstureyðingum hefur fjölgað fram yfir það sem nokkur bjóst við og fram yfir það sem ég tel eðlilegt. Og þá er komið að því atriði sem ég held að þurfi að taka til rækilegrar umfjöllunar og endurskoðunar í sambandi við lögin. Það er fræðslan, kynferðisfræðsla í landinu. Það er kynferðisfræðsla frá grunnskóla og upp úr. Það er alveg furðulegt að enn þann dag í dag ríkir alveg ótrúleg hjátrú og fordómar og villukenningar í sambandi við kynferðismál. Ég veit dæmi þess frá unglingum, sem ég hef haft tal af og haft fregnir af, að þar eru í gangi alls konar kenningar, alls konar ráðleggingar, sem ekki hafa við nokkurn veruleika að styðjast, eru hreinlega rangtúlkanir á ýmsum læknisfræðilegum atriðum. Þessa hlið málsins held ég að við þurfum að athuga mjög vel og heilbrigðisyfirvöld eiga að láta það mál til sín taka.

Þá er eiginlega komið að lokaorðum. Ég ætla ekki að hafa þetta annað en örfáar vísbendingar, lýsa afstöðu minni til málsins. Ég tel að málið eigi að fá þinglega meðferð. Ég tel að fóstureyðingalöggjöfina eigi að endurskoða. Ég tel að skilgreina eigi miklu nánar en gert er hvað félagslegar aðstæður eru, þannig að það liggi ljósar fyrir en nú er hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til þess að fóstureyðing eigi sér stað. Ég vil taka undir það sem hv. 2. þm. Austurl. og hv. 3. landsk. þm. sögðu, að lokaákvörðunin hlýtur að vera konunnar. En það er ákaflega mikilvægt að sú ákvörðun sé tekin á réttum forsendum, að konan hafi haft möguleika á því að athuga málið, ræða það og kynna sér öll atriði þess áður en sú ákvörðun er tekin.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð um það frv. sem er hér til umr. og felur í sér verulega þrengingu á heimild til fóstureyðinga. Hv. 1. flm. bauð mér að gerast meðflm. sinn að þessu frv. Ég afþakkaði reyndar það góða boð, gerði það sumpart vegna þess að ég tel mig ekki nógu kunnugan þessum málum, hafði ekki fyrir fram kynnt mér nægjanlega vel ástandið í þessum málum og hverjar aðstæður geta legið að baki.

Mér er hins vegar ljóst, þegar ég les þetta frv. og af því sem ég hef síðan kynnt mér varðandi þessi mál, að hér er um virkilegt vandamál að ræða. Ef við lítum á tölulegar upplýsingar, sem koma hér fram í grg. með frv., um að árið 1979 hafi verið unnar 563 fóstureyðingar — og hefur aukist á hverju ári þar á undan — má sjálfsagt leiða líkur að því, að á seinustu árum, 1980, 1981 og 1982 hafi þetta enn aukist, þó að ekki séu hér upplýsingar um það og ég hafi þær ekki á takteinum.

Ef við skoðum þessa tölu, þá kemur í ljós að hér er um að ræða meira en tvær fóstureyðingar á dag, ef við tökum vinnudaga, þ. e. mánudag til föstudags. Mér er kunnugt um að á flestum sjúkrahúsum, þar sem fóstureyðingar eru gerðar, er þetta gert einu sinni í viku eða hálfsmánaðarlega og þá eru það kannske 10 eða jafnvel 20 fóstureyðingar sem unnar eru í einu. Ég hef líka reyndar frétt það að einmitt þá daga sem þetta er gert sé á þeim deildum sjúkrahúsanna nánast örtröð. Þetta hlýtur að vekja mann til umhugsunar um hvað þarna er raunverulega að gerast.

Hins vegar vil ég taka undir það — og reyndar tók hv. 5. þm. Reykv. af mér ómakið — að e. t. v. sé nokkuð langt gengið að fella alveg niður heimildina til þess að félagslegar ástæður geti legið að baki ef framkvæma þarf fóstureyðingu. Mér sýnist miklu fremur, eins og hann benti réttilega á, að það þurfi að endurskoða ákvæði laganna, sem fjalla um félagslegar aðstæður, hverjar þær skuli vera sem heimila þessa aðgerð, og jafnframt hvernig hægt sé að framkvæma það, fylgjast með því og framkvæma það á eðlilegan og sanngjarnan hátt. Félagslega ráðgjöf þarf vafalaust að auka í þessu sambandi líka og sjá til þess að hún sé rétt unnin og veitt. En ég vil eindregið undirstrika það, að ég álít rétt og eðlilegt að frv. þetta fái efnislega meðferð þingsins — og þá jafnframt að í þeirri meðferð og þeim umræðum sem fylgja komi fram þær upplýsingar sem við þurfum á að halda til þess að geta tekið efnislega afstöðu til málsins. Við þurfum að fá nánari upplýsingar um framkvæmd þessara mála, hvernig að þessu er staðið og hverjar hinar raunverulegu félagslegu ástæður séu sem að baki liggja.

Ég vildi aðeins leggja áherslu á þetta: Ég tel að hér sé e. t. v. nokkuð langt gengið, að fella algjörlega niður þessa heimild, og legg fremur ríka áherslu á að athugað sé hvort ekki er hægt að þrengja nokkuð þessa heimild í lögum til fóstureyðinga með því að kanna hvaða félagslegar ástæður liggja aðallega að baki og hvernig við getum staðið þannig að málum að við getum með sóma sætt okkur við þetta.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka ræðumönnum öllum fyrir þátttöku í þessum umr. Ég þarf ekki að víkja að því sem hv. 4. landsk. þm., meðflm. minn, sagði, en það voru að sjálfsögðu góðar ábendingar, sem þar komu fram, og ég þarf ekki heldur að ítreka þær.

Hins vegar er ýmislegt í því, sem aðrir ræðumenn sögðu, sem ástæða væri að víkja að. Ég efast ekki um, ég geng út frá því að allir ræðumenn séu mér sammála um að of mikið sé gert af fóstureyðingum. Ég geng líka út frá því að þeir séu mér sammála um að eitthvað þurfi að gera til þess að fækka fóstureyðingum. En okkur greinir á um ýmis veigamikil atriði, hvernig á að gera það. Og sumt af því sem kom fram í ræðum þessara hv. þm. er þess eðlis að ég get ekki látið það sem vind um eyru þjóta.

Ég kem þá fyrst að því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði.

Hann minntist á að það hefðu verið miklar deilur um þessi mál þegar og áður en lögin 1975 voru sett. Þetta vitum við allir, okkur er það öllum ferskt í minni. Hv. 2. þm. Austurl. sagði að frv. það sem samþykkt var og gert að lögum 1975 hafi verið málamiðlun milli ólíkra skoðana. Þetta er líka rétt. Hv. þm. vék sérstaklega að þáv. heilbr.- og trmrh., Matthíasi Bjarnasyni, í þessu sambandi. Það er rétt að hann beitti sér fyrir málamiðlun í þessum málum, og frv. sem samþykkt var 1975 var að forminu til ekki um frjálsar fóstureyðingar eins og frv. sem fyrirrennari hans í ráðherrasæti heilbrigðis- og tryggingamála hafði lagt fram og mælt með. Hins vegar var það svo, að fyrrv. heilbrmrh., fyrirrennari Matthíasar Bjarnasonar, tók þátt í umr. um frv. 1975 og hann var að forminu til óánægður með frv. Hann sagði efnislega á þessa leið: En gott og vel, þetta mun þýða í framkvæmd sama og frjálsar fóstureyðingar. Og því miður hefur framkvæmdin orðið slík, að það hefur staðist sem þessi fyrrv. ráðh., Magnús heitinn Kjartansson, sagði um þetta mál. Það var rétt ályktað hjá honum. Það er það sem hefur skeð, að í framkvæmd hafa þessi lög þýtt frjálsar eða nær frjálsar fóstureyðingar á Íslandi.

Menn hafa verið að tala um að það þyrfti að fá upplýsingar um framkvæmd laganna. Það er lítið handbært í því efni og ég held að það sem á skortir séu ekki upplýsingar, heldur það að draga ályktanir af þeim upplýsingum, sem við höfum handbærar, ef menn vilja bæta úr því ástandi sem nú er.

Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir því, að áður en fóstureyðing megi fara fram verði að liggja fyrir skrifleg rökstudd grg. tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða. Það þarf að liggja fyrir rökstudd skrifleg grg. Ef ágreiningur er, ef konan vill ekki hlíta niðurstöðu þessarar nefndar, þá getur hún vísað málinu til landlæknis og yfirnefndar. Síðustu upplýsingar sem ég hef um þetta handbærar hér hjá mér eru frá 1979. Þá hafði engin áfrýjun komið til landlæknis eða yfirnefndarinnar, engin, nema eitt árið komu upp tvær, en þá stóð svo á að konurnar, sem þar áttu hlut að máli, voru að fara fram á fóstureyðingu í annað sinn á sama ári, það hafði engum verið áfrýjað. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta það að konurnar hafi látið sér segjast og ekki notað þennan áfrýjunarrétt eða hefur þeim verið neitað um fóstureyðingu? Ég held að enginn, a. m. k. þeirra sem eru framkvæmd þessara mála kunnugir, láti sér slíkt til hugar koma. Það verður fyrst og fremst dregin sú ályktun að ekki sé um neinar neitanir að ræða. Og það er ekki einungis að ekki sé um neinar neitanir að ræða, heldur gengur þetta þannig eftir færibandi að það er ekki einu sinni leitað til þessarar undirnefndar. Þetta eru nú framkvæmdirnar. En ég vil taka það fram að þetta á við fóstureyðingar þegar fóstur er innan við 12 vikna og flestar fóstureyðingar eru á því tímabili.

Ég held að við þurfum ekki að velta mikið vöngum yfir því hvers vegna fóstureyðingum hefur fjölgað svo mjög sem raun ber vitni um síðan þessi lög voru sett. Þeim hefur fjölgað — mér liggur við að segja og ég hygg að það sé rétt — eingöngu vegna ákvæðisins um að heimila fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Af fóstureyðingum, sem eru um 550 á ári, — því miður hefur mér láðst að koma með skýrslu þar sem þessar tölur eru teknar upp — eru 20—30 fóstureyðingar af læknisfræðilegum ástæðum og álíka margar af bæði læknisfræðilegum og félagslegum. Hinar eru allar eingöngu af félagslegum ástæðum. Það mætti halda hér áfram að gefa ýmiss konar upplýsingar til stuðnings þeirri fullyrðingu, sem ég hef hér haldið fram, að fóstureyðingar á Íslandi eru nú frjálsar eða svo gott sem frjálsar.

Þetta frv. felur í sér að banna fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Hv. 5. þm. Reykv. gat þess að við flm. frv. værum ekki alfarið á móti fóstureyðingum. Við viljum leyfa fóstureyðingar af læknisfræðilegum ástæðum og ef kona hefur orðið þunguð af refsiverðum verknaði. En ég skildi hv. þm. þannig, að vegna þess að við vildum ekki útiloka fóstureyðingar, þá væri það viðfangsefnið að ákveða hvar mörkin ættu að vera. Og auðvitað er það. Við teljum að eðlilegustu mörkin séu þau að fóstureyðingar af félagslegum ástæðum séu ekki leyfðar. Það er greinilegt og það er á þeirri forsendu að félagsleg vandamál verða ekki leyst nema með félagslegum ráðstöfunum.

Hv. 3. landsk. þm. sagði að það væri ábyrgðarhluti að þvinga konu til þess að eiga barn eða fæða barn sitt. Það er enginn verknaður að sjálfsögðu til þess að fagna, en þvingunum verður nú víða að beita, og ef það er ekki réttlætanlegt að beita þvingunum til þess að verja mannslíf, hvenær ætti það þá að vera réttlætanlegt? Ég tek mér í munn þetta orð hv. ræðumanns, þvinga. Ég held nú að í lífinu, í raunveruleikanum liggi málið ekki þannig fyrir. Það er hægt að telja konu hughvarf án þess að hún sé þvinguð, og það sem mest er um vert, ef fátækt er ástæðan fyrir óvilja hennar til þess að fæða barnið, vegna þess að hún telji að hún geti ekki séð forsvaranlega fyrir því, þá held ég að ekki sé neitt að lasta eða óttast í þessum efnum.

Ég held að menn verði að hafa þetta í huga þegar menn ræða um þetta. Ég vona að ég sé ekki minni forsvarsmaður frelsis en hver annar, sem hér hefur talað, og það situr síst á mér að gera lítið úr því. En það er eitt frelsi sem ég er á móti. Ég er á móti frelsi eins til þess að hefta frelsi annars. Það er það sem hér er um að ræða. Og það er frelsi til þess sem er mikilvægast, það er frelsi til þess að mega lifa. Það er á slíkum viðhorfum sem þessum sem þetta frv. byggist. Ég vænti þess að eftir því sem menn hugleiða betur það vandamál, sem við eigum við að stríða, og það skelfilega ástand, sem er í þessum málum í dag, verði menn fúsari til samvinnu um að bæta þetta ástand. Ég segist vænta þess. Það er vegna þess að ég geng út frá að hv. ræðumenn líti á fóstrið sem mannlegt líf, en ekki eins og eitthvert kýli, sem sé tekið með venjulegri læknisaðgerð, því ef við lítum þannig á þetta værum við ekki að ræða sérstök lög um fóstureyðingar.

Ég held ég ræði ekki frekar um einstök atriði sem fram komu. Hv. 2. þm. Austurl. sagðist hafa mikla trú á íslenskum konum. Ég efa ekki að hann hafi það. Ég tel mig líka hafa mikla trú á íslenskum konum. Ég hef þá trú á íslenskum konum að það verði þeim ekki óyfirstíganlegt að gegna sínu móðurhlutverki og að við þurfum ekkert að óttast í því efni, allra síst þegar við leggjum okkur fram, eins og við flm. þessa frv. viljum að gert sé, með félagslegri aðstoð eins og fram kemur í fylgifrv. með því frv. sem við nú ræðum.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um að lögin væru ekki nógu skýr. Ég held að það sé misskilningur. Ég held að lögin séu vel skýr. Að vísu er eitt — og það tók ég fram í minni ræðu hér fyrr — að það er óljóst í sumum tilvikum hvað á að túlka sem félagslegar ástæður, það er rétt. Ég held að

það verði alltaf óljóst og að aldrei verði í þeim skilningi hægt að gera lögin skýr nema með þeim ráðum, sem við flm. leggjum til, að útiloka allar félagslegar ástæður sem heimild til fóstureyðingar.

Herra forseti. Ég sagði í mínum upphafsorðum að ég þakkaði hv. þm. sem hafa tekið til máls í þessum umr. Við erum ekki sammála sumir í mjög þýðingarmiklum atriðum, en þessar umr. hafa verið málefnalegar. Ég óttast ekki málefnalega meðferð á þessu máli hér í hv. deild og þeirri nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að þá megi ekki vænta þess að frv. geti fengið jákvæða afgreiðslu.

Herra forseti. Ég vil segja þingheimi frá því sem ég hvíslaði í eyra hæstv. forseta. Ég mundi, þegar ég var að flytja mína ræðu, að hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, form. heilbr.- og trn., hafði spurt mig í gær hvort umræður um málið færu fram í dag. Ég sagði honum að ég mundi verða vestur á fjörðum, en hann lagði áherslu á að geta fengið að taka þátt í þessum umr. Ég hef því óskað eftir að umræðunum yrði ekki lokið, heldur frestað, svo að Davíð Aðalsteinsson fái tækifæri til þess að taka þátt í þeim.

(**Forseti:** Ég mun verða við þessari ósk. Umræðu um dagskrármálið er því frestað og málið tekið út af dagskrá.)

Umr. frestað.

Neðri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 26). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um framlengingu á svokölluðu sjúkratryggingargjaldi. Frv. gerir ráð fyrir því að á næsta ári verði gjaldstofn sjúkratryggingagjalds 153 900 kr. og af þeirri upphæð greiðist 2%, en ekkert af því sem er þar fyrir neðan.

Í ár er álagning sjúkratryggingargjalds 56,2 millj. kr. og er gert ráð fyrir að þar af innheimtist 51 millj. kr. Samkv. frv. mundi sjúkratryggingagjald 1983 gefa 80 millj. kr. í innheimtu, en álagning næmi 85 millj. kr. Hér er um að ræða frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar, en að sjálfsögðu er hér í rauninni um að ræða skatt. Þau ár sem ég hef farið með heilbr.- og trmrn. hefur þessu máli yfirleitt verið vísað til fjh.- og viðskn. Ég legg til, herra forseti, að svo verði gert nú og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um málefni aldraðra, en þetta frv. er nú lagt fyrir hv. Alþingi öðru sinni; kom hér fyrir á síðasta þingi og var þá til ítarlegrar umræðu allan apríl s. l. í þessari hv. deild. Þar sem skammt er liðið síðan umræða fór fram hér á hv. Alþingi um málið mun ég ekki halda um það ítarlega framsöguræðu og aðeins gera grein fyrir höfuðatriðum frv. hér við 1. umr. um það.

Á Alþingi 1981 voru lögð fram tvö frv. sem bæði snertu málefni aldraðra, þ. e. annars vegar frv. Péturs Sigurðssonar o. fl. um sérhannað húsnæði fyrir aldraða og öryrkja og hins vegar stjfrv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Strax við 1. umr. um síðarnefnda frv. kom í ljós talsverður ágreiningur um efni þess. Samstaða náðist þó um ákvæði frv. varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og lög um stofnun þess sjóðs voru sett. Þau voru númer 49/1981. Í nál. heilbr.- og trn. Alþingis var lagt til að skipuð yrði nefnd til að endurskoða stjfrv. ásamt framkomnum brtt. auk frv. Péturs Sigurðssonar o. fl. Á sama þingi var og vísað til ríkisstj. þáltill. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl. um heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða í trausti þess að við samningu nýs frv. um málefni aldraðra yrðu þeir þættir, sem þáltill. fól í sér, teknir til greina.

Í framhaldi af þessum málalyktum á Alþingi skipaði heilbrrh. sjö manna nefnd, sem fékk það hlutverk að gera tillögur um samræmingu á skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til heilsufarslegra og félagslegra sjónarmiða. Í nefnd þessa voru skipuð: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar, Þórarinn V. Þórarinsson lögfr., Hrafn Sæmundsson prentari og Pétur Sigurðsson alþm., auk stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra, en í henni áttu þá sæti: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og var hann formaður nefndarinnar, Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur og Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri. Niðurstaða nefndarinnar var svo það frv., sem hér liggur fyrir, í öllum meginatriðum, að undanteknum fáeinum breytingum sem gerðar voru á mína ábyrgð og ríkisstj. þegar málið var til meðferðar þar.

Ég tel að meginákvæði þessa frv. felist í fyrsta lagi í markmiðssetningu þess, en þar er sett fram það markmið að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að aðstoðin sé veitt á því þjónustustigi sem eðlilegast og hagkvæmast er miðað við þörf og ástand hins aldraða. Jafnframt er það markmið frv., að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið eðlilegu heimilislífi, en að nauðsynleg stofnanaþjónusta sé fyrir hendi þegar hennar er þörf.

Gert er ráð fyrir því í frv., að yfirstjórn öldrunarmála sé í höndum heilbr.- og trmrh. og að í rn. verði komið á sérstakri deild öldrunarmálefna undir stjórn deildarstjóra. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði samstarfsnefnd um málefni aldraðra sem í eigi sæti fimm menn tilnefndir þannig: Tveir frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félmrn., tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, og tveir skipaðir af heilbr.- og trmrh. án tilnefningar. Ráðh. er ætlað að skipa formann úr hópi nefndarmanna. Nefnd þessari er falið í frv. allvíðtækt samræm-

ingar- og stefnumótunarhlutverk auk þess sem henni er ætlað að vera tengiliður milli þeirra aðila sem starfa að málefnum aldraðra.

Yfirstjórn öldrunarmála verður því í höndum sérstakrar deildar í heilbrn. auk fyrrnefndrar nefndar, sem verður sérstakur ráðgjafi og stefnumótandi aðili. Svæðisstjórn öldrunarmála verður hins vegar í höndum stjórna heilsugæslustöðva í hverju heilsugæsluumdæmi í samvinnu við félagsmálaráð þar sem þau starfa.

Hlutverki stjórna heilsugæslustöðva í þessum málaflokki er svo lýst í 5. gr. frv. og ætla ég ekki að endurtaka það hér.

Eitt af hlutverkum stjórnarinnar er að kveðja menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra, en samkvæmt 6. gr. frv. skal slíkur hópur starfa við heilsugæslustöð. Þó geta tvær eða fleiri heilsugæslustöðvar sameinast um slíkan hóp auk þess sem hópurinn getur starfað í tengslum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð þar sem það þykir hentugra.

Þjónustuhópurinn er svo skilgreindur ítarlegar í 7. gr. Hlutverk þjónustuhópsins er einnig skilgreint rækilega í frv. og ætla ég ekki að fara nánar út í það hér, en víkja aðeins að þeim þætti frv. sem fjallar um heimaþjónustu.

Eins og fram hefur komið er það eitt af meginmarkmiðum frv. að stuðla að því að aldraðir geti búið sem lengst eðlilegu heimilislífi. Ein aðalforsenda þess að þetta markmið náist er sú, að um allt land verði rekin virk heimaþjónusta fyrir aldraða. Slík þjónusta mundi gera öldruðum kleift að vera heima lengur en ella hefði verið unnt.

Orðið „heimaþjónusta" í frv. þessu er nýtt og er samnefnari heimilishjálpar og heimahjúkrunar, þ. e. sú tvíþætta aðstoð sem unnt er að veita á heimili aldraðs einstaklings. Heilbrigðisþáttur þessarar aðstoðar, þ. e. heimilislæknar, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum, verður eftir sem áður í höndum starfsliðs heilsugæslustöðva og félagslegi þátturinn yrði í höndum starfsmanna félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags.

Í frv. er lögð rík áhersla á að komið verði á fót öflugu samstarfi félagslega þáttarins og heilbrigðisþáttarins í þessu sambandi, því hjá öldruðum fléttast þessir þarfir mjög og mundi slíkt samstarf stuðla mjög að árangursríkara starfi í þágu aldraðra og jafnframt leiða til þess að markmið frv. um að aldraðir búi sem lengst eðlilegu heimilislífi náist frekar. Því er gert ráð fyrir að skipulag heimaþjónustunnar verði í höndum stjórnar heilsugæslustöðvar í samvinnu við félagsmálaráð þar sem þau starfa.

Í frv. er gert ráð fyrir að ríkið greiði 65% af kostnaði við þessa heimaþjónustu eins og fram kemur í 27. gr. frv.

Í frv. er fjallað ítarlega um dvalarstofnanir aldraðra og flokkun þeirra og þar er einnig um að ræða ákvæðin nýmæli í 26. gr. varðandi kostnað vegna vistunar á dvalarstofnunum aldraðra. Ég tel óhjákvæmilegt, þar sem það er eitt mikilvægasta ákvæði frv., að gera hér sérstaka grein fyrir því.

Þar er lögð til grundvallarbreyting á greiðslu kostnaðar vegna vistunar á dvalarstofnunum fyrir aldraða. Eins og málum er háttað greiða vistmenn á dvalarheimilum kostnað af vistun sinni sjálfir. Ef tekjur þeirra hrökkva ekki fyrir dvalarkostnaði greiðir lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins svokallaða heimilisuppbót til viðkomandi vistmanns. Verði vistmaður svo lasburða að hann þurfi sjúkravist tekur sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins við og greiðir allan kostnað af vistinni. Greiðsla ellilífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar fellur þá niður og í staðinn kemur greiðsla vasapeninga. Hafi viðkomandi haft lífeyrissjóðstekjur hætta þær nú að standa straum af vistkostnaði og renna að fullu til einstaklingsins. Reyndin hefur því orðið sú, að þeir sem tekjur hafa haft aðrar en lífeyri almannatrygginga hafa orðið tekjulega betur settir eftir að þeir fluttust á þyngra hjúkrunarstig, enda hættu þeir þá að taka þátt í greiðslu vistunarkostnaðar. Í frv. er því lagt til að kostnaður við vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða öðrum en sérhönnuðum íbúðum aldraðra verði greiddur af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Sjúkratryggingadeildin innheimti þó hjá lífeyristryggingadeild sömu stofnunar, lífeyrissjóði vistmanns eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi eins og daggjaldanefnd ákveður það á hverjum tíma. Þó skal vistmaður á dvalarheimili halda eftir 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en liðlega 1900 kr. á mánuði til eigin þarfa, en vistmaður á hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild heldur eftir 15% tekna, þó aldrei lægri upphæð en 1330 kr. á mánuði. Í 26. gr. frv. 3. málsgr. hefur upphæðum vasapeninga verið breytt frá því sem var í frv. í vor til samræmis við breytingar á lífeyrisbótum síðan frv. var lagt fram á s. l. vori. Annars vegar hefur upphæðin á dvalarstofnun farið upp í 1950 kr. á mánuði, hins vegar á hjúkrunarstofnun upp í 1330 kr. á mánuði. Þessar fjárhæðir skulu breytast eftir sömu reglum og gilda um hækkanir bóta almannatrygginga.

Ef þetta fyrirkomulag nær fram að ganga er tveimur markmiðum náð: Í fyrsta lagi er leiðrétt það ranglæti, sem nú hefur ríkt, að vistmenn á sjúkrastofnun hafa í mörgum tilvikum meiri tekjur en vistmaður á dvalarheimili. Hér er gert ráð fyrir rýmri fjárráðum meðan hinn aldraði hefur heilsu til að njóta ýmissa lífsins gæða. Í öðru lagi er komið í veg fyrir þann ávinning sem vistmaður og erfingjar hans hugsanlega hafa nú af því að honum verði komið á þyngra og dýrara þjónustustig. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því, að í fskj. með frv. þessu, fskj. IV, kemur fram að nú greiðir Tryggingastofnunin að fullu dvalarheimiliskostnað 80% vistmanna þrátt fyrir ákvæði um hið gagnstæða. Þetta mun hins vegar breytast mjög með auknum lífeyrissjóðsrétti landsmanna á næstu árum.

Herra forseti. Ég vil að allra síðustu víkja að ákvæðum frv. um Framkvæmdasjóð aldraðra og taka það fram að frv. gerir ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði á næsta ári 300 kr. á mann. Það er hækkun um 50% frá árinu 1982. En í fjárlagafrv. fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir minni hækkun á þessu gjaldi. Þar er gert ráð fyrir sömu hækkun á þessu gjaldi og á öðrum liðum fjárlagafrv. Þess vegna er það svo, að ef þess er kostur að Alþingi ljúki afgreiðslu á þessu máli, sem ég er hér að mæla fyrir, fyrir áramót verða tölur í fjárlagafrv. að breytast til samræmis við það. Á það legg ég mjög mikla áherslu því að annað getur skapað óþægindi fyrir heilbr.- og trmrn. og þá aðila sem þurfa að skipta við Framkvæmdasjóð aldraðra.

Herra forseti. Ég teldi það mjög við hæfi undir lok þess árs sem Alþingi hefur kosið að tileinka málefnum aldraðra, að frv. um málefni þeirra yrði að lögum fyrir lok ársins og að Alþingi taki höndum saman um það. Ég tel að um þetta frv. sé í raun og veru allgóð samstaða. Eins

og fram kom í framsöguræðu minni hér í upphafi hafa þingmenn úr öllum flokkum komið hér að og lagt hönd á plóginn og ég tel að þess vegna ætti að vera unnt að ljúka afgreiðslu þessa máls á þessu þingi fyrir áramótin. Ég skora á hv. heilbr.- og trn. og Nd. að halda þannig á málum að slíkt verði gert. Það væri miklu lakara ef dráttur yrði á afgreiðslu þessa máls. Vafalaust greinir okkur á um eitt og annað, t. d. fyrirkomulag á fjármögnun stofnana fyrir aldraða. Ég geri ráð fyrir að það sé einhver ágreiningur uppi um það, a. m. k. hafa menn verið að skrifast á um það í blöðunum, en ég held þó að það mál eigi út af fyrir sig ekkert að þurfa að tefja þetta sérstaka mál, sem hér er, um samræmingu á þjónustu við aldraða.

Ég vil aðeins vegna umræðna sem fram hafa farið um fjármögnun á stofnunum fyrir aldraða segja það, að fyrir mér vakir í þeim efnum eitt. Það er að fjármögnun þessara stofnana sé einföld og skýr. Það er hlutverk heilbr.- og trmrn. að sjá til þess að aldraðir á þessum stofnunum njóti þeirrar þjónustu sem lög um heilbrigðisþjónustu kveða á um. Þess vegna mun heilbr.- og trmrn. að sjálfsögðu leggja á það mikla áherslu, ef stofnanir eru fluttar yfir á föst fjárlög, að lög um heilbrigðisþjónustu séu í hvívetna uppfyllt. Það er meginmál. Við teljum að reynslan af daggjaldakerfinu sé ekki nógu góð, það sé ekki nógu heppilegt að greiða kostnað við heilbrigðisstofnanir í gegnum sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, eins og þetta hefur verið, en ég skora á menn að láta ekki deilur um þetta sérstaka mál hafa áhrif á framgang þessa frv. hér. Ég held að það sé óþarfi. Og ég vona að menn geti sameinast um að afgreiða það á þessu ári. Í fullvissu þess ætla ég ekki að sinni að hafa lengri eða fleiri orð um fjármögnun á sjúkrastofnunum í landinu, elliheimilum eða öðrum stofnunum.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þegar hæstv. heilbrrh. flutti frv. þetta seint á s. l. vori hér í þessari hv. deild lýsti ég því yfir að ég væri samþykkur frv., enda hafði ég þegar samþykkt það á öðrum stað sem einn af höfundum þess, en því var skilað frá þeim sem sömdu það til hæstv. ríkisstj. í janúarmánuði á þessu ári. Það hefur verið unnið að þessu frv. í sumar. Það er ár aldraðra og það hefur verið leitast við á hinum ýmsu ráðstefnum og fundum, sem haldnir hafa verið, að kynna frv.

Með samþykkt þessa frv. verður í fyrsta sinn samþykkt samræmd heildarlöggjöf um málefni aldraðra svo langt sem þetta frv. nær, en vissulega má segja að það séu fleiri þættir sem lög þyrftu að spanna yfir. Skal ég ekki fara nánar út í það, en vil þó taka undir það með hæstv. ráðh. að fjármögnun til rekstrar þeirra heimila sem hýsa aldraða á ekki heima í þeirri umræðu sem fer fram um þetta frv. Ég mun því ekki efna til slíkrar umr. nú um það mál, þótt ærið mætti um það segja.

Frv. hefur verið til umsagnar í sumar meðal ýmissa aðila. Öldrunarráð Íslands fékk frv. til umsagnar og sendi mörgum aðilum frv. til athugunar og lét fylgja með sínar athugasemdir. Það eru í sjálfu sér ekki þýðingarmiklar athugasemdir eða mikilsverðar sem hafa komið. Ég held að þær sem kannske eru fyrirferðarmestar og mestar í orðum manna séu byggðar á misskilningi. Síðasta athugasemdin sem ég hef heyrt er t. d. varðandi 5. gr., um að þar sé stefnt í átt mikillar miðstýringar. Ég kannast ekki við þetta, en tel hins vegar að þarna sé verið að leitast við að benda á hvaða þjónustu þurfi undir vissum kringumstæðum. Í sambandi við sveitarfélögin og sveitarstjórnirnar t. d. er ekki verið að hrúga upp á þau neinum skyldum frá því opinbera í þessu tilfelli því að valdið er hjá þeim að lokum. Ég álít einmitt, að það sem komi fram í þessu frv. sé hið gagnstæða við það sem var í frv. sem lagt var fram af ríkisstj. áður og hér kom til umr. með hæstv. ráðh. um heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða. Ég held að það hafi verið snúið alveg frá þeirri miðstýringarleið sem mótaði það frv. og með þessu frv. sé reynt að koma á móti skoðunum sem flestra, sem láta sig þessi mál skipta og hafa að þeim unnið.

Persónulega vil ég láta koma fram, eins og á s. l. vori, að það er að sjálfsögðu margt í þessu frv. sem ég hefði viljað hafa öðruvísi, en ég hef gengið til samstarfs um að þetta frv. nái fram að ganga og mun styðja það. Ég mun þó að sjálfsögðu áskilja mér rétt til þess að fylgja ákveðnum brtt., sem fram kunna að koma, og geri ég ráð fyrir að ég og mínir flokksbræður hér á þingi höfum t. d. einhverjar athugasemdir fram að færa við orðalagið í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra, eins og ég reyndar hafði þegar í nefndinni sem samdi frv. — En ég styð það að þetta frv. nái fram að ganga og ég styð þá ósk hæstv. ráðh. líka að við reynum að afgreiða frv. áður en þessu ári lýkur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er aðeins einn þáttur þessa máls, sem hér um ræðir, sem ég vil fara nokkrum orðum um, og það er í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég vil strax lýsa miklum vonbrigðum mínum yfir þeim ákvörðunum sem teknar voru varðandi úthlutun fjármagns úr Framkvæmdasjóði aldraðra nú í ár. Eins og hv. þm. öllum er kunnugt, er hér lagður sérstakur skattur á landsmenn almennt, en síðan kemur það í ljós að líklega eru tvö kjördæmi í landinu útilokuð frá því að fá nokkra fyrirgreiðslu úr þessum framkvæmdasjóði t. d. á árinu 1982.

Nú er það svo, að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra gerði tillögur á s. l. vori og þær tillögur voru sýndar í fjvn. Fjvn. hefur ekki ákvörðunarvald að því er varðar úthlutun úr þeim sjóði. Þar hefur, að ég best veit, hæstv. ráðh. lokaorðið. En í þeim tillögum, sem stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra gerði að sínum á s. l. vori, var gert ráð fyrir að úthluta allt að 5 ár fram í tímann, frá árinu 1982 til 1986. Á þessu tímabili átti t. d. Vestfjarðakjördæmi ekki að fá einn einasta eyri úr þessum sjóði, þrátt fyrir að Vestfirðingar eins og aðrir voru skattlagðir til sjóðsins. Þessu var mótmælt, ekki bara af mér í fjvn. heldur og öðrum fjvn.- mönnum, að vísu að ég hygg á mismunandi forsendum, en þessari tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs um úthlutun var mótmælt. Það voru tvenns konar rök: Í fyrsta lagi væri um að ræða allt of langan tíma, sem fjármagni væri ráðstafað, og í öðru lagi þótti mönnum misjafnlega litið til hinna ýmsu kjördæma í landinu.

Ég sé að hæstv. ráðh. hefur fallist á það sjónarmið framkvæmdastjórnar aldraðra að synja algjörlega fjárbeiðnum til Vestfjarðakjördæmis í þessum efnum á árinu 1982. Hvort sú afstaða heldur áfram að vera hin sama t. d. á næsta eða næstu árum á að sjálfsögðu eftir að koma

í ljós, en ég harma það mjög að þegar verið er að skattleggja allan almenning í landinu til ákveðins verkefnis skuli einstöku kjördæmi vera neitað um nokkurs konar fyrirgreiðslu að því er varðar uppbyggingu á þessu sviði sem hér um ræðir. Það gengur svo langt, að ráðandi menn í kerfinu leggja til að fyrirgreiðsla sé útilokuð 5 ár fram í tímann.

Það er augljóst, að það vantar mikið fjármagn til þess að standa við bakið á uppbyggingu sem hér um ræðir. Mesta fjármagnið fer til Reykjavíkur, þ. e. í B-álmu Borgarspítalans, og í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga. Það er uppbygging sem þarf að eiga sér stað eins og annað, en slíkt má þó ekki verða með þeim hætti að látið sé svo mikið fjármagn þar af hendi að það verði til þess að svelta heilu kjördæmin svo árum skiptir. Þau þurfa alveg eins og á sama hátt, þó í minna mæli sé, að sinna uppbyggingu fyrir aldraða þjóðfélagsþegna á sínum snærum.

Ég vil nota þetta tækifæri, eins og ég gerði í fjvn., til þess að mótmæla þessum vinnubrögðum, bæði tillögum stjórnar framkvæmdasjóðsins og endanlegum ákvörðunum hæstv. ráðh. í þessum efnum, þar sem hann undanskilur einstök kjördæmi frá því að fá nokkra fjárveitingu eða fyrirgreiðslu úr þessum sjóði, a. m. k. á árinu 1982. Ég vænti þess að bæði stjórn sjóðsins svo og hæstv. ráðh., endist honum lífdagar sem slíkum á næsta ári, sjái til þess að slík reginmistök, sem ég vil orða það, eigi sér ekki stað varðandi úthlutun úr þessum sjóði á næsta ári.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þarf raunar ekki að taka það fram, að ég er mjög hlynntur og ákveðinn stuðningsmaður þess að setja löggjöf um málefni aldraðra og ég er í öllum meginatriðum hlynntur því sem segir í I. kafla þessa frv. um skipulag öldrunarþjónustu. Sömuleiðis tel ég það rétt spor að stíga, að yfirstjórn öldrunarmála sé á einni hendi og undir einu og sama ráðuneyti, þó að vitaskuld komi til greina að bæta ekki algjörlega nýju starfi eða störfum við, heldur þá skipuleggja innan þess ráðuneytis betur starfsemina þannig að það verði sem minnstur kostnaður af.

Þetta frv., sem lá fyrir síðasta þingi, og þær till., sem legið hafa fyrir, má segja að hafi verið að taka miklum framförum í meðferð bæði þings og þeirra nefnda sem fjallað hafa um samningu þessa frv., en mig langar til að gera nokkuð að umræðuefni II. kafla frv., sem er um Framkvæmdasjóð aldraðra, en eins og hæstv. ráðh. gat um var gripið til sérstakrar fjáröflunar með nefskatti til að auka verulega fjármagn til öldrunarmála eða til framkvæmda í þágu aldraðra.

Í frv., sem lagt var fram á s. l. hausti, kom það upp að hlutverk þessa framkvæmdasjóðs var þá viðameira en upprunalega var gert ráð fyrir, þegar bæði ég og fleiri urðum við þeirri beiðni ráðh. og meira að segja beittum okkur mjög ákaft fyrir því að þessi fjáröflun til framkvæmdasjóðs var tekin upp. Nú er lagt til að taka skyldur af ríkissjóði, sem ríkissjóður hafði fyrir, eins og að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða og sérstaklega hlutdeild ríkissjóðs samkv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu frá 1978 í byggingu sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða. Með þessari grein er verið að létta af ríkissjóði skyldum, sem ríkissjóður hafði og hefur samkv. gildandi lögum, og þar með er verið að víkka í auknum mæli verksvið framkvæmdasjóðsins, sem þýðir að hann getur ekki sinnt þeim viðbótarframkvæmdum sem honum var upprunalega ætlað að sinna og við þm. stóðum vel flestir dyggilega að að fá lögfest.

Hækkun á þessu skattgjaldi umfram launahækkanir eða verðlagshækkanir orkar mjög tvímælis. Hæstv. ráðh. var nú að mæla fyrir öðru frv. hér áðan, þar sem einnig er um verulegar hækkanir á skattheimtu að ræða, svo sjáanlegt er að það á að nota verulega góð mál til aukinnar skattheimtu á landsmenn á sama tíma og lagt er til að skerða verðbætur á laun samkv. brbl. sem gefin voru út, en ekki sjá dagsins ljós hér á löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Að vissu leyti get ég tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns því að það kom mér mjög á óvart þegar fyrir lágu tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra um að úthluta tekjum sjóðsins, ekki fyrir þetta ár eingöngu heldur einnig fyrir 1983, 1984 og 1985 og samtals upp á 120.9 millj. kr. eða 32 millj. 100 þús. fyrsta árið, en 29.600 hin árin. Þessu er skipt í fjögur ár á tiltekin verkefni, en óráðstafað er 1 millj. 400 þús. á ári 1983—1985 og 1.3 millj. á þessu ári. Það er rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að hér er gengið fram hjá ákveðnum kjördæmum. Meginþorri þessa fjármagns er ætlað að fari til B-álmu Borgarspítalans, sem við vitum að er mikil framkvæmd, en fellur að verulegu leyti undir gildandi lög um heilbrigðisþjónustu, en verið er að taka af Framkvæmdasjóði aldraðra til þess að fjármagna þá framkvæmd. Ég vil á engan hátt gera lítið úr þeirri framkvæmd eða hversu mikilvægt er að hraða henni, en ég tel að þarna hafi verið sveigt frá þeirri skyldu sem á ríkinu hvíldi og gerð tilraun til að taka um 50% af öllu því fjármagni sem þessi sjóður kemur til með að hafa á fjórum næstu árum.

Enn fremur eru nokkuð stórar framkvæmdir í næsta nágrenni Reykjavíkur, sem líka koma inn á svið ríkisspítala beint og óbeint. En svo koma aftur önnur kjördæmi, sem er ekki ætlað að fái eina krónu í framlag, eins og t. d. Vesturlandskjördæmi og Vestfirðir. Og það er svo sem ekki stórt sem fer til framkvæmda í Norðurlandi eystra, aðeins 4.5 millj. á þessum 4 árum, og á Suðurland 8 millj. kr. og Norðurland vestra 12.5 millj. kr.

Nú veit ég að hæstv. ráðh. segir: Ja, frá Vestfjörðum voru engar umsóknir fyrir. — Að vísu var fyrir mjög mikilvæg umsókn, sem var fyrir dvalarstofnun eða íbúðir á Ísafirði, sem voru teknar í notkun á þessu sumri og eru í mikilli fjárvöntun. Þar hefur byggðarlagið orðið að standa undir gífurlegum framkvæmdakostnaði. Enn fremur lá umsókn fyrir í sambandi við byggingu dvalarstofnunar á Reykhólum, sem er í sýslu sem er ein sú mannfæsta á landinu. Hitt er rétt, að fleiri voru þessar umsóknir ekki.

Sennilega nefnir hæstv. heilbrrh. það hér á eftir, að auðvitað sé nær að snúa sér að Húsnæðisstofnun, það sé hennar hlutverk að veita lán til íbúða aldraðra, en þá verður að tryggja að slík lán séu veitt. Hér verður að vera um samræmda vinnu að ræða ef ekki á að skapa leiðindi á milli í sambandi við þessar framkvæmdir allar. Mér vitanlega liggur ekki fyrir enn þá svar um hvort þessar stofnanir fái slíkt lán eða ekki. En ef ákvörðun væri tekin og ákveðnar yfirlýsingar gefnar eða jafnvel ákveðin lagabreyting væri gerð liti þetta mál allt öðruvísi út.

Ég gerði athugasemdir í heilbr.- og trn. á síðasta ári við 12. gr., eins og hún er hér, sem ég hef gert aðeins að

umræðuefni, og ég sé að það hefur ekkert tillit verið tekið til þeirra athugasemda. Þær athugasemdir standa því áfram hjá mér, en mér þætti vænt um ef hæstv. ráðh. gæti upplýst með hvaða hætti eigi að lána til íbúða aldraðra, ef myndarlega er á því tekið. Þá verðum við ólíkt sáttari við það sem hér er að gerast. En á meðan ekkert er hægt að segja um það og ekkert liggur fyrir, þá verður um að ræða ákaflega mikla tortryggni í sambandi við úthlutun þess fjármagns sem Framkvæmdasjóður aldraðra kemur til með að hafa á milli handanna.

Annars ætla ég ekki að ræða efnislega meira um þetta frv. Ég tel að margt hafi vel tekist í sambandi við samningu þess. Hlutverk þess og það sem á að gera í málefnum aldraðra er mikilvægt, sem vafalaust verða ekki mjög skiptar skoðanir um, en þegar komið er að ýmsum framkvæmdaliðum er eðlilegt að það séu nokkuð skiptar skoðanir.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar og ef allar upplýsingar eru fljótlega gefnar og skýrar sé ég nú ekki að það eigi að taka mjög langan tíma að afgreiða þetta mál, þannig að það geti orðið að lögum áður en Alþingi fer í jólaleyfi, en ég legg á það þunga áherslu að þessar athugasemdir verði gaumgæfilega skoðaðar og skýr svör liggi fyrir til þess að eyða þeirri tortryggni sem nú er uppi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er hér fram komið og vil lýsa stuðningi við að það verði gert að lögum fyrir áramót, en þá með vissum breytingum.

Ég tel að það fari ekki milli mála að Framkvæmdasjóður aldraðra hlýtur að vera ætlaður til uppbyggingar á mannvirkjum sem þjóna öldruðum vítt og breitt um landið. Það ber keim af nýlendustefnu að skattleggja allt landið til að veita fjármagni í byggingar á aðeins örlitlu svæði af landinu. Og sú ákvörðun, sem tekin var um dreifingu fjármagnsins fyrir þann skatt sem þegar er á lagður, er í sjálfu sér stórkostlegt hneyksli. Það liggur við að það megi segja að fjmrh. og félmrh. hafi stolið sjóðnum og fært hann inn á fjárlög undir lið til sjúkrahúsa. Það gerði enginn maður, sem samþykkti þessi lög úr hópi almennra þm., ráð fyrir að þessir peningar yrðu settir undir þann lið í framkvæmd. Að það skuli geta gerst, að menn taki sér það vald að ætla að fara að úthluta 5 ár fram í tímann þessum fjármunum og dreifa þeim eins og tillögurnar gera ráð fyrir, finnst mér alveg forkostulegt. Í ljósi þeirrar reynslu tel ég að sjóðsstjórnin, eins og gert er ráð fyrir hér í 11. gr., eigi engan rétt á sér. Persónulega teldi ég langeðlilegast að það væri fjvn. Alþingis sem sæi um dreifingu á þessu fjármagni. Þá er það í samræmi við dreifingu á öðrum sköttum sem við erum að innheimta. Það er Alþingi sem ber ábyrgð á hvernig þeim er dreift, en ekki gefið að það verði eitthvert geðþóttavald ráðh. og billegt kjördæmapot sem komi þar inn í málið, eins og virðist hafa orðið með þessa fjármuni, sem búið er að úthluta.

Ég vil taka undir það, sem hv. 6. landsk. þm. sagði um þetta mál, og jafnframt taka undir það, sem 1. þm. Vestf. sagði áðan um þetta mál, en ég vil bæta því við, af því að það kom sérstaklega fram hjá ráðh. að hann legði á það höfuðkapp að fjármögnun húsnæðis til aldraðra ætti að vera einföld og skýr, það voru hans óbreyttu orð úr ræðustól rétt áðan, að mér finnst að hann ætti að svara því þá á einfaldan og skýran hátt hvernig hann telur að fjármagna eigi íbúðabyggingar þær sem Ísafjarðarbær hefur látið byggja fyrir aldraða og í annan stað, hversu hátt hlutfall hann telur að eigi að koma af opinberu fé undir slíkum kringumstæðum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég má satt að segja til með að koma athugasemdum mínum núna á framfæri. Ég get eiginlega ekki setið lengur kyrr ef ég á von á að fá jafnvitlausan texta og þann sem hér var fluttur síðast. Ég á reyndar ekki von á því. En það er best að ég komi því strax á framfæri, að það sem hv. þm. var að segja hérna áðan er náttúrlega svo mikil fjarstæða að það tekur nánast engu tali og væri ástæða til að fara um það mörgum og ítarlegum orðum. (**HBl:** Þá er nú best að gera það.) Það mál er hins vegar svo flókið og erfitt að ég ætla ekki að gera það. Ég ætla ekki að hafa ræðuna mjög langa, heldur stutta. (**ÓÞÞ:** Skilja þm. ekki flókið mál?) Það er ábyggilega betra fyrir hv. þm. að fá þetta í einföldu og stuttu máli — og alla þm.

Það sem ég vil segja er þetta: Auðvitað er áætlunin um fjármögnun á byggingum fyrir aldraða úr Framkvæmdasjóðnum ekki ákvörðun heilbr.- og trmrh. Hún er tillaga að áætlun og heilbr.- og trmrh. ber að setja þá tillögu fram samkv. lögum í landinu.

Hv. þm. ættu að lesa þessi lög svo og frv., sem hér liggur á borðum okkar, áður en þeir fara að fordæma þau vinnubrögð, sem hér eru uppi, sem stórkostlegt hneyksli og nýlendustefnu. Staðreyndin er sú, að í frv. um málefni aldraðra er gert ráð fyrir að heilbr.- og trmrh. leggi fyrir fjvn. áætlun til 5 ára um hvernig fé sjóðsins verði ráðstafað. Það er ráðh. skylt að gera. Svo einfalt er þetta mál. Ráðh. væri að bregðast lagaskyldu ef hann ekki legði þessa tillögu fyrir fjvn.

Nú hefur því verið haldið fram, að ráðh. hafi í þetta skipti með billegu kjördæmapoti verið að hrifsa alla þessa peninga suður til Reykjavíkur og Reykjanesumdæmis. (Gripið fram í.) Ég vil í fyrsta lagi segja þetta: Þetta er í fyrsta sinn svo ég muni til hér á hv. Alþingi að því hafi verið haldið fram að peningar hafi verið sogaðir til Reykjavíkur á grundvelli kjördæmapots, þannig að þetta er söguleg fullyrðing hjá hv. ritara þessarar deildar. En hitt er ljóst, að þörfin hér á Reykjavíkursvæðinu fyrir stofnanir vegna aldraðra var gífurlega alvarleg. Það var um að ræða og er sumpart enn um að ræða neyðarástand. Gamalt fólk á Vestfjörðum, Austfjörðum eða á Norðurlandi er ekkert betur sett með B-álmuna hálfkláraða suður í Fossvogi. Þess vegna var tekin á það stefna að reyna að ljúka við þessa byggingu á Reykjavíkursvæðinu, B-álmuna, eins fljótt og hægt er. Það gengur of seint, að mínu mati, en ekki of hratt. Og framkvæmdum við hjúkrunarheimilið í Kópavogi, Hrafnistu í Hafnarfirði og stofnunina við Snorrabraut liggur á. Ég tel að það sé réttlætanlegt að Alþingi ákveði að þeir peningar, sem þarna er um að ræða, fari til að ljúka við þessar stofnanir, þannig að unnt sé að taka við því fólki sem líður neyð úti í samfélaginu vegna þess hvernig ástandið er. Og það er ekki bara þetta fólk sem þarna á um sárt að binda, heldur líka og kannske fyrst og fremst fjölskyldur þessa fólks, sem búa við mjög alvarlega erfiðleika. En ég er ekkert að gera lítið úr þeim vanda sem er úti um landið. Ég vil ekki gera neitt lítið úr þeim vanda, en ég er bara að segja þetta: (Gripið fram í.) Hérna er höfuðatriði að menn átti sig á því að um var að ræða mjög alvarlegt heilbrigðis- og félagslegt vandamál, sem varð að taka á

hér á þessu svæði.

Þegar þessi mál komu til umr. hér á Alþingi í fyrra var það nefnt, að auðvitað ætti þetta mál að fara í fjvn. Ég tók undir það, að ég gæti vel hugsað mér að fjvn. færi höndum um þetta mál. Ég hef auðvitað ekkert á móti því. Því í ósköpunum skyldi ég hafa það? En ég áskil mér auðvitað allan rétt til að vera með tillögur í þessu efni og þær hef ég gert. Ef fjvn. vill hafa með þetta mál að gera ákveður Alþingi auðvitað að það skuli vera svo, en meðan við störfum eftir tilteknum lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra hefur ráðh. þá skyldu að gera tillögur um 5 ára áætlun um hvernig þessu fjármagni á að ráðstafa.

Þegar við stóðum frammi fyrir því verkefni að úthluta úr sjóðnum var alveg ljóst að verkefnið var svo mikið og erfitt að það voru fjöldamargar stofnanir sem við urðum í raun og veru að ýta til hliðar. Við urðum að velja og hafna. Og við tókum þá stefnu að segja sem svo: Við leggjum fyrst fjármagn í hjúkrunarheimili, við leggjum fjármagn í elliheimili. En íbúðirnar eru númer þrjú, eins og við settum þessa forgangsröð upp. Við sögðum síðan: Íbúðirnar eiga að fjármagnast með lánum að einhverju leyti frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Á þessu ári nemur sá lánaflokkur til íbúða fyrir aldraða og dagvistarheimili 17 millj. kr. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig það skiptist, en heildin er 17 millj. kr.

Mér var hins vegar ljóst strax og ég fékk fyrstu tillögurnar frá stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, að ráðh., hver svo sem hann er, stenst það ekki að ekkert af þessum peningum fari til íbúðanna. Þess vegna lagði ég það til við stjórn sjóðsins, að það yrði ákveðið að eins og 10. hluti af fjármagni sjóðsins á hverjum tíma gengi til íbúða fyrir aldraða. Þessa tillögu sendi ég stjórn sjóðsins einhvern tíma í sumar. Það er tilviljun að það var einmitt í gær sem ég undirritaði reglur um að svona skyldi þetta vera, að ca. 10. partur af úthlutunarfénu færi til íbúðanna og hitt í hjúkrunarheimili og dvalarstofnanir. Auðvitað er hægt að breyta þessu, en ég var þeirrar skoðunar, að enginn ráðh. stæðist það í rauninni pólitískt að láta ekkert af þessu fé fara til íbúðanna og á því byggist mín afstaða. *Hún byggist líka á þeirri reynslu sem ég hafði frá* umr. hér á Alþingi á s. l. vetri. En það breytir ekki því, að ég er þeirrar skoðunar að hjúkrunarþörfin sé í raun og veru brýnasta þörfin. Ég hvika ekki frá þeirri skoðun, en vegna þess að ég vildi ekki skella skollaeyrum við þeim hugmyndum og áherslum sem fram höfðu komið, þá lagði ég þessa starfsreglu fyrir sjóðinn og undirritaði hana í gær.

Þetta vildi ég segja út af orðum hv. þm. Ólafs Þórðarsonar. Ég er satt að segja nokkuð undrandi á þeim orðum. Ég hefði gjarnan viljað að hann hefði rætt þessi mál við mig með rólegum hætti, vegna þess að þá held ég að menn hefðu ekki þurft jafnlengi að byrgja inni með sér jafnmikla reiði og þá sem braust út í orðum hans hér áðan, sem ég held að hafi verið mælt í fljótfærni.

Þetta eru þær hugmyndir sem liggja á bak við okkar afstöðu. Og mér er engin launung á því, að ég tel að það hefði í raun og veru þurft að ganga hraðar til verks en ekki hægar í sambandi við hjúkrunarstofnanir fyrir aldraða hér á Reykjavíkursvæðinu.

Það er um það talað, að tvö kjördæmi hafi orðið út undan. Mig minnir að hv. þm. Karvel Pálmason hafi nefnt það. Ástæðan til þess er sú, ég hafði hreinlega ekki sett málið upp eftir kjördæmum. En ástæðan til þess að þetta mun vera svo, eins og hv. þm. fullyrti, er fyrst og fremst sú, að það komu ekki umsóknir úr þessum kjördæmum, að ég held, um annað en íbúðir. Það mun hafa komið til sjóðsins ósk vegna íbúðanna á Ísafirði og einnig vegna íbúða á Reykhólum, en sú ósk kom mun seinna en ákvörðun var tekin um úthlutun úr sjóðnum.

Þessar eru skýringarnar. Til marks um að við tökum tillit til þess sem fram kemur m. a. í fjvn., þá vil ég upplýsa að eftir að málið hafði verið lagt fyrir fjvn. breyttum við í ráðuneytinu nokkrum úthlutunartölum af hálfu Framkvæmdasjóðsins eftir að við höfðum hlýtt á ábendingar í fjvn. Þannig er ekki hægt að segja að ráðuneytið hafi skellt skollaeyrum við óskum, hugmyndum og umsögnum sem komið hafa fram. En ég harma í ljósi þeirra umr. sem hér hafa farið fram, einkum af hálfu hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, að menn skuli ekki hafa komið og rætt þessi mál í rólegheitunum áður en þeir sprungu út með þessum sérkennilega hætti hér í ræðustólnum áðan.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. Pétri Sigurðssyni og öðrum, sem hér hafa talað, góðar undirtektir við málið almennt. Ég er viss um að þau orð eru til marks um að menn ætla að setja sér að reyna að ljúka málinu á þessu þingi, núna fyrir áramótin.

Einn hv. þm. benti mér á að frv. fylgdi ekki kostnaðaráætlun í því formi sem því hefur verið dreift hér í, eins og skylt er samkv. lögum nr. 13/1979, Ólafslögum, lögum um efnahagsmál o. fl. Það er rétt. Í framsöguræðu minni s. l. vor gerði ég þess vegna grein fyrir kostnaðinum. Ég endurtók það ekki hér, en ég ætla að gera það vegna þessara ábendinga sem ég fékk frá hv. þm.

Það var talið samkv. útreikningum að ákvæði frv. um hækkun vasapeninga, þegar þau væru að fullu komin til framkvæmda, hefðu í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð 1981 sem svaraði um 10 millj. kr. Síðan var gert ráð fyrir að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna heimaþjónustunnar, sem ég gerði hér grein fyrir áðan, væri um það bil 5 millj. kr. En kostnaðurinn við Framkvæmdasjóð aldraðra er auðvitað að verulegu leyti borinn uppi af sköttum og síðan er um að ræða framlög úr ríkissjóði, sem ekki eru viðbót við það sem verið hefur í þeim efnum, allavega ekki eins og þessir hlutir hafa gengið fyrir sig. En á móti þessum tölum ber að hafa það í huga, að samkv. útreikningum Reykjavíkurborgar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjmrn. var gert ráð fyrir að tilflutningur heilsugæslunnar í Reykjavík, að númera læknakerfið yfir á hið nýja heilsugæslukerfi, mundi kosta borgina jafnvel í kringum 10 millj. kr. og jafnvel eitthvað hærri upphæð. Þess vegna er það sem ég vil nota tækifærið og taka það fram, að það er mjög brýnt frá sjónarmiði Reykjavíkurborgar að ef þetta nýja heilsugæslukerfi á að ganga fram gangi þetta frv. fram líka vegna þess að það mun létta af borginni nokkrum kostnaði í sambandi við heimaþjónustuna. Hversu há sú upphæð er liggur ekki fyrir, en það munar eilítið um það og það skiptir máli frá sjónarmiði borgarstjórnar Reykjavíkur.

Herra forseti. *Ég vænti* þess að ég hafi svarað þeim fsp. sem fram hafa komið. Aðalatriðið í mínum huga er það, að við sameinumst um þetta frv. Þó kann að vera ágreiningur um önnur atriði eins og fjármögnun, en það eru hlutir sem liggja fyrir utan þetta mál. Ég vil aðeins að lokum endurtaka það, að ég sagði að fjármögnun þessa ætti að vera einföld. Þá er ég auðvitað fyrst og fremst að tala um þá deilu sem uppi hefur verið að undanförnu um reksturinn. Hérna er deilumálið í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra stofnkostnaðaratriði, sem í raun

og veru kemur rekstrinum út af fyrir sig ekki sérstaklega við, en auðvitað þarf það að vera einfalt og glöggt líka. Ef Alþingi vill koma sér saman um aðrar reglur í þeim efnum er ég reiðubúinn til þess að standa að þeim. Aðalatriðið í mínum huga er að þessir fjármunir, sem þarna er um að ræða, skili sér sem fyrst í betri þjónustu fyrir aldraða.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram á ný, því að hér er um þýðingarmikið mál að ræða sem við eigum að sameinast um að koma til framkvæmda.

Þegar frv. var hér til 1. umr. á síðasta þingi gerði ég grein fyrir afstöðu minni til málsins og enn fremur að verulegu leyti afstöðu þingflokks Framsfl., sem styður þetta frv. og mun standa að samþykkt þess. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði á þinginu s. l. vor. Ég vísa til þskj. En ég vil þó taka aðeins þátt í þeim umr. sem hér hafa farið fram um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir lagði hann á s. l. vetri fyrir fjvn., tillögur sjóðsstjórnarinnar um framlög á 5 ára áætlun samkv. frv., en eins og stendur í 13. gr. frv. gerir ráðh. í samráði við fjvn. og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára um framkvæmdir. Það kom í ljós, þegar þessi tillaga sjóðsstjórnar kom á borð fjvn., að menn höfðu ekki gert ráð fyrir hvernig þessi tillaga væri byggð upp og ekki hvað síst urðu menn hugsi þegar um var að ræða tillögu sem var hér sett fram í fyrsta sinn og þess vegna mátti gera ráð fyrir að það þyrftu að fylgja henni miklu fleiri skýringar og ráðrúm til að skoða málið niður í kjölinn þar sem þessar framkvæmdir lágu ekki ljóst fyrir í öllum atriðum. Það var beðið um aths. frá fjvn. og tíminn var skammur þannig að ekki gafst ráðrúm til að ræða þetta til hlítar. Ég vil aðeins taka undir að vissulega stakk það í augu að tvö kjördæmi landsins voru ekki inni í myndinni í næstu 5 ár, þó að framkvæmdir þar væru vissulega undirbúnar og væri þörf á þeim eins og annars staðar.

Ég vil skýra frá því að ég skrifaði heilbr.- og trmrn. samkv. ósk þess um framkvæmdir sem í aðalatriðum áttu við um Vesturland, en þó kom ég inn á afstöðu mína til málsins í heild. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp úr þessu, en ég vil taka það fram, að einmitt vegna þessarar aths. varð að leiðrétta að nokkru framlag til Vesturlands — þó að það væri lítil upphæð var þó sýnd viðleitni — bæði fyrir Borgarnes og Stykkishólm.

„Afstaða mín til þessa máls er sú, að ég tel að öll kjördæmi landsins eigi að vera inni í slíkri áætlun, þ. e. framkvæmdaáætlun sem þarna kemur fram, þar sem augljóst er að alls staðar er knýjandi þörf og framkvæmdir fyrirhugaðar eða eru í gangi í öllum kjördæmum. Ég get fallist á vissan forgang fjármagns úr sjóðnum til byggingar á sjúkrastofnunum, t. d. B-álmu í Reykjavík. — Ég tel það nauðsyn — og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. En ég tel að þessi tillaga um framkvæmdaáætlun taki alls ekki nægjanlegt tillit til ákvæða 7. gr. reglugerðar um hlutverk sjóðsins, sbr. tölul. 2, vegna framkvæmda sveitarfélaga. Ég tel að sveitarfélög, sem ekki eru í beinum tengslum við sjúkrahús, en eru að leysa þessi vistunarmál aldraðra með byggingu sameiginlegra íbúða með þjónustuaðstöðu og í tengslum við heilsugæslustöð á staðnum, eigi að hafa aðgang að fjármagni úr sjóðnum."

Þetta er í megindráttum það sjónarmið sem ég tel að sé eðlilegt að fram komi við meðhöndlun þessa máls. En ég vil undirstrika þá skoðun mína, að ég tel að það sé mjög mikilvægt að stjórn Framkvæmdasjóðsins og viðkomandi ráðh. nái sem víðtækastri samstöðu um þetta mikilvæga mál, þ. e. 5 ára áætlun, sem er nokkuð langt fram í tímann, um ráðstöfun þessa fjármagns, sem allir eru vonandi sammála um að sé eðlilegt að verði til. Þess vegna tel ég að það sé ákaflega brýnt að ráðh. hverju sinni hafi sem nánast samstarf við fjvn., sem er þó allavega skipuð fulltrúum úr öllum flokkum og öllum landshlutum, til þess að fyrirbyggja deilur um þetta fjármagn, því að við hljótum að vera sammála um að nýta það á skynsamlegan hátt og að þessi jöfnuður náist eins og mögulegt er þannig að allir eigi vissan aðgang að þessu fjármagni.

Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem hér hafa komið upp, en það er eðlilegt að menn verði undrandi þegar þeir sjá þessa till. — Ekki á því, að aðalfjármagnið fari til að ljúka hinum mikilvægu framkvæmdum við sjúkrastofnanir hér á höfuðborgarsvæðinu, eins og B-álmuna og hjúkrunarheimilið í Kópavogi, heldur hinu, að í næstu 5 ár eigi fjármagn ekki að koma til vissra kjördæma í landinu. Það er eðlilegt að menn horfi á það. En ég vil undirstrika nauðsyn þess, að þess sé gætt að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um slíka áætlunargerð. Það er hægt þar sem ákvæði er í lögum um að það skuli hafa samráð við fjvn. Ég tel að á það hafi ekki reynt eins mikið og nauðsyn ber til við þessa fyrstu tillögugerð. Ég vil taka það fram, að ég tel að hún eigi aðeins við árið 1982 og það eigi eftir að fjalla nánar um úthlutun á þessu fjármagni næstu 4 ár. Þess vegna tel ég að þær reglur sem undirritaðar voru í gær hefði átt að ræða a. m. k. við fjvn. áður en gengið var frá þeim.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði fyrr, að ég er sammála því að þetta frv. fái greiðan framgang hér í þinginu. Við erum væntanlega efnislega sammála um frv. og tilgang þess og nauðsyn þess að það geti komið til framkvæmda um næstu áramót. Það skulu vera mín lokaorð.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég var og er formaður í þeirri n. sem bæði fékk frv. í fyrra til meðferðar og mun fá þetta núna. Það kom seint fram í fyrra, en nú gefst væntanlega tími og eftir undirtektum hv. þm. að dæma ætti það að eiga greiða leið í gegnum þingið.

Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og fagna því jafnframt, að loksins kom að því að hv. þm. Reykjavíkur eru vændir um kjördæmapot. Það var mál til komið. Þeim er nokkur vorkunn, þeim hv. þm. Vestf. og Vesturl., að þeim kunni að þykja komin röðin að sér eftir að önnur kjördæmi hafa fengið stórvirkjanir í hvern hrepp. En ég skal ekki eyða (**ÓÞÞ:** Hvað eru hrepparnir margir á Íslandi núna?) orðum að því. Það eru hins vegar nokkur atriði í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra sem ég vil koma inn á.

Ég held að það sé enginn vafi á að langflestir landsmenn greiða með glöðu geði þann litla skatt sem á þá er lagður til þess að byggja upp íbúðarhúsnæði og stofnanir fyrir aldraða. — Og ég ætla ekki heldur að blanda mér í þá umr. sem hér hefur farið fram um hvernig veitt er úr sjóðnum. Ég held að það sé skynsamleg stefna að reyna að ljúka við stofnanir á einum stað áður en byrjað er annars staðar, svo að gagnslausir grunnar séu ekki í

hverjum landshluta.

En mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. hvernig sé farið að þegar búið er að veita úr þessum sjóði, að hve miklu leyti er síðan fylgst með hvernig fjármagnið er notað. Ég held að það eigi við ýmsa sjóði ríkisins. Ég vil t. d. geta þess, þar sem ég á sæti í svæðisnefnd fyrir þroskahefta fyrir Reykjavíkursvæðið, að við erum nú að láta vinna úttekt á því hvernig það fé sem Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra veitti til stofnana á svæðinu á s. l. ári hefur verið notað. Ég auglýsi nú eftir því, að hvaða leyti er fylgst með því í hvað þetta fé raunverulega fer. Ég er búinn að sjá of mikið af bruðli og sóun með slíkt fé til þess að ég sætti mig við það lengur. Það er ekki langt síðan við nokkrir hv. þm. skoðuðum stofnun hér í Reykjavík, þar sem yfir fólk gekk bruðlið og eyðslusemin. Það er einhvern veginn svo með opinberar framkvæmdir, að fólk sýnist vera harla ráðalaust, þó það sitji í valdamiklum pólitískum embættum, þegar hafa skal nokkra stjórn á því hvernig þeir sem annast framkvæmdina fara með þetta fé.

Ég vil aðeins taka lítið dæmi: Á deild, þar sem gera má ráð fyrir að flestir sjúklingar séu meira og minna illa gangandi og þar á meðal trúlega keyrðir um í hjólastólum, hafði verið lagt tveggja cm þykkt gólfteppi yfir alla hæðina. Auðvitað fer svo, að það verður að taka þetta gólfteppi burtu. En maður hlýtur að spyrja sig: Hvers vegna var það yfir höfuð sett?

Ég held að það sé komið mál til að fylgst verði í meira mæli með hvernig með þetta fé er farið, sem verið er að veita hér, og þess vegna vil ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til ráðh. hvort einhverjum sé ætlað að fylgjast með framkvæmd á meðferð þessara peninga og jafnframt hvort einhver sjái hvað er gert við þá.

Að öðru leyti fagna ég því að þetta frv. er svo snemma fram komið og vænti þess að það verði að lögum áður en þingi lýkur fyrir jól.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur þeirra stjórnarliðanna, hæstv. ráðh. og hv. 5. þm. Vestf., en mér sýnist ljóst af ummælum hv. þm. Ólafs Þórðarsonar að nú sé hann að átta sig á því hvern ráðh. hann hefur stutt núna langt á þriðja ár — ráðh. sem framkvæmir nýlendustefnu í heilbrigðismálunum. Vonandi að hann sjái nú fram á að það fari að styttast í að hæstv. ráðh. og auðvitað ríkisstj. sem heild sé til. (**Gripið fram í:** Varst þú ekki að óska honum langra lífdaga áðan?) Nei, hv. skrifari, ég sagði: ef honum auðnast sem slíkum lífdagar á næsta ári. Það var fullkomlega vel undirstrikað, ef-ið.

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. hefur verið að beina því til mín þegar hann var að tala um að þm. ættu að lesa lögin. Ég held að ég hafi ekkert sagt hér sem ekki er í fyllsta samræmi við það sem lögin gera ráð fyrir. Ég var ekki að gagnrýna það, hvorki stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra né hæstv. ráðh., ef hann hefur verið sama sinnis, að áætlun væri gerð til 5 ára, heldur að hún skuli gerð til 5 ára og tvö kjördæmi höfð út undan, fái ekki einn einasta pening öll þessi 5 ár. Það var gagnrýnin. Og þá segir, með leyfi forseta, í lögunum, þ. e. 5. gr.: „Ráðh. gerir í samráði við fjvn. og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir samkv. 1. gr.“ Fjvn. var send þessi tillaga og ekkert samráð við hana haft. Fjvn. var send þessi tillaga frá stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og að vísu beðið um umsögn, en þetta á hæstv. ráðh. að gera samkv. lögum. Þá beini ég því til ráðh. að hann lesi sjálfur lögin betur. Samkv. lögum á hæstv. ráðh. að gera þetta í samráði við fjvn., en ekki senda henni þetta eins og hvert annað pappírsgagn og biðja um stimpil á það. Ég vísa því alfarið á bug að ég hafi hér verið að fordæma að áætlun til 5 ára sé gerð. Ég fordæmi það eingöngu og geri það enn, að slík áætlun skuli gerð og tvö kjördæmi skuli gersamlega útilokuð og fái ekki einn einasta eyri til framkvæmda úr þessum sjóði allan þennan tíma. Það er það sem hv. skrifari kallar nýlendustefnu, nýlendukúgun eins og ég held að hann hafi orðað það.

Ég held að ég hafi tekið það fram, að ég dreg ekkert í efa hina brýnu þörf hér á Reykjavíkursvæðinu fyrir uppbyggingu B-álmu Borgarspítalans. En þörfin er víðar brýn og það erum við að reyna að koma hæstv. ráðh. og stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra í skilning um. Ég dreg mjög í efa að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra eða hæstv. ráðh. hafi til þess lagaheimild að taka ákveðna framkvæmda- eða byggingarþætti út úr lögunum og veita fjármagni til þeirra, en skilja aðra eftir, sem lögin beinlínis gera ráð fyrir tvímælalaust að eigi að fá fyrirgreiðslu. Það er alveg skýrt í lögunum sjálfum hvaða byggingar eða framkvæmdaþættir eiga rétt til fjárveitinga eða fyrirgreiðslu. Þar á meðal eru íbúðir. A. m. k. efa ég á þessari stundu fullkomlega að það sé til lagastafur fyrir því að hæstv. ráðh. eða sjóðsstjórn geti strikað út ákveðna framkvæmdaflokka sem lögin ótvírætt gera ráð fyrir að fái fyrirgreiðslu.

Ég get verið sammála hæstv. ráðh. um að framkvæmdir við B-álmuna gangi of seint, en við hvern skyldi nú fyrst og fremst vera að sakast þar? Hver ræður ferðinni, á að ráða ferðinni í þeim málum eða átti að ráða ferðinni undangengin þrjú ár? Er það ekki hæstv. ráðh. sjálfur sem höfuðið á tryggingakerfinu og heilbrigðisþjónustunni í landinu, sem bar skylda til þess að sjá þessum framkvæmdaþætti farborða? En ég get verið sammála honum um að honum hefur ekki tekist sem skyldi að sjá fyrir fjármagni til þess að hraða uppbyggingu þessa þáttar sjúkrakerfisins.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að frá Vestfjörðum hefðu ekki komið umsóknir um annað en íbúðir. Það er út af fyrir sig rétt. En lögin heimila fullkomlega fyrirgreiðslu til íbúðabygginga.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði hér, að mér finnst það nokkuð skjóta skökku við, þegar hæstv. ráðh. er að biðla um samstöðu og samvinnu í þessu vissulega mikilvæga máli, að hann skyldi undirrita reglur um framkvæmd svona stórs mál í gær án þess einu sinni að tala við fjvn., sem á þó að segja eitthvað um málið.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagðist sjá víða mikla sóun fjármuna í þessum framkvæmdaþætti hér í Reykjavík. Ef svo er er nú efst í mínum huga spurning um hvort það sé mikil ástæða til þess að láta allt þetta fjármagn á þetta svæði til sóunar, ef ekki er hægt að koma í veg fyrir að slík sóun eigi sér stað. Ef þetta er rétt hjá hv. þm., að miklum fjármunum sé sóað við t. d. B-álmu Borgarspítalans, er fullkomin ástæða til þess að athuga það mál.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta, en ég vísa því á bug, hafi því verið til mín beint, að ég hafi hér eitthvað sagt sem ekki er fullkomlega eðlilegt og ekki styðst við lögin sem slík. Hér er einvörðungu af minni hálfu verið að gagnrýna, að þegar peninga er aflað til ákveðinna framkvæmda með skattheimtu hjá öllum

landsmönnum skuli hinir sömu fjármunir einvörðungu vera notaðir til uppbyggingar á tiltölulega afmörkuðum svæðum, skulum við segja, eða tiltölulega afmörkuð svæði skilin gersamlega eftir án þess að þau fái nokkra fyrirgreiðslu. Ég tala nú ekki um þegar ráðandi öfl leggja til að það verði gert fram í tímann svo að árum skiptir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sú umr., sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir vakti hér áðan með spurningu sinni, á vissulega erindi, e. t. v. ekki inn í þessar umr. en þó inn í umræður um heilbrigðismál almennt, því að ég held að það fari ekki hjá því, a. m. k. í augum leikmanna, og það sé rétt, sem hún hefur bent á, að við hönnun og gerð heilbrigðismannvirkja ýmiss konar, a. m. k. þegar maður virðir þau fyrir sér með augum leikmanns, þyki manni sem nokkuð sé í borið. Hins vegar eiga stjórnvöld heilbrigðismála þarna við ákveðna erfiðleika að etja. Þau eru gjarnan borin ofurliði af sjónarmiðum sérfræðinganna. Það eru sérfróðir starfsmenn þessara stofnana sem ráða mestu eða virðast ráða mestu um hönnun þeirra. Þeir virðast oft vera ansi kröfuharðir. Eins og þróunin hefur verið í þessum framkvæmdum og eins og þróunin hefur verið í útgjöldum til heilbrigðismála er þetta orðið málefni sem ég held að menn verði að taka sérstökum tökum, þ. e. hvernig íslenska þjóðin, ekki fjölmennari og efnameiri en hún er, ætlar sér að byggja áfram upp sínar heilbrigðisstofnanir. Þá held ég að menn hljóti að horfa á það, að e. t. v. er ekki hægt að fullnægja öllum fremstu kröfum hins sérmenntaða starfsfólks sem þarna á að starfa.

Hið sérmenntaða starfsfólk í heilbrigðisstéttunum er sennilega eina sérmenntaða starfsfólkið í landinu sem hefur nú úrslitaáhrif á uppbyggingu þeirra stofnana sem það á að starfa í. Ég efast um að nokkrar aðrar sérmenntaðar stéttir í landinu hafi jafnmikil áhrif á vinnuaðstöðu sína og þessar stéttir og a. m. k. í leikmannsaugum, þegar maður virðir fyrir sér hinar nýju sjúkrahúsabyggingar víðs vegar um land, sýnast óþarflega miklar kröfur vera gerðar miðað við þau verk sem þar á að vinna. Það er t. d. ekki eðlilegt, eins og mörg dæmi eru um, að viðbyggingar við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, sem eru allt að því jafnstórar og húsið sem fyrir var, bæti ekki svo mikið sem einu sjúkrarými við það sem fyrir var. Það er ekki heldur eðlilegt að gera ráð fyrir því í tiltölulega fámennum sveitarfélögum að þar sé hægt að taka við sjúklingum nánast á færibandi þannig að gert virðist ráð fyrir að jafnvel tveir læknar taki á móti tugum manns á sama deginum eins og húsin eru hönnuð. Þetta er vissulega umræða sem er ástæða til að frami fari, en það er mikið vandamál heilbrigðisyfirvalda hvernig á á að taka. Þetta er vandamál sem heilbrigðisráðherrar hafa átt við að etja nú um langa hríð. Ég man að þegar ég kom hér fyrst inn á Alþingi var mikið um þetta vandamál rætt af þáv. heilbrmrh. Matthíasi Bjarnasyni, sem stóð oft í nokkuð erfiðu stríði við heilbrigðisstéttirnar einmitt út af þessu.

Það er alveg laukrétt hjá hæstv. heilbrnrh., að það eru mjög miklir erfiðleikar með dvalarheimilismál aldraðra hér í Reykjavík og ég held að fæstir þm. geri sér raunar fulla grein fyrir því hversu mikið og stórt vandamál hér er við að fást. Ég veit að starfs síns og áhugamála vegna eru ýmsir þm. hér inni, svo sem eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem þekkja öðrum betur til þess neyðarástands sem ríkir hér í borginni og nálægð hennar í vistunarmálum gamla fólksins. Það er margt gamalt fólk hér í Reykjavík sem býr við bæði kjör og aðbúð sem ekki eru manneskjum bjóðandi og er að bíða eftir því og búið að bíða eftir því árum saman að fá einhverja aðstoð, eitthvert vistunarpláss. — Ég sé hérna í hliðarsalnum þriðja þm. sem ég veit að þekkir vanda þessa fólks mjög vel hv. þm. Albert Guðmundsson.

Hinu megum við hins vegar ekki gleyma, að margt af þessu fólki er komið hingað til Reykjavíkur utan af landsbyggðinni vegna þess að á þeim stöðum þar sem það hefur búið og eytt starfsævi sinni er engin aðstaða fyrir þetta gamla fólk, hvorki hjúkrunaraðstaða né önnur. Það er þó betra fyrir það að leita fyrir sér hér í Reykjavík, þar sem biðlistarnir eru mjög langir og lengjast óðum, því að hér er þá möguleiki fyrir þetta fólk, þó að hann sé í fjarlægari framtíð, sem ekki er úti á landi. Margt fullorðið fólk flyst hingað til Reykjavíkur, ekki vegna þess að það vilji flytja úr átthögum sínum, heldur vegna hins, að það er að reyna að koma sér í einhverja nálægð við þær stofnanir, sem byggðar hafa verið fyrir gamla fólkið, sem ekki eru finnanlegar í þeirra heimabyggðum. Það er líka hagsmunamál fyrir Reykjavík og öldrunarmál hér í Reykjavík að vandi fólksins úti á landi sé leystur. Það mun létta á þeim þrýstingi sem nú er á stofnunum í Reykjavík. Við alþm. megum alls ekki horfa á þetta vandamál staðbundið, hvorki við þennan stað né annan, því að allar framkvæmdir af þessum toga munu létta af þrýstingnum á þeim stöðum á þeim vistheimilum fyrir gamla fólkið sem nú eru með langa biðlista. Framkvæmdir við vistunarmál aldraðra á Vestfjörðum, Vesturlandi, Norðurlandi, Suðurlandi og Austurlandi munu einnig létta þrýstingi af dvalarheimilum gamla fólksins hér í Reykjavík.

Sérstaklega vil ég nefna það um þetta Ísafjarðarmál, sem hér hefur dregist inn í umr., að líta ber á þær framkvæmdir, sem þar hafa átt sér stað, sem fyrsta áfanga í framkvæmdum þeirra Ísfirðinga í vistunarmálum gamla fólksins. Þetta er fyrsti áfangi í nýrri elliheimilisbyggingu á Ísafirði. Auðvitað ber að horfa á slíkt sem fyrsta áfanga slíkrar framkvæmdar, en alls ekki sem einhverja loka- og endanlega framkvæmd.

Ástæðan fyrir því að farið var út í byggingu leiguíbúða í staðinn fyrir að fara út í byggingu hefðbundins elliheimilis eða hjúkrunarheimilis fyrir aldraða sem fyrsta áfanga er ákaflega einföld. Ástæðan er sú, að nú er fyrir hendi á Ísafirði, að vísu gamalt en á margan hátt mjög gott, lítið elliheimili með hjúkrunaraðstöðu og fram undan er að tekið verði nýtt sjúkrahús í notkun á Ísafirði. Gamla sjúkrahúsið mun þá losna og þær hugmyndir hafa komið fram í sveitarfélaginu að nýta þá gamla sjúkrahúsið með einhverjum endurbótum undir hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Á meðan endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um það og afstaða tekin til þess hvort sú nýting getur hentað á hinu gamla sjúkrahúsi, þá ráðast Ísfirðingar að sjálfsögðu ekki í að byggja neitt nýtt vistheimili af þeirri gerð sem rætt er um hér í sambandi við fjárveitingarnar úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Í öðru lagi sáu menn þarna einnig möguleika á að slá tvær flugur í einu höggi, ef svo má segja, að byggja vistunarpláss fyrir gamalt fólk, sem enn hafði ferlivist, og að útrýma heilsuspillandi húsnæði, að leggja niður gamlar og úr sér gengnar íbúðir, sem margt af þessu gamla fólki bjó í og ekki svöruðu þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til húsnæðis sem talið er nú mönnum bjóð-

andi. En staðreyndin er sú, að eins og á málum hefur verið haldið hefur framkvæmdin með þessum hætti orðið til þess að þeir Ísfirðingarnir hafa þurft að leggja miklu meira fram úr bæjarsjóði til þessara framkvæmda en ástæða er til og eðlilegt væri og miklu meira en þeir mundu hafa gert ef þeir hefðu skírt þennan fyrsta framkvæmdaáfanga í sínum dvalarheimilismálum einhverju öðru nafni en byggingu leiguíbúða.

Það er engin ástæða að vera að deila um þetta mál hér á Alþingi við hæstv. ráðh. Meginefni málsins er það, að miklu meiri fjárhagsbyrði hefur fallið á Ísafjarðarkaupstað vegna þessara framkvæmda en yfirleitt hefur átt sér stað varðandi önnur sveitarfélög. Kaupstaðurinn hefur fengið miklu minni lánsfjárfyrirgreiðslu en ef þessi framkvæmd hefði verið t. d. ætluð frá upphafi til að leggja niður heilsuspillandi húsnæði eða ef framkvæmdin hefði verið skírð einhverju öðru nafni. Meginefni málsins er ekki að efna til deilu við hæstv. ráðh. um þetta mál, heldur fara þess á leit við hann, og það geri ég hér og nú, að hann veiti atbeina sinn til að þessi vandamál séu leyst annaðhvort fyrir tilstuðlan Framkvæmdasjóðs aldraðra eða, eins og þeir Ísfirðingarnir hafa óskað eftir, í gegnum húsnæðislánakerfið. Þetta vandamál þeirra Ísfirðinganna er ákaflega sérstætt og það er ekki mér vitanlega dæmi um annað slíkt, þannig að það er hægt að leysa þetta mál án þess að gefa með þeirri lausn nokkurt vafasamt fordæmi: Þvert á móti væri með þeirri lausn verið að gera Ísafjarðarkaupstað jafnsettan öðrum. Ég óska eftir því, að hæstv. félmrh. gefi hér yfirlýsingu um að hann muni veita atbeina sinn til þess hjá húsnæðismálayfirvöldum að þeir Ísfirðingar fái sinn fjárhagsvanda leystan með svipuðum hætti og þeir áttu von á og þeir eiga kröfu til.

Í þriðja lagi er ósköp eðlilegt að menn hafi nokkrar áhyggjur af þeirri þróun sem orðið hefur á öðrum sviðum, þegar Alþingi hefur orðið sammála um að efna til skattlagningar í einhverju sérstöku skyni, sem allir eru sammála um. Síðan hefur það gerst, að þeir skattpeningar sem þannig hefur verið aflað, hafa verið notaðir í aðrar kannske skyldar þarfir, en þó ekki þær þarfir sem skattheimtunni upphaflega var ætlað að sinna. Við þekkjum fjölmörg dæmi um þetta héðan úr þinginu. Við þekkjum dæmið um viðlagagjaldið, sem á sínum tíma var lagt á til þess að afla fjár til þess að ráða bót á vanda Vestmanneyinga eftir eldgosið þar, en varð síðan að almennum tekjustofni ríkisins. Við þekkjum dæmið um orkujöfnunargjaldið, sem lagt var á samkv. ákvörðun manna úr öllum flokkum til að jafna orkuverð í landinu og er nú að miklum meiri hluta notað í almennar þarfir ríkissjóðs, en misréttið í húshitunarmálunum er skilið eftir óleyst. Það sem menn óttast í sambandi við þennan sérstaka skatt til Framkvæmdasjóðs aldraðra er að hann verði tekinn og notaður til almennra framkvæmda í sjúkrahúsa- og heilbrigðismálum svo sem gefið er til kynna í sambandi við framlagið úr sjóðnum til B-álmu Borgarspítalans. Ég get verið alveg sammála hæstv. félmrh. um að vissulega kemur til greina að nota framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að hraða framkvæmdum eins og t. d. við B-álmu Borgarspítalans. En það er ekki eðlilegt þegar menn nota svona sérstaka fjáröflun til að koma í staðinn að einhverju eða öllu leyti fyrir framlag sem ella hefði komið úr ríkissjóði, svo að hægt sé að nota framlagið sem ella hefði komið úr ríkissjóði til annarra þarfa. Það er þetta sem ég held að menn óttist að sé að gerast í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra, að það sé verið að nota sjóðinn, sem átti að vera viðbótarframlag til þess að auka framkvæmdir í málefnum tengd vistunarmálum gamla fólksins umfram það sem ella hefði orðið miðað við venjuleg framlög ríkissjóðs, til slíkra framkvæmda. Menn óttast að það sé verið að feta sig út á þá braut að nota þennan framkvæmdasjóð til að losa fjármuni hjá ríkissjóði, sem ella hefðu farið til slíkra framkvæmda, í annað og Framkvæmdasjóðurinn væri síðan *notaður til að kosta hefðbundnar framkvæmdir og hefðbundin framlög ríkisins* til framkvæmda af því tagi sem B-álman er dæmi um.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. gat um það í umr. um þetta mál, sem virtist nú dálítið langsótt, að stórvirkjanir væru í flestum hreppum á Íslandi nema á Vestfjörðum og Vesturlandi. Taldi þar af leiðandi að það væri ekki skrýtið þó að við værum farnir af stað, sem værum þm. fyrir þetta svæði. Það væri fróðlegt umhugsunarefni fyrir viðkomandi þm. að hugleiða hvers vegna stórvirkjanirnar eru ekki hér í Reykjavík. Það skyldi þó ekki vera vegna þess að það vanti fossana. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum á hennar skerf til þessara umr.

Hins vegar er bæði rétt og skylt að ræða málefnalega það sem hæstv. heilbrmrh. hafði að segja um þessi mál. Honum fannst ég springa út með undarlegum hætti og lái honum það hver sem vill. En hitt sagði ráðh., að honum hefði verið ljóst þegar hann leit á till. n. að engum ráðh. væri stætt á þeirri skiptingu. Og hvað gerist, hæstv. ráðh., þegar mönnum er ekki stætt? Þá falla menn. Því skyldu menn gera sér grein fyrir. Ef mönnum er ekki stætt falla menn. Og hvers vegna áttaði ráðh. sig á því að engum ráðh. væri stætt á umræddum tillögum? Honum var ljóst í fyrsta lagi að skiptingin á þessu fjármagni, sem var skattfé af landinu öllu, var þannig, að ekkert réttlæti var í því nema nauðungarflutningar á gömlu fólki væri markmið laganna. Í annan stað hlaut honum að vera ljóst að andi laganna um hvað ætti að gera við þetta fjármagn felst að sjálfsögðu í 1. gr. í lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingum húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra."

Hér neðar er það útskýrt alveg sérstaklega hvað dvalarstofnanir merkja. En lagasmiðirnir hafa ekki talið þörf á því að útskýra sérstaklega hvað væri átt við með orðinu „húsnæði". Það hlaut, ef menn vildu skilja mæt mál, að vera um íbúðir að ræða. Það gat ekki legið nein önnur hugsun á bak við það orðalag, ef verið er að tala um húsnæði fyrir fólk.

Lesum þetta aftur. Hér stendur „byggingum húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða". Aðalatriðið er venjulega sett á undan og aukaatriðið á eftir. Hver sem las þessi lög hlaut að líta á það sem aðalatriði þeirra að það ætti að veita fjármagn úr sjóðnum til að byggja húsnæðið fyrir aldraða, þ. e. íbúðir fyrir aldraða. Það þýðir að eðlileg skipting hefði verið að meira en 50% af fjármagninu hefði farið í þennan lið. Aðalatriðið er á undan og aukaatriðið á eftir — eða er það ekki reglan í allri uppsetningu? Í reynd varð þetta þannig, að sjúkrastofnanir urðu nr. eitt, elliheimili nr. tvö og húsnæðið fékk $^{1}/_{10}$.

Það fer ekkert milli mála hvað gert var í skjóli breytinga á þessum lögum sem eru samþykkt 18. des. 1981. Það stendur í 3. gr. þeirra laga og er breyting við 5. gr.

upprunalegu laganna: „að greiða hlutdeild ríkisins, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a) og b), enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tölul. 2. gr.“

Ég held að það dyljist ekki að í fyrsta lagi er sjóðurinn, sem var hugsaður að meiri hluta til að byggja íbúðir fyrir aldraða, tekinn og færður til að létta á öðrum greiðslum ríkissjóðs til byggingarframkvæmda, m. a. við byggingu Borgarspítalans. Þetta liggur alveg ljóst fyrir.

Í annan stað var farið í að skipta þeim peningum sem afgangs urðu á svo forkostulegan hátt að það hlaut að vekja reiði manna. Hvað er nýlendustefna, hæstv. ráðh.? Er það ekki flutningur fjármagns frá ákveðnum svæðum númer eitt, er það ekki það sem felst í orðinu? Er ekki verið að flytja fjármagn utan af landi með þessu móti til að byggja upp ákveðnar byggingar hér á höfuðborgarsvæðinu?

Ég vænti að hæstv. ráðh. sé þrátt fyrir allt þakklátur fyrir að ég fór ekki að ræða þetta persónulega við hann, því að það hefði illa verið hægt án þess að lesa honum pistilinn fyrir þessa framkomu. Hins vegar mun ég taka það til greina að leita á hans fund með viss atriði sem snúa að okkur Vestfirðingum og okkur er þörf á að tekið sé tillit til. En ég harma þegar æðstu menn heilbrigðismála bregðast svo því trausti sem þeim er sýnt og hafa ekki almenna yfirsýn yfir landið allt og falla fyrir billegu kjördæmapoti, eins og hér hefur átt sér stað.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram svo tímanlega að það ætti a. m. k. að vera möguleiki á að samþykkja það fyrir jól, ef vilji er fyrir hendi. En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs er fyrst og fremst sú umr. sem hefur farið fram hér í sambandi við hvernig var staðið að að úthluta fjármagni úr þessum sjóði. Það kann að vera að hv. síðasti ræðumaður hafi töluvert til síns máls þegar hann les 9. gr. og skýrir hana. En ég stend í þeirri trú, að neyðin sé mest í sambandi við það gamla fólk sem þarf á hjúkrun að halda. Ef skýringin er rétt hjá síðasta hv. ræðumanni þá á að breyta stefnunni að mínum dómi. Ég efast heldur ekkert um að það sé mikil neyð hér í sambandi við þessi mál, en það er bara víðar.

Fyrst farið er út í þessar umr. á annað borð verð ég að skýra frá því, að t. d. á Akureyri var verið að reyna að breyta gömlu húsnæði í langlegudeild og það var ætlun okkar fyrir norðan að reyna að safna fjármagni að miklu leyti til þess að þetta væri framkvæmanlegt og því var heitið. En þegar þessi nefskattur var allt í einu tvöfaldaður úr 100 kr. í 200 bentu menn á það þar fyrir norðan að þarna væri verið að safna fjármagni og væri engin ástæða til þess að vera að flytja það burtu úr héraðinu. Þar kom fram á eftir tregða við að láta í þessa söfnun. Það var líka ætlun manna að setja upp langlegudeild í sjúkrahúsinu, sem er verið að byggja, og var reiknað með að fá fjármagn einmitt til þess einnig. Það var úthlutað 1 millj., ef ég man rétt, í sambandi við Systrasel, en það var engan veginn nægilegt fjármagn.

Eins og fram hefur komið er það auðvitað laukrétt, að með því að byggja upp annars staðar einnig verður minni pressan hingað. Það eru margir sem verða að leita þangað sem möguleikarnir eru, ef þeir eru ekki heima fyrir, til þess að fá einhverja aðhlynningu. Ég held að það verði engin ánægja víða um land með að borga þetta gjald nema fjármagninu sé að einhverju leyti réttlátlega skipt að þessu leyti. Ég er ekki að tala um að hvert byggðarlag haldi sínu fjármagni, vegna þess að þörfin er misjöfn og aðstæðurnar, en t. d. á Akureyri er áreiðanlega ekkert minna vandamál, ekkert minni þörf, og fjármagnið mundi nýtast engu síður þar en hér. Þar af leiðandi vil ég láta endurskoða þessar reglur. Ég er ekki tilbúinn á þessari stundu að koma með tillögur um hvernig á að gera það, en ég held að það sé óhjákvæmilegt ef þjóðin á að verða samtaka til þess að gera það átak sem þarf að gera í þessu efni. Þörfin er svo brýn að við verðum að standa þannig að málum að allur almenningur taki þátt í því að leiða þau til lykta. En það verður ekki gert öðruvísi en fullkomið réttlæti sé í þessum málum og fullkomin tillitssemi gagnvart öðrum byggðum, þó að ég viðurkenni að þörfin sé brýn hér.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna þeim umr. um þetta merka frv., sem ráðh. hefur nú flutt hér í annað sinn, og tek undir það sem hann hefur sagt um frv. Ég vil aðeins geta þess, að það eru margir góðir og sterkir aðilar sem starfa nú að málefnum aldraðra. Það er t. d. ekki langt síðan, aðeins vika, að þjóðkirkjan hafði hér ráðstefnu um málefni aldraðra, og kom þar margt fram sem vakti athygli. M. a. var erindi sem fjallaði sérstaklega um þetta frv. og undirtektir á þeim fundi voru mjög góðar.

Ég vil nú ekki segja að hér sé um einhverja nýlendustefnu að ræða og harma að hv. 5. þm. Vestf. skuli taka þannig til orða. Að sjálfsögðu er þörfin brýn um land allt fyrir aðstöðu fyrir aldraða. Og hvað er húsnæði fyrir aldraða? Það er sú aðstaða sem gamall maður eða gömul kona þarf miðað við aðstæður og ástand viðkomandi einstaklings. Þá er sama hvort það er íbúð fyrir aldraða eða sjúkrapláss á langlegudeild. Ráðh. hefur að mínu mati réttilega veitt fé til framkvæmda í B-álmu Borgarspítalans, sem er hugsuð m. a. sem langlegudeild fyrir aldraða og sjúka sem þurfa á sjúkraaðstoð eða hjúkrun og læknisþjónustu að halda.

Ég vil segja það, af því að Reykjavík hefur komið talsvert við sögu í þessum umr., að borgarstjórn Reykjavíkur gerir sér grein fyrir, ekki bara sá borgarstjórnarmeirihluti sem nú er, heldur hefur borgarstjórn á hverjum tíma alltaf gert sér grein fyrir því, að það er talsverður straumur af öldruðu fólki utan af landi til Reykjavíkurborgar. Þetta fólk er allt velkomið. Borgarstjórn hefur aldrei hafnað fyrirgreiðslu við aldraða hvaðan sem þeir koma ef möguleiki er fyrir hendi til að leysa vandamálin. Við gerum okkur grein fyrir því hér í Reykjavík að við erum höfuðborg landsins og þetta er borg fólksins í landinu, ekki bara þeirra íbúa sem hér eru fæddir og uppaldir. Ég sé því ekki að ráðh. sé að gera rangt með því að stuðla að því að aðstaðan hér í höfuðborginni verði bætt frá degi til dags, enda er þörfin meiri og meiri eftir því sem tíminn líður fyrir aðstoð við fólk sem kemur alls staðar að.

Ég vil líka taka það fram, vegna þess að ég var formaður fyrir byggingarnefnd fyrir aldraða, sem skipuð var á sínum tíma af borgarstjóranum í Reykjavík sem þá var, hv. alþm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, og síðan staðfest af vinstri meiri hlutanum, sem síðast sat í borgarstjórn, að það var þessi byggingarnefnd sem tók allar ákvarðanir og er að öllu leyti ábyrg fyrir öllu því sem getur heitið eða kallast sóun í framkvæmdum eða sóun við mannvirkja-

gerðina. Ég tek það á mínar herðar og leiðrétti hér með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur eða aðra þá þm. sem hafa getið um að það hafi verið að kröfum heilbrigðisstéttanna að þessi sóun hefur átt sér stað. Þessi sóun felst einfaldlega í því, að við erum að byggja heimili fyrir aldraða sem þjóna því fólki á allan hátt, eru ekki bara ópersónulegir dvalarstaðir, heldur ánægjuleg heimili, þar sem þjónustan er fullkomin á sem bestan og nýtískulegastan hátt. Þar höfum við tekið til fyrirmyndar þá sem hafa mestu reynsluna í umönnun um aldraða, bæði heilbrigða og sjúka, en það er elliheimilið Grund og Gísli Sigurbjörnsson og forustumenn Dvalarheimils aldraðra sjómanna. Ég held að framkvæmdir við þau mannvirki sem hafa á undanförnum árum risið séu til fyrirmyndar. Ég skal viðurkenna að það er viss sóun miðað við það sem áður var. Það er meira lagt í þjónustukjarna þessara mannvirkja en áður var. Þörfin er önnur, þjóðfélagið er öðruvísi en það var. Ef um sóun er að ræða má ekki í þessu tilfelli kenna um kröfum heilbrigðisstéttanna. Það er rangt. Allt er gert í samráði við byggingarnefndina, sem ég veitti forustu, og þá lækna og þá aðra aðila sem við leituðum til. En teikningar og hönnun voru að öllu leyti eftir okkar óskum.

Ég vil benda á það vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns hér, hv. 2. þm. Norðurl. e., að Reykjavík hefur breytt gömlum bústöðum til þjónustu við aldraða alveg á sama hátt og Akureyri er að gera og er þar aðallega um langlegudeildir að ræða. Hvíta bandið hér í Reykjavík hefur verið tekið að hluta undir langlegudeild fyrir aldraða og Hafnarbúðir fyrir nokkrum árum og meira að segja var helmingurinn af nýjasta húsinu, Droplaugarstöðum, sem nýlega var tekið í notkun með mikilli aðstoð frá félmrh., efri hæðirnar, tekinn undir langlegusjúklinga eða sjúklinga með sérþarfir. Það er því talsvert unnið. En að sjálfsögðu er vandamálið það brýnt að það verður ekki leyst á skömmum tíma. Það verður alls ekki leyst á skömmum tíma, en það verður endanlega leyst með markvissri vinnu að lausnum á þessum málum. Því vil ég leggja það til, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu á hv. Alþingi til þess að koma í veg fyrir að meiri tími fari í að tala en að framkvæma.

Ég vil geta þess, að á síðasta fundi borgarstjórnar kom fram tillaga frá Öddu Báru Sigfúsdóttur borgarfulltrúa um að borgarstjórn skoraði á þm. Reykjavíkur að styðja þetta frv. og veita því brautargengi og reyna að hraða því gegnum Alþingi. Þessi tillaga hlaut mjög góðar undirtektir í borgarstjórn, en var vísað til borgarráðs og félagsmálastjóra falið að flýta sinni umsögn, sem hefur dregist of lengi og þá líklega vegna þess að það var augljóst að frv. næði ekki fram að ganga á síðasta þingi. Hann mun nú skila sinni umsögn. Það var samstaða um að afgreiðslu þessa frv. yrði hraðað með áskorun á þm. Reykv. að vinna að því. En að sjálfsögðu áskilur borgarstjórn Reykjavíkur sér allan rétt til þess að gera aths. við og koma með brtt. við frv. og vonum við að þær verði teknar til greina.

Ég vil taka undir með þeim sem hafa talað fyrir því að þetta frv. sé gott og þetta frv. sé nauðsynlegt og ég þakka ráðh. fyrir að hafa lagt þetta frv. fram svo fljótt sem hann gerði. Hann hefur tekið mjög vel og mannlega á öllum þeim erindum sem ég hef komið með í þessum málaflokki. Ég vona að inn í þetta mál fléttist ekki nein flokkspólitík. Við höfum hérna í Reykjavík unnið að þessu alveg ópólitískt. Það hefur verið samstaða hjá öllum pólitískum flokkum. Það eru þeir sömu flokkar og sitja hér á Alþingi sem þar hafa starfað saman og pólitík ekki tafið fyrir. Ég vona að það verði hér málefnaleg og góð afgreiðsla og frv. fari með hraði í gegnum Alþingi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 9. fundur.

Fimmtudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning eins manns í stað Benedikts Gröndals í stjórn Grænlandssjóðs til 31. des. 1983.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Árni Gunnarsson alþm.

Ráðunautur í öryggis- og varnarmálum, þáltill. (þskj. 48). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmd skrefatalningarinnar, þáltill. (þskj. 50). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 12). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 24). — Fyrri umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. 10 þm. Sjálfstfl. hafa á þskj. 24 flutt till. til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse og er till. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd til viðræðna við Alusuisse, þar sem m. a. verði fjallað um eftirfarandi atriði:

— Að leiða til lykta skoðanaágreining Alusuisse og íslenska ríkisins vegna samninga aðilanna um álbræðsluna í Straumsvík.

— Að vinna að endurskoðun á samningi um raforkusölu til ÍSALs í samráði við Landsvirkjun í því skyni að fá verulega hækkun á raforkuverði.

—Að vinna að endurskoðun á gildandi samningsákvæðum um framleiðslugjald ÍSALs.

— Að ræða möguleika á stækkun verksmiðjunnar.

— Að ræða önnur þau atriði sem máli skipta varðandi framtíðarsamvinnu Íslendinga og Alusuisse, þar á meðal framleiðslu rafskauta.

Viðræðunefndin skal hafa fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem þegar liggja fyrir um mál þetta. Enn fremur er nefndinni heimilt að leita samstarfs við hvern

þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þannig hljóðar þessi till., sem við þm. Sjálfstfl. höfum flutt.

Samningar um álverið í Straumsvík eru frá árinu 1966. Árið 1975 var gerður samningur við Alusuisse um endurskoðun á samningnum og leiddi sú endurskoðun til þess að samið var um verulega hækkun á rafmagnsverði auk þess sem breytt var reglum um framleiðslugjaldið sem ÍSAL greiðir í stað venjulegra skatta. Hækkun rafmagnsverðsins árið 1975 var studd þeim rökum að orkuverð í heiminum hefði hækkað verulega frá því að samningurinn var upphaflega gerður. Með endurskoðun samningsins árið 1975 var brautin rudd fyrir því að slík endurskoðun gæti farið fram við svipaðar aðstæður.

Þegar á árinu 1979 var ljóst að forsendur samningsins frá 1975 höfðu breyst, þar sem orkuverð í heiminum hafði enn hækkað verulega. Af hálfu núv. hæstv. iðnrh. var hins vegar látið hjá líða að hefja slíka endurskoðun samninganna fyrr en seint og síðar meir og þá með mjög sérkennilegum hætti. Ég vil nú rekja nokkuð þróun samskipta hæstv. iðnrh. við Alusuisse og ÍSAL því að það er nauðsynlegt til að varpa ljósi á þau vinnubrögð sem hæstv. iðnrh. hefur beitt í þessu mikilvæga hagsmunamáli Íslendinga. Ég mun rekja í tímaröð þau samskipti eftir þeim gögnum sem gerð hafa verið opinber, ýmist í fréttatilkynningum eða á annan þann hátt sem almenningur hefur haft aðgang að.

Þann 4. des. 1980 hélt hæstv. iðnrh. ræðu hér á hv. Alþingi þar sem segir m. a.:

„Í raun mætti leiða að því rök, þótt ég sé ekki að gera till. um það, að hagkvæmt væri að skrúfa fyrir þetta stóriðjuver, álverið, í áföngum og spara með því sem svarar heilli stórvirkjun. Slíkt væri raunar langsamlega ódýrasti virkjunarkostur landsmanna nú, þar sem þarna er ráðstafað um 1200 gígawattstundum af raforku, eða tæpum helmingi þess sem framleidd er í landinu, á sama tíma og orka frá nýjum virkjunum kostar um 6 kr. meira en álverið greiðir á hverja kwst."

Þetta er mjög mikilvæg yfirlýsing og skýrir raunar margt varðandi meðferð hæstv. iðnrh. á þessu máli.

Þann 9. des. sendi hæstv. iðnrh. skýrslu til ríkisstj. um viðskipti Alusuisse og ÍSALs varðandi súrálskaup frá Ástralíu. Þar segir m. a.:

„Iðnrn. hefur að undanförnu unnið að athugun á verðlagningu á súráli til Íslenska álfélagsins. Niðurstaða þessara athugana er sú, að innflutningsverð á súráli til Íslands er miklu hærra en eðlilegt má telja miðað við útflutningsverð frá Ástralíu.

Þegar borin eru saman sambærileg verð, fob-verð í báðum tilvikum, kemur í ljós að á tímabilinu jan. 1974 til júní 1980 hefur súrálsverðið hækkað í hafi um að meðaltali 54.1% eða samtals um 47.5 millj. dollara."

Síðar í þessari skýrslu eða í ályktunarkafla hennar segir:

„Með því hefur Alusuisse með sviksamlegum hætti leynt íslenska ríkið réttum skattstofni og á því óuppgerðan skatt fyrir þessi ár."

Þessi skýrsla, þar sem orðið „sviksamlegur" var notað, var send til Alusuisse með sérstökum sendiboða, sem fór til Sviss þann 11. des. 1980. Þann 16. des. 1980 sendir iðnrn. frá sér fréttatilkynningu, þar sem fram kom að rn. hefði frá því í júní þ. á. unnið að athugun á verðlagningu á súráli til Íslenska álfélagsins hf. Þar er getið þeirrar niðurstöðu sem að framan er vitnað til í skýrslu ríkisstj. Í fréttatilkynningunni kemur fram að á fundi ríkisstjórnar Íslands hinn 9. des. þ. á. hafi framangreindar samanburðartölur úr opinberum hagskýrslum og innflutningsgögnum verið lagðar fram og kynntar. Áskilji ríkisstj. sér allan rétt í þessu efni og hafi jafnframt samþykkt á þessum fundi sínum að hið fyrsta yrðu teknar upp viðræður á milli Alusuisse og hennar varðandi þetta mál og jafnframt til endurskoðunar á núverandi samningum íslenskra aðila og Alusuisse og að þær viðræður færu fram hérlendis. Væri í því sambandi sérstaklega höfð í huga endurskoðun á orkuverðinu.

Í tilefni þessarar fréttatilkynningar iðnrn. urðu allmiklar umr. um þetta mál á Alþingi utan dagskrár í Ed. þann 17. des. 1980. Þar var ráðh. gagnrýndur fyrir málsmeðferð, þ. e. að byrja á því að fara með mál þetta í fjölmiðla án þess að kynna það sérstaklega á Alþingi. Talsmenn Sjálfstfl. í málinu, þeir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Þorv. Garðar Kristjánsson, lögðu áherslu á nauðsyn samvinnu við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði m. a.: „Af Sjálfstfl. hálfu er þetta ekki einungis sjálfsagt mál, heldur beinlínis ósk, að hann fái að fylgjast með þessu máli. Stjórnarandstaðan í Alþfl. á líka heimtingu á að fylgjast með og fá spilin á borðið."

Þann 13. des. þetta ár, 1980, kom fulltrúi frá Alusuisse hingað til lands til viðræðu við hæstv. iðnrh. Þar kom fram að nánari skýringar yrðu gefnar svo fljótt sem mögulegt væri, þó ekki fyrr en í byrjun febr. Þann 18. febr. 1981 svaraði Alusuisse með bréfi til hæstv. forsrh. Þar kom fram að fyrirtækið teldi gerðir sínar í samræmi við samninga.

Þann 16. júlí 1981 sendi iðnrn. frá sér fréttatilkynningu um meginniðurstöðu súrálsmálsins. Þar var getið samþykktar ríkisstj. frá 16. júlí 1981, en í henni kom fram að umfangsmikil rannsókn hefði farið fram á verðlagningu súráls til ÍSALs á tímabilinu 1974—1980 og væri þeirri rannsókn nú lokið. Niðurstöðurnar væru þær, að Alusuisse hefði ekki staðið við samningsskuldbindingar sínar samkv. aðstoðarsamningi og samningi frá 1966. Endurskoðunarfyrirtækið Coopers & Lybrand telji ljóst að ÍSAL hafi greitt Alusuisse of hátt verð fyrir súrál á tímabilinu frá ársbyrjun 1975 til miðs árs 1980, sem nemi samanlagt a. m. k. 16.2 millj. dollara miðað við verð í viðskiptum óskyldra aðila. Ríkisstj. áskilji sér allan rétt vegna ofangreindra málsatvika og vísar jafnframt til fyrri samþykktar frá 9. des. 1980 um að hið fyrsta verði teknar upp viðræður milli Alusuisse og Íslands um endurskoðun á núverandi samningum íslenskra aðila og Alusuisse. Það vekur strax athygli í þessu sambandi, að sú tala sem upphaflega var nefnd sem of hátt verð, þ. e. rúmlega 47 millj. dollara, er nú komin niður í 16.2 millj. dollara í þessari fréttatilkynningu iðnrn. Það kemur líka fram við athugun á skýrslum Coopers & Lybrand, sem þarna var vitnað til, að iðnrn. hafi takmarkað mjög umboð fyrirtækisins til rannsóknar.

Fljótlega eftir þetta, eða þann 20. júlí 1981, gerði þingflokkur Sjálfstfl. ítarlega samþykkt í súrálsmálinu. Sú samþykkt er birt sem fskj. I með þessari þáltill., en aðalatriði samþykktarinnar eru þau, að þingflokkurinn gagnrýni málsmeðferð iðnrh. og að þingflokkurinn leggi áherslu á að samstaða náist um aðgerðir sem nauðsyn-

legar kunni að reynast. Þess vegna hefði flokkurinn þegar í des. boðið ríkisstj. samvinnu í þessu máli, en þessu boði hafi í engu verið sinnt fyrr en nú, er ríkisstj. *falist eftir samvinnu við stjórnarandstöðuna. Þingflokk*urinn telji að fyrsta skrefið sé að ljúka alhliða athugun málsins og að síðar verði teknar upp viðræður við Alusuisse m. a. um hækkun raforku og skattgreiðslur fyrirtækisins. Jafnframt fari fram athugun á aðgerðum til að bæta rekstrarafkomu álversins, þar á meðal stækkun þess, svo og eignaraðild. Jafnhliða verði teknar upp viðræður við aðra aðila um samstarf og þátttöku í áliðnaði og öðrum orkufrekum iðnaði hér á landi. Til að vinna að framangreindum verkefnum telji þingflokkurinn nauðsynlegt að sett verði á stofn fagleg nefnd með aðild allra flokka undir forustu sem þeir geti sætt sig við.

Þann 20. júlí má segja að svar hafi komið frá Alusuisse, en þó í því formi að framkvæmdastjórn ÍSALs boðaði til fundar með starfsmönnum ÍSALs þar sem lögð var fram skrifleg greinargerð framkvæmdastjórnar ÍSALs til starfsmanna sinna. Þar er svarað lið fyrir lið ýmsum þeim atriðum sem fram höfðu komið í fréttatilkynningu iðnrn. Þessi greinargerð er birt í heild í Morgunblaðinu þann 21. júlí 1981. Um þetta leyti urðu mjög mikil blaðaskrif um súrálsmálið, sem ekki er ástæða til þess að rekja hér.

Þann 21. júlí 1981 sendi Alusuisse telexskeyti til iðnrh., þar sem fram kemur að fyrirtækið vilji ekki ganga til samningaviðræðna um endurskoðun samninganna um álverið í Straumsvík, en sé á hinn bóginn reiðubúið til að ræða við fulltrúa ríkisstj. um niðurstöður í skýrslu Coopers & Lybrand og þau sjónarmið sem fram höfðu komið í skýrslu frá Alusuisse í febr. 1981. Neitar Alusuisse öllum ásökunum hæstv. iðnrh.

Þann 22. júlí 1981 svarar hæstv. iðnrh. telexskeyti Alusuisse, þar sem fram kemur m. a. að fulltrúar iðnrn. séu að sjálfsögðu reiðubúnir til viðræðna við Alusuisse um hvernig eigi að fella niðurstöður súrálsrannsóknarinnar inn í reikninga ÍSALs í því skyni að reikna út réttar skattgreiðslur álversins til íslenska ríkisins.

Þann 23. júlí 1981 svaraði Alusuisse enn, þar sem það lýsti sig reiðubúið til viðræðna við íslensk stjórnvöld um allt það er varðar skýrslu Coopers & Lybrand og skoðanaágreining milli aðila, en gerir m. a. fyrirvara um að þær viðræður bindi ekki aðila varðandi kröfugerð og endurskoðun samninga. Alusuisse nefnir 4. ágúst mögulegan fundardag.

Með bréfi dags. 31. júlí 1981 skipaði iðnrn. nefnd til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstj. vegna samninga aðilanna *um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim* samningum. Í nefndina voru skipaðir menn tilnefndir af iðnrh. frá aðilum að ríkisstj. og frá stjórnarandstöðunni. Í bréfinu eru tilgreind nokkur meginatriði sem leggja eigi áherslu á í viðræðum. Þessi atriði eru greiðslur á vangoldnum sköttum vegna of hárrar verðlagningar á aðföngum til ISALs, endurskoðun á gildandi samningsákvæðum um framleiðslugjaldið, endurskoðun á samningi um raforkusölu til ÍSALs í því skyni að fá verulega hækkun á raforkuverði, eignaraðild Íslendinga að fyrirtækinu með meiri hluta eign í áföngum að markmiði, bygging rafskautaverksmiðju hérlendis eða öflun rafskauta á annan hagkvæman hátt og breyting á samningum um ýmis önnur atriði, þ. á m. endurskoðunarákvæði. Af hálfu þingflokks sjálfstæðismanna var Hjörtur Torfason hrl. skipaður í þessa nefnd.

Fundir viðræðunefndar og fulltrúa frá Alusuisse voru haldnir í ágúst 1981 og í des. 1981. Á síðari fundinum snerust umr. mjög um hvort ekki mætti leggja deilur um liðinn tíma til hliðar og taka þess í stað upp viðræður um framtíðarsamskipti, þ. e. breytingar á samningum. Varð niðurstaðan sú, að Alusuisse mundi veita svör við óskum ríkisstj. í því efni og gerði félagið það með bréfi til hæstv. forsrh. þann 1. febr. 1982.

Í bréfi Alusuisse frá 1. febr. kemur fram að félagið óski áframhaldandi samvinnu við ríkisstj. Hins vegar sé nauðsynlegt áður en raunhæfar viðræður geti hafist að deilumál þau, sem varpi skugga á samskipti aðila, verði leyst. Nefnir félagið þrjú atriði í þessu bréfi: 1. Of háa verðlagningu á súráli og leggur til að iðnrn. dragi annaðhvort ásakanir sínar til baka eða leiti óháðs úrskurðar með því að leggja deiluna í gerðardóm. 2. Varðandi verðlagningu á rafskautum leggur félagið til að það mál verði frekar upplýst og tjáði sig reiðubúið í samstarfi við ríkisstj. að leggja mat á hvort það hafi einhverja kosti í för með sér að reisa rafskautaverksmiðju í Straumsvík. 3. Varðandi deilu um skattlagningu vegna afskrifta leggur félagið til að þeim ágreiningi verði vísað í gerð á Íslandi.

Síðan segir í bréfinu:

„Þegar búið er að leysa ofangreind deilumál erum við reiðubúnir að ræða við ríkisstj. um möguleika á því að stækka álverið ÍSAL í samstarfi við annan eignaraðila, svo og þar af leiðandi breytingar á aðalsamningi. Þar sem markaðsaðstæður eru mjög erfiðar um þessar mundir þarf ekki að taka fram að mjög væri æskilegt að fá meðeiganda sem sjálfur hefði not fyrir sinn hlut af álframleiðslu ÍSALs. Samt sem áður er fyrirtæki vort ekki og hefur aldrei verið á móti því að íslenska ríkið gerist eignaraðili að ÍSAL og erum við reiðubúnir að ræða með hvaða skilyrðum væri unnt að koma því í kring."

Þann 25. febr. 1982 gaf iðnrn. út fréttatilkynningu, þar sem fram kom að ákveðið hefði verið að halda fund í fyrstu viku marsmánaðar, þ. e. 3. mars, í Kaupmannahöfn. Rn. hafði nú hins vegar borist skeyti frá Alusuisse, þar sem fyrirtækið tilkynnir að það geti ekki sent fulltrúa til umræddsfundar af óviðráðanlegum ástæðum, að ekki geti fulltrúi frá fyrirtækinu komið til fundar á næstu vikum. Síðan segir í fréttatilkynningu rn.:

„Staða málsins verður metin af hálfu rn. með tilliti til margendurtekinna frestana á viðræðum af hálfu Alusuisse."

Allmikil blaðaskrif spunnust nú í framhaldi af þessu skeyti frá Alusuisse og þótti mönnum miður, að þessi fundur skyldi hafa fallið niður.

Ráðherranefnd, sem skipuð var þremur ráðh., gerði ályktun um málið þann 26. febr. 1982. Fyrsti kafli þeirrar ályktunar er um eðli ágreiningsins og II. kafli er um meðferð deilumála. III. kafli ályktunar ríkisstj. er um endurskoðun samninga og þar segir:

„Þegar í stað hefjist viðræður um endurskoðun gildandi samninga með hliðsjón af bréfi iðnrn. frá 17. des. 1981, sem aðilar fallist á að rædd verði, m. a. eftirfarandi atriði: a) Hækkun raforkuverðs frá því sem nú er upp að kostnaðarverði við nýja raforkuöflun og gildi hækkunin frá 1. jan. 1982 með ákvæðum um óskerta tryggingu. b) Breyting á ákvæðum um skattgjald af álverinu þannig að gjaldið taki mið af veltu og hagnaði á einfaldan og ótvíræðan hátt. c) Meirihlutaeign Íslands í álverinu, sem hafi það í för með sér að fyrirtækið komist alfarið undir

íslenska lögsögu, enda reynist unnt að takmarka mjög áhættu af slíkri eignaraðild."

IV. kafli þessarar ályktunar fjallar um aðrar leiðir. Þar segir:

„Ef ekki reynist unnt að fá samþykki Alusuisse og hefja án tafar viðræður á ofangreindum grundvelli áskilur íslenska ríkisstjórnin sér allan rétt til að fara eigin leiðir til þess að ná fram nauðsynlegum breytingum á gildandi samningum."

Dagana 25. og 26. mars 1982 var haldinn fundur með hæstv. iðnrh. og dr. Müller, forstjóra Alusuisse. Fundur sá var ekki undirbúinn af viðræðunefndinni og ekki haft samráð við hana um þá stefnu, sem taka skyldi í þeim umr., heldur var fundurinn undirbúinn af hæstv. ráðh. og nánustu aðstoðarmönnum hans. Á þeim fundi skiptust aðilar á tillögum að samkomulagsgrundvelli í málinu, en tillögurnar voru ósamhljóða og ekki varð sameiginleg niðurstaða. Ákveðið var að halda fund að nýju í byrjun maí.

Þann 5. maí 1982 rituðu formaður Sjálfstfl. og formaður þingflokks Sjálfstfl. bréf fyrir hönd flokksins til hæstv. iðnrh. um samskipti flokksins og ráðh. um álmálið. Þetta bréf er birt nú í fyrsta sinn sem fskj. með þessari þáltill. og ég tel rétt að lesa það hér upp, með leyfi forseta:

„Þann 31. júlí skipaði iðnrn. nefnd til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstj. vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar tilnefndir af iðnrh., ríkisstj. og stjórnarandstöðuflokkunum.

Áður, eða 21. júlí 1981, hafði þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkt ítarlega ályktun um ágreininginn við Alusuisse, þar sem fram kom m. a. að þingflokkur sjálfstæðismanna legði áherslu á að samstaða næðist um þær aðgerðir sem nauðsynlegar kynnu að reynast. Þess vegna hefði flokkurinn boðið ríkisstj. samvinnu í máli þessu strax í des. 1980, en því boði hefði í engu verið sinnt fyrr en ríkisstj. falaðist eftir samstöðu við stjórnarandstöðuna í júlí 1981.

Í þeirri ályktun lýsti flokkurinn sig fúsan „til samstarfs um málefni álversins í Straumsvík, enda verði ríkisstj. reiðubúin til samvinnu á þeim grundvelli sem nauðsynlegur er."

Þrátt fyrir þetta tilboð Sjálfstfl. um samstarf og þrátt fyrir skipun viðræðunefndar með aðild stjórnar og stjórnarandstöðu fer því fjarri, að eðlileg og nauðsynleg samráð hafi verið höfð við Sjálfstfl. í máli þessu. Viðræðunefndin hefur aðeins haldið tvo beina viðræðufundi við Alusuisse, og ekkert liggur fyrir um það að svo stöddu, hvort um framhald verði að ræða á slíkum fundum eða hvenær.

Þá hefur viðræðunefndin ekki átt aðild að þeirri stefnumörkun, sem væntanlega hefur verið unnið að til undirbúnings þeim fundum sem ráðherrar hafa átt við fulltrúa Alusuisse síðan í febr. s. l.

Nú er t. d. fyrirhugaður viðræðufundur með fulltrúum Alusuisse í Reykjavík í dag. Boðað hefur verið að iðnrh. muni mæta á þeim fundi ásamt aðstoðarmönnum. Ofangreind viðræðunefnd hefur ekki verið kölluð til í sambandi við stefnumörkun varðandi þann fund. Jafnframt er ljóst að iðnrh. hefur getað hagað því eftir geðþótta sínum, hvaða verkefni nefndin hefur fengið.

Af þessu tilefni vill Sjálfstfl. láta í ljós mikla óánægju yfir að ekki hefur af heilindum verið efnt til þess samstarfs við stjórnarandstöðuna, sem nauðsynlegt verður að teljast í svo mikilvægu máli. Forsenda þess, að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli, er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum.

Sjálfstfl. minnir á að hann tilnefndi fulltrúa sinn í viðræðunefnd fyrst og fremst til að eiga viðræður við Alusuisse vegna skoðanaágreinings um túlkun samninga og til að fá úr því skorið, hvort Alusuisse hafi brotið samninga eins og iðnrh. hefur borið fyrirtækinu á brýn. Að þessu verkefni hefur síður en svo verið unnið sem skyldi. Um önnur atriði, eins og t. d. endurskoðun raforkuverðs, breytta eignaraðild og stækkun álvers, er nauðsynlegt og eðlilegt að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka og sérstök nefnd sé skipuð til að annast þær viðræður. Sjálfstfl. er að sjálfsögðu reiðubúinn fyrir sitt leyti að taka þátt í slíku samstarfi. Núverandi starfsþættir eru hins vegar óþolandi, þar sem iðnrh. hefur ekki staðið við fyrirheit um samstarf við stjórnarandstöðuna eða sinnt boði Sjálfstfl. um samvinnu í þessu efni, eins og að framan hefur verið rakið."

Hér lýkur þessu bréfi, en það var afhent hæstv. iðnrh. persónulega og afrit sent hæstv. ríkisstj. og þess jafnframt getið að bréf þetta væri ekki ætlað til birtingar að svo stöddu. Hefur Sjálfstfl. ekki birt þetta bréf fyrr en það er birt sem fskj. með þessari till. Ástæðan fyrir því að bréf þetta var ekki birt á sínum tíma var sú, að flokkurinn vildi á engan hátt spilla fyrir hæstv. iðnrh. í mikilvægum samningaviðræðum, sem þá stóðu fyrir dyrum, en hins vegar var talið nauðsynlegt að hæstv. ráðh. fengi þessa aðvörun um stefnu flokksins og að flokkurinn léti óánægju sína í ljós.

Rétt er að taka fram að hæstv. iðnrh. hefur í engu sinnt þessu bréfi. Haldið hefur verið áfram uppteknum hætti. Álviðræðunefndin hefur verið notuð eftir geðþótta hæstv. ráðh. og engir tilburðir sýndir í þá átt að taka upp heils hugar samstarf við stjórnarandstöðuna í þessu mikilvæga máli.

Dagana 5. og 6. maí 1982 var haldinn viðræðufundur hæstv. iðnrh. og fulltrúa frá Alusuisse. Þær viðræður fóru út um þúfur. Báðir aðilar sendu frá sér fréttatilkynningu um lok viðræðnanna. Í fréttatilkynningu iðnrn. segir að iðnrh. hafi lagt fram á fundinum málamiðlunartillögu um lausn á deilumálum aðila, þar sem krafist var raforkuverðshækkana hið fyrsta og lagt til að deilumál fyrri ára færu í gerð. Þar sem Alusuisse hefði hafnað alfarið raforkuverðshækkun hafi eigi verið unnt að halda viðræðum áfram og þeim því lokið án samkomulags og ekkert hafi verið ákveðið um framhald. Alusuisse sendi einnig frá sér fréttatilkynningu, þar sem fram kom að í lok viðræðnanna hafi iðnrh. lagt fram nýja yfirlýsingu um samkomulag og óskað eftir að Alusuisse samþykkti hana. Þess hafi þá jafnframt verið getið, að gæti Alusuisse ekki samþykkt þessa yfirlýsingu þann sama dag væru sáttahugmyndir þær sem fram komu í yfirlýsingunni niður fallnar. Þannig hafði ráðh. sett Alusuisse úrslitakosti. Alusuisse telji þessar hugmyndir nothæfan grundvöll fyrir frekari viðræðum. Ráðh. hafi hins vegar ekki verið á sama máli og lýst því yfir að hann áskildi sér allan rétt. Í lok tilkynningarinnar segir að Alusuisse sé enn þeirrar skoðunar, að haldi báðir aðilar áfram að ræða ágreiningsmálin með opnum huga muni reynast

unnt að finna lausn sem aðilar geti sætt sig við.

Upplýst hefur verið að tilboð hæstv. iðnrh. á fundinum í maí var í aðalatriðum sem hér segir: Deilum um verð á súráli og anóðum fyrir tímabilið 1975—1979 sem og niðurstöðum endurskoðunar fyrir 1980 sé vísað í gerð. Hinn 1. júlí 1982 hækki raforkuverð til álversins í Straumsvík úr 6.45 mills í 9.5 mills. Raforkuverð hækki í 12.8 mills, þegar frjálst markaðsverð á áli í London hefur náð 80% af skráðu alkanverði. Samið verði um endurskoðun á raforkusölusamning milli Landsvirkjunar og ÍSALs með það fyrir augum að laga orkuverðið til langs tíma að framleiðsluverði og því verði sem álver í Evrópu og Norður-Ameríku greiða fyrir orku. Verði við endurskoðunina tekið tillit til þess, að ÍSAL greiðir ekki toll af útflutningi til Efnahagsbandalags Evrópu. Hið nýja verðkerfi sé vísitölutryggt. Stefnt verði að að ljúka endurskoðun orkuverðs fyrir 1. nóv. 1982. Skattareglur ÍSALs verði endurskoðaðar. Ríkisstj. Íslands verði veitt heimild til að kaupa meiri hluta eign í ÍSAL frá og með 1. jan. 1984 á sanngjörnu verði miðað við eignir fyrirtækisins og niðurstöður sjálfstæðra matsmanna. Sameiginlega kanni aðilar samkomulagsins, ríkisstj. og Alusuisse, arðsemi ÍSALs miðað við mismunandi forsendur að því er varðar afurðarverð, hráefnisverð, orkuverð og framleiðslumagn og einnig hvort hagkvæmt sé að framleiða anóður á Íslandi. Tilboði hætv. iðnrh. lýkur með þeim orðum, að hafi ekki náðst samkomulag um þessi atriði við Alusuisse fyrir 1. nóv. 1982 sé það á valdi íslensku ríkisstjórnarinnar að kaupa allar eignir ÍSALs frá og með 1. jan. 1984 á verði er miðist við nettóeign og mat sjálfstæðra matsmanna, sem aðilar komi sér saman um.

Miklar umr. urðu á Alþingi utan dagskrár þann 6. maí 1982, þegar þessar niðurstöður lágu fyrir, þ. e. þegar ljóst var að viðræðunum hafi lokið án þess að árangur næðist. Það er athyglisvert að í þeim umr. skýrði hæstv. iðnrh. Alþingi ekki frá þessu tilboði sínu, sem hann hafði afhent á fundinum við Alusuisse. Hann minntist aðeins á að talað hefði verið um verð á bilinu 15—20 mills, en hann skýrði ekki frá því í smáatriðum hvernig hann hefði hugsað sér það og hann skýrði ekki frá því, að hann hefði lagt til að raforkuverðið hækkaði til að byrja með í 9.5 mills og síðan upp í 12.8 mills. Þetta ber að sjálfsögðu ekki vott um samningsvilja hæstv. iðnrh. við Alþingi, að hann skuli ekki telja sér fært á þessum fundi, þegar þetta mál var rætt, að skýra frá því tilboði sem hann hafði afhent Alusuisse fyrr þennan dag. Raunar skýrði hæstv. iðnrh. rangt frá hér á Alþingi um efni þessara viðræðna, því að hann gat þess einungis að hann hefði óskað eftir verði sem væri á bilinu 15—20 mills. Auðvitað er þetta verulega gagnrýnisvert. Þetta er enn eitt dæmi af mörgum um hvað hæstv. iðnrh. vill fara mikið einförum í þessu máli og hvað hann hefur lítinn áhuga á því að leita samstarfs eða samvinnu við hv. alþm. og þá meira að segja jafnt í stjórn sem stjórnarandstöðu. Það kom fram í þessum umr. þann 6. maí hér á Alþingi, að hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. sjútvrh., þ. e. forustumenn þeirra aðila sem eru í stjórnarsamstarfi við hæstv. iðnrh., höfðu fengið í hendur eða fengið að sjá það tilboð sem hæstv. iðnrh. lagði fram á þessum fundi þann 6. maí.

Þann 2. sept. s. l. gaf iðnrn. út fréttatilkynningu, þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður tveggja starfshópa, sem starfað hafa á vegum iðnrn., þ. e. starfshóps sem fjallaði um raforkuverð og annars sem fjallaði um skattamál. Um þetta urðu enn nokkur blaðaskrif í tilefni af þessari málsmeðferð hæstv. iðnrh. og skal ekki um það fjallað frekar hér.

Ég hef nú í mjög grófum dráttum rakið það sem fram hefur komið um samskipti hæstv. iðnrh. og Alusuisse. Vafalaust hefur eitthvað orðið út undan, sem þá má fylla upp í síðar. Ég hef sérstaklega spurst fyrir um hvort ekki hafi farið fram neins konar viðræður, annaðhvort á vegum álviðræðunefndar eða iðnrn., um endurskoðun samninganna frá því að fundurinn í byrjun maí var haldinn milli hæstv. iðnrh. og fulltrúa Alusuisse. Mér hefur verið tjáð, að enginn slíkur fundur hafi verið haldinn og enginn slíkur fundur sé fyrirhugaður. Málið er því í eins vonlaustri stöðu og hægt er að hugsa sér.

Í þessu máli hafa verið rangar áherslur. Auðvitað ber ÍSAL að greiða rétta skatta eins og öðrum og til að tryggja það eru ákvæði í samningum um að Íslendingar geti látið endurskoða ársuppgjör ÍSALs. Bæði núv. og reyndar fyrrv. hæstv. iðnrh. létu undir höfuð leggjast að láta framkvæma slíka endurskoðun allt frá árinu 1975. Það var ekki fyrr en 1981 að núv. hæstv. iðnrh. birti að hluta niðurstöður endurskoðunar fyrir árið 1980. Síðar hefur verið farið í endurskoðun lengra aftur í tímann og er ekki nema gott um það að segja og betra seint en aldrei. Hins vegar hefur hæstv. iðnrh. gert þessa endurskoðun og þessi skattamál að aðalefni málsins. Segja má að hann hafi verið í stöðugum „bófahasar" við Alusuisse allt frá því í des. 1980 um þennan þátt málsins. Hann hefur týnt aðalatriðinu, sem er hærra rafmagnsverð og endurskoðun samninga að öðru leyti. Það sjáum við best með því að athuga þær tölur, sem búa að baki því sem helst er talað um. Sá viðbótarskattur sem verið er að tala um að unnt sé að leggja á ÍSAL samkv. skýrslum Coopers & Lybrand fyrir öll þau ár sem verið hafa í endurskoðun er rúmlega 6 millj. dollara, sem þó kemur ekki til greiðslu nema að hluta vegna skattinneignar ÍSALs. Sennilega mundi dæmið að lokinni þessari skattálagningu þýða, að íslenska ríkið ætti um 1.8 millj. dollara hjá ÍSAL. Á það ber þó að líta, að Alusuisse hefur uppi lögfræðilegan ágreining um ýmsa þætti þessa máls þannig að enginn veit hvort öll kurl eru komin til grafar í því sambandi.

En hvernig líta nú þessar tölur út samanborið við það sem rætt er um í hærra rafmagnsverði? Ef rafmagnsverðið hefði verið hækkað um 1 mill á árinu 1981 hefði það þýtt í auknar tekjur vegna rafmagnssölu 1.2 millj. dollara. Hækkun rafmagnsverðs um 6 mills í 12.5 mills hefði m. ö. o. þýtt í auknar tekjur á einu ári vegna rafmagnssölu 7.2 millj. dollara, sem er hærri upphæð en þeir viðbótarskattar sem hugsanlega geta fengist frá Alusuisse og frá ÍSAL og sem öll orka og allt púður hæstv. iðnrh. hefur farið í.

Af þessu má sjá hversu algerlega skakkan pól hæstv. iðnrh. hefur tekið í þessu máli og hversu rangar áherslur hann hefur haft í málinu. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir og staðfest það reyndar hér á hv. Alþingi, að hann telji að ágreiningur um skattana sé smámál í samanburði við hækkun raforkuverðs. Þó hefur hæstv. iðnrh. lagt alla áherslu á ágreininginn um skattamálin og haldið þannig á því máli, að sá ágreiningur hefur stórspillt öllum öðrum samningaumleitunum.

Hæstv. iðnrh. hefur sýnt að hann er ekki mikill samningamaður og honum er ósýnt um að fara með viðkvæm deilumál. Allur gangur viðræðnanna við Alusuisse sýnir

það. Hæstv. ráðh. hóf þetta mál með miklu offorsi í des. 1980 og ásakaði Alusuisse um að hafa með sviksamlegum hætti leynt réttum skattstofni. Í því sambandi er rétt að benda á, sem ég gat um áðan og ítreka, að í umr. hér á hv. Alþingi þann 6. maí s. l. lýstu bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. yfir því að þeir teldu ekki að um sviksamlegt athæfi væri að ræða og ríkisstj. hafi ekki haft uppi ásakanir í þessa átt. Þessi stóru orð hæstv. ráðh. í upphafi voru því síður en svo heppileg, ef stefna átti að árangri í samningaviðræðum. Ég segi ef, því að það hlýtur oft að koma upp í huga manna vafi um að hæstv. ráðh. hafi í rauninni nokkurn tíma ætlað sér að ná samningum í þessu máli. Það er ekki aðeins upphaf þessa máls af hans hálfu sem vekur þennan grun, heldur öll meðferð málsins. Engum dettur annað í hug en að hér séu á ferðinni erfiðir og flóknir samningar. Alusuisse er viðskiptafyritæki, sem vafalaust reynir að halda á öllu sínu. Þess vegna átti hæstv. ráðh. að ganga til þessara samninga með þau vopn sem góður samningamaður beitir, þ. e. með góðan málstað, með festu og með lagni. Viðkvæm deilumál af þessu tagi leysast ekki á fundum eins og þeim sem hæstv. ráðh. hélt hér í maí s. l. með fulltrúum Alusuisse, þar sem öllu á að hespa af á stuttum tíma í sviðsljósi fjölmiðla. Allir sem staðið hafa í erfiðum samningum, og þeir eru margir hér á hv. Alþingi, vita, að þannig ná menn ekki árangri.

Ég sagði áðan að ráðh. hefði sýnt að hann væri ekki mikill samningamaður og það hefur sýnt sig í fleiri málum. Þegar Alþingi fékk Blöndumálið til meðferðar hér á s. l. vetri var það mál komið í algeran hnút. Hroki og hótanir hæstv. iðnrh. höfðu hleypt illu blóði í menn fyrir norðan. Það var fyrst hér á hv. Alþingi sem málið leystist. Margir þm., ég vil segja úr öllum flokkum, sumir með mikla reynslu í samingum og áhugamenn um framgang þessa máls, náðu í samráði við ýmsa heimamenn þeirri lausn sem dugði og þeirri lausn sem tryggði frið heima í héraði. Í viðræðunum við Alusuisse þarf nú að söðla um á sama hátt. Í stað stærilætis og hroka þarf að koma lagni og festa. Í stað stöðugra árása þurfa að koma ítarlegar samningaviðræður, ekki í einn og tvo daga eins og ráðh. hefur tíðkað. Í stað upphlaupa þarf að koma þolinmæði. Í stað fjölmiðlastríðs og auglýsingaáráttu þarf að koma þrotlaus samningavinna manna sem gera sér grein fyrir því að engir samningar leysast í fjölmiðlum.

Við Íslendingar bítum nú í það súra epli, að mjög gott tækifæri til endurskoðunar samninga létum við úr greipum okkar ganga 1980. Þá lá ljóst fyrir að orkuverð hafði hækkað svo mikið frá 1975 að forsendur rammasamningsins höfðu breyst verulega og knýja átti á um hækkað rafmagnsverð. Þá voru ytri aðstæður og mjög heppilegar. Rafmagnsverðið hafði hækkað, eins og ég gat um, og verð á áli var mjög hátt eða um 2000 Bandaríkjadollarar á tonn. Nú hefur álverðið lækkað í um þúsund dollara á tonn. Ytri aðstæður hafa því snúist okkur í óhag þannig að líkurnar fyrir góðum árangri eru ekki eins góðar og þá. En þrátt fyrir það er nauðsynlegt að halda áfram af meiri alvöru en gert hefur verið til að ná fram endurskoðun á þessum samningum.

Hæstv. iðnrh. hefur látið að því liggja, að það geti verið góður kostur að loka álverinu. Það leiðir hugann að því hversu mikilvægt þetta fyrirtæki er fyrir íslenskt þjóðarbú. Það hefur áður verið rifjað hér upp á hv. Alþingi, að þrátt fyrir hið lága rafmagnsverð greiði ÍSAL upp á 19 árum allan stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og tilheyrandi mannvirkja, þ. e. Þórisvatnsmiðlunar, tveggja háspennulína frá Búrfelli að Geithálsi og þaðan til Straumsvíkur, spennistöðvar við Geithálsi og gufuaflsstöðvar í Straumsvík. Auk þess standa þessar tekjur undir öllum rekstrarkostnaði þessara mannvirkja á sama tíma. Þetta sýnir að þessir samningar voru góðir á sínum tíma, þó að þeir þurfi endurskoðunar við nú og hafi reyndar þurft endurskoðunar við 1975. Ég mundi reyndar taka ofan hattinn fyrir hverjum þeim iðnrh. sem gerði núna slíka samninga um nýtt stóriðjuverð í tengslum við nýja virkjun.

Hvaða gjaldeyristekjur höfum við af álverinu? Hversu mikilvægt er þetta fyrirtæki fyrir okkar þjóðarbú? Gjaldeyristekjur okkar af ÍSAL árið 1981 voru sem hér segir — ég rek þetta bæði í millj. kr. og millj. dollara, en í þessum reikningum, sem eru frá Seðlabanka, er reiknað með meðalgengi dollars árið 1981 7.24: Orkukaup 57 millj. kr. eða 7.9 millj. dollarar, skattar 11.2 millj. kr. eða 1.55 millj. dollarar, laun 125.1 millj. kr. eða 17.3 millj. dollarar, annað, t. d. ýmiss konar þjónusta sem fyrirtækið kaupir af innlendum aðilum, 72.5 millj. kr. eða 10 millj. dollara. Samtals vegna reksturs 265.8 millj. kr. eða 36.75 millj. dollarar. Fjárfesting upp á 57.3 millj. kr. eða 7.9 millj. dollara. Samtals voru gjaldeyristekjur okkar af þessu fyrirtæki árið 1981 323.1 millj. kr. eða 44.65 millj. dollara. Til samanburðar má geta þess, að útflutningsverðmæti loðnuafurða okkar á árinu 1981 voru 575 millj. kr. og minnkun teknanna af loðnu er nú talinn meiri háttar héraðsbrestur, þannig að sjá má að hér munar auðvitað verulega um.

Það skiptir því miklu máli fyrir þjóðarbú okkar hvernig á þessu máli er haldið og að þessum rekstri sé ekki stofnað í hættu með óheppilegum aðferðum og vinnubrögðum. Það á ekki að vera komið undir sérvisku eins ráðh. eða sérvisku eins stjórnmálaflokks, sem er andvígur stóriðnaði hér í landinu, hver framtíð verður í þessum mikilvæga rekstri. Hæstv. iðnrh. hefur haft tækifæri í þessu máli. Nú verður hv. Alþingi að taka við, eins og það reyndar gerði í Blöndumálinu á s. l. vetri, og leiða þessa samninga til lykta. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og til atvmn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir um viðræðunefnd við Alusuisse flutt af 10 þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, vekur eðlilega athygli og sætir talsverðum tíðindum. Með flutningi hennar undirstrikar þessi hluti Sjálfstfl. þau viðhorf, sem verið hafa undirtónninn í málflutningi stjórnarandstöðuliðs flokksins og Morgunblaðsins alveg sérstaklega, að gera deilur um málsmeðferð hér innanlands og árásir á mig sem iðnrh. og um leið á ríkisstj. að aðalatriði, en draga úr og vefengja réttmætar kröfur íslenskra stjórnvalda gagnvart hinum erlenda auðhring Alusuisse. Fyrir þessu má finna svo fjölmörg dæmi í málflutningi forustumanna Sjálfstfl. undanfarin ár að æra mundi óstöðugan að tíunda þau öll. Greinargerðin með þessari þáltill. talar þar skýru máli og málflutningur hv. 1. flm. þáltill. hér áðan. Ég mun síðar benda á nokkur atriði til viðbótar til að lýsa ögn inn í þann furðulega hugarheim sem býr að baki hjá hluta af forustuliði Sjálfstfl. þegar Alusuisse á í hlut.

Með því að leggja fram þessa till. hér á hv. Alþingi ganga flm. hennar þó stóru skrefi lengra en áður hefur fram komið og opinbera þann ásetning sinn að sundra fylkingum hér innanlands á sama tíma og brýna nauðsyn ber til að menn þjappi sér sem fastast saman um íslenska hagsmuni og þau markmið sem allgóð samstaða virðist hafa tekist um, a. m. k. í orði. Ég bið menn að hafa vel í huga, að með efni þessarar till. ásamt grg. og fylgigögnum, svo og umr. stuðningsmanna hennar hér á hv. Alþingi, er vel fylgst úti í höfuðstöðvum Alusuisse í Zürich. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um hvílíkur hvalreki þessi sending verður talin á þeim vettvangi. Því verður best lýst með einu orði úr gömlu og góðu íslensku máli, sem er óvinafagnaður.

Mun beinskeyttara og hreinskiptnara hefði verið hjá þessum hv. þm. Sjálfstfl. að fylgja eftir málflutningi og kröfum ritstjórnar Morgunblaðsins með því að flytja tillögu um vantraust á mig sem ráðh. vegna þessa máls. Slíkar hugmyndir og hótanir um vantraust hafa vissulega heyrst áður út af öðrum málum, sem nú eru til lykta leidd í bærilegri eindrægni, en þá var látið sitja við orðin tóm. Ég væri vissulega reiðubúinn að standa frammi fyrir slíkri vantrauststillögu nú út af meðferð minni á þessu máli og mér þætti vænt um að heyra það frá hv. 1. flm. þessarar till. hvort hann sé reiðubúinn að standa að slíkri málafylgju í stað þess að halda hér uppi dylgjum og nöldri um að ég hafi ekki gætt þjóðarhagsmuna í þessu máli.

Ég mun hér víkja að efnisatriðum þessarar till., en gera síðan grein fyrir gangi og stöðu mála, er varða samskipti við Alusuisse og ÍSAL, samþykktir íslenskra stjórnvalda og samningaumleitanir, stöðu og störf álviðræðunefndar í því samhengi, endurskoðun á yfirverði á aðföngum til ÍSALs 1975—1979 og endurskoðun ársreikninga ÍSALs 1980 og 1981. Síðast en ekki síst mun ég fjalla um nauðsyn þess að ná fram leiðréttingu á samningum um álverið í Straumsvík, alveg sérstaklega að því er varðar raforkuverð.

Vegna þeirra ásakana, sem hér eru fram bornar opinberlega í minn garð á hv. Alþingi, kemst ég ekki hjá því að minna flm. þessarar till. á fyrri afstöðu þeirra til þessara mála, þótt ég telji að annað væri þarfara og brýnna en menn væru að vegast hér á innbyrðis, kjörnir fulltrúar á þjóðþinginu, um þau brýnu hagsmunamál er varða samskiptin við Alusuisse. — Ég kem þá að efnisatriðum þáltill.

Lagt er til að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til viðræðna við Alusuisse um tiltekin atriði. Þetta er gert á sama tíma og starfandi er stjórnskipuð nefnd, m. a. skipuð fulltrúum eftir tilnefningu allra þingflokka hér á hv. Alþingi, frá stjórnaraðilum og stjórnarandstöðu, og undir forustu manns sem fáir væna um pólitíska hlutdrægni, þar sem er dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Þessi nefnd hefur frá því að hún var skipuð í lok júlí 1981, m. a. eftir samráð við forustumenn stjórnmálaflokkanna, unnið mikið og gagnlegt starf. Hún hefur haldið 54 bókaða fundi til þessa og farið yfir alla efnisþætti málsins. Þannig hefur nefndin verið afar mikilvægur, faglegur og pólitískur samráðsvettvangur og sá hefur látið henni í té öll þau gögn og trúnaðarupplýsingar er máli skipta og sem varða verksvið nefndarinnar, auk þess sem nefndin hefur beitt sér fyrir gagnasöfnun á eigin vegum. Inn á vettvang nefndarinnar hafa komið margir sérfræðingar, m. a. erlendir, sem unnið hafa að einstökum þáttum þessara mála og málum er tengjast athugunum á orkufrekum iðnaði hérlendis fyrir iðnrn.

Samkv. skipunarbréfi er verkefni nefndarinnar „að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstj. vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum."

Einnig segir í skipunarbréfi nefndarinnar:

„Með vísun í ríkisstjórnarsamþykkt 16. júlí 1981 er lögð áhersla á eftirfarandi meginatriði: a) Greiðslur á vangoldnum sköttum, framleiðslugjaldi, vegna of hárrar verðlagningar á aðföngum til ÍSALs á tímabilinu 1975—1979. b) Endurskoðun á gildandi samningsákvæðum um framleiðslugjald í því skyni að tryggja öruggar skatttekjur frá ÍSAL. c) Endurskoðun á samningi um raforkusölu til ÍSALs í því skyni að fá verulega hækkun á raforkuverði. d) Eignaraðild Íslendinga að fyrirtækinu með meirihlutaeign í áföngum að markmiði. e) Byggingu verksmiðju hérlendis, er framleiði rafskaut (anóður) sem fullnægi þörfum álversins, eða öflun rafskauta á annan hagkvæman hátt. f) Breytingu á samningum um ýmis önnur atriði, þar á meðal endurskoðunarákvæði. Auk þess að eiga viðræður við Alusuisse er nefndinni ætlað að vera iðnrn. til ráðgjafar um aðgerðir í málinu. Nefndinni ber að hafa samráð við Landsvirkjun og Hafnarfjarðarkaupstað um efnisatriði, er lúta að raforkuverði og málefnum Straumsvíkurhafnar, eftir því sem þörf gerist í viðræðunum".

Það er ekki við álviðræðunefnd eða íslensk stjórnvöld að sakast þó að Alusuisse hafi neitað að ganga til viðræðna um hækkun raforkuverðs og endurskoðun á samningum um ÍSAL, þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisstj., sem fyrst voru fram bornar 9. des. 1980. Hins vegar hefur það komið fram leynt og ljóst frá því að álviðræðunefndin var skipuð, að hún hefur verið forráðamönnum Alusuisse og ÍSALs sérstakur þyrnir í augum og Alusuisse hefur lagt allt kapp á að brjóta þennan sameiginlega vettvang allra stjórnmálaflokka í landinu niður til að tefja málsmeðferð og í von um að fá sér þóknanlegri viðræðuaðila.

Á meðan Alusuisse hefur neitað samningaviðræðum í reynd, aflýst þátttöku í boðuðum fundum, borið fyrir sig formsatriði og reynt að reka fleyga inn í samstöðu hér innanlands, því miður með nokkrum árangri, hefur álviðræðunefndin m. a. fjallað um ágreiningsefni er varða liðinn tíma, þ. e. verðlagningu á aðföngum ÍSALs og bókhald fyrirtækisins, en þau mál snerta náið rök okkar fyrir því að ÍSAL hafi bolmagn til að greiða hærra raforkuverð, auk þess að skila sköttum til íslenska ríkisins, eins og samningar kveða á um. Einnig þennan þátt í vinnu nefndarinnar hefur Alusuisse leitast við að tefja með því að neita nefndinni og réttum endurskoðendum um aðgang að nauðsynlegum upplýsingum af bókhaldsgögnum. Að því mun ég koma síðar.

Meginatriðið er hins vegar í þessu samhengi, að frá því á miðju sumri í fyrra hefur verið til staðar stjórnskipuð nefnd, þar sem er álviðræðunefndin skipuð fulltrúum allra þingflokka, til að fjalla um samskipti við Alusuisse og vera til taks ef og þegar auðhringurinn féllist á að taka í alvöru upp samningaviðræður á grundvelli framkominna óska og samþykkta ríkisstj. Þingflokkarnir tilnefndu fulltrúa í nefndina í þessu skyni og þeim er og hefur verið frjálst að skipta um menn í nefndinni eftir því sem þeir teldu sér henta, t. d. með hliðsjón af breyttum

áherslum í starfi hennar.

Það getur vel verið að flm. þessarar þáltill. telji að Alþingi eigi í vaxandi mæli að ganga inn á vettvang framkvæmdavaldsins og taka á sig ábyrgð og umsýslu, sem lögð er undir ráðuneyti lögum samkvæmt. Slíkar tillögur hafa mér virst eftirlæti stjórnarandstöðuliðs Sjálfstfl. og sumpart raunar Alþfl. einnig á undanförnum þingum, sérstaklega í sambandi við orkufrekan iðnað. Ég hef varað við þessari stefnu og þeim glundroða og óvissu sem hún mundi leiða til í samskiptum löggjafar- og framkvæmdavalds og einnig af þeim sökum er ég andsnúinn meginefni þessarar till.

Ég tel það raunar aðkallandi verkefni að draga skýrari mörk en verið hefur milli löggjafar- og framkvæmdavalds og gera báða aðila færari en nú er til að sinna sínum skyldum og verkefnum. Alusuisse mun engu fúsari að ræða við þingkjörna nefnd en álviðræðunefnd á vegum ráðuneytis, nema þá af þeirri ástæðu einni að fyrirtækið telji líklegt að koma ár sinni betur fyrir borð gagnvart slíkum aðila. Fyrir nefndarkjöri af þessu tagi munu fá fordæmi, eins og bent hefur verið á, og ég minni á að stóriðjunefnd, sem starfaði á sjöunda áratugnum, og viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem starfaði á árunum 1971—1978, voru báðar stjórnskipaðar, en ekki kosnar af Alþingi. Hins vegar er ekki óalgengt, að framkvæmdavaldið leiti tengsla við þingflokka og nefndir þingsins um undirbúning og meðferð ýmissa mála. Það var gert með skipun álviðræðunefndar í fyrra og sá vettvangur verður þingflokkunum opinn á meðan þeir kjósa að nýta hann og tryggja með því samhengi og leita samstöðu í þessu afdrifaríka máli.

Það er vissulega fáheyrt, hvernig ýmsir talsmenn Sjálfstfl. og málgagn þeirra Morgunblaðið hafa kosið að haga málflutningi sínum lengst af frá því upplýst var í des. 1980 að Alusuisse sýndi allt annað og hærra innflutningsverð á súráli til ÍSALs en útflutningsverð frá súrálsverksmiðju sinni í Ástralíu. Þar munaði rúmum 47 millj. Bandaríkjadala á fob-verði á tímabilinu 1974 til júlí 1980 eða á fimm og hálfu ári sem athuguð voru. Þessar niðurstöður voru fengnar á grundvelli staðfestra gagna, m. a. frá hagstofu Ástralíu og ríkisendurskoðun hérlendis, og þessum niðurstöðum hefur ekki verið hnekkt.

Reynt hefur verið að gera athuganir iðnrn. tortryggilegar og bera um leið blak af gagnaðilanum. Þau orð heyrðum við einnig hér áðan. Þannig segir í ályktun þingflokks sjálfstæðismanna frá 20. júlí 1981, með leyfi hæstv. forseta: „Ber þetta allt frekar vott um áróðursherferð gegn stóriðju heldur en eðlilega gæslu íslenskra hagsmuna".

Í grg. með þessari þáltill. er spjótunum ekki beint að Alusuisse, ekki í eitt einasta skipti, heldur þrástagast á gagnrýni á innlend stjórnvöld og mig alveg sérstaklega. Það segir m. a. í grg.: „Ástæða er til að gagnrýna harðlega iðnrh. fyrir meðferð á þessu máli ... Iðnrh. kaus þá málsmeðferð að hefja á opinberum vettvangi stórfelldar ásakanir um sviksamlegt athæfi Alusuisse þegar í des. 1980. Ráðh. hefur síðan neyðst til að draga í land, en heldur þó uppteknum hætti á opinberum vettvangi. Þessi klaufalega samningaaðferð hefur tafið alla samninga og spillt fyrir möguleikum okkar að fá fram úrslit í þeim málum, sem okkur eru mikilvægust, einkum hækkað raforkuverð. Virðist reyndar sem ráðh. hafi alveg gefist upp við að ná fram samningum um hækkað raforkuverð".

Hér sem oftar er því blákalt haldið fram, að ég hafi tafið alla samninga, spillt fyrir möguleikum að fá fram úrslit og þar fram eftir götunum. Þessu er haldið fram þótt þeir sjálfstæðismenn hafi með aðild að álviðræðunefnd haft alla möguleika til að fylgjast með framvindu mála og ættu ekki að þurfa að velkjast í vafa um hver hefur tafið endurskoðun á reikningsfærslu fyrri ára hjá ÍSAL og hverjir hafa neitað öllum sanngirniskröfum íslenskra stjórnvalda um endurskoðun samninga og hækkað raforkuverð.

Til að rifja upp staðreyndir málsins er nauðsynlegt að rekja hér nokkuð fyrir hv. þingdeild hvernig samningaumleitanir við Alusuisse hafa gengið frá því tókst að fá fulltrúa fyrirtækisins fyrst til viðræðna í ágúst 1981. Það kemur kannske fram dálítið önnur mynd en hv. 1. flm. þessarar till. var að draga hér fram með sínum skýringum.

Eins og fyrr segir samþykkti ríkisstjórn Íslands á fundi sínum 9. des. 1980 að óska eftir skýringum Alusuisse á yfirverði súráls og jafnframt var óskað eftir samningaviðræðum um endurskoðun gildandi samninga, einkum með hækkun raforkuverðs í huga. Alusuisse lagði fram 11. og 12. febr. 1981 tvær skýrslur, sem áttu að vera skýringar á hækkun í hafi sem svo er kölluð, en voru alls ófullnægjandi. Iðnrn. fól Coopers & Lybrand, breska endurskoðunarfyrirtækinu, rannsókn málsins og leitaði jafnframt til annarra erlendra aðila. Coopers & Lybrand lauk þessari rannsókn sinni með skýrslu um súrálsverð og hækkun í hafi í júlí 1981, þar sem staðfest er stórfellt yfirverð á súráli til ÍSALs á tímabilinu 1975 til miðs árs 1980.

Eftir framlagningu þessarar skýrslu um súrálsverðið og ítrekaðar óskir ríkisstj. um samningaviðræður, gerðar á fundi hennar 16. júlí 1981, samþykkti Alusuisse að koma til fundar hér í Reykjavík í byrjun ágúst 1981. Var það fyrsti viðræðufundur aðila, en þá hafði álviðræðunefndin verið skipuð undir forsæti dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar. Á þessum fundi skiptust menn á skoðunum, en formaður sendinefndar Alusuisse, dr. Weibel, lýsti því þar yfir af hálfu Alusuisse, að fyrirtækið væri ekki reiðubúið til að ræða raforkuverðshækkun eða aðra hluti fyrr en fallið hefði verið frá ásökun um yfirverð á súráli. Ákveðið var að hittast aftur í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1981. Fyrir lá á þessum fyrsta viðræðufundi, að iðnrn. hafði óskað eftir endurskoðun ársreiknings ÍSALs fyrir árið 1980 með heimild í aðalsamningi og falið endurskoðendunum Coopers & Lybrand það verk. Þar var um að ræða almenna endurskoðun allra þátta ársreikningsins, en ekki aðeins yfirverð á súráli.

Á fundinum 4. ágúst var þess krafist af Alusuisse, að Coopers & Lybrand lykju þessari endurskoðun samkv. tímamörkum aðalsamnings, eða eigi síðar en 1. sept. 1981, og var það samþykkt.

Endurskoðendur Coopers & Lybrand gerðu eins og fyrir þá var lagt og skiluðu endurskoðunarskýrslu sinni 1. sept. 1980. Í þessari skýrslu staðhæfa þeir stórfellt yfirverð súráls og einnig rafskauta, auk þess að nauðsynlegt hafi verið að leiðrétta ársreikninginn í mörgum öðrum greinum. Heildarleiðrétting endurskoðendanna nam 8.6 millj. dollara og hækkuðu þeir hagnað ÍSALs þetta árið, 1980, úr 5.5 millj. dollara í 14.2 millj. dollara. Þessi hækkun nam hvorki meira né minna en öllu greiddu raforkuverði á þessu ári eða nálægt því.

Ég vil skjóta því hér að, þm. til glöggvunar, að eftir

leiðréttingu Coopers & Lybrand 1980 varð hagnaður álversins svipaður og hjá álbræðslu í Noregi við Husnes, sem er áþekk að stærð, en verksmiðjan er að meiri hl. eða 75% eign Alusuisse, en 25% er norskt hlutafé, mest í eigu Norsk Hydro. Jafnframt vil ég enn einu sinni ítreka, að hér er um að ræða leiðréttingartölur, sem koma frá óháðum virtum alþjóðlegum endurskoðendum, en ekki frá iðnrn. Það hefur verið uppáhaldsiðja Morgunblaðsins og fleiri, sem hafa borið blak af Alusuisse hérlendis, að reyna að telja almenningi og hv. þm. trú um að ég sjálfur, af persónulegri óvild eða pólitísku ofstæki, væri að bera rangar sakargiftir á blásaklausa menn. Annað blasir við hverjum þeim sem sjá vilja. Hér er um að ræða tölur frá Coopers & Lybrand, sem þeir eru reiðubúnir til að standa við fyrir hvaða dómstóli sem er.

Sú staðreynd liggur einnig hér ljós fyrir, að allan þennan tíma hefur Alusuisse neitað að veita Coopers & Lybrand aðgang að ýmsum frumgögnum, m. a. varðandi kostnað við framleiðslu rafskauta, og gaf raunar jafnframt rangar og villandi upplýsingar til að tefja málið. Allt til þessa dags hafa umbeðnar upplýsingar um rafskautin ekki komið frá Alusuisse og fyrir liggur yfirlýsing Coopers & Lybrand um synjun Alusuisse á beiðni þeirra um þessar upplýsingar. Hefur ráðuneytið skrifað Alusuisse bréf, þar sem þessu framferði er sérstaklega mótmælt.

Á fundinum í desember 1981 tókst ekki að leysa úr skoðanaágreiningi aðilanna, eins og það var orðað í sameiginlegri fréttatilkynningu um fundinn. Í lok þeirrar fréttatilkynningar segir svo: „Aðilarnir hafa orðið ásáttir um að leggja þennan skoðanaágreining til hliðar í bili og kanna leiðir til áframhaldandi samstarfs. Í því sambandi hafa fulltrúar ríkisstj. áréttað ályktun ríkisstj. frá 16. júlí 1981 varðandi endurskoðun aðalsamningsins og fylgisamninganna. Óskuðu fulltrúarnir eftir svörum Alusuisse við þessari ályktun ekki síðan en hinn 15. jan. 1982 og hefur Alusuisse fallist á þau tilmæli. Verði svör Alusuisse jákvæð munu aðilarnir koma saman til fundar innan þriggja vikna frá þeim tíma."

Við þessa niðurstöðu voru bundnar nokkrar vonir, en þær vonir áttu eftir að renna út í sandinn.

Hinn 1. febr. 1982 fréttist af því, að dr. Müller, formaður framkvæmdastjórnar Alusuisse, væri staddur á Íslandi. Hann hafði ekki hug á að tala við iðnrn., sem stjórnskipulega séð er æðsta stjórnvald í málefnum Alusuisse og íslenska ríkisins. Hann hafði pantað viðtal við formenn stjórnarandstöðunnar, Geir Hallgrímsson og Kjartan Jóhannsson, og fékk fundi með þeim báðum. Hann hafði meðferðis í ferð sinni hingað bréf á íslensku og ensku, stílað til ríkisstjórnar Íslands, þar sem hann lýsir því yfir fyrir hönd Alusuisse, þvert ofan í sameiginlegu fréttatilkynninguna frá desembermánuði, sem ég vitnaði til áðan, að Alusuisse sé ekki reiðubúið til raunhæfra viðræðna um breytingar á samningum aðila fyrr en deilumálin vegna viðskipta Alusuisse við ÍSAL á undanförnum árum hafi verið leyst. Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að minna á að nánast nákvæmlega sama viðhorf kemur fram í ályktun þingflokks Sjálfstfl. frá 20. júlí 1981, þar sem hann áréttar einmitt sama sjónarmið og dr. Müller í þessu bréfi sínu, að fyrst þurfi að leiða þessi mál til lykta og síðan að ræða um endurskoðun samninga.

Dr. Müller óskaði einnig eftir fundi með Gunnari Thoroddsen, hæstv. forsrh., til að afhenda honum bréfið, en hæstv. forsrh. neitaði að veita honum viðtal og viðtöku bréfsins nema það hefði áður verið afhent í iðnrn. Þess vegna fékk ég bréfið fyrir hádegi 1. febr. 1982, en ekki var óskað eftir neinu viðtali við ráðuneytið. Dr. Müller óskaði raunar einnig eftir viðtali við Steingrím Hermannsson sjútvrh. og fékk það.

Eftir desemberfundinn tekur Alusuisse sem sagt það til bragðs að senda oddvita sinn til þess að tala við öll stjórnmálaöfl í landinu önnur en Alþýðubandalagið. Hér var uppi fáheyrð tilraun til að tvístra þjóðinni í mikilvægu máli — tilraun sem fer í bága við venjur siðaðra manna.

Fundahöld hófust víða í bænum, borginni Reykjavík, án þess að nokkrar viðræður færu fram milli Alusuisse og álviðræðunefndar eða við ráðuneyti iðnaðarmála. Hinn 8. febr. 1982 náðist þó samkomulag milli formanns álviðræðunefndar, dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar, og dr. Weibel, sem var í för með dr. Müller, um að efnt yrði til 3. viðræðufundar aðilanna í Kaupmannahöfn 3. og 4. mars 1982. Iðnrn. hóf þegar undirbúning þessa fundar, en þegar sá undirbúningur stóð sem hæst kom skeyti dagsett 24. febr. 1982 frá dr. Weibel, þar sem Kaupmannahafnarfundinum var aflýst af hálfu Alusuisse. Þessi framkoma sýndi svo ekki varð um villst að Alusuisse var að tefja málið með þeim ásetningi að kljúfa samstöðu Íslendinga með því að spila á hugsanlegar flokkspólitískar væringar.

Ég taldi þeim mun brýnna að leggja mig fram um að halda samstöðunni í málinu, þótt það reyndi á þolrifin og tæki tíma. Tveimur dögum eftir aflýsingu Kaupmannahafnarfundarins, 26. febr. 1982, náðist fullt samkomulag í nefnd þriggja ráðh., sem falið var fullt umboð af hálfu ríkisstj. til að ganga frá stefnu hennar í málinu, þ. e. bæði varðandi markmið og leiðir í deilunni við Alusuisse.

Strax daginn eftir eða 27. febr. 1982 sendi ég síðan dr. Müller, formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, skeyti þar sem ég tjáði honum að hinar síendurteknu kröfur um frestun funda og tregðu Alusuisse til að koma að samningaborði væru að eyðileggja alla möguleika á friðsamlegri lausn deilumálanna. Með hliðsjón af því bað ég hann að hitta mig að máli til þess að freista þess að ná samkomulagi um meðferð deilumálanna. Þetta varð til þess, að við héldum fund, ég ásamt dr. Müller og aðstoðarmönnum okkar, í Reykjavík dagana 25. og 26. mars 1982. Í hópi aðstoðarmanna ráðuneytisins var Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður álviðræðunefndar.

Á fundinum með dr. Müller þessa daga fóru fram ítarlegar umr. um ágreiningsmál íslenskra stjórnvalda og Alusuisse og rædd var þörf endurskoðunar á gildandi samningum. Í upphafi fundanna kynnti ég ríkisstjórnarsamþykktina frá 26. febr. 1982 um meðferð ágreiningsmála. Enn fremur var lögð fram og kynnt grg. um brostnar forsendur rammasamningsins við ÍSAL með rökstuðningi fyrir hækkun raforkuverðsins í 15—20 mills a. m. k. Rakið var í því minnisblaði, að þetta væri eðlilegt rafmagnsverð, miðað við þær forsendur sem byggt var á við undirbúning samninganna 1966 og eins og málin voru þá lögð fyrir Alþingi. Á fyrri fundardegi, 25. mars, lagði Alusuisse fram drög að samkomulagi milli ríkisstj. og Alusuisse. Síðari fundardaginn eða 26. mars voru lögð fram af minni hálfu drög að samkomulagi. Voru bæði drögin rædd. Við lok viðræðnanna 26. mars var ákveðið að hittast aftur um mánaðamótin apríl—maí. Var næsti fundur síðan ákveðinn í Kaupmannahöfn 5. og 6. maí 1982 og fundarstaður þá valinn samkv.

eindreginni ósk Alusuisse um Kaupmannahöfn, en síðan var fundarstaðnum breytt og ákveðið að fundurinn yrði haldinn í Reykjavík.

Eins og ég tók fram lagði Alusuisse fram drög að samkomulagi af sinni hálfu á fundinum þann 25. mars s. l., en síðan var því svarað daginn eftir með minnisblaði af hálfu Íslands með grundvelli að samkomulagi. Með hliðsjón af þeim gögnum og umr. um þau bjóst ég við að dr. Müller hefði, þegar hann kom til fundar við mig tæpum 6 vikum síðar, hinn 5. maí, rannsakað framlögð gögn og ekki síst gagntilboð okkar að samningsgrundvelli, lögð fram 26. mars 1982. Ég bjóst að sjálfsögðu við að hann legði þar fram ef ekki nú drög að sáttagrundvelli af sinni hálfu, þá a. m. k. munnleg viðbrögð við framlögðum gögnum síðasta fundar og drögum okkar að samkomulagi. Mér til mikilla vonbrigða komu slík viðbrögð hins vegar engin fram. Var og ekki um nein ákveðin viðbrögð að ræða við þeim kröfum sem settar voru fram á fyrri fundinum af Íslands hálfu og settar höfðu verið fram ítrekað gagnvart Alusuisse þá 16 mánuði sem þá voru liðnir frá því ríkisstj. samþykkti í des. 1980 að krefjast viðræðna við Alusuisse.

Þann 6. maí s. l. var sett fram af minni hálfu sáttatilboð. Var þar sett á oddinn krafan um hækkun raforkuverðsins, a. m. k. í framleiðslukostnaðarverð, og miðað við að saman gengi fyrir 1. nóv. 1982 um þá kröfu. Jafnframt var í þessu sáttatilboði ákvæði til bráðabirgða, þar sem tekið yrði tillit til hins bága ástands sem nú er ríkjandi á álmörkuðum. Sáttatilboð þetta var sett saman á grundvelli þeirra tveggja samkomulagsdraga, sem lögð voru fram af aðilum á fundunum 25. og 26. mars, og voru ekki í því nein ný efnisatriði eða nýjar kröfur settar fram af Íslands hálfu. Var sáttatilboð þetta þannig innan ramma samþykktar ríkisstj. frá 26. febr. 1982. Það er ástæða til að geta þessa hér vegna þess að fyrir nokkrum vikum sá Morgunblaðið ástæðu til að hefja sérstakar árásir á mig fyrir að ég hafi gengið of skammt á þessum fundi í kröfum um raforkuverðshækkun. Hv. 1. flm. þessarar till., Birgir Ísl. Gunnarsson, endurtók þessa tuggu hér áðan væntanlega til að reyna að troða því inn í höfuðið á þjóðinni og reyna að koma því fram gagnvart hv. alþm. að þarna hafi verið lagt fram tilboð af Íslands hálfu um raforkuverð 9.5 mills eða 12.8 mills sem okkar meginkröfu. Þetta er slík fjarstæða, þetta eru slík fáheyrð vinnubrögð af hálfu manna sem vilja láta taka sig alvarlega að ég hlýt að vekja á þeim alveg sérstaka athygli. (**Gripið fram í:** Hvers vegna skýrði ráðh. Alþingi ekki frá þessu tilboði 6. maí?) Ég stóð í þessum ræðustól þann 6. maí þegar að loknum viðræðufundi við dr. Müller. Ég sagði efnislega frá því sem þar hafði gerst og lyktum þess fundar. Ég greindi frá því þar, að ég mundi ekki rekja á þeim fundi einstök efnisatriði, sem fram hefðu komið í þessum viðræðum, en mundi gera forustumönnum stjórnmálaflokkanna grein fyrir þeim við fyrstu hentugleika. Það gerði ég og afhenti þeim öll þessi gögn, sem þarna voru lögð fram af Íslands hálfu.

Þetta sáttatilboð, sem hér er til umr., kynnti ég ítarlega á fundi með dr. Müller að morgni 6. maí. Eftir um klukkutíma umhugsunartíma neitaði hann tilboði mínu og vildi ekki þiggja frest um svo sem viku tíma til að kynna sáttagrundvöllinn stjórn Alusuisse. Það skal alveg sérstaklega áréttað vegna villandi frásagna á opinberum vettvangi og m. a. staðhæfinga af hálfu Alusuisse í fréttatilkynningu eftir þennan fund, að dr. Müller var ekki krafinn svara þá þar á staðnum. Honum var þvert á móti boðinn rýmilegur frestur til að bera sáttagrundvöll þennan undir stjórn Alusuisse. Þann frest þáði hann ekki.

Á fundinum var rædd ítarlega krafa Íslands um hækkað raforkuverð. Niðurstaða ítarlegra umr. um þetta mál á fundinum var sú, að dr. Müller hafnaði, eins og ég hef greint hér frá, alfarið að nokkur grundvöllur væri til hækkunar raforkuverðsins nú. Í fundarlok hlaut ég því að lýsa því yfir, að fyrst Alusuisse gæti ekki eftir rúmlega 16 mánaða samningaumleitanir gefið nein ákveðin svör né komið nokkuð til móts við ítrekaðar og sanngjarnar kröfur íslenskra stjórnvalda, m. a. um hækkað raforkuverð, þyrfti að taka samskiptamálin við félagið til rækilegrar skoðunar og áskildi ég íslenskum stjórnvöldum allan rétt í því sambandi. Jafnframt tók ég allar framkonmar tillögur og sáttahugmyndir, sem fram höfðu verið lagðar af Íslands hálfu á fundunum í mars og maí 1982, út af borðinu.

Ég kynnti síðar álviðræðunefndinni það sem fram hafði farið á fundunum nokkrum dögum áður og lagði ég fram í nefndinni gögn þau sem rædd höfðu verið á þeim fundum. Ég ítrekaði þá við nefndina, að viðræðurnar við dr. Müller hefðu þann tilgang að koma samningaviðræðum aftur af stað. Ég lýsti þeirri von, að nefndin í heild kæmi inn í viðræðurnar strax og réttar aðstæður hefðu skapast. Á sama hátt gerði ég álviðræðunefndinni grein fyrir niðurstöðum af fundi mínum með dr. Müller 5. og 6. maí.

Álviðræðunefnd hefur í sumar haldið áfram störfum og verið vettvangur samráðs milli stjórnmálaflokkanna. Starf nefndarinnar hefur, auk almennrar umræðu um málið, einkum beinst að athugun á lagalegum og efnislegum forsendum þess að framkvæma endurálagningu framleiðslugjaldsins vegna áranna 1975—1979. Hefur nefndin m. a. aflað sér lögfræðiálits um þetta efni. Að tillögu nefndarinnar hafa ÍSAL nú verið framsendar lokaniðurstöður Coopers & Lybrand á yfirverði hráefna og endurskoðun á ársreikningum ÍSALs og hefur ÍSAL jafnframt verið tilkynnt að rannsóknum á verðlagningu súráls og rafskauta á umræddu tímabili sé lokið.

Eins og hér hefur verið rakið hefur Alusuisse gert allt til að torvelda skoðun á verðlagningu á aðföngum til ÍSALs og meinað alþjóðlegu endurskoðendunum Coopers & Lybrand, sem falin var endurskoðun ársreikninga ÍSALs 1980 og 1981 samkv. ákvæðum í samningi, um aðgang að nauðsynlegum bókhaldsgögnum. Þetta hefur ekki aðeins orðið til að tefja fyrir eðlilegum hraða í vinnu að þessum málum, heldur hefur iðnrn. þurft að leggja í mun meiri kostnað og fyrirhöfn en ella hefði orðið til að afla gagna og upplýsinga um fjölmörg atriði varðandi álverið, meðal annars um verðlagningu á aðföngum, söluverð á áli og fjármagnskostnað fyrirtækisins, sem er einn sá þáttur sem er langtum hærri en gerist hjá hliðstæðum fyrirtækjum. Ráðuneytið hefur í þessu skyni leitað til færustu innlendra og erlendra sérfræðinga auk endurskoðendanna Coopers & Lybrand og greitt fyrir það verulegar fjárhæðir.

Á árinu 1981 nam kostnaður vegna alls eftirlits með ÍSAL samkv. ríkisreikningi 2.8 millj. kr., en það eru um 15% af þeirri hækkun á framleiðslugjaldi sem endurskoðun ársreikninga á árinu 1980 einu saman leiddi til þegar miðað er við meðalgengi ársins 1981. Í ár verður þessi kostnaður af eftirliti með ÍSAL eflaust ekki

minni. Það skiptir því ekki litlu máli að þetta fé og fyrirhöfn skili sér til baka með beinum og óbeinum hætti, þ. e. í leiðréttum skatttekjum samkv. endurmati á framleiðslugjaldi liðinna ára og í rauninni í aukinni innsýn og þekkingu á afkomu álversins í heild og þar með getu þess til að standa undir hækkun raforkuverðs miðað við eðlilegar rekstrarforsendur og afkomu hliðstæðra fyrirtækja í öðrum löndum. Þetta síðar talda atriði skiptir miklu meira máli en menn almennt gera sér ljóst, þ. e. sú þekking á rekstri þessa fyrirtækis sem hefur margfaldast við athuganir síðustu ára og um leið forsendur réttra stjórnvalda til að veita virkt aðhald og sækja á um eðlilega arðgjöf af álverinu inn í íslenskan þjóðarbúskap.

Krafan um hækkun raforkuverðs hefur verið borin fram oft og ítrekað og hún verður áfram á dagskrá af vaxandi þunga, eins og ég mun víkja að hér á eftir. Hins vegar er endurskoðun vegna yfirverðs á aðföngum til álversins á árabilinu 1975—1979 nú að fullu lokið svo og endurskoðun ársreikninga ÍSALs 1980 og 1981 að mati álviðræðunefndar og iðnrn. Endurskoðunarfyritækið Coopers & Lybrand skilaði eftir mikið starf fyrirvaralausum niðurstöðum um þessi efni til rn. með skýrslum, sem dagsettar eru þann 7. okt. s. l., og hafa þær verið afhentar forráðamönnum Alusuisse og ÍSALs sem lokaniðurstöður þessara yfirgripsmiklu rannsókna og endurskoðunar af hálfu Coopers & Lybrand. Rétt er að vekja sérstaka athygli á að rannsóknir og endurskoðun þessa virta alþjóðlega fyrirtækis, Coopers & Lybrand, eru allt annars eðlis og unnar með öðrum hætti en álitsgerðir annarra sérfræðinga á vegum iðnrn., svo ekki sé minnst á þá aðila sem Alusuisse hefur kvatt til á sínum vegum. Coopers & Lybrand hafa vegið og metið sjónarmið beggja aðila og ekki síður hlustað á framburð Alusuisse og tekið mið af honum en þeim álitsgerðum sem rn. hefur aflað og eru traustar að okkar dómi. Coopers & Lybrand eru að okkar mati afar varfærnir í sínum niðurstöðum, enda fylgir með af þeirra hálfu að þeir séu reiðubúnir til að standa við þær fyrir hvaða dómi sem er.

En hverjar eru þá þessar niðurstöður Coopers & Lybrand og annarra sérfræðinga, sem lagt hafa mat á yfirverð Alusuisse gagnvart ÍSAL? Ég tel skylt að greina frá því á þessum vettvangi fyrst þessi mál eru komin hér til umræðu, enda varða þau efni þessarar þáltill., þ. e. skoðanaágreining Alusuisse og íslenska ríkisins, sem er eitt af þeim efnistriðum sem sérstaklega er vikið að sem verkefni fyrir þá nefnd sem þáltill. gerir ráð fyrir að kosin verði.

Að mati Coopers & Lybrand er yfirverð á aðföngum ÍSALs á tímabilinu 1975 til 1981 samtals um 315 millj. Bandaríkjadala eða um 470 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Þar af er yfirverð á súráli 17 millj. 605 þús. dollarar og á rafskautum 13 millj. 834 þús. dollarar eða í heild 31 millj. 439 þús. dollarar. Við endurskoðun á ársreikningum fyrir árið 1980 og 1981 voru reikningar ÍSALs enn fremur leiðréttir vegna afskrifta um samtals 44 millj. Bandaríkjadala eða um 66 millj. ísl. króna. Samtals hefur hagnaður ÍSALs að mati Coopers & Lybrand því verið um 35 8 millj. Bandaríkjadala meiri en bókhaldið hefur gefið til kynna, sem jafngildir á gengi 15. okt. s. l. 536 millj. ísl. króna. Ef sex ára tímabilið 1975 til 1980 er skoðað sérstaklega kemur í ljós að vantalinn hagnaður á því tímabili hjá ÍSAL nemur því sem næst sömu upphæð og allar raforkugreiðslur ÍSALs til Landsvirkjunar á sama tímabili eða 32 2 millj. Bandaríkjadala í raforkugreiðslur á móti 32 9 millj. dala í vantalinn hagnað. M. ö. o.: Íslenska álfélagið hf. hefði getað greitt helmingi hærra raforkuverð, tvöfalt hærra raforkuverð, án þess að sú hækkun hefði þurft að hafa áhrif á bókhaldslega afkomu fyrirtækisins.

Ef litið er til áranna 1975—1979 sérstaklega nam yfirverð á því tímabili samtals að mati Coopers & Lybrand 24 millj. 478 þús. Bandaríkjadölum, þ. e. fyrir súrál um 14 5 millj. dala og fyrir rafskaut um 10 millj. dala. Nokkur óvissa hefur verið talin ríkja um hvort við gætum sótt rétt okkar vegna yfirverðs á hráefnum á þessu árabili, þar eð ekki fór þá fram sérstök endurskoðun ársreikninga með alþjóðlegri endurskoðun svo sem heimilt er samkvæmt aðalsamningi og framkvæmt var fyrir næstu tvö ár á eftir, þ. e. árið 1980 og 1981. Nú liggja hins vegar fyrir traust lögfræðiálit, sem taka af tvímæli um að endurákvarða megi framleiðslugjald á Íslenska álfélagið hf. samkvæmt almennum grundvallarreglum íslenskra skattalaga, enda sýni stjórnvöld fram á að þau gögn sem ÍSAL lagði fram og upphaflega var byggt á hafi ekki verið í samræmi við ákvæði aðalsamnings, þ. á m. um að við útreikning nettóhagnaðar skuli beitt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila að því er varðar verð á t. d. aðföngum og afurðum. Eðlilegt virðist að beita almennri takmörkun varðandi liðinn tíma, þ. e. að endurákvörðun nái til skatts vegna tekna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Þannig mundi samkv. þessu vera heimilt að endurákvarða framleiðslugjald vegna ársins 1976 og vegna síðari ára, enda fari endurákvörðun skattanna fram á þessu ári. Það álit sem hér er vitnað til er samið af Benedikt Sigurjónssyni fyrrv. hæstaréttardómara og Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni fyrir álviðræðunefnd.

Ég er þeirrar skoðunar, að nú þegar lokaniðurstöður um mat á yfirverði á aðföngum ÍSALs á þessu tímabili liggur fyrir og það lögfræðilega mat, sem ég vitnaði hér til, eigi að ljúka þessu máli af hálfu íslenskra stjórnvalda með því að réttur aðili endurákvarði fyrirtækinu framleiðslugjald frá og með árinu 1976 að telja eða sex ár til baka. Þessi mál eru nú til athugunar hjá álviðræðunefnd og þess er að vænta að hún skili fljótlega um þau umsögn til rn., en að mati nefndarinnar er rannsóknum vegna yfirverðs á aðföngum á þessu tímabili nú lokið.

Ég gat þess að niðurstöður Coopers & Lybrand þættu afar varfærnar, og víst er um það, að iðnrn. hefur undir höndum gild sérfræðiálit um langtum hærra yfirverð, bæði á súráli og rafskautum, en Coopers & Lybrand hafa viljað taka til greina. Alveg sérstaklega á þetta við um yfirverð á rafskautum, sem að mati fjögurra óháðra sérfræðinga er talið vera yfir tvöfalt hærra en Coopers & Lybrand hafa ákvarðað í sinni endurskoðun. Í stað um 10 millj. dollara á árunum 1975—1979 eru þannig aðrir, eins og hið reynda verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki F.M. Engineering í Sviss, sem reikna yfirverðið á rafskautum á um 26 millj. dala. Fari svo, sem ég tel líklegt, að við endurmat framleiðslugjaldsins verði hinar varfærnu niðurstöður Coopers & Lybrand lagðar til grundvallar á sama hátt og við endurskoðun ársreikninga ÍSALs 1980 verður samt um verulegar fjárhæðir í viðbótarskatti að ræða í formi hækkaðs framleiðslugjalds. Samkvæmt lauslegu mati gætu þær upphæðir numið um 6 millj. dollara eða nálægt 90 millj. ísl. kr. fyrir árin 1976 til 1980. Eru þá ekki meðtaldir vextir eða bætur vegna

vangoldinna skatta liðinna ára. Til samanburðar má geta þess að framleiðslugjaldstekjur á öllu þessu tímabili námu 9 millj. dollara, þannig að hér er samkvæmt ofansögðu um hvorki meira né minna en um 65% hækkun á framleiðslugjaldinu að ræða.

Alusuisse hefur nú um tvennt að velja, eftir að rannsóknum og endurskoðun vegna þessa tímabils er lokið: að sætta sig við hinar velgrunduðu niðurstöður íslenskra stjórnvalda eða fara í málsókn af sinni hálfu fyrir íslenskum eða erlendum dómstóli. Tækju íslensk stjórnvöld á annað borð ákvörðun um að mæta fyrir slíkum dómstóli, sem ég skal ekkert um fullyrða á þessu stigi mála, munu ekki hinar varfærnu niðurstöður Coopers & Lybrand verða lagðar til grundvallar af okkar hálfu, heldur ýtrustu kröfur. Þar er af ýmsu að taka, eins og ég hef þegar getið um, ekki aðeins varðandi yfirverð á aðföngum heldur einnig varðandi aðra kostnaðarþætti, svo sem afskriftir og fleira svo og verðlagningu á hrááli á síðustu árum. Þótt litið sé á yfirverð rafskautanna einvörðungu mundi það samkv. hækkuðu mati nægja til að nær tvöfalda vangoldið framleiðslugjald, úr um 6 millj. dollara í nær 12 millj. dollara, fyrir þetta tímabil. Sá skoðanaágreiningur Alusuisse og íslenska ríkisins vegna samninganna um álbræðsluna í Straumsvík sem fyrstur er talinn í verkefnaskrá í þáltill. þeirra sjálfstæðismanna er því nánast til lykta leiddur af Íslands hálfu. Það atriði sem þingflokkur sjálfstæðismanna ályktaði um 20. júlí 1981 og taldi þá fyrsta skrefið, þ. e. að ljúka alhliða athugunum málsins þannig að í ljós komi hvort Íslendingar hafi orðið fyrir tjóni á skattgreiðslum eða með öðrum hætti, eins og það heitir í þessari ályktun, liggur nú einnig fyrir með ótvíræðum hætti. Það var jafnframt krafa þingflokks Sjálfstæðisflokksins að samningar um álverið yrðu haldnir í hvívetna þannig að ekki er að efa stuðning þeirra sjálfstæðismanna nú er niðurstöður liggja fyrir.

Ég minnist einnig ummæla hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar í umr. utan dagskrár um þessi mál 17. des. 1980, þar sem hann sagði m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Um þetta mál má annars segja það, að ef þær upplýsingar, sem fram eru komnar af hálfu ráðuneytisins, reyndust réttar er það bæði ánægjulegt og sorglegt. Það er ánægjulegt ef svo reynist að stóriðjusamningarnir séu miklu betri en við höfum gert okkur grein fyrir, ef hagnaðurinn af álverksmiðjunni reynist miklu meiri en við höfum fram að þessu vitað".

Þetta sagði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson þá og þetta var skynsamlega mælt af hv. þm., því að einmitt í þessu er fólgin mikilsverðasta vitneskjan og þýðingarmesta uppskeran úr þessari rannsókn, þ. e. að álverið í Straumsvík er langtum arðbærara fyrirtæki en Alusuisse hefur látið koma fram í bókhaldi sínu flest árin síðan verksmiðjan hóf rekstur og því vel í stakk búin að greiða miklu hærra raforkuverð en gert hefur verið. — Og í sömu ræðu sagði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson:

„Hitt er auðvitað hryggilegt, ef það skyldi reynast svo, að stórfyrirtæki eins og Alusuisse hefði brotið á okkur samninga. Þá er vissulega ástæða til þess, að Íslendingar sameinist um að taka hraustlega á móti. Ég lýsi því hér með yfir, að ekki skal standa á mér og ekki skal standa á neinum af þm. Sjálfstfl. að taka þátt í því, ef á daginn kemur að samningar hafi verið brotnir."

Ég veit að ég þarf ekki að brýna þennan hv. þm., svo ódeigur sem hann er að mæla fyrir rétti okkar m. a. í hafréttarmálum, og sama á eflaust við um fleiri í þessu stóra hagsmunamáli, væntanlega um alla þm. Sjálfstfl.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem innleiddi þessa umr. í Ed. 7. des. 1980, sagði við lok hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„En ég legg áherslu á, að að þessu máli verði unnið skynsamlega, og ég segi það og endurtek, að reynist hér vera um pretti að ræða verður auðvitað að taka á því sem slíku og af fyllstu hörku, en það væri líka mjög slæmt fyrir okkur ef þetta reyndist vindhögg."

Í sama streng hefur þingflokkur Alþfl. tekið í ályktunum, m. a. í júlí 1980, og hann átti drjúgan þátt í, þingflokkur Alþfl., að skapa samstöðu um meðferð málsins milli stjórnar og stjórnarandstöðu á vettvangi álviðræðunefndar um það leyti sem hún var skipuð.

Ég sný mér þá frá þessum málefnum, er varða endurskoðun á bókhaldi ÍSALs, yfir að endurskoðun samninga milli íslenskra stjórnvalda og Alusuisse, þar sem hækkun raforkuverðs hefur verið í brennidepli af hálfu íslenskra stjórnvalda þótt margt fleira komi til. Um þetta vísa ég til samþykktar ríkisstj. frá 9. des. 1980, þar sem krafist var endurskoðunar samninga um álverið, ítrekunar á þeirri samþykkt 16. júlí 1981 með nánari útfærslu á henni svo og samþykktar ríkisstj. frá 26. febr. 1982 varðandi meðferð deilumála og endurskoðun samninga við Alusuisse vegna ÍSALs. Meginkrafa ríkisstj. varðandi hækkun raforkuverðs í öllum þessum samþykktum, sem borin hefur verið fram gagnvart Alusuisse bréflega og á viðræðufundum, er um hækkun raforkuverðs frá því sem nú er, a. m. k. upp að kostnaðarverði við nýja raforkuöflun, ásamt ákvæðum um óskerta verðtryggingu.

Gífurlegt starf hefur verið unnið á vegum iðnrn. og fleiri aðila, eins og Landsvirkjunar, til að renna stoðum undir kröfur okkar um stórhækkað raforkuverð hjá álverinu. Þannig skipaði ég starfshóp í byrjun 1981 „til að afla gagna og upplýsinga fyrir ráðuneytið um atriði, er varða raforkuverð til Ísl. álfélagsins hf., eins og það verð hefur þróast, og til að taka saman grg. fyrir ráðuneytið um gögn og röksemdir, sem einkum kemur að haldi í fyrirhuguðum samningaviðræðum við Alusuisse um hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins hf." Starfshópnum var í þessu sambandi m. a. ætlað að hafa í huga þróun orkuverðs í heiminum almennt, framleiðslukostnað á raforku frá nýjum virkjunum hér á landi svo og raforkuverð í nýjum og endurskoðuðum samningum við álfyrirtæki annars staðar í heiminum. Í þennan starfshóp voru skipaðir Finnbogi Jónsson deildarstjóri í iðnrn., Gunnlaugur Jónsson deildarstjóri hjá Orkustofnun, Jóhann Már Maríusson yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun og Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins. Í júlí 1982 lá fyrir skýrsla frá þessum vösku mönnum með heitinu „Athugun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins hf." og var hún nokkru síðar send öllum hv. alþm. ásamt hliðstæðri skýrslu um skattgreiðslur Íslenska álfélagsins hf. frá öðrum starfshóp, sem í áttu sæti Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjmrn., Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi og Ragnar Árnason lektor. Báðar þessar álitsgerðir eru grundvallargögn hvor á sínu sviði. Ég geri þau hér ekki efnislega að umræðuefni, þótt freistandi væri, en vísa í meginniðurstöður starfshópsins um raforkuverð, þar sem segir:

„Að öllu samanlögðu telur starfshópurinn að gjörbreyttar forsendur frá því að raforkusamningurinn var gerður 1966 og eftir endurskoðun hans 1975 réttlæti

kröfur um að raforkuverðið til ÍSALs hækki í 15—20 mill á kwst. miðað við verðlag 1982. Starfshópurinn telur jafnframt, að orkuverðið þurfi að vera að fullu verðtryggt á samningstímanum og kæmi til greina að miða verðtrygginguna að hálfu við verðþróun á áli og að hálfu við gjaldskrá Landsvirkjunar."

Um samkeppnisstöðu Íslands í álframleiðslu er niðurstaða starfshópsins þessi:

„Samkeppnisstaða Íslands í álframleiðslu er góð með hliðsjón af legu landsins og mörkuðum austanhafs og vestan. Telja má, að samkeppnisfært raforkuverð til áliðnaðar hér á landi sé um 20 mill á kwst."

Þetta var tilvitnun í nokkrar meginniðurstöður þessa starfshóps um raforkuverð.

Þá hefur þessi athugun að geyma heildarúttekt á álsamningnum með tilliti til raforkuverðs og yfirlit um orkusölu og verðþróun hjá álverum um nær allan heim. Þar kemur m. a. fram, að vegið meðalverð til álvera í Vestur-Evrópu er nú 20.3 mill og er verðið til ÍSALs, sem er 6.5 mill, þar langlægst.

Í Bandaríkjunum er meðalraforkuverð til áliðnaðar enn hærra eða 22 mill og til álvera í heiminum að meðaltali í heild 22.3 mill og er áætlað að það verð hækki í 24 mill nálægt 1990 reiknað á sama verðlagi. Ekki vekur síður athygli, að meðalorkuverð í þeim 13 álverksmiðjum sem Alusuisse á hlutdeild í er 20 mill á kwst. og lægst hjá ÍSAL 6.5 mill, en hæst í Þýskalandi og Bandaríkjunum, þ. e. um og yfir 30 mill.

Þessi grg. starfshóps ráðuneytisins er slíkt grundvallargagn í þessu máli og sýnir svo ljóslega og ótvírætt réttmæti íslensks málstaðar varðandi kröfuna um allt að þreföldun raforkuverðs til ÍSALs að enginn sem kynnir sér hana getur verið í neinum vafa um málstað okkar. Viðbrögð við niðurstöðum skýrslunnar voru líka mjög á eina lund í fjölmiðlum sem um hana fjölluðu. „Orkuverðið er aðalmálið," sagði DV, Dagblaðið og Vísir, réttilega í yfirskrift leiðara 7. sept. s. l. „Orkuverðið verður að hækka," skrifaði ritstjóri Tímans sem fyrirsögn yfir ritstjórnargrein. Meira að segja Morgunblaðið sá sitt óvænna og kúventi myndarlega í ritstjórnargrein undir fyrirsögninni „Óhæfur iðnrh.", en þar sagði m. a.: „Eins og raforkuverðsskýrslan, sem ráðh. lagði fram í vikunni, sýnir eru öll rök því til stuðnings að orkuverðið sé hækkað í 15—20 mill." Ja, öðruvísi mér áður brá.

Þessar viðtökur voru hins vegar allar hinar ánægjulegustu því að þær sýndu svart á hvítu mikla eindrægni að baki kröfunni um stórhækkað raforkuverð með allt að þreföldun að markmiði, eins og fram hafði verið sett í samþykkt ríkisstj. m. a. í febrúar 1982 og ítrekað af mér á viðræðufundi með dr. Müller, formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, í mars og maí á þessu ári.

Iðnrn. sendi raforkuverðsskýrsluna með bréfi til Landsvirkjunar 31. ágúst s. l. og óskaði eftir umsögn um meginniðurstöður skýrslunnar og mat á áhrifum af umræddum hækkunum á fjárhagsafkomu Landsvirkjunar. Í umsögn stjórnar Landsvirkjunar, sem barst ráðuneytinu í bréfi dagsettu 30. sept. s. l., segir m. a.:

„Með samningsendurskoðuninni árið 1975 var brautin því rudd til þess að jafnan megi taka samningana við Alusuisse og ÍSAL til endurskoðunar, ef samningsforsendur breytast, og að áliti stjórnarinnar eru slíkar aðstæður nú fyrir hendi. Stjórn Landsvirkjunar er því sammála þeirri niðurstöðu skýrslunnar, að breyttar forsendur nú gefi tilefni til endurskoðunar samningsins með raforkuverðshækkun fyrir augum."

Í sérstakri grg. um rafmagnsverð til stóriðju, sem fylgdi umsögninni frá Landsvirkjun, kemur fram sú meginniðurstaða „að þegar á allt er litið virðist raunhæft að fara fram á tvö- til þreföldun á núverandi orkuverði til ÍSALs". Stjórn Landsvirkjunar leggur áherslu á ýmis fleiri atriði, sem gefa þurfi gaum, svo sem kaupskuldbindingar á orku í núverandi samningi, en hækkun raforkuverðs megi ekki verða til að veikja það ákvæði um of. Þá er bent á samkeppnisstöðu ÍSALs einnig með tilliti til núverandi kreppu í áliðnaði, og samhengi rafmagnsverðs við skatta og afhendingarskilmála rafmagns. Fram kemur það mat, að hækkun orkuverðs hjá ÍSAL hafi afgerandi áhrif á afkomu Landsvirkjunar, t. d. hækki arðgjöf fyrirtækisins úr 6—7% miðað við núverandi raforkuverð í 11—12% við hækkun raforkuverðsins í nálægt 18 mill á kwst.

Í grg. með þeirri þáltill., sem hér er til umr., segir í framhaldi af því að þar segir „Ástæða er til að gagnrýna harðlega iðnrh. fyrir meðferð á þessu máli": „Á árinu 1980" takið eftir hv. alþm. „var mjög gott tækifæri til að ná fram hækkun rafmagnsverðs. Bæði hafði orkuverð í heiminum hækkað mjög og verð á áli var mjög gott eða 2 þús. Bandaríkjadollarar á tonn og bjartsýni ríkjandi um framtíðarþróun álmarkaðarins. Þetta góða tækifæri hefur ráðh. látið sér úr greipum ganga, en álverð hefur nú lækkað niður fyrir 1 þús. Bandaríkjadollara á tonn. Líkurnar fyrir góðum árangri eru því minni en áður. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að halda áfram af meiri alvöru en gert hefur verið að ná fram verulegri hækkun rafmagnsverðs."

Áður, eða í ályktun þingflokks sjálfstæðismanna frá 20. júlí 1982, var vægar til orða tekið og aðeins um það talað að síðan, þ. e. eftir athugun á hvort Íslendingar hafa orðið fyrir tjóni á skattgreiðslum vegna yfirverðs, verði teknar upp viðræður við Alusuisse m. a. um hækkun raforkuverðs. Í bréfi Sjálfstfl. frá 5. maí s. l. er talað almennt um endurskoðun raforkuverðs og stefnumörkun sem gera þurfi um það í samvinnu við alla þingflokka. Hér eru menn þó þrátt fyrir allt á réttri leið. Síðasta áróðursklisja Morgunblaðsins í minn garð er raunar um að ég hafi hampað allt of lágu raforkuverði framan í dr. Müller í maí s. l., og þó hreyfði Alusuisse sig hvergi.

En lítum ögn til baka, nánar tiltekið til ársins 1980, en þá var mjög gott tækifæri til að ná fram hækkun raforkuverðs, segir í grg. með þáltill. nú. Hvar voru þá brýningar Sjálfstfl. í þessu máli? Voru talsmenn Geirsliðsins og höfuðpaurinn sjálfur, hv. 1. þm. Reykv., þá ekki með heitingar í minn garð um að sækja nú fast að Alusuisse til að fá fram myndarlega hækkun á raforkuverði? Maður skyldi halda það, eins og nú er talað. Það vill svo til, að einmitt á fyrri hluta þingsins, haustið 1980 frá október til desember, bar málefni álversins í Straumsvík og verðlagningu á raforku til stóriðju oft á góma hér á hv. Alþingi, m. a. í umr. um tvær þáltill. um stóriðjumál, aðra flutta af þingflokki Alþfl. og hina borna fram af Geirsliðinu samanlögðu. Þarna hljóta talsmenn stjórnarandstöðu sjálfstæðismanna að hafa vakið athygli á nauðsyn þess að hækka raforkuverðið, skyldum við ætla í ljósi þess sem nú er sagt tveimur árum síðar. Ég hef farið yfir þessar umr., þar sem ég vék ítrekað að raforkuverðinu til ÍSALs þannig að fréttnæmt þótti, og eitthvað var hv. 1. flm. þessarar till. að vitna til þeirra umr. hér áðan, og lét þar ákveðið þá skoðun í ljós að fyrr en seinna

yrði að reyna á sanngirnissjónarmið í þessu máli m. a. með tilliti til gífurlegra breytinga á orkuverði í heiminum. Hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, brást við þessum sjónarmiðum m. a. í framsöguræðu fyrir stóriðjutillögu þeirra sjálfstæðismanna með svofelldum orðum 4. des. 1980, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er álsamningurinn við Swiss-Aluminium sem var forsenda þess að unnt var að ráðast í stórvirkjun í Þjórsá.

Við höfum heyrt þann samning gagnrýndan vegna of lágs orkuverðs. Við skulum hafa í huga að um þetta orkuverð var samið áður en til orkukreppunnar kom og olíverðshækkana. En þótt svo hafi verið, þá hefur þessi samningur gert okkur það gagn, að við höfum allar götur síðan búið við langtum ódýrara rafmagn til eigin nota, Íslendingar, heldur en ef þessi samningur hefði ekki verið gerður. Og við höfum þar að auki notið góðs af rekstri álverksmiðjunnar og eftirfarandi iðnaðarrekstri."

Í sömu ræðu vitnaði formaður Sjálfstfl. stoltur í stefnuyfirlýsingu sjálfstæðismanna umorkumál fyrir síðustu kosningar, eins og það var orðað, þ. e. vetrarkosningarnar í des. 1979. Ekki er að finna í þeirri tilvitnun í ályktun Sjálfstæðisflokksins, stefnuyfirlýsingu sjálfstæðismanna um orkumál fyrir þær kosningar, orðið orkuverð, hvað þá hækkun orkuverðs til stóriðju. Þau orð er þar ekki að finna. Og svo fór fleirum hv. stjórnarandstæðingum í umr. á þeim vetri og jafnvel allt árið 1981, að hækkun orkuverðs til ÍSALs var þeim síður en svo ofarlega í huga. Það er ekki fyrr en 9. mars á þessu ári, 1982, sem hv. 1. þm. Reykv. er ögn tekinn að ranka við sér, þegar hann mælti fyrir till. svipaðri stóriðjutillögu þeirra sjálfstæðismanna haustið 1980. Þar segir hann:

„Þótt stóriðjufyrirtæki greiði nú lægra orkuverð en skyldi vegna stórhækkaðs orkuverðs á heimsmarkaði, þá er staðreynd að tekjur af orkusölu til ÍSALs borga alla Búrfellsvirkjun, miðlunarframkvæmdir í Þórisvatni, línur til borgarinnar og varastöð í Straumsvík á 20 árum. Án álversins hefði ekki verið unnt að ráðast í Búrfellsvirkjun og almenningur þurft að sæta hærra orkuverði."

„Lægra en skyldi" eru sterkustu orð formanns Sjálfstfl. um raforkuverðið til ÍSALs, og var komið fram á góu 1982 er þessi orð voru töluð. Og svo kórónaði hann málflutninginn nokkuð svipað og hv. 1. flm. þessarar þáltill. hér áðan með því að staðhæfa eina umferðina enn að almenningur hefði þurft að greiða hærra orkuverð ef álverið hefði ekki komið til. Kannske trúir hann þessu, hv. þm., þótt verðmunur á orkuverði til ÍSALs annars vegar og til almenningsveitna hins vegar hafi vaxið úr 80% í yfir 400% á þeim 13 árum sem álverið hefur verið starfrækt. Og vita ekki hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. flm. þessarar till. að kostnaður við næstu virkjun á eftir Búrfelli, Sigölduvirkjun, var á föstu verðlagi tvisvar sinnum hærri, tvöfalt hærri en kostnaður við Búrfellsvirkjun miðað við orkueiningu? Svo eru þessir hv. þm. að staðhæfa það hér, að vegna samningsins um álverið við Straumsvík greiði almenningur á Íslandi lægra raforkuverð en ella hefði verið. Ja, fyrr má nú vera forherðingin. Hvar eru reiknimeistarar þessara hv. þm.? Ætli það væri ekki rétt að þeir færu að draga fram tölvur á nýjan leik?

Hv. 1. flm. þessarar þáltill., Birgir Ísl. Gunnarsson, hefur verið næstötulasti verjandi álsamningsins hér á hv. Alþingi undanfarin ár. Hækkun raforkuverðs til ÍSALs var ekki á dagskrá hjá þessum stjórnarmanni í Landsvirkjun á árinu 1980 og ég held varla heldur á árinu 1981. Mér er ekki kunnugt um að hann hafi minnst á það einu orði á þessu tímabili. Kannske vill hann vitna til þeirra. Það er ekki fyrr en kom fram á þetta ár að hann steig yfir þröskuldinn og tók loks undir kröfur ríkisstj. um nauðsynina á hækkun á orkuverði til ÍSALs. En í grg. með till. sinni leyfir hann sér samt að segja, eins og hér hefur oft verið vitnað til: „Á árinu 1980 var mjög gott tækifæri til að ná fram hækkun rafmagnsverðs." Margt mega menn aumlegt sjá hér á hv. Alþingi — já, og heyra.

En þeir eiga að njóta sannmælis sem það eiga skilið. Í þagnarkór stjórnarandstöðunnar um orkuverð til ÍSALs á árinu 1980 skar sig úr ein rödd. Það var Árni Gunnarsson, hv. 6. þm. Norðurl. e., sem sagði í umr. um stóriðjutill. þeirra Alþfl.-manna 30. okt. 1980:

„En ég skal taka undir það og undirstrika hvar og hvenær sem er, að það er þjóðinni til háborinnar skammar hvernig háttað er raforkusölu til álverksmiðjunnar."

Síðar hafa ýmsir hv. þm. Alþfl. og þingflokkur þeirra í heild tekið rösklega undir kröfur um hækkun raforkuverðs til ÍSALs.

Herra forseti. Nú er þjóðin sameinuð að baki kröfunni um stórhækkað raforkuverð til Íslenska álfélagsins. Það eru mikil og góð umskipti og þau hafa fyrst og fremst orðið á þessu ári, á síðustu tveimur mánuðum liggur mér við að segja, hjá hv. þm. í stjórnarandstöðuliði Sjálfstfl. Ég fagna þessum sinnaskiptum. Þessa kröfu hefur ríkisstj. hins vegar borið fram gagnvart Alusuisse um nær tveggja ára skeið, en án jákvæðra viðbragða af hálfu Alusuisse. Á síðasta viðræðufundi mínum með formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, dr. Müller, þann 6. maí s. l., var látið á það reyna til hins ítrasta hvort Alusuisse væri fáanlegt til að sýna jákvæð viðbrögð gagnvart sanngirniskröfum íslenskra stjórnvalda um hækkun raforkuverðs til álversins. En við það var ekki komandi og ekki var léð einu sinni máls á hækkun raforkuverðs af hálfu fulltrúa Alusuisse á neinn hátt, eins og ég greindi hv. Alþingi frá að fundinum loknum samdægurs 6. maí.

Við höfum sýnt mikið langlundargeð í þessu máli, Íslendingar, gagnvart stífni og neitun við sanngirniskröfum okkar af hálfu Alusuisse. Þegar það lá fyrir skýrt og ótvírætt í maí s. l. vor, að Alusuisse væri ófáanlegt til að fallast á hækkun raforkuverðs og að taka upp viðræður um endurskoðun samninga að öðru leyti lýsti ég því yfir að allar tillögur íslenskra stjórnvalda til að leita lausnar á þessari deilu væru dregnar til baka og að tilgangslaust væri að halda slíkum viðræðum áfram nema breyting yrði á afstöðu gagnaðilans, þ. e. Alusuisse. Ég kvaðst mundu gera ríkisstj. og forustumönnum stjórnarandstöðunnar grein fyrir þessari stöðu mála og íslensk stjórnvöld hlytu að taka öll samskiptamál sín við Alusuisse til gagngerðrar endurskoðunar.

Frá þessum tíma hefur ekkert komið fram frá hálfu Alusuisse, er gefi til kynna breytta afstöðu af þeirra hálfu, og þeir hafa aldrei haft samband við iðnrn. um þessi mál frá fundinum í maí að telja. Af hálfu iðnrn. hefur hins vegar mikið verið unnið til að undirbúa næstu skref. Endurskoðun vegna reikningsskila og yfirverðs hjá ÍSAL á undanförnum árum er lokið og staða okkar með tilliti til að sækja rétt okkar gagnvart Alusuisse varðandi hækkun raforkuverðs með einhliða aðgerðum, ef þeir ekki fást til sanngjarnra samninga, hefur verið til gaumgæfilegrar athugunar, m. a. lögfræðilegrar og þá út frá íslenskri löggjöf og þróun í alþjóðarétti. Þessi at-

hugun er sjálfsögð eins og málinu er háttað og hún byggir á samþykkt ríkisstj. frá 26. febr. s. l., þar sem segir m. a., að ef ekki reynist unnt að fá samþykki Alusuisse til að hefja án tafar viðræður á þeim grundvelli sem ríkisstj. þá samþykkti áskilji íslenska ríkisstj. sér allan rétt til að fara eigin leiðir til þess að ná fram nauðsynlegum breytingum á gildandi samningi.

Varðandi raforkuverðið er það lágmarkskrafa okkar að fá greitt a. m. k. framleiðslukostnaðarverð frá þeim virkjunum sem ákveðið er að reisa á næstu árum. Það er um þreföldun á því verði sem ÍSAL nú greiðir. Við getum eflaust unað því að ná því marki í einhverjum áföngum á stuttum tíma og höfum verið reiðubúnir til að taka nokkurt tillit til þeirrar kreppu sem nú ríkir á álmörkuðum. Fullt framleiðslukostnaðarverð ásamt fullri og öruggri verðtryggingu er hins vegar skilyrði af okkar hálfu varðandi samninga til frambúðar og það verð hefur verið talið liggja á bilinu 18—22 mill á kwst. miðað við verðlag á miðju yfirstandandi ári. Um þetta erum við reiðubúnir að semja. En vilji Alusuisse ekki lúta slíku nú fremur en hingað til, heldur sýna okkur áfram hrútshornin, er okkur skylt að sækja rétt okkar eftir þeim leiðum sem fullvalda ríki eru tiltæk. Tíminn til samninga er að renna út. Einhliða aðgerðir hljóta að verða á dagskrá fyrr en varir.

Herra forseti. Um fyrirliggjandi þáltill. þarf ég fáu að bæta við það sem hér hefur komið fram. Hún er greinilega flutt af fljótfærni og pólitísku ofurkappi. Hún er til þess fallin að sundra í stað þess að sameina í hagsmunamáli sem öllu skiptir fyrir okkur að ná samstöðu um hér innanlands. Hún er að efni til, þessi þáltill., rétt eins og við værum að byrja góðlátlegar áþreifingar við Alusuisse og till. tekur ekkert tillit til þess sem á undan er gengið. Hún er til þess eins fallin að kæta málsvara auðhringsins. Með henni er boðið upp á útfærslu á starfsemi Alusuisse hérlendis á sama tíma og auðhringurinn hefur skellt skollaeyrum við sanngirniskröfum okkar. Hún gerir ráð fyrir að setja á fót nefnd á sama tíma og til staðar er vettvangur allra þingflokka þar sem fjallað hefur verið um samskiptamál okkar við Alusuisse í meira en ár.

Við hv. flm. þessarar till. vil ég segja að lokum: Gerum ekki þann óvinafagnað að auka innbyrðis sundurþykki hér á hv. Alþingi í þessu mikla hagsmunamáli þjóðarinnar. Ég er reiðubúinn til að hlýða á mál hv. stjórnarandstöðu nú sem fyrr með það í huga að halda samstöðu um málsmeðferð og lagfæra hnökra sem færð eru gild rök fyrir og sem unnt ætti að vera að sléttа úr. Ábyrgðin hlýtur hins vegar eftir sem áður að vera hjá réttu stjórnvaldi í þessu máli sem öðrum, og það er engum til góðs að drepa henni á dreif.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, lýsti hér áðan í ræðu sinni ýmsum þáttum sem við þyrfti að hafa í góðri samningagerð. Hann lýsti þeim eiginleikum og eðlisþáttum, sem góðir samningamenn þyrftu að hafa, og það var ljóst að hér talaði maður sem þekkti eins og lófana á sér snilli og leyndardóma samningatækninnar eins og henni verði best beitt. Ósjálfrátt hlaut að koma í huga manns: Er það ekki skaði fyrir íslenska þjóð að slíkir menn skuli ekki vera notaðir meira við að gera þá áríðandi og erfiðu samninga sem Íslendingar þurfa hverju sinni að gera? Hvernig stendur á því að sjálfstæðismenn fá ekki meiri umsvif og meiri áhrif í þeim samningum sem verið er að gera? Skyldi það vera svo, að sjálfstæðismenn hafi ekki haft áhrif á samningagerð fyrir íslenska þjóð á undanförnum árum? Skyldu sjálfstæðismenn ekki hafa gert slíka samninga á undanförnum árum? Ég ætla ekki að fara mörgum orðum hér um þá raunasögu, en ég vil þó nefna lítillega tvö dæmi.

Sjálfstæðismenn gerðu á sínum tíma samninga um íslensku fiskveiðilögsöguna. Þeir gerðu þann samning við Breta að íslenska fiskveiðilögsagan skyldi aldrei nokkurn tíma verða færð út fyrir 12 mílur nema með samþykki Breta eða úrskurði Alþjóðadómstólsins. Íslendingar brutu þann samning. Hvers vegna gerðu þeir það? Þeir gerðu það vegna þess að öll lífsafkoma og framtíð íslensku þjóðarinnar var í veði, hvorki meira né minna. Einfaldlega vegna þess að íslenska þjóðin gat ekki tekið áhættuna af því að standa við þann samning. Ég held að það séu fáir Íslendingar sem þora að hugsa þá hugsun til enda hvar Ísland væri statt í dag ef við hefðum haldið samning þeirra sjálfstæðismanna. Þeir menn, sem þann samning gerðu þá standa nú upp á Alþingi og vilja fá að gefa ráð um samningagerð.

Hitt dæmið, sem mér kemur í hug um reynslu og þekkingu þeirra sjálfstæðismanna í samningagerð, er sá samningur sem við deilum um nú, samningurinn um ÍSAL, um Íslenska álfélagið, samningurinn um álverksmiðju á Íslandi, samningurinn við svissneska fjölþjóðafyrirtækið Alusuisse. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þann samning heldur. Hann er þó þannig að Íslendingar fá nú orkuverð sem samsvarar 6.5 mills á orkueiningu á sama tíma og meðalverð í áliðnaði í löndunum í kringum okkur er 20 mills eða þrefalt hærra. En ekki bara það. Þessir snjöllu samningamenn, sem svo vel vita hvernig samninga skal gera, gerðu þennan samning þannig að í honum eru engin endurskoðunarákvæði. Hann gildir ekki bara með óbreyttu orkuverði til 1994. Það eru framlengingarákvæði í 20 ár í viðbót, sem eru erfið viðureignar, ef okkur tekst ekki að brjótast út úr þeim samningi á svipaðan hátt og við höfum orðið að brjótast út úr samningum sem þessir snillingar hafa gert.

Það er rétt að hér hefur staðið deila undanfarin misseri um þennan samning. Sú deila hefur annars vegar verið um það, hvort ÍSAL — og þar með Alusuisse hafi hagað verðlagningu á hráefnum og þjónustu til þessarar verksmiðju þannig að skattgreiðslur þeirra væru lægri en eðlilegt getur talist, og hins vegar um það, hvort unnt sé að fá þetta orkuverð hækkað. Ég hef nokkuð skoðað þessa samninga og ég hef nokkuð skoðað sögu þessa máls. Ég er alveg sannfærður um það, að Alusuisse hefur hagað verðlagningu á hráefni þannig, að skattgreiðslur eru hér lægri en eðlilegt gæti talist. Ég er ekki í neinum vafa um það að grunnurinn að því, að svo hefur verið unnið, eru skattalögin í Sviss. Undirstaðan undir því öllu saman er sú, að fyrirtæki greiða í Sviss miklu lægri skatta en í löndunum í kringum Sviss, allt að því helmingi lægri skatta en fyrirtækin mundu greiða í Þýskalandi og Frakklandi. Þetta verður síðan til þess að fjölmörg fjölþjóðafyrirtæki eiga heimkynni sitt í Sviss, þar sem skattgreiðslur eru lágar. Þessi fjölþjóðafyrirtæki eiga síðan dótturfyrirtæki víða um heim, ekki bara á Íslandi. Galdurinn er síðan sá, að haga verðlagningu á hráefnum og ýmissi þjónustu í gegnum móðurfyrirtækið í Sviss til þessara dótturfyrirtækja þannig, að hagnaður dótturfyrirtækjanna renni til höfuðstöðvanna í Sviss, þar sem skattgreiðslurnar eru lágar. Það er út af fyrir sig eðlilegt

að þeir, sem reka þessi fyrirtæki, vilji reyna að haga málum á þennan hátt. Arðurinn rennur þess vegna til Sviss frá fjölmörgum þessara dótturfyrirtækja út um heim. Ég held að þarna sé kominn lykillinn að galdrinum á bak við svissneska efnahagsundrið, lykillinn að galdrinum á bak við uppbyggingu svissneska bankakerfisins.

Það er enginn vafi á því, að það er mikið fjármagnsflæði til Sviss einmitt á þennan hátt. Og það hlýtur að vekja spurninguna um það, hvort hér er eingöngu um að ræða deilu milli íslenskra stjórnvalda og þess fjölþjóðafyrirtækis sem rekur hér álbræðslu, hvort ekki væri eðlilegra að taka þetta mál upp að einhverju leyti við ríkisstjórn Sviss og kvarta yfir skattlagningarákvæðum þar. Ég held að hér hljóti að vera um að ræða vandamál fleiri landa en Íslands. Ég held að hér hljóti að vera um að ræða mál sem verði að taka til umræðu á alþjóðavettvangi. Og ég held að þetta mál hljóti að vekja menn enn á ný til umhugsunar um hvað er í rauninni frjáls verslun. Frjáls verslun, er það bara niðurfelling á tollum? Nei, það er aldeilis öðru nær. Þar koma fjölmargir aðrir og miklu flóknari þættir inn. Við sjáum hvernig lönd beita ýmsum tæknilegum þröskuldum og stöðvun til þess að hamla gegn innflutningi, þó að þau í orði kveðnu virði alla þætti fríverslunarsamninga. Við sjáum hvað eftir annað hvernig ýmis lönd beita alls konar stuðningi við iðngreinar og atvinnuvegi, enda þótt þau haldi ákvæði um tollasamninga. Og einmitt inn í þetta hlýtur umræðan um skattlagningu í ýmsum löndum að koma.

Varðandi þann ágreining, sem upp hefur risið um skattlagningu ÍSAL eða Alusuisse hér á Íslandi, hefur það komið fram að endurskoðun Coopers & Lybrand alþjóða endurskoðunarfyrirtækisins er lokið. Ákvæði í samningi milli íslensku ríkisstj. og Alusuisse kveður á um að ef um ágreining er að ræða geta Íslendingar leitað til óháðs alþjóðlegs endurskoðanda, sem Alusuisse í þessu tilviki hefur samþykkt. Ég hygg að deilan um greiðslu framleiðslugjaldsins, þessa skattlagningu aftur í tímann, sé tvíþætt. Annars vegar er um að ræða lagalegan ágreining um hvort Íslendingar geti innheimt skatta svo langt aftur í tímann. Greinir menn þar sjálfsagt á. Hins vegar er um að ræða hver upphæð slíkra skatta skuli vera, hversu réttmæt endurskoðun sé að því er snertir tölurnar sjálfar. Það er enginn vafi á því að meginstoð Íslendinga í þessari endurskoðun byggir á tveimur ákvæðum. Annars vegar ákvæði í aðalsamningi um það að viðskipti ÍSALs og Alusuisse skuli fara fram sem viðskipti milli óháðra aðila, þ. e. í gildi skuli vera „arm's length pricing". Hins vegar ákvæði í aðstoðarsamningi um það að Alusuisse skuli beita sinni þekkingu og reynslu á alþjóðavettvangi á sviði álviðskipta til þess að sjá ÍSAL fyrir bestu kjörum sem um sé að ræða í þessum viðskiptum. Fyrir þetta fær Alusuisse greitt 2.2% af brúttósölu fyrirtækisins, en jafnframt 1.5% í sölulaun af nettósöluverðmæti. Þarna er því um að ræða verulegar greiðslur sem til Alusuisse fara fyrir það að sjá til þess að ÍSAL nái þessum hráefnum á bestu hugsanlegum kjörum, á góðum kjörum. Endurskoðendurnir hafa hins vegar lýst því yfir, að „arm's length pricing" eða verð milli óháðra aðila á þessum vettvangi sé ekki auðvelt að skilgreina. Þar sé nokkurs konar bil sem ríki, þ. e. verð þetta liggi á ákveðnu bili. En með tilliti til ákvæða í hjálparsamningi um bestu kjör sé eðlilegt að miða við lægra stig þessa bils. Ég er sammála iðnrh. þegar hann segir að þær tölur, sem bresku endurskoðendurnir hafa lagt fram, séu hógværar. Hitt kann að vera nokkur spurning, hvernig skuli síðan halda á málinu.

Það hefur komið hér fram að starfandi er sérstök viðræðunefnd milli iðnrn. og Alusuisse. Sú nefnd var skipuð í samráði við stjórnarandstöðuna. Sú nefnd er skipuð fulltrúum stjórnarandstöðunnar og í þeirri nefnd situr fulltrúi Sjálfstfl. Ég get tekið undir það, ég hygg að það hafi komið skýrt fram, að stjórnarandstöðunni sé fyllilega heimilt — og gæti gert það í fullu samráði — að skipta um fulltrúa í þeirri nefnd. Jafnframt hef ég skilið iðnrh. á þann veg, að hann telji eðlilegt að einhverjar breytingar geti orðið á nefndinni. Ég vil hins vegar segja það, eftir að hafa setið í þessari nefnd og tekið þátt í þeim viðræðum sem fram hafa farið, að mér þykir Alusuisse nokkuð hafa dregið fæturna í öllu þessu máli. Mér finnst framkoma Alusuisse bera þess vott, að þeir hafi ekki áhuga á að hafa frumkvæði að því að leysa þessa deilu, þeir hafi ekki áhuga á að koma með tillögur til lausnar. Og ég verð að segja það að mér finnst þeir hafa reynt að draga það að koma fram með upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir, og mér virðist þeir hafa reynt að draga þessar viðræður á langinn. Þetta er mitt mat eftir að hafa starfað í þessari nefnd og verið svona í þokkalegum tengslum við allt málið.

Vel má vera að þessi viðleitni þeirra til að draga málið sé að einhverju leyti sprottin af ósk um að núv. iðnrh. eigi ekki eftir að verða eilífur í sínu embætti og að nýr maður komi í það embætti. Mér virðist líka að málflutningur Morgunblaðsins og að sumu leyti Sjálfstfl. hafi verið þess eðlis, að hann geti hafa vakið vonir hjá þessu alþjóðafyrirtæki um einhvern ágreining meðal innlendra aðila í þessu máli. Ég ætla ekki að fella neinn dóm um það hvort svissneski álhringurinn hefur framið brot á samningum með sínu athæfi eða hvort það er sviksamlegt á einhvern hátt. Menn kann að greina á um hvort framferðið sé ámælisvert, hvort það sé gagnrýnisvert eða refsivert. Ég hygg þó að fyrirtæki eins og Alusuisse haldi um það marga stjórnarfundi hvernig haga megi málum svo að skattgreiðslur verði sem minnstar. Ég hygg að það sé venja alþjóðahringa og fjölþjóðafyrirtækja að haga verðlagningu hráefna á þann hátt sem ég hef lýst áður, í gegnum höfuðstöðvar sínar til dótturfyrirtækja, til þess að draga hagnaðinn inn til Sviss.

Þó að ég geri mér ljóst að hér er um talsvert flókið mál að ræða, þar sem ákvæði samningsins er ekki að öllu leyti skýrt um það hvernig meðhöndla skuli, þá virðist mér eftir atvikum eðlilegt, þegar nú liggja fyrir endanlegar niðurstöður endurskoðenda, sem ráðnir hafa verið til að endurskoða þessar tölur í samræmi við ákvæði samningsins, að lagt sé á ÍSAL framleiðslugjald í samræmi við þeirra niðurstöður. Eins og fram kom í máli iðnrh. telur viðræðunefndin að rannsóknum á þessari verðlagningu aftur í tímann sé lokið. Fari svo að Íslendingar leggi síðan skatt á ÍSAL í samræmi við þessar niðurstöður, þá á Alusuisse auðvitað annars vegar möguleika að óska eftir einhvers konar viðræðum, þar sem þeir skýra sitt mál, eða vísa málinu til gerðardóms í samræmi við ákvæði aðalsamnings. Upphæðir í þessu máli hafa komið hér fram. Ef ÍSAL er gert að greiða framleiðslugjald eða skatta í samræmi við þessar endurskoðuðu tölur endurskoðendanna, þá hækka skattgreiðslur þeirra um 6.2 millj. kr. Hér er um að ræða endurmat á súrálsverði, rafskautaverði og endurskoðaðar afskriftir og skattinneign. Afkoma ÍSALs mun snúast frá því að vera jákvæð

um milljónir dollara, sem hún er nú, yfir í að verða neikvæð um 1.8 millj. dollara.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en ég tek undir með þeim sem segja að áherslur í þessu máli séu á þann veg, að auðvitað eru það meginhagsmunir Íslendinga að raforkuverð verði hækkað, því að þegar horft er fram í framtíðina er þar um miklu, miklu meiri upphæðir í íslenskt þjóðarbú að ræða. Þær skattgreiðslur sem hér eru metnar gætu numið rúmum 90 millj. ísl. kr. á núverandi gengi í eitt skipti fyrir öll. Hækkun orkuverðs til samræmis við það sem gerist í löndum í kringum okkur gæti hins vegar hæglega numið 150—250 millj. ísl. kr. árlega. Ég hygg líka að stækkun álversins geti verið ákjósanlegur þáttur í orkuiðnaði Íslendinga ef vel tekst til. Það er brýn nauðsyn fyrir okkur að fá fram endurskoðun á orkuverðinu. Enda þótt samningurinn bjóði ekki upp á endurskoðun, enda þótt hann gildi til ársins 1994, með framlenginarákvæðum til 2014, vil ég ekki trúa því að Alusuisse setjist ekki að samningaborði um breytt orkuverð. Það er öllum ljóst að frá því að samningurinn var gerður eru gjörbreyttar aðstæður, gjörbreyttir tímar, gjörbreyttur heimur. Langtímasamningur í þessum skilningi getur þess vegna ekki haldist. Á alþjóðavettvangi er það algengara að langtímasamningur sem þessi haldi ekki en að hann haldi. Hagsmunir Íslendinga eru því þeir, að orkuverð verði fært til samræmis við það sem gildir í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, jafnframt því sem inn í samninginn komi verðbótaákvæði miðað við framtíðina.

Ég vil sérstaklega minna á að þegar samningurinn var gerður höfðu Íslendingar ekki þau fríðindi gagnvart tollum á innfluttu áli til Efnahagsbandalagsins sem nú gilda. Ef samkeppnisaðstaða ÍSALs er athuguð koma mörg atriði til greina. Ef athugað er hversu hátt orkuverð þeir geta greitt er það ekki bara flutningskostnaður til landsins og orkuverð sem máli skiptir, heldur einnig tollar inn á markaðssvæðið. Til hækkunar hlýtur því að koma. Og ég ítreka það að ég vil ekki trúa því, að svissneska fyrirtækið setjist ekki að samningaborði við Íslendinga og semji um eðlilegt orkuverð, slíkt stórmál sem það er fyrir íslensku þjóðina. En fáist það ekki til að setjast að slíku samningaborði, vil ég ekki útiloka þann möguleika að Íslendingar hækki orkuverðið einhliða, þó að ég voni að til slíks þurfi ekki að koma. Jafnframt verður í þessum samningi að endurskoða skattformið. Það verður að endurskoða ákvæði um skattgreiðslur, endurskoða ákvæðið um framleiðslugjald með það fyrir augum að skattgreiðslur verði óháðari nettóhagnaði fyrirtækisins. Með þeim hætti eru minni líkur á slíkum deilum í framtíðinni sem hér hafa nú risið um fortíðina.

Við endurskoðun samningsins hljóta að koma til umræðu ákvæði um meiri áhrif íslensku stjórnarinnar á stjórn ÍSALs, ákvæði um eignaraðild Íslendinga að þessu fyrirtæki. Og ég tel alveg sjálfsagt að semja um stækkun á fyrirtækinu með aðild þriðja aðila. Í slíkum samningum hljóta að koma upp umræður um byggingu rafskautaverksmiðju hér á landi. Slík verksmiðja gæti verið þarfur viðbótarþáttur í atvinnulíf Íslendinga, þó að hún sé í eðli sínu e. t. v. ekki orkufrekur iðnaður, nýti ekki nema u. þ. b. 60 kwst. á tonn af framleiddum rafskautum. En umfram allt hljótum við í þeim viðræðum, sem fram verða að fara og það innan tíðar, að leggja áherslu á það að inn í samninginn komi endurskoðunarákvæði. Við höfum orðið áþreifanlega vitni að því og fórnarlömb þess hversu hratt aðstæður breytast í heiminum um þessar mundir. Flest bendir til að sá hraði verði ennþá meiri á komandi árum. Það er því algjörlega óumflýjanlegt að inn í samninginn komi endurskoðunarákvæði, ákvæði um umræður og endurskoðun með ákveðnu millibili.

Staðan er nú sú, að mat á þessum viðskiptum aftur í tímann liggur fyrir, rannsóknum aftur í tímann á reikningum ÍSALs er lokið af hálfu hinna alþjóðlegu endurskoðenda og viðræðunefnd telur að þar með sé þeirri rannsókn lokið. Fram undan eru hins vegar verulegar viðræður um framtíðina.

Ég harma að vissu leyti að þessi till. þeirra sjálfstæðismanna skyldi koma hér fram nú. Ég óttast að tillöguflutningurinn sé að vissu leyti pólitík, pólitík sem miði að því að koma höggi á iðnrh. fyrst og fremst, deila á hann fyrir frammistöðu hans í málinu. Það má vel vera að margt megi að hans málflutningi finna. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni hér. En hitt er óneitanlegt, að út á við er nauðsynlegt að Íslendingar sýni sem mesta samstöðu í þessu máli. Ég tel það óheppilegt að umræður hér snúist að verulegu leyti á þann veg að skilja megi það sem ágreining meðal Íslendinga um hvernig halda skuli á málinu. Ég tel það óheppilegt að hv. 6. þm. Reykv. skuli lýsa því hér yfir í ræðustól að sennilega hafi iðnrh. aldrei ætlað sér að ná samningum í þessu máli. Það hlýtur að veikja aðstöðu okkar út á við. Telji sjálfstæðismenn að iðnrh. hafi haldið of pólitískt á þessu máli og með hagsmuni eigin flokks um of fyrir augum, þá hafa þeir sjálfir fallið í sömu gryfju með þessum tillöguflutningi. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. Ég vil hins vegar segja það að óski stjórnarandstaðan eftir breytingum á viðræðunefndinni, sem með þessi mál fer, skal ég reyna að leggja mitt af mörkum til þess að eðlilegar breytingar geti orðið á nefndinni. Ég hygg að unnt sé að ná samstöðu um það og að stjórnarandstaðan fái að koma sínum viðhorfum á framfæri og hafa þau áhrif sem eðlilegt getur talist í framgöngu þessa máls.

Umr. frestað.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 41). — Frh. 1. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Því miður átti ég þess ekki kost að vera viðstaddur hér í deild þegar mælt var fyrir því frv. sem hér er til umr., 41. máli. Enda þótt umr. hafi verið haldið opinni, þá vonast ég til þess að menn ætlist ekki til að ég haldi hér einhverja tímamótaræðu í málinu. (Gripið fram í.) Það hefur ekki verið rétt með farið, það leiðréttist þá hér með í upphafi máls míns.

Eins og fram hefur komið hefur þetta mál verið flutt áður og oftsinnis raunar, en ekki fengið þann hljómgrunn sem til hefur verið ætlast vafalaust af hv. flm. Ég vil ekki draga neina dul á það, að mér þykja fóstureyðingar vera orðnar nokkuð margar á ári hverju. Hins vegar vil ég benda á að þeim hefur líklega ekki fjölgað frá 1979. Á því herrans ári hygg ég að þær hafi orðið 563 eða þar um bil, ég man þessar tölur ekki nákvæmlega, en ef ég veit rétt örlítið færri á síðasta ári. Þessar tölur segja kannske ekki mjög mikið og ég hef ætíð varað við of ríkum samanburði á þeim og fjölda fóstureyðinga fyrir árið 1975, ekki síst þegar hugað er að því að þá fór fjöldi kvenna utan til þess að láta framkvæma slíkar aðgerðir. Jafnframt geri ég ráð fyrir, og veit það raunar, að slíkar aðgerðir voru framkvæmdar hér bak við tjöldin, ef svo má að orði komast, þó að ég sé ekki að væna neinn um eitt eða annað. Þessar tölur, sem tíundaðar eru, eru því að mínum dómi ekki raunveruleg aukning.

Ég vil á þessu stigi vara fremur við því að fella einhliða niður umrætt ákvæði úr þeim lögum sem nú eru í gildi, þ. e. að fóstureyðingar séu heimilar af félagslegum ástæðum. Ég fer ekki í því sambandi að tína til hin fjölmörgu atriði sem þar getur þurft að vega og meta. Það er t. d. síðasti liðurinn í þeirri upptalningu sem tíundað er í lögunum, 9. gr., „annarra ástæðna séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður". Í lögunum er þetta ekki skilgreint nánar. Án þess að ég fari út í það sjálfur, þá held ég að allir menn viti það, að ýmsar aðstæður geta legið til grundvallar því að heppilegra sé að koma í veg fyrir lífmyndun, eins og ég vil að orði komast, því að eyðing fósturs fyrir 12. viku er að dómi læknisfræðinnar ekki morð, og ég vil í lengstu lög halda mig við það.

Erindi mitt í þennan ræðustól var fyrst og fremst að lýsa því yfir, að ég vil beita mér fyrir því sem formaður heilbr.- og trn. að nefndin reyni, eftir því sem tök eru á, að kynna sér í samtölum við ýmsar heilbrigðisstéttir, sem hafa haft með framkvæmd þessara mála að gera, eða þá með bréfaskriftum hvernig hin raunverulega framkvæmd er á grundvelli þessara laga, hvort það geti verið að í framkvæmdinni sé nokkuð frjálslega með efni farið, ef ég má svo að orði komast. Ég vil sem sagt leggja mitt af mörkum til þess að slík athugun geti farið fram. Nú er ekkert hægt að segja um það fyrir fram hvað út úr því kemur, en mér finnst nokkuð glannalegt að ganga til lagabreytingar án þess að slík athugun fari fram, svo sem hér er gert ráð fyrir með því frv. sem er til umr.

Ég held að ég hafi ekki um þetta fleiri orð. Ég veit að hv. 1. flm., 4. þm. Vestf., er mjög fús til að veita okkur í heilbr.- og trn. þær upplýsingar og þau ráð sem að gagni mega koma í þeirri vinnu sem ég hef heitið að hafa forgöngu fyrir í heilbr.- og trn.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég verð að segja að ég varð heldur fyrir vonbrigðum með þessa ræðu hv. 3. þm. Vesturl. og kannske þeim mun fremur þar sem ég mun hafa borið einhverja ábyrgð á því að hann gat komið með þetta framlag hér. Ég verð að segja að það vakti þá ekki fyrir mér að það skipti máli hvort hann mælti með frv. eða móti. Ég gerði það sem ég taldi skyldu mína, að una því ekki að umr. væri lokið án hans innleggs.

Hv. þm. sagði að fóstureyðingar væru nú orðnar „nokkuð margar", eins og hann tók til orða. Það er ekki mikið sagt, þegar það liggur fyrir að fóstureyðingar hafa margfaldast frá því að núgildandi lög voru sett. Það fer eftir því hvað menn eru ánægðir með það ástand og þá þróun. Ef menn hafa lítið við þá þróun að athuga má kannske segja að þær séu „nokkuð margar", en ef menn hafa mikið við þá þróun að athuga þykir mér þetta ekki nægilega sterkt kveðið að orði.

Hv. þm. varar við samanburði á fjölda fóstureyðinga eftir að lögin frá 1975 voru sett miðað við það sem var áður. Alltaf er varað við. Og hvers vegna? Áður en lögin 1975 voru sett voru framkvæmdar svo margar fóstureyðingar hjá íslenskum konum erlendis. Ég hef nú heyrt þetta. En hvernig stendur á því að menn eru að segja þetta árið eftir ár? Þó er vitað að þetta eru hreinustu ýkjur og staðleysur, að þetta hefur engin veruleg áhrif haft. Ég hef áður getið þess hér í umr., að samkv. heilbrigðisskýrslum Breta fyrir árið 1974 kemur fram að það hefur verið eytt fóstri fyrir 23 íslenskar konur á því ári. Og það er vitað að íslenskar konur fóru einkum til London í þessum tilgangi. Eru menn svo að segja að þetta hafi einhver afgerandi áhrif þegar fóstureyðingar eru komnar upp í 550 á ári? Ætli það sé ekki eitthvað um fóstureyðingar erlendis jafnvel eftir að lögin frá 1975 voru sett? Það segja mér kunnugir að muni vera. Ég segi ekki margar, en kannske áþekkar og áður, vegna þess að þó að þessi aðgerð, fóstureyðing, sé heimil á Íslandi er ekki víst að allar konur kæri sig um að láta framkvæma hana hér og þarf ekki að skýra það frekar.

Ég undrast að menn skuli hafa þá kokhreysti að halda því fram að það sé ekkert að marka þann samanburð sem gerður verður á fjölda fóstureyðinga eftir 1975 og fyrir 1975. Það er algerlega að skella skollaeyrunum við staðreyndum. Og að láta það út úr sér, eins og hv. 3. þm. Vesturl. gerði, að þessar tölur, sem liggja fyrir um fóstureyðingar, séu ekki raunveruleg aukning, eins og hann orðaði það, það getur ekki staðist. Ég veit að hv. 3. þm. Vesturl. athugar nánar þetta mál og þá hvarflar ekki að mér annað en hann vilji heldur hafa það sem sannara reynist.

Hv. þm. varar við því að fella niður félagslegar ástæður sem heimild fyrir fóstureyðingum. Það er einmitt um það sem ágreiningurinn stendur. Þeir sem vilja breyta um og vilja ekki sætta sig við það hörmulega ástand sem er í þessum málum gera sér grein fyrir að þetta hörmulega ástand, sem er í dag, og sú breyting, sem hefur orðið frá því að núgildandi lög voru sett, er eingöngu vegna þess ákvæðis laganna að heimila fóstureyðingar af félags-

legum ástæðum. Ef mönnum er alvara um að gera eitthvað í þessu efni, hvers vegna á þá ekki að ráðast að vandanum þar sem hann er, að orsökunum fyrir vandanum, en það er einmitt það ákvæði laganna að heimila fóstureyðingar af félagslegum ástæðum?

Hv. 3. þm. Vesturl. var að tala um að það ætti að koma í veg fyrir lífmyndun og fóstureyðing væri ekki morð. Ég hef ekki notað það orð í þessu sambandi og ég veit ekki hvað kemur til að hv. þm. er að innleiða það hér. En til voru þó þau lög, að þegar barnaútburður var leyfður var hann löglegur því einungis að barnið hefði ekki neytt fæðu eftir fæðingu. En ef barnið hafði neytt fæðu, þá var útburður morð. Jafnvel í þá daga gat sá verknaður sem hér var um að ræða verið morð og varðað við lög sem morð. Ég skal ekkert fara frekar út í þetta mál, en það er kaldhæðnislegt að það skuli enn gilda sama regla og var samkv. Grágás, að það færi eftir því hvað líf væri langt fram gengið hvort um morð var að ræða eða ekki. Það verður að líta svo á að svo sé líka í dag, því að það fer eftir því hvað lífið er langt fram gengið hvort það er heimilt að tortíma því samkv. lögum eða ekki.

Hv. 3. þm. Vesturl. lagði mikla áherslu á að það þyrfti að kanna þessi mál og hann notaði þau orð, að það væri nokkuð glannalegt að breyta núgildandi lögum til þrengingar á heimild til fóstureyðinga nema málið væri kannað. Hvað er hægt lengi, þing eftir þing, að vera með tal um að það þurfi að kanna og tefja málið, jafnvel svo að það fái ekki þinglega afgreiðslu? Þó liggja fyrir allar helstu staðreyndir um þessi mál. Þær liggja fyrir í skýrslum, bæði hvað fóstureyðingar hafa verið margar, af hvaða orsökum þær hafa verið á hverju ári og líka hvernig framkvæmd laganna hefur verið. Ég lýsti því nokkuð hér fyrr í umr. og fullyrti það, sem ég geri nú, að fóstureyðingar á Íslandi væru í framkvæmd þannig að þær væru frjálsar eða nær frjálsar. Ég skýrði þetta nánar hér fyrr í umr. og skal ekki endurtaka það.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagðist vita að ég væri mjög fús til að veita upplýsingar og ráð í þessu máli þegar til kasta heilbr.- og trn. kæmi, sem fær þetta mál til umfjöllunar og hann er formaður fyrir. Ég lít svo á, að formaður heilbr.- og trn. óski með þessum orðum eftir að ég fari að túlka málið fyrir n. Ég skal sannarlega gera það. Ég trúi því líka, að þessi mæti þm., hv. 3. þm. Vesturl., hafi þá viðsýni til að bera að hann muni taka til greina allar upplýsingar og ráð sem til bóta geta horft í því ófremdarástandi sem er í þessum málum og allir eru sammála um. Ég hef litið svo á, að þessi mæti þm., sem ég hef sérstakt traust á, hv. 3. þm. Vesturl., væri mér sammála um það. Ég vil því vænta þess, að svo fari að okkur takist öllum í sameiningu að afgreiða þetta mál svo að þessi hv. þd. hafi sóma af og svo að leitast sé við að bæta það hörmulega ástand sem við blasir í fóstureyðingarmálum.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Mér þykir leitt hafi ég valdið hv. 4. þm. Vestf. vonbrigðum með orðum mínum. Það var ekki beinlínis ætlunin. Við höfum iðulega rætt um þessi mál og vitum nokkurn veginn hvor annars hug til þeirra.

Hv. 4. þm. Vestf. talaði um að hafa skyldi það sem sannara reynist. Ég er honum alveg sammála í því. Þess vegna og ekki síst þess vegna hef ég lagt til þá starfsreglu, og vonast til þess að fleiri fylgi henni í heilbr.- og trn., að við stofnum til þess að hafa samband við framkvæmdaaðila þessara laga. Ég fékk reyndar að heyra það af niðurlagi ræðu hv. þm. að hann er alls ekki á móti þeirri málsmeðferð sem ég lagði hér til. — Ég stóð kannske upp fyrst og fremst vegna þess að mér þótti heldur mikill þjóstur í hans máli hér og átti ekki von á því að hann tæki orðum mínum eins og raun bar vitni. En við niðurlag ræðunnar lagaðist þetta nokkuð.

Hv. þm. sagði að fóstureyðingar væru í raun frjálsar hér á landi. (**ÞK:** Ég sagði að ég hefði sagt að þær væru ævinlega frjálsar eða svo gott sem.) Svo gott sem. Sé það og komi það í ljós á grundvelli þeirrar athugunar sem við stöndum vonandi saman um að gera í heilbr.- og trn., þá er ekki farið að lögum, það er alveg greinilegt, og ég vil fá úr því skorið. — En ekki meira um þetta mál á þessu stigi.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Til þess að enginn misskilningur verði:

Ég gat þess áðan að ég hefði skýrt nánar hvað ég hefði átt við þegar ég hefði sagt að fóstureyðingar væru frjálsar eða svo gott sem frjálsar. Þá átti ég við fóstureyðingar sem framkvæmdar eru þegar fóstur er innan við 12 vikna gamalt. Ég skýrði þetta mál og ég vil að þetta komi hér fram.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði svo, að ef þetta væri svona væri lögunum ekki framfylgt. Það má orða það svo. En þegar lögin voru samþykkt var ágreiningur um hvað heimildir til fóstureyðinga ættu að vera rúmar. Sumir vildu hafa þær algerlega frjálsar eins og við þekkjum. En þegar þetta frv. var á lokastigi sagði oddviti þeirra sem harðast stóðu fyrir frjálsum fóstureyðingum og fyrrv. heilbr.- og trmrh.: „Þó að lögin verði ekki eins og ég óskaði, þá eru þau þess eðlis, að fóstureyðingar verða í framkvæmd frjálsar.“ Þetta geta menn séð í Alþingistíðindunum, en ég hef ekki blaðsíðutalið hér til þess að vitna í. — Ég vildi aðeins að þessar upplýsingar kæmu fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf dags. 28. okt. 1982:

„Vegna utanfarar í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis leyfi ég mér að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Níels Á. Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Stefán Valgeirsson,
2. þm. Norðurl. e.“

Níels Á. Lund hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Þarfnast kjörbréf hans því ekki rannsóknar. Ég býð hann velkominn til starfa.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 28). — Frh. 1. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sjálfu sér eru það ekki mörg atriði sem þarf að fara orðum um eftir þær umr. sem hér urðu síðast þegar mál þetta var á dagskrá. Þó eru nokkur atriði, sem ég tel nauðsynlegt að við íhugum nokkru nánar, og þá kannske sérstaklega vegna þeirra skoðana, sem komu frá hv. þm. Vestfjarðakjördæmis, og væri þó kannske nóg að geta aðeins um þau orð sem einn þeirra lét falla, hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson.

Ég hef sjaldan heyrt aðra eins vitleysu og kom fram í máli hans varðandi það vandamál sem hér er til umr. Og þegar hv. þm. fer að bjóða okkur upp á þær skoðanir sínar, að mál eins og þetta megi gjarnan fara til afgreiðslu í fjvn. Alþingis vegna þess að þar tíðkast ekki kjördæmapot, þá geta nú dottið dauðar lýs af mönnum sem hafa slíkt hjá sér.

En hv. þm. sagði meira. Hann sagði að með þessum skatti, sem innheimtur væri til Framkvæmdasjóðs aldraðra, væri verið óbeint að vinna að því að flytja aldrað fólk nauðungarflutningi hingað, þar sem verið er að byggja hjúkrunarheimili og aðstöðu fyrir sjúkt gamalt fólk hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er eins og hv. þm. hafi ekki gert sér neina grein fyrir því, að með því sem verið er að byggja er verið að leysa vanda sem þegar er fyrir hendi. Þetta fólk var þegar komið hingað og ef það sjálft og aðstandendur þess hafa talið sig þurfa að flytja hingað, á þetta svæði, þá hefur það ekki verið vegna þeirra framkvæmda sem eru unnar á vegum Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þetta er mikill misskilningur. Það sem er verið að gera hér er að verið er að reyna að leysa úr ekki aðeins vandamáli heldur neyðarástandi. Ég stóð satt að segja í þeirri meiningu, þegar þetta mál fékkst fram með samþykki þm. úr öllum þingflokkum, að menn hefðu gert sér grein fyrir þessu, að þeir hefðu skilið þau neyðaróp sem komu hér af höfuðborgarsvæðinu, ekki aðeins í tugatali heldur í hundraða- og jafnvel þúsundatali, að þeir hefðu rétt upp höndina með því að þessi leið yrði farin vegna þess að þeir skildu að hér var neyðarástand ríkjandi. Og ég get bent þessum hv. þm. á það, að þeir sem búa við þetta neyðarástand ennþá eru ekki aðeins þeir sem eru innfæddir Reykvíkingar eða hafa búið hér um áratuga skeið. Það eru líka þeir sem koma utan af landi. Við getum hins vegar ætt svo lengi sem okkur lystir: Af hverju kemur þetta fólk utan af landi? Af hverju hefur það flust hingað? Ef maður vildi fara í ómerkilegt orðaskak við þennan hv. þm., þá gæti maður sagt sem svo: Jú, Reykjavík er á suðlægari breiddargráðu en Ísafjörður og kjördæmi þessa hv. þm. allt. En það er náttúrlega ekki vegna þess. Vissulega hefur verið hægt að fá betri þjónustu fyrir aldraða hér á þessu svæði en á mörgum stöðum úti um land, m. a. læknisþjónustu, húsnæði og annað. En við skulum ekki gleyma því, að þar sem spítalar eru hafa þeir verið notaðir um allt land fyrir gamalt fólk og vegið á móti því sem við höfum verið að glíma við hér. Við höfum orðið að byggja yfir gamla fólkið fyrir utan okkar spítalastofnanir eftir að farið var að ýta gamla fólkinu þaðan út á jafn harðneskjulegan hátt og við þekkjum til hér í Reykjavík.

Hins vegar hefur aldrei staðið á þeim sem hér hafa byggt í Reykjavík að taka við því gamla fólki sem hefur óskað eftir vistun hér. Ef hv. þm. vill halda því fram, þá er það alrangt. Nei, það sem er verið að gera hér er að ráða fram úr vandamáli. Það er verið að leggja línur um það hvernig við getum brugðist við þessum vanda um allt land, og það er ekkert óeðlilegt þó að kjördæmi þessa hv. þm. sé látið bíða þegar við höfum það í huga, að það er ekkert fyrirhugað um að byggja neinar hjúkrunardeildir yfir aldrað fólk þar.

Vel má vera að þeir hugsi sér það, Vestfirðingar, að geyma sitt aldraða fólk, ef ég má orða það svo, eða skapa því aðstöðu innan veggja hins glæsilega spítala, sem þeir hafa reist nokkuð við vöxt og er í byggingu á Ísafirði. Hins vegar eru þeir með á áætlun hjá sér að byggja húsnæði, sem ég tel að samkv. skilgreiningu laganna muni falla undir það sem heitir húsnæði fyrir aldraða. Ábending hv. þm. Ólafs Þórðarsonar er því réttmæt. Eins og allir geta séð ef þeir skoða IV. kafla, 17. grein, þá vantar þar í fyrirsögn kaflans. Þar ætti að standa: „Húsnæði og dvalarstofnanir fyrir aldraða" samkv. þeirri skilgreiningu á húsnæði fyrir aldraða sem kemur fram í 1. tölul. A. og B. 17. gr. Það fer ekkert milli mála að það húsnæði fyrir aldraða, sem þar er skilgreint, á að njóta þeirrar fyrirgreiðslu sem Framkvæmdasjóður aldraðra getur um.

Þetta held ég að allir geti skilið. Hitt skilja menn kannske ekki, að það hefur orðið að skera niður nokkuð af því sem ætlað var að gera, ekki aðeins á yfirstandandi ári heldur og á næsta ári líka. Það sem hefur skeð er m. a. það, að í stað 20 millj. kr. tekna, sem ætlað var að mundu koma í sjóðinn af skattheimtunni á þessu ári, lítur út fyrir að sú tala verði miklu minni og muni ekki verða nema um 16 millj. Þess vegna hefur því miður orðið að ganga á það framlag og þá hjálp, sem átti að koma til við byggingu B-álmu Borgarspítalans, sem á að verða öldrunarsjúkrahús, á að verða spítali fyrir aldrað fólk, sem við þurfum geysilega mikið á að halda, ekki aðeins til þess að þjónusta gamalt veikt fólk í Reykjavík heldur víðar að, eins og Borgarspítalinn hefur reyndar gert frá því hann tók til starfa.

Ég hef í sjálfu sér ekki, herra forseti, miklu við að bæta það sem ég sagði hér við 1. umr. fram yfir það sem ég hef þegar sagt. Ég hef lýst því yfir að ég styðji frv. eins og það er, hef þó áskilið mér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en ég er fylgjandi því að meginefni til. Það eru vissar leiðréttingar og lagfæringar sem þarf að gera. Ég hef í þessari umr. bent á eina. Það hafa verið sendar inn ábendingar um breytingar á frv. Sumar þeirra eiga fullan rétt á sér, aðrar ekki, eins og gengur. Það er ennþá mikill misskilningur uppi um þetta frv. Ég tel að það dragi mikið úr miðstýringu, sem hefur verið uppi í þessum málum og hefur verið ætlað að hafa í þessum málum. Það hefur verið flutt bæði til sveitarfélaganna sjálfra og sjálfseignarstofnananna meira frelsi en þau hafa búið við til þessa, þannig að sá ótti manna bæði hér í Reykjavík og annars staðar, að verið sé að þoka málum frekar í miðstýringarátt heldur en verið hefur, er á misskilningi byggður. En öllum hlýtur að vera ljóst að einhvers staðar þarf að vera saman kominn einhver toppur, sem gerir áætlanir um hvar og hvernig því fé sé best varið sem fer til umráða í sambandi við úrlausn þessara mála.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við umr. um þetta mál s. l. miðvikudag, en ég vil láta í ljós sérstaka ánægju mína með að þetta frv.

skuli nú vera fram lagt og það snemma að auðvelt ætti að vera fyrir þingið að afgreiða það.

Ég vil ekki hér nú ræða efnisatriði frv. Bæði er að ég fylgdist ekki með umr. um það s. l. miðvikudag, en ég hef fylgst með málinu allt frá fyrstu tíð, frá aðdraganda þess vorið 1979, og svo hitt, að ég á sæti í heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar og mun fjalla um málið þar.

Ég hef nokkrar athugasemdir að gera við frv., aðallega að því er varðar stjórnun þessara mála og þátt sveitarfélaganna í því öllu saman, en þær athugasemdir mun ég gera í heilbr.- og trn.

Ég vil bara endurtaka ánægju mína með að þetta mál skuli vera fram komið og mun gera mitt til þess að flýta afgreiðslu þess hér á hinu háa Alþingi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa hér upp hverjir sóttu um og hverjir fengu úthlutað úr umræddum sjóði, þar sem hér hafa komið fram yfirlýsingar um að enginn aðili úr ákveðnu kjördæmi hafi haft rétt til samkv. lögum sjóðsins að fá fjárframlag úr þessum sjóði, sem var nú hugsaður fyrir allt landið, að mér skildist, ekki bara í skattheimtunni heldur einnig til dreifingar. Þeir sem hafa fengið úthlutað eru Borgarspítalinn 18 millj., Borgarnes 300 þús., Stykkishólmur 300 þús., Sauðárkrókur 2 millj. 200 þús., Dalvík 1 millj., Akureyri 1 millj., Ólafsfjörður 500 þús., Húsavík 1 millj., Egilsstaðir 1 millj., Hella 500 þús., Garðvangur 500 þús., DAS Hafnarfirði 4 millj., Kópavogur 1 millj., hönnunarkostnaður Sólvangur 700 þús., stjórnunarkostnaður 100 þús. og Vopnafjörður 100 þús. Þessum hefur verið synjað: Ríkisspítölunum, Biskupstungnahreppi, Kirkjubæjarklaustri, Neskaupstað, Náttúrulækningafélagi Akureyrar, Hvammstanga, Ísafirði, Reykhólum, Ólafsvík, Grundarfirði, Búðardal, Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja og í þrettánda lagi hefur verið synjað um könnun á högum 80 ára og eldri.

Við upplestur þennan fer það ekki milli mála að hv. 1. landsk. þm. má vel við una og njóti hann vel, en það er svo hans skoðun, en ekki mín, að það sé sjálfsagt að þeir sem sóttu um í Vestfjarðakjördæmi séu skildir út undan.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Jú, ég þarf vissulega að bera af mér sakir vegna þess að hv. síðasti ræðumaður gerði mér upp þau orð sem ég sagði ekki. Ég benti á það, að úr kjördæmi hans hefði ekki verið sótt um til byggingar hjúkrunarheimilis fyrir aldrað fólk. Það var sótt um til byggingar húsnæðis fyrir aldrað fólk og samkv. þessu frv. er ákveðin skilgreining á hvað hvort sé. Ef hv. þm. getur ekki skilið það við lestur frv. skal ég taka hann í smáaukatíma hér á eftir utan þingsala, svo við tefjum ekki þingstörf. En þessi voru mín orð og ekki annað.

Þá vil ég benda á það, þar sem hann bendir sérstaklega á að Hrafnista í Hafnarfirði hefur fengið 4 millj., — hefur reyndar fengið meira, eins og heimilið í Kópavogi, sem er þó byggt eingöngu fyrir íbúa Kópavogs, — að heimilið í Hafnarfirði er ekki ætlað neinu einu sveitarfélagi, eins og fjöldi Vestfirðinga sem þar dvelur ber gleggstan vott um. Þar utan geri ég ráð fyrir að þegar upp verði staðið muni styrkurinn úr Framkvæmdasjóði til Hrafnistubyggingarinnar í Hafnarfirði rétt duga fyrir þeim aukna kostnaði sem hefur eingöngu orðið af nýjum reglugerðum og reglugerðarbreytingum á byggingartímanum frá hæstv. núv. ráðh.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði hér áðan, þá er það held ég misskilningur hjá honum að við þm. sem teljumst til Vestfjarða séum að agnúast út í það eða teljum t. d. að Reykjavíkursvæðið fái of mikið. Spurningin er fyrst og fremst um það, hvort það eiga ekki allir að sitja við sama borð varðandi úthlutun fjár og fjármögnun framkvæmda úr þessum sjóði. A. m. k. dreg ég mjög í efa að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra eða ráðh. hafi til þess lagaheimild að segja til um að hjúkrunarframkvæmdir njóti *sérstaks forgangs*. Það er beinlínis tekið fram í lögunum, hvert hlutverk sjóðsins á að vera, til hvaða framkvæmda á að veita fjármagni. Ég dreg mjög í efa, að það sé á valdi stjórnar þessa sjóðs eða hæstv. ráðh. að taka þar út úr og einangra ákveðin framkvæmdaverkefni, segja að þau skuli njóta forgangs allt að 5 ár í röð, en önnur, sem lögin kveða jafnframt á um að eiga að njóta fyrirgreiðslu úr þessum sjóði, skuli vera útstrikuð í 5 ár. Ég dreg mjög í efa að lagahliðin styðji slíka ákvörðun. Alþingi hefur samþykkt þessa löggjöf með ákveðnum skilyrðum um hvað skuli njóta fyrirgreiðslu varðandi þetta fjármagn og ég tel að sá aðili sem fer með framkvæmdina hljóti að verða að fara eftir þeim lagafyrirmælum, en hafi ekki neitt eindæmi um að segja: Þú skalt fá, þessi framkvæmd skal fá, en önnur ekki. — Það er þetta sem við þm. Vestfirðinga erum um að tala. Vestfirðingar eru eins og aðrir landsmenn skattlagðir vegna þessa tekjustofns og við lítum svo á, að þeir eigi að hafa sama rétt og aðrir landsmenn á að fá fyrirgreiðslu úr þessum sjóði.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er *skammur tími sem okkur er skammtaður hér*. Við höfum reyndar haft langan tíma þegar til að ræða þetta mál. Það þarf nú að fara til nefndar. En tíminn er sérstaklega skammur miðað við þau orð og ummæli sem hér hafa fallið, því að greinilegt er að það væri full þörf á að ræða þetta mál hér mjög ítarlega og lengi, og gefst vonandi tækifæri til þess við 2. umr. málsins.

Ég vil í fyrsta lagi segja þetta út af aðdróttunum 6. landsk. þm., Karvels Pálmasonar: Allir sitja við sama borð við úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þegar hv. þm. segir hins vegar að það sé vafamál að ráðh. hafi heimild til að raða niður framkvæmdum með þeim hætti sem gert hefur verið, þá er hann að segja að ráðh. hafi í raun og veru ekki lagalegan rétt og heimild til að raða verkefnum í forgangsröð. Ég vil segja: Það er skylda ráðh. að raða verkefnum í forgangsröð, eftir því sem hann telur heppilegt og skynsamlegt á hverjum tíma. Eins og ég sagði hér á síðasta fundi um þetta mál, þá tel ég að Vestfirðingar hefðu ekki verið neitt bættari með það þó að B-álman hefði staðið nokkrum mánuðum lengur hálfköruð hér suður í Fossvogi. Ég tel að sú uppsetning mála, sem hér hefur komið fram, sé byggð á miklum misskilningi. Ég vona að það sé ekkert annað á bak við það en misskilningur.

Hv. þm. Karvel Pálmason ræddi mjög um þessi mál og í rauninni er hann að segja með sinni röksemdafærslu að ráðh. eigi á hverjum tíma að láta alla fá fé úr sjóðnum, sem leggja inn umsóknir, sem teljast faglega nothæfar. Með úthlutunaraðferð af þessu tagi væri verið að eyðileggja Framkvæmdasjóð aldraðra. Hann mundi ekki skila einni einustu framkvæmd fullkláraðri fyrr en eftir 5—10 ár eða svo. Það er enginn bættari með það. Það er

skynsamlegra að verja fénu í verkefni sem skila sér hið fyrsta fyrir hina öldruðu í landinu. Það er grundvallaratriði sem sjóðsstjórnin hefur sem betur fer haft í heiðri.

En ég endurtek það, sem ég sagði hér áður í umr. um þetta mál, að auðvitað er frv. um málefni aldraðra núna í höndum Alþingis. Auðvitað getur Alþingi tekið sínar ákvarðanir í þeim efnum, en ég teldi ekki skynsamlegt að haga þeim ákvörðunum þannig, að þessu fé yrði dreift til svo að segja allra sem óska eftir því og þar með yrði ekki tryggt að það skilaði nægilegum árangri eins fljótt og ella væri.

Varðandi fyrirspurnir, sem hér hafa verið bornar fram efnislega, vil ég fyrst víkja að fsp. hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur. Hún spurði: Hvernig er séð fyrir því að féð sé rétt notað? Það gerist ósköp einfaldlega á sama hátt og með aðrar fjárveitingar. Við veitum t. d. fé úr þessum sjóði til Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg sér um framkvæmdirnar við B-álmuna. Það er veitt fé til Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sjómannadagsráðs, og þeir aðilar sem þar fjalla um málið sjá um að nýta féð. Ég hef enga ástæðu til að ætla að fé sé verr nýtt úr þessum sjóði en öðrum sjóðum, nema síður sé. Ég held að menn hafi lagt sig fram um að nota þetta fé sem allra best vegna þess hversu knappt hefur verið skammtað þrátt fyrir allt. Hins vegar mætti vafalaust víða halda miklu betur á málum í þeim efnum. Ég kann ekki við að nefna einstök dæmi, en ég fullyrði að þar hefur sums staðar farið býsna mikið úrskeiðis.

Varðandi ummæli hv. þm. Alexanders Stefánssonar, að það hafi kannske verið óeðlilegt af ráðh. að undirrita starfsreglur fyrir sjóðinn áður en málið kom til meðferðar í fjvn. Ég mótmæli þessu alveg. Ráðh. ber pólitíska ábyrgð á því að gera úthlutunartillögur og hafa síðan um hana samráð við fjvn. Honum er þar af leiðandi skylt að segja við stjórn sjóðsins hvernig hann vill að tillögur verði gerðar. Þess vegna var það sem ég lagði fyrir stjórn sjóðsins að haga sinni úthlutun þannig, að um það bil 10% eða svo færu til íbúða fyrir aldraða. Síðan getur fjvn. auðvitað haft áhrif á þetta mál, ef henni sýnist svo. En ég vil geta þess, að þegar þetta mál var lagt fyrir fjvn. síðast kom ein — ég endurtek: ein — athugasemd frá fjvn. til ráðuneytisins: samtals ein athugasemd.

Nokkuð hefur verið rætt hér um B-álmu Borgarspítalans. Ég vil af því tilefni láta það koma fram, að ég tel að óhjákvæmilegt sé að gerður verði um það samningur, og að því er unnið milli ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, að B-álman verði notuð í þágu aldraðra. Ég vil beina því til hv. nefndar, sem með málið fer, að ég teldi mjög vel koma til greina að setja í lögin endurgreiðsluákvæði, þannig að greiðslan úr Framkvæmdasjóði aldraðra falli í raun og veru niður ef viðkomandi bygging verður tekin í þágu annars en aldraðra. Ég vil biðja hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn. Nd. að hugleiða þetta, að greiðslan falli í raun og veru brott ef byggingin er tekin fyrir aðra en aldraða.

Í sambandi við fyrirspurnir að öðru leyti, sem hér voru bornar upp við mig, hef ég kannað mjög rækilega fjármögnun íbúða fyrir aldraða á Ísafirði. Framkvæmdir við íbúðir fyrir aldraða á Ísafirði hófust seint á árinu 1979 og þeim lauk s. l. sumar og það var flutt inn í fyrstu íbúðirnar í júlímánuði s. l. Byggingarkostnaður nemur nú samtals um 17.5 millj. kr. Í árslok 1980 var hann 4.5 millj., en síðan bættust við 4.2 millj. 1981 og 8.8 millj. 1982 Fjármögnunin hefur verið þannig af lánsfé, að vaxtaaukalán og lán frá bönkum á Ísafirði hafa numið um 4 millj. kr., en Húsnæðisstofnun ríkisins hefur lánað í þessa framkvæmd 1.7 millj. kr. Það hefur því fengist fé frá Húsnæðisstofnun og öðrum opinberum aðilum í þessar íbúðir fyrir aldraða. Þess vegna hafa íbúðirnar á Ísafirði ekki að neinu leyti verið settar til hliðar miðað við þær reglur sem til voru að undanskildum reglum um Framkvæmdasjóð aldraðra.

En ég tek fram, í tilefni af þeirri umr. sem hér hefur farið fram, að ég tel að það sé mjög eðlilegt að fjárhagur íbúða fyrir aldraða á Ísafirði verði athugaður í tengslum við úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 1983. Ég mun beina því til sjóðsstjórnarinnar að taka það sérstaklega til athugunar. Ég bið menn ekki að taka þetta sem neitt fyrirheit, en ég mun biðja sjóðsstjórnina um að skoða þessi mál á Ísafirði með sérstöku tilliti til annarra umsókna, þegar sjóðsstjórnin gerir upp hug sinn varðandi úthlutun á árinu 1983, og eins getur að sjálfsögðu fjvn. eða þeir menn sem í henni sitja haft hönd í bagga með því hvernig með þau mál verður farið.

Varðandi úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra 1982. Hún var lesin upp hér áðan af hv. skrifara deildarinnar og það var í öllum meginatriðum rétt lesið. En hann gat þess hins vegar ekki, sem skiptir mjög miklu máli, að Framkvæmdasjóður aldraðra hefur haft mun minna fjármagn á þessu ári en við gerðum ráð fyrir í upphafi ársins og allur samdrátturinn á fjármagni sjóðsins á þessu ári hefur komið niður á B-álmu Borgarspítalans. Úthlutunin til B-álmu Borgarspítalans á þessu ári verður þannig því miður ekki 18 millj., heldur verður hún talsvert minni, sennilega 15 millj. eða svo. Öll skerðingin kemur fram á B-álmu Borgarspítalans, því miður.

Hér hefur einnig verið rætt ýmislegt um það, að úthluta eigi úr Framkvæmdasjóði aldraðra með tilliti til þess að allir greiði í hann og það eigi að tryggja að hvert einasta kjördæmi fái peninga úr Framkvæmdasjóðnum. Ég lít ekki svona á málið. Ég tel raunar að aldraðir eigi að fá fé úr Framkvæmdasjóðnum, þannig að hægt sé að veita þeim þjónustu, en aðstaðan í hinum ýmsu kjördæmum er mjög mismunandi og það er mat manna, allra sérfræðinga sem um málin fjalla, að ástandið sé miklu alvarlegra í þessum efnum á þéttbýlissvæðinu en annars staðar. En við skulum ekki metast um þetta og við skulum ekki heldur setja dæmið þannig upp, að úr því að af Vestfjörðum kemur þessi upphæð 1982 eigi hún endilega að ganga til Vestfjarða aftur eða úr því að frá Reykjavík kemur þessi upphæð 1982 eigi hún endilega að ganga til Reykjavíkur aftur. Það er ekki hugmyndin með þessum sjóði að þannig sé að málunum staðið.

Hér var það gagnrýnt af þm. á miðvikudaginn eða fimmtudaginn í síðustu viku að ég skuli hafa lagt tillögur fyrir fjvn. um úthlutun til 5 ára. Ég endurtek það sem ég sagði þá: Það var lagaskylda ráðh. að leggja þá tillögu fyrir. Og vegna ummæla sem komu fram hér í síðustu umr. um málið í þá veru að það eigi núna að horfa á þessa úthlutun til 4 ára aðeins, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson gat um. Það er rangt. Ráðuneytið mun á nýjan leik gera tillögur um úthlutun til 5 ára og lítur þannig á ákvæðin í lögunum að það sé alveg ótvírætt að svo skuli vera.

Ég vona, herra forseti, að ég hafi svarað þeim spurningum sem hér voru bornar fram um málið. Það væri þó vissulega ástæða til þess að fara miklu ítarlegar yfir það

hér vegna þess að það kemur greinilega fram talsverður misskilningur í þessum efnum. Ég vona að greiðist úr honum í umr. og málið flækist ekki frekar en orðið er fyrir einstökum þm.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 10. fundur.

Mánudaginn 1. nóv., að loknum deildafundum.

Vélhjólaslys, þáltill. (þskj. 52). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umferðarmiðstöð í Borgarnesi, þáltill. (þskj. 54). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Perlusteinsiðnaður, þáltill. (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það hefur vakið athygli manna hverjar hafa verið yfirlýsingar ráðh. í fjölmiðlum núna um helgina vegna þeirrar vaxtahækkunar sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að undangengnu samráði við bankaráð Seðlabanka Íslands og ríkisstj. Það hefur verið á vitorði allra, sem fylgjast með þessum málum, að bankastjórn Seðlabanka Íslands lagði tillögur sínar um vaxtahækkun fyrir ríkisstj. í ágústmánuði s. l. Það var hins vegar ekki fyrr en í síðustu viku að ríkisstj. hafði tíma til að fjalla um þessi mál og láta í ljós skoðun sína með þeim eftirmálum ráðh. í fjölmiðlum sem munu vera einsdæmi þegar um vaxtabreytingu hefur verið að ræða.

Afgreiðsla þessa máls er enn eitt dæmið um stefnuleysi núv. ríkisstj., þann glundroða sem er á stjórnarheimilinu, og staðfestir það betur en nokkuð annað að ríkisstj. hefur ekki þrek til að horfast í augu við staðreyndir efnahagslífsins og takast á við þann vanda sem við blasir. Málum er ýtt á undan sér, e. t. v. þægilegra að geyma afgreiðslu mála þar til stefnuræðu forsrh. er lokið og umr. um hana, enda var ekki vikið einu orði að þessum málum af hálfu stjórnarliða í þeim útvarpsumr.

Þegar svo ákvörðun var tekin af Seðlabankanum, eins og segir í tilkynningu hans, að höfðu samráði við ríkisstj., eins og venja hefur verið, koma ráðherrar fram fyrir alþjóð og áttu ekki von á neinni vaxtabreytingu, höfðu ekkert heyrt um vaxtabreytingu, eins og mátti skilja á orðum hæstv. fjmrh. í útvarpinu s. l. föstudag þegar hann sagði að þessi vaxtabreyting hefði komið sér mjög á óvart.

Ekki tók nú betra við þegar viðtal var haft við hæstv. sjútvrh. Formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., lýsti sig þá þegar alfarið á móti vaxtastefnu Seðlabankans. En það er einmitt varaformaður Framsfl., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, sem er formaður í bankaráðinu og því til viðbótar má benda á að ritari Framsfl., hæstv. viðskrh., fer með bankamál í ríkisstj. og endanleg ákvörðun Seðlabankans var að lokum, eins og kom fram í viðtali hans í útvarpi, samkvæmt tillögum hans frá ríkisstjórnarfundi.

Það var haft eftir hæstv. sjútvrh. í sjónvarpinu s. l. laugardagskvöld, að hann væri sannfærður um að það kæmi til greiðsluþrots hjá fjölda einstaklinga og fyrirtækja ef fylgt yrði stefnu Seðlabankans í vaxtamálum. Hann sagði að bæði Landsbankinn og Útvegsbankinn væru nú látnir greiða Seðlabankanum, eftir vaxtaákvarðanir Seðlabankans, 269% refsivexti á ári, og hann bætti við að þessar vaxtabreytingar þýddu 200—250 millj. kr. viðbótarútgjöld fyrir útflutningsatvinnuvegina og Þjóðhagsstofnun teldi að þetta kallaði á 10% gengissig. Hæstv. sjútvrh. sagðist vera ákaflega svartsýnn á stefnu Seðlabankans og ekki fá annað séð en nýjar reglur um útlán bankanna leiddu til algerrar rekstrarstöðvunar. Þessu til svara voru ummæli Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra í sjónvarpinu í gærkvöldi, að það væri skoðun Seðlabankans að engin þörf væri fyrir gengissig. Hann sagði það jafnframt álit Þjóðhagsstofnunar að þetta rýrði ekki afkomu fiskvinnslunnar frá síðustu fiskverðsákvörðun.

Hvað er hér að gerast? Ráðh. og bankastjóri Seðlabanka Íslands senda hvor öðrum orðsendingu um vaxtastefnu ríkisstj. og Seðlabankans í ríkisfjölmiðlum og þeir eru ekki aldeilis sammála. Það liggur auðvitað í augum uppi, að sú vaxtahækkun sem ákveðin hefur verið veldur útflutningsatvinnuvegunum auknum útgjöldum, en það er líka ljóst að vaxtahækkunin er afleiðing vaxandi verðbólgu en ekki orsök, eins og Seðlabankastjórinn benti á.

Það má öllum vera ljóst af því sem ég hef hér sagt, að um grundvallarágreining er að ræða um leiðir í efnahagsmálum milli fulltrúa ríkisstj., sem ber ábyrgð á útflutningsatvinnugreinunum, og Seðlabanka Íslands, þ. e. hæstv. sjútvrh. og bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Á meðan þessu öllu fer fram blasir við allsherjar stöðvun atvinnuveganna og ríkisstj. aðhefst ekkert til þess að tryggja rekstrargrundvöll þeirra, þannig að unnt sé að greiða eðlilegt afgjald af þeim fjármunum sem atvinnufyrirtækin hafa til starfsemi sinnar. Þá eru úrræðin að hækka vexti vegna vaxandi verðbólgu og hækka refsivexti í viðskiptabönkum í 269%, eins og sjútvrh. sagði, þegar viðskiptabankarnir hafa neyðst til þess að fleyta atvinnuvegunum áfram á yfirdrætti frá Seðlabankanum. Hvers vegna? Vegna þess að frá ríkisstj. kemur ekkert frumkvæði til að skapa heilbrigðan rekstrargrundvöll atvinnuveganna, sem gæti skapað sparnað í landinu.

Alþingi á kröfu á því að vita hver er afstaða ráðherranna. Alþm. eiga ekki að þurfa að hlýða á orðsendingar þeirra í fjölmiðlum. Þeir eiga að gera grein fyrir þeim hér á Alþingi. Þeir eiga að mínum dómi hér og nú að gera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli og gera grein fyrir hvert verði framhaldið, hvenær það verði ef það verður þá nokkuð.

Ég hef leyft mér að koma hér með fsp. til þeirra þriggja ráðh. sem hafa látið í sér heyra eftir þessa vaxtaákvörðun, hæstv. viðskrh., sem fer með bankamálin, hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh.:

1. Ber að skilja brtt. viðskrh. við tillögu Seðlabankans sem tillögu í og stefnu ríkisstj. í vaxtamálum?

2. Voru allir ráðherrar ríkisstj. sammála þeim brtt. sem viðskrh. lagði til við Seðlabanka Íslands eftir ríkisstjórnarfund?

3. Hvers vegna dróst svo mjög hjá ríkisstj. að taka afstöðu til tillagna Seðlabankans frá því í ágúst?

4. Hvenær má búast við afgreiðslu ríkisstj. á tillögum Seðlabankans varðandi afurðalánavexti og afstöðu til þeirra?

Ég vil leyfa mér að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. sjútvrh.:

1. Telur sjútvrh. að vaxtahækkun sú, sem áformuð hefur verið og tók gildi í dag í samráði við ríkisstj., muni valda svo miklum útgjaldaauka hjá fiskveiðiflotanum og fiskvinnslunni að hætta sé á rekstrarstöðvun?

2. Hver er afstaða sjútvrh. til tillagna Seðlabanka Íslands um hækkun vaxta á endurkeyptum afurðalánum útflutningsatvinnuveganna?

3. Er sjútvrh. kunnugt um að við síðustu fiskverðsákvörðun hafi verið gert ráð fyrir þeim vaxtakjörum sem nú hafa verið ákveðin eða telur sjútvrh. að með því gengissigi, sem verið hefur að undanförnu, sé fyrir þeim viðbótarútgjöldum séð sem útflutningsatvinnuvegirnir verða nú fyrir?

Til hæstv. fjmrh. leyfi ég mér að beina eftirfarandi spurningum:

1. Ber að skilja ummæli hæstv. fjmrh. í Ríkisútvarpinu frá því á laugardag á þann veg, að hann sé ekki sammála vaxtabreytingum þeim sem Seðlabankinn nú hefur ákveðið að höfðu samráði við ríkisstj.?

2. Hver er afstaða fjmrh. til þeirra tillagna Seðlabankans sem fyrir ríkisstj. liggja um hækkun vaxta á endurkeyptum afurðalánum útflutningsatvinnuveganna?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur beint nokkrum spurningum til þriggja ráðh. í sambandi við ákvarðanir Seðlabankans um vexti nú fyrir helgi. Skal ég reyna að rekja gang þess máls þannig að það komi ljóst fram, hvernig farið hefur verið með málið í ríkisstj. og hvernig þau mál stóðu þegar Seðlabankinn tók sína ákvörðun.

Ég vildi fyrst minna á fréttatilkynningar, sem Seðlabankinn gaf út 29. okt. s. l. um vaxtabreytingar og um viðskipti Seðlabankans við innlánsstofnanir. Ég held að það sé ákaflega erfitt að svara þessum spurningum án þess að gera nokkuð almenna grein fyrir málinu, aðdraganda þess og meðferð og niðurstöðum. Í fyrrnefndri fréttatilkynningu frá Seðlabankanum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bankastjórn Seðlabankans hefur nú að undangengnu samráði við bankaráð og ríkisstj." — ég undirstrika: að undangengnu samráði við bankaráð og ríkisstj. — „ákveðið hækkun vaxta af óverðtryggðum innlánum um 8% og útlánum um 6% eða 7%, en hækkun ársvöxtunar lánanna er í flestum tilvikum nokkru meiri en þetta sökum fleiri gjalddaga eða vaxtareikningsdaga á ári. Þá hækka vanskilavextir úr 4% í 5% á mánuði upp í 60% á heilu ári.

Vaxtabreyting þessi hefur verið alllengi í undirbúningi. Samfara efnahagsaðgerðunum í ágústmánuði s. l. áformaði bankastjórnin nokkru minni vaxtahækkun en nú er framkvæmd og taldi slíka aðgerð óhjákvæmilegan þátt í viðleitni stjórnvalda til þess að hamla á móti misvægi á lánamarkaði og stöðugu útstreymi gjaldeyris. Ríkisstj. taldi sér þá ekki fært að taka afstöðu til þess, hvort áform þessi samrýmdust markmiðum hennar í efnahagsmálum, svo þau voru tekin til nánari yfirvegunar í ljósi efnahagsframvindunnar síðan og í samhengi við aðrar aðgerðir í peningamálum.

Samkvæmt lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. frá 1979 skulu útlán og tímabundin innlán verðtryggð eða vextir þeirra í meginatriðum miðast við sama mark. Aðlögunartímabilið að fullri verðtryggingu var í árslok 1980 framlengt með lögum út árið 1981, en frá upphafi þessa árs hefur verið lögskylt að ákveða og heimila vexti í samræmi við verðbólgustig. Verðbólgan hefur farið ört vaxandi undanfarna mánuði og er nú áætlað að hún nemi 60% yfir árið. Samt sem áður er aðeins stefnt að því að hækka ársvöxtun almennra, óverðtryggðra útlána upp í 47—53%. Er með þessu annars vegar miðað við að verðbólga geti farið að hægjast nokkuð með nýju ári, enda muni stjórnvöld reyna að stuðla að því eftir megni, svo og að fyrirbyggja að stórt bil milli verðbólgu og vaxta nái að myndast á ný og festast í sessi með mjög neikvæðum raunvöxtum. Vanskilavextir verða hins vegar að fylgja verðbólgu án tafar og eru þeir því ákveðnir sem svarar 60% á ári.

Vaxtakjör endurkeyptra afurða- og rekstrarlána eru lögum samkv. háð sérstöku samþykki ríkisstj. Hefur ríkisstj. frestað um sinn að taka fullnaðarafstöðu til þess máls. Vonast Seðlabankinn til að sú ákvörðun verði tekin á næstunni, en áríðandi er að þessi vaxtakjör eigi samleið með almennum vaxtakjörum. Sú mismunun milli atvinnuvega, sem í þeim felst, er þegar orðin svo mikil að ekki er á bætandi, jafnframt því að vaxandi örðugleikum er bundið að veita þessi kjör um leið og innlánsstofnunum sé skilað lágmarksávöxtun fyrir bundnar innstæður þeirra." En vextir fyrir bundnar innstæður munu vera 34%, ef ég man það rétt.

„Að undanförnu hefur verið að myndast mjög alvarlegt misræmi milli lánskjara á verðtryggðum lánum, sem þegar nema um fjórðungi útlána innlánsstofnana auk nánast allra nýrra lána fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða, og þeirra nafnvaxtakjara sem nú er verið að breyta. Hefur þetta ekki aðeins valdið óviðunandi mismunun milli lánþega, heldur hafa miklar fjárhæðir raunverulegrar vaxtaívilnunar eða vaxtastyrks runnið með þessu móti frá sparifjáreigendum að nokkru til atvinnuvega umfram tilætlaðan rekstrargrundvöll, en að mjög verulegum hluta til almennrar eyðslu, sem einkum kemur fram í meiri innflutningi en þjóðarbúið þolir.

Framvinda efnahagsmála að undanförnu staðfestir nauðsyn aðgerða svo að ekki verður um villst. Þrátt fyrir viðleitni innlánsstofnana til útlánaaðhalds hefur lítið lát verið á misræmi inn- og útlánaaukningar og lausafjárstaða þeirra haldist álíka slæm og síðustu mánuði. Eftir lítils háttar bata af völdum tímabundins innstreymis fyrst eftir gengisbreytinguna hefur alvarlegt gjaldeyrisútstreymi magnast á ný. Hefur gjaldeyrisstaðan versnað um um það bil 350 milj. kr. frá mánaðamótum til 26. okt., en alls hefur staðan versnað um 1 650 millj. kr. á árinu (miðað við gengi 30. sept.) eða um meira en helming stöðunnar í upphafi ársins. Kemur þetta heim við tölur um vöruskiptajöfnuð, sem ná til septemberloka, er sýna að almennur innflutningur á föstu gengi hefur

haldið áfram að aukast frá sama tíma fyrir ári um 4% í sept. og 9% í jan. til sept. um leið og útflutningur hefur dregist verulega saman. Í framhaldi af þessu sýnir þjóðhagsáætlun spá um viðskiptahalla, sem nemi 6% af þjóðarframleiðslu á næsta ári að óbreyttri beitingu hagstjórnartækja, en brýn nauðsyn ber til þess að færa hallann verulega niður fyrir það mark. Að öðrum kosti blasir við hættuástand í gjadleyris- og skuldamálum þjóðarbúsins. Um leið og þessi vaxtabreyting kemur til framkvæmda ganga í gildi nýjar reglur um lánsfjárfyrirgreiðslu Seðlabankans við innlánsstofnanir, sem nánar er gerð grein fyrir í sérstakri fréttatilkynningu. Vaxtabreytingunni er m. a. ætlað að bæta jafnvægisskilyrði á lánamarkaði í þeim mæli, að innlánsstofnunum verði gert kleift að standast þær kröfur sem til þeirra verða gerðar með hinum nýju viðskiptareglum."

Þetta er fréttatilkynning sem Seðlabankinn sendi frá sér í sambandi við ákvörðunina um hækkun vaxta.

Þegar rætt er um meðferð mála af þessu tagi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hver lagaákvæði eru um vexti. Er þá fyrst að vísa til þess, að í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 10 frá 1961 eru ákvæði um vextina. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. gr., mega reikna af innlánum og útlánum." Enn fremur segir í 29. gr. laga um Seðlabankann orðrétt, með leyfi forseta: „Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans, og skal bankastjórnin hafa náið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt, svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um vexti og innlánsbindingu."

En það eru fleiri lagaákvæði um vexti heldur en þessi. Í lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., segir í ákvæði til bráðabirgða: „Vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána."

Þessu lagaákvæði var breytt með lögum nr. 10/1981, þar sem ákvæðið er svohljóðandi orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Vaxtaákvarðanir skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1981 verði komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána."

Í þessum efnum gilda því ákveðin lagaákvæði. Til viðbótar segir svo í lögum nr. 13 frá 1979, 37. gr.:

„Seðlabankinn gefur út hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnu samþykki ríkisstj."

Hér er því raunverulega um þá verkaskiptingu að ræða, að Seðlabankinn ákveður vextina, en hann getur ekki breytt reglum um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna nema að fengnu samþykki ríkisstj. Þetta eru þau lagaákvæði sem gilda í þessum efnum og ég taldi ástæðu til að rifja upp í sambandi við almenna umr. um þessi mál.

Þessu næst vildi ég koma að meðferð málsins eins og það hefur verið í ríkisstj. Eins og kom fram í fréttatilkynningu Seðlabankans, þá sendi Seðlabankinn til ríkisstj. erindi um vaxtamál og fleira 11. ágúst s. l. og lagði þá til að vextir yrðu hækkaðir um 6%, ekki til þess að fá samþykki ríkisstj. heldur til þess, eins og segir í lögum, að hafa samráð við ríkisstj. um þetta mál. Seðlabankinn sendi mikil gögn með sínum tillögum og þessi gögn fengu ítarlega meðferð í ríkisstj. Bankastjórar Seðlabankans komu á fund ríkisstj. til þess að skýra sín mál og það var skipst á skoðunum um þau í ríkisstj. eins og venja er þegar slík mál eru til meðferðar. Ég átti mjög ítarlegar viðræður við bankastjóra Seðlabankans um þetta. Það er hins vegar ekkert leyndarmál að það er og hefur verið mikil tregða í ríkisstj. og stjórnarliðinu að hækka vextina verulega. Og það á kannske sinn þátt í því að þessi meðferð hefur tekið alllangan tíma, sem ég get vel viðurkennt almennt séð að sé fulllangur tími þegar um er að ræða ákvarðanir af þessu tagi. Ákvarðanir um vexti, ákvarðanir um gengi, um fjárlagafrv. og fleiri mál eru þess eðlis, að þau hafa áhrif á það hvernig menn hugsa og haga sér. Þess vegna er æskilegt að þau séu ekki mjög lengi í meðferð á milli manna.

Ég fór fram á það við bankastjórn Seðlabankans að kannað yrði hvort hægt væri að ná umræddum markmiðum um vaxtahækkun eftir öðrum leiðum, verðtryggingarleiðum. Það var gerð á vegum Seðlabankans mjög ítarleg athugun á þessu, og ríkisstj. send skýrsla um það mál. Það kom fram í henni að Seðlabankinn taldi eftir ítarlega athugun ekki fært að framkvæma þá stefnu. Síðan endurmat Seðlabankinn stöðuna í efnahagsmálum og gerði nýjar tillögur af sinni hálfu 11. okt. s. l. um 9% vaxtahækkanir. Seðlabankastjórarnir hafa síðan sótt marga fundi í ríkisstj. til að ræða þessi mál svo að þeim var fullkunnugt um afstöðu ráðherranna til málsins. S. l. fimmtudag var málið rætt seinast í ríkisstj. Seðlabankinn sýndi þá vaxandi óþolinmæði yfir því að ekki skyldi verða tekin ákvörðun, vegna þess að það hefur verið svo lengi í meðferð og menn hafa reiknað með því að einhverjar vaxtahækkanir yrðu, þó að skoðanir séu mjög skiptar um það hverjar þær mundu verða.

Á fimmtudaginn var seinast fjallað um málið í ríkisstj. Ráðamenn Seðlabankans voru þar viðstaddir. Þar gerðu menn grein fyrir sinni afstöðu. Ég gerði þá ekki tillögu í ríkisstj., það er ekki alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, heldur lét ég bóka eftir mér athugasemd, sem var á þá leið, að nauðsynlegt væri að ræða nánar um afurðalán til atvinnuveganna áður en frekari ákvarðanir væru teknar. Það kom frétt í Ríkisútvarpinu um þetta mál og var þar sagt að nauðsynlegt væri að ræða um hækkun afurðalánavaxta við Seðlabankann. Það er ekki alveg rétt, heldur hitt, að ég lét bóka að nauðsynlegt væri að ræða þessi mál frekar. Í öðru lagi, að ríkisstj. beindi þeim tilmælum til Seðlabankans, sem lögum samkvæmt ákveður vexti, að vægilega verði farið í hækkun vaxta. Og í þriðja lagi, að rækilega verði athugaðar allar tiltækar leiðir til að draga úr viðskiptahalla. Þessi bókun mín var ekki tillaga af minni hálfu heldur bókun. Það voru ekki greidd um hana atkvæði. Það er ekki venja að greiða atkvæði um mál í ríkisstj. en hún var ekki samþykkt sem slík í ríkisstj. Hv. fyrirspyrjandi spurði nánast um það, hver væri stefna ríkisstj. í þessum málum. Ég vildi svara því svo, að það væri stefna ríkisstj. að fara varlega í vaxtahækkanir, en gæta þess þó að ekki skapaðist of mikið misræmi í vaxta- og verðtryggingarmálum.

Það mætti ræða margt fleira um þessi mál. Varðandi meðferðina var ákveðið á ríkisstjórnarfundinum á fimmtudaginn að fjórir ráðherrar athuguðu málið nánar. Þeir komu saman í framhaldi af þeirri ákvörðun og ræddu málið. (**MÁM:** Hvenær var það?) Það var sama daginn, fimmtudaginn. Það varð ekki niðurstaða í málinu. Ég skýrði seðlabankastjórninni frá því hvernig málin

stæðu í ríkisstj. Eins og ég sagði í útvarpinu og hv. fyrirspyrjandi vitnaði til í framhaldi af því tók Seðlabankinn sínar ákvarðanir. (**Gripið fram í:** Eru vaxtarverkir í ríkisstj.?) Já, það eru vaxtarverkir í ríkisstj. Vaxtarverkir hafa nú ævinlega verið taldir merki þess að menn væru að vaxa, væru að stækka, þannig að það má segja að það séu vaxtarverkir í ríkisstj., hv. þm.

Um vextina og verðbólguna mætti flytja langt mál. Ég skal ekki gera það að sinni. Ég er þó þeirrar skoðunar, að vextirnir, ákvörðun vaxta sé afleiðing af verðbólgunni. Og mér er miklu nær skapi að það séu gerðar haldgóðar ráðstafanir til þess að lækka verðbólguna í staðinn fyrir að hækka vextina til að reyna að ná henni. Í því sambandi get ég ekki stillt mig um að gera aðeins að umræðuefni afstöðu Sjálfstfl. til þeirra mála sem snerta verðbólguna um þessar mundir.

Fyrir Alþingi liggja bráðlega brbl. ríkisstj. sem þurfa staðfestingu Alþingis. Því hefur verið lýst yfir af hálfu Sjálfstfl. og Alþfl. að þeir muni fella þessi brbl. þegar þar að kemur. Hvað þýðir þetta, að fella brbl.? Það þýðir það, að mati þeirra sem til þekkja og hafa lagt mat á það hver verðbólgan muni verða ef þetta gerist, að verðbólgan mun fara upp í 75—80% þegar fer að líða að miðju næsta ári. Það er það sem það þýðir.

Nú hefur ríkisstj. lýst yfir ákveðinni stefnu í efnahagsmálum og ákveðnum aðgerðum, sem voru birtar þjóðinni 21. ágúst s. l. Samkv. þeirri stefnu má fullyrða, ef ekki gerist annað, að verðbólga muni taka að lækka á næsta ári og nálgast 40% þegar fer að líða á árið. En hverjar eru tillögur stjórnarandstöðunnar í verðbólgumálum um þessar mundir? (**Gripið fram í:** Að þið farið frá.) Segja þeir það? Það er gömul tillaga, hv. þm. Það er tillaga sem hefur legið fyrir þingi af hálfu stjórnarandstöðunnar frá því að ríkisstj. var mynduð. En það læknar í sjálfu sér ekki mikið ef menn hafa ekki á takteinum ráð til þess að koma í veg fyrir það verðbólguflóð sem sannarlega flæðir yfir þjóðina ef brbl. verða felld. Það gerir það ekki. Ég geri þetta að umræðuefni vegna þess að það er ástæða til að vekja athygli á þessu, að á sama tíma sem stjórnarandstaðan lýsir því yfir að hún ætli að fella brbl. ríkisstj. liggur það fyrir, að ef það gerist og ekkert annað kemur í staðinn muni verðbólga flæða upp í 75—80% á miðju næsta ári. Það liggur líka fyrir að stjórnarandstaðan hefur ekki gert Alþingi eða þjóðinni grein fyrir tillögum til að koma í veg fyrir þessa þróun mála og væri þó sannarlega ástæða til þess. Í sambandi við almennar umræður eins og þessar um vaxtamál, sem eru enn þýðingarmikill þáttur í efnahagsmálunum, er ekkert síður ástæða til þess að stjórnarandstaðan geri Alþingi og þjóðinni grein fyrir hvaða tillögur það eru, sem hún vill gera til þess að stemma stigu við því verðbólguflóði sem fram undan er, ef brbl. ríkisstj. verða felld.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen beindi til mín tveimur fsp. og skal þeim svarað.

Það er rétt til getið, sem hv. þm. gaf í skyn með fyrri spurningu sinni, að ég var ekki og er ekki sáttur við vaxtaákvarðanir Seðlabankans, sem teknar voru nú fyrir seinustu helgi, hvorki að efni né að formi til. Ég get líka bætt því við og staðfest það, sem ég hef áður látið koma fram, að mér komu þessar ákvarðanir á óvart þar sem ráðherranefnd, sem ríkisstj. hafði tilnefnt til að fjalla um málið, hafði þá ekki lokið störfum.

Hins vegar vefengi ég að sjálfsögðu ekki lagalegan rétt bankastjórnar Seðlabankans til að taka ákvörðun um vaxtahækkanir, og vissulega má til sanns vegar færa að samráð hafi verið höfð við ríkisstj., þótt augljóst sé að ríkisstj. hafði ekki sagt sitt seinasta orð um þetta efni þegar ákvörðun var tekin.

Hvað afurðalánin snertir og þá spurningu hv. þm. hvort ég sé því samþykkur, að afurðalán verði verulega hækkuð í samræmi við tillögur bankastjórnar Seðlabankans, vil ég svara því þannig að ég er ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til þeirrar spurningar á þessu stigi málsins og tel óhjákvæmilegt að menn geri sér fulla grein fyrir hver sé kostnaðarauki atvinnuveganna af þeirri hækkun afurðalánavaxta og hvernig ætlunin sé að mæta þeim kostnaðarauka.

Ég vil vekja athygli á því, að við Alþb.-menn höfum gert aðra hlið vaxtamálanna en þá sem ég hef nú vikið að að umræðuefni. Við höfum vakið athygli á því, að um næstu mánaðamót verður um að ræða hugsanlega verulegt misræmi, annars vegar milli lánskjaravísitölu og hins vegar þeirra launahækkana sem verða af völdum hækkana á verðbótavísitölu. Þessar vísitölur hafa ekki verið reiknaðar út enn og er því ekki hægt að segja með neinni nákvæmni hver þessi munur verður, en mér þykir ekki ólíklegt að hann geti orðið upp undir 10%.

Við Alþb.-menn höfum satt að segja mestar áhyggjur af þessu vandamáli og höfum vakið athygli á því, bæði í ríkisstj., hér í þinginu og í viðræðum við Seðlabankann, að koma verði í veg fyrir þennan mikla mismun, þá væntanlega með því að lánskjaravísitala sé miðuð við einhvers konar kaupgjaldsvísitölu, þ. e. samanlagða hækkun grunnkaups og verðbóta á laun, þannig að lán, sem bundin eru verðtryggingu, hækki ekki meira en nemur hækkun kaups.

Við höfum orðið varir við það að mjög margir þm. eru okkur sammála um þetta efni. Má nefna að svipaðar raddir hafa heyrst úr herbúðum Alþfl.-manna. (Gripið fram í.) Jú, meira en það raunar. Alþfl.-menn munu hafa flutt tillögu sem gengur í þessa áttina. Einnig hef ég orðið var við þessi sjónarmið hjá talsmönnum beggja hinna flokkanna, sem þá eru ónefndir, þannig að ljóst er að þessi sjónarmið njóta verulegs stuðnings hér í þinginu.

En því miður er þetta mál alveg jafn óljóst áfram og verið hefur. Ég sé ekki betur en það horfi til nokkurra vandræða ef farið verður að reikna út lánskjaravísitölu með hinum eldri hætti, og þá væntanlega reikna upp lán í samræmi við það, án þess að nokkur breyting sé gerð. En þetta getur gerst innan tíðar, enda þegar kominn nóvembermánuður.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á ályktun þingflokks Alþb., sem þingflokkurinn samþykkti s. l. fimmtudag. Ályktunin var birt í helgarblaði Þjóðviljans. Þar er þessi þáttur vaxtamálanna einmitt gerður að helsta áhersluatriði. Ályktunin er eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþb. ályktar að í umræðum um hugsanlegar vaxtabreytingar beri að leggja megináherslu á að verðbótaþáttur verðtryggðra lána hækki ekki meira en nemur almennra launa, þar sem fyrirsjáanlegur er verulegur munur á lánskjaravísitölu og verðbótum á laun 1. des. n. k. Þingflokkurinn telur aðstæður ekki fyrir hendi til að auka rekstrarkostnað framleiðsluatvinnuvega og framfærslukostnað skuldugra heimila með verulegri

vaxtahækkun. Hins vegar telur þingflokkurinn eðlilegt að vaxtaprósentur inn- og útlána verði meira samræmdar, þannig að minni munur verði á hæstu og lægstu útlánsvöxtum.

Þingflokkurinn varar við aðgerðum í bankakerfinu sem valdið gætu meiri samdrætti í atvinnulífi en nú er fyrisjáanlegur og þannig stuðlað að atvinnuleysi. Jafnframt telur þingflokkurinn óhjákvæmilegt að dregið verði úr lánveitingum sem gera verslunum kleift að selja vörur með afborgunum og örva því innflutning og auka viðskiptahalla."

Hér koma viðhorf okkar Alþb.-manna nokkuð skýrt fram. Ég vil sérstaklega vekja til viðbótar athygli á þeirri afstöðu okkar að hægt sé að stuðla að bættum viðskiptajöfnuði og minni viðskiptahalla með fleiru en aðhaldi í bankakerfinu eða vaxtahækkunum. Það er einnig hægt að gera með því að draga úr þeim afborganaviðskiptum sem tíðkast úr hófi fram í þjóðfélagi okkar og eiga auðvitað sinn þátt í því að viðskiptahallinn og innflutningurinn er svo mikill sem raun ber vitni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara þessum spurningum hv. þm. öllu frekar. En vegna þess að spurningum var varpað til mín, sem hef ekki með vaxtamál að gera í ríkisstj. og því augljóst að þessum spurningum er ekki beint til mín sérstaklega sem þess ráðh. sem fer með þessi mál, þá væri kannske ekki úr vegi að ég mætti spyrja hv. fyrirspyrjanda tveggja spurninga og vænta svara við þeim hér á eftir.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort þingflokkur Sjálfstfl. hafi mótað afstöðu sína til þessara mála. Mér er forvitni á að vita hvort þingflokkur Sjálfstfl. telur skynsamlegt og nauðsynlegt að hækka vextina um þessar mundir og hvort skilja átti orð hv. þm. hér áðan á þann veg, að hann væri nú að hvetja mjög eindregið til þess að afurðalán atvinnuveganna yrðu hækkuð.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal með ánægju leitast við að svara spurningum hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen. Fyrst vil ég leiðrétta það sem kom fram hjá honum, að ekkert hefði verið vikið að vaxtahækkunum í útvarpsumræðunum nýlega. Ég gerði það. Ég lýsti þar þeirri skoðun minni að ekki væri unnt að hækka vexti umfram aukna greiðslugetu almennings og fyrirtækja. Ég lýsti mínum efasemdum um það og ég veit að hv. þm. getur gengið úr skugga um það ef það hefur farið fram hjá honum.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að ég hef fyrr lýst efasemdum mínum um framkvæmd á þessum kafla efnahagslaganna frá 1979. M. a. lagði ég fram í ríkisstj. um miðjan ágúst till. um viðræður við Seðlabankann um breytingu á lánskjaravísitölu, þannig að tekið yrði tillit til greiðslugetu eða m. ö. o. hækkunar á kaupgjaldsvísitölu. Eg lagði fram tillögu í ríkisstj. um miðjan ágúst um endurskoðun á útreikningi á lánskjaravísitölu og fékk svar, ef ég man rétt dags. 25. ágúst, mjög itarlegt frá Seðlabankanum, þar sem hagfræðingar hans töldu útilokað að breyta þessum útreikningi. Ef ég má orða það svo skildist mér að himinn og jörð mundu tarast ef það yrði gert. Við erum að þeirra mati bundnir í ákveðna lánskjaravísitölu óbreytanlega.

Ég kem þá að spurningum hv. þm. um útgjaldaauka hjá fiskvinnslunni og hvort það muni leiða til stöðvunar fiskvinnslufyrirtækja. Að því er mér sýnist, þá er lánastaða sjávarútvegsins í lok septembermánaðar 2 432 millj. kr. Ég get getið um aðra atvinnuvegi: iðnaðurinn 1 152, landbúnaður 770, verslunin 1 721. Til upplýsinga má geta þess að útlán til einstaklinga nema samkv. upplýsingum Seðlabankans 1 975 millj. kr. í lok septembermánaðar. Síðan má segja að þetta sé tiltölulega einfaldur reikningur. Að vísu eru útlánin til sjávarútvegsins ekki nema að hluta afurðalán, líklega um 1 500 millj. afurðalán, þannig að vextir eru nokkuð breytilegir að sjálfsögðu af þessum útlánum. En miðað við 6—8%, þá er hér um hátt í 200 millj. kr. útgjaldaaukningu sjávarútvegsins eins að ræða, en um 300—350 millj. fyrir útflutningsatvinnuvegina alla. Þá tek ég sjávarútveg, landbúnað og iðnað. Þetta er að sjálfsögðu nokkuð ónákvæmt, en ég hygg að það sé af þessum stærðargráðum.

Hvort þetta leiðir til stöðvunar hjá mörgum fiskvinnslufyrirtækjum verður vart svarað án þess að líta jafnframt á þær útlánareglur sem Seðlabankinn hefur ákveðið. Þessar reglur gera ráð fyrir yfirdráttarvöxtum viðskiptabankanna við Seðlabankann, sem fara hækkandi í 15 þrepum, og 15. þrepið er með 11.5% mánaðarvexti. Með einfaldri margföldun gerir það á 12 mánuðum 269%. Eftir því sem ég best veit eru Landsbanki og Útvegsbanki eitthvað mjög nálægt þessu efsta þrepi nú. Að vísu býður Seðlabankinn upp á bráðabirgðalán til að forða hruni þessara banka, sem tvímælalaust mundi fylgja slíkum refsivöxtum, en ég hef nú ekki ennþá séð í hvaða mynd þau lán verða. Eflaust verða þau nokkuð erfið.

Ljóst má vera að þegar slíkum reglum er skellt á viðskiptabankana eiga þeir ekki aðra vörn en að draga mjög úr útlánum, það er óhjákvæmilegt, enda hafa bankarnir gert það í stórum stíl. M. a. hefur Landsbankinn minnkað viðbótar afurðalán úr 44% í 40%. Þótt til muni vera fyrirtæki sem enn njóta þar eitthvað betri kjara hefur þessu verið beitt við mjög mörg fyrirtæki. Sömuleiðis mun nálægt vera hætt að veita nokkra fyrirgreiðslu út á væntanlegar yfirfærslu gjaldeyris vegna útflutnings.

Þegar þetta tvennt er dregið saman hika ég ekki við að segja að framkvæmd þessarar stefnu hlýtur að leiða til greiðsluþrots hjá fjölmörgum fyrirtækjum. Menn verða að gæta þess í þessu sambandi, að þessi fyrirtæki liggja með miklar birgðir, t. d. í skreið líklega eitthvað um 1 milljarð, og einnig miklar birgðir í karfa. Það er ákaflega dýrt að liggja með slíkar birgðir og veldur greiðsluerfiðleikum.

Svar mitt við fyrstu spurningunni er því tvímælalaust já. Ég óttast að ef þessi stefna verður framkvæmd eins og hún er nú auglýst, þá muni það leiða til stöðvunar mjög víða.

Þá spurði hv. þm. að því, ef ég man rétt, hvort ég væri á móti hækkun afurðalána. (**Gripið fram í:** Hver væri afstaða þín.) Hver væri afstaða mín til hækkunar afurðalána. Í raun og veru tengjast þessar tvær spurningar. Mér er ljóst að ekki er rétt að hafa of mikinn mun á afurðalánum og öðrum útlánum. Lágir vextir af afurðalánum merkja hiklaust vissa tilfærslu til þeirra atvinnuvega sem þeirra njóta. Ég segi hins vegar að slík tilfærsla kann að vera nauðsynleg stundum. Og ég vek athygli á því, að flestar eða allar þjóðir, sem ég þekki til, eru með einhverja slíka tilfærslu. Sumar í gegnum fjárlög, með því að greiða niður vexti til útflutningsatvinnuvega o. s. frv., sem væri of langt mál að rekja hér. Ég held að afurðalánin verði að ákveða með hliðsjón af greiðslugetu atvinnuveganna og með hliðsjón af aðgangi þeirra að rekstrarfé. Þess vegna álít ég að áður en afurðalánavextir

eru hækkaðir þurfi að athuga hina hliðina líka, hvaða aðgang atvinnuvegirnir hafa að rekstrarfé. Ef takmarka á aðgang þeirra að rekstrarfé á sama tíma og afurðalán og aðrir vextir eru hækkaðir, þá gengur dæmið ekki upp. Ég treysti mér ekki til að samþykkja slíkt.

Þá spyr hv. þm. hvort þau vaxtakjör sem nú er rætt um hafi verið lögð til grundvallar við síðustu fiskverðsákvörðun. Svo er ekki. Þau voru alls ekki lögð þar til grundvallar. Þá voru lagðir til grundvallar 29% vextir af afurðalánum, og reyndar má segja að þetta komi fram í grg. sem Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman varðandi spurningar frá mér um ýmsa þætti þessa máls. Ég ætla að leyfa mér að lesa síðustu málsgr., með leyfi forseta. Þar segir: „Með núverandi vöxtum hefur verið talið að gengissig þyrfti að vera um 2% á mánuði að jafnaði til þess að útkoman á hverju verðtímabili yrði sú sem miðað hefur verið við fyrir fiskvinnsluna við fiskverðsákvarðanir. Eftir vaxtahækkunina væri sambærileg viðmiðun nær 3% á mánuði, en það jafngildir um 40% á heilu ári.“ Ég get bætt því við, að 2% á mánuði jafngilda hins vegar um 30% á heilu ári, þannig að þarna er þörf á um 10% meira gengissigi.

Það er hins vegar rétt, sem komið hefur fram, að hækkun dollarans hefur verið það mikil upp á síðkastið, að þessir hærri vextir rúmast þar inni eins og nú er ástatt. Ég vek hins vegar athygli á því, að gengissig og gengisbreytingar almennt eru ekki eingöngu til þess að vega upp á móti fjármagnskostnaði, langt frá því. Gengissig og gengisbreytingar eru nauðsynlegar til að vega upp á móti almennri kostnaðarhækkun í þjóðfélaginu, m. a. launahækkunum og verðlagshækkunum ýmiss konar, s. s. rafmagnshækkunum o. fl., eins og ég veit að öllum þm. er ljóst. Staðreyndin er því sú samkv. þeim reikningum, sem ég hef nýlegasta fengið frá Þjóðhagsstofnun, að afkoma frystingar er þrátt fyrir þetta gengissig ekki mikið yfir núllinu. Menn verða að athuga að það hefur ýmislegt orðið til að skerða afkomu fiskvinnslunnar. Ég nefni t. d. mjög óhagstæða samsetningu aflans. Það hefur verið miklu meira af alls konar ódýrari afla, sem er að sjálfsögðu vinnslunni ekki nálægt því eins hagkvæmur og þorskur. Og því miður virðist lítill bati í augsýn á þessu sviði. Það er þess vegna mikill misskilningur að þessi vaxtahækkun rúmist innan þeirrar aðlögunar gengis sem orðið hefur. Það er svo margt annað sem þarna hefur áhrif að það er mikill misskilningur að líta á vaxtahækkunina eina. Það verður að skoða þessa á miklu breiðari grundvelli.

Ég vildi gjarnan fara örfáum orðum almennt um þá stefnu sem fram kemur í lögum um stjórn efnahagsmála frá 1979. Í XVII. kafla þeirra laga sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, segir í 39. gr., með leyfi forseta, um skilyrði verðtryggingar samkv. lögum þessum:

„4. Að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:

a) Miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur, eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma.

b) Miðað sé við gengi erlends gjaldeyris, þar sem slíkt er heimilt samkv. lögum eða reglugerðum. Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.“

Ég vek athygli á því, að Seðlabankinn hefur þetta í sinni hendi, og þrátt fyrir athugasemdir, sem við útreikning lánskjaravísitölu hafa verið gerðar, hefur Seðlabankinn haldið sínu striki og birt lánskjaravísitölu á þeim grundvelli sem ákveðinn var 1979. Hún byggist á tveimur vísitölum, þ. e. á framfærsluvísitölu að $^2/_3$, ef ég man rétt, og byggingarvísitölu að $^1/_3$. Er reiknað samkv. opinberri vísitölu þrjá mánuði aftur í tímann og þrjá mánuði fram í tímann, sem er dálítið athyglisvert, því að ég kannast ekki við að til sé nein opinber vísitala fram í tímann. Ég hef velt því fyrir mér hvort þetta ákvæði, um að byggt skuli á opinberum viðurkenndum vísitölum, stenst í raun og veru. Það er ekki til nein opinber vísitala fram í tímann.

Auk þess vek ég athygli á því, að með því að byggja þarna á byggingarvísitölu er að sjálfsögðu að því stuðlað að lánskjaravísitala verði nokkru hærri en framfærslukostnaður. Framfæsrsluvísitala er með ýmsum opinberum aðgerðum greidd niður og þar með verðlagshækkanir í landinu, byggingarvísitala ekki, og hefur því ætíð haft tilhneigingu til að vera þar nokkuð fyrir ofan.

Mér sýnist því að þessi útreikningur á lánskjaravísitölu hljóti að leiða til þess að lánskjaravísitala verði hærri en framfærsla almennt og ekki síður hærri en kaupgjald, alveg sérstaklega þegar leitast er við að lækka verðbólgu með því að draga úr verðbótavísitölu. Ég tel óframkvæmanlegt að reikna þannig lánskjaravísitölu þegar kaupmáttur og greiðslugeta atvinnuveganna fara lækkandi.

Ég vil vekja athygli á því, að í nokkrum löndum hafa að vísu verið gerðar tilraunir í þessa átt, en þær hafa allar mistekist, í hverju einasta landi sem mér hefur tekist að fá upplýsingar um. Brasilíumenn hafa gengið einna lengst í að verðtryggja inn- og útlán, en 1975 hurfu þeir frá fullkominni verðtryggingu útlána til einstaklinga og að því ráði að binda sína lánskjaravísitölu við kaupgjald. Þeir gera það þannig að þeir endurreikna höfuðstólinn eftir launahækkun og hafa haldið því síðan 1975. Það er best að geta þess um leið, að Brasilíumenn eru nú með 100% verðbólgu. Ísraelsbúar hafa einnig verið með víðtæka verðtryggingu, reyndar bæði gengis- og verðtryggingu. Árið 1962 var gengistrygging íbúðalána afnumin í Ísrael og tekin upp verðtrygging í staðinn, en 1967—1968 var verðtrygging íbúðarlána einnig afnumin. Hins vegar er tap það sem lánastofnanir verða fyrir greitt úr ríkissjóði, þ. e. á fjárlögum.

Finnar voru með víðtækt verðtryggingarkerfi bæði á inn- og útlán. Þeir urðu fyrir miklum skakkaföllum 1967 og urðu að fella gengið mjög og skerða kaupmátt. Þeim var þá ekki stætt á að halda fullri verðtryggingu á útlánum svo að verðtrygging bæði á útlánum og innlánum var afnumin. Kannske er það það sem okkar bíður.

Mér er einnig kunnugt um að tilraunir, þó í minni stíl, voru gerðar bæði í Svíþjóð og Bretlandi á 8. áratugnum en frá þeim báðum horfið. Ég held þess vegna að rétt sé að endurskoða útreikninga lánskjaravísitölunnar og gera það fyrr en seinna. Ég er sannfærður um að sú framkvæmd sem við höfum nú fær ekki staðist.

Þá vil ég vekja athygli á því, að í 37. gr. efnahagslaganna frá 1979 segir, með leyfi forseta: „Seðlabankinn gefur út hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnu samþykki ríkisstj.“

Seðlabankinn hefur nú ákveðið hækkun á afurðalánum, öllum nema endurkeyptum afurðalánum, og mér sýnist hér ekki vera farið að lögum. Ég vil láta það koma fram og mun gera athugasemdir við það í ríkisstj. á morgun. Ég lít svo á, að þessi grein nái til allra afurðalána, líka viðbótarlána viðskiptabankanna. Ég spyr: Hvað um rekstrarlán atvinnuveganna? Ég held að hér

þurfi endurskoðunar við. Það er rétt, sem hérna hefur komið fram, að ríkisstj. skipaði ráðherranefnd í þessu skyni, en hún hefur ekki lokið störfum.

Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar og legg á það ríka áherslu, að vitanlega þarf að grípa til allra tiltækra ráða til að draga úr þeim viðskiptahalla sem við búum nú við. Ég verð hins vegar að segja það, að ég sannfærist ekki af þeim tölvuútreikningum sem ég hef fengið, sem segja að 10% hækkun vaxta dragi úr viðskiptahalla um 3.6%. Ég veit ekki á hverju þeir byggjast. Kannske eru þeir réttir en ég efast um að vaxtahækkun verði til að draga mjög úr eftirsókn eftir innfluttum varningi. Ég tel því að hér verði fyrst og fremst að leggja áherslu á tvennt: Í fyrsta lagi aðgerðir til að draga úr verðbólgu. Ég tel að til spár Þjóðhagsstofnunar um áhrif af slíkum aðgerðum beri og megi svo sannarlega taka tillit ekki síður en til einhverra óljósra útreikninga til þriggja mánaða. Sú spá er ekkert óljósari en þessir skammtíma útreikningar. Miðað við núverandi spá Þjóðhagsstofnunar, sem liggur hér fyrir á Alþingi í þjóðhagsáætlun, mundi þetta draga verulega úr þörf fyrir þessar hækkanir.

Í öðru lagi tel ég að grípa eigi til allra beinna aðgerða til að draga úr innflutningi sem ekki stríða gegn samþykktum okkar innan Fríverslunarbandalagsins og Efnahagsbandalagsins. Ég veit að ýmsar þjóðir hafa farið grannt í saumana á þeim málum. Það eru ótal margir vöruflokkar, sem njóta nú almennt tollfrelsis, en ef þeir væru sundurgreindir mundi alls ekki stangast á við ákvæði þessara bandalaga að tollar á sumum þeim varningi yrðu hækkaðir. Ég tel að það eigi að athuga alla slíka möguleika. Okkur er brýn nauðsyn að draga úr þeim viðskiptahalla sem við getum alls ekki búið við til nokkurrar frambúðar.

Ég legg líka á það ríka áherslu að allar aðgerðir, sem samþykktar hafa verið til hjöðnunar á verðbólgu, verði afgreiddar en tapist ekki, eins og ég hef áður sagt, í refskák stjórnmálanna.

Ég vil svo segja það að lokum að ég er þeirrar skoðunar, að leita eigi leiða til að tryggja sparifé og verðtryggingarstefna sé það skársta í því sambandi. En ég vek athygli á því að sparifé er skattfrjálst, a. m. k. að verulegu leyti, ef ekki er um sérstakan skattafrádrátt að ræða. Þannig nýtur sparifé verulegra fríðinda og mér sýnist ekki ósanngjarnt að til þess sé tekið tillit. Ég held einnig að það verði að athuga þessa stefnu yfir lengri tíma og forðast miklar sveiflur upp á við eða niður á við í því sambandi. Ég legg þess vegna ríka áherslu á að sú stefna sem mörkuð er í lögunum frá 1979 verði endurskoðuð að fenginni reynslu og tryggt að hún geti orðið einn þáttur í viðureigninni við verðbólguna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var ekki auðvelt að finna stefnu ríkisstj. í þeim ræðum sem hæstv. ráðh. hafa haldið hér á undan. Hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til þess að taka afstöðu til afurðalánavaxta. Hæstv. sjútvrh. lýsti því reyndar yfir, að að hans mati mundi sú vaxtaákvörðun, sem nú hefði verið tekin, leiða til greiðsluþrots hjá fyrirtækjum. En hæstv. viðskrh., hæstv. bankamálaráðh., gerði svolitla tilraun til að skilgreina stefnu ríkisstj. Stefnan var þessi, að það ætti að fara vægilega í vaxtahækkanir, en ekki vera of mikið misræmi.

Væntanlega veit hæstv. viðskrh. að það er 60—65% verðbólga núna. Væntanlega veit hann að vextir af almennu sparifé hafa verið 34% fram undir þetta, en nú er gerð tillaga um að hækka þá í rúmlega 40%. Er þetta hæfilega mikið misræmi? Er það hæfilega mikið misræmi, að almennir sparifjáreigendur, sem leggja peninga sína inn í banka, skuli fá til baka annaðhvort 70—80 kr. í árslok þegar þeir leggja inn 100 kr.? Það er munurinn á verðbólgunni og þeim vöxtum sem hér er um að ræða. Seðlabankinn segir: Ef þú leggur 100 kr. inn í banka skulum við borga þér 80 kr. til baka. — Ríkisstj. virðist fram að þessu hafa fylgt þeirri stefnu að það skuli bara vera 70 kr. Er þetta það misræmi sem hæstv. ríkisstj. telur vera hæfilegt?

Menn tala hér mikið um útlánahliðina, en ég held að menn ættu að líta á innlánahliðina. Enginn banki hefur rétt til þess, ef peningar eru lagðir inn í hann, að stela beinlínis af mönnum 20—30 kr. á ári af hverjum 100. Það er það sem verið er að gera við þá stefnu sem verið hefur við lýði og er reyndar enn við lýði. Enginn banki hefur rétt til þess. Þess vegna á auðvitað allt sparifé að vera verðtryggt. Menn geta velt því fyrir sér, hvað þetta séu háar fjarhæðir, þessar 30 kr. eða 20 kr. sem þannig eru hafðar af hverjum einustu 100 kr. sem eru lagðar inn í bankann. Menn geta velt því fyrir sér. Samkv. þeim gögnum sem liggja fyrir voru þetta 36 þús. kr. á ári á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, áður en nýjasta ákvörðun Seðlabankans var kynnt. 36 þús. kr. á ári eru hafðar af hverri einustu 5 manna fjölskyldu í landinu. Þetta eru engir smáræðis peningar. Ég tel að það sé siðferðileg skylda bankakerfisins að skila aftur þeim verðmætum, sem menn skila inn til bankakerfisins, sem menn eru að lána bankakerfinu. Þetta er grundvallarstaðreyndin í þessu máli.

Hæstv. viðskrh. sagði að það mætti ekki vera of mikið misræmi. Ef ég væri vel stæður framleiðandi núna, annaðhvort í sambandi við framleiðslu á landbúnaðarafurðum eða í sjávarútvegi, mundi ég væntanlega fá afurðalán á 29% vöxtum. (**Gripið fram í:** SÍS er ekki í landbúnaði.) Er SÍS ekki í landbúnaði? (**Gripið fram í:** Nei.) Það væri hægurinn að leggja þessa peninga inn á verðtryggða bók. Það er búið að skapa svikamyllu. Það sem gerist er það, að af 1 millj. kr., sem menn fá í afurðalán, geta menn haft 310 þús. kr. í gjöf yfir árið með því að fara svona með peningana — 310 þús. kr. í gjöf af hverri millj., 31%. Og þetta eru engar smáræðis fjárhæðir. Er þetta það misræmi sem hæstv. viðskrh. telur hæfilegt?

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að það er búið að skipta lántakendum á Íslandi í tvennt: annars vegar atvinnurekstri, atvinnurekendum, og hins vegar venjulegu fólki, venjulegum lántakendum og venjulegum launþegum. Þeir fá ekkert nema verðtryggð lán. Þeir verða að greiða hverja einustu krónu, jafnvel eftir vísitölu sem mælir hraðar en kaupgjaldið hjá þeim hækkar. En atvinnureksturinn, atvinnurekandinn, má græða 300 þús. kr. á ári af hverri milljón sem hann fær að láni. Þessi mismunur — (Gripið fram í.) Nei, þeir sem hafa þessi kjör. (**AG:** Þú átt að taka það fram.) Ég tók ákveðin dæmi áðan, Albert Guðmundsson, og þau standa enn. Þessi mismunun er hrikaleg. Þessa mismunun getum við auðvitað ekki þolað. Þetta er of mikið misræmi, hæstv. viðskrh. Það er búið að búa til svo mikið óheilbrigði í kerfinu að úr er orðin ein allsherjarsvikamylla.

Launþegar búa við það, að á almennum sparifjárreikningum voru hafðar af þeim 20—30 kr. af hverjum 100 sem þeir leggja inn á sparireikning. Ef þeir taka lán

eru þau verðtryggð upp í topp, en atvinnurekendur geta hins vegar fengið lán sem þeir græða yfir 30% á á ári sumir hverjir, þeir sem eiga möguleikana á því. Þetta misræmi er algerlega óviðunandi, að sumir geti fengið vildarkjör af þessu tagi á lánum og ef menn kunni á kerfið með þessum hætti geti þeir stórgrætt.

Ég varð ekki var við neina stefnu hjá neinum þeirra sem tóku hér til máls áðan að því er vaxtamálin varðar, hvorki hjá talsmanni Sjálfstfl., Alþb. eða Framsfl., enga stefnu. En stefnan á auðvitað að vera sú í fyrsta lagi, að þegar menn lána peninga til bankanna fái menn sömu verðmæti til baka. Það á að vera grundvallarstefnan. Það er siðferðileg skylda að framfylgja þeirri stefnu og allt annað býður upp á óheilbrigði í fjármálalífi og efnahagslífi. Þess vegna á allt sparifé að vera verðtryggt.

Nú segja talsmenn ríkisstj. stundum að sparifé sé verðtryggt, en það er ekki nema helmingurinn, það sparifé sem er inni á verðtryggðum reikningum, og tæplega það. (Gripið fram í.) Það gildir jafnt hjá öllum, er það ekki? Gamla konan, sem ekki treystir sér til að vera með fé sitt inni á bundnum reikningum vegna þess að hún vill eiga það handbært, hefur hún einhvers konar annars konar skattfrelsi en stofnunin eða sjóðurinn sem kann á verðtryggðu reikningana og getur möndlað með kerfið?

Í annan stað er það svo, að um það bil 3/4 hlutar af innlánum, 3/4 hlutar af þeim peningum sem koma inn í bankakerfið, koma frá launþegum, en þeir fá bara 1/4 af útlánum. Þeir eru sveltir. Menn eru í rauninni að gefast upp við að eignast íbúð. Bankakerfið kemur ekki til móts við menn. Jafnvel þótt þeir eigi — launþegar í heild — 3/4 hluta af innlánunum skulu útlánin ekki vera nema að 1/4 til launafólks. Það að launþegar skuli eiga svona stóran hlut í innlánunum skapar þeim rétt til þess að njóta eðlilegrar fyrirgreiðslu í bankakerfinu þegar þeir þurfa á peningum að halda, t. d. til þess að eignast íbúð, eins og við Alþfl.-menn höfum flutt tillögur um þing eftir þing.

Í þriðja lagi verður stefnan að vera sú, að það sé bærilegt samræmi í lánakjörum, en ekki búnar til svikamyllur af því tagi sem ég rakti hér áðan, þegar sumir geta fengið að græða stórlega á því kerfi sem við lýði er.

Og í fjórða lagi verður að haga útlánum og verðtryggingu með þeim hætti að greiðslubyrði launþega af lánum fari ekki fram úr kaupgjaldsþróun. Um þetta hefur Jóhanna Sigurðardóttir, þm. Alþfl., flutt frv. fyrir okkar hönd, sem hefur legið hér fyrir þinginu frá því 12. okt., þar sem gert er ráð fyrir að lánstími lengist þegar greiðslubyrði stefnir upp fyrir þróun kaupgjalds. Þetta eru þau fjögur atriði sem menn verða fyrst og fremst að hafa í huga þegar þeir hyggja að stefnu í vaxtamálum, ef menn ætla að koma hér á heilbrigðu efnahagslífi.

Það er í rauninni fráleitt að hæstv. sjútvrh. skuli segja að framkvæmdin á stefnu efnahagsmála, hvort heldur er í sjávarútvegi eða öðrum greinum skilst mér, sé með þeim hætti, að ef það séu ekki afhentar gjafir af þessu tagi, niðurgreidd lánskjör um helming, muni atvinnulífið stöðvast á Íslandi. Þetta er fyrst og fremst dómur yfir þeirri efnahagsstefnu sem hefur verið fylgt. Hann er að segja: Ef ég fæ ekki að stela 1.8 milljörðum kr. á ári frá sparifjáreigendum, frá launþegum, til þess að afhenda það atvinnulífinu eins og ég hef búið að því, þá fer það á hausinn. — Þetta er það sem hann er að segja. Þess vegna er þetta fyrst og fremst dómur yfir stjórnarstefnunni. Þetta getur aldrei verið partur af stefnu í efnahagsmálum, að menn eigi að haga sér með þessum hætti. Þetta er fyrst og fremst dómur um hvernig stjórnarstefnan sé í reynd. — Og það furðaði mig, að þegar hæstv. fjmrh. stóð upp áðan var hann eingöngu að tala um atvinnulífið og atvinnureksturinn, en hann gleymdi launafólkinu í landinu. Hann talaði ekki um lán til húsbyggjenda, til íbúðaröflunar. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Ó ekki, vinur, nei, nei, nei. Hann talaði fyrst og fremst um atvinnulífið, lánin til atvinnurekendanna, hvernig þau þyrftu að vera til þess að allt gæti bjargast. Hann var að fella sama dóm og hæstv. sjútvrh. yfir þessari ríkisstj. og stefnu hennar.

En það er kannske athyglisvert að hæstv. sjútvrh. talaði hér m. a. um að byggingarvísitalan væri verri en lánskjaravísitalan, hún drægi lánin enn þá meira upp. En hvernig er framkvæmd ríkisstj. sjálfrar í þessum efnum? Það stendur í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að lánin skulu verðtryggð samkv. lánskjaravísitölu, en allt fram á þennan dag hefur það verið framkvæmt með byggingarvísitölu, sem gefur enn þá meiri greiðslubyrði hjá lántakendum hjá Húsnæðisstofnun, hjá venjulegu launafólki, en lánskjaravísitalan. Þarna er nú umhyggjan fyrir launþegunum. Þetta er eini sjóðurinn þar sem fyrst og fremst launþegar eru lántakendur. Þá hafa menn látið það gott heita að það væri sú vísitala sem verst er, byggingarvísitalan, sem væri notuð, ekki lánskjaravísitalan. Svona er nú umhyggjan fyrir launþegunum, svona er umhyggjan fyrir venjulegum almenningi á Íslandi hjá þessari ríkisstjórn!

Herra forseti. Þú beindir því til mín að ég stytti frekar mál mitt. Ég mun þess vegna ekki tala jafnlengi og t. d. hv. síðasti ræðumaður. En ég vil ítreka að stefnan í vaxtamálum getur ekki byggst á því að það sé nauðsynlegt til þess að atvinnulífið komist ekki í greiðsluþrot að launþegar séu stórlega hlunnfarnir, að stolið sé af sparifjáreigendum 36 þús. kr. af hverri 5 manna fjölskyldu á ári, 1.8 milljarð á ári. Hún getur ekki byggst á því. Stefnan í vaxtamálum verður að byggjast á því, að menn séu að koma sér upp heilbrigðu efnahagslífi, að menn viðurkenni að þegar einhver lætur peninga af hendi við bankann eigi hann að fá sömu verðmæti til baka og menn viðurkenni að það megi ekki auka greiðslubyrðina hjá almenningi umfram það sem kaupgjald vex, eins og frv. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri Alþfl.-manna gefur til kynna. Og það má ekki framkvæma vaxtastefnuna með þeim hætti að misræmið sé svo hrikalegt að menn geti grætt 30% eða 300 þús. af hverri milljón sem þeir fá að láni, eins og núna er, og geti búið sér til svikamyllu í bankakerfinu sem malar þeim gull af því að þeir sitja á réttum stað í þjóðfélaginu, þar sem þeir hafa aðgang að lánum á vildarkjörum. Það er þetta sem skiptir máli, ef menn ætla að hafa hér heilbrigt efnahagslíf.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér fannst nokkuð sérkennilegt að hv. síðasti ræðumaður skyldi telja það við hæfi að snúa út úr fyrri ummælum sem hér voru flutt eins og hann gerði, þegar það liggur fyrir í samþykkt sem gerð var og birt opinberlega frá þingflokki Alþb. hver afstaða hans er sérstaklega varðandi þessi vaxtamál. Meginatriðið í samþykkt þingflokks Alþb. var að verðbótaþáttur verðtryggðra lána hækki ekki meira en nemur hækkun almennra launa, þar sem fyrirsjáanlegur er verulegur munur á lánskjaravísitölu og verðbótum á laun 1. des. n. k. Með þessari áherslu er Alþb. auðvitað að leggja áherslu á rekstrargrundvöll heimil-

anna í landinu, fjölskyldnanna, sem verða að búa við mjög óþægileg vaxtakjör. Þetta er fók sem ekki hefur fengið óverðtryggð lán núna á liðnum mánuðum. Þetta er alveg meginatriði í afstöðu Alþb.

Í umr. í dag hefur mjög verið um þetta mál rætt. Ég vil láta það koma hér fram, að í síðustu viku var birt niðurstaða nefndar sem fjallaði um húsnæðismál á vegum ríkisstj. og það var eitt meginatriðið í tillögum nefndarinnar að húsnæðislán yrðu þannig afgreidd að greiðslur yrðu miðaðar við kauplagsvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, en ef lánskjaravísitala er hærri á mismunurinn að flytjast aftur fyrir og lánin þannig að lengjast. Undir nál. þetta skrifa þm. úr Framsfl., skrifa menn úr Alþb. og úr Sjálfstfl. Alþfl. hefur flutt frv. á Alþingi sem er mjög svipað. Þannig má það vera athyglisverð staðreynd til umhugsunar, m. a. fyrir bankastjórn Seðlabankans á þessum sólarhringum, að í rauninni virðist að það sé allra flokka samkomulag hér á Alþingi um að halda á málum eins og hér var nefnt. Þetta er athyglisvert og þm. mættu taka það til athugunar á næstu vikum.

Ég tel, herra forseti, að meginniðurstaða þessara umr. sé þó í rauninni miklu alvarlegri en sú sem hér hefur þegar verið nefnd. Ég tel að meginniðurstaðan sé sú, að sú raunvaxtastefna, sem knúin var fram af Alþfl. og var sem betur fer eitt af því fáa sem hann náði fram í ríkisstj. 1978—1979, hafi gengið sér til húðar. Raunvaxtastefnan átti að leysa allan vanda hér í þjóðfélaginu, bókstaflega allan. Bankarnir áttu að fyllast af peningum á stundinni. Það átti ekki að verða mikill vandi að þjóna húsbyggjendum eða atvinnuvegum með ýmsum hætti og þeim hætti sem bestur væri. Staðreyndin er auðvitað sú, að núna loksins liggur það fyrir að þessi stefna, þessi peningamálastefna, er í blindgötum. Það er ekki seinna vænna að menn geri sér grein fyrir því. Ég tel að hér sé um að ræða svo alvarlega staðreynd að það eigi að ákveða að láta fara fram gagngera endurskoðun allra laga hér í landinu um peningamál og menn eigi að velta því fyrir sér, hvort ekki sé rétt að breyta ákvæðum varðandi vald Seðlabankans til þess að ákveða vexti.

Mér finnst það nokkuð athyglisvert, að á sama tíma og menn berja sér hér mjög á brjóst og hneykslast yfir ákvörðun Seðlabankans skuli enginn talsmaður flokkanna hér fyrr hafa nefnt þann möguleika að það sé eitthvað bogið við það að stofnun eins og Seðlabankinn skuli geta ákveðið jafn þýðingarmikinn þátt í efnahagslífinu og vextirnir þrátt fyrir allt eru. (**SvH:** Hann getur það ekki í praxís nema með ykkar leyfi.) Seðlabankinn gerir það samkv. lögum, hv. þm., það liggur alveg fyrir. Hitt er annað, að oftast hefur orðið um það samkomulag milli ríkisstj. og bankans hversu þessu ætti að haga, það er rétt. (Gripið fram í.) Þetta er alveg meginatriði, sem menn þurfa að taka hér til athugunar, bæði ríkisstj. og þm. Ég vil bæta þessu við: Ákvæði Ólafslaga um vexti þarf einnig sérstaklega að endurskoða, eins og hæstv. sjútvrh. reyndar gat um áðan. Hér þarf sem sagt að taka á þessum málum öllum í heild og vonandi kemur um það stjfrv. áður en mjög langur tími líður að taka á þessum málum í heild vegna þess að svona má málið ekki ganga miklu lengur. En meginniðurstaðan er sú: Raunvaxtapólitík Alþfl. hefur siglt í strand — það eina sem í rauninni var eftir af þeirri pólitík sem hann náði fram í ríkisstj. 1978—1979 — og það er fagnaðarefni að menn skuli hafa áttað sig á því hversu langt sú stefna hefur í raun og veru leitt okkur og hvað hún hefur skapað mikil vandamál.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég segja það, að það er ekki fyrst og fremst vaxtahækkun Seðlabankans sem þó vekur hér athygli og skapar vandamál að mínu mati. Ég tel að hættan liggi fyrst og fremst í hinum nýju útlánareglum gagnvart viðskiptabönkunum. Þar er staðan þannig, að ákveðinn hluti viðskiptavinanna er þegar kominn upp á hið 15. refsiþrep hins háa Seðlabanka. Hinir stærri viðskiptabankar, sem mega sín í landinu hvað mest og láta stundum talsvert í sér heyra, standa nú á bilinu 10.—15. refsiþrepi Seðlabankans. (Gripið fram í.) Spurningin er sú í þessum efnum, hvort þessi stefna getur ekki haft í för með sér að það komi niður á atvinnuvegunum í landinu, valdi þar samdrætti og hættu á atvinnuleysi. Ég minni á það, hv. þm. og aðrir sem mál mitt heyra, að Seðlabankinn hefur talið að hann hefði heimild til þess að ákveða þetta sjálfur samkv. lögum og enginn þm. hefur fyrr í þessum umr. nefnt það sem möguleika að ríkisstj., hver sem hún er, taki sér þéttara vald í þessu efni en gerst hefur að undanförnu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Verðtryggingarstefnan hefur ekki siglt í strand. Það er ríkisstj. í landinu sem hefur siglt í strand. Það er ríkisstj. í landinu sem hefur ekki framkvæmt lög og það er það sem hefur brugðist. Það er engan dóm hægt að fella um verðtryggingarstefnuna sjálfa vegna þess að henni hefur aldrei verið framfylgt. Og muni menn eitt. Meginforsendur með fjárlagafrv. í fyrra, fluttu af hæstv. fjmrh. Ragnari Arnalds með þjóðhagsáætlun, voru að innistæður í bankakerfinu hefðu aukist og þar væri að finna hið mikla og aukna jafnvægi í efnahagsmálum, sem var rétt. Það var hins vegar ljóst fyrir 12—14 mánuðum, að þegar ríkisstj. bilaði á þessu, þegar hún gafst upp, þegar fór að skilja á milli launamannalánanna og fyrirtækjalánanna, látnar sérreglur gilda um fyrirtækjalánin, rekstrarlán eða afurðalán, þá var þessi ríkisstj. efnislega búin. Það hefur gengið eftir og það hefur komið í ljós. Þetta er ekki dómur um verðtryggingarstefnuna, þetta er dómur um ónýta ríkisstj. og það er allt, allt annað mál. Það er auðvitað kjarni málsins, sem upp úr stendur þessum ummælum og umr., að eini maðurinn sem hér hefur lýst stefnu og skoðunum er hv. 2. þm. Reykn. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að af inngangserindi hv. 1. þm. Reykn. var ekki nokkur leið að sjá hvort hann var að mæla með eða móti tillögum Seðlabankans. Ríkisstj. er alveg eins. Það er enginn munur þar á.

Kjarni alls þessa máls er auðvitað sá, að verðtryggingarstefnan er ekki fyrst og fremst pólitísks eða efnahagslegs eðlis, hún er siðferðislegs eðlis. Það er réttur mannsins, hver sem hann er, barn eða gamall eða hver sem hann er, og leggur fjármuni inn í bankakerfið, að það sé tryggt að hann fái þá til baka á réttu verði. Þetta og þetta eitt er kjarni málsins. En ríkisstj. spilar í ónýtu lagakerfi í þessu landi, eins og við öll vitum hér inni að það er. Vitaskuld er það svo, að í lögum um efnahagsmál, 33. gr. laga frá 1979, sem stundum eru kölluð Ólafslög, segir ljóslega hvernig að skuli fara. — Því hefur verið breytt og það er miðað við árið 1981. — Hvað segir í þessari lagagr.? Og ég vil sérstaklega biðja hæstv. bankamálaráðh. að hlusta. Mín trúa er sú, að dómurinn, sem hann á eftir að fá fyrir sinn feril sem bankamálaráðh., sé að hann hafi verið maður sem framfylgdi ekki lögum. Ég nota ekki stærri eða sterkari orð þar um.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun á lögum um fuglafriðun, fsp. (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Lög um fuglafriðun eru nú úrelt orðin, en mjög mikil vinna hefur verið innt af höndum varðandi endurskoðun á þessum lagabálki og hefur frv. á grundvelli þeirrar endurskoðunar verið lagt fram á Alþingi nokkrum sinnum, síðast fyrir tveim árum. Þá bárust mjög viðamiklar aths. frá ýmsum aðilum og við, sem þá áttum sæti í menntmn. Nd., töldum eðlilegt að sú nefnd sem hafði unnið að samningu frv. fengi aths. til athugunar og ynni úr þeim, en síðan yrði nýtt frv. lagt fram á Alþingi á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem n. hefði komist að, og enn fremur með hliðsjón af breyttum kringumstæðum. Það hefur að vísu áunnist á síðasta þingi, að refsirammi laganna var færður undir almenn hegningarlög, þannig að leiðrétting hefur fengist að því leyti, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að taka almenn ákvæði fuglafriðunarlaganna til nýrrar skoðunar og er fsp. þessi flutt til þess að ganga úr skugga um, hvort hæstv. menntmrh. hugsi sér að leggja fram frv. um fuglafriðun nú á þessu þingi. Eins og fsp. er orðuð á þskj. 37 er hún svohljóðandi:

„Hvenær er þess að vænta, að frv. til l. um fuglafriðun verði lagt fram á Alþingi?"

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að lögin um fuglaveiðar og fuglafriðun eru á margan hátt úrelt orðin, en að sumu leyti var bætt úr þessum vanköntum, sem eru á lögunum, með lögum, sem samþykkt voru hér á síðasta þingi, þar sem sektarákvæðin voru mjög mikið hækkuð og færð til samræmis við gildandi verðlag í landinu í því formi að lagt er á vald dómara að ákveða sektir innan þess ramma að sektir verði aldrei hærri en 1 millj. kr.

En sem aðalsvar við þessari fsp. vil ég að það komi hér fram, að með bréfi dags. 18. okt. 1982 hef ég leitað til Búnaðarfélags Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skotveiðifélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands um að tilnefna einn fulltrúa hvert í nefnd til að endurskoða lögin um fuglaveiðar og fuglafriðun, en formann mun svo ráðh. skipa án tilnefningar. Í þessu bréfi er tekið fram, að æskilegt sé að þeirri skipan verði komið á að þeir sem búa í þéttbýli og hafa ekki aðgang að veiðilöndum eigi þess kost að kaupa leyfi til fuglaveiða.

Ég held að ég hafi reyndar ekki ástæðu til að svara þessu öðruvísi en svona. Ég tel að eðlilegt sé að athuga með hvaða hætti þessi lög verða nú tekin fyrir til endurskoðunar að nýju. Sú nefnd, sem fjallaði um þetta, vann að sjálfsögðu mjög gott verk og skilaði af sér frv., sem margir þm. muna vafalaust eftir að hefur verið lagt hér fram ár eftir ár, en aldrei náð fram að ganga. Ég held því, að það hafi verið eðlilegt að skipa nýja nefnd í þetta. Sú nefnd mun fljótlega komast á laggirnar og frv. að nýjum lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun eða frv. um breytingar á gildandi lögum verður lagt fyrir þing, þegar þessi nefnd, sem nú mun fljótlega hefja störf, hefur lokið verki sínu.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Það kom fram í þeim, að skipuð hefur verið ný nefnd til endurskoðunar á lögum um fuglafriðun í sömu andrá og fsp. þessi var lögð fram og hefur hún að því leyti gert sitt gagn, en á hinn bóginn hlýt ég að harma að ekki skuli hafa verið unnið að málinu síðan á vordögum 1981. En ég ítreka, eins og ég sagði áður, að það var skoðun menntmn. Nd. að þetta mál þyldi ekki bið, og höfðum við raunar vænt þess að ný endurskoðun á því frv., sem þá lá fyrir, yrði lögð fram á síðasta þingi.

Úr því að þessi vinna hefur ekki farið fram er ekkert við því að segja þó þetta dragist nokkuð, en ég vil beina því til hæstv. ráðh. að hann beiti sér fyrir því að nefndin taki störf sín alvarlega og reyni að ljúka störfum sem fyrst. Ýmis ákvæði eru úrelt, eins og ég sagði, í fuglafriðunarlögunum og nauðsynlegt að við áttum okkur á hvernig við viljum standa að fulgafriðuninni í framtíðinni og taka á ýmsum þáttum, sem þar skipta mestu máli, svo sem umgengni í kringum fiskvinnslustöðvar, sláturhús, eyðingu vargfugla, friðun á ýmsum andategundum og þar fram eftir götunum, auk þess sem nauðsynlegt er að endurskoða refsirammann, t. d. varðandi friðun fálkans svo að dæmi sé tekið, en mjög mikil eftirsókn útlendinga er orðin eftir fálkum og háum verðlaunum heitið erlendis ef menn geti með einhverjum hætti komist yfir íslenskan fálka.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en aðeins leggja áherslu á að þessari endurskoðun verði hraðað svo að nýtt frv. verði lagt fyrir Alþingi strax eftir áramótin og að hægt verði að samþykkja ný fuglafriðunarlög sem allra fyrst.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá ákvörðun hans að leggja ekki frv. það sem hefur verið að þvælast milli þd. hér á liðnum árum til grundvallar setningu nýrra laga um fuglafriðun og fuglavernd, heldur að láta vinna upp nýtt frv. á skynsamlegum forsendum. Það hefur áður verið tekið hér fram þrásinnis, þegar mál þetta hefur borið á góma, að frv., sem ekki hefur fengist afgreiðsla á í gegnum þingið, var fyrst og fremst grundvallað á hagsmunum æðarræktarbænda hér á landi og starf þeirra samtaka er góðra gjalda vert. En frv. um fuglafriðun og fuglavernd var í heild hlaðið ágöllum, vitleysum í mörgum tilfellum og vanhugsun að ýmsu öðru leyti. Ég hygg að það sé nú borin von að hægt verði að leggja fram nýtt skynsamlega grundað frv. fyrir næstu áramót, a. m. k. vildi ég gjarnan að betur væri staðið að undirbúningi þess en svo, að við gætum vænst þess að fá slíkt frv. fram á þessu ári, jafnvel því næsta. Það er orðin bráð nauðsyn að við fáum löggjöf um skotveiði á landi hér í nánum tengslum við friðunarlöggjöf, þar sem eðlilega verði staðið að friðun fuglategunda, umgengni um varplönd og þó ekki síst að kveðið verði með skynsamlegum hætti á um almannarétt á landi hér til veiðiskapar í tengslum við hin fyrri vandamál.

Lögmannskostnaður og ríkisábyrgð á launum, fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Eg hef á þskj. 31 ásamt hv. 1. landsk. þm. Pétri Sigurðssyni flutt fsp. til félmrh. um lögmannskostnað og ríkisábyrgð á launum. Þessar greiðslur eru samkv. lögum nr. 31 frá 28. mars 1974 og enn fremur samkv. breyt. á þeim lögum frá 5. mars 1979. Í sambandi við ríkisábyrgðina segir svo m. a.:

„Hafi launþegi krafist gjaldþrotaskipta eða hafið innheimtuaðgerðir vegna vanskila á greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar, sem honum er skylt að greiða í því sambandi."

Það sem fyrir mér vakir er með öðrum orðum að ganga úr skugga um hvort hæstv. ráðh. hafi í sambandi við ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot farið þá leið að halda sig við lögin eða greitt fleiri kröfur en þær sem koma inn í búið sem forgangskrafa, og hef ég þá m. a. í huga innheimtulaun málflutningsmanna, en hafa ber það í huga, að ríkissjóður gengur inn í þann rétt sem viðkomandi hefur haft varðandi forgangskröfur og ef hann fer út fyrir það vofir sú hætta að sjálfsögðu yfir að hann nái ekki sínu fé til baka. Að öðru leyti skýrir fsp. sig sjálf, en hún er svohljóðandi:

„1. Hve háum fjárhæðum var varið árið 1980 og 1981 til greiðslu launakrafna samkv. lögum um ríkisábbyrgð á launum við gjaldþrot?

2. Hve háar fjárhæðir voru á hvoru ári fyrir sig greiddar vegna gjaldþrots aðila í Reykjavík annars vegar og utan Reykjavíkur hins vegar?

3. Hvernig ákvarðar félmrn. greiðslur vaxta og innheimtukostnaðar, t. d. lögmannskostnaðar, við greiðslu þessara krafna? Eru sömu kröfur gerðar varðandi þessa liði og gerðar eru til sjálfrar launakröfunnar, t. d. að viðurkenndur sé forgangsréttur kröfuliða í viðkomandi þrotabúi?

4. Hvernig sundurliðast þessar greiðslur árin 1980 og 1981 í a) launakröfur launþega, b) lögmannskostnað, c) vexti?

5. Hvaða lögmannsskrifstofur hafa á umræddu tímabili fengið greiddar hæstar fjárhæðir vegna innheimtukostnaðar í sambandi við þessar kröfur og hve háar fjárhæðir er þar um að ræða til hverrar um sig, t. d. þriggja hinna stærstu?

6. Hver er hæsta fjárhæð sem hverjum einstökum launþega hefur verið greidd samkv. þessum lögum?"

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. gat um í inngangsræðu sinni eru lögin um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot upphaflega frá 28. mars 1974, en þeim var síðan breytt með lögum nr. 8 frá 1979. Veigamesta breytingin var í 2. mgr. 2. gr., en þar segir:

„Hafi launþegi krafist gjaldþrotaskipta eða hafið innheimtuaðgerðir vegna vanskila á greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar, sem honum er skylt að greiða í því sambandi."

Þegar lögunum var breytt 1979 var skotið inn orðunum „eða hafið innheimtuaðgerðir vegna vanskila á greiðslum." Þetta er ákaflega mikilvægt atriði, sem um nokkurra ára skeið hafði verið krafa uppi um af hálfu alþýðusamtakanna, að lögunum yrði breytt á þennan veg, vegna þess að það gerðist aftur og aftur að þegar launamenn þurftu að leita til dómstóla með launakröfur og höfðu af því mikinn kostnað vegna gjaldþrots atvinnurekandans, þá fengu þeir ekki málskostnað greiddan, en í mörgum tilfellum var hann allt að því jafnhár og höfuðstóll kröfunnar. Af þessum ástæðum var lögunum breytt 1979, eins og fram kemur í framsöguræðu hæstv. þáv. félmrh. þegar hann greindi frá lagabreytingunni á sínum tíma. Undan þessu var sem sagt mjög mikið kvartað og stéttarfélög höfðu lengi haft það á óskalista sínum að þessu væri breytt, enda kom þetta hreinlega í veg fyrir að menn legðu út í aðgerðir, jafnvel kostnaðarsama málsókn, til þess að fá rétt sinn dæmdan gagnvart gjaldþrota atvinnurekanda. Þetta vildi ég segja í tilefni af orðum hv. þm. um að hann vildi ganga úr skugga um hvort rn. hefði haldið sig við lög í þessu efni. Ég vænti þess að svo sé og það sé í rauninni hvergi hægt að finna dæmi þess að rn. hafi farið út fyrir þann lagaramma sem markaður er, enda ætti slíkt ekki að geta gerst.

Hins vegar vil ég taka það fram vegna orða hv. þm., að þann tíma sem ég hef verið þarna í rn. hefur mér verið það ljóst og mér finnst að lögin skilgreini ekki nægilega vel sjálf hvað eru vinnulaun og hvað er kostnaður. Þess vegna skipaði ég fyrr á þessu ári nefnd til að endurskoða lögin um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Formaður þeirrar nefndar var Hólmfríður Snæbjörnsdóttir lögfræðingur í félmrn. Nefndin hefur nú nýlega skilað áliti til mín. Það er svo skammt um liðið síðan hún skilaði því áliti að það er ekki komið enn á borð ríkisstj., en ég vænti þess að það verði fljótlega og að hv. alþm. fái tækifæri til þess að fjalla um málið í þinginu í vetur og þar með að glöggva sig á því hvort þarna hefur eitthvað misfarist og hvort einhverju má þá breyta. Það er ástæða til þess að breyta lögunum ef þau eru enn þá of óskýr, því að það skiptir auðvitað öllu að lög af þessum toga séu sem gleggst og skýrust til þess að embættismenn geti farið eftir þeim.

Vík ég þá að fsp. hv. þm. og þá er það fyrst: „Hve háum fjárhæðum var varið árin 1980 og 1981 til greiðslu launakrafna samkv. lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot?"

Á árinu 1980 voru greiddar 314 218 nýkr. og á árinu 1981 1 millj. 365 þús. 781 kr.

Í öðru lagi er spurt: „Hve háar fjárhæðir voru á hvoru ári fyrir sig greiddar vegna gjaldþrots aðila í Reykjavík annars vegar og utan Reykjavíkur hins vegar?"

Svarið er: Vegna gjaldþrots aðila utan Reykjavíkur voru greiddar 32 600 kr. á árinu 1980, en árið 1981 var þessi upphæð 286 227 kr.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvernig ákvarðar félmrn. greiðslur vaxta og innheimtukostnaðar, t. d. lögmannskostnaðar, við greiðslu þessara krafna? Eru sömu kröfur gerðar varðandi þessa liði og gerðar eru til sjálfrar launakröfunnar, t. d. að viðurkenndur sé forgangsréttur kröfuliða í viðkomandi þrotabúi?"

Svarið við spurningunni er á þessa leið: Vextir eru greiddir samkv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 302/1975, um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot, sbr. reglugerð nr. 128 frá 14. mars 1979, þ. e. almennir sparisjóðsvextir, sem voru til síðustu mánaðamóta 34% frá greiðsludegi allt að 18 mánuði aftur í tímann. Þessi reglugerð, sem er stofnreglugerð í þessu sambandi, er

gefin út 1. júlí 1975 og undirrituð fyrir hönd ráðh. af Hallgrími Dalberg og Guðmundi Karli Jónssyni, en viðauki við hana var gefinn út 14. mars 1979 og undirritaður af Magnúsi H. Magnússyni og Hólmfríði Snæbjörnsdóttur. Kostnaður er greiddur samkv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979. Ef launamaður hefur krafist gjaldþrotaskipta eða hafið innheimtuaðgerðir vegna vangreiðslu vinnulauna tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar sem honum er skylt að greiða í þessu sambandi. Nauðsynlegur kostnaður er ef launamaður hefur leitað til lögfræðings vegna vangreiðslu launa áður en atvinnurekandi hefur verið úrskurðaður gjaldþrota og lögfræðingurinn hefur hafið innheimtuaðgerðir, þ. e. skrifað innheimtubréf. Þá kemur innheimtukostnaður á kröfuna samkv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem er 250 kr. í grunngjald. Við bætast 25% af fyrstu 3 416 kr., 10% af næstu 23 045 kr., 5% af næstu 230 600 kr., 3% af næstu 515 230 kr. og 2% af því sem fram yfir er. Ef innheimtutilraunir takast aftur á móti ekki áður en atvinnurekandi er úrskurðaður gjaldþrota, ef innheimtutilraunir takast ekki áður en úrskurður er kveðinn upp og lögmaður höfðar mál til innheimtu kröfunnar, bætist við stefnubirtingarkostnaður, sem nú er 74 kr. Þar við bætist ferðakostnaður og þingfesting, 211 kr. Þá telst til þessa kostnaðar kröfulýsing í þrotabúið, nú 349 kr., og annað eins vegna kröfu á rn. um að krafan verði greidd úr ríkissjóði.

Í fjórða lagi er spurt: „Hvernig sundurliðast þessar greiðslur árin 1980 og 1981 í a) launakröfur launþega, b) lögmannskostnað, c) vexti?“

Á árinu 1980 voru greiddar 305 360 nýkr. til launamanna sem laun, orlofsfé og vextir og 8858 nýkr. í lögmannskostnað. Á árinu 1981 voru greiddar 1 millj. 278 þús. 360 kr. til launamanna, sem laun, orlofsfé og vextir og 128 þús. og 12 kr. í lögmannskostnað. Endurgreiðsla í ríkissjóð á árinu frá þrotabúum nam 40 543 kr.

Þá er spurt: „Hvaða lögmannsskrifstofur hafa á umræddu tímabili fengið greiddar hæstar fjárhæðir vegna innheimtukostnaðar í sambandi við þessar kröfur og hve háar fjárhæðir er þar um að ræða til hverrar um sig, t. d. þriggja hinna stærstu?“

Tveir lögfræðingar á lögfræðiskrifstofu Arnmundar Backmans hafa fengið greitt sem hér segir: Viðar Már Matthíasson vegna tveggja launamanna 2 646 kr. bæði árin, 1980 og 1981, og Sveinn Skúlason lögmaður vegna um það bil 50 launamanna á árunum 1980—1981 63 559 kr. Í annan stað hafa verið greiddar til lögmannsskrifstofu Arnar Höskuldssonar 51 562 kr. og til lögmannsskrifstofu Ingólfs Hjartarsonar 8400 kr. Ég hygg að þetta séu stærstu skrifstofurnar sem þarna er um að ræða.

Í sjötta lagi er spurt: „Hver er hæsta fjárhæð sem einstökum launþega hefur verið greidd samkv. þessum lögum?“

Starfsmenn rn. fóru í gegnum þær kvittanir sem gefnar hafa verið út og samkv. því sem okkur sýnist við þann yfirlestur er hæsta fjárhæð, sem greidd hefur verið, sennilega — ég tel það nokkuð öruggt — 86 þúsund kr.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað svo skýrt sem verða má þessari fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil nú byrja á að þakka hæstv. félmrh. svör hans. Í þeim kom m. a. fram, að rn. hefur túlkað heimildir sínar til greiðslu á lögmannskostnaði mjög frílega og fæ ég satt að segja ekki séð að öll þau miklu umsvif, sem hann lýsir, séu nauðsynleg til að tryggja viðkomandi aðila ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, sem hann lýsti. Hann talaði þar um ferðakostnað og hvað eina, stighækkandi skala vegna kröfu sem er í ríkisábyrgð, sem ég tel að sé algerlega ónauðsynlegt. Ég tel að ef ekki er um forgangskröfu að ræða eigi lögfræðingur ekki rétt á öðru en þóknun fyrir að skrifa bréfið, sem er um 300—400 kr., en eigi ekki rétt á fullum innheimtulaunum. Ég álít þess vegna að rn. hafi ekki gætt nægilegrar aðhaldssemi varðandi greiðslu lögmannskostnaðar á þessu tímabili. Ég vil í því sambandi vekja athygli á, að mjög verulegur hluti þessara greiðslna rann til lögmannsstofu sem aðstoðarmaður félmrh. rak á þessum tíma eða Arnmundur Backman, en þeir lögfræðingar sem þarna eru langhæstir hafa ýmist verið starfsmenn hans eða félagar. Mér sýnist að þar sé um nánast allan lögmannskostnaðinn að ræða og þeir hafi fengið í sinn hlut, Viðar Már, Sveinn Skúlason og Örn Höskuldsson, eitthvað í kringum 120 þús. kr. af þeim 136 þús. sem um er að ræða. Ég verð að líta svo á hins vegar, að það sé að vænta meiri festu í þessum málum þegar Alþingi fær þetta mál á ný til meðferðar og strangari ákvæði verða sett um það, eftir hvaða reglum skuli farið um greiðslur ríkissjóðs á lögmannskostnaði. (**Gripið fram í:** Eru hinir tveir óvinir Arnmundar Backmans?) Ég er ekki að tala um það, hv. þm., en hitt vekur athygli, þegar um greiðslur úr ríkissjóði er að ræða á vafasömum kröfum, til hvers greiðslurnar renna. Í lögum er skilið á um það, í hvaða tilvikum lögmannskostnaður skuli vera forgangskrafa. Ég tel að löggjafinn hafi markað línuna með því og ríkissjóður hafi átt að binda sig við að greiða fullan lögmannskostnað einungis þegar um það er að ræða að krafan var sett fram áður en til gjaldþrotaskipta kom, en á hinn bóginn hafi rn. ekki haft heimild til þess að greiða lögmannskostnað nema krafan hafi gengið inn í forgangskröfu viðkomandi aðila.

Nú má auðvitað lengi deila um hversu mikillar aðhaldssemi eigi að gæta í ríkisrekstri. En ég hygg að það sé rétt hjá mér, að í hinum almenna „praxís“ sé sú leið farin hjá lögmönnum að stilla sínum kröfum í hóf og krefjast ekki fulls innheimtukostnaðar þegar gjaldþrotaskipti eru komin áleiðis, heldur láti sér nægja að skrifa einfalt bréf og sjá svo hverju fram vindur. En þetta er aðeins eitt dæmi um það, ef ríkið á annað borð kemst í spilið, hvernig kostnaður allur hleypur upp úr öllu valdi, og áminning um að gæta meiri aðhaldssemi í framtíðinni en gert hefur verið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég stend upp til að mótmæla þessum ummælum hv. þm. mjög harðlega. Ég skora á hann að hlutast til um að það verði leitað til dómstóla til að kanna hvort rn. hefur farið út fyrir þann lagaramma sem það á að starfa eftir í þessu máli. Þeir embættismenn, sem með þetta hafa farið, eru alls trausts verðir að mínu mati. Það eru embættismenn sem um árabil hafa sinnt málum af þessum toga og þekkja þau mjög vel, menn bæði frá fjmrn. og félmrn. Ég kannast ekki við að þeir hafi farið út fyrir sín starfsmörk í þessum úrskurðum og ég kannast ekki við að rn. hafi yfir höfuð haldið þannig á málum að það sé að slugsa með almannafé, eins og hv. þm. fullyrti hér áðan. Ég tel að þetta séu ósæmilegar aðdróttanir, sem hv. þm. hafði hér uppi, og mótmæli þeim harðlega.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Út af ummælum hæstv. ráðh. vil ég aðeins ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel að engin efni standi til þess, þó svo að ríkisábyrgð sé á launum þegar fyrirtæki verður gjaldþrota, að verið sé að hygla sérstaklegą lögmönnum af því tilefni, ef sú krafa sem lýst er hefur ekki forgang og lögfræðikostnaðurinn hefur ekki forgangsrétt. Ég tel að lögfræðingarnir verði að sitja þá við sama borð og aðrir, þó þeir á hinn bóginn eigi rétt á því að fá smávegis þóknun fyrir að skrifa nokkrar línur annars vegar til borgarfógeta og hins vegar til félmrn. til að létta undir með stéttarfélögunum, að þau geti haldið á málefnum umbjóðenda sinna.

En hitt er svo allt annað mál, og skal ég ekki fara út í þær umr. nú, að ég tel að stéttarfélögin geti vel tekið þetta ómak af viðkomandi launþegum og skrifað þessi bréf launþegum að kostnaðarlausu og þar með ríkissjóði, því að þetta er ekkert verk, nokkrar línur. En að vera að greiða fyrir þetta háar upphæðir og hygla þannig gæðingum hæstv. ráðh. er siðlaust.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 2. nóv., að loknum 11. fundi.

Rafvæðing dreifbýlis, þáltill. (þskj. 61). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár (frh.).

Vilmundur Gylfason (frh.): Herra forseti. Ég var þar kominn í máli mínu í gær að ég var að gera grín að hv. 1. þm. Austurl. og hann sat í sæti sínu sem vígahnöttur í myrkri þegar rafmagnslaust var orðið. En umr. skal fram haldið.

Inntakið í meginrökum að því er varðar vaxtastefnuna í landinu er ekki að verðtryggingarstefnan sé í sjálfu sér röng, því hún er það ekki. Í annan stað, sem auðvitað skiptir meginmáli, er verðtryggingarstefnan siðferðileg fremur en hún er efnahagsleg. Við vitum að sparendur fjár í þessu landi eru í fyrsta lagi fullorðið fólk, — sumpart fólk sem hefur ekki áttað sig á fjármagnsskriðinu, — í annan stað ungt fólk og í þriðja stað almennt launafólk með þvinguðum sparnaði hvers konar, og getur jafnvel aðeins verið átt við að menn leggi laun sín fyrir í byrjun mánaðar og eyði þeim ekki fyrr en kemur að síðari hluta hans. Misnotkunin, niðurlægingin og virðingarleysið, sem átti sér stað á íslenskum peningamarkaði meðan bilið var sem mest og vextir voru sem neikvæðastir, var vitaskuld með þeim hætti að engum orðum nær, — völdin sem skömmtunarstjórunum voru færð, staðan sem þeir voru settir í og niðurlægingin, sem almenningur sem til þeirra þurfti að leita, fann til. Ekki má gleyma að kerfið hefur lagt upp í hendurnar á þessari stétt ríkisforstjóra — einn situr nú hérna fyrir framan mig — slík völd að allur þorri þjóðfélagsþegnanna þoldi, mismunandi mikla að vísu, niðurlægingu af höndum þessara manna, enda vitandi að menn komu til að biðja um gjafafjármagn að hluta, og auðvitað er það ekki sterk samningsstaða og skal fúslega virt þeim mönnum til vorkunnar.

Í æsingarræðu sinni í gær sagði hæstv. félmrh. að raunvaxtastefna Alþfl. hefði brugðist. Þetta er rangt af ótalmörgum ástæðum og þá fyrst þeirri ástæðu helstri, að verðtryggingarstefnan hefur aldrei verið reynd hérna. Það er svo kapítuli út af fyrir sig, að í 33. gr. svokallaðra Ólafslaga eða laga um efnahagsmál o. fl. eru skýr ákvæði um að í áföngum skyldi takmarki verðtryggingar náð fyrir gefinn tíma. Því var að vísu breytt og við skulum vera sanngjarnir og miða við 1981. Hitt er svo annað mál, að í 37. gr. nefndra laga er sagt að ríkisstj. skuli setja sérstakar reglur, eins og það er orðað, um rekstrar- og afurðalán. Í reynd hefur það komið svo út, að afturhaldsstjórnin, sem setið hefur síðan, hefur túlkað þessi lög þannig að vextir fyrir launamenn séu eitt og vextir fyrir fyrirtæki séu annað. Vitaskuld eru alveg klár ákvæði í lögunum að vextir skuli vera raunverulegir, að lán skuli vera verðtryggð. Þetta ákvæði í 37. gr., um að sérstaklega skuli farið með svokölluð rekstrar- og afurðalán, kemur auðvitað á eftir hinu. En menn hafa framkvæmt þetta öðruvísi.

Í landinu hefur síðan 1980 setið ein ríkisstjórn. Látum vera þó að í henni séu þrír íhaldsmenn og látum vera þó að þeir vilji skilja á milli og hafa annars vegar launamannavexti og hins vegar fyrirtækjavexti og látum vera þó að þeir vilji hafa fyrirtækjavextina lægri. Hvað eru rekstrarlán? Halda menn að öll svokölluð rekstrarlán fari í uppbyggingu fyrirtækjanna? Eru íslenskir atvinnurekendur hættir að éta og hættir að keyra í bílum? Þetta er auðvitað óheiðarlegt kerfi, svo gegnumóheiðarlegt, enda er það misnotað. Látum samt vera þó að sjálfstæðismennirnir þrír, sem í ríkisstj. sitja, séu að mönd la með sérstaklega lága fyrirtækjavexti. Svo er afurðalánasukkið allt saman, sem á náttúrlega að taka á sérstaklega. Menn eru að búa til einhvern sérstakan siðamælikvarða fyrir það, að ef birgðir hlaðist upp eigi menn samkv. sérstökum reglum kost á sérstökum lánum á góðum kjörum. Látum vera þó að fyrirtækjaflokkurinn í landinu, sem auðvitað á ekkert skylt við neitt sem heitir frelsi í þeim efnum, sé þeirrar skoðunar að fyrirtækjavextirnir skulu vera sérstaklega lágir. Auðvitað var vandræðaleg ræða hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen hér í gær, þar sem ómögulegt var að skilja hvort hann stóð með Seðlabankanum eða ríkisstj., enda einn vandræðaskapur upp og niður og út í gegn. En látum það allt vera. Og látum vera þó að forstjóri Framkvæmdastofnunar hafi 29% eða 28% eða hvað þeir eru í sinni þokkalegu stofnun, við sitt þokkalega iðjufar. En kommarnir í stjórninni, launamannaflokkurinn, af hverju þola þeir 20% hærri vexti á launamannalánum en á fyrirtækjalánum? Hver er mórallinn, hver er hugsunin, hver er pólitikin í þessum efnum? Auðvitað vill íhaldsarmurinn í stjórninni, og er þó varla skiljanlegt á milli, fá fyrirtækjavextina lægri. En ekki hvað! Og auðvitað heitir það svo sem atvinnuvegirnir séu að stöðvast. Þeir eru að því á tveggja mánaða fresti og auðvitað heitir það svo. Þetta er byggt á upplýsingum sem fyrirtæki gefa um sig sjálf. Ég get varla bent á nokkurt fyrirtæki sem farið hefur á hausinn þrátt fyrir allar hótanirnar aftur og aftur undanfarin ár. Það er þetta sem er.

Ég veit vel að það var þáv. 1. þm. Austurl. sem var með þetta á heilanum og kom þessari setningu inn í 37. gr. nefndra laga um efnahagsmál um sérákvæði. Látum vera með afurðalán. Það er þó sérstök hugsun í þeim. En rekstrarlán. Hvað þýðir orðið rekstrarlán? Og er ekki maður sem á fyrirtæki neytandi líka? Eins og ég segi, étur hann ekki? Keyrir hann ekki bíl? (**Gripið fram í:** Eru rekstrarlánin til þess?) Ég er að segja að þau eru notuð til þess í stórum stíl. Ég skil vandræðaskapinn. Það er þetta sem er kjarni málsins og það, að þessi ríkisstj. skuli vera

að eyðileggja siðlegt inntak verðtryggingar með því að skilja á milli launamannavaxta annars vegar, sem eru firna háir þó að þeir séu enn undir markinu, og fyrirtækjavaxta hins vegar. Það er það sem er óhugnanleg pólitísk viska. Vitaskuld vilja fyrirtækjaeigendur eins og allir aðrir menn, og það skal þeim ekki láð, sem best kjör sér til handa. Það var ekki spurt um móral í slíkum efnum, það hefur aldrei verið gert í sögunni og er ekki gert núna. Vitaskuld vilja þeir borga lægri laun og ekki hærri laun. Vitaskuld vilja þeir hafa fjármagnið sitt meira niðurgreitt og ekki minna niðurgreitt. Það er ofureðlilegt og er ekki verið að finna að því í sjálfu sér. En það er verið að finna að stjórnvöldum, sem hafa gefist upp, sem ganga út frá þessari mismunun og öllu því sukki og því innbyggða ranglæti sem svona skömmtunarkerfi hlýtur að bera í sér. Og hæstv. bankamálaráðh., sem á að bera ábyrgð á framkvæmd þessa kerfis, hefur ekki framkvæmt lög. Hann gengur aftur í söguna sem ráðh. sem framkvæmdi ekki lögin sem er uppálagt. Ríkisstj. kemur hér, aðallega kommaráðherrarnir í gær, hæstv. ráðh. Alþb., og lýsir þeirri persónulegu skoðun sinni að ráðh. séu á móti lagagr. eins og þær standi. Gott og vel. Það er auðvitað þeirra réttur að vera á móti lagagreinunum eins og þær standa. En fyrst breyta menn lögum og síðan hegða menn sér eftir hinum nýsettu lögum. Þeir neita ekki að framkvæma lög og koma svo og lýsa þeirri persónulegu skoðun sinni að þeir séu á móti lögunum hvort eð er. Þetta sýnir auðvitað að lagakerfið í landinu er ónýtt. Ekki þarf að loka bankamálaráðh. inni. Við gerum ekki slíkt. En við gerum það við marga aðra lögbrjóta. Við bara lokum þá inni. Og hver er munurinn, ef menn hugsa það grannt? Það er auðvitað rétt, að lögskýringastéttin í landinu hefur verið alin upp af tveimur stjórnmálaflokkum fyrst og fremst og með árangri sem blasir við út um allt samfélagið. Þetta er samfélag sem ekki hlýðir lögum. Hér er ríkisstj. sem ekki hlýðir lögum. Það er ein af skelfingum þessa samfélags þess utan, að þetta er ónýtt lagakerfi. Við horfum á 33. og 37. gr. nefndra laga. Ráðherrar, sem standa hér í ræðustól, segjast vera á móti efni laganna, framkvæma þau þess vegna ekki og segja svo að einhvern tíma í framtíðinni eigi kannske að breyta þessum lögum. Það er það sem er skelfilegt.

Þegar talsmenn jafnaðarmanna kynntu raunvaxtastefnuna hér fyrst eða verðtryggingarstefnuna, þá fylgdi alltaf og ævinlega eitt. Þessi stefna gengur ekki upp þrátt fyrir allt sitt siðlega inntak nema eitt fylgi. Og það varðar lán til húsnæðismála. Það er staðreynd og kemur út af fyrir sig stjórnmálaskoðunum ekki við, að húsnæðisvandamál fólks hafa hvergi í veröldinni verið leyst með svokölluðu frjálsu framtaki. Við þurfum velferðarkerfi af einhverju tagi til að undirbyggja þannig að grundvallarmannréttindum manna sé fylgt, að menn hafi hús að búa í. Það á að vera stolt hvers samfélags að hafa gott kerfi í þeim efnum, sem fólk á góðan, sanngjarnan, réttlátan aðgang að. En af þeim sem fyrstir boðuðu þessa stefnu og með stolti segja: ég er einn af þeim, — þá sögðum við ævinlega: Þetta gengur ekki nema afborgunarbyrði af húsnæðismálum sé lengd og hún sé létt. Það eru skelfileg dæmi um fólk sem hefur lent í því vegna þess að þetta hefur ekki verið gert. Þm. jafnaðarmanna í Ed., hv. 2. þm. Reykn. o. fl., hafa á tveimur þingum flutt frv. um að bankakerfið grípi þarna inn í. Auðvitað sjá menn að verðtryggingarstefnan, þrátt fyrir allt sitt almenna réttlæti, sem er mikið, gengur ekki nema húsnæðislánakerfið sé tekið út fyrir sviga og leyst sérstaklega, þó ekki væri nema þegar af þeirri ástæðu að hvergi í veröldinni búa menn við jafnrétti og siðsemi í húsnæðismálum nema það sé með félagslegu inngripi af einu eða öðru tagi. Og þá ekki hér. Og þess vegna varð að gera þetta. Hin hroðalegu mistök þessarar ríkisstj. eru þau að hafa svikið í húsnæðismálum. En af hverju svikið? Það er ekki alltaf svo að þessir herramenn hafi talað í þeirri tóntegund um verðtryggingu sem þeir notuðu hér í gær, og á ég þá aðallega við kommaráðherrana.

Í aths. með fjárlagafrv. í fyrra, frá 1981, segir svo á bls. 166, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðtrygging útlána fjárfestingarlánasjóða hefur styrkt fjárhagslega stöðu þeirra verulega og er ekki jafnmikil þörf og áður á að sjá þeim fyrir óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði."

Það eru fleiri aths. af þessu tagi hér. Ég minni á þjóðhagsáætlun á sama tíma. Hæstv. fjmrh. Alþb. mælti fyrir þessu plaggi, hæstv. forsrh. mælti fyrir hinu plagginu. Það var ekki annað að heyra en það sem þó hefði horft til jafnvægisáttar í ríkisfjármálum, sem skal viðurkennt að gerðist, rektu þeir beint til verðtryggingar. En hvað er gert núna? Það sem gerðist var auðvitað það, að fyrir einu til einu og hálfu ári komu fylkingar fyrirtækjaeigenda til ábyrgðarmanna hæstv. ríkisstj. og höfðu í hótunum og heimtuðu betri kjör af lánsfjármagni, eins og þeir kalla það, m. ö. o.: niðurgreiðslu á þeim „fronti". Og ríkisstj., sem stöðugt er að segja fólkinu í landinu að nú þurfi að fara að herða sultarólarnar og nota þennan skelfilega kreppufrasa og óþarfa og eigi að fara að skerða kjörin núna um 10—11%, gafst upp á þessum „fronti". Skoði menn hlutföllin af fyrirtækjalánsfénu annars vegar og launamannalánsfénu hins vegar? Fyrir hverju er verið að gefast upp? Ef það væri til bandalag einstaklinga, launamanna, sem eiga lán í bönkum, ef það væru fulltrúar þeirra sem koma til ríkisstj. En það er ekki. Ef það væri til bandalag húsbyggjenda. Það er ekki. Kröfurnar eru ekki fleiri. Skoði menn umr. í kringum fiskverðið, hverjar kröfurnar voru hjá þessu fólki. Það voru atvinnurekendur — fjölmargir af þeim eru auðvitað óhæfir til þess að reka fyrirtækin ef við höfum kerfi sem gerir ekki upp á milli manna í slíkum efnum — sem báðu um ívilnun og tilslökun af hendi ríkisvaldsins fyrir sinn auma rekstur í formi niðurgreiðslu á lánsfé, og ríkisstj. lét undan. Látum vera þó að hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen láti undan. Látum jafnvel vera með hæstv. ráðh. Tómas Árnason, sem aldrei hefur verið sterkur á neinu svelli hvort sem er. En ráðherrar Alþb., launamannaparturinn í ríkisstj., hvar voru þeir? Og hvernig stóð á því og stendur á því að þeir skrifa upp á efnahagsáætlun sem hefur lága fyrirtækjavexti og háa launamannavexti? Það er málið. Síðan kemur hér hæstv. félmrh. Svavar Gestsson og hann segir, þegar ríkisstj. sem situr hér er í andarslitrunum: Verðtryggingarstefna, raunvaxtastefna Alþfl., hefur brugðist. Af hverju er það hún sem hefur brugðist? Hvernig getur sú stefna hafa brugðist að fullorðinn maður eða barn, sem leggur 100 kr. inn í banka, fái 102 í árslok eða 101 eða bara 100? Hvernig getur sú stefna brugðist? Og hvaða mórall er hjá þeim sem telja að ógæfu þjóðfélagsins í efnahagsmálum sé að rekja til þeirrar staðreyndar að til er stjórnmálaflokkur í landinu sem vill að barnið, sem á 100 kr. í banka í ársbyrjun, eigi að raunvirði 101 í árslok? Er það það sem hefur brugðist? Það er undarleg samfélagsgerð og undarlegt pólitískt innræti hjá hæstv. félmrh., sem kemur í ræðustólinn og er sennilega raunverulega þessarar skoðunar. Það er allt í lagi með útgerðarrekendurna. Það er ekki um að tala vanrekstur þeirra eða vanhæfni á einu eða

neinu. Nei, nei, nei það er barnið og gamla fólkið. Kröfunni um að sparifé þess standi kyrrt hefur mistekist að framfylgja að mati hæstv. ráðh.

Hv. 1. þm. Reykn. talaði hér í gær. Ég vildi nú, eins og einn ráðh., — ég man ekki hver það var — spyrja hann til að hann svari því fyrir hönd Sjálfstfl.: Er Sjálfstfl. með eða á móti tillögum Seðlabankans? Ég er með þeim. Það er mjög einfalt. (**Gripið fram í:** Gengur Seðlabankinn nógu langt?) Og í annan stað væri fróðlegt að heyra hvað hv. þm. Matthías Bjarnason segir. (**MB:** Það kemur að því.) Já, því miður kemur að því. Málið er það, að í fyrsta lagi er skoðun okkar að það á hvorki að telja vexti upp eða telja vexti niður. Það á að telja þá rétta. Vextir eiga að vera réttir, svo að þeir sem eiga féð, sparifjáreigendur, fái sitt. Við verðum að átta okkur á því hverjir það eru sem eiga sparifé. (**Gripið fram í:** Sparifjáreigendur.) Það er gott. Það eru sparifjáreigendur. Og hverjir eru sparifjáreigendur? (**StJ:** Þeir sem eiga sparifé.) Já. Ég verð að segja að mér þykir róttæka bandalagið, bandalag íhalds allra flokka í þessum málum, vera heldur taugaveiklað og ég skil það vel. Þessi taugaveiklaði hlátur breiddist um salinn og ég skil það vel. Þetta er ekki *málflutningur í þágu ríka fólksins.* Það er það grundvallaratriði sem mestu máli skiptir. Fyrir því eru alls konar ástæður á Íslandi, sem eiga sér rætur langt aftur. En hverjir eru það sem hafa skaðast þegar sparifé hefur brunnið upp? Og horfi menn bara yfir sviðið. Vitaskuld eru þetta pólitísk átök. Horfi menn yfir sviðið, horfi menn á sitt nánasta umhverfi, þar sem menn þekkja best til. Það getur hver svarað fyrir sig. Hitt þarf ekki að koma neinum á óvart, að öðru hverju gerist það — það gerist á nokkurra mánaða fresti — að eigendur atvinnufyrirtækja koma og hóta allsherjarstöðvun. Síðast gerðist það með flotann fyrir nokkrum mánuðum. Menn eru alltaf að því. Sömu menn tala um óábyrga launþegaforustu aftur og aftur, hafa í hótunum við hana, hún sé að vinna gegn þjóðarhag. En þetta er allt saman kjaftæði. Horfi menn yfir útgerðarsviðið í sumar, þegar þeir hótuðu allsherjarstöðvun. Hvar var þjóðarhagur þá? Og hvað fengu þeir? Það var liður í svokallaðri lausn ríkisstj. Jú, jú, lækkun vaxta. Þeir hótuðu stöðvun. Þeir fengu lægri vexti. Þetta er auðvitað einfalt hagsmunamál. Það blasir við og það sér hver maður.

Að því er varðar tillögur Seðlabankans að mörgum forsendum gefnum, þá er ég þeirrar skoðunar að vextir eigi að vera réttir. Mér er það ljóst, að klúður þessarar hæstv. ríkisstj. er slíkt að lagfæring mun enn taka tímann sinn og fyrst og síðast koma þar svikin í húsnæðismálunum. Þegar við jafnaðarmenn fluttum frv. fyrst hér á Alþingi á fyrstu dögum þingsins haustið 1978 og það var síðan í grundvallaratriðum tekið upp í 33. gr. Ólafslaga, ákvæði þar til bráðabirgða, þá var margundirstrikað — eins og menn geta séð í þskj. og hvar sem er — að þetta hangir saman við félagslegar annars konar lausnir á húsnæðismálunum. Það er kjarni málsins. Og ríkisstj. hefur svikið það, getur ekki annað og gerir ekki annað í og með vegna þess að t. d. hæstv. ráðh. Alþb. *hafa aldrei skilið raunvaxtastefnuna, hafa verið á móti* henni frá upphafi. Það er ekki von á að slíkir menn verði að gagni. Í mars eða apríl 1979, þegar við vorum saman í ríkisstjórn, jafnaðarmenn, Alþb.-menn og framsóknarmenn, og þegar Ólafslögin voru samþ. hér og það hét svo að Alþfl. hefði fengið mikið fram, liðu ekki nema nokkrir dagar uns Þjóðviljinn byrjaði að ráðast á okkur í leiðurum og fullyrti að við ættum að sjá hvernig færi með húsbyggjendur. Dag eftir dag réðust þeir á okkur þegar kom að fyrstu hækkununum 1. júní og 1. sept., og það var eftir eina slíka aðför sem stjórnin sprakk haustið 1979. Við höfundar laganna sátum undir stöðugum árásum eins stjórnarflokksins. Vitaskuld eru verðtryggðir vextir erfiðari, og hugsum það orð í gæsalöppum, „erfiðari", fyrir þann sem lánið tekur en niðurgreiddir vextir. Það segir sig alveg sjálft. Hægt er að undirstrika það. En á hinn bóginn fá fleiri lánin þegar þau eru verðtryggð og *minna fer í súginn í ónýtar og einskis nýtar fjárfestingar.* Þar liggur sparnaðurinn.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér um þessi efni, vantar eftir þessa hækkun, sem orðið hefur að tilhlutan Seðlabankans enn mikið á að raunvextir svokallaðra almennra útlána — þá er átt við víxla, hlaupareikninga og skuldabréf — séu jákvæðir. Þeir eru enn neikvæðir um á bilinu 8—10% eftir því hvernig reiknað er. Og um hvað eru menn að tala? Þetta eru enn neikvæðir vextir, þessir vaxtarverkir sem ríkisstj. er að taka út. Eins og hv. 2. þm. Reykn. orðaði það hér í gær: Þetta er spurning um hvort hinn fullorðni þjóðfélagsþegn, því að oft er þetta það fólk, sem leggur 100 kr. inn í ársbyrjun, fær 70 eða 80 kr. í árslok. Það er allt og sumt. Ríkisstj. engist í átökum sundur og saman og upp og niður um hvort fullorðni maðurinn fær 70 eða 80 kr. fyrir hverjar 100 kr. Það er undarleg ríkisstj. og undarleg vinstri stefna, vildi ég segja, að flytja peningana til svona. Hvað halda menn að vaxtamálin snúist um í grundvelli sínum? Þetta er flutningur á fé frá sparifjáreigendum til þeirra sem fá 3/4 af lánum, fyrirtækjanna, og þetta er spurning um hvort rýra eigi hjá sparifjáreigendunum til að geta niðurgreitt lán hjá fyrirtækjunum. Það er ekki að furða þótt Gunnar vilji hafa þetta svona. Hann hefur staðið fyrir því alla tíð, þeirri uppreisn, það er engin furða. En það er furða með piltana þrjá í ríkisstj., hæstv. ráðh. Alþb. Það er mikil furða að þeir skuli enn ekkert vera nema þrír litlir Lúðvíkar, að þeir skuli reka hér heimspeki hv. fyrrv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Það er augljóst að Þröstur Ólafsson og Ólafur Ragnar hafa ekki getað komið fyrir þá vitinu ennþá í þessum efnum, því að ég er sannfærður um að þeir tveir menn eru annarrar grundvallarskoðunar en litlu Lúðvíkarnir þrír í ríkisstj. Ég er sannfærður um að það er heimspeki hv. fyrrv. þm. Lúðvíks Jósepssonar sem ræður. Ég minni á að þegar við deildum hér um þetta fyrst haustið 1978, þá réðist hann að okkur jafnaðarmönnum af mikilli hörku, eins og hans var von og vísa, og fann okkur það helst til forráttu að við hefðum aldrei rekið hænsnabú, eins og hann orðaði það. Hv. þm. Lúðvík fann að því að við skyldum aldrei hafa verið atvinnurekendur og hafa ekki reynslu sem slíkir. Mér er ljóst að við erum að tala frá svolítið mismunandi sjónarhólum í þessum efnum. En að eftirmennirnir þrír skuli koma í halarófu á eftir gæsamömmu og endurtaka þessi vitleysisrök hver um annan þveran er hryggilegt. Það er hryggilegt fyrir framtíð íslenskrar vinstri stefnu að það skuli vera orðin örlög þessara manna að sitja í ríkisstj. sem greinir á milli vaxta, hinna háu launamannavaxta, þó ekki raunvaxta, og mjög lágra fyrirtækjavaxta og flytur fjármagn miskunnarlaust til.

Þeir segja að það þurfi að herða sultarólina. Þeir eru hér með brbl. — Hæstv. viðskrh. mismælti sig nú reyndar í gær eða hélt að búið væri að leggja þau fram, en það er ekki búið. — Um hvað fjalla þau brbl.? Um að taka af launafólki 10—11% af launum af því að það þarf að herða sultarólarnar, eins og þetta kreppufólk tekur til

orða þegar á þarf að halda. Herða sultarólarnar? En hvað er réttari leið, — við skulum nota það kreppuorð, herða sultarólarnar, — heldur en að lánsfjármagnið gangi á réttu verði? Auðvitað eiga einhverjir að herða sultarólarnar, fyrst og fremst fyrirtækin. Hluti af lánakerfinu á svo að vera á félagslegum grunni, tekinn út fyrir sviga, fyrst og fremst húsnæðislánakerfið. Ef við hefðum alvöruríkisstj. og værum að leysa málið með þessum hætti, hugsið ykkur hvaða gagn og greiða við værum að gera samfélaginu ölu. — Hún mundi þá reka þennan mann á morgun og hækka vextina þar. Alvöruríkisstj. ætti vitaskuld að reka hann á morgun. Það eru 28—29% svindlvextir þarna hjá Framkvæmdastofnun, sem er náttúrlega æpandi dæmi um óheiðarleik í þessu kerfi öllu, fyrir utan það að maðurinn er búinn að sitja hér bæði sem þm. og framkvæmdavaldshafi, sem er mál út af fyrir sig. Þeir hafa komið og gortað hér af því að hafa hækkað vextina frá 22% upp í 28% og ætlast til að þingið klappi fyrir sér. Hverjir fá lánin? Skoði menn listana. Þeir mega eiga það að þeir birta lánalistana, sem er þó til fyrirmyndar.

Svo tala þessir menn núna eins og vandinn sé verðtrygging. Þvílíkur vanskilningur! Vandinn er auðvitað ekki verðtrygging. Vandinn er ekki sá að reyna að tryggja fullorðnu fólki, börnum, almennu launafólki, að eignir þess, og réttmætar eignir, brenni ekki upp. Það getur ekki verið vandi nokkurs manns eða nokkurs þjóðfélags. Vandinn er sá, að verðbólgan er of há. Vandinn er sá, að þegar útgerðin krefst þess að fá hærra fyrir sínar afurðir erlendis og menn láta það flæða yfir samfélagið allt í formi gengisfellinga rjúka þessar tölur upp. Við erum að reyna að tryggja börn og gamla fólkið, að það verði ekki út undan, að það þyngist ekki á þeim að sama skapi. Ég man eftir því þegar ég var að alast upp hér á viðreisnarárunum og Þjóðviljinn kom inn um dyrnar hjá okkur á morgnana. Þar var mynd af krónu sem átti að sýna siðleysi — og það var alltaf hreint sama krónan og birt vikulega — viðreisnarinnar. Svo var alltaf höggvið í hana, eins og 10% á ári. Þetta hefur hún rýrnað, sagði Einar gamli Olgeirsson og fleiri. Þetta var alveg rétt hjá þeim. 10% verðbólga var mikil. Krónan rýrnaði um þetta. Og þeir sýndu sparifjáreigendurna og þeir sýndu sitt fólk. Skoði menn þetta núna. Skoði menn mismuninn. Hvar er hann, ungi blaðamaðurinn sem þá var? Lesi menn ræðuna hans frá því í gær og hugi menn að myndinni af krónunni sem rýrnaði um þetta litla brot í þessum efnum en ekki meira þó vegna þess að þá, þrátt fyrir allt, þrátt fyrir utanríkispólitíkina og þrátt fyrir allt, stóðu þessir menn fyrir eitthvað sem kalla má móral í samskiptum manna, móral í viðskiptum. Menn gera það ekki lengur. Þessar myndir voru réttar. Það var gagnrýni vert, að viðreisnin skyldi vera með 9—10% verðbólgu meðan hún var 3—4% í öllum viðskiptalöndum okkar. Það var skelfilegt. Maður varð að vera sammála þessum vikulegu forsíðum Þjóðviljans að því leyti til.

En einn talsmaður útgerðar hefur þó mælt betur og skynsamlegar en þeir hafa gert um langa hríð og það er Ágúst Einarsson, sem er hagfræðingur hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Á baksíðu eins dagblaðanna um helgina er hann spurður um þetta. Þetta er í Morgunblaðinu. Hann segir ekki það sem að þessu leytinu til er Morgunblaðinu alveg þóknanlegt, því hann segir — og ég vitna í viðtalið, með leyfi hæstv. forseta:

„Annars eru vextir einföld afleiðing verðbólgunnar í landinu og meðan ríkisvaldið gerir ekkert til að lækka verðbólguna, þá er ekki hægt að búast við öðru en að vextir hækki í samræmi við hana. Vextir munu ekki lækka hér á landi fyrr en tekist hefur verið á við verðbólguna.“

Þetta er auðvitað hárrétt. Þetta er kjarni málsins. Svik ríkisstj. í fyrsta lagi við sparifjáreigendur og í öðru lagi við húsbyggjendur, sem hvort tveggja eru mikil, eru fólgin í því að verðbólguhæðin skuli vera sennilega yfir 60%. Það eru hin raunverulegu svik. Þeir ætla að koma henni niður. Þeim hefur mistekist. Hvað með niðurtalninguna, sem er náttúrlega fimmaura brandari í þjóðfélaginu? Hvar er hún? Hverju lofuðu þeir? Ríkisstj. sem svíkur má sitja á 31, ég er alveg með á því, lögfræðilega. Jafnvel þótt Friðjón Þórðarson og Eggert Haukdal labbi út getur hún setið fræðilega á 30:30 og það er allt í lagi með það. Hún má sitja þess vegna. Hún ver sig vantrausti og er í sínum rétti og hefur ekkert að segja þó að ríkisstj. eigi að koma lögum í gegn. Þetta er allt rétt hjá dr. Gunnari. En ríkisstj. hefur svikið að ætla með niðurtalningu að koma verðbólgunni niður. Hún hefur þar með svikið sparifjáreigendur og þar með svikið húsbyggjendur og svikið alla. Hún á að fara. Og það er þess vegna.

Bankamálaráðh. hefur lög um að vextir skuli vera réttir og það átti að vera orðið svo fyrir einu og hálfu ári rúmlega. Hann hefur svikið. Hann framkvæmir ekki lög. Í Bretlandi væri auðvitað flutt vantraust og samþykkt 59:1 á svona mann — eða 2 kannske, Stefán Valgeirsson, — en ekki hér. Og það er skelfilegt. Mitt mat er að kynslóðin sem kemur á eftir okkur leggi á það þungan dóm þegar hún horfir á verðbólguna, vextina og hæstv. bankamálaráðh., þessa þrenningu. Geðleysið, að sitja og láta sem ekkert sé, er kannske alvarlegast. Svo kemur hæstv. félmrh. hér í gær og hann ætlar að reyna að klína þessu á okkur jafnaðarmenn. Það er eins og hann hafi ekki vitað um tillögur okkar í húsnæðismálum, hafi ekki vitað að það var ævinlega undirstrikað að taka húsnæðislánakerfið út fyrir sviga.

Eitt til viðbótar. Ég vitna eftir minni í þjóðhagsáætlun frá því í fyrra, sem hér var mælt fyrir. Þar var, eins og vonlegt var, ríkisstj. hrósað. Eins og allar ríkisstj. á hún náttúrlega hrós skilið fyrir sumt og ekki eru þetta vondir menn, ekki neitt slíkt. En hvað var aðalhrósið og mest undirstrikað? Jú, það var að innlán í bankakerfinu hefðu aukist. Hverju var þakkað? Jú, verðtryggingunni. Það er rétt, að vextir voru í þann tíð minnst neikvæðir. Það vantaði ekki að þá hrósuðu þeir sér. En nú skamma þeir okkur. Það er undarleg hringrás í þessum málum. Stjórnin er í andarslitrunum. Það er verðtryggingarstefna Alþfl., segja þeir. Alþfl. er búinn að vera í stjórnarandstöðu á þriðja ár. Af hverju breyttu þeir ekki lögunum, a. m. k. meðan þeir höfðu Haukdal og meiri hlutann, og komu þá á þeim verðtryggingarlögum sem þeir vildu og framfylgdu þeim? Af hverju brutu þeir lög? Af hverju hefur bankamálaráðh. brotið lög? Það er undarlegt að sitja og segja ekki neitt. Það er það eina sem hann getur sennilega.

Það hafa orðið hér undarlegar umr. Ríkisstj. er komin í hár saman við Seðlabankann, sem lögum samkv. á að ákveða þessa hluti; í seðlabankalögunum, 13. gr., frá 1961. Síðan eru ráðherrarnir innbyrðis komnir í hár saman. Látum allt þetta vera. Svona ágreiningur á að fara fram fyrir opnum tjöldum, það er ekkert verið að finna að því. Seðlabankinn á að hlusta á ríkisstj. og hann

á síðan að taka ákvörðun. Við verðum að skilja að seðlabankalögin 1961 eru ekki sett út í loftið. Þau eru sett að erlendum fyrirmyndum þess tíma til þess að vaxtaákvarðanir séu ekki háðar pólitískum sviptivindum, heldur séu ákvarðanir óháðar hinum pólitísku sviptivindum. Svona hugsun höfum við víðar í kerfinu. Af sömu ástæðum t. d. er dómsvaldið óháð hinum bandormunum tveimur. Þess vegna var þetta sett inn. En það var fleira sett inn. Þetta er sama hugsunin og með fiskverðsákvarðanir. Því kerfi eru menn að bylta í upphafi viðreisnar líka. Þá settu menn inn hæstaréttardómara fyrst, eins og menn kannske vita, en hurfu frá því og settu á Efnahagsstofnun eins og það heitir enn í lögunum frá 1964. Síðan, og einkum eftir 1970 eða 1971, hættu menn að framkvæma lögin svona og gerðu þessa ákvörðun að ríkisstjórnarákvörðun og þá byrjaði skelfingin. Það er ekkert óeðlilegt við þá pólitík að löggjafarvaldið taki þá ákvörðun að tiltekin ákvörðun eigi betur heima annars staðar en hjá hinum kjörnu fulltrúum. Það er auðvitað alveg heil brú og miklu meira; það er virðingarverð hugsun. Þannig er þetta hugsað. Menn geta haft persónulegar skoðanir á Jóhannesi Nordal og að hann eigi ekki að vera í Landsvirkjun og einhverju slíku. Það kemur ekki „prinsippinu" við. Það er svona sem þetta er hugsað. Og ráðherrar eiga ekki að vera með puttana í. Það á engu máli að skipta hvort ráðh. er fyrirtækjaráðherra, eins og dr. Gunnar eða launamannaráðherra eins og Svavar vill vera. Það á engu máli að skipta að því er þessa ákvörðun varðar. Þetta á að vera annars konar ákvörðun. Við getum út af fyrir sig lagt til að stjórnarskránni yrði breytt og dómsvald yrði fært inn á Alþingi og þar yrði rætt hvað væri rétt og rangt. Engum dettur það í hug. Við viljum hafa það vald óháð sviptivindum hins pólitíska valds. Sama er um Seðlabankann. Þetta var hugsunin í lögunum upphaflega, og skoði menn málatilbúnaðinn með þeim hér á þinginu 1961. En þetta hefur ekki verið framkvæmt svona. Það er vandinn. Svo eru menn alltaf að rugla saman við persónum þeirra sem eru í seðlabankastjórn, láta þær fara meira eða minna í taugarnar á sér. Það kemur þessu máli ekkert við. Seðlabanki ríkisins á að búa við tiltekin „prinsip". Það verð ég að segja, að að því er þessar ákvarðanir varðar treysti ég betur Seðlabankanum en hæstv. ríkisstj., af því að það er auðvitað lýðskrum, hreint lýðskrum, sem einkum ráðh. Alþb. fluttu hér í gær og hafa alla tíð flutt í þessu máli. Það er ómerkilegasta tegund af lýðskrumi, enda held ég að æ fleiri séu farnir að sjá í gegnum það.

Kjarni málsins er sá, og ég vek athygli á því, að í töflum, sem birtar eru frá Seðlabankanum og eru birtar á bls. 25 í Morgunblaðinu á laugardag, eru eyður við svokölluð endurseljanleg lán. Ríkisstj. hefur ekki ákveðið hvað þar komi. Menn velta fyrir sér hverjir það eru nú sem eru með þessi endurseljanlegu lán. Það er taflan, sem er fyrir margra hluta sakir athyglisverð, sem undirstrikar mismuninn á launamannavöxtunum og fyrirtækjavöxtunum, sem er sjálfur kjarni þessa máls. Afstaða jafnaðarmanna að því er varðar verðtryggingu hefur verið ljós um langa hríð. Hún er sú, að inn- og útlán skulu verðtryggð. Áður en það gerist fáum við ekki vit í þetta efnahagskerfi okkar. Það er ekki siðferði til staðar þegar svo er ekki. Svo er ekki heldur vit í þessu, vegna þess að ef þetta er ekki svona er enginn mælikvarði á það hvort menn fjárfesta vel eða illa, rétt eða rangt. Fjárfestingarnar eru allar skakkar. Peningar fara í hreina vitleysu, þeim er sólundað. Skoði menn Framkvæmdastofnun ríkisins, sem er ein sóun, sé hún ennþá til.

Kjarni málsins er sá: Vitaskuld erum við þeirrar skoðunar, að Seðlabankinn leggi rétt til alveg eins og honum ber. En málið er að það verður að breyta forsendunum. Í fyrsta lagi þarf ríkisstj. sem situr ekki aðgerðarlaus í 60% verðbólgu. Þess vegna er þessi ríkisstj. ónýt, þess vegna ætti hún að vera farin frá fyrir löngu. Ráðh. lofuðu öðru og þeir hafa svikið það. Auðvitað kenna þeir um ytri aðstæðum og einhverju, eins og þeir eru vanir, en það er ekki málið. Þeir lofuðu og þeir hafa svikið. Þess vegna eiga þeir að fara frá og því fyrr því betra svo að aðrir geti tekið við eða kosningar. — Þeir sviku. Hvað var niðurtalningin? Hverju lofuðu mennirnir? Út á hvað fengu þeir atkvæðin og meira að segja bættu við sig þm.? Svo svíkja þeir og þeir bara sitja í pólitísku geðleysi. Þeir eiga að fara frá. Öll ógæfan er sú, að verðbólgan er of há. Þess vegna eru vextirnir, hinir pappírslegu vextir, vextirnir á pappírnum, of háir. Og auðvitað eru þeir það. Ef verðbólgan hér væri 11% og vextirnir 11.5 væru allir ánægðir og enginn fyndi að því. Verðbólgan er það, að ráðh. láta undan útgerðinni í hvert skipti sem hún heimtar gengisfellingu og sýnir á eigin pappírum eigin rekstur, sumt satt og sumt logið. Ráðh. láta undan og fella gengið, færa peninga til útgerðarinnar með þeim hætti. Þá hækka auðvitað erlendu vörurnar, svo mælist það inn í kerfið og allt hækkar. Þetta þekkjum við. Ríkisstj. hefur ekki staðið sig betur en þetta og ætti auðvitað að vera farin frá fyrir löngu og segja: Okkur tókst ekki það sem við lofuðum. — Það er það sem er vandinn í þessum efnum.

Í öðru lagi eiga vextir að vera réttir, en á sama tíma verðum við að viðurkenna, og það er kjarni málsins, að hluti lána er félagslegur. Það er fyrst og fremst átt við lán til húsbyggjenda. Fyrir vikið á að taka þau út fyrir og þau lán eiga að vera til mjög langs tíma og afborganir ekki hærri en nema leigu. Þetta er mjög einföld hugsun. Það varð að skapa fé meðan verið var að koma húsnæðislánakerfinu af stað með þessum hætti. En ríkisstj. hefur ekkert gert í þessum efnum. Þess vegna er núna heil kynslóð andsnúin því efnahagskerfi sem hún býr við af mjög eðlilegum ástæðum. Það er félagskerfið sem ræður því. Ungt fólk, sem er sett í þá stöðu að það er að byrja að byggja og búa og sér þjóðfélagsástand sem leyfir því ekki að byggja yfir sig mannsæmandi húsnæði, getur ekki verið og á ekki að vera hrifið af þjóðfélagsgerðinni sem það býr við.

Þetta er ríkisstj. að kenna. Þeir geta setið hér og ausið og gusað yfir okkur jafnaðarmenn fyrir að vilja verðtryggja sparifé, sagt: Þetta er ykkur að kenna. En þessir menn eru búnir að sitja í þrjú ár. Þeir höfðu meiri hluta hér áður en hv. þm. Eggert Haukdal hljóp. Þeir gátu sett hvaða lög sem þeir vildu. Af hverju settu þeir ekki lögin sem þeir vildu? Það er einkennilegt að kenna 10 manna þingflokki í stjórnarandstöðu um það sem miskekist hefur. Af hverju kom ekki bankamálaráðh. og lagði fram það vaxtafrv. sem hann vildi og lækkaði vextina eða gerði hvað hann vildi? Satt að segja var málflutningur í gær yfirgengilegur hvernig sem á er litið. Og svo sperrir hæstv. félmrh. sig í ræðustólnum og segir: Þetta er Alþfl. að kenna, — 10 manna stjórnarandstöðuþingflokki. Ég veit að ríkisstj. hefur ekki löggjafarvald núna, en hún hafði það þangað til í sumar meðan Haukdal var. Hann er að vísu farinn. Af hverju notuðu þeir sér það ekki meðan þeir höfðu Haukdal og settu

vaxtalögin sín, vaxtareglurnar? Nei, stjórnarandstöðunni að kenna, sagði hann hér aftur og aftur, þ. e. Alþfl., því að Sjálfstfl. hefur víst ekki skoðun í þessu máli frekar en flestum öðrum.

Það er þetta sem er inntakið í okkar málflutningi. Hér var sagt í gær að stjórnarandstaðan hefði engar tillögur. Hæstv. viðskrh. hélt því fram. Þetta er rétt að því er Framsfl. varðar, en þetta er rangt að því er Alþfl. varðar. Ég krefst þess að hæstv. ráðh. viðurkenni það hér í umr., að í þeirri stefnu, sem hér hefur verið lýst af hv. 2. þm. Reykn. í gær og svo aftur mér í dag, felast mjög ákveðnar skoðanir í þessum málum. Hins vegar gagnrýnum við mjög tvennt: svikin í húsnæðismálunum og verðbólguhraðann, sem er ykkur að kenna, herrar mínir, og ekki innflutt. Hún er ykkur að kenna að 3/4 og það er það sem er málið. Þar hafið þið látið undan, skráð gengið fyrir mjög þröngan hóp í þjóðfélaginu o. s. frv. Það er orðfæri hæstv. félmrh., en andi dr. Gunnars sem ræður í þessari ríkisstj. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Öll þessi deila undirstrikar andarslit núv. hæstv. ríkisstj. Hún má sitja hér og kenna jafnaðarmönnum um. Hún má sitja hér og kenna þjóðfélaginu öllu um, öllu því fólki sem réttilega er óánægt með þetta. Hún getur kennt öllu öðru um. En meðan hún er að því á þessum nótunum kennir hún engum aðilum um öðrum en sjálfri sér. Þetta er henni sjálfri að kenna. Þeir lofuðu lægri verðbólgu og þar með lægri vöxtum, en þeir sviku það. Þeir lofuðu framförum í húsnæðismálum, þeir sviku það. Þeir hafa ekki enn lofað að fara frá og þess vegna ekkert svikið í þeim efnum, en það er nákvæmlega það sem þeir ættu að gera.

Stefna okkar er skýr og ljós í þessum málum. Stefna Sjálfstfl. er óskýr og óljós, sé hún til, og hér eiga þeir eftir að tala sem verður kostulegt að fylgjast með. En stefna ríkisstj. er svo skýr og svo ljós sem heyra mátti í umr. í gær, þar sem þeir hnakkrifust hérna sundur og saman og rífast svo við Seðlabankann. Þetta kerfi gengur auðvitað ekki og hefur aldrei gengið. Vextir eiga að vera réttir. Menn eiga að fá verðtryggingu og einhverja smávægilega þóknun fyrir að leggja fé sitt fyrir, en það verður að keyra verðbólguna niður á móti og draga félagslegu lánin út úr. Allt þetta þrennt hefur brugðist. Í því eru svikin fólgin. Þess vegna gerið þið samfélaginu, herrar mínir, mest gagn með því að víkja sem fyrst og láta helst aldrei sjá ykkur aftur.

Albert Guðmundsson: Virðulegi forseti. Maður er hálfdasaður eftir þessa löngu og frábæru ræðu hv. síðasta ræðumanns þó orðin hafi verið fleiri en það sem hann ætlaði að tala um gaf tilefni til. Það vill svo til að þegar kosningaskjálfti kemur í viðkomandi ágætan hv. þm., þá fer hreinsunardeild Alþfl. af stað, og hann virðist vera nokkuð einn um það að þessu sinni. En ég held að Alþingi hafi ágætt ráð við öllum þessum hávaða og látum í viðkomandi hv. þm. Fyrir síðustu kosningar, ég tala nú ekki um aðdragandann að prófkjörum, sem þá fóru fram, gerði hann dómsmál að hvað mestum vandræðamálum í þjóðfélaginu. Niðurstaðan varð sú að hv. þm. varð dómsmrh. Ekkert heyrðist frá honum meðan hann var dómsmrh., alls ekkert þangað til kosningaskjálftinn kemur í hv. þm. nú. Þá byrjar hann að tala um svokölluð rekstrarlán og talar hátt hér í hljóðnemann: „Dettur nokkrum í hug að rekstrarlán fari í svokallaðan rekstur?“ Hér kemur hv. þm. aftur að þessu neðanjarðarhagkerfi sem hann blés út fyrir síðasta kosningaslag sinn. Ég sé ekki aðra lausn á vandamálum þessa hv. þm. en að gera hann annaðhvort að viðskrh. og bankamálaráðh. eða hreinlega efnahagsmálaráðh. (Gripið fram í.) Sagði hann það? Ég held að Alþingi væri miklu bættara með því, ef hann fengist inn í þagnartímabil eftir slíka meðferð, eins og síðast þegar hann var gerður að dómsmrh.

Ég vil draga í efa þær ráðstafanir sem Seðlabankinn hefur gert, að hann hafi heimild til að gera þær. Á ég þá sérstaklega við ákvörðun um vaxtatekjur Seðlabankans af innlánsstofnunum. Það var vitnað hér í 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Ég skil þá grein þannig, og aðrar greinar í lögum um Seðlabanka Íslands, að hann hafi heimild til þess að ákveða innláns- og útlánsvexti viðskiptabankanna en ekki sína eigin, enda er það hreint siðleysi. Ég vil lesa hér upp úr þeim lögum sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði til og ráðherrar hafa vitnað til áður í þessum umr., með leyfi forseta. Í 2. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir: „Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans.“ Í 3. gr. segir að það sé hlutverk Seðlabankans „að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstj. til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyris- og peningamál; að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaskiptum.“ Og í 4. gr. segir: „Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum.“

Það var vitnað hér í 13. gr. laganna svo að ég ætla að leyfa mér að lesa hana upp. Þar segir, með leyfi forseta: „Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. gr., mega reikna af innlánum og útlánum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkv. lögum nr. 58/1960. Vaxtaákvarðanir skulu birtast í Lögbirtingablaði.“

Ég sé ekki ástæðu til að lesa upp 10. gr. til að telja upp þær stofnanir sem Seðlabankinn á samkv. 13. gr. að líta eftir. Ég sé ekki í þessum lögum að Seðlabankinn hafi heimild til þess að ákvarða hærri vexti, önnur kjör í samskiptum sínum við viðskiptabankana en hann ákvarðar viðskiptabönkum gagnvart sínum viðskiptavinum. Ef viðskiptabankarnir eru í vanda, þá er það einmitt vegna þess að viðskiptabankarnir hafa haft bindiskyldu að gegna, bindiskyldu sem ekki er virk vegna þess að viðskiptabankarnir hafa aðgang að öllu því fé sem þeir þurfa í gegnum Seðlabankann með okurvöxtum. Það vill svo til að sú stofnun, sem hv. Alþingi valdi mig til að gegna störfum í sem bankaráðsformaður, hefur mestallt þetta ár átt meira inni í Seðlabankanum í bundnu fé á lágum vöxtum heldur en yfirdrætti á viðskiptareikningi hjá Seðlabankanum hefur numið. Það er um 50% vaxtamun að ræða. Landsbanki Íslands á við sömu vandamál að glíma. Þetta segir að sjálfsögðu það eitt, að fyrst og fremst ber Seðlabankanum að útfæra stefnu ríkisstj., hvað sem forráðamenn hans kunna sjálfir að hugsa í viðkomandi máli.

Það kom fram hjá hæstv. bankamálaráðh. hér í gær, sem er náttúrlega alveg forkastanlegt, að hann hafi farið fram á við Seðlabankann, hann hafi beðið Seðlabankann um o. s. frv. Það er eins og hæstv. ráðh. hafi allan tímann verið á hnjánum á eftir Seðlabankanum. Síðan koma aðrir ráðh. og staðfesta það, sem áður hafði komið fram, að sérstök nefnd fjögurra ráðh. væri að ræða þær ráðstafanir sem væntanlegar væru og Seðlabankanum samkv. lögum ber skylda til að útfæra eftir að ríkisstj. hefur tekið afstöðu, því þá er það stefna ríkisstj. Áður en ráðherrarnir hafa lagt niðurstöður sínar fyrir ríkisstj. og áður en ríkisstj. tilkynnir Seðlabankanum niðurstöðu sína, eftir að hafa athugað tillögur þær sem Seðlabankinn leggur fyrir ríkisstj., þá kemur Seðlabankinn og segir beinum orðum við hæstv. ríkisstj.: „Þið neitið að fara frá. Þið neitið að segja af ykkur. Þið neitið að láta fólkið í landinu staðfesta umboð ykkar af ótta við að fá ekki staðfestingu. Þess vegna ætlum við að taka af ykkur völdin. Við ætlum ekki að bíða eftir að fá að vita hver stefna ykkar er í þessum efnahagsráðstöfunum. Peningamálastefnan, sem við leggjum til að verði farin, hún verður farin hvað sem þið segið. Þið megið sitja í stólunum. Þið megið fá ykkar kaup. Þið megið bara ekki taka ákvarðanir. Við ætlum að hafa völdin.“ Þá er þetta orðið alvarlegt mál.

Síðan kemur formaður Alþb., hæstv. félmrh., og telur að tímabært sé að endurskoða lögin um Seðlabankann og taka af honum þessi völd. Ég er honum alveg sammála því hér hefur átt sér stað valdataka í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Alþingi ákvað það sjálft.) Virðulegi forseti. Ég er reiðubúinn að gera hlé á máli mínu ef hv. þm. fær að koma með innskot hér. Ef ekki, þá vildi ég gjarnan fá að halda áfram.

Þessi valdataka er náttúrlega svo augljós og svo alvarlegt mál, að ég held að Alþingi verði að gera einhverjar ráðstafanir þegar í stað til þess að — (**Gripið fram í:** Það var ekkert annað en lög.) Ég var að vitna í lögin, hv. þm., í þær greinar sem þú vitnaðir til, þannig að ég sé ekki ástæðu til að fara að vitna í þær aftur. En ég lít mjög alvarlegum augum allar þessar ráðstafanir. Síðan ég varð trúnaðarmaður Alþingis í bankaráði Útvegsbanka Íslands — og trúnaðarmaður bankamálaráðh. líka, hann skipaði mig formann — hefur þeirri stofnun verið fjarstýrt á sama hátt af Seðlabankanum og ríkisstj. er fjarstýrt núna. Það þýðir ekkert fyrir ríkisstj. að reyna að hylma yfir það að Seðlabankinn hefur þarna tekið við af henni. En í lögum um Útvegsbanka Íslands segir í 1. gr.: „Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun sem er eign ríkisins og lýtur sérstakri stjórn samkv. lögum.“ Í 12. gr. segir: „Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Útvegsbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðh. setur, og ákveður verkaskiptingu bankastjóra“ o. s. frv. Það fer því ekkert á milli mála að lögum samkv. er það ekki Seðlabanki Íslands sem á að stjórna ríkisstj. í fjárhags- og efnahagsmálum. Það er ekki heldur Seðlabanki Íslands sem á að stjórna eða fjarstýra viðskiptabönkunum, nema síður sé, en þetta er gert samt. Þetta kalla ég valdatöku.

Ég ætla ekki að tefja þessar umr. mjög lengi. Hæstv. sjútvrh. sagði að þessi vaxtahækkun væri umfram greiðslugetu einstaklinga og fyrirtækja. Ég er honum sammála. Þessi vaxtatekja, sem hæstv. ráðh. sjávarútvegsmála upplýsti í gær að gæti farið upp í 269% — ég skal ekki segja um hvort dæmið er rétt, en ég trúi því að það sé rétt úr því að hæstv. ráðh. gat um það hér úr þessum virðulega ræðustól — er svo gífurleg að hún hlýtur að leiða af sér vandamál sem fólkið í landinu ræður ekki við og fyrirtækin ekki heldur. Því þarf að grípa þarna í taumana og koma Seðlabankanum inn á réttar brautir.

Bæði hæstv. bankamálaráðh. og virðulegur seðlabankastjóri hafa haft orð á því við mig, að sú stofnun sem ég tilheyri hafi farið langt umfram í útlánum á þessu ári og við séum því í þeirri stofnun einn liður í þessu mikla vandamáli. Ég hef ekki heyrt þá færa orðum sínum stað með neinum rökum. Ég bað virðulega seðlabankastjóra, tvo þeirra, að gefa mér ljósrit af þeirri heimild sem Seðlabankinn hefði til að gera þessar ráðstafanir gagnvart viðskiptabönkunum. Eftir að hafa ítrekað það þrisvar sinnum fékk ég þær upplýsingar símleiðis að þær væru ekki til. Þá spurði ég: „Eftir hvaða heimildum farið þið? Þið hljótið að fara eftir einhverjum heimildum.“ „Það eru bara lög um Seðlabanka Íslands.“ „Nú, lög um Seðlabanka Íslands? Og eftir hvaða grein þá helst?“ „Ja, bara þeirri staðreynd að þið eruð svona mikið yfirdrifnir, þið skuldið okkur svona mikið.“ Þá er það komið í ljós, sem við vissum ekki þegar okkur er gert að skyldu að vera viðskiptaaðili í Seðlabankanum, að með því að skipta við seðlabanka þjóðarinnar væri bankinn að afsala sér því sem hann hefur samkv. lögum, sjálfsforræði og sjálfstæði sínu sem stofnun. Allt bendir þetta til þess að valdataka Seðlabankans í bankakerfinu sé ekkert ný. En valdataka í stjórnmálum almennt er nýlega komin upp á yfirborðið. Hún er nú að brjótast fram.

Ég fór nú að athuga þróunina í útlánastefnu, þaklánastefnu viðskiptabankanna allt frá 1977 til þessa dags. Þá kemur í ljós að útlánahækkun Útvegsbankans hefur öll þessi ár verið minni en hinna bankanna. Þegar meðalhækkun er tekin frá 1977 til 1981, þá er útlánshækkunin í þaklánum frá Landsbankanum 552%, útlánahækkun Útvegsbankans 292% og útlánahækkun Búnaðarbankans 618%. Svo kemur Iðnaðarbankinn með 606%, Verslunarbankinn 434%, Samvinnubankinn 613% og Alþýðubankinn 642%. Þetta eru tölur sem hagdeild Útvegsbankans hefur tekið saman. Ef við aftur á móti tökum árið í ár, frá 1. jan. til 31. ágúst, — þá er það rétt að Útvegsbankinn er þó nokkru hærri en hinir. Þá er Landsbankinn með 56% hækkun, Útvegsbankinn 88%, Búnaðarbankinn 37%, Iðnaðarbankinn 44%, Verslunarbankinn 32%, Samvinnubankinn 36% og Alþýðubankinn 49%. En ef við bætum þessum hluta af árinu 1982 við hin árin, sem ég las upp, miðum við tímabilið frá 1977 til 31. ágúst 1982, þá er Landsbankinn með 918% hækkun í þaklánum, Útvegsbankinn 638%, Búnaðarbankinn 883%, Iðnaðarbankinn 917%, Verslunarbankinn 606%, Samvinnubankinn 870% og Alþýðubankinn 1008%. Ég frábið mér því allt tal um óráðsíu í Útvegsbankanum á undanförnum árum. Það hefur allt of mikið verið gert af því að gera þá stofnun tortryggilega.

Ég ætla að hlaupa yfir margt af því sem ég hef punktað niður. Ég sé ekki ástæðu til að svara ýmsu því sem ég hafði þó ætlað mér að svara í málflutningi þeirra sem töluðu hér í gær. Ég geri því þessari virðulegu stofnun greiða með því að stytta mál mitt. En ég ætla að ljúka orðum mínum með því að segja, og er það svar mitt til þeirra mörgu sem hér spurðu um afstöðu mína, að ég tala ekki fyrir Sjálfstfl. Ég tala fyrir minni eigin afstöðu í þessu máli og hún er sú, að ég harma þær ráðstafanir sem

Seðlabankinn hefur tilkynnt að taka skyldu gildi í gær og snerta útlánastefnu viðskiptabankanna, og vísa á hendur Seðlabanka Íslands allri ábyrgð og afleiðingum sem þær ráðstafanir koma til með að hafa á afkomu einstaklinga og fyrirtækja. Það er fyrirsjáanlegt að vandi blasir við einstaklingum og fyrirtækjum vegna þessara ráðstafana, og ég vísa allri ábyrgð á hendur Seðlabankanum því það þýðir ekkert að vísa ábyrgð á hendur ríkisstj., þrátt fyrir lög um Seðlabanka Íslands.

Ég tel hvorki ástæðu til að segja hér neitt um álit mitt á brbl. né afstöðu mína til ríkisstj., þau mál eru ekki til umræðu, enda þótt margar óskir hafi komið fram frá ræðumönnum um að Sjálfstfl. geri hér og nú grein fyrir sinni stefnu þar. Sjálfstfl. verður ekki í neinum vanda þegar þau mál koma á dagskrá.

Eitt vil ég segja að lokum. Þessi yfirlýsing, sem kom frá Seðlabankanum til innlánsstofnana og ég fékk í hendur í gær, er alveg furðulegt plagg í sjálfu sér, vegna þess að þær ráðstafanir sem Seðlabankinn er að gera og er skipt niður í þrep eftir vandamálum viðskiptabankanna við Seðlabankann á viðskiptareikningi, bjóða upp á það að bankar eins og t. d. Útvegsbankinn og Landsbankinn, sem þegar eru í hæsta þrepi, geti smeygt sér fram hjá þessum ráðstöfunum þegar í upphafi með því að gera sérstaka samninga við Seðlabankann, um að minnka þessa upphæð með því að færa af viðskiptareikningunum yfir á víxlakvóta, eða um aðra fyrirgreiðslu eftir samkomulagi, og þar með opnað það að fara frekar yfir á viðskiptareikning. Um leið og þessar þrengingarráðstafanir, sem eiga að vera barátta Seðlabankans gegn verðbólgunni, eru settar, opnar hann því leið til að fara á bak við sínar eigin ráðstafanir. Þannig er þetta allt. Ég segi það alveg eins og er að þær ráðstafanir sem Seðlabankinn er nú að gera, eins og margar ráðstafanir sem Seðlabankinn hefur gert í fortíðinni — og ég hef verið ómyrkur í máli um þær, eru gerðar að mínu viti af ráðvilltum mönnum, sem finna hjá sér hvöt — vegna þeirra trúnaðarstarfa sem þeir eru í í viðkomandi stofnun — til að gera eitthvað, í von um að þetta eitthvað sem þeir gera beri einhvern árangur.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það var hv. 1. þm. Reykn. sem upphóf þessa fróðlegu ráðstefnu um vexti og verðbólgu á hv. Alþingi. Hann var svo hvatvís að leggja nokkrar tiltölulega einfaldar spurningar fyrir hæstv. ráðh. um afstöðu þeirra til ákvarðana Seðlabankans. Það hefur margt fróðlegt og skondið komið fram í þessum umr. Sérstök ástæða er til að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir þann útdrátt úr ársskýrslu bankaráðs Útvegsbankans sem hann flutti okkur hér áðan. En eitt hið almerkilegasta í ræðu hans var það að hann tilkynnti þingheimi að fram hefði farið valdarán í þjóðfélaginu. Byltingarmennirnir eru hvorki meira né minna en bankastjórar Seðlabankans og byltingarforinginn, að ég segi ekki bara yfirskæruliði, er dr. Jóhannes Nordal.

Það vefst fyrir mér að skilja með hvaða hætti þessi valdataka gat farið fram hjá okkur hinum, því að við vissum ekki betur en að bankastjórn Seðlabankans væri að framfylgja lögum frá Alþingi, sem felur Seðlabankanum ákvörðunarvald um tiltekinn hluta af vaxtamálum, og að stjórn Seðlabankans væri með þeim hætti að taka ákvarðanir í skjóli þess valds, sem henni er fengið að lögum frá Alþingi, með svipuðum hætti og Hæstiréttur framfylgir lögum þegar hann kveður upp dóma. Kannske Hæstiréttur sé líka að dómi hv. þm. samsafn af valdaræningjum. Líkindin eru a. m. k. alveg rökrétt.

Það sem er merkilegt við þessa umr. er það, að þó að áhugavert sé að heyra skoðanir hæstv. ráðh. — einkum þegar þær eru jafn fjölbreytilegar og raun ber vitni, þær vísa a. m. k. í fjórar áttir — þá er það kannske ekki mergurinn málsins þrátt fyrir allt, af þeirri einföldu ástæðu að það eru í gildi lög í landinu sem kveða á um það að frá og með áramótum 1981 skuli hæstv. ráðh. — það er þeirra skylduverk — koma á fullri verðtryggingu í landinu. Um þetta eru lög og það er kjarni málsins.

Það kemur fram í umr. að hæstv. sjútvrh. vefengir að Seðlabankinn hafi vald til þess að ákvarða án samráðs við ríkisstj. vaxtastig, sennilega afurðalána. Því næst kemur formaður bankaráðs Útvegsbankans og telur hér fullkomin ólög og valdarán í frammi haft. En enginn hefur hingað til vefengt að Ólafslög séu í gildi, kennd við þann mann sem kallaður hefur verið ókrýndur foringi þeirra framsóknarmanna, og fróðir menn segja mér að þessi lagabálkur, við hann kenndur, sé hvorki meira né minna en stolt hans og eftirlæti, enda lét hann hafa það eftir sér að þetta hefði hann samið á eldhúsbekknum heima hjá sér. Það er að vísu ekki rétt, enda má kannske geta þess að sá sem hér stendur gerir ákveðið tilkall til þess, af sögulegum ástæðum, að eiga stóran hlut í þeirri löggjöf, því hún var að verulegu leyti sniðin eftir frv., sem Alþfl.-menn illu heilli aldrei lögðu hér fram á Alþingi, sem hét frv. til laga um jafnvægisstefnu í efnhagsmálum. (Gripið fram í.) Ég ætla að láta vera að deila um höfundarréttinn, en lagabálkurinn var nokkuð góður.

Í þeim umr. sem fram hafa farið hafa ýmsir orðið til þess að ræða um siðfræði og vexti. Það er mjög áhugavert umræðuefni. Hv. 2. þm. Reykn. gerði því máli skil í mjög stuttri en hnitmiðaðri ræðu. Hún er ósköp einfaldlega á þá leið að frumforsenda heilbrigðra viðskipta í þjóðfélaginu sé að fólk geti treyst því í viðskiptum sínum við opinberar fjármálastofnanir og banka, að ef menn leggja inn fé fái þeir aftur það fé sem þeir höfðu inn lagt, punktur og basta. En þeir þurfi ekki að eiga von á því að löghelgaðar fjárvörslustofnanir þjóðfélagsins fremji bankarán á hverjum degi, eins og hann lýsti, og ágreiningurinn sé þá í því fólginn milli Seðlabanka og ríkisstj. hvort sá maður sem leggur inn 100 kr. skuli fá til baka 80 kr. eða 70 kr., en um það snýst málið. Það er m. ö. o. einfalt siðferði í þessu. En það er líka önnur skylda. Það er lagaskylda, sem hvílir á ráðh., að framfylgja ákvæðum Ólafslaga. Eftir því sem þessar umr. hafa leitt í ljós er ekki annað sýnna en að ráðh. og ríkisstj. í heild hafi brugðist þeirri skyldu sinni að framfylgja þessum lögum. Þeir sjálfir vefengja lagaheimildir Seðlabankans, formaður bankaráðs Útvegsbankans segir fullkomin ólög ríkja í landinu, og öðrum þræði er af siðferðilegum ástæðum talað um að daglega fari hér fram í landinu lögverndað bankarán. Það er þokkalegt ástand í þjóðfélaginu nú, þegar þessi hæstv. ríkisstj. er að eigin sögn — eða sögn hæstv. menntamrh. loksins að þrotum komin.

Fsp. hv. 1. þm. Reykn. til ráðh. um afstöðu til aðgerða Seðlabankans hefur ekki dugað til þess að knýja fram skýr eða skilmerkileg svör. Þeir framsóknarmenn tala út og suður. Annars vegar er á það að líta varðandi lögin, sem nú á að framfylgja, að það er fyrrv. formaður Framsfl. sem er höfundur þeirra að eigin sögn og þau eru við hann kennd. Því næst kemur núv. formaður Framsfl.,

hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson, og lýsir því yfir að hann sé á móti því að framfylgja þessum lögum. Hann lætur að því liggja að hans skoðun sé sú, svo skemmtilegt sem það er, að stefna beri að vaxtalækkun. Varaformaður Framsfl. hefur þegar gefið sín svör, því að hann er formaður bankastjórnar Seðlabankans og er þess vegna fullgildur aðili að þeirri ákvörðun sem Seðlabankinn hefur tekið. (**Gripið fram í:** Bankaráðs.) Bankaráðs. Ég endurtek: Varaformaður Framsfl. er formaður bankaráðs Seðlabankans og þess vegna fullgildur aðili að þeirri ákvörðun sem Seðlabankinn hefur tekið. Því næst kemur hæstv. viðskrh. og bankamálaráðh. og svarar á þá leið að afstaða ríkisstj. sé fyrst og fremst sú, að það gæti tregðu til að framfylgja þessari stefnu, það gæti ákveðinnar tregðu og það beri að fara vægilega í sakirnar. En ef ég skildi orð hans rétt voru þau þó þveröfug við það sem formaður Framsfl. sagði, nefnilega að það ætti að lækka vexti. M. ö. o., frá þremur helstu talsmönnum Framsfl. fékk hæstv. fyrirspyrjandi þrenns konar svör. Það eitt út af fyrir sig er nokkurs virði.

Hver voru svo svör hæstv. félmrh. við þessum spurningum? Jú, félmrh. hafði það að segja að raunvaxtastefna, kennd við Alþfl., hefði nú gengið sér til húðar. Um hvað ætli maðurinn sé að tala? Hvaða raunvaxtastefnu ætli hann sé að tala um þegar fyrir liggur að raunvextir eru neikvæðir a. m. k. sem nemur 13—17%, og er þá varlega farið með tölur, hvaða raunvaxtastefnu er það? Og hvaða raunvaxtastefnu Alþfl. er maðurinn að tala um? Veit maðurinn ekki af því að hér var mynduð ríkisstj. árið 1980? Veit hann ekki af því að hann er einn af helstu höfuðsmönnum þessarar ríkisstj.? Því næst bítur hann höfuðið af skömminni með því að segja að það eigi eiginlega að framkvæma gagngera endurskoðun á þessum málum öllum saman. Hvað hefur maðurinn verið að gera í ríkisstj. s. l. þrjú ár?

Svörin eru þau frá hæstv. ráðherrum að ýmist tala þeir út og suður í þrjár áttir í einum og sama flokknum eða það koma yfirlýsingar um það frá ráðh., sem setið hafa á valdastóli í þrjú ár, að það þurfi eiginlega að gera eitt eða annað. Nánar tiltekið hvað er ekki upplýst. Þetta er glæsileg mynd af stefnufestu þeirrar ríkisstj. sem ætlaði sér að bjarga virðingu Alþingis.

En hvað felst í því þegar hæstv. félmrh., formaður þess flokks sem kennir sig við verkalýðshreyfingu og sósíalisma, er að lýsa því yfir að það beri að endurskoða þetta allt saman, út frá þeim forsendum væntanlega að ekki megi ríkja raunvextir í landinu? Hann er raunverulega að mæla gegn verðtryggingu sparifjár í landinu. Hvað felst í þessum ummælum? Það felst í þeim sú stefnuyfirlýsing, sem hingað til hefur þótt góð og gild atvinnurekendapólitík, að það sé allt í lagi að leysa rekstrarvandamál atvinnulífsins með því að krefjast þess af launþegum að þeir opni nú launaumslögin og yfirfæri nokkur hundruð millj. kr. úr launaumslögunum yfir í sjóði atvinnurekenda. Það verður ekki annað skilið af orðum hæstv. félmrh. en að það sé stefna þess flokks sem kennir sig við verkalýðshreyfingu og sósíalisma. Og þeir hnykkja á með því að gera að umtalsefni og vitna til sérstakrar þingflokkssamþykktar, sem þingflokkur Alþb. á að hafa gert, um að hann harmi þann mun sem orðinn er á lánskjaravísitölu og raunverulegri kaupgjaldsvísitölu, eftir að þessi flokkur hefur beitt sér fyrir því eitthvað um 14 sinnum að skerða kaupgjaldsvísitölu.

Opinberlega er stefna flokksins sú að vísitalan sé eina haldreipi launþega, óbreytt vísitölukerfi sé eina haldreipi launþega. Það er raunverulega það eina sem Alþb. hefur haft til málanna að leggja um íslensk efnahagsmál á undanförnum árum. Þetta sé haldreipið, þetta sé brjóstvörnin. En stefnan í framkvæmd er síðan sú að ráðast alltaf og ævinlega að þessu eina haldreipi launþegans. Þegar allir aðrir hafa fengið sitt, þá ber að opna launaumslögin, falsa vísitöluna. Því næst að það harmað að orðið sé ginnungagap milli lánskjaravísitölu og raunverulega útborgaðs kaups samkv. margfalsaðri kaupgjaldsvísitölu. Þetta er undarleg samkvæmni. En kjarni málsins er þessi: Það er yfirlýst stefna Alþb. samkv. þessu, þegar stjórnarstefnan hefur engan árangur borið, þegar allt er komið í þrot, þegar ekki er lengur hægt að gera út, þegar allir helstu atvinnuvegir landsins hanga á horriminni, þegar fyrirtækin eru öll skuldum vafin, þá er aðeins eftir eitt úrræði, þetta sem einhver frægur maður eitt sinn kallaði gömlu íhaldsúrræðin, það er að opna launaumslögin, gjörið þig svo vel. (**Gripið fram í:** Veit hv. þm. hvað eru stórar upphæðir á verðtryggðum bankareikningum í bankakerfinu?) Ég tek það fram, herra forseti, að ég er hér ekki á eintali við hv. uppbótarþingmann.

Eitt skorti á í máli hæstv. fyrirspyrjanda. Það var að hann gerði örlitla grein fyrir sínum eigin forsendum. Ég hef vitnað til þess að Framsfl. talar með þremur röddum. Og ég hef vitnað til ummæla talsmanns Alþb. þess efnis að ekki er hægt að væna þann flokk um að þar sé að finna nokkurn bilbug á hefðbundnum atvinnurekendasjónarmiðum Lúðvískunnar hjá hinum ungu mönnum. En hver er stefna Sjálfstfl.? Ég minnist þess að varaformaður Sjálfstfl. hefur oftar en einu sinni lýst fylgi sínu við þá skoðun að vaxtastig skuli gefið frjálst, að vextir eigi að ráðast á markaðinum af framboði og eftirspurn. Mér er spurn: Hvert ætli vaxtastigið á Íslandi væri samkv. því lögmáli nú? Ég veit það ekki. Ég veit ekki hvort hæstv. fyrirspyrjandi veit það heldur.

Það þýðir þess vegna lítið samkv. þeim svörum sem fengist hafa á þessari ráðstefnu að spyrjast fyrir um stefnu ríkisstj. um vaxtamál. Hún er engin. Hún er ekki nein. Hún er út og suður. Í raun og veru staðfestir það aðeins eitt. Það staðfestir það að nú þegar ráðh. geta ekki gefið einföld svör við einföldum spurningum, nú þegar stjórnarferli þeirra er að ljúka og ástandinu í þjóðfélaginu er þannig lýst af þeim sjálfum að ekki einasta ríkisstj. er að þrotum komin heldur einnig, svo að vitnað sé til ummæla hæstv. fjmrh., þjóðin sokkin í skuldir og vitað er að allur atvinnurekstur í landinu hangir á horrim, þá er svo komið að ríkisstj. er ósköp einfaldlega gjaldþrota. Þetta mál staðfestir það.

Auðvitað er það engin allsherjar lausn á heildarvandamálum íslensks efnahags- og atvinnulífs að beita því eina tæki sem heitir vextir. Það er löngu svo komið að ef menn ætla að snúa við, þá dugar ekki bara einhver einföld aðgerð, ekki einu sinni róttæk stefnubreyting. Það þarf beinlínis róttæka uppstokkun á því stjórnkerfi, sem viðgengist hefur, ekki aðeins undir þessari ríkisstj. heldur hefur verið að vaxa hér upp á verðbólguáratugnum og kenna má við pólitískt lénsveldi.

Hvert væri vandamálið ef hæstv. ríkisstj. hefði staðið við það einfalda en áhrifaríka loforð sem hún gaf í upphafi ferils síns? Það loforð eitt sem gnæfir upp úr því var

heitið í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens að ríkisstj. mundi innan tveggja ára koma verðbólgu á Íslandi niður á svipað stig og tíðkast í helstu viðskiptalöndum þjóðarinnar. Til þess mundi hún beita ýmsum samræmdum aðgerðum. Verðbólgustig í helstu viðskiptalöndum Íslendinga er á bilinu 7—10%. Verðbólgustig á Íslandi er á bilinu 60—70%.

Framsóknarmenn eru hættir að tala um niðurtalninguna, en niðurtalningin var þeirra töfraformúla fyrir því hvernig þessu yfirlýsta markmiði skyldi náð. Ég hef ekki brjóst í mér til þess að fara mörgum orðum um það. Niðurstaðan liggur ljós fyrir. Þessi ríkisstj. getur sig hvergi hrært. Innan hennar er engin samstaða. Ekki aðeins um vaxtamál. Það er engin samstaða um eitt né neitt. Hún er bara að bíða eftir að útförin fari fram með kurt og pí.

Þessi ríkisstj. er vissulega sérstæð fyrir margra hluta sakir í stjórnmálasögu seinustu ára. Margar slæmar ríkisstjórnir hafa setið að völdum á Íslandi, en flestar þeirra hafa samt skilið eftir sig þó ekki væri nema eitt eða tvö mál, sem gætu orðið til þess að halda nafni þeirra á lofti. Þessi ríkisstj. hefur þá sérstöðu að eftir hana liggur ekki neitt, nákvæmlega ekki neitt. Hún hefur eiginlega aldrei náð lengra en að verða vonlausar stjórnarmyndunarviðræður, sem einkennist af því að á fárra missera fresti gerir ríkisstj. einhverjar bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum og gefur þá út yfirlýsingar. Þær heita yfirlýsing, þær heita áætlun eða eitthvað þess háttar og hafa verið gefnar út í þrígang fyrir utan sjálfan stjórnarsáttmálann. Þetta er ákveðin hagræðingarstarfsemi vegna þess að þar sem þau loforð, sem gefin eru, eru yfirleitt aldrei efnd, þá er alltaf hægt að endurtaka þau í næstu yfirlýsingu. Og það er vinnuregla ríkisstj. Í hvert skipti sem hún grípur til einhverra bráðabirgðaaðgerða eru þær yfirleitt allar á einn veg, þ. e. þær eru fólgnar í því að falsa vísitölukerfið; sem átti að vera brjóstvörn launþega, en klæða síðan kauprán kommanna í einhvern svolítinn glassúr sem heitir yfirlýsing eða loforð ríkisstj.

Þessi ríkisstj. er líka sérstæð um það að hún telur að eigin sögn að hún beri enga ábyrgð á þeim óförum sem nú blasa við í íslensku efnahagslífi. Ráðherrarnir lýsa því yfir hver um annan þveran að þeir beri enga ábyrgð, þetta sé allt öðrum að kenna. Þeir lýsa því yfir að þetta sé að kenna aflabresti. Þeir lýsa því yfir að þetta sé að kenna áhrifum heimskreppunnar á Íslandi. Það er óþarfi að fara langt út í þetta mál. Það er óþarfi að hrekja það lið fyrir lið. En það vita allir að þetta eru bara ýkjusögur. Staðreyndin er sú að þessi ríkisstj. væri fyrir löngu komin í þrot, hefði siglt í þrot mjög snemma ef hún hefði ekki notið alveg einstaks óskabyrs í upphafi ferils síns. Á þessum árum höfum við smám saman verið að éta út arðinn af útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Aflaaukningin á s. l. 4—5 árum er gífurleg. S. l. þrjú ár hafa öll verið metaflaár í samfelldri fiskveiðasögu þjóðarinnar frá upphafi vega. Árið í fyrra fékk gullverðlaun, árið í hitteðfyrra fékk silfurverðlaun og árið í ár mun fá bronsverðlaun.

Íslendingar eru vanir miklum sveiflum í afla. En þegar um slík toppár er að ræða þrjú í röð þýðir ekki að kenna um aflabresti. Og það er alveg fráleitt þegar hæstv. félmrh. lét sér t. d. sæma að bera erfiðleika okkar nú saman við það sem dundi yfir þjóðarbúið 1967—1968. Það er algerlega fráleitur samanburður. Þá glötuðum við í einu vetfangi hvorki meira né minna en 45—50% gjaldeyristekna okkar á einu ári rúmu. Nú er talað um að samsvarandi tala sé á bilinu 16—20%. Á þeim árum, þegar síldin hvarf, var um að ræða samdrátt í þjóðartekjum sem svaraði hvorki meira né minna en fimmtungi. Nú er verið að tala um samdrátt í þjóðartekjum sem er kannske um 4%. Það eru algerar ýkjur að leggja þetta tvennt saman. Það eru hreinar ýkjur líka að ætla að kenna áhrifum heimskreppunnar um erfiðleika okkar. Það er þegar af þeirri ástæðu að svo undarlegt sem það er, þó ekki ætli ég að neita því að samdráttareinkennin eru mikil og alvarleg í efnahagslífi grannlandanna, þá eru þau áhrif enn ekki komin til okkar með fullum þunga. Þess er hins vegar að vænta að þau eigi eftir að verða erfiðari.

Atvinnuleysisvandamál nágrannaþjóðanna stafa fyrst og fremst af tæknilegum orsökum. Þar er búið að innleiða nýja tækni í svo stórum stíl og svo víða, sem leysir mannshöndina af hólmi, að þar er um að ræða svokallað „strukturelt" atvinnuleysi, sem erfitt er við að ráða. Þegar íslensk fiskiðjuver verða orðin full af sjálfvirkum „robotum" til þess að vinna þau verk sem mannshöndin vinnur nú, þá er eftir að sjá hversu vel okkur tekst og hversu vel duga ráð snillinga verðbólguáratugarins til þess að forða íslenskum höndum frá atvinnuleysi. Það er bara ekki farið að reyna á það enn.

Staðreyndin er sú að sá árangur sem náðst hefur í nágrannalöndunum í því að hamla gegn verðbólgu og halda niðri verðbólgu og lækka verðbólgu er auðvitað okkar hagur. Hann leiðir til þess að innflutningsverð okkar, og við erum mjög háðir innflutningi og utanríkisviðskiptum, hefur farið hlutfallslega lækkandi. Annað er það að þar sem við fáum greitt fyrir megnið af útflutningsafurðum okkar í dollurum hefur gengisþróun dollarans á undanförnum árum verið eins og hver annar happdrættisfengur fyrir íslenskan sjávarútveg. Það eru þess vegna hreinar ýkjur að erfiðleikarnir stafi af hvort heldur er aflabresti eða áhrifum erlendrar kreppu. Staðreyndin er sú að þetta er heimatilbúinn vandi, þetta er heimanfylgja verðbólguáratugarins. Og það er þessi ríkisstj., þessi úrræðalausa og stefnulausa ríkisstj. sem ber á því alla ábyrgð, þó að hún sé svo lítilmótleg að þegar harðnar á dalnum, eftir að hún hefur notið meðbyrsins og hagstæðra ytri kringumstæðna, loksins þegar harðnar á dalnum segir hún: Það er öllum öðrum að kenna en ekki mér. Hver er ábyrgð þessara stjórnarherra? Hún er engin. Þeir firra sig ábyrgð. Og reyna meira að segja að ganga svo langt að koma ábyrgðinni af óráðsíunni, stefnuleysinu, árangursleysinu yfir á stjórnarandstæðinga.

Nei, það er þýðingarlaust að spyrja hæstv. ráðh. um vexti. Þeir hafa enga stefnu í vaxtamálum. Það er þýðingarlaust að spyrja hæstv. ráðh. um verðbólgu. Þeir lofuðu 7% en þeir efna 70%. Það er mælikvarðinn á það hvernig þessir herrar efna loforð.

Það er þýðingarlaust að spyrja þessa herra um fjárfestingarpólitík liðinna ára. Í Dagblaðinu í dag stendur í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Skuldir Kröflu yfir milljarð — 220 milljóna afborganir og vextir á næsta ári." Og áfram segir þar: Í lok næsta mánaðar munu skuldir Kröfluvirkjunar verða komnar í nærri 1 milljarð og 80 millj. kr. Afborganir og vextir á næsta ári eru samkv. áætlun í frv. að fjárlögum ársins 219 millj. 382 þús. kr. Í árslok 1981 námu skuldir virkjunarinnar alls 561 millj. 47 þús. kr. Fjárlagaáætlun í ár gerði ráð fyrir tæplega 72

millj. í afborganir og vexti og rúmlega 63 millj. í fjárfestingu, alls 137 millj. 712 þús. kr. Samtals eru þetta nærri 695.8 millj. kr., sem síðan er eftir að reikna upp í samræmi við verðbólguna og raungildi skuldanna, en til þess að notuð reiknitalan 1.55 eða 55%." Ríkisstj. er farin að átta sig á því að verðbólgan sé a. m. k. 55%. „Skuldir Kröfluvirkjunar verða um næstu áramót 1 milljarður 78 millj. 426 þús. kr. Tekjur virkjunarinnar" og hlusti menn nú „1981 urðu 24 millj. kr. sem nægðu rúmlega fyrir daglegum rekstri. Reiknað er með slíkri niðurstöðu í ár og næsta ár og að virkjunin skili engum tekjum" — ég endurtek: „engum tekjum upp í fjármagnskostnað, hvað þá skuldir. Í frv. að fjárlögum fyrir næsta ár vantar enn" (**Forseti:** Ég vil biðja hv. ræðumenn, sem hafa kvatt sér hljóðs utan dagskrár, að halda sig við málefnið. Herra forseti. Þessari tilvitnun er að ljúka. Ég er að tala um vexti og vextir eru óaðskiljanlegur þáttur í því sem heitir fjárfestingarpólitík. „Í frv. að fjárlögum fyrir næsta ár vantar enn megnið af framlögum til virkjunarframkvæmda, þ. á m. til frekari framkvæmda við Kröflu. 220 milljónirnar fara allar í vexti og afborganir og að venju á að taka það fé allt að láni og bæta því við skuldahalann."

Það er ástæða til þess að rifja það upp enn einu sinni að hæstv. forsrh. er fyrrv. iðnrh., sá sem ber ábyrgð á Kröfluævintýrinu, að hæstv. fjmrh. er fyrrv. Kröflunefndarráðherra, og að hæstv. yfirmaður vísinda og mennta á Íslandi er fyrrv. Kröflunefndarmaður. Það er táknrænt að þessir þrír fyrrv. Kröflunefndarmenn eru helstu áhrifamenn í þessari ríkisstj. og það fer saman.

Sannleikurinn er sá — og ég segi aftur, herra forseti, ég er að tala um vaxtamál í því samhengi hver eru áhrif vaxta, verðtryggingar og þess ástands sem nú er í efnahagsmálum — sannleikurinn er sá að undirrót þeirrar ríkisreknu verðbólgu, sem hér er búin til og er núna að nálgast 70%, er sú öfugsnúna, vanhugsaða og ábyrgðalausa fjárfestingarpólitík, sem þessi ríkisstj. hefur rekið, sem má lýsa ósköp einfaldlega með þeim hætti að það eru tekin erlend lán á háum vöxtum, eins og vitað var, og því næst er þeim útdeilt í gegnum pólitískt fyrirgreiðslukerfi til heðbundinna, jafnvel hnignandi greina, sem enga nýja fjárfestingu bera og engum arði geta skilað.

Það eru tekin erlend lán til þess að fjármagna framkvæmdir í landbúnaði á sama tíma og offramleiðsla í landbúnaði kostar þjóðina ómæld hundruð milljóna til þess að greiða niður matföng ofan í útlendinga. Það eru tekin erlend lán til þess að fjárfesta í nýjum fiskiskipum á sama tíma og það er yfirlýst stefna ríkisstj. að algerar takmarkanir ríki á veiðum vegna afrakstursgetu fiskistofna.

Þessi vitlausa stefna er undirrót verðbólgunnar á Íslandi, en saman fer síðan slök vaxtastefna, algerlega stjórnlaus stefna í peningamálum. Afleiðingarnar eru þær að þjóðin er sokkin í erlendar skuldir, að viðskiptahallinn er botnlaus og að hrun blasir við bankakerfinu. Þannig er ástandið eins og það blasir við nú, þegar þessi ríkisstj. er að nálgast útgönguversið.

Það er alveg þýðingarlaust að spyrja hæstv. ráðh. um vexti frekar en annað. En þó verður maður að leyfa sér að spyrja einnar spurningar. Ef það á að vera markmið hæstv. ríkisstj. að draga úr erlendum skuldum, ef það á að vera markmið hæstv. ríkisstj. að draga úr og setja skorður við viðskiptahalla, innflutningsæði og óhófseyðslu, þá spyr ég: með hvaða tækjum ætlar hæstv. ríkisstj. sér að ná þeim markmiðum? Ef hún afsalar sér vaxtatækinu, hvernig ætlar hún þá að gera það?

Sannleikurinn er sá að það er engin ástæða til að ætla að þessi ríkisstj. hafi snúið við á þeirri braut sem hún hefur mótað á undanförnum árum. Hún ætlar að fleyta sér áfram samkv. gamla mottóinu „flýtur á meðan ekki sekkur", með því að slá erlend lán fyrir næsta fjárlagaár. Hefur hún breytt um stefnu í ríkisfjármálum? Nei. Hefur hún breytt um stefnu í peningamálum? Nei. Hefur hún breytt um stefnu í vaxtamálum? Nei. Hefur hún breytt um stefnu í fjárfestingar- og atvinnumálum? Nei. Hún flýtur bara sofandi að feigðarósi, flýtur á meðan ekki sekkur og ætlar síðan að skella skuldinni á alla aðra en sjálfa sig. Hún ber enga ábyrgð.

Svo er spurt um brbl. og stjórnarsinnar eru svo ósvífnir að vera að spyrja stjórnarandstæðinga hver sé afstaða þeirra til þeirra brbl. sem ríkisstj. er ekki farin að þora að sýna hér á Alþingi enn þann dag í dag. Um hvað voru þessi brbl.? Voru þau um gengisfellingu? Nei. Um hvað voru þau? Þau voru um það að ríkisstj., sem er búin að kollsigla atvinnulífið á Íslandi, sem er búin að tröllsliga íslensku þjóðina í erlendar skuldir, kemur nú með bakreikning rányrkjustefnunnar til launþega og segir: Gerið svo vel, opnið þið launaaumslögin 1. des. og borgið þið. Og síðan er hún að hækka vörugjald, sem er gáfuleg aðgerð til þess að hamla gegn verðbólgu eða hitt þó heldur. Um annað er ekki að ræða í þessum brbl. En það átti að fylgja þeim glassúr. Það átti að fylgja þeim loforðalisti. Það átti að fylgja þeim frv. um láglaunabætur, að vísu skitnar 50 millj. í staðinn fyrir að úr launaumslögunum 1. des. verða teknar á einu bretti 450—500 millj. Það dugar ekki einu sinni fyrir vörugjaldshækkuninni sem skilar 85 millj. á ári. Það átti að fylgja fleira. Það átti að fylgja lenging orlofs á sama tíma og menn tala um það að þjóðin eigi að vinna sig út úr ógöngunum til þess að geta borgað bakreikning ráðherrasósíalistanna og rányrkjupostulanna. Það áttu að fylgja ótal fylgifrv.

En sannleikurinn er sá að það er ósköp einföld ástæða fyrir því að þau frv. eru ekki komin fram. Það er vegna þess að í þeim málum, rétt eins og í vaxtamálum, næst ekki samkomulag innan ríkisstj. Framsóknarmenn bíða eftir því að Alþb.-mennirnir samþykki nýjan vísitölugrundvöll. Þeir samþykkja ekki láglaunabæturnar fyrr. Alþb.-menn hafa það uppi í erminni að þeir hafa gælt við þá hugmynd að leita nú í smiðju Alþfl. eftir skynsamlegum málum. Og verði þeim að góðu, ekki veitir þeim af í allri sinni hugmyndafátækt. Þeirra á meðal er t. d. hugmyndin um að leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins og sameina fjárfestingarlánasjóði og fara að reka þá af viti og ábyrgð. Þeirra á meðal er t. d. hugmyndin um það að hætta þeirri óráðsíu og ósvinnu, á sama tíma og verið er að krefja launþega í þéttbýli um stórkostlegar skattgreiðslur, að halda áfram að greiða hundruð millj. með óseljanlegum landbúnaðarafurðum sem skattlagningu á launþegafjölskyldur, sem í sumum tilfellum er bein eignatilfærsla frá fátæku fólki í þéttbýli til stóreignamanna í sveitum, varið af málsvörum þess flokks sem kennir sig við sósíalisma og verklýðshreyfingu.

Ég spái því að ekki muni standa á stjórnarandstöðunni — um það leyti sem þessi vinstri stjórn hefur náð samkomulagi um sín fylgifrv. og mannað upp kjarkinn til þess að leggja fram sín brbl. — að svara því hvað hún vilji í staðinn, eins og þegar hefur komið fram. Alþfl. hefur

náttúrlega á undanförnum árum lagt fram þann lagabálk sem er svarið við því í heild sinni, og Alþb.-mönnum, þeim hugmyndaöreigum, er ekkert of gott að tína til úr því það sem þeim þóknast. Það mun ekki standa á því að við fylgjum okkar málum þegar ríkisstj. stendur við það loforð sitt að setja þau fram sem fylgifrv. Og það getur vel verið að við hjálpum þeim svolítið við það.

Að lokinni þessari ráðstefnu er eiginlega fátt eftir annað en eitt. Og það er það að hæstv. fyrirspyrjandi, sem hefur fengið fjögur eða fimm svör til allra átta — vegir liggja til allra átta frá hæstv. ráðherrum um afstöðu til vaxtamála — reki nú endahnútinn á þetta undarlega málaþjark og svari fyrir hönd Sjálfstfl.: Frjálsir vextir eða atvinnurekendavextir?

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í umr. í gær um vaxtamálin kom fram hjá hæstv. fjmrh. að aðaláhyggjuefni hans og hans flokks í vaxtamálum væri misræmið í kaupgjalds- og lánskjaravísitölu. Vegna þeirra orða sé ég ástæðu til að blanda mér í þessar umr.

Ég fagna þessari yfirlýsingu, því að það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af þróun þessa þáttar í verðtryggingarmálum. En það er ekki nóg að hafa áhyggjur. Það bætir ekki stöðu lántakenda að hafa bara áhyggjur af þessu. Það verður að grípa þegar í stað til aðgerða til að taka á þessu máli. Þrátt fyrir áhyggjur, sem bæði komu fram í gær hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., og ályktanir þingflokks þeirra í þessu máli hef ég þó lítið orðið vör við að þeir sýndu áhuga á frv. sem fyrir Alþingi liggur um þetta efni og ekki hefur enn komist til 1. umr. þótt það hafi legið fyrir þinginu nú í þrjár vikur.

Hæstv. fjmrh. orðaði það svo í umr. í gær, að Alþfl. hefði hugmyndir sem gengju í sömu átt og þær ályktanir, sem Alþb. hefði gert í þessu efni. Auðvitað veit ráðh. að Alþfl. hefur meira en hugmyndir í þessu máli og meira fram að færa en bara ályktanir um málið. Það liggur fyrir ítarlega útfært frv., sem nú bíður þess að verða tekið á dagskrá.

Það var fyrir um það bil tveimur árum sem ég byrjaði að athuga þetta mál, en þá hafði þetta misræmi verið um nokkurra mánaða skeið. Sérfræðingar, sem ég leitaði til, töldu þá að þessi þróun, sem þá var, gæti ekki staðið lengi og hlyti að snúast við. Þess vegna hélt ég að mér höndum þar til s. l. vor að ég tók þetta mál upp að nýju.

Hæstv. fjmrh. talar um að kjaraskerðingin fyrirhugaða 1. des. muni enn auka þennan mun og talar um 10% í þessu sambandi. Þetta er auðvitað hárrétt hjá hæstv. ráðh. og tími til kominn að hann átti sig á því og þó fyrr hefði verið, því hver einasta kjaraskerðing sem ráðh. hefur staðið að síðan hann settist í ráðherrastól hefur aukið þetta misræmi. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að það sé ákaflega lítið sem bendi til þess að þessari þróun verði snúið við á næstunni og menn verði því að taka höndum saman og leysa þetta mál, bæði stjórn og stjórnarandstaða. Og stjórnarsinnar, sem fjálglega hafa lýst yfir nauðsyn þess að taka á þessu máli, hljóta að geta sameinast um frv. sem fyrir Alþingi liggur, þó ekki sé um stjfrv. að ræða, þegar fram hefur komið að þeirra hugmyndir ganga í sömu átt og í þessu frv. felst. Ef eitthvað það er í útfærslunni sem stjórnarsinnar geta ekki sætt sig við erum við Alþfl.-menn að sjálfsögðu tilbúnir til að skoða allt sem betur mætti fara við meðferð frv. hér á Alþingi, en ég gat ekki heyrt annað en að efni til séu þeir sammála þeirri aðferð og þeirri meginhugmynd sem í frv. felst.

Sá mismunur, sem orðið hefur á verðtryggingarviðmiðun og kaupgjaldsviðmiðun frá því að lánskjaravísitalan var fyrst reiknuð út, er hrikalegur. Frá 1. júní 1979 til 1. okt. 1982 hefur lánskjaravísitalan hækkað um 323% og byggingarvísitalan hefur hækkað um 375%. Ef við berum þetta saman við meðallaunataxta nokkurra starfsstétta kemur í ljós að á sama tíma hafa meðallaun verkamanna hækkað um 291%, verkakvenna um 285%, iðnaðarmanna um 302%, verslunarmanna um 261%, landverkafólks um 286% og opinberra starfsmanna um 255%. Samtals hafa því meðallaun þessara starfshópa, sem ég hef hér rakið, hækkað um 277%, á móti því að lánskjaravísitalan hækkar um 323% og byggingarvísitalan um 375% á þessu tímabili. Það er alveg ljóst, að heimilin í landinu standa ekki af sér þessi áföll til lengri tíma, þegar þau hafa miklar fjárskuldbindingar, t. d. vegna íbúðakaupa.

Launafólk í landinu hefur orðið að búa við hverja kjaraskerðinguna á fætur annarri undanfarin ár og í kjölfar þeirra eykst sífellt misræmi á milli launa og verðtryggingar. Afleiðingin er að fólk þarf sífellt að leggja á sig meiri og meiri aukavinnu til að standa við sínar fjárskuldbindingar. Afleiðing þessa er ekki bara að rekstrargrundvelli heimilanna er stefnt í mikla tvísýnu, heldur hitt einnig, sem er ekki síður alvarlegt, að þegar fyrirvinnur þurfa sífellt að leggja á sig meiri og meiri aukavinnu, nánast vinnuþrældóm, til að standa við fjárskuldbindingar sínar, þá getur það haft í för með sér félagslegar afleiðingar af margvíslegum toga. Slíkar afleiðingar koma ekki bara niður á heimilum, sem fyrir slíku verða, heldur einnig á þjóðfélagsheildinni. Með þessu er ég ekki að segja að þetta mál eitt út af fyrir sig leysi fjárhagsvanda heimilanna, en leiðrétting á þessu misræmi er einn mikilvægur hlekkur þess að lántakendur hafi möguleika á að standa við skuldbindingar sínar, að kaupið haldi í við verðtryggingarviðmiðun.

Auðvitað þarf margt fleira að koma til, en ég skal ekki fara út í það hér. Um er auðvitað að ræða lengingu lánstímans og miklu hærra lánahlutfall sem lánað er til íbúðakaupa. Tvennt vil ég þó aðeins nefna hér í örfáum orðum. Það hefur ekki verið staðið við það ákvæði 33. gr. í lögum um Húsnæðisstofnun frá 1980, sem kveður á um að gjalddagar lána hjá Húsnæðisstofnun séu eigi færri en fjórir á ári. Það fyrirkomulag yrði þó til verulegra bóta fyrir lántakendur og mundi dreifa greiðslubyrðinni. Um þetta eru þó skýlaus ákvæði í lögum. Einnig hefur reynst erfitt fyrir húsbyggjendur að fá að skuldbreyta eldri lánum með hlutfallslegri verðtryggingu þrátt fyrir skýlaus ákvæði til bráðabirgða í lögum um Húsnæðisstofnun frá 1980 þar um. Greiðslubyrði lána sem tekin voru á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, þ. e. 60% verðtryggingu og 9.75% vöxtum, er lántakendum mun þyngri en annarra lána. En það hefur verið, eins og ég segi, fyrirstaða í Húsnæðisstofnuninni við að fá í gegn þessa skuldbreytingu. Hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. hljóta að hafa verulegar áhyggjur af þessum þáttum, sem þyngja greiðslubyrði heimilanna eins og sá þáttur sem snýr að verðtryggingarviðmiðun og kaupgjaldi.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt frekar, þó um verðtryggingarstefnu þessarar ríkisstj. eins og hún er framkvæmd mætti hafa mörg orð. Ég tel það góðs viti og lýsi enn ánægju minni með það, að svo virðist sem

samstaða geti náðst um frv. okkar Alþfl.-manna um lánskjaravísitölu og kaupgjaldsvísitölu. Ég minni einnig á í því sambandi, að hæstv. sjútvrh. hefur haft um það mörg orð í fjölmiðlum að taka þyrfti á þessu máli. Vænta má því þess, að a. m. k. þrír flokkar hér á Alþingi geti náð samstöðu um málið. Þó seðlabankafulltrúar hafi lýst því yfir að himinn og jörð muni farast ef hreyft verður við þessu máli, þá er þar auðvitað á ferðinni almenn íhaldssemi hjá bönkunum. Ég trúi því ekki að sjútvrh. láti seðlabankamenn stöðva sig í því að leggja lið þessu brýna réttlætismáli. Sjútvrh. hefur áður heyrt þau fleygu orð, að vilji sé allt sem þarf, og það gildir einnig um þetta mál. Ég er því vongóð um að samstaða geti náðst um þetta mál, a. m. k. hjá þrem flokkum hér á hv. Alþingi.

Ég vil taka undir með fjmrh., sem fram kom í hans orðum í gær, að brýnt sé að taka á þessu máli nú þegar, enda lýsti hann því réttilega yfir að 1. des., í kjölfar kjaraskerðingarinnar, mundi misræmið enn aukast, og talaði hann um 10% í því sambandi. Hæstv. fjmrh. og hans flokkur hlýtur því að leggja þunga áherslu á að frv. okkar Alþfl.-manna fái afgreiðslu hér á hv. Alþingi fyrir 1. des.

Ég minni á að í samþykkt þingflokks Alþb. segir að meginákerslu beri að leggja á þetta mál, þar sem fyrirsjáanlegur sé verulegur munur á lánskjaravísitölu og verðbótum launa 1. des. n. k. Ég veit a. m. k. að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson leggur mikla áherslu á að frv. okkar Alþfl.-manna fái afgreiðslu fyrir 1. des., enda hefur hann látið þess getið í fjölmiðlum að eitt af skilyrðum hans fyrir stuðningi við brbl. sé samræming á kaupgjaldsvísitölu og lánskjaravísitölu. Í Þjóðviljanum 8. sept. s. l. segir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, þegar hann ræðir um skilyrði fyrir stuðningi sínum við brbl., með leyfi forseta:

„Ég sett því það að skilyrði", segir Guðmundur J. Guðmundsson, „að verði það meginatriði ekki virt að meiri byrðar verði lagðar á aðra en láglaunafólk mun ég standa fastur á því að greiða atkv. gegn brbl. Í þessu sambandi", segir Guðmundur J. Guðmundsson, „vil ég sérstaklega nefna það, að ég geri það að stóru máli að lánskjaravísitala verði látin fylgja kaupinu þannig að verkafólk geti staðið undir þeim dýru lánum sem það neyðist nú til að taka."

Þetta segir Guðmundur J. Guðmundsson í Þjóðviljanum 8. des. s. l. og þetta sjónarmið ítrekar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson síðar í Dagblaðinu 13. okt. Ef hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson meinar það sem hann segir um þetta mál, sem ég að óreyndu dreg ekki í efa, er það auðvitað ljóst að úrslit verða að fást í þessu máli áður en Guðmundur J. Guðmundsson greiðir atkv. um brbl. Því er það ekki síður mikilvægt að þetta frv. fái afgreiðslu fyrir 1. des. en frv. um orlof, sem nú liggur fyrir Alþingi, eða önnur fylgifrv. ríkisstj. við brbl.

Herra forseti. Ég vek athygli ríkisstj. á þessum orðum hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, að þetta er eitt af skilyrðum hans, sem hann setur um stuðning við brbl., og ég vek athygli á því, að ekki er hægt að skilja ályktun þingflokks Alþb. öðruvísi en svo, að afgreiða verði þetta mál fyrir 1. des. Og ég vek athygli á því, að enn hefur ekki komist á dagskrá frv. um þetta mál, sem legið hefur nú fyrir Alþingi í þrjár vikur. Ég vil því beina því til hæstv. forseta Sþ., að hann beiti sér fyrir því að þegar á morgun verði tekið á dagskrá Nd. frv. okkar Alþfl.-manna um breytingu á lögum um stjórn efnahagsmála. Ég undirstrika, að Alþb.-menn hafa þegar lýst yfir því að hugmyndir þær sem í frv. okkar Alþfl.-manna felast falli að hugmyndum Alþb. og í útvarpsumr. hefur sjútvrh. látið í ljós svipaða skoðun. Það er ekki síður mikilvægt, að eitt af skilyrðum Guðmundar J. Guðmundssonar við stuðning við brbl. er að leiðrétting fáist á þessu máli, sem í frv. okkar felst, fyrir 1. des. Engin þörf er því á að tefja framgang málsins og auðvitað með öllu óþarft og nauðsynjalaust að bíða þess að ríkisstj. leggi fram frv. um málið.

Ég vildi að lokum enn ítreka ósk mína til hæstv. forseta Sþ. um að hann fallist á þessa málaleitan, sem ég hef hér beint til hans, og fram komi við þessa umr. að hann beiti sér fyrir því að frv. um breytingu á lögum um stjórn efnahagsmála verði tekið til umr. í Nd. á morgun. Ég vil reyndar einnig beina því til hæstv. forseta Nd., sem hér situr og hlýðir á þessar umr., að hann geti orðið við þessari ósk.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þessi umræða er nú orðin ærið löng og e. t. v. ekki ástæða til að bæta mörgum orðum við hana. En það verð ég að segja, að í þau ellefu ár rúm sem ég hef átt sæti á hinu háa Alþingi hafa engar umr. orðið með þeim hætti sem maður varð áheyrandi að hér í gær. Fyrir ráðh. og hæstv. ríkisstj. eru lagðar fsp., sem þeir og svara, en menn urðu engu nær um stefnu hæstv. ríkisstj. Nú var það helst von mín að flokksfélagi minn sem svo á að heita, hæstv. forsrh., sem gaf sér tíma til þess að sitja hér andartak í dag, mundi hlaupa undir bagga og gefa okkur einhver svör. Og nú beini ég því til hæstv. forseta vors að hann athugi um það að kalla þessa hæstv. ráðh. hér til umr., af því að við erum að fjalla um ein mikilvægustu þjóðmálin sem menn hafa handa í milli í dag. Væri nú kannske ekki ráð að senda einhverja dráttarbáta upp í stjórnarráð að draga kapteininn af strandstaðnum og hingað niður eftir því hér á hann að vera? Ég sakna hæstv. félmrh., formanns Alþb., ég á erindi við hann, og ég sakna formanns Framsfl., svo ruglaður sem hann annars er í ríminu, bæði í þessu rími sem öðru, en ég þarf að leggja fsp. fyrir hann einnig. Ég þarf alveg sérstaklega að spyrja formenn Alþb. og Framsfl. að því hversu lengi þeir ætli að láta hafa sig að ginningarfíflum og sína flokka.

Það var dapurlegt, og sérstaklega af því að mér er nokkuð vel til þess manns af ýmsum ástæðum, að hlusta á svör hæstv. viðskrh. Hann skýrði frá því að frá Seðlabanka hefði komið erindi 11. ágúst um vaxtamál. Og nú er óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir því að það gilda lög um þessi efni, lög sem framkvæmdavaldinu ber að fara eftir og á ekkert að hafa um að segja að öðru leyti. En við hér á hinu háa Alþingi, og á þetta hef ég bent þrásinnis, höfum orðið að búa við það og látið okkur það lynda, því miður, að horfa upp á framkvæmdavaldið fara eftir lögum og að lögum að vild sinni. Og við höfum séð þetta í fleiri efnum en beinhörðum lögum reyndar, sem er skaðminna, þar sem þeir hafa foraktað þáltill. æ ofan í æ. — Það er einhver annar en ég sem á þessi skilaboð um að tala til kl. 4. En það eru sjálfsagt einhver tímamót í framboðsmálum í prófkjöri sem þarna skera úr um. En ég er ekki einn af þeim. (Gripið fram í: Það gæti verið til 4 í nótt.) — Þrátt fyrir skýlaus lagaákvæði sem um þetta gilda leyfir hæstv. viðskrh. sér að lýsa því yfir að það sé mikil tregða í ríkisstj. og stjórnarliðinu að fallast á hækkun vaxta. Hvað ætlar hið háa Alþingi lengi að láta bjóða

sér þvílík vinnubrögð og þvílík andsvör um framkvæmd laga sem í gildi eru?

Hann gat þess hæstv. viðskrh., að þegar slík erindi sem þessi kæmu frá Seðlabanka væri nú mikið ráð og æskilegt að fljótt væri brugðist við um slíkar ákvarðanir. Það er alveg rétt. Það þykir mikill siður og góður að bregðast fljótt við í gengisbreytingarmálum og í stjórnun peningamála. En hvað skeði? Það liðu ellefu vikur þar til þetta var framkvæmt og svo er staðið hér upp og sagt að það sé mikilvægt að vera fljótur og bregðast fljótt við þegar svona rekur á fjörur manna, eins og þessi lögboðna ákvörðun um vaxtabreytingarnar var. En þeir standa frammi fyrir því, að atvinnuvegirnir eru vitanlega að stöðvast, aðalútflutningsatvinnuvegir okkar eru að stöðvast vegna óðaverðbólgunnar. Við getum ekki haldið áfram að flytja út kostnaðarhækkanir vegna verðbólgunnar. Og auðvitað er þeim ekkert haldið gangandi nema með áframhaldi gengissigs eða gengisfalls, eða hvað sem þeir vilja nefna þetta, og vítahringurinn heldur áfram sem aldrei fyrr. Þeir hafa haldið gangandi útflutningsatvinnuvegunum allt þetta ár með seðlaprentun niðri í Seðlabanka, ég get borið vitni um það. Og því á að halda áfram — baneitraðasta ráðið sem menn geta brugðið á þegar verðbólga geisar. Og allt er þetta gagnslaust „gymnastik", allt sem þessir menn þykjast vera með handa í milli, eins og komið er okkar verðþróunarmálum, sem þessi ríkisstj. á aldrei eftir að fá fangs á og ber þess vegna að víkja frá.

Ég hef aldrei heyrt önnur eins svör hjá ríkisstjórnarmönnum og gáfust hér í gær. Það var auðvitað bágborið upplit á hæstv. ríkisstj. þegar að hún var að ganga fyrir ætternisstapa, ég minnist þess, 1974 og menn áttu ekki fóður undir fat. Það var auðvitað dapurleg sjón að sjá liðið sem æddi hér um, upplausnarlið stjórnarinnar, 1979 og gafst þá upp með aumkunarverðum hætti. Svona upplit á einni ríkisstj. hef ég aldrei séð, ekki viðlíka.

Það er talað um að ráðherranefnd hefði verið skipuð sama daginn og ríkisstj. ákvað að framkvæma þetta. Enginn þarf að segja manni, enda má vitna í yfirlýsingu Seðlabankans og embættismenn þar, að þeim detti í lifandi hug að birta yfirlýsingu um samráð við ríkisstj. nema af því að það hefur verið haft. Og það stendur þar skýrum stöfum. Auðvitað tók ríkisstj. ákvörðun um framkvæmd laganna, eins og vera bar og vera ber og þarf ekki að skjóta sér á bak við dr. Jóhannes Nordal eða neinn annan. Svo koma ráðh. hér og segja að stefna ríkisstj., eins og hæstv. viðskrh. sagði, væri að fara varlega í þessum sökum og þeir hefðu skipað fjögurra manna ráðherranefnd á fimmtudaginn til að fara að ræða þessi mál, 11 vikum frá því sem þeir fengu fyrstu tilkynninguna frá Seðlabankanum. Og hæstv. fjmrh. í þessu vesalings litla ríki okkar kemur hér upp og segist ekki vera sáttur við vaxtaákvarðanir sem um gilda skýlaus lög. Fjármálaráðh. í ríkinu segist ekki vera sáttur við ákvarðanirnar og að þær hafi komið sér á óvart. Hvar er komið högum þessara vesalings manna, sem eiga að heita hæstv. ráðh. og manni bera að ávarpa svo samkvæmt þingsköpum? Hann vefengir ekki, segir hann, að þeir hafi lagalegan rétt. Hann gerir það að vísu ekki, en hann er ekki tilbúinn til þess að framfylgja lögunum. Þessi maður, sem við höfum kosið hér eða þetta háa Alþingi, — að vísu ekki ég sem að líkum lætur — álítur sér ekki bera nein skylda til þess að framfylgja þessum skýlausu lögum. Og hann er andstæður því að framfylgja þeim og hann gagnrýnir Seðlabankann og tekur til að þetta hafi komið „eins og þjófur úr heiðskíru lofti". Svo gera þeir hér upp í Hlaðbúð, Alþb., sérbókun á samþykkt um verðbótaþáttinn o. s. frv., að vaxtahækkunin fari ekki fram úr verðbótaþætti á hækkun launa. Allt saman yfirskin og út í bláinn!

Viðskrh. endaði sína ræðu á því að gagnrýna Sjálfstfl. fyrir andstöðu við brbl. Hvað vilja nú hæstv. ráðh. vera að minnast á þetta óbermi, sem heitir brbl., og hvar eru þau? Hæstv. viðskrh. hefur ekki hugmynd um hvort hæstv. forsrh. ætlar að leggja þau fram eða ekki. (**VG:** Hann hélt að það væri búið að því.) Ja, hann hélt það já. (**Gripið fram í:** Hann vissi ekki betur.) Já, það er ekki spaug að þessu, það er ekki spaug að þessum ruglingi öllum saman. En hann veit hvorki hvort það er búið né hvort það stendur til. Hann hefur ekki hugmynd um það, hæstv. ráðh. Allt er þetta upplit aumkunarvert.

En hvað fela brbl. í sér, eins og hér hefur verið bent á? Dettur mönnum það lifandi í hug að það verði ráðið til þess að bjarga okkar verðbólgumálum að seilast æ ofan í æ til hinna lægri launuðu í þjóðfélaginu og skera niður verðbæturnar? Dettur mönnum það í hug í 60—70% verðbólgu? Auðvitað er það mikilsvert ef verkafólkið í landinu telur sér tök á að gefa eftir. Auðvitað dregur það úr sem einn þáttur, getur verið mikilsverður þáttur, en að ætla að beita þessu sem reglu í þessari fljúgandi verðbólgu hlýtur óðar í bili að stefna til opinnar styrjaldar við þá sem eiga að gæta hagsmuna hinna lægst launuðu. Þetta sér hver heilvita maður. Ég er ekki að gagnrýna aðferðina út af fyrir sig, ef þannig stendur á að margvirkum aðgerðum er beitt í senn og hægt er að ná um það góðu samkomulagi við launastéttirnar að þær gefi eftir á þessu sviði. En í þessum ógnum, sem yfir dynja núna um verðbólgu og verðlagsþróunina sjálfa, mega menn ekki láta sér til hugar koma að þetta geti gengið eða taki nokkru tali.

Og hann segir, hæstv. viðskrh., að ef við ekki samþykkjum brbl. þeirra rjúki verðbólgan upp í 70—80%. Hún gerir það hvort sem er. Hún gerir það auðvitað hvort sem er. Þetta er allt saman á hverfanda hveli.

En hann kom svo hér hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl. Hefur hæstv. forseti gert einhverja tilraun til að draga þessa menn hingað niður eftir til þess að tala við okkur? (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. er með fjarvistarleyfi á þessum fundi.) Það á ekki að gefa honum það. Hér þyrfti hann að vera því að hann þarf að fara að átta sig á hlutunum. — Hann tilkynnti að framkvæmd þessarar lögbundnu stefnu, þessarar stefnu sem ríkisstjórnin tók auðvitað ákvörðun um að framkvæma að þessu leyti og fól Seðlabankanum að framkvæma, muni leiða til greiðsluþrots hjá fyrirtækjunum í fiskiðnaði og sjávarútvegi. Hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., meginstólpi þessarar hæstv. ríkisstjórnar, tilkynnir „að framkvæmd þessarar stefnu hlýtur", segir hann, „að leiða til greiðsluþrota hjá fyrirtækjunum." Afkoma frystingarinnar í núlli — gengisaðlögun kallar hann þetta hrap sem hefur orðið á genginu undanfarnar vikur — hrökkvi hvergi nærri til að mæta þessari nýju stefnu, sem þeir kalla svo, þessari framfylgd laganna um vexti. Hvað ætla þá þessir herrar að gera? Hvað er næst?

Ég krefst þess, herra forseti, að þessari umr. verði ekki slitið fyrr en við fáum alveg sérstaklega að ganga á hæstv.

forsrh. um það, hver hans stefna er. Engin heil brú er í því sem komið hefur fram hjá þeim hæstv. ráðh. sem fyrir svörum hafa setið og ég hlýt og við hljótum að eiga kröfu á því hér á hinu háa Alþingi að fá að heyra hans álit. Hann flutti stefnuræðu fyrir okkur hér á dögunum, þar sem engu einasta orði var vikið að þessum mikilvæga þætti. Raunar er mér ekki margt, og ekkert, minnisstætt úr þeirri ræðu nema þar sem sagði: „Á öllu veltur", sagði þar í næstsíðustu málsgreininni, „að við stöndum saman, tökumst á við erfiðleikana og verðum ekki sundrungaröflum að bráð". Sælir eru þeir sem heyra slík orð og varðveita þau. Kannske mætti hafa þetta öðruvísi og segja: *Heimskir eru þeir sem hlusta á slíka hræsni.* En sama er, þetta er mér minnisstætt. Og bræður mínir: Það má vel vera að ég eigi eftir að hafa þetta yfir í annan tíma, sér í lagi ef hann sýndi okkur þá virðingu að vera viðstaddur svo mikilvæga umræðu.

Ég hygg þó að frægust hafi ræða hæstv. spítalaráðherra verið, formanns Alþb. Maður verður að fara að kenna slíka hæstv. ráðh. við sjúkrahús því að ég sé ekki betur en þeir eigi þar helst heima. Hann tilkynnti að lög sem sett voru um þetta efni, vaxtamálin, þegar hann var bankamálaráðherra, og það eftir að hafa stjórnað þessu ríki í þrjú ár, að sú raunvaxtastefna, sem er meginundirstaða í peningamálum, hafi gengið sér til húðar. Þetta tilkynnir hann og þetta uppgötvar hann eftir að hann er búinn að missa tök á því að setja lög á Alþingi. Í þrjú ár stjórnar hann við þær aðstæður að það þurfi, eins og hann segir, að fara fram gagnger endurskoðun allra laga — og ég bókaði þetta eftir honum — sem varða peningamál í landinu. Þegar komið er að því að þessi hæstv. ríkisstjórn druslist frá völdum uppgötvar formaður annars burðarássins í þessari hæstv. ríkisstjórn að öll meginstefna í peningamálum hæstv. ríkisstjórnar hafi gengið sér gersamlega til húðar, að það þurfi að endurskoða öll lög sem varða peningamál í þessu landi. Ég man ekki hvort hann orðaði það svo, en ég hef bókað hér með upphrópun: Niður með Seðlabankann. Ég bið hæstv. forseta um að það verði flett upp á þessu, ef ég fer með rangt mál, en nokkurn veginn svona hljóðaði þetta. Og sökin á þessu öllu saman, þessari kórvillu í peningamálum, peningapólitík þessarar þjóðar, er sök Alþfl., kratavesalinganna sem komu þessu á hér um árið og er eitt af því fáa sem þeir hafa af viti gert! En meginsökin er auðvitað ekki þeirra. Alveg eins er hjá hæstv. forsrh. Það er alltaf einhverjum úti í löndum um að kenna hvernig komið er, það er einhverju ósjálfræði annarsstaðar á hnettinum að kenna hvernig komið er hér. Hjá hæstv. félmrh. er Vilmundi um að kenna hvernig komið er í peningapólitík á Íslandi. Þetta heitir nú að finna sér blóraböggul í lagi!

Menn spyrja hér hvort heldur menn standi með ríkisstjórninni eða Seðlabankanum. Ég veit ekki hvernig á að fara að því að standa með ríkisstjórninni, því ég veit ekkert hvar hún stendur eða hvaða afstöðu hún hefur í þessu máli eða öðrum. Hver er að tala um það og hver er að spyrja um hvort þeir standi með Seðlabanka, sem er að fara að lögum? Hvers vegna þarf að vera að spyrja um það? Mér er það minnisstætt, að þegar þessi vaxtamál voru hér til umr. á sínum tíma gerði ég ekkert annað en að spyrja kurteislega um hvernig fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskvinnslu ættu að fara að standa undir þessum kjörum. Menn túlkuðu þetta sem svo, að ég væri algjör andstæðingur þessarar aðferðar og höfðu það eins og vant er að vilja sínum. Þeir tala mest til að mynda um fjármálapólitík Framkvæmdastofnunar sem aldrei hafa kynnt sér hana. Til að mynda er allt það fé, sem okkur hefur verið falið nú til þess að halda fyrirtækjum gangandi, auðvitað fullverðtryggt og við höfum ráðið því og talið enda þá lagalegu stefnu uppi. En þetta er ég ekkert að upplýsa menn um, því að þeir sem vilja geta haldið sig við sitt rórill að fara með rangt mál og fer það best og eru mælskastir þegar svo stendur á.

En það er auðvitað alveg ljóst, að með þessum aðferðum, sem hér hefur verið beitt, hefur vitanlega ekki gengið á öðru en halda útflutningsfyrirtækjunum gangandi með hrapandi gengi eða stórum gengisfellingum. Þau gátu auðvitað ekki staðið undir þessu, eins og þeim hefur verið búin rekstursaðstaða í þessu þjóðfélagi. Að sjálfsögðu gátu þau það ekki. Allt hefur þetta orðið samvirkandi til þess að nú flýgur verðbólgan áfram sem aldrei fyrr. Auðvitað er sjálfsagt mál að beita þessari vaxtastefnu, ef menn hafa tök á verðbólgunni og þröngva henni niður með hörðu. Við getum auðvitað þolað þessa vaxtapólitík þegar og ef við náum tökum á verðbólgunni. En þegar menn missa hana út úr höndunum á sér jafnharðan, eins og þessi hæstv. ríkisstjórn, er þetta ekkert annað en olía á eldinn, magnaðasta olía sem hægt er að nota, og allar þessar hundakúnstir í sektarútreikningum Seðlabankans, sem hann beitir nú við viðskiptabankana í landinu, sem þyrfti nú að finna í minningu þessarar ríkisstjórnar eitthvert sérstakt nafn á.

Ég sé að strandkapteinninn verður ekki dreginn að þessu sinni hingað niður eftir til þess að hægt verði að eiga við hann orðastað, enda auðvitað tilgangslaust. Það yrðu þá ekkert nema yfirhylmingar sem farið yrði með. Það hefur aldrei verið gert annað. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur aldrei komið til dyranna eins og hún er klædd alveg frá því hún var stofnuð. En kannske ritari Framsfl., hæstv. viðskrh., vildi taka fyrir mig skilaboð til hæstv. sjútvrh. og samgrh. og formanns Framsfl. Þau eru þessi: Hversu lengi ætlar hann að láta hafa sig að ginningarfífli? Hann hefur nefnilega verið hafður það og hans flokkur síðan í desember 1979. Hverjum má trúa fyrir slíkum skilaboðum til Svavars Gestssonaar hér inni? Ég sé nú engan í bili. (Gripið fram í.) Já, það er mikið rétt. Vill hann svo vel gera og taka þá fyrirspurn mína til hæstv. heilbr.- og trmrh. hversu lengi hann og hans flokkur ætli að halda áfram að láta hafa sig að ginningarfífli? (**Gripið fram í:** *Það verður ekki lengi.*)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að ekki verði hjá því komist að ítreka enn við hæstv. forseta að hann sjái um að þeir hæstv. ráðherrar, sem í gær helltu úr skálum reiði sinnar yfir bæði flokka og menn hér á Alþingi, sjái sóma sinn í því að vera viðstaddir þegar okkur hinum óbreyttu gefst kostur á að ræða við þá og svara. Ég vil því gera þá kröfu til hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til þess að a. m. k. hæstv. félmrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. verði viðstaddir þá umr. sem nú heldur hér áfram. (**Gripið fram í:** Þeir munu vera að tala við Kjartan formann.) Ef ekki er hægt að ná þessum hæstv. ráðherrum til þinghalds innan tíðar, og þá á ég við innan nokkurra mínútna, (**Gripið fram í:** Það er upplýst að þeir eru að tala við formann Alþfl.) ef það á að ganga fyrir að tala við formann Alþfl. — þó að ég dragi ekki í efa að fyrst og fremst vilji þeir við hann tala, því að helsta bjarghringinn virðast menn finna í Alþfl. þessa dagana — en ef það á að ganga fyrir verður að fresta þessari

umr., því að ég geri þá kröfu að þeir hæstv. ráðherrar, sem ausa hér auri yfir aðra þm. og stjórnmálaflokka, sjái sóma sinn í því að sitja undir umr. sem þessum. Ég hyggst ekki fara úr stól, herra forseti, fyrr en annaðhvort þessir hæstv. ráðherrar eru hér komnir eða umr. er frestað.

Mér finnst satt að segja — og ég veit að hæstv. forseti er mér sammála í því, hann er réttsýnn maður og drengur góður — mér finnst lágmarkskurteisi að ætlast til þess af hæstv. ráðherrum, sem talað hafa eins og gert var hér í gær, að þeir sitji undir umr. og hlýði á svör við þeim fullyrðingum sem þeir hafa hér fram sett. (**Forseti:** Ég gef hv. ræðumanni kost á að fresta ræðu sinni.) Það var ekki það sem ég var að óska eftir, hæstv. forseti. Ég var að óska eftir því að annaðhvort kæmu þessir hæstv. ráðherrar í salinn og hlýddu á umr. eða að umr. yrði frestað. — [Fundarhlé.]

Forseti (Jón Helgason): Þeir hæstv. ráðherrar sem óskað var eftir að yrðu hér viðstaddir munu enn vera bundnir á fundi, sem ákveðinn hafði verið með hv. 2. þm. Reykn., en hv. 6. landsk. þm. hefur ákveðið að halda áfram ræðu sinni.

Karvel Pálmason (frh.): Herra forseti. Það er að vísu slæmt að hæstv. ráðherrar skuli ekki sjá sér fært að mæta hér til þingfundar. Að vísu skal það tekið fram að það er að sjálfsögðu mikils virði að hæstv. ríkisstj. og ráðh. ræði við formann Alþfl., hv. 2. þm. Reykn. Ég hef því kosið, þrátt fyrir mjög mikla óánægju mína með að hæstv. ráðherrar skuli ekki mæta hér, að halda áfram máli mínu.

Ég held að það geti ekki farið fram hjá neinum þeim sem hlýtt hefur á stjórnmálaumræður á undangengnum dögum — þá á ég við útvarpsumræðurnar sem hér urðu fyrir rúmri viku og ekki síður þá umr. sem hófst hér í gær utan dagskrár og einnig það sem staðið hefur yfir hér í dag — hvers konar rekald hæstv. ríkisstj. er orðin að því er varðar stefnu í efnahagsmálum — og raunar öðrum málum. Engum getur blandast hugur um þetta sem heyrt hefur þær umr. Þess vegna er líka mikils virði að þessum umr. öllum sé komið sem best á framfæri við almenning í landinu.

Í þessum umr. um vaxtamál hafa komið hér í ræðustól fjórir hæstv. ráðherrar. Það er hæstv. viðskrh. — hann er reyndar horfinn líka úr salnum núna þannig að enginn er eftir — og hæstv. sjútvrh., báðir enn a. m. k. að talið er framsóknarmenn. Þessir hæstv. ráðherrar hafa talað hvor í sína áttina í þessu máli. Einnig hafa hér talað bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. sem báðir eru í sama flokki. Einnig þeir hafa talað hvor í sína áttina. Fjórir hæstv. ráðherrar, sem tekið hafa þátt í þessum umr., hafa því talað í sína áttina hver. Ég held að það fari ekkert á milli mála — ég tek undir það með hv. þm. Sverri Hermannssyni sem hann sagði hér áðan — að aldrei hefur verið aumari málflutningur uppi hafður af hálfu forsvarsmanna ríkisstj. en hæstv. ráðherrar hafa uppi haft í þeim umr. sem nú hafa staðið hér part úr tveimur dögum.

Um afstöðu Alþfl. til þess máls sem hér er á dagskrá þarf ég ekki mörg orð að hafa, en vísa til ræðu formanns flokksins, hv. 2. þm. Reykn., hér í gær og þeirrar stefnu sem Alþfl. hefur haft og hefur varðandi þennan þátt efnahagsmála, og þeirrar efnahagsmálastefnu almennt sem flokkurinn hefur sett fram tillögur og frumvörp um. Ég skal því ekki ræða það. En það eru nokkur atriði sem fram komu hér í umr. í gær, fyrst og fremst af hálfu hæstv. ráðh. sumra hverra, sem mér finnst ástæða til að gera að nokkru umræðuefni.

Allir fyrrnefndir ráðherrar, fjórir að tölu, töldu að ákvarðanir Seðlabankans hinar síðustu um vaxtamál og vaxtahækkun varhugaverðar, að það ætti a. m. k. að fara varlega í slíkt. Og raunar lýstu þeir af sér allri ábyrgð á þeirri ákvörðun eða þeirri stefnu. Nú geri ég ráð fyrir að allir þessir hæstv. ráðh. hafi lesið fskj. með stefnuræðu hæstv. forsrh., sem sumir nefna þjóðhagsspá ríkisstj. eða forsrh. En einmitt í því fskj. er þessi stefna talin sú sem þurfi að framkvæma. Það er því um tómt mál að tala hjá hæstv. ráðherrum að reyna að bera af sér ábyrgð á þessari stefnu. Þeir hafa sjálfir í ríkisstj. lýst fylgi sínu og samþykki við þessa stefnu með stefnuræðu hæstv. forsrh. og þeim fskj. sem henni fylgdu.

Það var held ég hæstv. fjmrh. sem fyrstur vakti máls á því að Alþb. hefði fyrst og fremst áhyggjur af rekstrarstöðu heimilanna, og þá fyrst og fremst áhyggjur af því misræmi sem er milli lánskjaravísitölunnar annars vegar og hins vegar kaupgjaldsvísitölunnar, og að þingflokkur Alþb. hefði gert samþykkt s. l. fimmtudag í þá átt að þessu yrði að breyta. Hæstv. fjmrh. gerði tilraun til þess að fara með ósatt mál. Hann var að vísu leiðréttur og honum bent á að raddir hefðu heyrst úr Alþfl. líka um að þetta þyrfti að gera. Og samþykkt þingflokks Alþb. er ekki gerð fyrr en hálfum mánuði eftir að hér hefur verið lagt fram frv. af hálfu Alþfl.-þingmanna þess efnis að leiðrétta þetta óréttlæti. Þá fyrst vaknar sú meðvitund að því er virðist í hugum þeirra Alþb.-manna að eitthvað þurfi að gera.

Hæstv. félmrh. fullyrti hér í gær að sú raunvaxtastefna, sem Alþfl. hefði illu heilli pínt fram, væri búin að ganga sér til húðar, sú raunvaxtastefna sem formaður Framsfl. sagðist hafa verið plataður til að fylgja á sínum tíma. Hér hafa að sjálfsögðu verið hraktar þessar fullyrðingar hæstv. félmrh. En það er ástæða til að eyða örlitlum tíma í að ræða þær nokkru frekar.

Núv. ríkisstj. er búin að sitja að völdum nokkuð langt á þriðja ár. Henni hefði verið í lófa lagið, með t. d. hæstv. bankamálaráðh. í broddi fylkingar eða hæstv. félmrh., að breyta þessari vaxtastefnu. Því hefur það þá ekki verið gert? Ber að líta svo á að það sé fyrst núna sem hæstv. félmrh. er að uppgötva það sem hann var að lýsa í gær? Sannleikur málsins er auðvitað sá, eins og hér hefur verið bent á, að ástæðan fyrir því hversu illa er komið t. d. fyrir húsbyggjendum í landinu eru þau svik sem núv. hæstv. ríkisstj. — og þá fyrst og fremst hæstv. félmrh. sem aðalráðamaður í húsnæðismálakerfinu — hefur haft uppi við húsbyggjendur. Annað grundvallaratriðið í raunvaxtastefnunni sem átti að framkvæma, sem var lenging lána, hefur verið svikið. Það er núv. ríkisstj. sem hefur gert það núna langt á þriðja ár. Ástæðan fyrir því hversu illa er nú komið hjá sumum lántakendum er sú að skilinn hefur verið eftir annar hlutinn af þessu máli og svikið að framkvæma hann. Og á því ber hæstv. félmrh., formaður Alþb., ekki minnsta ábyrgð.

Hæstv. félmrh. tók til orða eitthvað á þann veg að samkv. þessari stefnu Alþfl. hefðu allir bankar átt að fyllast, verða yfirfullir af peningum. Ég man ekki betur en í stefnuræðu hæstv. forsrh. haustið 1981 hafi sérstaklega verið vitnað til batnandi ástands í peningamálum í landinu vegna gífurlegrar aukningar á innstreymi fjármagns í peningastofnanir. Ég man ekki betur en að ég hafi lesið þetta og heyrt hæstv. forsrh. einmitt vekja

sérstaka athygli á hversu vel hefði til tekist vegna aukins innstreymis peninga í peningastofnanir. Og það var sérstaklega undirstrikað að það væri vegna raunvaxtastefnunnar. Þetta skrifaði öll hæstv. ríkisstj. upp á haustið 1981. Þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh. eru fluttar í nafni allrar ríkisstj. sem sérstakur gleðiboðskapur um hver áhrif hafi í raun og veru orðið af raunvaxtastefnu Alþfl.

En það er ástæða til að vekja sérstaka athygli á þætti Alþb. í þessu máli. Hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. sögðu. „Alþb. ber fyrst og fremst ugg í brjósti vegna rekstrar heimilanna í landinu, vegna þeirrar stöðu sem launafólk almennt er komið í.“ Hver hefur þáttur Alþb. verið í þessu? Það hefur látið það viðgangast nokkuð langan tíma að launafólk beri hærri vexti en atvinnureksturinn. Undir forsæti hæstv. félmrh. hefur átt sér stað ört minnkandi raungildi lána úr húsnæðismálakerfinu. Undir handarjaðri hæstv. fjmrh. og félmrh. — og ríkisstj. í heild hefur stórlega verið aukin greiðslubyrði af lánum hjá launafólki og húsbyggjendum. Og það er að manni skilst að frumkvæði Alþb. í ríkisstj. sem núna 1. des. á að skerða laun um 10% með brbl., sem hæstv. ríkisstj. þorir ekki að leggja fram hér í þinginu, vegna þess að hún telur ekki tryggan meiri hluta fyrir þeirri lagasetningu.

Í sem fæstum orðum er þetta sú umhyggja sem Alþb. ber fyrir launafólki í landinu. Hæstv. viðskrh. varð hér á í gær að tilkynna að á borðun þm. lægi frv. um brbl. (Gripið fram í.) Hann vissi ekki betur, sagði hann, eða verður lagt, sagði hann svo eftir á, á borð þm. Enn er ástæða til að vekja á því athygli að nú er ekki mánuður þar til kjaraskerðingarákvæði brbl. — og raunar það eina ákvæði sem í brbl. er að finna — á að taka gildi og enn hefur hæstv. ríkisstj. með forsrh. í broddi fylkingar ekki treyst sér til að leggja brbl. fram hér í þinginu. Ég held að hæstv. ráðherrar í ríkisstj., allir raunar en ekki síst ráðherrar Alþb., ættu að spara sér yfirlýsingar um velvilja af sinni hálfu til launafólks í landinu.

Ég sagði hér í upphafi að hæstv. ráðherrar fjórir, sem hér hafa talað í umr., hefðu talað hver í sína áttina. En ég man það held ég rétt, annaðhvort kom það fram hér í umr. í gær eða það kom fram í fjölmiðlum, að þetta mál ætti að taka upp á ríkisstjórnarfundi í morgun, að þessa ákvörðun Seðlabankans, sem allir þessir hæstv. ráðherrar fjórir a. m. k. voru að reyna að breiða yfir að þeir bæru nokkra ábyrgð á, en er að finna í skjölum með stefnuræðu forsrh., ætti að taka til umræðu á ríkisstjórnarfundi í morgun. Í ljósi þess spyr ég — og vænti þess að hæstv. viðskrh. geti svarað því hér á eftir: Var þetta mál tekið til umræðu á ríkisstjórnarfundi í morgun? Og ef svo er hver varð þá niðurstaða þeirra umræðna? Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. heyri þetta og geti svarað því hér á eftir hvort ríkisstj. hefur komist að einhverri niðurstöðu í málinu.

Ekki er þó fyrir það að synja að sannleikskorn hafi slæðst með annað slagið í ræðum sumra hæstv. ráðh. Hæstv. félmrh. sagði eitthvað á þá leið hér í gær að hinar nýju útlánareglur Seðlabanka mundu stefna viðskiptabönkunum í algjör þrot. Ég tek undir þetta með hæstv. félmrh. Það er engu líkara en að með þeim nýju reglum, sem Seðlabankinn hefur nú sett, eigi að leggja í rúst nánast alla aðra bankastarfsemi í landinu. Seðlabankinn einn eigi að fara að annast útlán og önnur slík viðskipti eða þá að því eigi að sinna í gegnum Framkvæmdastofnun ríkisins, eins og að hluta til hefur verið gert með kreppulánum á undangengnum mánuðum. Ég tek því undir með hæstv. félmrh.: Seðlabankinn er nánast orðinn ríki í ríkinu. Það er hann sem virðist vera farinn að stjórna svo til öllum meiri háttar aðgerðum er varða peninga-, fjárfestingar- og efnahagsmál í landinu. Mér sýnist því að hæstv. ríkisstj., öll bankaráðin, bankastjórar og allt það lið gæti tekið sínar pjönkur og haldið heim ef fram verður haldið sem horfir og Seðlabankinn fær sínu framgengt. Mér sýnist meira að segja að svo langt ætli að ganga að Seðlabankinn ætli að fara að hlutast til um með hvaða hætti aðilar vinnumarkaðarins semji um þau mál sem þeir einir eiga um að fjalla og semja um, og þá er nokkuð langt gengið að mér finnst. Þó að ég ætli ekki að fara að ræða það sérstaklega hér þá gengur það nokkuð langt ef seðlabankastjóri eða stjórn Seðlabankans, bankaráð hans, ætlar að fara að hlutast til um þá samninga sem aðilar vinnumarkaðarins vinna að á hverjum tíma. Það sýnist mér vera í uppsiglingu og ekki langt undan. (**Gripið fram í:** Vissir þú það ekki?) Það er ekki von að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, hafi neina vitneskju um slíkt. Að svo komnu máli skal ég lýsa því fyrir honum í einkasamtölum en mun ekki gera það að opinberri umræðu hér á þessu stigi. En upplýsingar skal hann fá í þessum efnum og raunar fleirum ef ég get honum þær veitt. En ég þykist vita að hann rámi í hvað hér kunni að hanga á spýtunni.

En það er ástæða til þess að spyrja. Ja, spyrja, það er nú það. Hvern á að spyrja? Það er einn ráðh. hér. (**Gripið fram í:** Tómas.) Já, kannske vill hæstv. viðskrh. taka að sér að svara fyrir hæstv. Alþb.-ráðherra, en það voru fyrst og fremst þeir sem ég ætlaði að spyja, vegna þess að það voru þeir sem gerðu hvað harðasta hríð að þeirri stefnu sem Alþfl. hefur haft í vaxtamálum og peningamálum. Það er ástæða til að spyrja forsvarsmenn Alþb. — ekki þýðir að spyrja ráðh., þeir eru ekki hér, líklega enginn hér í þinginu nú úr gáfumannadeildinni ... (**Gripið fram í:** Jú, jú, hér er einn.) Já, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Það liggur þá beint við að beina spurningum sínum til hans. Ef Alþb. er andvígt þeirri stefnu í vaxta- og peningamálum sem Alþfl. hefur haft á stefnuskrá og hefur enn, ef Alþb. er eins andvígt þeirri stefnu og talsmenn þess virðast vera hér í umr. á Alþingi, með hvaða hætti vilja þá hinir sömu menn ávaxta fé og tryggja sparifjáreigendum raungildi sinna peninga? Eftir þeim tillögum er hér lýst. Ef Alþb. er andvígt þeirri stefnu sem Alþfl. hefur í þessum málum, að tryggja sparifjáreigendum raungildi sinna peninga, hvaða till. hefur Alþb. þá uppi um að tryggja þessum hinum sömu sparifjáreigendum raungildi sinna peninga sem þeir leggja inn í peningastofnun? (**Gripið fram í:** Það eru verðtryggðir reikningar í bankakerfinu.) Er það ekki það sem Alþfl. barðist fyrir? (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Hv. þm. og formaður þingflokks Alþb. ætti að koma hér inn í þingdeildina og fá sér sæti. Mér liggur við að segja eins og einhver hv. þm. sagði í gær: Ef ég væri í hans sporum mundi ég þegja og hlusta. En engar tillögur hafa komið um þetta. (**Gripið fram í:** Það jukust innlán.) Einmitt. Þarna kemur hv. þm. inn á meginefni málsins, en fer um leið og á að fara að svara honum. Þetta eru afleiðingar raunvaxtastefnunnar, sem Alþfl. kom í framkvæmd á sínum tíma en forsvarsmenn Alþb. leggja sig nú í líma við að troða í svaðið. Hv. þm. hefur líklega ekki verið nærstaddur hér áðan þegar ég var að segja frá því

að í stefnuræðu hæstv. forsrh. haustið 1981 var einmitt vitnað til þess að það jákvæðasta, sem gerst hefði í peningamálum þjóðarinnar á því ári, væri innlánsaukningin hjá peningastofnunum, sem væri ávöxtur af raunvaxtastefnunni og verðtryggingunni. Þetta er dómur reynslunnar, en sumir hverjir grípa nú í það hálmstrá að reyna að troða þann vitnisburð í svaðið af því að öll efnahagsstefna ríkisstj. er með þeim endemum að hér er allt að sigla í strand.

Ég skal ekki, herra forsesti, taka öllu lengri tíma hér af umr. Ég vil aðeins í lokin taka undir með hv. þm. Sverri Hermannssyni eða raunar spyrja hann: Hvað ætlar Alþingi sjálft að láta ganga langt í því að framkvæmdavaldið taki sér svo að segja völd að eigin vild? Það er að mínu viti löngu kominn til þess tíma að fjárveitingavaldið, Alþingi sjálft, taki í taumana í þeim efnum.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, taka undir þá beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að forseti beiti sér fyrir því að frv. sem varðar lánskjaravísitöluna og kaupgjaldsvísitöluna, sem þm. Alþfl. hafa lagt fram, verði tekið á dagskrá hið allra fyrsta svo að úr því fáist skorið hvort ekki er í raun og veru meirihlutafylgi við það mál hér á þinginu áður en 1. des. rennur upp, því að það er í tengslum við það sem þá á að ske. Ég ítreka því tilmæli til hæstv. forseta um að hann beiti sér eindregið fyrir því að þetta mál verði tekið til umr. og úr því fáist skorið hvort meirihlutafylgi er fyrir hér á Alþingi.

Að síðustu þetta. Mér hefur fundist öll stjórnmálaumræða síðustu tvær vikurnar, ekki síst síðustu dagana bera þess merki að Alþb.-menn eru orðnir mjög ókyrrir í því stjórnarsamstarfi sem þeir nú sitja í. Þetta þóttist ég heyra í útvarpsumræðunum sem fram fóru ekki fyrir löngu, og ekki heyrir maður það síður í þeim umr. sem átt hafa sér stað hér í gær og í dag um þennan þátt efnahagsmála, þ. e. vaxtaákvörðun og það sem henni fylgir.

Ég minnist þess að hv. þm. Helgi Seljan var að mér fannst óvenju hress í útvarpsumræðunum fyrir viku síðan og taldi þá allt á hinn verri veg fyrir stjórnarandstæðingum hér á Alþingi. Hann kastaði fram í lok sinnar ræðu vísu þessu til staðfestingar. Einu góðskáldinu varð að orði, eftir að hafa heyrt vísuna hjá hv. þm. Helga Seljan, eftirfarandi, sem best er að komist í þingtíðindi, og það skulu vera mín lokaorð:

> Blekkingar þó byrla kunni
> brjóta fylgi stjórnarlista
> vandamál á víðum grunni,
> veganesti kommúnista.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég mun ekki mæla í ljóðum, en mig langar þó að leggja orð í belg. Þingflokkur framsóknarmanna gerði á fundi sínum í gær samþykkt um vexti og lánskjaravísitölu svohljóðandi:

„Þingflokkur framsóknarmanna leggur á það áherslu að úr þeim mikla viðskiptahalla, sem nú er, verður án tafar að draga. Í því skyni er nauðsynlegt að framkvæma skilyrðislaust allar þær aðgerðir sem ríkisstj. hefur boðað til þess að draga úr verðbólgu. Grípa verður til allra tiltækra ráða til þess að draga úr óþarfa innflutningi og áherslu ber að leggja á aukna framleiðslu og útflutning.

Þingflokkurinn telur hins vegar hækkun lánskjaravísitölu og vaxta í þessum tilgangi óraunhæfa leið í þeirri stöðu sem nú er. Þótt verðtrygging sparifjár sé eðlileg, þegar til lengri tíma er litið, verður að framkvæma slíkt með fullu tilliti til greiðslugetu almennings og atvinnuveganna. Þingflokkurinn telur að endurskoða beri útreikning lánskjaravísitölu þannig, að fram komi áhrif opinberra aðgerða til hjöðnunar verðbólgu til lengri tíma en nú er gert, og jafnframt tryggt að vextir og lánskjaravísitala hækki ekki umfram greiðslugetu almennings og atvinnuveganna þegar yfir nokkurn tíma er litið.

Þingflokkurinn varar eindregið við þeirri miklu hækkun lánskjaravísitölu og vaxta, sem Seðlabankinn hefur nú einhliða ákveðið, ásamt stórhertum útlánareglum, sem kunna að leiða til greiðsluþrots atvinnufyrirtækja og atvinnuleysis, ef ekki verður gripið í taumana í tæka tíð. Með tilvísun til 37. gr. laga um efnahagsmál frá 1979 mótmælir þingflokkurinn sérstaklega einhliða ákvörðun Seðlabanka Íslands um hækkun vaxta á viðbótarafurðalánum og rekstrarlánum atvinnveganna. Ákvörðun um vexti og lánskjaravísitölu er óaðskiljanlegur þáttur aðgerða í efnahagsmálum, sem ríkisstj. verður að hafa á sínu valdi. Það verður að tryggja með lagabreytingu ef nauðsynlegt reynist."

Þessi ályktun var samþykkt samhljóða og var kynnt í ríkisstj. í morgun. (**Gripið fram í:** Var Tómas á fundinum?) Ég hygg að fundurinn hafi verið fullskipaður.

Það þarf ekki mörgum orðum við þessa ályktun að bæta. Það hávaxtakerfi sem við búum við hefur að mínum dómi sannað annmarka sína. Þetta kerfi kann að vera bærilegt í lækkandi verðbólgu en ekki í hækkandi. Verðbólgan verður nefnilega ekki læknuð með háum vöxtum. Það held ég að menn séu búnir að reka sig á. Auðvitað er hagur sparifjáreigenda mikilvægur og til hans ber að líta, en þeirra hagsmunir eru líka að þjóðfélagið lamist ekki. Háir vextir gagna lítið ef atvinnulífið lamast. Atvinnulífið í landinu ber ekki þann fjármagnskostnað sem því er ætlað að bera nú. Við siglum í strand, ef við breytum ekki um stefnu, og gerum fjölda manns, þar á meðal húsbyggjendur, gjaldþrota. Þessi stefna er nefnilega til þess að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari.

Fulltrúar Alþfl. hafa talað langt mál í þessum umr. og sumir þeirra verið mjög stórorðir og talað af mikilli óvild í garð atvinnuveganna. Ég var t. d. alveg furðu lostinn yfir ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, formanns Alþfl. og fyrrv. sjútvrh., þegar hann var að tala um að bankarnir stælu beinlínis af mönnum, og jafnframt að núv. sjútvrh. segði að ef hann ekki fengi að stela þessu og hinu af sparifjáreigendum og dæla út í sjávarútveginn, þá gerðist þetta og hitt. Svona voru orðalepparnir. Hv. þm. sagði t. d. orðrétt: „Ef ég væri vel stæður framleiðandi núna, annaðhvort við framleiðslu landbúnaðarafurða eða í sjávarútvegi, mundi ég væntanlega fá afurðarlán á 29% vöxtum. Það væri hægurinn," sagði hann, „það væri hægurinn að leggja þessa peninga inn á verðtryggða bók. Það er búið að skapa vítahring, svikamyllu. Það sem gerist er það, að af 1 millj. kr., sem menn fá í afurðalán, geta menn haft 310 þús. kr. í gjöf yfir árið með því að fara svona með peningana, 310 þús. kr. í gjöf af hverri millj., 31%. Þetta eru engar smáræðis fjárhæðir." Svo mörg voru þau orð hjá fyrrv. sjútvrh.

Ég veit ekki hvar hv. fyrrv. sjútvrh. finnur svo vel stæð framleiðslufyrirtæki að þau geti lagt afurðalánin inn á verðtryggða bók. Mér finnst þetta þungar sakir. Ég vil að menn sanni hvaða fyrirtæki það eru, sem misnota svo afurðalánakerfið, að þessi orð séu réttmæt. Mig undrar það ekki þó að hv. þm. Kjartan Jóhannsson hafi ekki verið farsæll sjútvrh., því að með svona hugsunarhætti er

ósköp fljótlegt að koma atvinnulífi landsins á hausinn. Ég held að við séum á nokkrum vegamótum. Menn verða að gera það upp við sig hér hvort við ætlum að lifa af atvinnuvegunum í landinu ellegar þá af vaxtatekjum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Umræður þær, sem hér hafa farið fram í gær og í dag í tilefni af fyrirspurnum hv. 1. þm. Reykn., Matthíasar Á. Mathiesen, hafa leitt í ljós slíkan leikaraskap og loddaraleik hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild að fá eða engin dæmi eru til slíks. Auðvitað var það og er augljóst, að ráðherrar og ríkisstj. í heild vissu nákvæmlega hvað Seðlabankinn hafði í hyggju. Fyrir ríkisstj. og einstökum ráðh. var í þeim efnum engu leynt, enda er ráðherrum í lófa lagið að stöðva ákvörðun Seðlabankans ef þeir vildu ekki að hún næði fram að ganga. Ef ríkisstj. hefði tekið afstöðu á fundi sínum s. l. fimmtudag gegn tillögum bankans hefði Seðlabankinn ekki tekið þá ákvörðun sem hann síðan gerði að sinni.

Það eru dæmi til þess áður, að Seðlabankinn hafi án bókstaflegs samþykkis ríkisstj. samþykkt vaxtahækkun. Það gerðist undir líkum kringumstæðum og nú eiga sér stað á árinu 1974. Þá var Lúðvík Jósepsson í ríkisstj. og hann muldraði eitthvað í barm sér um þessa ákvörðun Seðlabankans, en ríkisstj. leiddi ákvörðunina hjá sér að öðru leyti vegna þess að ríkisstjórnarfleyið var stjórnlaust rekald þá eins og nú.

Skýringin á þessu háttalagi ráðherranna og ríkisstj. er blátt áfram sú, að ráðherrar og ríkisstj. eru að fela sig á bak við Seðlabankann af því að þeir þora ekki sjálfir að taka ákvörðun, af því að ágreiningur er meðal þeirra um stefnuna sem taka ber í þessum efnum. Þá greinir á í þessum efnum, annars vegar hæstv. viðskrh. og hæstv. utanrrh. og hins vegar hæstv. sjútvrh. úr hópi framsóknarmanna. Þá greinir á í þessum efnum, hæstv. fjmrh. annars vegar og hæstv. félmrh. hins vegar úr hópi Alþb. Það átti að reyna að leyna þessum ágreiningi og varpa allri skuldinni yfir á Seðlabankann. Þetta er út af fyrir sig afskaplega lítilmannleg framkoma. Og það er fjarri sanni að mínu mati að Seðlabankinn sé að taka ráðin af ríkisstj. Ríkisstj. afhenti Seðlabankanum ráðin og beinlínis ýtti undir hann að taka ákvörðun í þessum efnum, enda hefur ríkisstj. haft frá því 10. ágúst s. l. og fram til þessa dags eða raunar fimmtudagsins var tillögur Seðalbankans í þessum efnum.

Það er svo vert að vekja athygli á þeirri yfirlýsingu Steingríms Hermannssonar, hæstv. sjútvrh., hér í gær að hann mundi taka þetta mál upp á ríkisstjórnarfundi nú í morgun. Við höfum saknað hæstv. sjútvrh. í umræðunum í dag. Það er fullkomin ástæða til þess að spyrja hann um hvaða undirtekir málflutningur hans fékk í ríkisstj. í morgun. Hann lét að því liggja að Seðlabankinn hefði ekki heimild til að ákveða vaxtahækkun afurðalána, svokallaðra viðbótarlána, eða/og almennra rekstrarlána atvinnuveganna vegna þess að það gilti það sama um vaxtaákvörðun þeirra og vaxtaákvörðun endurkeyptra afurðalána. Það er fróðlegt að kynnast því hvort aðrir ráðh. eru sammála og efni til annarra utandagskrárumræðna að spyrja hæstv. sjútvrh. um úrslit mála hans á ríkisstjórnarfundi í morgun.

Það er einnig ástæða til að spyrja framsóknarmennina nánar um þessa loðmullulegu samþykkt þeirra um vexti og lánskjaravísitölu, sem þeir gerðu á þingflokksfundi í gær, þegar þessi hrina í ákvörðunum er um garð gengin. Hér var spurt áðan: Var hæstv. viðskrh. á þessum fundi þingflokks framsóknarmanna? Þessi ályktun stingur mjög í stúf við þá tillögu sem hæstv. viðskrh. telur sig hafa flutt í ríkisstj. og er m. a. þar til meðferðar. Þessi ályktun stingur mjög í stúf við verðtryggingarstefnu hæstv. utanrrh., Ólafs Jóhannessonar, sem er höfundur svonefndra Ólafslaga, þar sem mörkuð var verðtryggingarstefna, ekki eingöngu af hæstv. utanrrh. heldur og af hæstv. ráðherrum Alþb., sem voru allir, ef ég man rétt, þá ráðherrar í ríkisstjórninni sem bar ábyrgð á Ólafslögum og þeirri vaxta- og verðtryggingarstefnu sem í þeim lögum var mörkuð. Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. nánar út í þessa ályktun sem og ekki síst hv. 3. þm. Austurl., formann bankaráðs Seðlabankans, Halldór Ásgrímsson. Ég aðvara því hæstv. forseta Sþ., að málið er engan veginn tæmt þó margar ræður hafi verið fluttar því að slíkur er tvískinnungur hæstv. ríkisstj. og einstakra ráðh., slíkur er leikaraskapur þeirra og loddaraleikur að þeir þurfa að standa nánar reikningsskil orða sinna og gerða.

Ég gat þess að tillögur Seðlabankans hefðu verið til meðferðar í ríkisstj. í tvo og hálfan mánuð. En það er rétt að vekja athygli á því, að fyrir tveimur og hálfum mánuði hljóðuðu tillögur Seðlabankans um 6% vaxtahækkun, en nú eftir tvo og hálfan mánuð, þegar málið var á lokastigi í umræðu milli Seðlabanka og ríkisstj., hljóðuðu tillögur Seðlabankans um 9% hækkun vaxta. Tillögur Seðlabankans *á tveggja mánaða tímabili* hækkuðu sem sagt um 50%. Þetta er dómur Seðlabankans um verðlagsþróunina í landinu á tveggja mánaða tímabili og það tilefni sem hún gefur að mati bankans til vaxtahækkunar. Að vísu dró Seðlabankinn í ákvörðun sinni um vaxtahækkun úr seinni tillögunni um 1%, þannig að almennast var að útlánavextir hækkuðu um 8%. Er nú svo komið að útlánavextir eru 47—53%, hafa hækkað um 50—60% í tíð vinstri stjórnar frá hausti 1978. Eins og kunnugt er hefur það verið í stjórnarsáttmála þeirrar stjórnar og einkum og sér í lagi stefnuskrá Alþb. að lækka skyldi vexti, en þeir hafa hækkað um 50—60%. Og þótt þeir hafi hækkað um 50—60% ná þeir þó ekki kröfum Ólafslaga um að vextir skuli fylgja verðbólgu. Verðbólgustigið er nú að mati Seðlabankans, í gögnum sem hann hefur afhent ríkisstj. ásamt þessum till., 65%.

Hér er einnig margt fleira sem ástæða er til að vekja athygli á. Enn sem fyrr er *misræmi milli venjulegra útlánavaxta* og verðtryggðra vaxta. Þetta misræmi skapar auðvitað mismunun á milli þeirra sem njóta venjulegra útlánavaxta, sem eru þó ekki lægri en 50%, og verðtryggðra vaxta, sem eru 65%. Enn er aukið misræmið milli svokallaðra endurkeyptra afurðalána, sem enn bera 29%, og annarra afurðalána eða atvinnuvegalána, sem bera 47—53% vexti, að ekki sé talað um verðtryggingu upp á 65%. Hér gætir einnig mikillar mismununar milli einstakra atvinnuvega, eins og t. d. sjávarútvegs og landbúnaðar annars vegar og iðnaðar hins vegar, og er þó enginn ofsæll af þeim gjöldum og vöxtum sem hver atvinnuvegur þarf að greiða.

En þegar rætt er um misræmið milli enn óbreyttra endurkeyptra afurðalána, sem bera 29% vexti, og spurt hvaða aðilar eigi að bera mismuninn sem er á milli þeirra og innlánsvaxta, sem eru e. t. v. 44—45%, að maður taki ekki verðtryggð innlán til samanburðar, þá er þeirri spurningu ósvarað. Það hlýtur að vera gengið á fé bankanna eða seðlaprentun aukin með þeirri afleiðingu að

verðbólgan magnast enn.

Hæstv. ráðh. hafa lýst því yfir að lánskjaravísitalan mæli meiri hækkun en nemur launahækkunum í þjóðfélaginu og því sé það óbærilegt fyrir launþega að standa undir verðtryggðum lánum. Undir það skal tekið að slík er þróunin, en í þessu felst auðvitað viðurkenning stjórnarherranna á því, að þeir hafa æ ofan í æ skert verðbætur á laun, skert laun almennt, enda væri ella ekki um það að ræða að lánskjaravísitalan mældi meiri hækkun en launahækkunum nemur.

Eins og kunnugt er miðast lánskjaravísitalan annars vegar við framfærsluvísitölu að $^2/_3$ og hins vegar við byggingarvísitölu að $^1/_3$, og því er út af fyrir sig ljóst af þessu að stjórnarherrarnir, sem lofuðu að halda samningunum í gildi og töluðu um að kosningar væru kjarabarátta, hafa þannig svikið loforðin að eigin sögn.

Stjórnarherrarnir hafa og sagt að verðtrygging hafi gengið sér til húðar. En það var síðast nú fyrr á þessu ári að stjórnarherrarnir voru að miklast af ágæti sínu vegna þess að þeir hefðu gefið sparifjáreigendum kost á þriggja mánaða verðtryggðum innlánsreikningum. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, en það verður að skoða báðar hliðarnar í einu. Þeir sem fá verðtryggingu innlána sinna fá þá verðtryggingu greidda af þeim sem fá lánið til afnota um tíma, og þeirra er gjaldabyrðin að greiða verðtrygginguna í 65% verðbólgu.

Sannleikurinn er sá, að öll þessi mál sýna og sanna að við erum komin í algjört öngstræti. Við erum komin í strand. Þetta er gjaldþrotayfirlýsing núv. ríkisstj. vegna þess að hækkun vaxta og þessi háa verðtrygging er fyrst og fremst afleiðing, sjúkdómseinkenni, þeirrar stefnu sem ríkisstj. hefur fylgt. Það þarf gagngera uppstokkun og skipulags- og kerfisbreytingu í þessum efnum og við sjálfstæðismenn höfum bent á nokkur atriði er að því lúta.

Við teljum að breyta eigi viðskiptum á milli Seðlabanka annars vegar og viðskiptabanka hins vegar. Nú sem stendur eru viðskiptabankarnir taldir vera í um þúsund milljón króna yfirdrætti í Seðlabankanum. Þar á móti kemur að vísu einhver innistæða hjá þeim í Seðlabankanum vegna innlánsbindingar. En sú innlánsbinding átti, sem kunnugt er, að standa á bak við myndun gjaldeyrisvarasjóðs og endurkaup á afurðalánunum. Við sjálfstæðismenn höfum bent á að rétt væri að breyta endurkaupum á afurðalánum og fella niður innlánsbindinguna til að fjármagna afurðalánin og til að fjármagna nauðsynlegan gjaldeyrisvarasjóð. Við viljum að viðskiptabankarnir sjái í stað þess sjálfir um lánin til atvinnuveganna og séu sjálfir ábyrgir að lána ekki meira eigið fé, en gjaldeyrisstöðu og stjórn peninga í umferð verði fremur séð farborða með bindingu fjármagns viðskiptabanka í hlutfalli við útlán þeirra en innlán.

Varðandi stefnu í vaxta- og verðtryggingarmálum er ekki unnt að taka ákvörðun um hæð vaxta eða fylgi við verðtryggingu til meðferðar út af fyrir sig. Það verður aðeins gert í tengslum við aðrar ákvarðanir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Forsenda þess að heilbrigt efnahagslíf þróist er að sparnaður eigi sér stað. Sparifjármyndun verður að standa undir fjárfestingu í þjóðarbúinu og vera nægileg til þess að sjá fyrir rekstrarfjárþörfum, ef vel á að vera, þótt óhjákvæmilegt sé þegar um arðbærar framkvæmdir er að ræða, að taka erlend lán, sem nú eru orðin þó svo mikil að ekki verður lengra gengið á þeirri braut, eins og kunnugt er.

Það hefur nýlega verið upplýst að þróun sparnaðar er slík, að í stað þess að hann var fyrr örfáum árum — mig minnir tveim árum — 25% af þjóðarframleiðslunni er hann minni en 19% af þjóðarframleiðslunni nú. Þetta er afleiðing rangrar efnahagsstefnu. Skýring seðlabankastjóra var sú, að þessi minnkun sparnaðar ætti sér ekki síst sína skýringu í því að sparnaður innan atvinnufyrirtækja, innan atvinnuveganna, hefði minnkað. Hvers vegna hefur sparnaður í atvinnufyrirtækjunum og atvinnuvegunum horfið? Það er vegna verðbólguþróunar fyrst og fremst. Það er vegna óraunhæfrar verðlagsstefnu og stefnu í verðlagsmálum. Það er vegna aukinnar skattbyrði sem þessi ríkisstj. ber ábyrgð á.

Það má rekja sömu ástæður fyrir því að dregið hefur úr auknum sparnaði einstaklinga og bæta þar við kaupskerðingunum, sem eru staðreynd í tíð þessarar vinstri stjórnar og fyrri. En þær kaupskerðingar hafa þó ekki dugað í baráttu gegn verðbólgu, heldur orðið einhliða lífskjaraskerðing launþeganna án þess að koma heildinni að gagni og þeim sjálfum til lengdar.

Auðvitað hlýtur að vera nauðsynlegt til lengdar að sparifjáreigendur og sparendur almennt séu öruggir um að sparifé þeirra sé jafnmikils virði þegar á þarf að halda og þegar það myndaðist. En til viðbótar þarf tvennt að koma til: Einstaklingar og fyrirtæki þurfa að eiga eitthvað afgangs eftir útgjöld líðandi stundar til að spara og einstaklingar og fyrirtæki, sem þurfa á lánsfé að halda, verða að geta greitt fjármagnskostnaðinn, vexti eða verðtryggingu.

Það er útilokað, hvernig sem á það er litið, að fyrirtæki og atvinnurekstur eða einstaklingar eða húsbyggjendur geti staðið undir 40, 50, 60% vöxtum eða fjármagnskostnaði. Slíkt er vonlaust. Í þessu felst gjaldþrot efnahagsstefnu núv. ríkisstj.

Það er alveg augljóst og jafnvíst, að sparnaður hverfur og fer í tafarlausa eyðslu ef sparendur hafa ekki tryggingu fyrir verðmæti sparnaðar síns. Við erum þess vegna ekki eingöngu í stjórnmálalegri sjálfheldu, svo notuð séu orð hæstv. forsrh., heldur í efnahagslegri sjálfheldu. Við erum strand. Og verðbólgan er höfuðmeinið. En í baráttunni gegn verðbólgunni hefur ríkisstj. gefist upp.

Ríkisstj. sem hefur gefist upp er gjarnan þeim einkennum gædd, sem við höfum heyrt hér af hálfu hæstv. ráðherra, að spyrja hvað stjórnarandstaðan vill. Ég hlýt að undirstrika, að ríkisstj. sem þarf að spyrja stjórnarandstöðu hvernig á að stjórna landinu er auðvitað sjálf þrotin öllum ráðum og á þegar af þeirri ástæðu að fara frá. En við höfum hér lýst því af hálfu sjálfstæðismanna hvað þurfi að breytast til þess að við komumst af strandstað og stefnan sé mörkuð til betri lífskjara. Hér þarf með alhliða og samræmdum efnahagsaðgerðum að koma á jafnvægi, en ekki að segja eitt í dag en annað á morgun, gera eitt í dag og annað á morgun.

Ég minni á að fyrir viðreisn ríkti vöruskortur og jafnvel skömmtun. Fyrir viðreisn ríkti hér gjaldeyrisskortur og gjaldeyrir var seldur á svörtum markaði, eins og nú ríkir fjármagnsskortur og peningar eru leigðir á svörtum markaði. Við verðum að afmá þessa smán, sem núv. ríkisstj. ber ábyrgð á og hefur leitt yfir þjóðina, með endurreisn í líkingu við viðreisnina fyrr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þeir atburðir, sem eru að gerast þessa dagana og þessar vikurnar og þessi umræða er dæmi um, eru hálfdapurlegir, jafnvel

fyrir okkur stjórnarandstæðinga, sem höfum þó ekki neina sérstaka ástæðu til þess að daprast yfir því þó að ríkisstj. sé að leika sjálfa sig og flokka sína eins og nú ber á að líta. Það er mjög dapurlegt að horfa upp á hvernig ríkisstj. er smátt og smátt að reka í þrot og hvernig einstakir aðilar að þessari ríkisstj. og heilir flokkar eru að gera sig að athlægi. Því miður er orðið ljóst að svo er að fara. Þetta er orðið sjónarspil, sem jafnvel í augum okkar stjórnarandstæðinga er ekki allt of gaman að horfa upp á vegna þess að því miður eru þessir atburðir engum stjórnmálamanni til sæmdar. Við berum ekki ábyrgð á þessu, *stjórnarandstæðingar. Það gerir ríkisstj. En* það er dapurlegt að horfa upp á ríkisstj., þó svo að hún sé skipuð pólitíksum andstæðingum manns, vera að sperrast við það dögum saman að vera til þó að hún sé ekki bara orðin valdalaus heldur gersneydd allri virðingu þeirra aðila sem við hana þurfa að skipta.

Það er auðvitað alveg ljóst og verður ekki í efa dregið, að bankastjórn Seðlabankans hefur í sínum höndum fullkomið og löglegt vald til að taka þá ákvörðun sem Seðlabankinn hefur nú tekið um ákvörðun vaxta. Hins vegar er líka ljóst, að það hefur ávallt verið venja að Seðlabanki hafi um það samráð við þá ríkisstj. sem að völdum situr í landinu hverju sinni og grípi til slíkra aðgerða, eins og nú hefur þó verið gripið til, nema að höfðu samráði við ríkisstj. og að fengnu a. m. k. óformlegu samþykki hennar. Sú ákvörðun sem Seðlabankinn hefur nú tekið, án þess að ríkisstj. hafi komið frá sér ákvörðun á tveimur og hálfum mánuði, ber vott um að voldugar stofnanir í samfélaginu hafa misst allt álit og alla virðingu á núv. hæstv. ríkisstj. Það er mjög dapurlegt að horfa upp á menn dragast svo upp dögum og vikum saman: ekki bara í valdaleysi heldur í virðingarleysi líka. Það er ekkert gaman, ekki einu sinni fyrir stjórnarandstæðinga, að *horfa upp á þetta gerast.*

Núv. hæstv. ríkisstj. var stofnuð við nokkuð undarlegar aðstæður, sem eru sennilega einsdæmi í þingsögunni. Endalok hennar ætla að verða einsdæmi líka, því hún ætlar að vera margar vikur að dragast upp og deyja, löngu eftir að hún er orðin valdalaus sem ríkisstj. í þessu landi og löngu eftir að hún er búin að missa alla virðingu þeirra aðila sem hún þarf að eiga viðskipti við.

Það er ekki neinum stjórnmálamanni til álitsauka að þurfa að horfa upp á þetta. Þeir hljóta, hæstv. ráðherrar, að finna fyrir því innra með sér *þvílíkt* virðingarleysi þeim er sýnt með þeirri ákvörðun sem hér hefur verið tekin og hvernig með þá ákvörðun hefur verið farið. Það alvarlegasta í málinu er að afstaðan, sem hæstv. félmrh. og formaður Alþb. lýsti í ræðu sinni hér á dögunum er þessi umræða fór fram, og afstaða þingflokks Framsfl., sem kom fram í samþykktinni sem formaður þingflokks Framsfl. las áðan, eru yfirlýsingar sem undir öllum eðlilegum kringumstæðum hefðu verið teknar mjög alvarlega og ekki aðeins af hálfu Alþingis heldur einnig stjórnenda Seðlabankans. Satt að segja stórefa ég, ef um alvöruríkisstjórn hefði verið að ræða, sem sæti með fullu umboði og völdum í landinu, að aðilum eins og bankastjórn Seðlabanka Íslands væri sætt eftir að tveir stjórnarflokkar hafa tekið með þeim hætti á ákvörðunum bankastjórnarinnar eins og Alþb. og Framsfl. hafa gert. En staðreyndin er sú, að þessar samþykktir og yfirlýsingar flokkanna eru gersamlega marklaus plögg og að engu hafandi, og aðilar í samfélaginu, sem ættu að bera virðingu fyrir þeim stofnunum sem þessar samþykktir hafa gert, eins og þingflokki Framsfl. og ráðh. hans í ríkisstj., hafa þessar samþykktir í raun og veru að háði og spotti vegna þess að þessa sitjandi ráðh. brestur allt vald til að koma fram þeim vilja sínum sem þeir þykjast vera að álykta um.

Hæstv. bankamálaráðherra, Tómas Árnason, sem virðist hafa skipt um skoðun á vaxtaákvörðunum Seðlabankans, brestur allt vald til þess að koma í framkvæmd hvaða stefnu sem hann kynni að aðhyllast í *þessu máli.* Til þess þarf að breyta lögum. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki lengur neitt vald til þess.

Hæstv. sjútvrh. og formaður Framsfl. hefur ekki aðeins tekið persónulega afstöðu gegn forvera sínum í starfi, hæstv. utanrrh., heldur virðist hann einnig vera andvígur öllu því sem við hann er kennt, jafnvel Ólafslögum, en það tekur enginn slíkar yfirlýsingar hátíðlega vegna þess að hæstv. ráðh. brestur allt vald til þess að mark sé takandi á þeim yfirlýsingum sem frá honum fara.

Um afstöðu hæstv. menntmrh. Ingvars, sem útvarpið kallar Helgason, en leiðrétti síðar og nefndi réttu föðurnafni, er ekki vitað. E. t. v. hefur hann þriðju afstöðuna: *Ekki* þá sem Tómas hefur, *ekki* þá sem *þingflokkur* Framsfl. hefur, ekki þá sem hæstv. formaður Framsfl. hefur og ekki þá sem hæstv. fyrrv. formaður Framsfl. hefur. Hans afstaða hefur ekki komið fram.

Það er, herra forseti, mjög dapurlegt að þurfa að horfa upp á ríkisstjórnina á Íslandi dragast upp eins og afvelta grip sitjandi valdalausa í ráðherrastólum og í stjórnarráði, sitjandi án virðingar þeirra stofnana sem við hana þurfa að skipta — stofnana sem geta haft hana að háði og spotti og látið sig engu varða hvaða afstöðu þessir flokkar og þessir ráðh. marka.

Þó að ekki beri að taka alvarlega það sem frá þingflokki Alþb. og þingflokki Framsfl. kemur við þessar aðstæður og þó svo að þessir aðilar hafi enga möguleika lengur á að koma vilja sínum í verk, þá held ég að það verði ekki hjá því komist, eftir þá þingflokkssamþykkt sem kynnt var hér áðan af hálfu formanns þingflokks framsóknarmanna, að óska mjög eindregið eftir að þessari umr. verði nú frestað og hún verði tekin upp síðar þegar tími gefst til að fá nánari skýringar á þessari afstöðu: ekki aðeins frá formanni þingflokks Framsfl., sem hljóp úr salnum um leið og hann hafði lesið samþykktina, heldur einnig frá formanni bankaráðs Seðlabanka Íslands, *sem er alþm. og varaformaður* Framsfl., og frá hæstv. sjútvrh., formanni flokksins. Í niðurlagi samþykktarinnar er þess nefnilega getið, að þingflokkurinn ályktí ekki aðeins gegn þeirri ákvörðun sem Seðlabanki Íslands hefur tekið með vitund og, að því er virtist í gær, vilja hæstv. bankamálaráðh., heldur er ályktunin einnig á þá lund, að þingflokkurinn hyggst beita sér fyrir því á Alþingi að breytt verði einhverjum veigamestu atriðum þeirra laga sem kennd eru við fyrrv. formann Framsfl., hæstv. núv. utanrrh. Ég vona að hæstv. forseta sé ljóst, að *eftir að slík yfirlýsing hefur verið gefin hér á* Alþingi af formanni þingflokks Framsfl. er ógjörningur að halda áfram og ljúka umr. um þetta mál, eins og til stóð að gera. Ég hef ýmsar spurningar fram að færa við aðila að þessu máli, sem eru nú fjarstaddir, og ég óska eftir því að mér leyfist að gera nú hlé á ræðu minni og umr. verði frestað þangað til síðar að hæstv. forseti getur tekið til við umr. á nýjan leik. (**Forseti:** Ég mun verða við ósk hv. ræðumanns, en áður en ég fresta umr. mun hæstv. viðskrh. tala. Að því loknu mun ég svo fresta umr.) Ég

óskaði eftir því að fá að fresta minni umr. Ég á ýmislegt ósagt sem er m. a. mál sem ég þyrfti að snúa mér með til hæstv. viðskrh. Ég tel ekki ástæðu til að halda áfram ræðu minni nú vegna þess að svo margir eru fjarverandi, sem eru ráðamenn í þessu máli, sem ég þarf einnig að beina spurningum til. (**Forseti:** Já, ég mun þá gefa hv. ræðumanni orðið næst þegar umr. hefst.) Ég þakka hæstv. forseta.

En ég vil aðeins vekja athygli manna á einu atriði áður en hæstv. viðskrh. tekur til máls hér á eftir. Af einhverjum ástæðum hefur mönnum skotist yfir það meginatriði málsins að hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fram á Alþingi plagg þar sem hún boðar tiltekna stefnu í þeim málum sem hér hafa verið til umr. Það plagg er þjóðhagsáætlunin fyrir árið 1983, sem hæstv. forsrh. lagði fram í nafni ríkisstj. og var fskj. með stefnuræðu hans, sem hann flutti fyrir hönd þessarar sömu ríkisstj. Í þessari þjóðhagsáætlun segir á bls. 6, með leyfi forseta:

„Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir næsta ár er vel á veg kominn og verður áætlunin lögð fyrir Alþingi á næstu vikum. Áætlunin verður miðuð við að draga úr opinberum framkvæmdum og efla innlenda fjármögnun framkvæmda í því skyni að draga úr viðskiptahalla".

Síðar í sama kafla segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Brýnasta verkefnið í peningamálum er að koma aftur á jafnvægi í peningakerfinu, bæði með því að draga úr aukningu útlána og með því að laða stærri hluta af sparnaði landsmanna til ávöxtunar í bönkum og sparisjóðum án þess þó að það valdi síðan útlánaþenslu á ný. Þetta er ekki síst mikilvægt í því skyni að auka innlenda fjármögnun atvinnuveganna," eins og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin á að byggja á.

„Stjórn peningamála verður að miðast við þetta fyrst og fremst. Þar þarf að tryggja viðunandi ávöxtunarkjör sparifjár í formi verðtryggingar og vaxta og koma á sem mestu samræmi milli vaxta og verðtryggingarkjara á útlánum. Þetta felur í sér breytingu á vöxtum óverðtryggðra inn- og útlána við núverandi aðstæður".

Þetta er orðrétt tilvitnun í þjóðhagsáætlun hæstv. forsrh., sem hann leggur fram sem stefnuskjal ríkisstj. sinnar með stefnuræðunni. Þarna eru boðaðar í nafni ríkisstj. þær aðgerðir í vaxtamálum sem Seðlabankinn hefur nú framkvæmt. Ég leyfi mér að spyrja í ljósi þeirra umr. sem hér hefur farið fram og yfirlýsinga einstakra ráðh. um að þeir væru andvígir þeirri stefnu sem í ráðstöfun Seðlabankans fólst:

1. Höfðu þessir hæstv. ráðh. ekki lesið þá þjóðhagsáætlun sem hæstv. forsrh. lagði fram í nafni ríkisstj. og boðar þessa stefnu?

2. Hafi þeir lesið þessa áætlun, þar sem þessi stefna er boðuð, voru þeir andvígir stefnumörkuninni þegar áætlunin var lögð fram?

3. Hafi þeir verið andvígir stefnumörkuninni í þjóðhagsáætlun hæstv. forsrh., hvernig stendur þá á því að þeir hafa ekki látið þess getið?

Það er alveg fráleitt og furðulegt, að umr. eins og þessar, sem hér hafa farið fram, geti átt sér stað eftir að fyrir Alþingi hefur verið lögð stefnumörkun ríkisstj. um þessi mál, þar sem skýrt og skorinort er sagt að ríkisstj. hafi í hyggju að beita sér fyrir þeim aðgerðum í vaxta- og lánamálum sem nú hafa verið gerðar. Alþingi er tjáð, þegar þessi þjóðhagsáætlun er lögð fram, að þetta sé tilgangur ríkisstj. Menn vita ekki annað en að þar sé talað í nafni ríkisstj. allrar. Þegar þessi stefna hefur síðan verið framkvæmd rísa upp ráðh. tveggja flokka, Alþb. og Framsfl., og segjast vera andvígir þeirri stefnu sem Seðlabankinn er að framkvæma í framhaldi af yfirlýsingum ríkisstj. sjálfrar um hvaða stefnu hún aðhyllist.

Áður en hæstv. bankamálaráðh. tekur til máls vil ég því spyrja hann:

1. Var honum ekki kunnugt um hvaða stefnumörkun fólst í þjóðhagsáætlun, sem forsrh. lagði fram, í þessum vaxta- og verðtryggingarmálum?

2. Var hann ekki sammála þeirri stefnumörkun sem í þeirri áætlun fólst?

3. Vissi hann til þess að hæstv. forsrh. væri ekki í áætlun sinni að segja satt og rétt frá vilja þeirrar ríkisstj. og þeirra ráðh. sem í ríkisstj. sitja eða var honum kunnugt um að aðrir ráðh., þ. á m. ráðh. Alþb. allir og ráðh. Framsfl., a. m. k. hæstv. sjútvrh., væru í rauninni andvígir þeirri stefnu, sem mörkuð er í þjóðhagsáætluninni, sem forsrh. lagði fyrir Alþingi sem stefnumörkun þeirrar ríkisstj. sem hann situr í?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er afleitt, að þm. sem hafa verið að leggja spurningar fyrir mig skuli hlaupa burtu úr þingsalnum og ekki vera viðstaddir þegar færi gefst á að svara spurningum, eins og hv. þm. Karvel Pálmason. Ég sé hann ekki hér. En hann spurði mig að því, hvort vaxtamál hefðu verið rædd í ríkisstj. í dag og það er best að ég svari því. Þau voru rædd og ég hef ákveðið að kalla saman fund með bankastjórum Seðlabankans og ráðh. atvinnuveganna, þ. e. sjútvrh., iðnrh. og landbrh., til þess að ræða um vaxtakjör afurðalána.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði mig um stefnuna, hvort mér hafi verið kunnugt um þá stefnu sem felst í þjóðhagsáætlun ríkisstj. Að sjálfsögðu var mér kunnugt um hana. Ég svaraði þessu þannig í gær aðspurður, að stefna ríkisstj. væri að fara varlega í vaxtahækkunum, en gæta þess að ekki skapist of mikið misræmi í vaxta- og verðtryggingarmálum. Þetta er í raun og veru í samræmi við þá stefnu sem kemur fram í þjóðhagsáætlun ríkisstj.

Það er ekkert launungarmál, að mjög margir þm. Framsfl. hafa ekki verið hávaxtamenn. Það er ekkert launungarmál að í Framsfl. hafa verið skiptar skoðanir um þau mál. Í þeirri ályktun sem þingflokkur Framsfl. gerði í gær segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkurinn varar eindregið við þeirri miklu hækkun lánskjaravísitölu og vaxta sem Seðlabankinn hefur nú einhliða ákveðið ásamt stórhertum útlánareglum" o. s. frv. — M. ö. o.: þingflokkurinn lýsti yfir því, að Seðlabankinn hefði hækkað vextina of mikið að hans mati.

Ég skýrði frá því hér í gær hvernig mín afstaða hefði verið í ríkisstj., en hún var þannig, að ég beindi þeim tilmælum til Seðlabankans að fara varlega í vaxtahækkanir og er það alls ekkert óeðlilegt þó að bankamálaráðh. geri það og láti bóka þá afstöðu í ríkisstj. í fyrsta lagi og síðan í öðru lagi að frekari umr. færu fram um afurðalán til atvinnuveganna áður en ákvarðanir væru teknar þar um. En ég skal ekkert um það segja á þessu stigi málsins hver verður niðurstaða þess.

Það hefur margt komið fram í þessum umr. og skal ég ekki víkja nema að fáu einu. Ég vildi þó aðeins minna á það, sem ég tel vera meginatriði í þessari umr. og þessu

máli, að hér er um að ræða tvö atriði, tvær ákvarðanir. Önnur ákvörðunin heyrir Seðlabankanum til lögum samkv., eins og ég gerði glögglega grein fyrir í gær í umr. hér, að samkv. lögum um Seðlabanka er það réttur Seðlabankans að ákveða vexti. Þetta er ekki nýtt og það er ekki nýtt að Seðlabankinn hafi ákveðið vexti án þess að ríkisstj. hafi gert um það nokkra samþykkt.

Það var réttilega til þess vitnað hér af hv. þm. Geir Hallgrímssyni, að 1974 gerðist einmitt þetta. Ég hef hér í höndum Alþingistíðindi og umr., þar sem rætt var um *þetta mál, og þar segir þáv. bankamálaráðh., með leyfi* hæstv. forseta:

„Það kom skýrt fram á þessum fundi, að það er Seðlabankinn sem tekur ákvörðun um hámark og lágmark vaxta og lýsti forsrh. því yfir á fundinum, að samkv. lögum væri hér um ákvörðun Seðlabankans að ræða, sem ríkisstj. þyrfti ekki að taka afstöðu til".

Þannig er um að ræða fordæmi í þessum efnum og það er ekki í fyrsta sinn nú, að Seðlabankinn tekur ákvörðun um vaxtahækkun án samþykkis ríkisstj.

Þetta vildi ég taka fram í tilefni af þeim umr. sem hér hafa farið fram. Með tilliti til þess hvað fáir þm. eru hér mættir held ég að ég hafi *þetta mál ekki lengra að sinni*, en það verða framhaldsumr. um þetta síðar og þá fæst tækifæri til að ræða það nánar.

Umr. frestað.

Efri deild, 7. fundur

Miðvikudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 42). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þm. Salome Þorkelsdóttur, Agli Jónssyni og Lárusi Jónssyni að flytja það frv. sem hér er til umr. um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þetta frv. felur í sér félagslegar ráðstafanir, sem ætlað er að bæta úr þeim félagslegu ástæðum, sem nú heimila samkv. lögum fósturеyðingu. Með frv. þessu er lagt til, að bætt sé úr þessum félagslegu ástæðum með því að gera breytingar á lögum um almannatryggingar. Her er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum, sem eru í hjúskap eða í sambúð, en eru hjálpar þurfi.

Ég skal nú gera grein fyrir einstökum greinum þessa frv.

1. gr. fjallar um mæðralaun. Þar er kveðið svo á, að mæðralaun skuli vera árlega sem þar segir með einu barni 9 þús. kr., með tveim börnum 22 500 kr. og með þrem börnum eða fleiri 36 þús. kr. Hér er um að ræða verulega breytingu frá gildandi lögum og það er með tvennum hætti. Í fyrsta lagi eru mæðralaunin stórlega hækkuð frá því sem nú er. Auk þess er breytt hlutföllum á mæðralaunum milli konu með eitt barn og konu með tvö börn og svo konu með þrjú börn eða fleiri, þ. e. hækkunin er mest þegar um eitt barn er að ræða og það er einnig veruleg hækkun þegar um tvö börn er að ræða.

Til glöggvunar skal þess getið, að samkv. lögunum eru mæðralaun nú með einu barni 2340 kr. á ári. Hér er lagt til, að þau verði 9000 kr. Með tveim börnum eru mæðralaun nú samkv. gildandi lögum 12 720 á ári, en hér er lagt til að þau verði 22 500. Samkv. gildandi lögum eru mæðralaun með þrem börnum eða fleiri nú 25 452 kr., en hér er gert ráð fyrir að þau verði 36 þús. kr. Ástæður til þess að gerð er tillaga um þessar breytingar eru augljóslega þær, að ekki verður með neinum hætti talið að það sé nóg að gert í þessum efnum samkv. gildandi lögum. Það sjá menn best með því að líta á þær tölur sem ég hef hér gert grein fyrir, upphæð mæðralauna eins og þau eru.

Ég kem þá að 2. gr. frv. Ég vil segja um hana, sem reyndar á við 3. gr. frv. líka, að samkv. þeim greinum *báðum eru teknar upp nýjar bætur til einstæðra mæðra*, sem nú er ekki fyrir að fara í íslenskri löggjöf. Litið er á að einstæð móðir verður við fæðingu barns oft eða oftast fyrir ákveðinni röskun á stöðu og högum. Ekki er óeðlilegt að hin einstæða móðir njóti aðstoðar til að mæta þessu. Við gerum slíkt í öðrum tilfellum. Við höfum t. d. sérstakan ekkjulífeyri þegar kona missir maka sinn. Það er hugsað til þess að aðstoða konuna vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum sem það hefur fyrir hana að missa eiginmanninn. Af svipuðum ástæðum þykir mér rétt og okkur flm. að veita aðstoð til einstæðrar móður til þess að bæta henni upp röskun á stöðu og högum, sem hún verður fyrir og getur orðið með margvíslegum hætti við barnsfæðingu.

Samkv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að þær bætur, sem gert er ráð fyrir af þessum ástæðum til einstæðrar móður, séu jafnháar og ekkjubætur samkv. 1. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Þessum bótum á ekkjan rétt á í sex mánuði. Við gerum ráð fyrir að hin einstæða móðir hafi rétt til bóta í jafnlangan tíma.

Í 17. gr. almannatryggingalaga er svo í framhaldi af ákvæðum um ekkjubætur, sem ég hef hér vikið að, ákvæði um að ef bótaþegi eigi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu eigi hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar.

3. gr. þessa frv. mælir svo fyrir, að hin einstæða móðir skuli undir þessum kringumstæðum, þ. e. ef barn innan 17 ára er fyrir á framfæri hennar, eiga rétt á hinum sérstöku bótum í 12 mánuði til viðbótar eins og ekkjan. Í þessu sambandi er rétt að víkja að því hve ekkjulífeyrir getur numið hárri upphæð, en það er mismunandi. Það lægsta er 1114 kr. á mánuði núna, en það getur farið a. m. k. upp í 2227 kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að hin einstæða móðir geti notið hliðstæðrar aðstoðar, eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að ný grein komi inn í lög um almannatryggingar, þar sem verði tekin upp sérstök heimildarákvæði til aðstoðar í fyrsta lagi við einstæða móður og í öðru lagi við konu í hjúskap eða í sambúð undir vissum kringumstæðum. Hvað varðar konu sem er einstæð móðir er svo kveðið á í 1. mgr. 4. gr. frv., að þegar niður falli bætur þær, sem ég var að gera grein fyrir og eru samkv. 2. og 3. gr. frv., sé tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkv. 11. gr. almannatryggingalaga ásamt tekjutryggingu samkv. 19. gr. Hér er sett inn heimildarákvæði, sem að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir að verði notað nema undir vissum aðstæðum, þ. e. það sé nauðsynlegt til aðstoðar við hina einstæðu móður.

Hér er vitnað til lífeyris einstaklings samkv. 11. gr.

laga um almannatryggingar, þ. e. eins og segir í skýringum með frv. að gert er ráð fyrir að upphæð þessara bóta sé sem svarar til þess sem segir í 11. gr., en þar eru ákvæði um ellilífeyri. En ellilífeyririnn er mismunandi, svo sem kunnugt er, eftir því hvort hann er fyrst tekinn við 67 ára aldur eða 72 ára aldur eða einhvers staðar þar á milli. Það er ekki ástæða, að mínu viti, til að kveða nánar á um hve upphæðin á að vera há. Samkv. heimildarákvæðinu í 1. mgr. 4. gr. frv. hefur tryggingaráð í hendi sér að meta það. En þó þykir mér líklegt, þar sem er um heimildarákvæði að ræða, að þetta muni ekki fara yfir lægsta flokk ellilauna, þ. e. ef miðað er við að ellilaunin séu fyrst tekin við 67 ára aldur, en það er veruleg upphæð samt á ári eða a. m. k. um 2227 kr. á mánuði og til viðbótar því kemur svo tekjutryggingin, sem nemur í dag 2481 kr. á mánuði. En með því að þetta er heimildarákvæði er að sjálfsögðu í valdi tryggingaráðs að meta hve upphæð þessi yrði há í einstöku tilfelli.

Allt sem ég hef sagt fram að þessu varðar bætta aðstoð við einstæðar mæður. En frv. þetta gerir ráð fyrir að það geti verið að fleiri séu aðstoðar þurfi í þessu efni en einstæðar mæður. Það getur verið að svo sé ástatt um konu í hjúskap eða í sambúð. Þess vegna gerir 2. mgr. 4. gr. frv. ráð fyrir að tryggingaráð fái heimild til að ákveða greiðslur til kvenna í hjúskap eða í sambúð, sams konar greiðslur og gert er ráð fyrir til einstæðra mæðra, en ekki skilyrðislaust. Þetta verði bundið því skilyrði að tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og auk þess að ástand á heimilum þessara mæðra sé það slæmt að það jafngildi þeim ástæðum sem samkv. gildandi lögum heimila fóstureyðingu. Þetta er tekið skýrt fram í 4. gr. frv., því að þar segir að þessar bætur komi aðeins til að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna, sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

Þetta ákvæði er orðrétt upp úr gildandi lögum, orðrétt tilteknar þær ástæður sem geta heimilað fóstureyðingu. Þetta frv. er raunar byggt á þeirri forsendu að ekki sé eðlilegt að fóstri sé eytt af félagslegum ástæðum, það eitt sé eðlilegt að leysa og bæta úr hinum félagslega vanda.

Frv. þetta er flutt í framhaldi, ef svo mætti segja, af öðru frv., sem við sömu flm. höfum flutt, um breytingar á lögum sem fjalla um fóstureyðingar. Í því frv. er lagt til að félagslegar ástæður geti ekki heimilað fóstureyðingar. Ég flutti allítarlega framsögu fyrir því máli og lagði áherslu á það sjónarmið, að þjóðfélaginu bæri að leysa þessar þjóðfélagslegu ástæður með öðrum hætti en að gripið væri til fóstureyðinga. Þetta frv. er flutt í framhaldi af hinu fyrra frv., um fóstureyðingar, og til að árétta þetta sjónarmið.

Þetta frv. sem felur í sér tilteknar breytingar á tryggingalöggjöfinni, er að mínu viti um það sem mest er um vert að gert sé og á heima í lögum um almannatryggingar. Ég veit að það geta verið ýmsir aðrir erfiðleikar fyrir hendi, sem þetta frv. nær ekki til.

Ég tel að þetta frv. geti verið þýðingarmikið spor í þá átt að þjóðfélagið taki á sig þá skyldu að aðstoða hinar einstæðu mæður í staðinn fyrir að hlaupa frá þessum skyldum með því að heimila fóstureyðingu af félagslegum ástæðum. Við munum aldrei — já, ég segi óhikað aldrei, þó að mér kæmi til hugar að segja seint — hafa það ástand í þessu landi í félagslegum málefnum að ekki sé alltaf hægt að finna einhverja erfiðleika sem ekki verður séð við í löggjöf. En við erum á mikilli framfaraleið í þessum efnum. Við höfum verið það á síðustu árum og síðustu áratugum. Við erum alltaf að bæta okkur í þessu efni, en það yrði ennþá aukin hvatning ef nú yrði fellt úr lögum að félagslegar ástæður gætu heimilað fóstureyðingu. Og samkv. því sem ég hef lagt til ásamt meðflm. í því frv., sem við höfum hér áður flutt, á að afnema félagslegar ástæður sem heimild fyrir fóstureyðingum skilyrðislaust.

Þrátt fyrir mikilvægi hinna félagslegu ástæðna, sem ég legg mikla áherslu á að bæta úr, er ástæðan fyrir því að ekki eigi að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum fyrst og fremst siðferðileg. Við skulum og hafa það í huga, að umhyggja fyrir barni sem fæðist í þennan heim fer ekki alltaf eftir ríkidæmi eða því hve félagsmálalöggjöfin er fullkomin. Það hafa margir orðið góðir þegnar, sem alist hafa upp við þröngan kost, á sama hátt sem jafnvel ríkidæmi er engin trygging í þessu efni. Ég vil, þó að ég leggi mikla áherslu á hinar félagslegu umbætur, einnig leggja áherslu á þessi viðtækari sjónarmið, sem við verðum einnig að hafa í huga.

Ég leyfi mér að vænta þess, herra forseti, að bæði frv. um fóstureyðingar, það sem við höfum áður rætt um og frv. sem við nú ræðum um, fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég þarf ekki að leggja frekari áherslu en ég hef þegar gert, bæði í þessum umr. og umr. um hið fyrra frv. varðandi fóstureyðingar, á mikilvægi þessa máls. Og ég vænti þess að þessi hv. deild beri gæfu til að afgreiða þetta frv. á jákvæðan hátt.

Að lokinni þessari umr. vil ég leyfa mér, herra forseti, að óska að frv. þessu verði vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 66). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83 frá 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Í gildandi lögum um verðgjöfnunargjald af raforku er ákveðið að lögin gildi til ársloka 1982. Með frv. þessu er lagt til að lögin verði framlengd um eitt ár og gildi til ársloka 1983.

Verðjöfnunargjald af raforku er innheimt af allri raforkusölu í smásölu annarri en til húshitunar og nemur gjaldið 19%, sem lagt er á sama stofn og söluskattur er lagður á. Gjaldinu er varið til að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en Rafmagnsveiturnar fá 80% gjaldsins, en Orkubúið 20%, og er lagt til að það haldist óbreytt og jafnframt að upphæð gjaldsins verði áfram 19%. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald af raforku nemi 120 millj. kr., en með tilliti til hækkana á raforkuverði, sem orðið hafa á árinu 1982, er þó gert ráð fyrir að

verðjöfnunargjaldið verði hærra en í fjárlagafrv. greinir eða um 180 millj. kr. Endanleg fjárhæð mun þó ráðast af verðhækkunum, sem verða á árinu 1983.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins er það slæm, að nauðsynlegt er að viðhalda þessum tekjustofni. Þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið er áætlaður halli Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1982 allt að 41 millj. kr. og halli Orkubús Vestfjarða á þessu ári er áætlaður 5.4 millj. kr.

Þess skal hér getið, að ríkissjóður hefur á yfirstandandi ári yfirtekið lán Rafmagnsveitnanna að upphæð 7.75 millj. kr. Sú upphæð kann raunar að hafa hækkað eitthvað vegna gengisbreytinga. Einnig hefur ríkissjóður yfirtekið 10 millj. kr. lán eða upphæð sem því nemur vegna rekstrarhalla fyrirtækisins á árinu 1981 og leggur þannig til Rafmagnsveitnanna um 18 millj. kr. á þessu ári miðað við það sem þegar hefur verið um samið. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er lagt til að ríkissjóður yfirtaki 12.2 millj. kr. lán Rafmagnsveitnanna og bæti með því eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Fyrir lok næsta árs verður svo endurmetið, eins og oft áður, hvort ætti ekki að lækka verðjöfnunargjaldið og þá í tengslum við úttekt á fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins.

Í frv. er lagt til að iðnrh. verði á árinu 1983 heimilt að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku, sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

Í umr. um framlengingu á verðjöfnunargjaldinu fyrir ári kom fram að Rafveita Siglufjarðar átti í miklum fjárhagserfiðleikum. Fór rafveitan þá fram á að fá hluta verðjöfnunargjaldsins. Athugun fór fram á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom m. a. fram, að lánstími á lánum sem tekin höfðu verið var stuttur og lánakjör óhagstæð. Við þessu var brugðist með útvegun láns til lengri tíma, en á lánsfjáráætlun hafði verið gert ráð fyrir slíkri lántöku. Síðan hefur komið í ljós, að aðgerðir þessar eru ekki taldar nægja til að rétta af greiðslustöðu Rafveitu Siglufjarðar og er viðbúið að til frekari aðgerða þurfi að koma. Þörfin á að nýta endurgreiðsluheimildina, sem hér er lögð til að veitt verði, mun metin í ljósi niðurstöðu á uppgjöri á stöðu Rafveitu Siglufjarðar á þessu ári.

Fjárhagsstaða þessarar rafveitu er að sjálfsögðu mjög háð atvinnulífinu á staðnum. Minnkandi loðnuafli og stöðvun veiða nú mun t. d. leiða til mun minni tekna en ella væri fyrir fyrirtækið. Með endurgreiðslu verðjöfnunargjaldsins ætti að vera hægt að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins verulega, en það skilyrði verður þó sett sem áður fyrir slíkri endurgreiðslu að gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar verði a. m. k. ekki lægri en gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra þeirra rafveitna er halda verða uppi tiltölulega háu raforkuverði.

Hvað snertir fjárhag Orkubús Vestfjarða, þá er þar áframhaldandi við erfiðleika að etja og hallarekstur hliðstætt og er hjá Rafmagnsveitum ríkisins á þessu ári. Fjárhagsstaða Orkubúsins er til sérstakrar meðferðar og hefur verið það á undanförnum mánuðum, þar á meðal nauðsyn þess að afla lána fyrir fyrirtækið til þess að mæta erfiðleikum og halla sem fyrirsjáanlegur er á þessu ári.

Hér er um mál að ræða sem er vel kunnugt hv. alþm. og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja það frekar, en vildi aðeins að lokum segja, að með verðjöfnunargjaldinu hefur tekist á undanförnum árum að draga mjög verulega úr verðmun á raforku til heimilisnota frá þeim fyrirtækjum sem verðjöfnunargjaldsins njóta og verðmunur er nálægt 25% samkvæmt gjaldskrá á almennum heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða annars vegar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur hins vegar. Munur á töxtum annarra fyrirtækja eða rafveitna sveitarfélaga er víða minni en þessu nemur, þannig að segja má að á síðustu árum hafi tekist á þessu sviði verðjöfnunar að ná umtalsverðum árangri. Þar skiptir þetta verðjöfnunargjald vissulega sköpum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 60). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég flyt frv. það sem hér er á dagskrá ásamt hv. þm. Agli Jónssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Hér er um að ræða húsnæðismál, en húsnæðismálin eru ein allra þýðingarmestu mál hvers þjóðfélags. Það er ekki einungis að húsnæði er öllum mönnum nauðsynlegt, heldur hefur húsnæðisástandið, sem þjóðin býr við, hin víðtækustu áhrif.

Þetta vita menn allt. En við skulum líka hafa í huga, að húsnæðismálin hafa þá sérstöðu gagnvart ýmsum öðrum málum, að jafnvel þótt tiltölulega fáir búi við slæmt ástand er það þó alltaf mjög alvarlegt mál. Og því fremur kastar tólfunum þegar ástandið er almennt slæmt. Fólk býr í heilsuspillandi íbúðum eða í ofþrengslum eða getur ekki stofnað heimili vegna húsnæðisskorts getur átt við ósegjanlega erfiðleika að stríða.

Allir heilbrigðir menn hafa samúð með fólki sem lendir í slíkum erfiðleikum. En það er einmitt vegna þessarar sérstöðu húsnæðismála að hætt er við að þau séu notuð enn frekar en önnur mál í lýðskrums- og auglýsingaskyni. Skortir þá ekki á að farið sé hugnæmum orðum um raunir hinna húsnæðislausu og er þó oft lögð meiri áhersla á þann söng heldur en raunhæf úrræði. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar litið er til laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, ef menn vilja leita skýringa á þeim ólíkindum sem í þeim felast.

Fyrir rúmum aldarfjórðungi voru fyrstu lögin sett um húsnæðismálastjórn og almenna veðlánakerfið tók til starfa. Þetta markaði þáttaskil í lánamálum húsbyggjenda í landinu. Síðan hefur almenna veðlánakerfið verið grundvöllur opinberra aðgerða til fjármögnunar íbúðarhúsabygginga. Á þessu tímabili hefur verið lyft Grettistaki í húsakosti landsmanna. Eru þær framfarir eitt af undrum þeim sem þjóðin hefur upplifað á þessum tíma. Almenna veðlánakerfið eða Byggingarsjóður ríkisins hefur lengst af lánað 90—95% til allra íbúðarhúsabygginga landsmanna á þessum tíma.

Almenna veðlánakerfið var ekki fullkomið þegar það hóf starfsemi sína og ýmsu var ábótavant. En menn vissu hvað þeir vildu og höfðu markmið að stefna að. Viðfangsefnið var frá upphafi að efla veðlánakerfið. Það þurfti að bæta lánskjörin, lengja lánstímann, lækka vexti og umfram allt að hækka lánin og auka hlutfall þeirra í byggingarkostnaðinum.

Forsenda þessa alls er fjármagnið. Það hefur verið meginvandinn frá fyrstu tíð að afla aukins fjármagns í þágu húsnæðismálanna. Það hefur líka verið aðalatriði, því að ekkert hefur verið hægt að sækja fram á þessu sviði nema með auknu fjármagni. Þess vegna hefur endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar venjulega beinst fyrst og fremst að fjármagnsöflun. Í þessum efnum hefur verið smám saman sótt fram í rétta átt með því að Byggingarsjóði ríkisins hafa verið fengnir auknir og nýir tekjustofnar, svo sem með skyldusparnaði ungs fólks og með launaskatti.

En árið 1980 dregur bliku á loft með því að rofin er hin jákvæða þróun sem fólgin var í því að styrkja fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs ríkisins. Við setningu laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, var brugðið frá þeim vana, sem jafnan hafði verið áður fylgt við endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar, að afla aukins fjármagns í þágu húsnæðismálanna. En það var ekki nóg með þetta, heldur var farið þveröfugt að við það sem áður tíðkaðist, með því að Byggingarsjóður ríkisins var sviptur aðaltekjustofni sínum þar sem var launaskatturinn. Og svo var óskammfeilnin mikil að jafnframt voru lögð stóraukin verkefni á Byggingarsjóð ríkisins án þess að honum væri séð fyrir nokkrum nýjum tekjustofnum til að mæta þessum þörfum. Hér var um bein fjörráð að ræða við hinn almenna húsbyggjanda í landinu. Það var beinlínis verið að grafa undan þeim lánasjóð sem lánað hafði til meginhluta allra íbúðarhúsabygginga í landinu.

En hér var um meira að tefla en Byggingarsjóð ríkisins. Það var vegið að þeim viðhorfum og lífsskoðunum sem eru grundvöllur þess átaks sem þjóðin hefur gert í húsnæðismálum sínum á undanförnum áratugum. Það var vegið að þeirri sjálfsbjargarviðleitni og einkaframtaki sem skilað hefur okkur glæsilegum árangri í húsnæðismálunum. Það sem mest á reið var að styrkja þetta framtak með því að bæta íbúðalánin til fólksins í landinu, lengja lánstímann, lækka vexti og hækka hlutfall lána af byggingarkostnaði. Það þurfti að festa í sessi þá skipan, sem svo vel hefur reynst okkur, með því að tryggja betur að öllum almenningi í landinu væri gert fært að byggja og standa undir þeim lánskjörum sem hið almenna íbúðalánakerfi hefur upp á að bjóða.

Þessi niðurrifsstefna ríkisstj. gagnvart Byggingarsjóði ríkisins er svo áréttuð í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1980 með því að tekið er fram að stefnt skuli að því að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a. m. k. þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Þessi stefna er út í hött nema ráð sé fyrir því gert, að hið almenna veðlánakerfi geti ekki mætt þörfum hins almenna húsbyggjanda.

En sýndarmennska ríkisstj. ríður ekki við einteyming. Undir yfirskini umhyggju fyrir lítilmagnanum eru Byggingarsjóði verkamanna brugguð fjörráð. Um leið og sjóðurinn er gerður að almennum lánasjóði á að svipta hann möguleikanum að sinna sérþörfum þeirra sem verst eru settir. Áður var Byggingarsjóður verkamanna fjármagnaður með óafturkræfum framlögum frá sveitarfélögum og ríkissjóði þannig að allt fjármagn hans til verkamannabústaða var fengið með þeim hætti. Í lögunum frá 1980 er kveðið svo á að frá ríkissjóði og sveitarfélögum komi einungis 40% af því fjármagni sem gengur til verkamannabústaða. Samkv. ákvörðun laganna á hitt fjármagnið að koma með sérstökum lántökum sem ákveðnar eru hverju sinni. Þannig á að leita á hinn almenna lánamarkað með þeim lánskjörum sem þar eru nú og sjóðnum að vera gert að taka þar lán og lána síðan út með 0.5% vöxtum.

Með þessu fyrirkomulagi er raskað til frambúðar fjárhagslegum grundvelli fyrir starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna nema breytt verði þeim útlánskjörum sem lögin gera ráð fyrir. Þessi lánskjör eru miðuð við þarfir hinna verst settu. Ef það á að gera þau lakari, þá er kippt fótunum undan aðstoð við fólkið sem verst er sett.

Það er þessi þróun, sem ég hef nú lýst í nokkrum orðum, sem menn skyldu hafa í huga þegar þeir líta á ástand húsnæðismálanna í dag. Öllum kemur saman um að það sé ekki gott. Og meira en það. Ég held að það verði að segja að það komi öllum saman um að ástand húsnæðismálanna sé óþolandi og óhafandi og fátt sé meira aðkallandi en að leysa þann vanda sem þessi mál eru komin í.

Höfuðvandinn er sá, eins og ég vék að áður, að Byggingarsjóður ríkisins var með lögunum frá 1980 sviptur megintekjustofni sínum, sem var 2% launaskattur. Þetta er höfuðástæðan. Annað, sem til má taka, má rekja til þessarar staðreyndar. Það hefur ekki verið nægilegt fjármagn til að mæta eftirspurninni eftir lánum og eftirspurnin eftir lánum hefur verið minnkuð með ráðstöfunum ríkisvaldsins vegna þess að lánin hafa alltaf verið minni og minni hluti af byggingarkostnaði. Á sama tíma hefur hækkun vaxta og verðtrygging lána lagst með ofurþunga á lántakendur og húsbyggjendur í landinu.

Allt er þetta mönnum kunnugt. En menn vilja kannske leggja mismunandi áherslu á að skýra þessi mál og benda á einstaka þætti þeirra. Það má t. d. minna á að um 1970 hafði þokast svo áfram í þessum málum að íbúðalán almenna veðlánakerfisins námu milli 45—50% af byggingarkostnaðinum. Minna má á hvernig síðan hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum og mest hin síðustu misseri. Nú er svo komið, að íbúðalán almenna veðlánakerfisins eru komin undir 20% af byggingarkostnaðinum. Það sjá allir hvaða áhrif þetta ástand hefur, enda getum við séð hvernig þessi þróun hefur dregið úr húsbyggingum.

Ég hef hér fyrir framan mig yfirlit frá Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi Byggingarsjóð ríkisins, þar sem tiltekinn er fjöldi íbúða vegna veittra lána árin 1978—1981. Þar kemur glögglega í ljós hver þróunin hefur verið varðandi nýbyggingar, sem skiptir höfuðmáli. Árið 1978 var lánað til 1883 íbúða, árið 1979 til 1687 íbúða, árið 1980 til 1665 íbúða, árið 1981, þegar stefna núv. ríkisstj. kemur með fullum þunga, er lánað út á 1072 íbúðir. 1072 íbúðir árið 1981, en árið 1978 út á 1883 íbúðir. Vilja menn ekkert hugsa um slíkar staðreyndir? (**Gripið fram í:** Menn þekkja nú þessa ríkisstj.) Já, menn þekkja þessa ríkisstj. og munu þekkja hana æ betur meðan hún lafir, en það er ekki nóg að þekkja ríkisstj. Það er einskis góðs að vænta af ríkisstj. í þessum efnum. Hún hefur sýnt það í einu og öllu. Og má ég minna á að samkv. íbúðaspá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að það þurfi að byggja 2000 nýjar íbúðir á ári á Íslandi. Það var lánað á síðasta ári út á 1072 íbúðir. Hafa menn gert sér grein fyrir þessum geigvænlegu staðreyndum og sjá menn ekki glöggt í hvert óefni stefnt er ef þessi þróun heldur áfram?

Ég held að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um þennan þátt. Ég held að það liggi eins ljóst fyrir og verða má að þróunin í húsbyggingarmálum er slík, að í óefni og fullkomið óefni stefnir. Ég sagði líka áðan að menn virtust

sammála um að ástandið í húsnæðismálunum væri óþolandi. Ríkisstj. telur það, en segist ætla að bæta úr. Sú ríkisstj. sem með beinum aðgerðum hefur brotið niður Byggingarsjóð ríkisins og almenna veðlánakerfið, sem vísvitandi hefur stuðlað að því ástandi sem nú ríkir og hefur ekki á undanförnum þingum og misserum viljað hlusta á neinar aðvaranir í þessum efnum, segist nú ætla að gera ráðstafanir til að bæta úr. Við skulum nú athuga það í hverju það er.

Getur það verið að ríkisstj. ætli að halda áfram lýðskrums- og blekkingariðju sinni í þessum málum? Getur það verið að ríkisstj. ætli enn þá að halda að fólki að hún sé bestur málsvari fyrir það í þessum efnum? Ég geri ráð fyrir að ríkisstj. ætli að gera þetta. En lítum nú nánar á málin og hvaða blekkingar það eru sem ríkisstj. þykist núna vera með og í hverju þær eru fólgnar. Vitna ég þá til einhvers starfshóps sem kvað hafa verið að vinna á vegum félmrh. í þessum efnum. Ég hef ekki fengið í hendur álit þessa starfshóps, en ég hef lesið um þetta í Þjóðviljanum. Kannske mun það hvergi koma nema í Þjóðviljanum, en ég geri ráð fyrir að það sé þar rétt hermt frá þessum efnum.

Samkv. þessum upplýsingum er sagt að ríkisstj. ætli að efla Byggingarsjóð ríkisins með því að tvöfalda ríkisframlag til hans frá því sem var á síðasta ári. Það er ágætt að gefa slík fyrirheit um 100% hækkun þegar það er haft í huga að fyrst rífur ríkisstj. niður það sem var í þessum efnum. (Gripið fram í.) Ég skal skýra hvað ríkisstj. skildi eftir í þessum efnum, ef hæstv. ráðh. vill.

Þegar ríkisstj. tók við hafði Byggingarsjóður ríkisins þann tekjustofn að 2% launaskattur skyldi ganga í Byggingarsjóðinn. Ef svo væri enn hefði verið um að ræða á síðasta ári — tökum það fyrst — 224 millj. sem áttu að fara í Byggingarsjóð ríkisins. Þetta tók ríkisstj. í burtu. En ekki bara þetta. Í staðinn fyrir 224 millj. voru á fjárl. 57 millj. úr ríkissjóði, en ef ætti að gera samanburð þarf að draga frá líka beina greiðslu úr ríkissjóði, sem áður var og ríkisstj. stal frá Byggingarsjóði ríkisins. Þegar hæstv. viðskrh. spyr um hvort eitthvað hafi ekki verið skilið eftir, sem ekki var rifið niður, hygg ég að það þurfi stækkunargler til að gera sér grein fyrir því hvað það var.

Nú er sagt að það eigi að tvöfalda þessa upphæð frá síðasta ári, 57 millj. kr. Látum svo vera. Kannske má treysta því loforði. Ég veit þó ekki. En þá væri um að ræða rúmar 100 millj. kr. Hvað ætti Byggingarsjóðurinn að hafa í tekjur af launaskattinum, ef núv. ríkisstj. hefði ekki tekið hann frá honum? Þá ætti hann að hafa á þessu ári 340 millj. Hæstv. viðskrh., það eru svona staðreyndir sem blasa við.

Það er hryggilegt að þurfa að segja það, en núv. hæstv. ríkisstj. hefur vísvitandi rifið niður starfsgrundvöll Byggingarsjóðs ríkisins. Svo segja þeir að í náð sinni ætli þeir að hækka framlagið frá síðustu árum um 100% — framlagið sem í raun og veru var ekki meira en það sem ég greindi frá áðan. Þetta ætlar hæstv. ríkisstj. að leggja fram sem úrræði í þessu máli. Það er hreinasta skömm að því að sýndir skuli vera einhverjir tilburðir í þá átt að telja fólki trú um að hér sé um raunverulegar aðgerðir að ræða, sem að gagni mega koma í húsnæðismálunum.

Þá er það eitt bjargráðið enn sem hæstv. ríkisstj. lofar. Hún segir að lán til þeirra sem byggja í fyrsta sinn skuli hækka um 25% á næsta ári. Fram til 1980 var í lögum ákvæði um að skyldusparendur þeir sem væru að byggja í fyrsta skipti gætu fengið lán sem væru 25% hærri. Hvað hefur ríkisstj. gert í þessu? Hún afnam þetta ákvæði í lögum. Það er verk ríkisstj. Nú segist hún ætla að lofa því að gera þetta á næsta ári, en hún afnam þetta ákvæði úr lögum. Svo þykist hún ætla að gera sig góða með því að lofa þessu út í loftið eins og öllu sem hún lofar um þessar mundir.

Þá segir í þessum fréttum um aðgerðir ríkisstj., að það eigi að stofna nýja húsnæðisreikninga í viðskiptabönkum og sparisjóðum og þeir sem geri það eigi að fá hærri íbúðarlán en aðrir. Nú segir hæstv. ríkisstj. þetta. Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert áður í þessu efni? Hliðstæð ákvæði voru í lögum fram til 1980, um sérstaka innlánsdeild í þessu skyni. Hvað hefur ríkisstj. gert? Hún afnam þetta ákvæði. Nú þykist ríkisstj. vera þess umkomin að lofa einhverju með því að innleiða aftur ákvæðið sem hún afnam. Sjá menn ekki ábyrgðarleysið, skrumið og yfirskinið í þessu efni? Menn þurfa ekki einu sinni að hafa í huga að það ákvæði sem afnumið var hafði lengi staðið í lögum, en því miður verið óraunhæft vegna fjármagnsskorts í landinu. Og dettur svo nokkrum manni í hug að ríkisstj. sem er komin að falli fyrir ástandið í efnahagsmálunum sé þess umkomin að lofa því að peningamál landsins verði í því horfi að þetta ákvæði verði raunhæft? Það hefur engum manni dottið slíkt í hug, en þetta er eitt dæmið um yfirskin, ábyrgðarleysi og blekkingar hæstv. ríkisstj. í þessum efnum.

Hæstv. ríkisstj., er sagt í Þjóðviljanum, ætlar að gera ráðstafanir til þess, að því er virðist, að meira komi frá lífeyrissjóðunum til íbúðalána. Þar á aðalatriðið að vera að tryggja, eins og þar er sagt eða látin orð að liggja, að lán lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga verði aðeins veitt til húsnæðismála. Kemur nú nokkrum manni til hugar að þetta hafi nokkur afgerandi áhrif til þess að bæta úr ástandi lánamála húsbyggjenda? Ég held að það komi fæstum til hugar að slíkar yfirlýsingar hafi nokkurt gildi eða muni neitt um slíkt, sérstaklega þegar það er haft í huga að meginhlutinn, væntanlega yfir 90%, af öllum lánum lífeyrissjóðanna til sjóðsfélaga fer einmitt til húsnæðislána.

Hæstv. ríkisstj. hefur þráfaldlega verið að gefa í skyn að það væri bót allra meina í þessum efnum ef lífeyrissjóðirnir lánuðu meira, en það er ekkert skeytt um þá staðreynd að lífeyrissjóðirnir lána einungis til 15 ára og það er harla erfitt að byggja upp lánasjóð sem lánar til 26 ára með slíku fjármagni, enda er það alltaf að koma betur og betur í ljós. Þannig er áætlað að á þessu ári, árinu 1982, komi frá lífeyrissjóðunum 141 millj. kr. En það þarf að greiða í vexti og afborganir af þessum lánum lífeyrissjóðanna til Byggingarsjóðsins 80—90 millj. kr., þannig að það eru um 50 millj. kr. nettó sem koma frá lífeyrissjóðunum á þessu ári. Svo halda menn raunverulega — ekki halda, það er bein blekking þegar þeir segja að það sé eitthvað leyst í húsnæðismálunum með því að treysta á slíka fyrirgreiðslu lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir gegna sínu mikla hlutverki í þessum efnum með því að lána til sinna sjóðfélaga, og það verður ekki lögð of mikil áhersla á mikilvægi þess, en lífeyrissjóðirnir verða ekki til þess að byggja upp Byggingarsjóð ríkisins með þeim hætti sem hæstv. ríkisstj. þykist vilja gera. Það er ein blekkingin enn, eins og allt, ég leyfi mér að segja allt, sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram í þessu efni. (**Gripið fram í:** Hvar er húsnæðismálastjórnarráðh.?) Já, það væri nú ánægjulegt að sjá framan í húsnæðismála-

stjórnarráðherrann og ég er kannske ekki úrkula vonar um að hann komi áður en ég lýk máli mínu. Þó er ég ekki viss um það því að það vottar um fyrirlitningu hæstv. félmrh. á þessum málaflokki, sem hann hefur leikið eins hörmulega og ég hef hér lýst, að hann kemur ekki eða vill forðast að hlýða á þessar umr. Og það er ekki nóg með að hæstv. félmrh. virðist forðast að hlýða á þessar umr. Allir þm. stjórnarandstöðunnar forðast það. Hér er einungis hæstv. forseti viðstaddur. Ég vil þó segja, að ef hann væri ekki í forsetastóli tryði ég honum til að hlýða á það sem hér fer fram.

Ég mun nú koma að þeim kafla ræðu minnar þar sem ég mun víkja sérstaklega að frv. sem hér liggur fyrir, skýra hvað við flm. viljum gera, teljum að rétt sé að gera til að bæta úr því ástandi sem ég hef lýst. Er þá fyrst til að taka 1. gr. frv., sem varðar Byggingarsjóð ríkisins.

1. gr. frv. er í tveim liðum. A-liðurinn fjallar um 2. tölul. 9. gr. frv. og orðist sem þar segir. Til skýringar vil ég taka fram, að í 2. tölul. 9. gr. segir nú að fjár í Byggingarsjóð ríkisins skuli aflað með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum. Tvær breytingar eru lagðar til á þessu ákvæði laganna. Önnur breytingin er sú, að „launaskattur", sem hér er óskilgreindur og í framkvæmd til málamynda, er felldur niður. Hin breytingin er sú, að skilgreint er nánar hvað átt er við með byggingarsjóðsgjöldum, þ. e. 1% álag er innheimta skal aukalega á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkv. tollskrá.

Þetta orðalag og þessi skýring á byggingarsjóðsgjöldunum er nákvæmlega sú sama og var í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 1980. Þetta er ekki stórt atriði varðandi fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, en okkur þykir rétt, þar sem talað er í gildandi lögum um byggingarsjóðsgjöld, að það sé skilgreint með eðlilegum hætti við hvað er átt. Það gerum við í þessari brtt.

B-liður 1. gr. gerir ráð fyrir að nýr töluliður komi í 9. gr. laganna, er verði 6. töluliður. Þar er lagt til að andvirði 2% launaskatts gangi til Byggingarsjóðs ríkisins eins og áður en núgildandi lög komu til. Hér ber tvennt til. Annars vegar er um að ræða brýna fjárþörf Byggingarsjóðsins til að bæta íbúðarlánin og mæta nýjum verkefnum sem sjóðnum hefur nú verið ætlað að sinna. — Ég hef þegar lýst þessu hér í ræðu minni áður. — Hins vegar verður einnig að hafa í huga, að einungis með þessu móti verður haldið í heiðri forsendunum fyrir álagningu launaskattsins. Með þessu verður það virkt, sem almenningi og skattborgurum var sagt þegar þetta gjald var upphaflega sett á og menn gátu miklu betur umborið í vissu um að andvirði þess gengi til þeirra þarfa sem um var talað eða til að aðstoða húsbyggjendur í landinu.

Hér er raunverulega lagt til að við færum í sama horf tekjuöflun Byggingarsjóðs ríkisins af launaskattinum og var áður en niðurrifsstarf núv. ríkisstj. var hafið. Við viljum gera tilraun til að koma þessum málum í það horf sem þau voru í þegar núv. ríkisstj. tók við völdum.

Ég kem þá að 2. gr. frv. Þar er lagt til að lánstími hinna almennu íbúðarlána verði lengdur úr 26 árum í 42 ár. Þetta er gert í þeim tilgangi að létta greiðslubyrði lánanna svo að betur verði staðið undir af almennum launatekjum.

Það er ekki nægilegt að almennur lánasjóður fyrir húsbyggjendur veiti há lán og hækki lánin og hlutfall þeirra miðað við byggingarkostnað frá því sem nú er. Það er ekki heldur nægilegt að skapa grundvöll fyrir þessu með því að auka tekjur Byggingarsjóðsins eins og við leggjum til með því að leggja undir hann á ný 2% launaskatt, sem gefur á þessu ári 340 millj. kr. Hinn almenni húsbyggjandi í landinu verður að hafa möguleika á því að hagnýta sér þessi lán. Það er með tillitit til þess sem við leggjum til að lánstími sé lengdur úr 26 árum í 42 ár.

Það sem ég hef nú greint frá, 1. og 2. gr. þessa frv., fjallar um Byggingarsjóð ríkisins. En í 3. gr. frv. er fjallað um Byggingarsjóð verkamanna. Samkv. tillögum okkar um Byggingarsjóð verkamanna er gert ráð fyrir að sá byggingarsjóður sé efldur til að sinna því sérhæfða verkefni að veita hinum verst settu í þjóðfélaginu aðstoð til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er lagt til að þetta sé gert með því að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 80% af fjármagnsþörf sjóðsins í stað 30%, sem núgildandi lög ákveða. Er þá ekki keppikefli að aðstoð Byggingarsjóðs verkamanna nái til sem flestra, heldur hitt, að sjóðurinn megi veita sem besta þjónustu þeim sem eru þurfi þessarar sérstöku hjálpar. Er þá reiknað með því stefnumiði, að Byggingarsjóður ríkisins sé efldur svo að almenningur í landinu eigi kost íbúðarlána frá þeim sjóði í svo háu hlutfalli við byggingarkostnað að mönnum sé gert kleift að koma sér upp eigin íbúðum og með þeim lánstíma og vaxtakjörum að staðið verði undir með almennum launatekjum. Það sem við leggjum til varðandi Byggingarsjóð verkamanna er byggt á þessari forsendu, að við gerum Byggingarsjóð ríkisins raunhæfan byggingarsjóð fyrir hinn almenna launþega í landinu. En með tilliti til þessa er lagt til með þessari brtt., að fellt verði niður það stefnumið í núgildandi lögum að Byggingarsjóður verkamanna fjármagni a. m. k. ⅓ hluta af árlegri íbúðarþörf landsmanna.

Hér er um að ræða í grundvallaratriðum aðra stefnu en stefnu ríkisstj., sem ekki einu sinni getur verið heil í því tali sínu að þykjast vilja aðstoða lítilmagnann í þjóðfélaginu með því að efla Byggingarsjóð verkamanna, heldur ætlar að reka þann sjóð á þeim grunni, að miðað við óbreytta löggjöf verður hann ófær um þetta hlutverk. En ríkisstj. kærir sig sjálfsagt kollótta um hvað skeður eftir nokkra mánuði eða nokkur misseri, ef hún getur haldið áfram blekkingarvef sínum meðan hún er í valdastólunum.

Herra forseti. Ég hef þá lýst þróun mála á síðustu árum undir handleiðslu núv. ríkisstj. í húsnæðismálum. Ég hef vikið að því sem hæstv. ríkisstj. kallar, að því er virðist í háðungarskyni, „aðgerðir til úrlausnar" í þessu máli. Ég hef lýst þeim tillögum sem felast í frv. því sem hér er til umr.

Það má öllum vera ljóst, að afleiðingar af stefnumörkun ríkisstj. í húsnæðismálum blasa núna við. Það er stefnt í almennt lánakerfi án sérkjara fyrir hina verst settu, en með þeim kvöðum sem verkamannabústöðum fylgja. Keppikefli er að sem flestir húsbyggjendur falli undir slíkt kerfi verkamannabústaða. Þannig eru sem flestir gerðir háðir opinberri forsjá. Þannig undirgangast sem flestir þær takmarkanir sem löggjöfin setur á eignar- og umráðarétt þessara íbúða. Þetta á að þykja fullgott eftir að búið er að veikja almenna veðlánakerfið svo að það geti ekki veitt nægilega há lán með þeim kjörum sem hinn almenni launþegi getur staðið undir af launatekjum sínum. Þannig er vísvitandi — ég segi vísvitandi — grafið undan því framtaki einstaklingsins að frjálsri bygging-

arstarfsemi sem hefur staðið undir 90—95% af allri íbúðarbyggingu landsmanna. Þannig er skert samkeppnisaðstaða þeirra sem best hafa stuðlað að hagkvæmri íbúðarhúsabyggingu og lækkun byggingarkostnaðar. Það er talið keppikefli að ríkisforsjá komi í stað einstaklingsframtaks og jafnframt, eins og ég hef áður bent á, er forsmáð hugsjónin um sérstaka aðstoð við þá sem verst eru settir.

Með frv. því sem hér er flutt er ætlað að hamla gegn þeirri þróun í húsnæðismálunum sem ég hef hér lýst. Frv. felur í sér tvenns konar aðgerðir, sem mest er um vert í þessu tilliti að koma í framkvæmd: Annars vegar er lagt til að tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins verði efldir til að gera sjóðnum betur fært að gegna því hlutverki sem almennur lánasjóður að veita íbúðalán með þeim kjörum sem gera almenningi í landinu fært að koma sér upp eigin íbúð. Hins vegar er lagt til að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti, að sjóðnum sé gert kleift til frambúðar að veita sérstaka félagslega aðstoð þeim sem verst eru settir til þess að þeir geti einnig komið sér upp þaki yfir höfuðið.

Frv. þetta fjallar um fjármögnun byggingarsjóðanna, en felur ekki í sér tillögur til alhliða breytinga á húsnæðislöggjöfinni. Það verður að bíða betri tíma. Hins vegar hafa tillögur þær sem hér eru gerðar almennt gildi sem forsenda þess, að lánasjóðunum sé gert kleift að sinna *hinum ýmsu verkefnum sem lögin setja þeim*. Af þeim ástæðum er einnig lagt til að lánstími almennra íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins verði lengdur úr 26 árum í 42 ár, svo að staðið verði undir greiðslubyrði lánanna af almennum launatekjum, en það er forsenda þess að Byggingarsjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu sem almennt veðlánakerfi.

Herra forseti. Ég tel að ég hafi nú allítarlega gert grein fyrir þessu frv., sem hér er til umr. Mér þykir mjög miður að hæstv. félmrh. skuli ekki sýna þessu máli, húsnæðismálunum, meiri sóma en svo að forðast að mæta til þessa fundar, þar sem við ræðum svo þýðingarmikið mál. Ég hefði talið að það væri nauðsynlegt áður en þetta frv. fer til nefndar að við ættum kost þess að heyra hvað hæstv. ráðh. hefur að segja um sumt af því sem hér er lagt til. Hér er um svo þýðingarmikil mál að tefla að það verður að ætlast til þess að hæstv. ráðh. tjái sig um þessi efni, þar sem í þessu frv. felast grundvallarbreytingar á þeirri löggjöf sem við nú búum við varðandi húsnæðismálin. Ég vildi því mega vænta þess, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess að þessum umr. yrði ekki lokið án þess að hæstv. ráðh. kæmi til leiks og tjáði sig um þessi efni. Ég hefði þá, vænti ég, fram að færa spurningar sem ég mundi þá mjög gjarnan vilja spyrja hæstv. ráðh. um.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að óska þess að frv. þessu verði vísað til hv. félmn.

Forseti (Helgi Seljan): Hv. 1. flm. hefur óskað eftir því að umr. um þetta dagskrármál yrði nú frestað og gerðar yrðu ráðstafanir til þess við framhaldsumr. að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur. Skal ég að sjálfsögðu verða við því. Ég vil aðeins taka það fram út af umr. um fjarveru hæstv. félmrh. við þessa umr., að hæstv. ráðh. var bundinn í Nd. í framsögu um það leyti sem þessi umr. hófst, en þó er öllu fremur að hv. 1. flm. hafði ekki óskað þess við mig að ráðh. væri viðstaddur. Ég veit að bæði skrifara mínum og hv. 1. flm. er kunnugt um að ég geri ævinlega fyllstu ráðstafanir til að sjá til þess að ráðherrar séu viðstaddir þegar þess er óskað, enda tel ég það sjálfsagða skyldu, svo fremi sem þeim sé það kleift, að þeir séu viðstaddir. (**ÞK:** Hefur hæstv. ráðh. verið upptekinn í sinni framsögu allan fundartímann í dag?) Ég hef ekki kannað það, en mundi hafa gert það ef sérstök ósk hefði komið fram um það, þá hefði ég að sjálfsögðu athugað málið. Mér var þó kunnugt um að hann fylgdi úr hlaði máli sem var til umr. allnokkuð fram eftir. Þar sem hv. 1. flm. hefur nú lokið máli sínu hygg ég að það sé réttast að hæstv. ráðh. lesi ræðu hans yfir og síðan sé beint til hans spurningum í framhaldi af því. Ég tel því rétt að fresta umr. um þetta mál og taka það út af dagskrá nú.

Umr. frestað.

Neðri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Fyrir nokkru var samþykkt tillaga á þingi Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann við hvalveiðum. Þjóðir sem hvalveiðar hafa stundað hafa mótmælt þessari samþykkt, enda eðlilegt að það sé gert því að hér koma inn í sjónarmið þjóða sem ekki taka þátt í hvalveiðum á einn eða annan veg. Út af fyrir sig er ekki óeðlilegt að menn hafi áhyggjur af veiði bæði hvala sem og annarra dýrategunda og fiska. Hins vegar verð ég að segja, að mér finnst að þessar veiðar hafi verið stundaðar hér með mikilli varfærni og undir vísindalegu eftirliti og í fyllsta máta í samræmi við skoðanir og tillögur *vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins*. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvort ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um hvort hún ætlaði að mótmæla þessari samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins eða ekki. Ef ríkisstj. hefur ekki þegar tekið afstöðu til málsins, vil ég gjarnan fá að vita það frá hæstv. sjútvrh. hver hans hugur er og hvenær fresturinn er útrunninn. Ég tel að við megum síst við því nú að missa nokkuð af þeirri atvinnu og framleiðslu, sem fyrir er í landinu, og ég vil láta í ljós þá skoðun *mína*, að ég er *því mjög fylgjandi* að þessari samþykkt sé mótmælt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og reyndar má segja að hafi komið fram hjá hv. fyrirspyrjanda hefur verið fylgt þeirri stefnu að leyfa hvalveiðar undir vísindalegu eftirliti og því viðhorfi hefur verið fylgt eftir í starfi okkar í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Við höfum þar lagt áherslu á að farið verði að tillögum svonefndrar *vísindanefndar ráðsins*. Því *miður réðu* önnur sjónarmið meirihlutaafgreiðslu þar síðast. Ég vil láta kom fram mína persónulegu skoðun, að ég álít að þar hafi orðið á mikil mistök. Ég er sömu skoðunar og hv. fyrirspyrjandi: Það á að nýta hvalinn, en að sjálfsögðu á að tryggja að hvalastofninn hafi eðlilegan viðgang.

Eftir að þessi samþykkt var gerð hef ég lagt áherslu á að fylgjast vandlega með því sem aðrar hvalveiðiþjóðir hafa í huga. Við höfum sent menn á þeirra fundi. Ég átti sjálfur viðræður við sjútvrh. Noregs um þessi mál nú fyrir nokkru og hafa menn þannig reynt að samræma sín

sjónarmið. Ég hef einnig kynnt mér viðhorf Bandaríkjanna, hef átt viðræður við sendiherra þeirra um þetta mál, ekki síst eftir móttöku bréfs frá viðskrn. Bandaríkjanna þar sem áhersla er lögð á að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins verði ekki mótmælt eða verði a. m. k. fylgt.

Í þessu sambandi er um tvennt að ræða, sem við þurfum að hafa í huga: Annars vegar hugsanlegar opinberar aðgerðir í Bandaríkjunum. Þar er í lögum heimild til að takmarka innflutning frá ríkjum sem ekki hlýða samþykktum sem þessari vegna verndunar dýrastofna.

Hins vegar er af fræðimönnum talið vafasamt að sú samþykkt fái staðist, m. a. með tilvísun til samþykkta Alþjóðatollabandalagsins. GATT. Hins vegar ber einnig að hafa í huga almenningsálit og aðgerðir þrýstihópa. Ég hef þess vegna talið mér einnig skylt að hafa samband við útflytjendur íslenskra sjávarafurða til Bandaríkjanna og get upplýst að allt fram til þessa hafa þeir yfirleitt verið mjög óragir við þetta og talið það engin áhrif mundi hafa á sölu íslenskra sjávarafurða. Hins vegar hef ég því miður orðið var við mjög breytt viðhorf hjá þessum ágætu mönnum upp á síðkastið. Þarna ber þess að gæta, að íslenskur frystur fiskur er að mjög stórum hluta seldur stórum veitingahúsakeðjum eða samtökum, sem eru af mörgum talin ákaflega veik fyrir mótmælum t. d. þrýstihópa. Ég vil því lýsa þeirri skoðun minni, að ég álít að hugsanlegar aðgerðir stjórnvalda í Bandaríkjunum séu ekki hið alvarlegasta í þessu máli. Ég efast um, eftir viðtöl mín við Norðmenn og fleiri, að slíkar aðgerðir yrðu eins alvarlegar og af er látið. Ég álít að hitt sé langtum alvarlegra; aðgerðir þrýstihópa sem beint yrði gegn kaupendum á íslenskum fiski. Ég stend núna, eins og ég hef sagt, í viðræðum við þá menn sem um þessi mál fjalla.

Hins vegar hefur það nú gerst, að Norðmenn hafa mótmælt. Samkvæmt reglum Alþjóðahvalveiðiráðsins framlengist fresturinn um 3 mánuði í viðbót fyrir aðra til að mótmæla, þannig að við höfum núna þriggja mánaða frest til viðbótar. Ég hef að sjálfsögðu afhent ríkisstj. skýrslu um þessi mál, en ríkisstj. hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þess, hvort hún mótmælir eða mótmælir ekki.

Í þessu sambandi vil ég jafnframt geta þess, að bann við notkun á köldum skutli kemur til framkvæmda á næsta ári. Þar er að sjálfsögðu á hrefnuveiðarnar að líta, sem eru mikilvægar fyrir ýmsa staði í kringum landið. Svo virðist sem notkun á köldum skutli hafi reist enn víðtækari mótmælaöldu í fjölmörgum löndum, eins og t. d. í Bandaríkjunum. Það kann vel að vera að áframhaldandi notkun á slíkum skutli sé ekki síður varasöm fyrir útflutning okkar, ef gripið er til mótmæla. Þó er það álit flestra, að slíkra mótmæla muni ekki gæta verulega fyrr en heildarbann við hvalveiðum kemur til framkvæmda 1986. Ég vil einnig geta þess, að við höfum fylgst með því eins og við höfum getað hvað aðrar þjóðir eru að gera á þessu sviði. Bæði Japanir og Norðmenn eru með víðtækar tilraunir með notkun á nýjum tækjum, bæði sprengiskutli og sérstakri byssu, í stað þess kalda skutuls sem nú er notaður, en þó er talið vafasamt að þau tæki verði nothæf á næstu vertíð. Þarna er því um annað stórt vandamál að ræða.

En reyndar er svarið við spurningu hv. þm. einfalt: Ríkisstj. hefur ekki tekið endanlega afstöðu. Það er mjög vandlega fylgst með þessum málum og rætt við hagsmunaaðila, en við höfum enn þá þriggja mánaða frest.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svörin, en mín skoðun er sú, að að hika í aðgerðum og samþykkt sé að lyfta undir aðgerðir þrýstihópa, m. a. í Bandaríkjunum. Ég tel að við Íslendingar höfum stundað þessar veiðar um langt árabil undir vísindalegu eftirliti og alltaf farið eftir ákvörðun vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Því höfum við gætt mikillar hófsemi og varfærni við þessar veiðar og því getum við líka staðið frammi fyrir hverjum sem er og skýrt okkar álit. Ef við hefðum gengið mjög harkalega fram og brotið allar reglur og aðvaranir vísindamanna væri málstaður okkar mjög slæmur í Bandaríkjunum og víðar.

Við metum að vissu marki störf friðunarmanna og þá einnig þeirra Greenpeace-manna, en ekki þegar gengið er út í öfgar. Við skiljum vel baráttu þeirra fyrir því að leyfa ekki og sporna við að hættulegum úrgangsefnum sé kastað í sjóinn og þannig sé verið að eyðileggja framtíð sjávarins. En við getum ekki skilið að það sé gengið of nærri þessum dýrastofni eins og við höfum hagað okkar veiðum og okkar framleiðslu í þessum efnum.

Ég held að það muni seint ske að Bandaríkjastjórn fari að beita Íslendinga refsingum í viðskiptum fyrir að vilja bjarga sér og veiða. Við erum veiðiþjóðfélag og við höfum tekið upp — ekki á þessu eina sviði heldur á öllum öðrum sviðum — miklu strangari kröfur við allar veiðar og að ganga hvergi of nærri nokkrum stofni í hafinu. Við getum verið ákaflega stoltir af því að hafa tekið þessa stefnu. Við notum stærsta möskva í botnvörpuveiðarfærum sem þekkist í löndunum í kringum okkur og hvar sem er. Því höfum við verið framarlega í verndun þeirra afurða sem við sækjum í sjóinn og því getum við haldið áfram veiðum.

Ég held að það sé hættulegt fyrir okkur að láta álit þrýstihópa og móðursýkistal í þessum efnum hafa áhrif á gerðir okkar. Því eigum við að hraða því að taka ákvörðun um að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þetta kemur, eins og hæstv. ráðh. sagði, illa við fleiri en þetta eina fyrirtæki, Hval hf. í Hafnarfirði, sem er auðvitað langstærsti aðilinn. Það kemur líka mjög illa við þá sem hrefnuveiðar stunda og vinnslu á þeirri afurð.

Norðmenn tóku skýra og afmarkaða afstöðu fyrir örfáum dögum. Færeyingar hafa gert það líka. Mótmæli hafa að vísu átt sér stað. Tveir Greenpeace-menn hafa látið hlekkja sig við skáp eða hurð á tveimur stöðum í Kaupmannahöfn. En ég held að þó að þeir láti hlekkja sig við tröppur sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn verði að hafa það. Þeir gera það þá svo lengi sem þeir vilja og síðan opna þeir hlekkina og ganga burtu þegar þeir hafa fengið nóg. Við verðum að taka okkar eigin ákvarðanir og við verðum líka að taka tillit til þess hvernig ástand er í atvinnumálum, hvernig ástand er hvað varðar þjóðarframleiðslu og samdrátt og versnandi lífskjör fólksins í landinu.

Um þingsköp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp er sú, að í umr. utan dagskrár í gær í Sþ. var því margítrekað beint til hæstv. forseta Sþ. að hann beitti sér fyrir því að 15. mál, sem lagt var hér fram í Nd. Alþingis, yrði tekið til umr. vegna þess

að um það mikið og stórt mál væri að ræða að skipt gæti nánast sköpum fyrir stóra hópa í þjóðfélaginu, þ. e. um breytingu á lánskjaravísitölunni.

Ástæðan fyrir því að þetta er tekið upp sérstaklega er sú, að í umr. sem áttu sér stað utan dagskrár var því lýst yfir, bæði af hæstv. félmrh. sem formanni Alþb. og hæstv. fjmrh. sem háttsettum aðila í þeim herbúðum líka, að sá flokkur hefði miklar áhyggjur af því ef ekki yrði gerð breyting í þessum efnum. Ég skildi þá samþykkt þingflokks framsóknarmanna svo, sem að vísu var að ég heyrði við upplestur hálfgert hrófatildur, en ég skildi hana eigi að síður svo að því er þennan þátt varðaði, — að þingflokkur framsóknarmanna væri einnig sammála því og styddi að efnisatriði frv. næðu hér fram að ganga. Þetta skiptir líka miklu máli í tengslum við það sem hugsanlega kann að gerast 1. des. n. k., þ. e. þegar kjaraskerðingaþáttur brbl. á að taka gildi.

Ég spyr því hæstv. forseta hvort honum sé um það kunnugt að hæstv. forseti Sþ. hafi gert tilraunir til að beina þessu máli inn á brautir umr. fyrr en mér sýnist gefið til kynna á dagskrá þessa fundar í dag.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er að vísu svo, að dagskrá hv. Nd. er æðilöng og við höfum sem mest að vinna. Það var í dag fundur forseta með þingflokksformönnum, þar sem ræddir voru möguleikar á að hraða málum til nefnda. Sú málaleitan okkar verður væntanlega rædd á þingflokksfundum í dag og eftir það getum við kannske ráðið í hvernig málum muni þoka fram. En þar til treysti ég mér ekki til þess sérstaklega að segja til um hvenær til að mynda umgetið mál gæti komið til umr. hér.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forseti beiti sér af sínum alkunna dugnaði og réttsýni fyrir því á væntanlegum fundi, sem hér var minnst á, að þetta stórmál, sem ég tel vera, þokist framar á dagskrána til umr. Ég vil benda á að ég sé ekki betur en fimm mál sem síðar komu fram séu ofar á dagskrá en þetta tiltekna. Það er ástæða til að vekja athygli hæstv. forseta á því, að þó að hér sé um að ræða frv. stjórnarandstöðu þm., þ. e. Alþflþm., er þetta það stórt mál að ég tel að full ástæða sé til þess að reynt sé að koma því þannig fyrir að málið komi hið allra fyrsta til umr. Þetta er ekki síst mælt í ljósi þess að ég sé ekki betur, ef engin sinnaskipti eiga sér stað hér á næstunni, en yfirgnæfandi meiri hl. þingmanna sé efnislega samþykkur því sem hér er verið að tala um.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 28). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. talaði hér síðast þegar þetta mál var til umr. og sé ég ástæðu til þess að gera sérstaklega aths. við a. m. k. einn þátt í ræðu hans. Ég tel að hæstv. ráðh. hafi farið vísvitandi með ósannindi í þeirri ræðu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði aðeins ein aths. borist frá fjvn. varðandi tillögur stjórnar þess sjóðs sem hér um ræðir. Þetta er alrangt og ég hygg að hæstv. heilbr.- og trmrh. viti betur en þessi fullyrðing gefur til kynna. Hv. þm. Alexander Stefánsson, sem á sæti í fjvn., gerði formlega og skriflega aths. við þessar úthlutunarreglur stjórnar sjóðsins og einnig, að því er virtist vera, við fyrirhugaðar ákvarðanir hæstv. ráðh. Ég sendi á sama hátt formlega aths. til stjórnar sjóðsins. Það er því alrangt hjá hæstv. ráðh. þegar hann heldur því fram í ræðu að aðeins ein aths. hafi borist frá fjvn.-mönnum. Hitt er svo annað mál, að þetta mál barst með þeim hætti til fjvn. að lítil sem engin voru á því fyrir n. sem heild að gera sínar aths.

Aðeins í viðbót við þessa leiðréttingu. Hæstv. ráðh., sagði að *ég hefði verið með aðdróttanir í sinn garð.* Ég hef lýst því yfir að ég telji að þær tillögur sem gerðar voru af hálfu sjóðsstjórnar og síðan undirritaðar af hæstv. ráðh., sem voru þess eðlis að gera tillögur til 5 ára og taka ekki tillit til a. m. k. tveggja kjördæma í þeim efnum, hafi verið nánast sagt vítaverðar og ég ítreka það. Það er mitt sjónarmið, að fyrirgreiðsla úr þessum sjóði eigi að ná til allra sem eru að byggja upp aðstöðu sem lögin um sjóðinn taka til.

Hæstv. ráðh. sagði, að með þessum aths. okkar þm. úr Vestfjarðakjördæmi væri nánast verið að leggja til að eyðileggja sjóðinn, þ. e. ef allir landsmenn ættu rétt á að fá fyrirgreiðslu til framkvæmda sem þó er í lögum að sjóðurinn eigi að styrkja. Með því væri verið að gera tillögu um að eyðileggja sjóðinn. Ég vísa þessu algerlega á bug og vil í áframhaldi af því spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé hans hugsun — og ég vænti þess að hann svari því hér í umr. — að gera slíkar tillögur til 5 ára áfram og skilja ákveðin kjördæmi gersamlega eftir og leggja þau til hliðar. (Gripið fram í.) Væntanlega, en vill ekki hæstv. ráðh. segja þinginu til um hvaða hugmyndir hann hefur um tillögur að því er þetta stórmál varðar? (**Félmrh.:** Ég hef þegar gert það, hv. þm.) Hæstv. ráðh. gerði það ekki, það ég best veit. Hafi hann gert það áður veit ég að hann telur ekki eftir sér að ganga hér í stól og segja það einu sinni enn. (**Félmrh.:** Ég geri það að vísu.) Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir. Hann hefur þá tekið það til greina og þess má vænta af hans svari.

Ég skal ekki, herra forseti, fara um þetta fleiri orðum. Ég hef nú talað í þriðja skipið í málinu og veit að forseti vill gjarnan að ég stytti mál mitt. En ég taldi nauðsynlegt að koma því sérstaklega hér á framfæri að fullyrðing hæstv. heilbr.- og trmrh. um aðeins eina aths. frá fjvn.-mönnum er alröng.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en vegna ummæla hæstv. heilbr.- og trmrh. við umr. um frv. um málefni aldraðra þann 1. 11. s. l., þar sem hann taldi að ég hefði vefengt rétt hans til að undirrita reglur um að 10% af fjármagni Framkvæmdasjóðs færu til íbúðabygginga fyrir aldraða, þá vil ég aðeins segja að ég hef aldrei vefengt rétt hæstv. ráðh. til að setja reglur. Hins vegar sagði ég í framhaldi þess rökstuðnings, að fjvn. hefði ekki haft nægjanlegar upplýsingar og tíma til að fjalla um fyrstu tillögu sjóðsstjórnar til 5 ára, sem fjvn. mælti ekki með, og að umræddar reglur ráðh. um 10% ráðstöfun hefði átt að ræða við fjvn. áður en frá þeim yrði gengið. Þessa skoðun mína ítreka ég hér enn, þó ég hafi hins vegar séð í dagblöðum í gær að búið er að birta umsóknir til sjóðstjórnar eftir reglum sem undirritaðar hafa verið.

Ég sagði ennfremur að ég teldi að þessi úthlutun gilti aðeins fyrir árið í ár, 1982, en tillögur stjórnar fyrir árin 1983—1986 ættu að koma til endurskoðunar í samráði við fjvn. Hvort það heitir tillaga næstu 5 ár eða 4 ár skiptir ekki meginmáli. Aðalatriðið er, að mínu mati, að

fullt samkomulag sé um meðferð þessa mikilvæga máls. Á það vil ég leggja þunga áherslu.

Eins og ég tók fram við umr. 27. okt. s. l. gekk fjvn. ekki frá umsögnum um tillögu sjóðsstjórnar frá því í apríl 1982, heldur sendu einstakir nm. aths. sínar til heilbrmrn. Á fyrsta fundi fjvn. nú í haust var óskað eftir upplýsingum um úthlutun úr sjóðnum í ár. Sjóðurinn sendi umbeðnar upplýsingar til fjvn. 21. okt. s. l. Segir í bréfi stjórnar sjóðsins: „Hjálögð er umbeðin skrá yfir úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 1982. Rétt er að taka fram, að nú er ljóst að ráðstöfunarfé sjóðsins verður minna en áætlað var þannig að hluti af framlagi til B-álmu flyst yfir á næsta ár. Að öðru leyti hefur sjóðurinn nú þegar staðið við allar skuldbindingar sínar."

Það kemur fram í þessu yfirliti að sjóðurinn hefur úthlutað til 16 aðila, en synjað 13 aðilum eins og áður hefur komið fram við þessar umr.

Ég vil enn undirstrika mikilvægi Framkvæmdasjóðs aldraðra og einnig að ég er sammála þeirri stefnu, að vissan forgang að fjármagni úr sjóðnum þurfi B-álman við Borgarspítalann að hafa og hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Þar er þörfin brýnust og þar þarf að ljúka framkvæmdum sem fyrst. En ég vil að gefnu tilefni vitna til 6. og 7. gr. reglugerðar um sjóðinn, sem undirrituð er af hæstv. ráðh. 3. febr. 1982. Í 6. gr. stendur:

„Dvalarstofnanir fyrir aldraða samkv. reglugerð þessari eru:

a) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða dagvist fyrir aldraða.

b) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.

c) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.

d) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn."

Hlutverk sjóðsins samkv. 7. gr. reglugerðarinnar er að „fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafliði a), b) og d).

2) Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafl. c) og d).

3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafl. a) og b), enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tölul. 5. gr.

4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 6. gr. stafl. a), b), c) og d)."

Þessu til viðbótar má geta þess, að í 8. gr. reglugerðarinnar stendur:

„Ráðh. gerir í samráði við fjvn. Alþingis og stjórn sjóðsins 5 ára framkvæmdaáætlun samkv. 1. gr."

Herra forseti. Ég undirstrika það sem ég sagði í ræðu minni 27. okt. s. l. og las úr bréfi sem ég sendi rn., dags. 6. maí 1982. Ég tel að öll kjördæmi landsins eigi að vera inni í slíkri 5 ára framkvæmdaáætlun Framkvæmdasjóðs, þar sem augljóst er að alls staðar er knýjandi þörf og framkvæmdir fyrirhugaðar eða í gangi í svo til öllum kjördæmum til lausnar vistunarmálum aldraðra. Enn fremur tel ég að sveitarfélög, sem ekki eru í beinum tengslum við sjúkrahús, en eru að leysa vistunarmál aldraðra með byggingu sameiginlegra íbúða með þjónustuaðstöðu og í tengslum við heilsugæslustöð á staðnum, eigi að hafa nokkurn forgang að fjármagni úr sjóðnum.

Ég endurtek nauðsyn þess, að góð samstaða takist um skynsamlega og réttláta nýtingu þessa fjármagns í þágu hinna öldruðu. Það er kjarni málsins. Að öðru leyti vil ég ítreka stuðning minn við þetta frv. í heild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 56). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í efnahagsyfirlýsingu ríkisstj., sem gefin var út í ágúst s. l. í tengslum við útgáfu brbl., var þess getið að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að flutt yrði á Alþingi frv. til l. um lengingu orlofs. Ég mæli nú fyrir þessu frv. og fer fram á það við hv. þd. að sem best samstaða og samkomulag náist um meðferð málsins þannig að afgreiðsla þess náist nú fljótlega.

Frv. tengist beinlínis efnahagsráðstöfunum ríkisstj. með þeim hætti, að eins og kunnugt er gera þær ráð fyrir að verðbætur skerðist á laun 1. des. n. k., en lenging orlofsins hefur m. a. þann tilgang af hálfu ríkisstj. að koma nokkuð upp í þá skerðingu sem þar er kveðið á um.

Frv. er í sjálfu sér einfalt. Það gerir ráð fyrir að orlof verði tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknist hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkv. þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Laugardagar, sunnudagar eða aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar. Í þessari setningu er sú nýlunda, að laugardagar eru ekki taldir með þegar orlofsdagar eru taldir og í þessu felst jafnframt lenging orlofsins. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl og atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum, en orlof er nú 8,33% af launum.

Í grg. frv. er fjallað nokkuð um þessi mál og gerð grein fyrir því, að þegar með er talinn frídagur verslunarmanna, sem meiningin er að verði lögbundinn frídagur, er hér um að ræða breytingu í kaupi verkafólks sem samsvarar liðlega 2% eða líklega nákvæmlega 2.34%. Þegar frídagur verslunarmanna er talinn með næmi orlof í kaupi samtals 10.67%, en það er 2.34% viðbót við þau 8.33% sem orlofið er nú.

Rökin fyrir þessu frv. eru auðvitað mjög augljós. Almenn vinnuvika verkafólks er nú 40 stundir í dagvinnu, unnin á 5 dögum frá mánudegi til og með föstudags. Laugardagar hafa því um langt skeið ekki talist til almennra vinnudaga hjá þorra verkafólks. Það verður því að teljast fullkomið réttlætismál að laugardagar teljist ekki með þegar verið er að telja frídaga fólks. Það má í þessu sambandi geta þess, að í nýlegum samningum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var sá háttur upp tekinn að fella laugardaga út við talningu orlofsdaga. Frv. það sem ég mæli hér fyrir stefnir því einnig að samræmingu lágmarksorlofs hjá öllum launamönnum.

Fyrstu lögin um orlof launafólks hér á landi voru sett árið 1943, en áður höfðu ýmis stéttarfélög haft ákvæði um orlof í samningum sínum, fyrst og fremst ýmis fagfé-

lög. Verkamannafélagið Dagsbrún samdi árið 1942 um orlofsrétt verkamanna og í framhaldi af þeim samningum voru fyrstu lögin sett. Í lögum nr. 16/1943 var ákveðið að orlofsréttur skyldi vera einn dagur fyrir hvern unninn mánuð eða 12 dagar fyrir heilt vinnuár. Orlofsféð var ákveðið 4% af kaupi fyrir dagvinnu, en fyrir yfir-, nætur- og helgidagavinnu skyldi greitt sem um dagvinnu væri að ræða. Strax í þessum fyrstu lögum var gerður greinarmunur á þeim sem voru í föstu starfi og hinum er ekki nutu fastráðningar. Komið var á fót orlofsmerkjakerfi og orlofsmerkjabókum vegna framkvæmda þessara fyrstu laga.

Breyting var gerð á þessum lögum 14 árum síðar með lögum nr. 8/1957. Með þeim var orlofsréttur aukinn í 1½ dag fyrir hvern unninn mánuð eða í 18 daga á ári miðað við fulla vinnu. Orlofsfé hækkaði í 6% af kaupi eftir sömu reglum og áður.

Næsta breyting verður svo á orlofslögunum árið 1964 með lögum nr. 68 það ár. Með þeim er orlofsréttur aukinn í 1¾ daga eða í 21 dag fyrir heilt orlofsár. Orlofsfé hækkaði þá í 7%.

Fjórða breytingin, sem verður á orlofslögunum frá upphafi, er samkv. lögum nr. 87 frá 1971. Með þessum lögum er orlofsréttur aukinn í tvo daga fyrir hvern unninn mánuð eða í 24 daga fyrir fullt vinnuár. Orlofsfé er hækkað í 8⅓ af öllum launum, eins og það hefur verið til þessa.

Með þessum lögum, nr. 87 frá 1971, var orlofsmerkjakerfið lagt niður og lagður grunnur að því innheimtukerfi sem síðan hefur viðgengist gegnum póstgíróstofu Pósts og síma.

Eins og fram kemur í þessu yfirliti hafa ekki orðið miklar stökkbreytingar á þessu tímabili frá því að lögin voru sett fyrst árið 1943 fyrir forgöngu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Það er hins vegar vert að geta þess um leið og rætt er um orlofsmál hér á landi, hvernig háttað er orlofi í grannlöndum okkar.

Í Svíþjóð er orlofið nú 5 vikur og hefur verið það frá árinu 1978, þ. e. 5 vinnuvikur. Í Svíþjóð er orlof 12% af öllum launum. Í Danmörku er 5 vikna orlof, 5 vinnuvikna, og það hefur verið frá upphafi ársins 1981. Þar mun vera um að ræða 12% orlof af launum. Í Finnlandi er í gildi ákvæði um 5 vinnuvikna orlof, þó þannig að fimmta vikan skuli tekin sem vetrarorlof og tveggja ára starfstími er áskilinn í lögum þar. Í Noregi er gert ráð fyrir því að bæta fimmtu vinnuvikunni við orlofið og það gerist í áföngum á árunum 1982—1985 og hefur fyrsti áfangi komið til framkvæmda. Orlofið þar er 9.9% nú, en það er gert ráð fyrir að það hækki í 12% eða 30 vinnudaga frá og með árinu 1985.

Ég taldi rétt að gera grein fyrir þessu, herra forseti, vegna ummæla sem ég hafði heyrt um að hér sé verið að fara fram af miklu óhófi á Íslandi á sama tíma og menn séu að draga saman seglin. Þegar við skoðum hvernig þetta er í grannlöndum okkar sjáum við að þar er um að ræða lengra orlof en hér, enda þótt kreppan hafi kannske knúið þar enn fastar dyra en hér á landi.

Ég vil geta þess, að það eru dæmi þess að stéttarfélög hafi þegar samið um hærri prósentu en 8.33%. Þar er t. d. um að ræða starfsmannafélaigð Sókn, sem mun þegar hafa samið um 9.5% í orlofi.

Herra forseti. Ég tek eftir því að hér hefur verið lagt fram frv. um breytingu á lögum um orlof, sem kveður á um að með reglugerð skuli heilbr.- og trmrh. hækka bætur almannatrygginga um 2% frá 1. des. n. k. auk þeirra hækkana sem leiðir af 79. gr. almannatryggingalaga, með síðari breytingum. Þessi till. á að sjálfsögðu ekki heima með orlofslögum, vegna þess að hér er verið að kveða á um almannatryggingar. Hún ætti þá helst heima í almannatryggingalögum. Í fyrsta lagi vil ég taka fram þá formsástæðu. Hún er ekki stór, en verður engu að síður að hafa hana í huga.

Hina ástæðuna vil ég og nefna, að það er þegar heimilt í reglugerð að hækka bætur almannatrygginga eins og ríkisstj. ákveður á hverjum tíma umfram þá hækkun sem kveðið er á um í 79. gr. almannatryggingalaganna. Það hefur núv. ríkisstj. gert hvað eftir annað og sömuleiðis sú ríkisstj. sem t. d. við hv. þm. Magnús H. Magnússon sátum saman í um skeið. Þannig er í rauninni þarflaust að kveða á um að slíkt geti verið gert með reglugerð. Í till. segir hins vegar, að þetta skuli gert og þar með er verið að leggja þessa lagaskyldu á stjórnvöld. Út af fyrir sig er ekki óeðlilegt þó að sú hygmynd komi upp hér á hv. Alþingi, en ég vil geta þess, að ég hef þegar, fyrir nokkrum vikum, gert ráðstafanir til þess að gefin verði út reglugerð eins og venjulega um hækkun bóta almannatrygginga nú í nóv. og þá verður auðvitað að taka tillit til þeirrar skerðingar sem annars verður á kaupi 1. des. og þess að hún komi ekki jafnhart við ellilífeyrisþega og öryrkja og aðra launamenn. Það verður gert þannig að ég held að till. sé einnig þarflaus.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Þá liggur hér og fyrir hv. Nd. frv. til l. um breyt. á lögum um 40 stunda vinnuviku, sem er fylgifrv. þessa frv. Ég tel ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum en ég hef þegar gert í þessari framsöguræðu minni og vænti þess að forseti geti fallist á þá málsmeðferð að því frv. verði einnig vísað til 2. umr. og hv. félmn. án frekari framsöguræðu af minni hálfu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þau eru undarleg vinnubrögð þessarar hæstv. ríkisstj. og þó undrast enginn maður lengur. Meira að segja saklausustu þm. stjórnarliðsins eru hættir að undrast. Ríkisstj. gefur út brbl. og lætur fylgja þeim yfirlýsingu vegna aðgerða í efnahagsmálum. Brbl. fjalla um stórkostlega skerðingu verðbóta á laun frá 1. des. og að auka hraða verðbólgunnar með hækkun skatta, með hækkun vörugjalds. Þessi brbl. voru til umræðu í blöðum og manna á milli allt fram til þess tíma að Alþingi kom saman. Þá bjuggust allir við því að með fyrsta frv. sem yrðu lögð fram hér á hv. Alþingi yrðu þessi brbl., sem eru móðurskip þeirra aðgerða sem ríkisstj. boðaði. En í staðinn fyrir að hænan komi inn í þingsalinn, þá er hún að dreita úr sér eggjum og nýlega útsprungnum ungum, hverju frv. á fætur öðru. Það sem skiptir mestu máli kemur ekki fram.

Hvað á að verða um veslings hænuna? Hver liggur á henni? Hér ber nýrra við! Hænur lágu á ungum hér áður fyrr, en nú eru alls konar gaukar farnir að liggja á hænum og það sínum eigin hænum og það fæst ekkert svar við neinu. Ef það á að fara að tala um alvarleg mál, þá flýja þeir ráðh. sem helst eiga að ræða þau og láta ekki sjá sig. Hvað á það að þýða hjá hæstv. félmrh. að flytja hér frv. um breyt. á lögum um orlof og fara fjálglegum orðum um hvað verið sé að gera stórkostlega breytingu, því að nú sé laugardagurinn ekki talinn lengur með sem vinnudagur, það sé lengt orlof sem nemi laugardögum, en það á að

sleppa því að ræða um verðbótaskerðinguna? Ég spyr: Hvað kemur fólki frekast að gagni? Vill það fá lengingu á orlofi um þessar mundir, þegar svo er skert ráðstöfunarfé heimilanna að fólk hefur ekki ráð á því að taka sér þá orlofsdaga sem kostur er á? Hvort vill launamaðurinn frekar fá lengingu orlofs eða minni verðbótaskerðingu á laun? Er ekki rétt að aðalhænan komi fyrst fram þannig að þingið fái tíma til að fjalla um málið, spyrja aðila vinnumarkaðarins, spyrja hagsmunahópana, launþegana alla í landinu: Hvort viljið þið heldur lengingu orlofs, svona pappírslengingu, eins og ástandið er núna á frv. félmrh., eða stórfellda verðbótaskerðingu á laun, sem á að taka gildi eftir 1. des.? Ég býst við því að flestir muni núna svara á þennan veg: Okkur veitir ekki af að fá uppiborið meira við þá erfiðleika sem eru á rekstri heimilanna. Við teljum það meira virði, hygg ég að flestir muni segja. — En hér er sami leikurinn viðhafður og er alltaf leikinn hjá vinstri stjórnum, þ. e. að vera með eitthvað svona „fiff" en láta alvarlega hluti bara liggja einhvers staðar, fela þá. Það þarf auðvitað að reyna að sætta suma menn við það. Það er ekki auðvelt að láta menn gleypa verðbótaskerðingu og það svona gífurlega skerðingu. En þá var boðin dúsa sumum mönnum, sem var lenging orlofsins, og þá áttu þeir eitthvað betra með að gleypa hina miklu verðbótaskerðingu launa.

Ég er þeirrar skoðunar, og ég hef talað við marga sem segja hið sama, að þetta frv. sé einskis virði á við að ekki væru skertar svo verðbætur á laun. Það er okkur miklu meira virði þegar ástandið batnar í þjóðfélaginu, sem við skulum vona að verði fljótlega, ef þessi ríkisstj. klárar að drepast alveg, en hangir ekki svona meðvitundarlaus mánuð eftir mánuð, að þá verði farið að taka til hendinni í þjóðfélaginu eftir þessa aðgerðarlausu menn. Þá verða menn að ætla að eitthvað lagist og þá verði farið að tala af alvöru um þjóðmál en ekki um vinnubrögð eins og hér eru viðhöfð.

Það vantaði ekki að forsrh. var kotroskinn fyrr á árinu í stefnuræðunni og í fjölmörgum öðrum ræðum, þegar hann talaði um að það þyrfti að gera hér margvíslegar breytingar. Það var ekki nóg að gera þessar ákveðnu aðgerðir í efnahagsmálum og launamálum. — Eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstj.: „Að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkv. nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. des. 1982."

Það er nauðsynlegt að frv. um þetta sjái dagsins ljós. Þó ekki endilega eftir 1. des. Það er ekkert síður nauðsynlegt að það sjái dagsins ljós fyrir 1. des. Við í stjórnarandstöðunni bíðum spenntir eftir þessu frv. Þetta er mikilvægt mál, sem skiptir miklu máli og við erum mjög opnir að ganga til samstarfs um þegar við sjáum það mál, ef það fær þær lyktir sem til er ætlast. En þetta hefur verið pókerspil á milli Alþb. og Framsfl. frá því löngu áður en brbl. voru gefin út. Annars vegar var Svavar Gestsson félmrh. með orlofslögin og láglaunabæturnar. Hins vegar voru Framsfl. og forsrh. með sína meðreiðarsveina með undirbúning að frv. um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun. Alþb. neitaði að vinna í nefndinni um viðmiðunarkerfi á laun og þá svaraði Framsókn: Þá tökum við ekki þátt í undirbúningi að frv. um orlof og láglaunabætur. — Og þannig stóð. En Alþb. sneri Framsókn niður eins og það gerir alltaf, því að Alþb. er sterki aðilinn í þessari ríkisstj., en Framsókn grútmáttlaus, lætur kreista sig og pína og kvelja. Það er rétt að maður heyrir frá þeim smávein öðru hvoru. Þeir gengu frá öllu sínu. Þeir hafa látið fara svona með sig þarna. Svo koma þeir fram á hátíðisdögum og segja, að niðurtalningin hafi bara gengið vel í fyrra, en dálítið verr núna í ár. Já, það verður ekki komið fleiri bótum á framsóknarflíkina. Það rúmast ekki fleiri. Svo gatslitin er hún og stagbætt að það væri synd að fara að koma þar einni bótinni á.

Ekki hefur verið betra ástandið síðustu dagana í vaxtamálum. Formaður bankaráðs Seðlabankans leggur blessun sína yfir vaxtahækkunina. Svo fer hann á þingflokksfund hjá Páli Péturssyni og þar samþykkir hann mótmæli gegn vaxtahækkuninni, sem hann hafði samþykkt, með Páli. Ráðh. vita og það vita allir, að Seðlabankinn verður að hlýða ríkisvaldinu í vaxtamálum. Svo koma þeir hver á fætur öðrum upp í Alþingi og segja: Ja, við vissum eiginlega ekkert um þetta, Seðlabankinn tók bara völdin af okkur og hann ræður. Í Suður-Ameríku og víðar er hafður her til þess að ræna völdunum, en hér virðist það ætla að verða Seðlabanki í staðinn. Það þarf engan her. Það dugar Seðlabankinn til þess, eftir því sem þeir sjálfir lýsa þessum aðgerðum, stjórnarliðarnir, bæði framsóknarmenn og Alþb.-menn. Ætli nokkur ríkisstjórn í lýðfrjálsu landi hafi sýnt jafnmikið geðleysi og aumingjaskap og þessi ríkisstj.? Ég held að hún finnist ekki. Ég held að það sé útilokað að finna hana.

Fjmrh., sem á að sitja í embætti, segir: Ég er á móti vaxtastefnu sem er í landinu. Og hann situr áfram. Hver getur ráðið því? Ræður seðlabankastjóri því hverjir eiga sæti í ríkisstj.? Nei, ekki aldeilis. En ríkisstj. getur ráðið hvort seðlabankastjórar sitja áfram, ef þeir hafa brotið af sér. (**Gripið fram í:** Hvað á þá að gera Matthías, reka þá úr bankanum?) Það á að láta þá hlýða. Hins vegar hefur Seðlabankinn ekkert gert annað en það sem er rétt í þessum málum og það vita allir. En geðleysi ráðh. er svo mikið að þeir þræta fyrir sínar eigin gerðir. Þeir eru búnir að hafa þessa tillögur Seðlabankans vikum saman. Þeir hafa alveg vitað hvað hefur verið að gerast. Síðan tekur Seðlabankinn ákvörðun. Þegar þeir finna hvernig á þessum málum er tekið verða þeir logandi hræddir, fara hver um annan þveran í stjórnarvarp og þræta fyrir barnið. Það er ekki stórmannlegt. Það á hver og einn að kannast við sín eigin börn, jafnvel þó þeir sitji í núv. ríkisstj.

Ég held að nú loksins sé mönnum farið að lærast að þessi stjórn er dauð, steindauð, en jarðarförin hefur ekki farið fram. Og það eru lög til um hvað lík mega standa lengi uppi. Það heyrir undir heilbrigðismál og hollustuvernd. (Gripið fram í.) Það er vika eða 8 dagar minnir mig. Þarna er ágætis burðarmaður, þó að ég leggi ekki endilega til að jarðarförin fari fram í Reykholti.

Hvað er það sem hefur skeð í þessu landi? Gengið hefur verið falsað allan tímann. Þeir ákváðu seinni part gamlársdags 1980 að nú skyldi verðbólga vera ákveðið prósentustig á árinu 1981 og því ekki tekið neitt tillit til hvað framleiðslukostnaður hækkaði á árinu. Þetta var ákveðið í kaffi seinni part gamlársdags. Og mikið gekk á og auðvitað voru gerðar nokkrar leiðréttingar. Það endaði á því að fresta varð upptöku á ræðu forsrh. tvisvar og svo var tímaskorturinn mikil! að forsrh. varð að stytta ræðuna um helming, hann talaði ekki nema hálfan tímann. — Það var besta ræðan sem hefur verið haldin á vegum þessarar ríkisstj.

Áfram heldur þessi skekkja. Röng stefna í gengismálum leiðir af sér að ekki er hægt að taka upp rétta stefnu í vaxtamálum. Þar skilur á milli feigs og ófeigs. Seðlabankinn verður að skilja að vaxtabreytingin, sem átti sér stað núna undir rangri gengisstefnu, er verðbólguhvetjandi og ekkert annað og því eru þær aðgerðir í sambandi við verðbólgu sem talað er um í yfirlýsingu ríkisstj. gagnslausar á meðan hægri hendin veit ekki hvað sú vinstri gerir.

Ég tel að þetta frv. sé útilokað að afgreiða á undan hinum svokölluðu brbl. eða ráðstöfunum um efnahagsmál. Það frv. verður fyrst að koma fram hér í þingi, fá þinglega afgreiðslu. Það verður að meta það og vega. Er ekki réttara að draga úr skerðingu verðbóta á laun, en falla aftur á móti frá lengingu orlofs í bili til þess að launþegar í landinu fái meira á milli handanna við þær aðstæður sem núna eru í þjóðfélaginu? Um þetta vil ég ekki fullyrða neitt á þessu stigi, en ég vil að þetta sé metið og vegið mjög nákvæmlega og haft samráð við launþega almennt í landinu eða samtök þeirra. Því hefði verið nauðsynlegt að leggja lögin um ráðstafanir í efnahagsmálum fram strax eftir að þing kom saman. Það er útilokað annað en að þau lög verði þó nokkurn tíma til umfjöllunar hér í þingi og hafa verði samráð við fjölda aðila í þjóðfélaginu áður en Alþingi segir sitt síðasta orð í þeim efnum, ef menn vilja frið, ef menn vilja stefna að því að taka upp heilbrigða stefnu.

Þá langar mig að segja aðeins þessi orð að lokum: „Efnahagsástandið er svo alvarlegt, að áhrifamiklar aðgerðir af hálfu þings og stjórnar eru óhjákvæmlegar nú á næstunni. Árangur þeirra veltur ekki síður á framkvæmd en lagasetningu. Núverandi stjórnarsamsteypa er með öllu óhæf til að leysa þennan vanda og verður að fara frá. Þegar svo er komið, mun Sjálfstfl. tilbúinn að takast á við efnahagsvandann og skorast ekki undan ábyrgð á ráðstöfunum sem reynast nauðsynlegar.

Það var frá upphafi vega ljóst, að verulegur veikleiki var gagnvart efnahagsmálum með núv. ríkisstj. og stjórnarflokkum. Þessi veikleiki hefur hvað eftir annað komið fram. Í áramótagrein hæstv. forsrh. minntist hann á efnahagsvandann, sem fram undan væri, og taldi æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að sterk stjórn tækist á við þann vanda. Öllum er ljóst að núv. stjórn hvorki var né er sterk stjórn."

Þetta er ekki mín ræða. Þessi kafli er úr ræðu eftir forsrh. Gunnar Thoroddsen, sem hann flutti 3. maí 1974, þegar vinstri stjórnin var að geispa golunni. Einkavinur forsrh., hv. 7. landsk. þm., gaf mér þessa ræðu um daginn. Því nefni ég þetta hér að ég minni á hvar þessi sami maður stendur nú. Hann stendur í þeim sporum að glíma við ennþá erfiðari aðstæður en vinstri stjórnin í maíbyrjun 1974. En hvað hefur breyst? Ja, mikið gerir ellin að.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er auðvitað ljóst að við Alþfl.-menn styðjum efni þess frv., sem hér er til umr., um breytingu á lögum um orlof. Alþfl. hefur á þremur þingum lagt fram frv. sama efnis, en það hefur ekki hlotið afgreiðslu hér á Alþingi. Það er nú til meðferðar í Ed. Það er að vísu nokkru ítarlegra en það frv. sem ráðh. leggur hér fram. Það kveður á um enn frekari lengingu orlofs eftir ákveðinn starfstíma hjá sama atvinnurekanda og við munum að sjálfsögðu hugleiða hvort við munum þá ekki flytja brtt. við frv. ríkisstj. um þetta efni.

Ég hef lagt hér fram brtt., sem kveður á um að með reglugerð skuli heilbr.- og trmrh. hækka bætur almannatrygginga um 2% frá 1. des. n. k., auk þeirra hækkana sem leiðir af ákvæði 79. gr. almannatryggingalaganna.

Í grg. með frv. um orlof stendur að ástæðan fyrir flutningi frv. sé sú, að lenging orlofsins komi á móti þeirri skerðingu verðbóta sem á sér stað 1. des. Því er auðvitað ástæða til, um leið og við ræðum þessi mál, að huga að því hvernig við ætlum að bæta bótaþegum almannatrygginga einnig þessa skerðingu.

Ráðh. talar um að sú brtt., sem ég legg hér fram, eigi ekki heima í orlofslögunum og lætur að því liggja að hér sé um formgalla á málinu að ræða. Út af fyrir sig er það rétt, að breytingar á almannatryggingalögunum eigi ekki heima í orlofslögunum. En það er engin nýlunda hér á þingi, og það ætti hæstv. ráðh. að vita, að breytt sé fleiri en einum lögum í einu og sama frv. Ráðh. hefur sjálfur staðið að slíkum breytingum. Ég minnist t. d. laga um breytingu á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum á þágu fatlaðra. Þar var í einu og sama frv. lögð til breyting á fimm lagabálkum, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um grunnskóla, lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila og lögum um félagsheimili. Þessu var öllu breytt með einu og sama frv. Það er því auðvitað engin nýlunda að slíkir bandormar sjáist á Alþingi.

Það er einnig rétt, sem fram kom hjá ráðh. áðan, að hann hefur heimild til að hækka bætur almannatrygginga ef launahækkanir verða í landinu. En í brbl. er um að ræða 10% skerðingu og það hefur engin yfirlýsing komið fram, hvorki hjá ráðh. né ríkisstj., fyrr en nú um að bæta eigi bótaþegum almannatrygginga þá kjaraskerðingu sem verður 1. des. Þess vegna er þessi brtt. lögð fram einmitt til að vekja athygli á því að ekki hefur verið hugað að þessu. Ég fagna auðvitað yfirlýsingu ráðh. þess efnis að hann muni beita sér fyrir því að bótaþegar almannatrygginga fái þessa skerðingu bætta. Ég taldi eðlilegt, einmitt vegna þess að við erum að ræða hér um skerðinguna 1. des., að leggja fram þessa brtt. einmitt í tengslum við frv., sem lagt er fram af ríkisstj. um orlof, sem ætlað er að milda þessa kjaraskerðingu lítils háttar.

Ráðh. talar um að bæta eigi bótaþegum þessa skerðingu, en hann upplýsti ekki hér í ræðustól að hvaða marki það eigi að verða.

Ég mun fá þetta mál í félmn. og ég tel rétt að brtt., sem ég hef hér lagt fram, verði athuguð í félmn. Ég mun óska eftir því við meðferð málsins í félmn. að ráðh. upplýsi nefndina um það, að hvaða marki eigi að bæta bótaþegum almannatrygginga þessa skerðingu. Fyrr en það liggur fyrir tel ég ekki ástæðu til að draga á einn eða annan hátt til baka þessa brtt. Ég mun óska eftir því, áður en málið verður afgreitt úr félmn. Nd., að þær upplýsingar liggi fyrir hjá ráðh. hvernig hann ætlar að bæta bótaþegunum þessa skerðingu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður á ég sæti í hv. félmn. Nd. og hef þar tækifæri til þess að fjalla efnislega um þetta mál. Ég sé þó ástæðu til að fara nokkrum orðum um þetta frv., án þess þó að ræða það að marki efnislega.

Það er ástæða til þess að rifja það upp og taka undir með hv. 1. þm. Vestf., þegar hann minntist á það réttilega, að það frv. sem hér er til meðferðar hefur verið kallað fylgifrv. Það er hæstv. ríkisstj. sem hefur kallað þetta fylgifrv. með brbl., einfaldlega vegna þess að frv. er samið í tengslum við brbl., sem sett voru af hæstv. ríkisstj. í ágúst s. l., og auðvitað er ætlunin að þetta frv. fylgi öðrum frv., bæði frv. um láglaunabætur og vísitöluviðmiðun auk staðfestingarfrv. um brbl. Það er þess vegna réttmæt ábending eða gagnrýni, sem kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf., þegar hann benti á að það sé harla einkennilegt að sjá þetta frv. lagt fram í hv. Nd. án þess að nokkuð sjáist til hinna fylgifrv. né heldur sjálfs staðfestingarfrv. vegna brbl. Það væri miklu frekar ástæða til að spyrjast fyrir um það hvers vegna frv. um láglaunabætur kemur ekki fram. Öllum er ljóst að slíkt frv. þarf að samþykkja fyrir 1. des. En af einhverjum ástæðum sér hæstv. fjmrh., sem hefur forræði þess máls, ekki ástæðu til að kynna það á hv. Alþingi. (Gripið fram í.) Um láglaunabætur. Virðist það þurfa frekari skýringar við.

Eins og menn muna var gengið frá verðbótaskerðingu launa miðað við 1. des. n. k. í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. í sumar. Stærsta og öflugasta framlag hæstv. ríkisstj. til þess að bjarga atvinnuvegum, sem eru í klemmu, var að lækka laun launþega sem nemur líklega um það bil 10% af þeim verðbótum sem launþegar eiga að fá 1. des. n. k. Það vekur þess vegna athygli og furðu að sú hin sama hæstv. ríkisstj. skuli leggja til með þessu frv. að atvinnuvegirnir greiði lengra orlof en hér hefur verið um mörg undanfarin ár. Á undanförnum dögum hefur talsvert verið rætt um vaxtamál. Ýmsir málsvarar hæstv. ríkisstj., þar á meðal sumir hæstv. ráðh., hafa haldið því fram að ekki væri hægt að hækka vexti vegna þess að fyrirtækin í landinu þyldu ekki þann kostnað, þau útgjöld sem slíkt mundi hafa í för með sér. Það er óskiljanlegt hvernig þeir hinir sömu hæstv. ráðh. fara að skýra það út fyrir okkur og þjóðinni allri að atvinnuvegirnir geti fremur þolað þá útgjaldaaukningu sem óhjákvæmilega mun hljótast af lengingu orlofs.

Hæstv. félmrh. minntist á það í sinni framsöguræðu að gerðir hefðu verið samningar við opinbera starfsmenn um lengra orlof. Það er ósköp auðvelt fyrir hæstv. ríkisstj. að gera slíka samninga því að auðvitað eru það skattgreiðendur, þar á meðal fyrirtæki auk einstaklinga, sem koma til með að standa undir kostnaðinum af þeirri orlofslengingu. Enn á því atvinnurekstrinn og skattþjáðir einstaklingar að standa undir auknum útgjöldum ríkisins vegna þessara samninga, sem fólu í sér ákvæði um réttindabætur til viðbótar þeim sem gilda á hinum almenna vinnumarkaði.

Það kom jafnframt fram hjá hæstv. félmrh. að Sóknarkonur hefðu samið um lengra orlof í síðustu kjarasamningum. Ég endurtek: Sóknarkonur sömdu um aukið orlof. Það þýðir í raun og veru, eins og margoft hefur verið bent á, að Sóknarkonur kusu að fá lengra orlof og það hefur ugglaust leitt af sér að þær náðu ekki fram hærri launakröfum en raun ber vitni. Þær urðu sem sagt að fórna launahækkun fyrir lengingu orlofs. Nú kemur hæstv. félmrh. og leggur til að lengja skuli orlof með breytingum á orlofslögum, þar sem fjallað er um lágmarksorlof. Ég veit ekki hvort hæstv. ríkisstj. ætlar með þessu að framfylgja þeirri stefnuyfirlýsingu, sem fylgdi brbl., að auka skuli framleiðsluna í landinu. Það kann að vera að svo sé. Og þá þarf það auðvitað skýringar við hvernig lengra orlof getur aukið framleiðsluna. Það þarf líka að fá skýr svör við því hvort ekki sé möguleiki fyrir launþegana sjálfa að velja á milli þess að fá lengra orlof eða minni verðbótaskerðingu. Er það hugsanlegt, hæstv. félmrh., að þú sért tilbúinn til þess að semja um það við verkalýðshreyfinguna að draga úr verðbótaskerðingunni, þessari síðustu af þeim 13 sem hæstv. ráðh. hefur staðið að, er hugsanlegt að hæstv. ráðh. geti tekið upp samninga um þetta atriði í stað þess að lækka launin, eins og hann hefur í hyggju að gera og hefur reyndar ákveðið með ákvæði í brbl.? Þessu verður hæstv. ráðh. auðvitað að svara, einmitt vegna þess að orlofslenging hefur ætíð a. m. k. á síðasta áratug þar sem reyndar er heldur lítið um orlofslengingar en örlitlar breytingar á orlofslögum — verið samningamál á milli launþega og atvinnurekenda. (Gripið fram í.) Ég kem að því síðar, því að þá ætla ég að vitna til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, sem hefur einmitt sagt þetta sem ég var nú að segja.

Það er almennur skilningur bæði launþegaforustunnar og forustu vinnuveitenda að orlofsmál séu kjarasamningamál. Það hefur komið fram í kjarasamningum á undanförnum árum og mun ég, eins og ég sagði áður, vísa til ummæla þess efnis síðar í minni ræðu. Nú hefur það komið fram í þessu máli að annar samningsaðilinn á hinum almenna vinnumarkaði, Vinnuveitendasamband Íslands, hefur lýst því yfir að það sé andstætt þessu lagafrv. vegna þess að í því felist útgjaldaauki upp á 1,9% — 2,7%, eftir því hvernig það er reiknað ofan á heildarlaunakostnað fyrirtækjanna. Við getum slegið því föstu að útgjaldaaukinn yrði a. m. k. 2%, til þess að notast við einhverja tölu, sem við getum komið okkur saman um og ég held að þurfi ekki að vera ásteytingsefni á milli mín og annarra hv. þdm. Í umsögn sinni um þetta frv., sem Vinnuveitendasambandið hefur sent hv. alþm., eru færð rök fyrir þessu. Þar kemur fram að þeir telja að með fjölgun frídaganna megi búast við að þetta þýði 2,18% samdrátt í vinnuframlagi landsmanna. Og þeir spyrja þeirrar eðlilegu spurningar hvort þetta sé líklegt til þess að stuðla að aukinni þjóðarframleiðslu.

Þeir sýna jafnframt fram á með fullum rökum að líklegt sé að kaupmáttarskerðing samsvari um 0,4%, verði þetta frv. að lögum. Stafar þetta m. a. af því að aukavinna fellur óhjákvæmilega niður á áformuðum frídögum. Sé hins vegar gert ráð fyrir því að lengingu orlofs verði mætt með lengri vinnudegi þeirra sem vinna þegar aðrir eru í orlofi má búast við því að útgjaldaaukinn fari upp í 2,9%, eins og ég hef áður minnst á í minni ræðu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um útreikninga Vinnuveitendasambandsins. Þá hafa hv. þm. hjá sér til glöggvunar og ég hef ekki enn heyrt að þeim rökum, sem þar koma fram, hafi verið hafnað af þeim ræðumönnum sem tekið hafa til máls í þessari umr. En í lok þessarar grg. lýsir Vinnuveitendasambandið því yfir, að það vari mjög eindregið við samþykkt frv. ríkisstj. um lengingu orlofs og fjölgun frídaga, og áréttar að orlofsmál séu viðfangsefni samninga á frjálsum vinnumarkaði.

Nú er það opinbert leyndarmál í landinu og varðar þetta atriði, sem fylgdi brbl. í sumar þegar ríkisstj. loksins eftir væran blund í marga mánuði vaknaði til lífsins og tók til að koma fram efnahagsaðgerðum, að einn stuðningsmanna ríkisstj. var ekki staddur á landinu. Hann hafði tekið sér frí, sem var ósköp eðlilegt, að koma sér frá landinu undir þeirri stjórn sem þar er, og stakk af til

Evrópu eins og títt er um ýmsa landsmenn.

Þessi hv. alþm., sem hér er staddur í salnum, ætlaðist greinilega til, ef marka má hvernig að var staðið, að hann fyndist ekki í útlöndum fyrr en ríkisstj. væri búin að ganga frá efnahagsráðstöfununum. En svo óheppilega vildi til að duglegir blaðamenn á Morgunblaðinu uppgötvuðu það að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafði komið til Lúxemborgar degi áður. Til hans var hringt og undir hann voru borin ýmis mál, sem komu fram á forsíðu Morgunblaðsins, reyndar forsíðum tvo daga í röð. Hv. þm. var fundinn, útilegumaðurinn var fundinn, og formaður þingflokksins skipaði honum að koma heim og taka þátt í þeim umr. sem þá fóru fram um brbl.

Nú var erfitt fyrir hv. þm. Hann gat ekki stungið af til Stykkishólms, hann var kominn heim, heim til sín í sitt hús, jafnvel þótt þar væri ekki húsgagn að finna svo að hann varð að sofa á gólfinu, eftir því sem hann sagði sjálfur í blöðum, en þarna var hann berskjaldaður og varð auðvitað að segja sitt álit á bráðabirgðaráðstöfununum. En hann þráaðist við. Loksins eftir langa mæðu gerðist það að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagðist mundu a. m. k. þegja um afstöðu sína til brbl. ef hann fengi inn í efnahagsráðstafanirnar ákvæði um að orlof lengdist. Það væri skilyrði af hans hálfu. Og það er meginskýringin á því að þetta frv. er komið fram nú, á undan öðrum fylgifrv. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson segir nefnilega sínum flokksbræðrum, foringjum flokksins, þar á meðal hæstv. félmrh., að hann sé ekki tilbúinn að styðja staðfestingarfrv. brbl. nema því aðeins að tryggt sé að launþegar í landinu fái lengra orlof.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, kærir sig ekki um að fá hærri laun — eða minni verðbótaskerðingu skyldi maður frekar kalla það. Hann telur eðlilegt að semja sjálfur við ríkisstj. um að lengja fremur orlof í staðinn. Hv. þm. formaður Verkamannasambandsins, stendur fyrir því, að taka þennan samningsrétt af sínum umbjóðendum og semja sjálfur innan flokksins yfir borðið í þingflokksherbergi Alþb. um þetta mál. Þetta er sannleikurinn í þessu máli. Ég skora á hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson að koma hér upp á eftir og svara því skýrt og skorinort hvort hann sé tilbúinn að samþykkja staðfestingarfrv. með brbl. ef þetta frv. fer ekki í gegn. Ég skora á hann að koma hingað og gera hreint fyrir sínum dyrum. Honum verður ekki kápan úr því klæðinu, ef ég þekki hann rétt.

Ég ætla að rifja hér upp í lokin, herra forseti, að í fyrravor var til umr. hér í hv. deild frv., sem nú hefur nýlega verið endurflutt af nokkrum hv. þm., um breytingu á orlofslögunum, reyndar lítils háttar breytingu, um að taka skuli meira tillit til viðhorfa starfsmanna, þegar þeir taka sitt orlof á þeim tímum orlofstímabilsins sem ekki er yfir hásumarið. Þetta mál fór til Ed. eftir smávægilega breytingu í Nd. Ed. breytti frv. og sendi aftur til Nd. Þegar málið var athugað þar kom hv. félmn. Nd. sér saman um það að ekki væri tímabært að afgreiða slíkt frv., enda væri um að ræða samningamál og yfir stæðu viðkvæmir kjarasamningar sem slíkt frv., ef samþykkt yrði, gæti haft áhrif á. Á þetta minni ég vegna þess að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á sæti og átti sæti í hv. félmn. Nd. og við vorum fyllilega sammála um þessi viðhorf á þeim tíma.

Í nál., sem hv. félmn. Nd. sendi frá sér um þetta mál og var rökstuðningur fyrir till. um rökstudda dagskrá, kom fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Komið hefur fram að aðilar vinnumarkaðarins áttu aðild að samningu orlofslaganna nr. 87/1971. Engin ósk hefur komið frá þeim um að lögunum verði breytt. Kjarasamningar standa yfir milli aðila og þar eru orlofsmál m. a. á dagskrá. Samþykkt þessa frv. gæti haft óeðlileg áhrif á þá samninga. Af framangreindum ástæðum leggur meiri hl. félmn. til að málið verði nú afgreitt með rökstuddri dagskrá."

Undir þetta rita hv. þm. Alexander Stefánsson, sá sem hér stendur, Guðmundur J. Guðmundsson, Steinþór Gestsson, Jóhann Einvarðsson og Eggert Haukdal. Hv. nýkjörinn formaður félmn., Jóhanna Sigurðardóttir, skilaði séráliti.

Hvað felst í þessu? Í þessu felst að það er álit þeirra manna, sem undir þetta rita, að þetta séu samningamál milli launþega og vinnuveitenda. Og það kemur skýrt fram að ekki er ástæða til að breyta þessari löggjöf, sem er samningamál í eðli sínu á milli þessara aðila, nema óskir komi fram frá þeim sjálfum. Síðar um sumarið fóru fram kjarasamningar. Í þeim kjarasamningum var samið um hærri laun — og reyndar um kjaraskerðingu, sem átti sér stað síðan 1. sept., og er einsdæmi að launþegasamtökin skuli viðurkenna nauðsyn á slíkri verðbótaskerðingu sem þá varð um 2.9%. En þeir sem eru í forsvari fyrir verkalýðshreyfinguna kusu að fá fremur meiri launahækkun eða minni skerðingu en lengingu orlofs. Það var þeirra mat á þessum tíma, sem þá fóru með völd, og um það var samið. Nú stendur hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson fyrir því að hann sjálfur geri sérsamning við hæstv. félmrh., fyrir hönd hæstv. ríkisstj., um að breyta þessum samningum, að breyta grundvellinum fyrir þeim kjarasamningum sem gerðir voru í sumar. Og það lætur hæstv. ríkisstj. sig hafa, enda þótt hún hafi með tillögum um verðbótaskerðingu 1. des. viðurkennt að atvinnuvegirnir gætu ekki staðið undir þeim launakostnaði sem um var samið í þessum sömu kjarasamningum. Sem sagt, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson stendur að málinu með þessum hætti, sker sig úr sínum samstarfsmönnum og leggur til að gengið verði á svig við þá samninga sem gerðir voru.

Nú vill svo til, og það ber mér skylda til að taka fram, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson var ekki staddur í þessari hv. þd. þegar umr. fóru fram um þetta mál. Í þeim umr. voru gerðar á hann ýmsar árásir, fyrst og fremst af hálfu hv. Alþfl.- manna í þessari deild. Hv. þm. gat ekki verið hér staddur því að hann þurfti að skreppa út í bæ og láta kjósa sig formann Verkamannasambandsins, ef ég man rétt, og það er auðvitað löggilt afsökun fyrir fjarvistum. Ég skal líka taka það skýrt fram að ég er mjög hrifinn af hv. þm. sem forustumanni í þeim félagssamtökum, enda er hann maður vörpulegur og myndarlegur í alla staði, jafnt heima hjá sér sem annars staðar, jafnt heima hjá sér án húsgagna eða með húsgögnum.

En hæstv. ráðh. var hér og hann bar blak af hv. þm. og sagði honum til varnar, með leyfi forseta:

„Það er í rauninni alveg ástæðulaust að vera með neinar getsakir uppi í þeim efnum". Hann var að svara hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. „Í nál. segir að orlofsmál séu á dagskrá í kjarasamningunum sem nú standa yfir. Það er mat þeirra aðila, sem að kjarasamningunum standa, að samþykkt af þeim toga sem hér er gerð till. um

gæti orðið til þess að trufla niðurstöður kjarasamninganna og valda þar erfiðleikum. Af þeim ástæðum er það að menn standa að þessari rökstuddu dagskrá, sem gerð er till. um hér, þar á meðal hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Ég tel að þar sem hann er beinn aðili að kjarasamningunum og stendur í þeim miðjum sjálfur sé á engan hátt óeðlilegt að hann taki afstöðu af því tagi sem hér hefur verið lýst".

Hér er hæstv. félmrh. að bera blak af hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni um það efni sem hann sjálfur, nú eftir kjarasamningana, gerir sérsamning um við hæstv. félmrh.

Herra forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig að orðlengja meira um þetta að sinni. Ég vil geta hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni tækifæri til að svara þeim ásökunum sem á hann hafa verið bornar, þeirri gagnrýni sem hann hefur orðið fyrir á þessum fundi, svo að hann geti gefið skýringar. Og ef hann gefur haldbærar skýringar er ugglaust hægt að fella sig við það. En hann kemst ekki hjá því að svara þeirri spurningu hvort hann vilji heldur lengingu orlofs eða minni verðbótaskerðingu á laun. Hann kemst ekki heldur hjá að svara því hvort hann sé tilbúinn til þess að standa að brbl., sem ríkisstj. setti í sumar, burtséð frá því hvort þetta frv. eða önnur fylgifrv. ná fram að ganga. Þjóðin á heimtingu á því að hv. þm. geri hreint fyrir sínum dyrum.

Að lokum sé ég ekki annað en þau einustu orlofsmál, sem ættu að vera til umr. hér í þessari hv. þd., væru þau að hæstv. ríkisstj. fái sér langt orlof. Það er mesta hagsmunamál þjóðarinnar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það skulu aðeins vera nokkur orð í framhaldi af orðum hv. 10. þm. Reykv. um orlofsmál og frv. það sem flutt var á 104. löggjafarþinginu og hefur nú verið endurflutt. Hann greindi auðvitað efnislega alveg rétt frá því sem gerðist hér s. l. vetur, en ég vil þó aðeins bæta nokkrum atriðum við.

Í fjölmörgum málum er það auðvitað svo að þó að allir þeir hv. þm. sem hann nefndi hér áðan og sennilega miklu fleiri séu — misjafnlega þó — kannske í prinsippinu menn frjálsra samninga, þá kemur iðulega upp ágreiningur um það hvenær samningar milli tveggja aðila skuli vera frjálsir og hvenær réttlætanlegt er að grípa inn með löggjöf. Ég er út af fyrir sig alveg sammmála því að í þessum efnum beri löggjafanum að fara sér mjög hægt. En hitt verður þó að undirstrika, að atriði eins og stytting vinnuviku hafa í gegnum tíðina verið löggjafaratriði. Þegar hér er á s. l. þingi flutt lítið mál um orlof, sem gekk út á það að atvinnurekandi gæti ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. maí til 31. maí og 1. sept. til 15. sept. öðruvísi en að sérstakt samþykki launþega komi til, tel ég þess vegna alveg fáránlegt að kalla slíkt frv. með einhverjum hætti inngrip í frjálsa samninga.

Þetta er í sjálfu sér lítið mál, snertir að ég hygg fáa vinnustaði og einkum þá stærri. Ég nefni sérstaklega, þar sem ég þekki nokkuð aðstæður, álverið í Straumsvík, þar sem það hefur valdið launafólki miklum óþægindum að vera skikkað gegn vilja sínum í orlof snemma í maí eða fram undir miðjan september. Og þó svo ég vilji taka undir það með hv. 10. þm. Reykv., og raunar hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni hér í fyrra, að í slíkum efnum beri okkur af prinsipástæðum að fara ákaflega hægt og varlega, þá verðum við engu að síður að draga markalínur. Hjá því verður aldrei komist. Það er því að ég held fáránlegt og út í hött að frv. sem þetta, og þá er ég að tala líka vítt og breitt um orlofsmálin, geti kallast inngrip í frjálsa samninga. Það er aðeins um það að ræða að í maí og sept. sé ekki hægt að skikka launafólk í sumarleyfi gegn vilja sínum. Og ég vil að því leyti, án þess að ég vilji vera að halda hér uppi neinni ögrandi umr., taka undir það með hv. 10. þm. Reykv. að afstaða hv. þm., sem nefndur var, var í senn furðuleg og átakanleg í þessu máli, að þetta gæti kallast inngrip í frjálsa samninga.

Þetta frv. hefur verið endurflutt af þm. allra flokka og ég á von á því að það muni að þessu sinni renna hér nokkuð auðveldlega í gegn. Því að hversu varfærinn sem ég vil vera í þessum efnum — og er auðvitað þar að lýsa samstöðu með margyfirlýstum röksemdum félagsmálahreyfingar eins og verkalýðshreyfingarinnar, að samningsréttur skuli í grundvallaratriðum vera frjáls, hann á að vera það og við eigum að ganga lengra til þeirrar áttar aftur en verið hefur að undanförnu — þá verður engu að síður að vera einnig til staðar skilningur á því að atriði eins og þessi hafa ævinlega unnist, og geta sennilega ekki öðruvísi unnist en með löggjöf.

Ég treysti því að hv. þm. sem nefndur hefur verið, taki ljúflegar á þessu máli heldur en gert var. Samningar eiga að vera frjálsir. Frv. eins og þetta er hins vegar á engan hátt brot á þeirri grundvallarreglu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur allmiklar áhyggjur af minni afstöðu og mínu prinsipleysi og jafnvel áhyggjur af mínum verslunarháttum. Ég vildi nú biðja hann að snúa sér til síns nýja stuðningsmanns í andstöðu við ríkisstj. í sambandi við verslunarhætti. (**FrS:** Það er lengi von á einum.) Já, ég held að þm. verði fyrir vonbrigðum með það. En við skulum fyrst fara örlítið yfir orlofsmálin.

Sannleikurinn er bara sá, og það vill oft brenna við í þessu landi, að almennt verkafólk hefur haft stysta orlofið. Samningar fjölmargra stétta kveða á um miklu rýmri orlofsrétt. Það hefur stundum náðst fram með samningum en, oft og tíðum hefur orðið að ná því fram með lögum að sett væru ákveðin lágmarksákvæði um orlof. Og það vill nú verða svo, að þrátt fyrir það að vinna almenns verkafólks í ýmsum starfsgreinum útheimti kannske miklu frekar að það hafi á ýmsum sviðum rýmra orlof, þá er það yfirleitt uppi á teningnum að í allflestum tilfellum hefur það stysta orlofið.

Nú er svo komið að opinberir starfsmenn hafa ekki einungis laugardagana, þessa fjóra daga, og frídag verslunarmanna, sem verkamenn og verkakonur verða að vinna fyrir í dagvinnu, en allir hugsanlegir aðilar aðrir hafa í sínum samningum sem helgidag í orlofi. Bankamenn og fjölmargar stéttir hafa hvort tveggja, Þeir hafa laugardaginn og síðan hafa þeir vaxandi orlof eftir starfsaldri. Að vísu skal það viðurkennt að í einstaka greinum hjá almennu verkafólki gildir þetta. Hvað er það sem verið er að gera hér? Það er verið að samræma þetta. Það er verið að tryggja þessu almenna verkafólki svipaðan rétt — og nægir þó ekki til. (**Gripið fram í:** Langt í frá) Langt í frá, já. Víða er það langt í frá því miður. Það er ósköp eðlilegt að maðurinn, sem lætur sér svo annt um kjör almenns verkafólks, skuli nú vera algerlega miður sín yfir því að almennt verkafólk skuli eiga að fá sömu

réttindi og annað fólk í þjóðfélaginu. Ja, þvílíkt og annað eins. Nú er hann miður sín yfir atvinnurekstrinum. Um daginn var hann miður sín yfir verkafólkinu. Það er verið að skerða kaup þess um 8 eða 10%. Nú er hann miður sín yfir því að þarna sé lagfært hjá almennu verkafólki til samræmis við aðra um 2%, og hefur stórar áhyggjur af atvinnurekstri í landinu. Ja, trúi nú hver sem vill. Ef pólitísk tilviljun og ógæfa þjóðarinnar yrði nú sú, að Sjálfstfl. kæmist í ríkisstj., þá yrði þessi indæli hv. þm. sennilega ráðh. Sá yrði gæfulegur með þessum málflutningi, sá yrði gæfulegur.

Ég ætla að bregða aðeins út af venju minni og upplýsa hér gamanmál sem hér hefur títt verið nefnt í þingsölum. Það eru ferðalög mín til Stykkishólms. (**Gripið fram í:** Er þetta gamanmál?) Það er rétt að upplýsa þetta mál. Ég vona samt að það verði skemmtiefni. Mér er annt um að menn hafi eitthvað til að gleðjast yfir, hafi einhver gamanmál. (**Forseti:** Var þetta orlofsmál?) Já, herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. var meira en í orlofi. Hann geisaði vítt og breitt um Evrópu og tilkynnti að fréttamenn Morgunblaðsins hefðu haft upp á mér. Og hæstv. forseti, sem er réttsýnn og góður forseti, gerði ekki athugasemdir um orlofsmál. En þetta var hreinn ágreiningur. Þetta var ágreiningur um það að ég tel að beinir skattar á almennum launþegum séu of háir. Mér tókst í viðræðum og þjarki að fá það nokkuð niður, en ekki nægjanlega, og ég lýsti því yfir að ég mundi ekki styðja það frv. sem þar kæmi fram. Ég þurfti að boða fagnaðarerindi í Stykkishólmi 1. maí. Það tókst vel. Frv. fór í gegn, sjálfstæðismenn sáu um það. Þetta eru nú þessi grunnatriði með orlofsmálin.

Hitt má jafnágætur maður og hv. þm. Friðrik Sophusson ekki gera, að fara að blanda saman ákaflega ólíkum málum eins og frv. Vilmundar Gylfasonar. Það var þess eðlis, ekki væri heimilt að senda verkafólk í orlof í maímánuði eða septembermánuði nema með samþykki þess. Ég vona að ég fari rétt með. Efnislega var það á þessa leið. Ég taldi að þessi krafa væri eðlileg, en hún hefði aldrei að mínu viti fram komið frá verkalýðsfélögunum, og ég teldi eðlilegt að hún kæmi þá fram í samningum áður en hún væri lögfest. Víst skal það viðurkennt að þessi stutti orlofstími er nokkurt vandamál hjá fyrirtækjum. En það hefur margt komið á dagskrá, t. d. að breyta einhverjum hluta þess í vetrarfrí o. s. frv. og sums staðar hefur það verið gert. Hins vegar hefur lenging orlofs verið krafa verkalýðssamtaka í þó nokkuð langan tíma. Samninga eftir samninga hafa þessar kröfur komið fram. Ég var ekki að lýsa mig andvígan till. hv. þm. Vilmundur Gylfasonar sem slíkri, um að ekki mætti senda verkafólk í orlof í maí eða sept. nema með samþykki þess, ég taldi hins vegar eðlilegt að áður hefðu komið fram tilmæli um það við atvinnurekendur. En í þessu tilfelli hafa tillögurnar, sem lagabreytingin gerir ráð fyrir, komið fram samninga eftir samninga. Og af því að hv. þm. á inngengt í Vinnuveitendasambandið, þó að ást hans á launþegum sé rík og sterk, gæti hann fengið upplýsingar þar að lútandi.

Hitt er nokkuð umdeilt í sambandi við orlof — ég ætla nú ekki að fara að flytja neinn fyrirlestur um það — sumir eru á því að ekki beri að lengja orlof, heldur beri að greiða hærri prósentu, burtséð frá öllum brbl. og hænunni hans Matthíasar. (Gripið fram í.) Jæja, sem þú varst að tala um — sleppum því öllu. Það eru nokkrir á því að í stað þess að lengja orlof beri að greiða hærri orlofsprósentu, vegna þess að það sé mun dýrara að vera í orlofi en í vinnu, þá leggur fólk í kostnað með ferðalög o. s. frv. Þessar skoðanir eru nokkuð skiptar, en þær stefna báðar að sama markinu, þær hækka orlofsprósentuna.

Síðan kemur nú aðalbomban. — Ég vil aðeins skjóta því inn og vona að forseti gefi mér ekki áminningu. — Ég skal viðurkenna að blaðamenn Morgunblaðsins eru langsamlega duglegustu blaðamenn allra blaða að afla upplýsinga og frétta, því miður. Engu að síður voru það ekki blaðamenn Morgunblaðsins heldur var það ég, sem hafði samband við formann þingflokks Alþb., og hafði það fyrr um daginn. En það voru vart liðnir nokkrir klukkutímar þangað til Morgunblaðið hafði frétt af þessu samtali. En það er ekki í þessu máli.

Í sambandi við hvort ég muni styðja brbl. ef orlofsmálið verði fellt eða ýmis fylgifrv., þá hef ég áður lýst því yfir að ég telji óhjákvæmilegt að ýmsir fylgifiskar þessara brbl. nái fram að ganga. Hins vegar mun ég — þegar ríkisstj. sér sér fært að leggja fram þessi brbl., og ég skal viðurkenna að ég er ekkert undrandi á hv. 1. þm. Vestf. þó að hann sé orðinn langleitur eftir þessu frv., ég lái honum það ekkert — en þá mun ég skýra mína afstöðu. Það skal ekkert standa á mínum rökum eða efnislegum yfirlýsingum. En ég ætla að láta hv. 10. þm. Reykv. vita að ég hef ekki skrifað hæstv. forsrh. bréf og ég mun ekki segja „eins og stendur í bréfinu". Ég legg fram mína efnislegu afstöðu. Hitt er rétt hjá hv. þm., að mikið ákaflega reyni ég að beita mér fast í þessum orlofsmálum. Ég hélt nú satt að segja að hann mundi — á þessum árstíma, þegar kannske er stutt til kosninga — jafnvel lýsa yfir stuðningi. En þeir gullnu strengir sem liggja til Vinnuveitendasambandsins orsaka það að svo er ekki. Engu að síður er ég þeirrar trúar að meiri hl. Alþingis vilji samræma orlof landsmanna og vilji ekki una því að almennt verkafólk búi þar við verri kost en aðrir launþegar.

Ég vona að ég hafi þá í ýmsum meginatriðum svarað hv. 10. þm. Reykv.

Í sambandi við Evrópuferðir, eða einhver ferðalög innanlands eða utan, vona ég að ég þurfi ekki að gefa skýrslu. Og umfram allt bið ég hv. þm. að fara ekki að gefa húsgagnalýsingu á íbúð minni. (Gripið fram í.) Ég þakka þér fyrir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir ræðu hans þótt í ýmsum atriðum væri hún harla óljós, svo vægt sé til orða tekið. Hann gerir mér upp þá skoðun að ég sé á móti orlofslengingunni, þegar ég hélt því fram að full ástæða væri til að álíta að launafólkið í landinu ætti að hafa rétt til þess í frjálsum samningum að velja á milli þess hvort það vildi fá lengra orlof eða hærri laun, sem er ekki til staðar núna, heldur lengingu orlofs eða minni launaskerðingar, svo að talað sé tungumál sem hv. stjórnarsinnar hljóta að skilja um þessar mundir. Þetta var kjarni málsins en ekki hitt, hvað væri sanngjarnt og eðlilegt.

Ég verð að rifja það upp fyrir hv. þm. að ástæðan fyrir kjaraskerðingunni í sumar — ég veit að hann var fjarstaddur og getur þetta þess vegna vel hafa farið fram hjá honum — að ástæðan fyrir verðbótaskerðingunni var sögð vera sú, að atvinnuvegirnir gætu ekki borgað hærri laun. Og ég fæ það ekki heim og saman hvernig sama hæstv. ríkisstj. — ég er ekki að skamma hv. þm. fyrir

þetta — getur þá boðið upp á það að segja að það sé allt í lagi að auka kostnað með öðrum hætti, t. d. með því að lengja orlof.

Mitt sjónarmið stendur óbreytt. Það er það að um þetta eigi að semja í kjarasamningum. Og ég veit að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson fellst á það að óæskilegt sé, jafnvel þótt slíkar kröfur hafi komið fram í viðræðum um kjarasamninga, að löggjafinn grípi til sinna ráða og breyti þessum málum þannig að til útgjalda horfi fyrir atvinnuvegina. Þarna er um að ræða frjáls samningamál á milli launþega og vinnuveitenda. Og við stöndum áreiðanlega saman um það, að slíkir samningar ættu að vera sem allra mest og helst alveg frjálsir og báðir aðilar taka fulla ábyrgð á niðurstöðu slíkra samninga.

En hitt var jafnframt athygli vert, hvernig hv. þm. vék sér hjá því að svara þeirri beinskeyttu spurningu, sem beint var til hans um það, hvort hann styddi brbl. eða staðfestingarfrv. burtséð frá því ákveðna frv. sem hér er til umr. Þetta fékkst hv. þm. ekki til að segja skýrt og klárt. Hann lagði hins vegar mikla áherslu á að þetta yrði að lögum. Eftir stendur þessi stóra spurning: Hvað ætlar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að gera ef brbl. verða til umr. og afgreiðslu áður en orlofslögin verða til afgreiðslu hér á þinginu? Það er enginn vandi fyrir hv. þm. að koma í ræðustól og taka undir með okkur í stjórnarandstöðunni um að það sé eðlilegt að spurt sé um hvers vegna brbl. koma ekki fram á Alþingi. Hv. þm. veit nákvæmlega jafn vel og ég að það er ágreiningur innan ríkisstj., milli aðila ríkisstj. og í hans eigin flokki, um ýmis fylgifrv., þar á meðal sérstaklega vísitöluviðmiðunarfrv. Þetta er ástæðan fyrir því að ríkisstj. treystir sér ekki til þess að leggja frv. til staðfestingar brbl. fram á Alþingi. Þetta er ástæðan fyrir þeim töfum sem hafa orðið á framlagningu annarra frv., líklega frv. um láglaunabætur.

Herra forseti. Þótt það hefði vissulega verið ástæða til að fjalla meira um orlofsmálið og mál því tengd, því að það er ekki hægt að skilja þetta frv. frá þeim frv. sem hljóta að fylgja því, þá læt ég hér staðar numið þar sem þingfundartíminn í dag er úti.

Að allra síðustu vil ég þó vekja athygli á því, af því að ferðalög hafa verið hér til umr., að það var athygli vert sem kom fram í ræðu hv. þm. Hann sagði að hv. formaður þingfloks Alþb. hefði hringt í sig til Lúxemborgar og 2—3 klukkutímum síðar hefði verið hringt frá Morgunblaðinu í sama númer. Ég spyr: Hver kjaftaði frá? (**Gripið fram í:** Símastúlkan hér á Alþingi.)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skal ekki lengja þetta mikið. Eins og hér hefur komið fram hefur Alþfl. lýst stuðningi við þetta mál, en jafnframt boðað hugsanlegan flutning brtt. í samræmi við það frv., sem þm. flokksins hafði lagt fram í Ed., sem gengur lengra til samræmis við aðra launþegahópa í landinu í sambandi við orlofsmálin. Það er rétt sem hér hefur komið fram. Hér er stigið skref til samræmingar. En það er víðs fjarri að full samræming náist hjá láglaunafólki við ýmsa aðra þjóðfélagsþegna í landinu, sem hafa miklum mun rýmri orlofsrétt heldur en það, þó að þetta frv. næði fram að ganga.

Aðeins örfá orð út af því sem hæstv. félmrh. sagði. Ég er undrandi á því að hann telur þá brtt. sem hér hefur verið flutt óeðlilega og að á henni þurfi ekkert að halda. Ég held að þetta sé mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ég veit ekki til að það sé afdráttarlaust í almannatryggingalöggjöfinni, að í slíkum tilfellum sem þessum beri ráðh. að hækka lífeyri til öryrkja og annarra slíkra, í samræmi við það sem hér hefur verið talað um, að minnka hugsanlega kjaraskerðingu annarra launþega með ígildi ca. 2% launahækkunar. Hér er verið að slá varnagla við því, hvort sem þessi hæstv. félmrh. verður þá við völd eða ekki, að ráðherra, hver sem með þau mál fer hverju sinni, falli fyrir þeirri freistni að láta ekki ellieða örorkulífeyrisþega fá ígildi þessarar launahækkunar sem talin er. (**Félmrh.:** Það er bara talað um 1. des. 1982.) Að sjálfsögðu er talað um það og það yrði vegvísir upp á framtíðina, hæstv. ráðh.

Í öðru lagi, til viðbótar því sem hér hefur komið fram varðandi hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, langar mig til að spyrja hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson aðeins einnar spurningar. (**GJG:** Hvenær á ég að svara?) Þú getur svarað henni hvenær sem er, hvort sem vera skal í fjölmiðlum eða annars staðar. Spurningin er sú, hvort það kunni ekki að breyta hugsanlegri afstöðu hv. þm. til brbl. hvaða meðferð hið nokkuð margumtalaða lánskjaravísitölumál fengi hjá hæstv. ríkisstj. Ég minnist þess að það var eitt af þeim skilyrðum, sem hv. þm. gat um að yrði að fullnægja, samræming lánskjaravísitölu og verðbótavísitölu, til þess að hans stuðningur fengist við brbl. um kaupskerðinguna. Það væri gott að fá það upplýst hjá hv. þm. hvort þessi afstaða hans er ekki enn óbreytt, að þetta sé eitt af skilyrðunum, að samræming eigi sér stað á lánskjaravísitölu annars vegar og verðbótaþætti kaupgjaldsvísitölu hins vegar, eins og hv. þm. hefur lýst yfir í fjölmiðlum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 13. fundur.

Fimmtudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Röðun jarða til tölvuvinnslu, þáltill. (þskj. 67). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1983, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í upphafi 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 tel ég rétt að fjalla um megindrætti þess efnahagsástands sem nú ríkir og einkennir frumvarpið og einnig um helstu stefnumarkmið ríkisstj. í opinberum fjármálum.

Í stefnuræðu forsætisráðherra, sem flutt var 25. október, var dregin upp skýr mynd af því efnahagsástandi sem landsmenn búa nú við. Því verður ekki á móti mælt að aðsteðjandi efnahagserfiðleikar eru verulegir og eru áhyggjuefni allra ábyrgra aðila. Fyrir einu ári var útlitið allt annað og miklu bjartara. Spáð var vaxandi framleiðslu og jafnvægi í viðskiptum á árinu 1982. Stjórnarandstæðingar hafa tilhneigingu til að kenna ríkisstj. um

vandann og er það skiljanlegt, en ekki sannfærandi.

Vandi þjóðarinnar er fyrst og fremst í því fólginn að allt leggst á eitt á sama tíma: minnkandi þorskgengd, aflabrestur á loðnu, söluerfiðleikar á skreið, óhagstæðir útflutningsmarkaðir í Evrópu vegna stöðu Evrópumynta gagnvart Bandaríkjadollar og hækkun vaxta á lánsfjármarkaði, svo að nokkuð sé nefnt. Staðreynd málsins er sú, að þrátt fyrir stöðugt dýpkandi kreppu í löndunum allt í kringum okkur hefur okkur tekist fram til þessa að halda uppi fullri atvinnu og viðunandi afkomu einstaklinga og atvinnuvega.

Ég mun síðar víkja að viðbrögðum stjórnvalda í grannlöndum okkar við aðsteðjandi efnahagserfiðleikum, en fyrst vil ég fara nokkrum orðum um meginatriði þess frumvarps sem hér er til umræðu.

Varla verður á móti mælt að fjárhagur ríkissjóðs hefur verið að styrkjast á undanförnum árum. Á árunum 1975—1978 hrönnuðust upp miklar óreiðuskuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum í formi seðlaprentunar fyrir ríkið, en með markvissum aðgerðum, bæði tekju- og gjaldamegin, og verulegu aðhaldi hefur tekist að draga þannig úr skuldum ríkissjóðs hjá Seðlabankanum að þær nema nú um 1—2% af vergri þjóðarframleiðslu, en voru 4—5% fyrir fáum árum.

Ríkisreikningar áranna 1980 og 1981 staðfesta þetta. Árið 1980 var álitlegur rekstrarafgangur hjá ríkissjóði, um 3.7% af heildarútgjöldum, og árið 1981 varð afgangurinn 175 millj. kr. eða 2.9% af heildarútgjöldum ríkissjóðs samkv. nýframlögðum ríkisreikningi. Á árinu 1982 hefur fjárhagur ríkissjóðs áfram verið í viðunandi jafnvægi. Í septemberlok námu tekjur 6 603 millj. kr. og gjöld 6 480 millj. kr. Tekjur voru því 123 millj. kr. umfram gjöld eða sem svarar tæplega 2% af útgjöldum. Til samanburðar má rifja upp stöðu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði nokkur undanfarin ár. Árið 1978 nam hallinn 3.7%, 1979 um 5.4%, 1980 tæplega 1%, 1981 um 1.5% en eins og ég nefndi áðan er ekki halli í þetta sinn á fyrstu 9 mánuðum ársins, heldur afgangur sem nemur 2% af útgjöldum. Full ástæða er þó til að vara við of mikilli bjartsýni um afkomu ársins í ár og ályktunum sem dregnar yrðu af þessum tölum. Áður hefur komið fram að um 80% tekna ríkissjóðs tengjast verðlagi, innflutningi og viðskiptaveltu í landinu. Allir sem til þekkja vita að innflutningur hefur verið mikil framan af ári, en fer nú minnkandi.

Því er ekki að leyna, að margar stofnanir ríkisins eiga í fjárhagsþrengingum um þessar mundir. Verðlagshækkanir síðari hluta þessa árs hafa vissulega orðið meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þess er þó vænst á grundvelli þeirra talna sem ég áðan rakti, að afkoma ríkissjóðs verði viðunandi í árslok, sennilega lítill sem enginn afgangur, en þó sem næst jafnvægi. Til þess þarf þó áreiðanlega varfærni í útgjöldum og áframhaldandi aðhaldssemi. Á þeim grunni, sem ég hef nú rakið um horfur í efnahagsmálum og vaxandi samdrátt í peningaveltu, er frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1983 reist.

Reiknitala fjárlaga frv. er miðuð við 42% hækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Rétt er að minna enn einu sinni á að reiknitala fjárlaga hefur aldrei verið verðbólguspá fyrir komandi ár. Lengi vel var ekki gert ráð fyrir neinni verðbólgu í fjárlögum, en látið nægja að hækka fjárlög sem nam mismun á fjárlögum seinasta árs og raunverulegri verðbólguþróun. Á seinni árum hefur verðbólguþróun á komandi ári verið tekin með í áætlunartölur fjárlaga að vissu marki.

Þrátt fyrir áætlaða 42% verðlagshækkun er ekki gert ráð fyrir að ýmsir mikilvægir tekjuliðir hækki samsvarandi. Ástæðan er að sjálfsögðu fyrirsjáanlegur samdráttur í þjóðartekjum og viðskiptaveltu. Á þetta einkum við sölugjald, sem hækkar aðeins um 33.2% frá áætluðum tekjum þessa árs, og aðflutningsgjöld, sem aðeins hækka um 27.4% frá áætluðum tekjum ársins. Reynist þetta mat rangt vegna breyttra aðstæðna til hins betra, þ. e. samdrátturinn verði ekki eins mikill og ráð er fyrir gert, yrði að sjálfsögðu um mjög verulegan afgang að ræða í árslok 1983, en því er sem sagt ekki spáð.

Áætluð útgjöld ársins 1982 eru um 8 932 millj. kr. í stað 7 909 millj. kr. í fjárlögum, sem bæði skýrist af meiri verðbólgu en reiknað var með á árinu 1982, eins og áður segir, og stórauknum niðurgreiðslum á árinu vegna aðgerða í efnahagsmálum. Miðað við þessa áætluðu útkomu ársins 1982 hækka útgjöld þessa frv. um 42.1%.

Þrátt fyrir verulegan samdrátt í fjárfestingu og margháttaðar aðrar aðhaldsaðgerðir vegna samdráttar í viðskiptum og veltu er frv. afgreitt til Alþingis að þessu sinni með minni rekstrarafgangi en verið hefur undanfarin tvö ár. Í frv. er hann áætlaður 82 millj. kr. og minnkar sennilega í meðförum Alþingis, ef að venju lætur.

Gjaldahlið frv. einkennist í grófum dráttum af þrennu:

Í fyrsta lagi eru útgjöld vegna rekstrar- og neyslutilfærslna til atvinnuvega og einstaklinga nokkru þyngri gjaldaliðir í þessu frv. en var í frv. fyrir árið 1982. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur eru hvort tveggja útgjaldaliðir sem hækka yfir 60% frá fjárlögum þessa árs. Útgjöld til almannatryggingakerfis, bótafjárhæðir lífeyristrygginga, útgjöld vegna lyfjakostnaðar o. fl., m. a. framlags til Lánasjóðs ísl. námsmanna, hækka, en það framlag hækkar vegna ákvæða um aukið framlag sjóðsins til námsmanna sem hlutfall af umframfjárþörf þeirra.

Í annan stað einkennist þetta frv. af því, að framlög til opinberra byggingarframkvæmda og fjárfestingarsjóða eru skert allnokkuð að raungildi. Framlög til fjárfestingar atvinnuvega hækka almennt um 33% frá því sem ákveðið var með lánsfjárlögum nr. 13/1982. Þegar í hlut eiga sjóðir, sem aðallega veita bein framlög en ekki verðtryggð lán, t. d. Framkvæmdasjóður aldraðra og Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, hækka þó framlög um 42% milli ára.

Í þriðja lagi einkennist frumvarpið af aðhaldssemi í rekstrarfjárframlögum til stofnana og fyrirtækja. Fáar nýjar stöður eru í frv. og ný verkefni bætast ekki við nema lög ákveði eða verkefni teljist óhjákvæmileg.

Ýmsum kann að þykja harkalegt að skera niður framkvæmdir og framlög til fjárfestingarsjóðs um 8—10% að raungildi. Því verður ekki neitað að ákvarðanir sem þessar ganga ekki yfir sársaukalaust. Á hitt vil ég þó benda, að þær samdráttaraðgerðir sem í þessu frv. felast eru sem betur fer harla varfærnar miðað við þær aðgerðir í opinberum fjármálum sem beitt er í nálægum löndum, þar sem stórfelldur halli hefur verið á rekstri ríkisfjármála.

Í mörgum Evrópulöndum, m. a. sums staðar á Norðurlöndum, er verið að skera niður bætur almannatrygginga. Til dæmis er það einn liðurinn í efnahagsaðgerðum núverandi hægri stjórnar í Danmörku að lækka atvinnuleysistryggingabætur. Víða er stórlega dregið úr framlögum til félagslegra málefna með beinum eða

óbeinum hætti. Einnig hafa greiðslur almennings fyrir opinbera læknishjálp og dagvistun barna hækkað verulega.

Víðast hvar hefur opinber fjárfesting einnig dregist saman. Sem dæmi má nefna, að í Noregi, sem þó er betur á vegi staddur en flest önnur ríki eða flest önnur lönd vegna olíuauðlinda, dragast fjárfestingar ríkisins saman um tæp 7% á þessu ári og rúm 5% á því næsta. Líkur benda til samdráttar í opinberri fjárfestingu Svía á þessu ári vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs.

Á þessu sést, að nágrannar okkar hafa þurft að grípa til miklu sársaukafyllri aðgerða en við. Þeir hafa dregið saman opinberar framkvæmdir og rekstrarframlög til sveitarfélaga, og jafnvel er víða farið að skerða styrki til þeirra sem minnst hafa. Í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu er hins vegar leitast við að tryggja fólkinu í landinu óskerta félagslega þjónustu. Þetta er unnt þrátt fyrir erfiðar aðstæður, vegna þess að rekstur ríkissjóðs er jákvæður nú þegar að kreppir.

Mér virðist að nauðsynlegur niðurskurður ríkisútgjalda hér á landi verði vart framkvæmdur með mildari hætti en þeim sem nú er stefnt að, þ. e. með því að draga úr framkvæmdum. — Og þrátt fyrir aðsteðjandi þrengingar erum við áframhaldandi að sækja fram á ýmsum sviðum. Í því sambandi má sérstaklega nefna málefni aldraðra og öryrkja, félagslegar íbúðabyggingar, málefni þroskaheftra og framlög til lista, en allir þessir liðir hækka verulega umfram verðlagsþróun á þessu ári og því næsta. Um gjaldaliði frv. vil ég að öðru leyti sérstaklega taka fram:

Framlög til vegamála nema alls 838 millj. kr., sem samsvarar 2.0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1983. Stefnt er að því að framlög til vegamála verði hins vegar 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu. Í því sambandi er m. a. gert ráð fyrir að leitað verði til Byggðasjóðs um hliðstæð framlög til vegamála og veitt eru á yfirstandandi ári, jafnframt því sem tekjur og tekjustofnar Vegasjóðs verða endurskoðaðir.

Framlög til málefna þroskaheftra, bæði vistunar þeirra og kennslu, aukast verulega frá því sem nú er, eins og áður segir. Á árinu 1983 taka til starfa í flestum landshlutum vistheimili og stofnanir þroskaheftra. Rekstur þessara stofnana er æðikostnaðarsamur, en áhersla er á það lögð að unnt reynist að reka þær stofnanir sem settar hafa verið á fót. Þó er í þessu frv. gert ráð fyrir beinum fjárveitingum til fjögurra viststofnana sem fjármagnaðar hafa verið með daggjöldum.

Með lögum nr. 59/1982 veitti Alþingi heimild til þess, að fjármögnun á rekstri sjúkrastofnana og vistheimila fari fram með beinum fjárveitingum í stað daggjalda. Heilbr.- og trmrn. leggur því til að færa Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á svokölluð föst fjárlög frá og með næstu áramótum. Til þess tíma er nauðsynlegt að kannaðir verði ýmsir þættir sem annars vegar snerta kostnaðarhlutdeild sjúkrasamlaga í rekstri sjúkrahúsanna og hins vegar aðra útgjaldaliði sjúkrasamlaga.

Í frv. eru 200 millj. kr. sérstaklega ætlaðar til þess að mæta útgjöldum á árinu 1983 vegna aðgerða sem getið er í ágústyfirlýsingu ríkisstj. Hér er fyrst og fremst um að ræða láglaunabætur á árinu 1983 að upphæð 125 millj. kr., sem koma til viðbótar 50 millj. kr. greiðslum í sama tilgangi nú í desember. Einnig er um að ræða 85 millj. kr. viðbótarframlag til húsnæðismála, eins og áður hefur komið fram.

Um stefnumarkandi atriði á tekjuhlið frv. er rétt að benda á eftirfarandi:

Hinn 28. júlí s. l. skipaði fjmrh. starfshóp til að yfirfara og endurskoða ákvæði frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem lagt var fyrir Alþingi á s. l. hausti. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum, Sambandi ísl. sveitarfélaga og fjmrn., en ríkisskattstjóri er hópnum til ráðuneytis. Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu um áratuga skeið og hefur mikilli vinnu verið varið til að undirbúa slíka kerfisbreytingu hér á landi. Tvívegis hafa verið lögð fyrir Alþingi viðamikil frumvörp um þetta efni, en í bæði skiptin hafa þau dagað uppi. Allir þingflokkar og flestir hagsmunaaðilar hafa opinberlega lýst yfir fylgi sínu við staðgreiðslu opinberra gjalda. En þegar á hefur átt að herða hefur áhugi alþingismanna á afgreiðslu málsins verið heldur takmarkaður og viðbrögð við frv. því sem lagt var fram í fyrra voru heldur óljós.

Óvissan sem ríkt hefur um framtíðarskipulag á innheimtu opinberra gjalda hefur verið mjög óheppileg og tvímælalaust hindrað vélvæðingu og hagræðingu á þessu sviði. Með skipan starfshópsins er að því stefnt að binda endi á þetta óvissuástand. Er starfshópnum ætlað að kanna til þrautar hvort hægt sé að ná almennri samstöðu um texta staðgreiðslufrumvarps, sem dugir til að tryggja málinu brautargengi. Ef það tekst ekki í þessari lotu virðist einsýnt að leggja verður hugmyndina um staðgreiðslukerfi á hilluna, a. m. k. í bili, og beina kröftunum að öðrum brýnum verkefnum á sviði skattamála.

Meðal þessara verkefna er endurskoðun á söluskattskerfinu, en eins og kunnugt er hefur hin almenna óbeina skattlagning verið burðarásinn í tekjum ríkissjóðs seinustu tvo áratugina. Spurningin er hvort álagningarkerfi söluskatts sé ekki gallað í grundvallaratriðum. Árið 1975 var gefin út yfirgripsmikil greinargerð um virðisaukaskatt, en í grannlöndum okkar hefur það skattform nú hvarvetna komið í stað söluskatts á seinasta stigi viðskipta. Er nú verið að semja frv. um virðisaukaskatt á vegum fjmrn. og er að því stefnt, að drög að frv. um þetta efni verði tilbúin í byrjun næsta árs. Þessum frumvarpsdrögum er ætlað það hlutverk að leggja grundvöll að umræðum um endanlega stefnumótun á þessu sviði. Nýlega var gefin út ný reglugerð um innheimtu söluskatts á grundvelli laga sem sett voru á s. l. vori. Verður innheimta söluskatts nú verulega hert og eftirlit aukið.

Sá hvimleiði vani hefur skapast á undanförnum árum, þegar frv. til fjárlaga er lagt fram, að því er blákalt haldið fram í opinberri umræðu að fjármálum ríkissjóðs sé hagrætt í blekkingarskyni með tilflutningi liða á milli A- og B-hluta frv. og þannig gefi ríkisfjármálin eins og þau koma fram í frv. ranga mynd af raunverulegu umfangi hins opinbera og áhrifum þess á efnahagslíf þjóðarinnar. Í framhaldi af þessum fullyrðingum er svo dregið í efa að fjárhagur ríkissjóðs hafi styrkst á undanförnum árum. Þeir sem þannig hafa talað hafa þó hopað frá því að rökræða þær örfáu breytingar sem orðið hafa á skiptingu fjárlagaliða í A- og B-hluta á undanförnum árum, enda hef ég margsinnis sýnt fram á að tilflutningurinn hefur einmitt verið fremur úr B-hluta í A-hluta og því harla óhagstæður fyrir afkomu ríkissjóðs í þrengri merkingu.

En stöðu ríkissjóðs má einnig meta út frá alþjóðlegum samanburði, ef menn kjósa. Í nýlegu yfirliti Alþjóða-

gjaldeyrissjóðsins er gerður víðtækur samanburður á halla eða afgangi ríkisfjármála hinna ýmsu landa heims yfir tímabilið 1970—1980. Á það skal sérstaklega bent, að hér er um samræmda skilgreiningu milli landa á ríkisfjármálum að ræða og er þar meðtalin lántaka sem ríkissjóður hefur milligöngu um að afla, en er miðstýrt til annarra aðila, t. d. sveitarfélaga. Hér er sem sagt um að ræða allt aðra uppsetningu á ríkisfjármálum en íslensk lög gera ráð fyrir. Lántaka í B-hluta sjóð, eins og Lánasjóð íslenskra námsmanna, telst þá umframfjárþörf ríkissjóðs, þótt lánasjóðurinn standi undir láninu í framtíðinni. Í yfirlitinu kemur þá fram umframfjárþörf sem varla getur talist eiginlegur halli í þess orðs eðlilegu merkingu, en er þó samræmd og samanburðarhæf niðurstaða.

Þessi umframfjárþörf ríkissjóðs er talin hafa náð hámarki hérlendis á árinu 1975 og nam þá 6.2% af vergri landsframleiðslu (VLF) (gross domestic production), en það er hliðstætt hugtak og verg þjóðarframleiðsla og skeikar ekki miklu á þessum tveimur hugtökum, en þó einhverju lítillega. Á undanförnum árum hefur þessi umframfjárþörf, sem var 6.2% að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu 1975, farið ört minnkandi og var 2.2% af vergri landsframleiðslu árið 1979 og 1.4% árið 1980. Það kemur sem sagt ekkert á óvart, að einnig á þennan mælikvarða reiknað reynist umframfjárþörf íslenska ríkisins verulega miklu minni en var fyrir nokkrum árum eða sem nemur tæpum 5% af landsframleiðslu, sem aftur telst vera nálægt 14% þróun til hins betra ef mælt er á mælikvarða ríkisútgjalda, þar sem ekki er fjarri lagi að hlutfallið milli ríkisútgjalda annars vegar og landsframleiðslu hins vegar sé nærri því að vera 1:3.

Samkvæmt niðurstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur hagur ríkissjóðs því batnað um hvorki meira né minna en milli 14 og 15% af ríkisútgjöldum á tímabilinu frá 1975—1980. Og þegar borinn er saman ríkisreikningur fyrir þessi ár og dæmið reiknað á þann hátt, sem við Íslendingar höfum verið vanir að gera, eftir íslenskum bókhaldsreglum eða þeim reglum sem gilda um ríkisbókhald og rekstrarreikning ríkissjóðs, kemur í ljós að þessi niðurstaða er mjög nærri því að vera sú sama og kemur fram í niðurstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að reikniaðferðum okkar og reikniaðferðum þeirra ber nokkurn veginn algerlega saman, þótt mismunandi reikniaðferðir séu notaðar.

Í yfirliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur einnig fram að samsvarandi umframfjárþörf sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er einnig verulega miklu minni á Íslandi en í flestum nágrannalöndunum og nam á árinu 1980 1.4% á Íslandi. Það land sem næst gengur okkur er Vestur-Þýskaland með 1.7%. Síðan koma Finnland og Noregur með rúmlega 2%. Í Svíþjóð er samsvarandi hlutfallstala 8.8%, í Bandaríkjunum 3.5%, í Bretlandi 4.7%, í Belgíu 9.8% og á Ítalíu 11.9%. Þessar tölur má, eins og ég nefndi áðan, margfalda með þremur ef maður vill sjá hver hallinn er í hlutfalli af ríkisútgjöldum, umframfjárþörfin.

Sú niðurstaða er mjög nærri því sem kemur út ef ríkisreikningar áranna 1975 og 1980 eru bornir saman.

Meðal stærstu útgjaldaliða í fjárlagafrv. fyrir árið 1983 eru fjármagnsútgjöld byggðalína, Kröfluvirkjunar og Orkusjóðs.

Ég hef oft rætt um það við fjárlagaumræður undanfarin ár að ganga þyrfti frá fjármálum byggðalínanna, en fjármagnsútgjöld þeirra vegna hafa alla tíð verið skráð í B-hluta og tekin ný lán til framlengingar án þess að frá því væri gengið hver staði undir þessum útgjöldum og sæi um rekstur á þessum dýru mannvirkjum. Nú er loksins orðin sú breyting til batnaðar, að með samningi ríkisstj. og Landsvirkjunar hefur Landsvirkjun yfirtekið þessar línur og annast rekstur þeirra. Greiðsla Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna kaupa á byggðalínunum kemur þá í staðinn fyrir þá fjáröflun vegna byggðalína sem fyrirhuguð var á þessu ári samkv. lánsfjáráætlun, enda er þar um mjög hliðstæðar upphæðir að ræða. Í tengslum við afhendingu byggðalínanna mun ríkissjóður auka eignarhluta sinn í Landsvirkjun á næstu árum og nemur sú upphæð um 210 millj. kr. á árinu 1983.

Fjármagnskostnaður Kröfluvirkjunar er í frv. áætlaður rúmar 219 millj. kr., þar af afborganir tæpar 106 millj. kr. og vextir tæpar 114 millj. kr. Nokkrir hv. þm. hafa leyft sér að fullyrða að upphæð þessi, sem nemur fjármagnskostnaði Kröfluvirkjunar, verði krafin af skattgreiðendum landsins á næsta ári, og mátti heyra raddir af þessu tagi í útvarpsumr. sem nýlega fóru fram. Það er mikill misskilningur, að ekki sé nú meira sagt. Rekstur Kröfluvirkjunar mun að sjálfsögðu standa í framtíðinni undir vöxtum og afborgunum af þessum lánum, þegar virkjunin er fullbyggð. Engin dæmi eru þess að fyrirtæki standi rekstrarlega undir sér áður en þau eru byggð eða meðan þau eru hálfbyggð. Enn er þessi virkjun aðeins rekin með fjórðungsafköstum, um 15 megawöttum, og duga því tekjur hennar aðeins til að greiða almennan rekstrarkostnað, en ekki fjármagnskostnað.

Samkvæmt upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins voru þrjár holur boraðar í sumar og eru taldar skila um 16 megawöttum. Er þetta langbesti árangur sem fengist hefur við boranir á Kröflusvæðinu og væri því hugsanlegt, ef árangur yrði áfram jafngóður tvö næstu sumur og var í sumar, að stöðin væri komin í fullan gang að tveimur árum liðnum með samtals um 60 megawött.

Boranir í sumar, sem skiluðu 16 megawöttum, munu hafa kostað um 46 millj. kr. og er þá ótalinn kostnaður við að tengja eina holuna. Við ákvarðanir um frekari framkvæmdir við Kröflu verður að hafa í huga hvernig orkan þaðan fellur að orkuþörfum landsmanna á samtengdu veitusvæði og er því engan veginn víst að þörf verði fyrir fullt afl frá Kröflu að tveimur árum liðnum. En fyllsta ástæða er til að ætla að virkjunin muni standa undir öllum áföllnum fjármagnskostnaði að nokkrum árum liðnum.

Í þessu sambandi er rétt að draga það fram, að yfir 80% af lánum sem tekin voru vegna framkvæmda við Kröflu voru sjö ára lán og verulegur hluti þeirra er að falla í gjalddaga um þessar mundir. Byggingarkostnaður orkuvera er almennt greiddur á mjög löngum tíma og varla er ástæða til að afskrifa jarðorkuver á skemmri tíma en 20 árum frá því að framkvæmdum lýkur, þótt sumir hafi að vísu viljað afskrifa Kröfluvirkjun um leið og eitthvað bjátaði þar á. En þegar af þessari ástæðu er eðlilegast að Kröflulán séu yfirfærð yfir á ný lán til lengri tíma.

Um fjármagnskostnað Orkusjóðs gegnir allt öðru máli. Þar er um að ræða kostnað sem enginn stendur undir né mun standa undir annar en ríkissjóður. Þess vegna verður að greiða alla upphæðina úr A-hluta fjárlaga og er þar engin smáupphæð á ferð eða tæpar 76 millj. kr. og hefur hækkað um tæpar 59 millj. kr. frá

seinasta ári. Þetta eru lán sem tekin hafa verið á mörgum liðnum árum vegna sveitarafvæðingar og jarðhitaleitar víðs vegar um land og falla nú á ríkissjóð. Einnig eru þetta lán sem endurlánuð hafa verið sveitarfélögum með lakari kjörum en ríkissjóður hefur notið. Hér er einmitt dæmi um kostnað í B-hluta sem fellur á A-hluta með margfaldri þyngd, miðað við það sem verið hefur.

Því er ekki að leyna að fjármál Orkusjóðs eru meiri flækja en margan grunar og nú eru sem sagt að falla á ríkissjóð af fullu afli gífurlegar skuldbindingar sem færðar hafa verið á þessa B-hluta stofnun á undangengnum áratug, án þess að nokkur tekjustofn komi þar á móti.

Svo nánar sé vikið að ríkisreikningi fyrir árið 1981, sem hefur verið lagður fram á Alþingi, skal á það bent að reikningurinn er nú lagður fram í heild, bæði A- og B-hluti. Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa jafnframt fengið hann til athugunar og er þess að vænta að athugasemdir þeirra og tillögur svo og svör fjmrh. geti legið fyrir næsta vor. Nokkrar tafir hafa orðið á meðferð ríkisreikninga fyrir árin 1979 og 1980 svo að ekki hefur enn reynst unnt að leggja fram frumvörp til samþykktar á reikningum þessara ára.

Ekki er hér ráðrúm til að gera ítarlega grein fyrir ríkisreikningi ársins 1981. Ég vil benda á sérstök yfirlit aftast í B-hluta reikningsins, sem eigi hafa áður verið birt og sýna flokkun B-hluta aðila eftir reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem ég minntist hér á rétt áðan, en sjóðurinn hefur frá árinu 1977 gefið út sérstaka árbók um opinber fjármál aðildarríkja sinna eftir samræmdri flokkun og hefur Ríkisbókhaldið annast frágang upplýsinga í bækurnar þessi ár fyrir Ísland. Í árbókinni fyrir árið 1982 koma reyndar upplýsingar frá 124 þjóðum.

Niðurstöður A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1981 eru þær, að jöfnuður á rekstrarreikningi var hagstæður um tæpar 175 millj. kr. og greiðsluafkoman hagstæð um tæpar 187 millj. kr. án endurmats lánareikninga við Seðlabankann, en að því meðtöldu var greiðsluafkoman hagstæð um tæpar 104 millj. kr. Greiðsluviðskiptin við Seðlabankann samkvæmt ríkisreikningi voru hagstæð um tæpar 164 millj. kr. á árinu, en þar sem verðbundin lán við bankann hækkuðu um rúmlega 83 millj. kr. vegna almennrar verðþróunar í landinu batnaði staðan við bankann um lægri fjárhæð eða rúmar 80 millj. kr. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann að frádregnum innstæðum í árslok 1981 nam samkvæmt A-hluta ríkisreiknings rúmum 250 millj. kr.

Í sérstökum nýjum yfirlitum á bls. 174—175 í ríkisreikningi kemur fram, að á árunum 1968—1981 hefur rekstrarjöfnuður hjá A-hluta ríkisins verið hagstæður 5 ár af þessum 14, það eru árin 1970, 1972, 1976, 1980 og 1981, en hann hefur verið óhagstæður hin árin 9. Greiðsluafkoman við bankakerfið að meðtalinni endurmatshækkun lána í Seðlabankanum var hagstæð á þessu 14 ára tímabili aðeins 3 ár, þ. e. árin 1970, 1972, og 1981. Greiðsluafkoman hin árin 11 var óhagstæð. Án endurmatshækkunar lánanna við Seðlabankann hefur greiðsluafkoman verið hagstæð árin 1981, 1980 og 1979 og þar áður á þessu 14 ára tímabili árin 1972 og 1970.

Áður var vikið að afkomu ríkissjóðs á árinu 1982 og m. a. nefndar tölur um tekjur og gjöld á fyrstu 9 mánuðum ársins. Ef aftur á móti er litið á fyrstu 8 mánuði ársins var rekstrarafkoman neikvæð um 1% af heildarútgjöldum. En eins og ég sagði: Að viðbættum 9. mánuðinum er afkoman orðin jákvæð um tæp 2%. Er það hagstæðari útkoma en verið hefur á undanförnum árum, eins og áður er rakið, en aldrei er nógsamlega ítrekað, að vegna mikils samdráttar í tekjum á seinasta hluta ársins er talsverð óvissa um niðurstöðu í árslok.

Ríkisstj. hefur tvívegis á árinu gripið til meiri háttar efnahagsráðstafana. Í lok janúarmánaðar beitti ríkisstj. sér fyrir verulegri niðurfærslu verðlags með stórauknum niðurgreiðslum, lækkun launaskatts á iðnaði og lækkun stimpilgjalda. Jafnframt voru áætluð útgjöld ríkissjóðs á árinu 1982 lækkuð með ýmiss konar sparnaðar- og aðhaldsaðgerðum. Ráðstafanir þessar náðu tilgangi sínum á fyrri hluta ársins. Nýjar aðgerðir voru óhjákvæmilegar um mitt ár til að styrkja stöðu útgerðar og fiskvinnslu, eftir að verulegur aflasamdráttur lá fyrir ásamt sölutregðu á skreið.

Með setningu bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsráðstafanir í ágústmánuði síðastliðnum var gengi krónunnar lækkað í þágu útflutningsatvinnuvega, tímabundið vörugjald hækkað og stefnt að samræmdri lækkun búvöruverðs, fiskverðs og verðbóta á laun 1. desember n. k., ásamt lækkun verslunarálagningar í kjölfar gengisbreytingar. Einnig voru ákvarðanir teknar um sérstakar bætur til láglaunafólks og fjárveitingar auknar til Byggingarsjóðs ríkisins.

Fyrirliggjandi áætlanir benda til þess, að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 nemi alls 9 389 millj. kr. og útgjöld alls 8 932 millj. kr., en þetta eru áætlunartölur eins og augljóst má vera.

Í fjárlögum er stefnt að tæplega 375 millj. kr. lántöku A-hluta ríkissjóðs sem afla átti alfarið á innlendum lánsfjármarkaði. Sala verðtryggðra spariskírteina var alls áformuð fyrir 150 millj. kr. Sala gekk vel framan af ári. Hins vegar hefur hún dregist saman síðari hluta ársins. Ólíklegt er að takist að afla að fullu þess lánsfjár hjá bankakerfinu sem stefnt var að. Af þessum sökum er hugsanlegt að ríkissjóður neyðist til að afla lánsfjár með öðrum hætti en til stóð, nema rekstrarútkoma ársins verði því betri.

Samkvæmt 1. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1983 er mismunur heildartekna og heildargjalda um 82 millj. kr. Gert er ráð fyrir að heildartekjur nemi 12 773 millj. kr. samkvæmt frv. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattur og eignarskattur, eru þar af áætlaðir 2 422 millj. kr. eða um 19.0% af heildartekjum ríkissjóðs á næsta ári. Óbeinir skattar eru áætlaðir 10 167 millj. kr. eða sem svarar til 79.6% af tekjum. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 184 millj. kr., sem er um 1.4% af heildartekjum. Heildarskattbyrði vegna skattheimtu ríkissjóðs er samkvæmt þessu um 30.6% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu árið 1983.

Tekju- og gjaldaáætlun frv. eru hvor tveggja byggðar á fyrrnefndri reiknitölu, sem notuð hefur verið sem vinnuforsenda við gerð frv., og hefur verið miðað við 42% hækkun milli áranna 1982 og 1983. Miðað hefur verið við að tímabundnir skattar, sem lögum samkvæmt ættu að falla niður á næsta fjárlagaári, verði framlengdir. Þetta á þó ekki við um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex sem gert er ráð fyrir að falli niður í febrúarlok 1983.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru samtals áætluð að fjárhæð 12 691 millj. kr. Af þessari upphæð fara 5 352 millj. kr. til samneyslu. Stofnkostnaður, fjárfesting og fjármagnstilfærslur eru samtals að fjárhæð 1 864 millj. kr. og

til neyslu- og rekstrartilfærslna er ráðgert að fari 5 727 millj. kr. Þá eru sértekjur stofnana áætlaðar 252 millj. kr.

Í 1. gr. frv. kemur fram að heildarlánsfjáröflun nemur 1 534 millj. kr. Þar af fara um 988 millj. kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta frv., en 525 millj. kr. eru lántaka vegna A-hluta frv.

Af heildarlántökum eru 841 millj. kr. innlend lánsfjáröflun, en um 693 millj. kr. eru fyrirhugaðar erlendar lántökur. Innifalin í útstreymi á lánahreyfingum, sem alls eru að fjárhæð 568 millj. kr., er afborgun til Seðlabanka Íslands að upphæð 100 millj. kr.

Stefnt er að því í frv. að endurgreiðslur lána í A-hluta ríkissjóðs nemi um 42 millj. kr. umfram lántökur. Afborganir af lánum eru áætlaðar 429 millj. kr. og vaxtagreiðslur 365 millj.kr. eða samtals 794 millj. kr. og eru þá ótaldir vextir og afborganir af lánum fyrirtækja og sjóða í B-hluta frv.

Eins og frv. liggur nú fyrir er gert ráð fyrir að greiðsluafgangur verði um 24.5 millj. kr. Hér á eftir verður fjallað um helstu niðurstöður tekju- og gjaldahliðar frv. svo og lánahreyfingar.

Tekjáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1983 er að venju reist á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári, í öðru lagi á ákveðnum þjóðhags- og verðlagsforsendum, sem þegar hafa verið raktar, og í þriðja lagi á ákveðnum forsendum um einstaka tekjuliði.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 eru áætlaðar samtals 12 773 millj. kr. samanborið við 9389 millj. kr. í áætlun fyrir árið 1982 og 7967 millj. kr. í fjárlögum ársins 1982. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1983 frá áætlun fyrir árið 1982 nemur 36%, en 60.3% frá fjárlögum 1982. Til samanburðar má nefna, að heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 1982 eru taldar munu aukast um 56.6% frá 1981.

Tekjur ríkissjóðs sem hlutfall vergrar þjóðarframleiðslu verða á næsta ári sem svarar 30.6%. Þetta er nokkru lægra hlutfall en líkur eru á að verði í ár, enda gert ráð fyrir að ríkistekjur losi nú 31% sem hlutfall þjóðartekna. Árið 1981 var þetta hlutfall 30.8% og 1980 29.3% og er þá tekið mið af niðurstöðutölum ríkisreiknings fyrir tvö síðastnefndu árin. Þegar frv. fyrir árið 1982 var lagt fram var gert ráð fyrir að þetta hlutfall yrði hliðstætt hlutfallinu fyrir árið 1980, en hlutfallið í ár hækkar verulega umfram það sem gert var ráð fyrir vegna þess að deilitalan lækkar. Þjóðartekjur hafa dregist saman. Búist er við áframhaldandi samdrætti þjóðartekna á næsta ári til hækkunar þessa hlutfalls. Hins vegar er útlit fyrir að veltusamdráttur geri meir en vega á móti þeim áhrifum á næsta ári. Því benda líkur til að fyrrnefnd hlutfallstala lækki nokkuð milli áranna 1982 og 1983.

Talið er að tekju- og eignarskattar innheimtir á árinu 1983 nemi 2423 millj. kr. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun ársins í ár er talið að innheimta tekju- og eignarskatta nemi 1543 millj. kr. Hækkun nemur 57.0%. Áætlað er að nafnvirði tekna á mann hækki um 52% milli áranna 1981 og 1982. Því er lagt til að skattvísitala verði ákveðin 152 stig 1983 miðað við 100 stig 1982. Auk þeirrar 52% hækkunar álagðra gjalda á einstaklinga sem af þessu leiðir er talið að framteljendum fjölgi um 1%.

Þá er gert ráð fyrir að fasteignaverðmæti hækki að meðaltali um 58% frá desember 1981 til jafnlengdar 1982. Að auki er gert ráð fyrir aukningu eignastofns um 1—2%. Því er talið að eignarskattstekjur hækki um sem næst 60%.

Þá er gert ráð fyrir að áfram verði lagður sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Í fjárlögum ársins 1982 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 9955 millj. kr. Tölur um innheimtu og innflutning á fyrstu átta mánuðum þessa árs gefa á hinn bóginn til kynna að innflutningur hafi verið talsvert meiri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í endurskoðaðri áætlun um tolltekjur ríkissjóðs er gert ráð fyrir að innheimtan verði um 1156 millj. kr. á árinu 1982. Reiknað er með svipuðu tollhlutfalli í almennum innflutningi (án bíla) og var á árinu 1981 eða rétt tæplega 8%. Tollhlutfall í bifreiðainnflutningi er einnig talið svipað og á árinu 1981.

Í þjóðhagsforsendum þessa frv. er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur dragist saman um 8% að raungildi frá þessu ári. Enn fremur er gert ráð fyrir að innflutningsverð hækki um 2% í erlendri mynt en um 42% í krónum.

Hvað almennan innflutning varðar er í áætlun fyrir 1983 gert ráð fyrir að án bíla verði tollhlutfall svipað eða ívið lægra en á þessu ári. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr bifreiðainnflutningi á næsta ári, en tollhlutfall hans haldist hins vegar óbreytt.

Nokkrar breytingar hafa orðið á innflutningsgjöldum bifreiða á þessu ári. Með reglugerð nr. 225/1982 var innflutningsgjald af bifreiðum lækkað verulega frá og með 1. maí s. l. Kom sú lækkun í kjölfar lækkunar þeirrar sem ákveðin var í reglugerð nr. 453/1981. Í tengslum við efnahagsráðstafanir ríkisstj. frá í ágúst s. l. var innflutningsgjald hækkað um 7% í hverjum flokki. Þær breytingar á gjaldahlutföllum, sem hér hafa verið raktar, eru taldar orsaka að meðalgjaldið lækki um helming eða úr 35—37% í 16—17%. Talið er að gjaldið skili í ríkissjóð u. þ. b. 110 millj. kr. á þessu ári, í stað 125 millj. kr. eins og fjárlög gerðu ráð fyrir. Að þessar tekjur lækka ekki meira miðað við fjárlög má rekja til mikils bifreiðainnflutnings á fyrri hluta ársins. Þá er og gert ráð fyrir, eins og áður var tekið fram, að sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi falli niður í febrúarlok á næsta ári.

Í heild eru gjöld af innflutningi 1654 millj. kr. 1982, samanborið við 1412 millj. kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1981 er rösklega 40%. Í frv. er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 2109 millj. kr. á árinu 1983, eða 27% hækkun frá 1982, 16,5% af heildartekjum ríkissjóðs 1983, samanborið við 17,6% 1982 og 19,6% 1981.

Heildartekjur ríkissjóðs af sköttum á framleiðslu voru áætlaðar 572 millj. kr. í fjárlögum ársins 1982. Nú eru horfur á að innheimta nemi 742 millj. kr. í ár. Skýrist þessi 170 millj. kr. hækkun annars vegar af meiri verð- og veltubreytingum í innflutningi en reiknað var með. Hins vegar var með brbl. nr. 79/1982 ákveðið að hækka sérstakt tímabundið vörugjald um rúmlega 30% fram til febrúarloka 1983. Talið er að hækkun vörugjaldsins geti falið í sér um 140 millj. kr. sem koma til innheimtu 1982 og 1983. Vöruflokkum, sem gjaldskyldir eru, hefur einnig fjölgað. Talið er að heildartekjur af sköttum á framleiðslu nemi 960 millj. kr. á næsta ári og hækki um tæp 30%. Er þá tekið tillit til lækkunar sérstaks vörugjalds í febrúarlok, auk þess sem velta dregst saman.

Heildartekjur undir liðnum „Skattur af seldri vöru og þjónustu" voru á fjárlögum 1982 áætlaðar 3969 millj.

kr. Í endurskoðaðri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 4739 millj. kr., eða rösklega 19% meiri en í fjárlagaáætlun. Hækkun þessa má einkum rekja til breyttra verð- og veltuforsendna svo og breytinga á álagningu og innheimtu launaskatts.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að velta og þar með söluskattsstofn dragist saman sem svari 5% að raungildi, eins og áður er fram komið. Hlutur sölugjalds af heildartekjum ríkissjóðs nemur samkvæmt þessu 35% samanborið við 36% á yfirstandandi ári. Hlutur jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna er þá ekki meðtalinn en hann er áætlaður 330 millj. kr. 1983. Tekjur ríkissjóðs af launaskatti eru einnig taldar dragast saman að raungildi um tæp 14%. Gætir þar annars vegar lækkunar skattahlutfalls hjá iðnfyrirtækjum og hins vegar áhrifa minnkandi launaveltu.

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs 1983 verði 12 691 millj. kr. sem er hækkun um 60,5% frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Eins og í fyrri fjárlagafrumvörpum er launaliður einstakra stofnana settur fram miðað við kauplag í upphafi fjárlagaárs. Launaliður einstakra stofnana verður þannig 3249 millj. kr. Þá er enn fremur áætlað fyrir launahækkunum á árinu 1983 að fjárhæð 482 millj. kr. og er sú áætlun í samræmi við meginforsendur frv. um hækkun kaupgjalds og verðlags. Þannig er vegin launahækkun árið 1983 áætluð 14,5% þar af 10,5% vegna hækkunar verðbótavísitölu og 4% vegna áhrifa kjarasamninga ríkisstarfsmanna umfram það sem þegar er áætlað fyrir í launalið einstakra stofnana. Eins og áður segir verður launaliður stofnana á verðlagi í upphafi fjárlagaárs 3249 millj. kr. sem er hækkun um 70%. Vissulega er hér um mikla hækkun að ræða og mun ég nú víkja að helstu orsökum hennar. Hækkun launataxta nemur samtals 48,6% frá fjárlögum 1982. Hefur þá verið tekið tillit til 4% almennrar grunnlaunahækkunar ríkisstofnana vegna nýgerðra kjarasamninga BSRB og BHM og fjmrh. og er jafnframt við það miðað að þessi launahækkun nái til annarra hópa ríkisstarfsmanna. Þá hækkar launaliður um 12,7% vegna þess að fjárveitingarliðir sem áður töldust til yfirfærslna eru nú hækkaðir sem laun. Vegur þar þyngst tilfærsla á Landakotsspítala, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og heimilum þroskaheftra af daggjöldum almannatrygginga yfir á föst fjárlög.

Um 9,5% af launahækkuninni skýrast af áhrifum sérkjarasamninga við tilteknar starfsstéttir, svo sem við lækna og aðrar hjúkrunarstéttir og kennara í grunn- og framhaldsskólum. Þá hafa aðrir fjölmennir starfshópar áunnið sér launahækkanir vegna starfsaldurs og annarra ákvæða.

Önnur rekstrargjöld nema samtals 904 millj. kr. eða sem svarar til 73,5% hækkunar frá fjárlögum 1982. Við áætlun þessa liðar er tekið tillit til þess að almenn vinnuforsenda um hækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983 er um 42%. Hlutfallsleg hækkun þessa liðar umfram vinnuforsendu frv. skýrist framar öðru af tilfærslu útgjalda eins og getið var um hér á undan er rætt var um launalið frv. Að frádregnum rekstrargjöldum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Landakotsspítala og heimila þroskaheftra hækka önnur rekstrargjöld um 51,7%. Mismunurinn á 51,7% og vinnuforsendu frv., sem er eins og áður segir 42%, skýrist fyrst og fremst af því að tekið er tillit til vanáætlunar við gerð fjárlaga fyrir árið 1982, þar sem reiknitalan var þá 33%, og er stofnunum því bætt það sem á vantaði til að halda í við verðlagsþróun. Sé tekið tillit til þess sem á undan er getið verða önnur rekstrargjöld óbreytt sé miðað við fast verðlag, þ. e. óbreytt að magni til frá fjárlögum 1982.

Framlög til viðhalds nema samtals 352 millj. kr. og er það hækkun um rúm 41% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Viðhald til vega nemur um 67% alls viðhalds í frv. og er það svipað hlutfall og verið hefur. Til annars viðhalds en vega renna um 115 millj. kr. Að teknu tilliti til þeirra stofnana sem nú fá fjárveitingu beint úr ríkissjóði í stað daggjalda áður hækkar viðhald um 38% og hefur þá, eins og áður, verið leitast við að bæta úr brýnni viðhaldsþörf á eignum ríkissjóðs.

Verklegar framkvæmdir eru ráðgerðar um 1084 millj. kr. sem þýðir í raun samdrátt á verklegum framkvæmdum ríkissjóðs um 7—8% frá yfirstandandi ári. Samdráttur þessi kemur þó ekki niður á framlögum til vegamála þar sem gert er ráð fyrir að vegaframkvæmdir verði um 2,1% af vergri þjóðarframleiðslu 1983, þ. e. sama hlutfall og var 1982.

Framlög til fjárfestingarsjóða verða 456 millj. kr. og eru þessi framlög ákveðin lægri heldur en gildandi lög gera ráð fyrir. Verðtrygging á útlánum sjóðanna hefur styrkt stöðu þeirra verulega og er því ekki jafn brýn þörf og áður að sjá þeim fyrir óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði. Verður því enn leitað eftir heimild Alþingis í frv. til lánsfjárlaga til skerðingar á framlögum til þessara sjóða eins og undanfarin fjögur ár. Eðlilegt er að fram verði látin fara heildarendurskoðun á lögbundnum framlögum úr ríkissjóði til þeirra sjóða sem lána síðan út með verðtryggðum kjörum.

Framlög til lánagreiðslna og endurlána verða 231 millj. kr. sem er hækkun um 112% frá fjárlögum 1982. Stærsti hluti þessarar hækkunar er vegna afborgana af lánum Orkusjóðs en gert er ráð fyrir að þær verði 76 millj. kr. árið 1983 eins og ég hef áður rakið, en þær voru hins vegar 17 millj. kr. á þessu ári. Þá hækka endurgreiðslur af lánum sem tekin hafa verið af Framleiðsluráði landbúnaðarins á árunum 1980 og 1981 um 35 millj. kr. og verða 55 millj. kr.

Mun ég nú víkja að útgjöldum einstakra ráðuneyta og nefni helst þá útgjaldaþætti þar sem útgjöld breytast að raungildi frá árinu 1982.

Fjárveiting vegna starfsemi menntmrn. hækkar um 620 millj. kr. og verður samtals 1799 millj. kr.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verður 215 millj. kr. sem er hækkun um 82,3% frá fjárlögum 1982. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað lántökuheimildar að fjárhæð 90 millj. kr. sem er hækkun um 80% frá lántökuheimild yfirstandandi árs. Við áætlun á útlánagetu sjóðsins er tekið tillit til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Þar er gert ráð fyrir allverulega hertri endurgreiðslu lánanna en á hinn bóginn er mætt 95% umframfjárþörf námsmanna á árinu 1983 í stað 90% áður og er kostnaðarauki vegna þessa tiltekna ákvæðis í lögunum áætlaður 14 millj. kr. Þá hækka ferðastyrkir, er sjóðurinn veitir, um 103% og verða styrkirnir samtals að fjárhæð 20 millj. kr.

Framlög til stórra afmarkaðra framkvæmdaflokka hækka að öllu jöfnu um 33% frá framkvæmd fjárlaga sem þýðir u. þ. b. 25% hækkun miðað við fjárlög 1982. Framlög til byggingar dagvistarheimila hækka aftur á móti meira en sem nemur fyrrnefndum meginforsendum frv. eða um 47% og verður framlagið 22 millj. kr., en

unnið er að gerð langtímaáætlunar um uppbyggingu dagvistar barna í landinu.

Eitt af stefnumiðum þessarar ríkisstj. er að efla og hlúa að lista- og menningarstarfsemi í landinu en framlög til þessa málaflokks rýrnuðu allverulega á seinasta áratug. Í samræmi við ofangreint stefnumið hafa framlög til lista- og menningarmála verið stóraukin á s. l. þremur árum. Liðurinn „Listir, framlög" hækkar þannig um 77,3% og verður 27,3 millj. kr. Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir auknum fjárveitingum vegna nýsamþykktra lagafrumvarpa á sviði lista- og menningarmála frá síðasta Alþingi. Eru það annars vegar lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem m. a. er gert ráð fyrir fjölgun hljóðfæraleikara um sjö, og hins vegar lög um Listskreytingasjóð ríkisins og er fjárveiting til sjóðsins áætluð 2 millj. kr. En samkvæmt lögum nr. 34/1982 er lögbundið framlag til sjóðsins 1% af áætluðum kostnaði við byggingar sem ríkissjóður stendur einn að eða í samvinnu við aðra aðila, og verður fjárveitingin til sjóðsins til nánari athugunar í fjvn.

Framlög vegna útgjalda á vegum utanrrn. verða 129 millj. kr. sem er hækkun um 50 millj. kr. frá fjárlögum 1982. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 voru framlög sem falla undir málaflokkinn „Aðstoð Íslands við þróunarlöndin" stóraukin og hækkuðu framlögin þannig um 103% frá fjárlögum næsta árs á undan. Í þessu frv. er haldið áfram á sömu braut og hækka framlög til þróunaraðstoðar því í samræmi við vinnuforsendu frv. eða um 40% frá fjárlögum 1982. Í fjárlögum 1982 er veitt heimild til að selja skip Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, m/s Bjart og verja söluandvirði skipsins til smíði á nýju skipi. Samningur um smíði nýs skips hefur nú nýlega verið undirritaður og er undirbúningur smíðinnar á lokastigi. Gert er ráð fyrir að lokið verði smíði skipsins á næsta ári og að útgerð þess hefjist á seinni árshelmingi 1983.

Fjárveiting til málaflokka á vegum landbúnaðarráðuneytisins hækkar um 210 millj. kr. og verður fjárveitingin þar með 558 millj. kr. Gert er ráð fyrir að bætt verði við fjórum stöðugildum á fjárlagaliðnum „Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum". Fjárveiting er því fyrir 36 stöðugildum allt árið 1983 og fjórum stöðugildum frá 1. júlí 1983 að telja. Verða stöðugildi þannig orðin 40 talsins í árslok 1983.

Framlög til landgræðslu- og landverndaráætlunar hækka um 42% frá fjárlögum 1982. Fyrrnefnd framlög eru í hátt við þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun árin 1982—1986, þar sem kveðið er á um árlegar fjárveitingar úr ríkissjóði til þessa verkefnis. Liðurinn „lántökukostnaður" vegna laga nr. 9/1980, 13/1981 og 13/1982 hækkar um 35,5 millj. kr. og verður 55,2 millj. kr. Framlag þetta er til að greiða afborganir og vexti af lánum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók á árunum 1980 og 1981, en lán þetta fellur nær alfarið á ríkissjóð. Samkvæmt framansögðu hækkar fjárveiting vegna greiðslu vaxta og afborgana af þessum lánum um 180% frá fjárlögum 1982.

Þá þykir rétt að benda á einn nýjan gjaldalið sem er „Niðurskurður sauðfjár". Er gert ráð fyrir að fjárveiting verði 10 millj. kr. árið 1983. Fjárveiting þessi er einn liður í efnahagsaðgerðum ríkisstj. frá því í ágúst s. l. um að ríkissjóður hjálpi til með beinni fjárveitingu að fækka í búfjárstofni landsmanna.

Framlög til verkefna sem falla undir starfsemi á sviði sjútvrn. hækka um 46 millj. kr. og verða samtals að fjárhæð 168,5 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að úthald rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunar verði hið sama og er í fjárlögum fyrir árið 1982, þ. e. að r/s Árni Friðriksson, r/s Bjarni Sæmundsson og r/s Dröfn verði hvert um sig gerð út í níu mánuði og r/s Hafþór í fimm mánuði. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að verði gerð grein fyrir áætlun um rannsóknaleiðangra á vegum stofnunarinnar á árinu 1983 og fyrir ráðstöfun fjárveitingar til svokallaðra tímabundinna verkefna. Þá hefur nú nýlega verið skipuð nefnd sem gera á tillögur um framtíðarskipan á stjórn og verkefnum stofnunarinnar.

Hækkun framlaga til málefnaflokka félmrn. nemur samtals 150 millj. kr. og verður fjárveiting til rn. samtals að fjárhæð 403 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins nemur samtals 71,5 millj. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 17,7 millj. kr. frá þeirri fjárveitingu sem ákveðin var með lögum nr. 13/1982. Auk þessa beina ríkisframlags er sjóðnum ætlað sérstakt viðbótarframlag á árunum 1982 og 1983 samkvæmt efnahagsráðstöfunum ríkisstj. frá því í ágúst s. l., samtals að fjárhæð 85 millj. kr. Nánari áætlun um útlán og fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins kemur til umfjöllunar í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, enda ræðst útlánsgeta sjóðsins af því lánsfjármagni sem sjóðnum er þar ætlað. Til viðbótar ríkisframlaginu er að svo komnu máli gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað lánsfjár hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, hjá lífeyrissjóðum og af skyldusparnaði.

Framlag til fjárlagaliðarins „Vatnsveituframkvæmdir" hækkar um 1,8 millj. kr. og verður fjárveiting 5,0 millj. kr. til þessa verkefnis. Í fjárlögum fyrir árið 1981 nam fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga 1,7 millj. kr. þannig að framlag ríkissjóðs hefur tvöfaldast á tveimur árum. Hér hefur því verið gert stórátak í því að létta undir með sveitarfélögum í vatnsveituframkvæmdum á þeirra vegum.

Fjárveiting til Bjargráðasjóðs hækkar um 73,9% frá fjárlögum 1982 og verður samtals að fjárhæð 8,5 millj. kr. Fjárveiting þessi er annars vegar vegna lögbundins framlags ríkissjóðs að fjárhæð 4,5 millj. kr. og hins vegar sérstakt framlag að fjárhæð 4,0 millj. kr. sem er til að létta undir greiðslubyrði sem sjóðurinn verður fyrir vegna svokallaðra harðæris- og óveðurslána sem tekin voru árin 1980 og 1981.

Meginbreyting er nú gerð á einum fjárlagalið félmrn. þ. e. liðnum „Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta". Í fjárlögum 1982 var gert ráð fyrir því að einstakar stofnanir og heimili, sem undir þennan lið falla, væru rekin af styrktarfélögum og fjárveitingar því taldar yfirfærslur til einstaklinga og samtaka. Nú er hins vegar gert ráð fyrir beinum fjárveitingum í fjárlögum til þessara stofnana og að kostnaðarhluti sveitarfélaga í rekstri þeirra innheimtist sem sértekjur.

Hinn 20. jan. s. l. skipaði félmrh. nefnd til að endurskoða rekstur og skipulag nokkurra sólarhringsstofnana fyrir fatlaða með það fyrir augum að kanna m. a. hvort æskilegt væri að fella þær stofnanir sem reknar eru með daggjöldum undir fastar fjárveitingar, auk þess að gera tillögur um almenna hagræðingu á viðkomandi stofnunum. Í tillögum nefndarinnar var m. a. lagt tl að frá og með næstu áramótum verði heimilin Sólborg á Akureyri, Sólheimar í Grímsnesi, Skálatún í Mosfellssveit og Tjaldanes í Mosfellssveit rekin með föstum fjárveiting-

um. Ofangreindar stofnanir eru settar undir einn fjárlagalið, „Heimili fyrir þroskahefta“ og er gert ráð fyrir að fjárveiting til þeirra verði 47 millj. kr. Ein meginástæða þess að stofnanir þessar eru færðar af svokölluðu daggjaldakerfi yfir á fastar fjárveitingar er sú, að eftirlit af hálfu hins opinbera með daglegum rekstri og ákvarðanatöku er með minnsta móti, þó svo að allt fjárfestingarfé og rekstrarfé komi úr ríkissjóði. Stofnanir þessar hafa farið sínar eigin leiðir í ýmsum fjárfestingarmálum og tekið ákvarðanir um útgjöld án þess að hafa leitað samþykkis nokkurs aðila í ríkiskerfinu þar um, enda þótt ríkissjóður verði síðan að endingu að borga brúsann. Að sjálfsögðu getur sú tilhögun ekki gengið til lengdar.

Útgjöld til málefnaflokka heilbr.- og trmrn. hækka samtals um tæpar 2 þús. millj. kr. og verður fjárveiting 4892 millj. kr. Þetta er langstærsti útgjaldaþáttur frv. eða sem svarar til 38,5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga nema samtals 3483 millj. kr. sem er hækkun um 1345 millj. kr. eða 63% frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi, sem er verulega umfram verðlagsforsendur frv., á sér ýmsar skýringar og eru þessar helstar:

1. Gert er ráð fyrir 2% fjölgun lífeyrisþega, þar af leiðandi auknum útgjöldum lífeyristrygginga.
2. Almennar bætur lífeyristrygginga hækkuðu um 3,25% og tekjutrygging um 4% í nóvember 1981 en ekki var áætlað fyrir útgjaldaauka sem af þessu hlaust í fjárlögum ársins 1982.
3. Þá hækkaði frítekjumark tekjutryggingar um 60% hinn 1. júlí s. l. en frítekjumarkið breytist einu sinni á ári.
4. Vistgjöld á sjúkrahúsum hækka um 60,7% þrátt fyrir að tvö stór sjúkrahús hafi verið færð yfir á föst fjárlög.

Í framsöguræðu við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1982 kom fram að á vegum heilbr.- og trmrn. væri verið að undirbúa frv. sem fæli í sér heimild til breytinga á rekstrarfjárframlögum til sjúkrahúsa. Með lögum nr. 59/1982 veitti Alþingi síðan heimild til þess að fjármögnun á rekstri sjúkrastofnana og vistheimila fari fram með beinum fjárveitingum í stað daggjalda. Því er í þessu frv. gert ráð fyrir að frá og með næstu áramótum verði Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Landakotsspítali fjármagnaðir með beinum fjárveitingum í stað daggjalda áður. Rekstraráætlun fyrir bæði sjúkrahúsin byggir á sömu forsendum um verðlag og á við í frv. að öðru leyti. Við mat á rekstrarumfangi beggja sjúkrahúsanna hefur m. a. verið höfð hliðsjón af skýrslum nefndar á vegum heilbr.- og trmrn. sem kannaði rekstur nokkurra sjúkrahúsa á árunum 1981—1982. Þá er enn fremur tekið tillit til þess við gerð rekstraráætlunar fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að sjúkrahúsið hefur nú nýlega flutt í nýtt og stærra húsnæði ásamt því að tekið er tillit til starfsemi nýrra deilda.

Með setningu laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og hollustueftirlit var sett á fót stofnun er nefnist Hollustuvernd ríkisins. Tók hún formlega til starfa 1. ágúst 1982. Hollustuvernd ríkisins yfirtók starfsemi og verksvið Matvælarannsókna ríkisins. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Geislavarna ríkisins og Tóbaksvarna. Um leið voru lög um fyrrnefndar stofnanir og verkefni felld úr gildi. Gert er ráð fyrir að fjöldi starfsmanna við Hollustuvernd ríkisins verði nánast sá sami og var við þær stofnanir sem lagðar voru niður, þ. e. um 24 talsins.

Fjárveiting til verkefna fjmrn. verður 1 231 millj. kr. sem er hækkun um 521 millj. kr. eða 73,4% frá fjárlögum 1982.

Tekinn er upp nýr fjárlagaliður, hjá fjmrn., sem er „Tollamál — tölvuvæðing“, og er fjárveiting til þessa liðar um 5 millj. kr. Á árunum 1981 og 1982 hefur verið unnið að athugun á hvort og með hvaða hætti best verði staðið að tölvuvæðingu hjá tollyfirvöldum. Kerfisbreyting af þessu tagi er umfangsmikil því auk innflytjenda tengjast málinu fjölmargir aðrir aðilar, svo sem skipafélög, bankar, opinberar stofnanir og ráðuneyti. Ofangreindri fjárveitingu er áformað að verja til áframhaldandi athugana og framkvæmda.

Þá er tekinn upp nýr liður sem er „Efnahagsráðstafanir“ og er fjárveiting samtals að upphæð 200 millj. kr. og er það að sjálfsögðu meginskýringin á því hvers vegna fjárlagaliður fjmrn. hækkar um 73% milli ára. Þessari fjárveitingu verður í meginatriðum ráðstafað til hliðarráðstafana í efnahagsmálum vegna yfirlýsingar ríkisstj. við setningu brbl. um efnahagsráðstafanir frá því í ágúst s. l.

Gert er ráð fyrir 5 millj. kr. fjárveitingu vegna bókhaldskerfis ríkisins. Að undanförnu hefur verið unnið að því að endurskipuleggja bókhalds- og áætlanakerfi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja með það m. a. fyrir augum að taka upp svokallað sívinnslukerfi upplýsinga. Við þessa breytingu ættu upplýsingar um fjárhagsstöðu einstakra ríkisstofnana að liggja ljósar fyrir en nú er. Töluvert hefur verið unnið að þessu máli á vegum fjmrn. og er gert ráð fyrir að hluti kerfisins komist í notkun á næsta ári.

Útgjöld til málaflokka samgrn. hækka um 322,5 millj. kr. og verða 1 151 millj. kr. Langmest ber á framlögum til vegamála, en þau nema samtals 838 millj. kr. sem er hækkun um 41% frá fjárlögum 1982. Er þetta hækkun umfram meginforsendur frv. hvað varðar framlög til framkvæmda. Markaðar tekjur til vegagerðar, þ. e. bensíngjald, gúmmígjald og bifreiðaskattur, nema samtals 568 millj. kr. Þá er ráðgerð lántaka að upphæð 249,0 millj. kr. Fjárveiting úr ríkissjóði verður þannig 20,7 millj. kr. Ofangreind gjaldatala vegagerðar jafngildir þannig 2,0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu árið 1983. Eins og áður er komið fram er þessu til viðbótar gert ráð fyrir að leitað verði til Byggðasjóðs um hliðstæð framlög til vegamála og veitt hafa verið á yfirstandandi ári, þannig að ráðstöfunarfé til vegamála verði samtals 2,1% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að tekjur og tekjustofnar Vegasjóðs verði endurskoðaðir.

Fjárveiting til málaflokka iðnrn. hækkar um 160,6 millj. kr. og verður samtals að fjárhæð 421 millj. Tekinn er upp nýr fjárlagaliður hjá iðnrn. sem ber heitið „Iðnaðarrannsóknir“. Verður fjárveiting til þessa verkefnis 4,0 millj. kr. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir að fyrirtækinu verði aflað lánsfjárheimildar að fjárhæð 3,0 millj. kr. Samtals er þannig gert ráð fyrir að til ráðstöfunar verði 7,0 millj. kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir að fé þetta fari til athugunar á ýmsum kostum í iðnaðaruppbyggingu landsmanna og að jákvæðar niðurstöður rannsókna verði síðan framseldar til áhugaaðila eða annarra þeirra aðila sem taka að sér uppbyggingu viðkomandi iðnfyrirtækja. Framlag til lánagreiðslna, sem fer í gegnum Orkusjóð, hækkar um 59 millj. kr. og verður um 76 millj. kr. Meginskýring þessarar hækkunar er sú að á árinu

1983 þyngjast verulega afborganir af lánum sem Orkusjóði hefur verið gert að taka og endurlána síðan eða leggja fram sem óafturkræft fé.

Fjárveiting til viðskrn. verður 884 millj. kr. sem er hækkun um 378 millj. kr. eða tæp 75% frá fjárlögum 1982.

Þar vegur langþyngst að niðurgreiðslur ríkissjóðs eru áætlaðar samtals að fjárhæð 839 millj. kr., sem er hækkun um 80,0% frá fjárlögum 1982, og þó er ekki um hækkun á niðurgreiðslustigi að ræða, heldur er fyrst og fremst um að ræða þá miklu niðurgreiðsluaukningu, sem orðið hefur á árinu 1982, sem hefur þessi áhrif á fjárlagadæmið 1983. Beinar niðurgreiðslur á vöruverði verða 806 millj. kr. Þar af eru 60,5 millj. kr. til að mæta auknum niðurgreiðslum á næsta ári. Þá verður framlag til Lífeyrissjóðs bænda 33,0 millj. kr.

Við áætlun á vaxtagjöldum ríkissjóðs fyrir árið 1983 er byggt á meginforsendum frv. um þróun viðkomandi vísitalna að því er tekur til verð- og gengistryggðra lána, auk þess sem nettóbreyting á skuldastöðu hefur að sjálfsögðu áhrif á vaxtatöluna. Heildarvaxtakostnaður ríkissjóðs er áætlaður 365 millj. kr. á árinu 1983 sem er hækkun um 102 millj. kr. eða 39% frá fjárlögum 1982. Vextir af lánum hjá Seðlabankanum lækka um 10 millj. kr. en áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 112 millj. kr. Alls eru vaxtagreiðslur til Seðlabankans áætlaðar 94 millj. kr. og skiptast þannig að af umsömdum þremur skuldabréfum eru vextir áætlaðir 9,0 millj. kr. og af yfirdrætti á hlaupareikningi 85,0 millj. kr. Vextir af lánum ríkissjóðs hjá öðrum en Seðlabanka eru áætlaðir 271,0 millj. kr. árið 1983.

Eins og jafnan áður hefur á vegum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Ríkisendurskoðunar verið unnið að margs konar hagsýslu- og hagræðingarverkefnum. Á vegum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hafa verkefnin einkum beinst að aukinni skipulags- og rekstrarhagræðingu hjá einstökum ríkisstofnunum. Á þessu ári hefur meðal annars verið unnið að athugunum á starfsemi Landmælinga Íslands og hefur verið unnið að endurskipulagningu á stjórnun, fjármálum og húsnæðismálum stofnunarinnar. Þá er nú í gangi umfangsmikil athugun á starfsemi og skipulagi Námsgagnastofnunar. Helstu þættir sem þar koma til athugunar eru: Skipulags- og stjórnunarleg uppbygging stofnunarinnar, athugun á starfsemi Skólavörubúðarinnar, húsnæðismál o. fl. Af öðrum verkefnum á vegum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar má nefna að nýlega hefur farið af stað athugun á starfsemi Landhelgisgæslunnar þar sem stjórnunarleg uppbygging stofnunarinnar hefur verið til athugunar svo og önnur hagræðing í rekstri.

Ég hef nú rakið í stórum dráttum efni fjárlagafrv. og stöðu ríkisfjármála. Síðar gefst tækifæri til að fjalla um hinn þátt ríkisfjármálanna, þ. e. þann sem snýr að starfsemi fjárfestingarsjóða og lánsfjármögnuðum framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs.

Nú er unnið að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 og verður hún væntanlega lögð fyrir Alþingi að nokkrum vikum liðnum. Það hefur farið nú sem oft áður að seint hefur gengið að afla upplýsinga um áform og áætlanir fjárfestingarsjóða og stærstu framkvæmdaaðila svo að lánsfjáráætlun gæti legið fyrir í þingbyrjun. Til þess að svo geti verið þurfa gögn öll að liggja fyrir ekki síðar en í ágústlok. Hins vegar bárust fyrstu áætlanir Seðlabankans um innlendan lánsfjármarkað ekki fyrr en í byrjun október og tillögur Framkvæmdasjóðs um fjáröflun og lánveitingar sjóðanna bárust ekki fyrr en um miðjan seinasta mánuð svo að tvö dæmi séu nefnd. Fullunnin framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar er rétt að berast þessa dagana svo að þriðja dæmið sé nefnt. Er þegar ljóst að lánsfjáráætlun verður seinna á ferðinni nú en á s. l. ári.

Flestir munu á einu máli um að greiðslubyrði af erlendum skuldum sem hlutfall útflutningstekna sé að verða óskyggilega þung. Mjög veruleg hækkun þessa hlutfalls stafar sumpart af háum vöxtum erlendis, en sumpart af því að deilitalan í hlutfallinu, útflutningstekjur þjóðarinnar, sem standa undir lánunum, hafa dregist saman í svip. Í þjóðhagsáætlun kemur fram að horfur eru nú á að viðskiptahalli þjóðarbúsins á þessu ári geti numið 3 100 millj. kr. eða 10,5% af vergri þjóðarframleiðslu og verði ekki þeim mun meiri breyting á aðstæðum verður einnig verulegur viðskiptahalli á árinu 1983. Þetta ræðst þó talsvert af því hvort tekst að draga nægilega úr innflutningi í kjölfar efnahagsaðgerða ríkisstj.

Það er nokkuð í tísku að tala um að þjóðin hafi farið of geyst í erlendum lántökum á undanförnum árum. Og víst er það rétt að ýmis dæmi eru til um hæpnar fjárfestingar sem fjármagnaðar hafa verið með erlendum lánum. En yfirgnæfandi meiri hluti erlendra lána, sem tekin hafa verið undanfarin ár, hefur farið til arðbærra framkvæmda sem oftast afla eða spara þjóðinni gjaldeyri. Ef erlendar lántökur hefðu átt að vera verulega minni en varð hefði verið óhjákvæmilegt að skera niður orkuframkvæmdir í stórum stíl, bæði raforku- og hitaveituframkvæmdir. Var vilji fyrir því í nokkrum stjórnmálaflokki og hefði það verið skynsamlegt? Svarið er vafalaust neitandi. Ég held satt að segja að á engu sviði fjármála sé jafnmikið meiningarlaust snakk á ferðinni eins og einmitt þegar erlendar lántökur ber á góma. Menn segja gjarnan eitt og vilja allt annað.

En er ekki kjarni málsins þessi: Erlendar lántökur til arðbærra framkvæmda, sem standa sjálfar undir afborgunum og vöxtum í framtíðinni, eru óhjákvæmilegar og skynsamlegar. Innlenda fjármögnun þarf að auka sem mest og hafa það sem meginviðmiðun að lántökur í A-hluta framkvæmdir, lánsfé húsbyggjenda og rekstrarlán fyrirtækja komi af innlendu fé. Þetta er þó ekki alltaf mögulegt eins og nýleg dæmi um rekstrarvanda Járnblendiverksmiðjunnar sýna. Þegar stærstu fyrirtækin eiga í hlut reynist íslenskt bankakerfi ekki alltaf vera vandanum vaxið. En umfram allt verðum við að koma í veg fyrir, að ofan á erlendar lántökur til þjóðnýtra, arðbærra framkvæmda bætist gjaldeyrislán í stórum stíl sem stafa af því einu að þjóðin flytur inn meira en hún flytur út. Það er þessi skuldasöfnun sem oft hefur átt drjúgan þátt í að lyfta greiðslubyrði erlendra lána og skuldastöðunni út á við til óskyggilegra hæða.

Efnahagsaðgerðir ríkisstj. beinast einmitt sérstaklega að því að draga úr viðskiptahallanum sem nú er að myndast. Þeir sem ætla sér að koma í veg fyrir að brbl. ríkisstj. nái fram að ganga eru því um leið ábyrgari fyrir því en aðrir, ef erlend lán verða tekin á næsta ári í stórum stíl til að vega upp á móti viðskiptahalla. Eru menn reiðubúnir að bera þá ábyrgð? Vonandi ekki.

Herra forseti. Ég var spurður að því nýlega á blaðamannafundi hvort fjárlagafrv. væri kreppufrv. Ég svara því hiklaust játandi. Ekki dugir að stinga höfðinu í

sandinn. Það kreppir að meira en nokkru sinni fyrr um langt skeið og þá hljóta fjárlög að bera þess vott m. a. með samdrætti framkvæmda. Ef við getum siglt í gegnum aðvífandi kreppuboða án atvinnuleysis, án stöðvunar atvinnuvega og án niðurskurðar á félagslegri þjónustu við fólkið í landinu, þá megum við svo sannarlega þakka fyrir, jafnvel þótt við verðum að slá eitthvað af hraða framkvæmda og hægja lítillega á framfarasókn.

Að endingu vil ég þakka hagsýslustjóra, Magnúsi Péturssyni, og starfsliði Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir framúrskarandi störf að undirbúningi þessa frv. Leyfi ég mér svo að leggja til að lokum að frv. verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1983 var rætt á Alþingi við nokkuð óvenjulegar aðstæður. Ríkisstj. hefur ekki lengur þingfylgi til þess að koma fram brbl. um efnahagsráðstafanir frá því í sumar og treystir sér ekki til þess að leggja brbl. fyrir Alþingi, en vitaskuld hafa þessi brbl. töluverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs árið 1983. Þá hefur komið í ljós hér á Alþingi síðustu daga, að mikill ágreiningur er meðal stuðningsmanna hennar um síðustu aðgerðir í efnahags- og peningamálum, sem m. a. eru forsenda þeirrar þjóðhagsáætlunar sem forsrh. lagði fram á Alþingi í s. l. viku fyrir hönd ríkisstj.

Ráðherrar hafa lýst sig andvíga þeim vaxtaákvörðunum, sem Seðlabankinn ákvarðaði að höfðu samráði við ríkisstj., og einn þeirra ráðh. er einmitt hæstv. fjmrh., sem hefur nýlokið við að tala fyrir fjárlagafrv. fyrir 1983, sem einmitt grundvallast á þeirri efnahagsstefnu, sem kynnt er í þjóðhagsáætluninni, sem ríkisstj. hefur lagt fram. Hæstv. fjmrh. lýsti því hér yfir, sérstaklega aðspurður, að það væri rétt skilið, sem eftir honum væri haft í útvarpi fyrir nokkru, að hann væri andvígur því sem Seðlabankinn hafði þá gert og kemur svo nú fyrir Alþingi og mælir fyrir fjárlagafrv., sem byggir á þjóðhagsáætlun, sem gerir ráð fyrir þeim aðgerðum, sem Seðlabankinn ákvarðaði í þessari viku.

Í þjóðhagsáætluninni, sem lögð var fram, stendur, með leyfi forseta, á bls. 7:

„Þar þarf að tryggja viðunandi ávöxtunarkjör sparifjár í formi verðtryggingar og vaxta og koma á sem mestu samræmi milli vaxta og verðtryggingarkjara á útlánum. Þetta felur í sér breytingu á vöxtum óverðtryggðra inn- og útlána við núverandi aðstæður. Einnig er nauðsynlegt að gera breytingar á reglum og kjörum viðskipta innlánsstofnana við Seðlabankann til þess að herða aðhald að útlánum innlánsstofnana. Með hinum nýju reglum verður að gera kröfu til innlánsstofnana um aðlögun til jafnvægis í rekstri þeirra."

Hér er eins og heyra má eitt grundvallaratriði í þeirri efnahagsstefnu sem þjóðhagsáætlunin gerir grein fyrir. Ég hygg að það hafi hvergi gerst og það geti hvergi gerst nema hjá þeirri ríkisstj. sem hér situr við völd, að fjmrh. tali fyrir fjárlagafrv. um leið og hann lýsir sig andvígan þýðingarmiklum þáttum þjóðhagsáætlunar ríkisstj. sem hann situr í.

Þá er það óvenjulegt nú, þegar fjárlagafrv. er rætt, að ríkisstj. hefur ekki á vísan að róa til stuðnings þeim tekjufrumvörpum sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að framlengd verði og tekjuhlið frv. er byggð á. Það er ljóst af hálfu okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu, að það verður ekki um stuðning að ræða nú frekar en áður við framlengingu þessarar auknu skattheimtu.

Vegna þessa ástands, sem nú ríkir í þjóðfélaginu í efnahags- og atvinnumálum og er afleiðing rangrar stjórnarstefnu og mikilla mistaka, er ljóst að forsendur þessa fjárlagafrv. taka ekki til þess raunveruleika sem við blasir. Frv. er að gerð til svipað fyrri frv. þessarar hæstv. ríkisstj., sem öll hafa borið einkenni vinstri stefnu í efnahagsmálum.

Af fyrstu aðgerðum ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar í sept. 1978 mátti ráða hvert stefnt yrði í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Alþb., Framsfl. og Alþfl. reyndist auðvelt að ná saman um ómengaða vinstri efnahagsstefnu, sem hafði í för með sér aukna skattheimtu, sem þrengdi afkomu heimilanna og atvinnuveganna, aukinn tilflutning fjármuna milli aðila í þjóðfélaginu, sem leitt hefur m. a. til rangrar verðmyndunar á framleiðslu, aukningu ríkisumsvifa, sem dregið hefur úr sjálfstæði einstaklinga og atvinnuvega, og auknar erlendar lántökur, sem m. a. hefur verið varið til óarðbærrar fjárfestingar. Afleiðingar þessarar efnahagsstefnu komu strax fram. Birtust þær í vaxandi verðbólgu, eins og gerst hafði 1971 þegar Ólafur Jóhannesson myndaði sína fyrri vinstri stjórn.

Núv. ríkisstj. hefur ekki aðeins haldið þessari vinstri efnahagsstefnu, heldur gengið sýnu lengra í aukinni skattheimtu, auknum millifærslum, aukningu ríkisumsvifa og auknum erlendum lántökum. Það hefur leitt til þess að verðbólgan herjar nú á allt þjóðfélagið með þeim hætti að grundvöllur atvinnuveganna í landinu er brostinn og afkomu þeirra þar með stefnt í hættu.

Það voru vissulega fögur fyrirheit sem gefin voru af ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens í upphafi til þess að rétta við hallann á þjóðarskútunni. Verðbólguvandinn skyldi þá tekinn föstum tökum og þjóðinni var hátíðlega tilkynnt, að í lok ársins 1982 skyldi verðbólgan vera orðin svipuð og í viðskiptalöndum okkar. Það líður nú að lokum ársins 1982. Vitanlega hefur ríkisstj. enn tækifæri til þess að koma fram sínum áformum. Að vísu styttist óðum, en það má vel vera að ævintýrið á gamlárskvöld gerist aftur og við vöknum upp við það 1. jan. 1983 að verðbólgan á Íslandi sé komin niður í það sem hún er í okkar næstu viðskiptalöndum. (Gripið fram í.) Má vera að sumir hafi aldrei farið að sofa.

Í aths. við fyrsta fjárlagafrv. núv. ríkisstj. fyrir árið 1980 sagði í upphafi aths.:

„Meginverkefni ríkisstj. er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Jafnframt leggur ríkisstj. áherslu á að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör. Ríkisstj." — og nú kom það — „mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál."

Ríkisstj. gerir þar ennfremur grein fyrir nokkrum meginþáttum í efnahagsstefnu sinni, sér í lagi niðurtalningarformúlu Framsóknarflokksins, og segir:

„1) Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980" — og síðan er greint frá niðurtalningarreglunni.

„2) Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981.

3) Fyrir maí/júní 1980 skulu afgreiddar sérstakar

hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana" o. s. frv.

Í samræmi við þetta voru verðlagsforsendur fjárlagafrv. fyrir árið 1980 miðaðar við að verðhækkanir frá upphafi til loka árs 1980 yrðu 31% og meðalhækkun verðlags 1979 til 1980 45—46%. Hér var ætlunin að ganga hreint til verks og þjóðin látin vita að hverju var stefnt. Hver var svo niðurstaðan af þeim fögru fyrirheitum sem ríkisstj. setti sér í upphafi valdaferils síns og hvernig reyndist niðurtalningarleið Framsfl. fyrsta starfsár ríkisstj.?

Á árinu 1980 varð hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi árs til loka árs 58.9% í stað 31% sem voru áform ríkisstj. Meðalhækkun framfærsluvísitölu á árinu 1980 var 58.5% í stað 46%. Það var því langt í frá að ríkisstj. tækist á fyrsta valdaári sínu að ná fyrirheitum í efnahagsmálum og brugðust hrapallega ráðin um niðurtalninguna hjá Framsfl. En það var kannske til of mikils ætlast að þeim tækist á fyrsta ári að gera allt.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. fyrir árið 1981 segir að verðlagshækkanir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði um 42%, sem er nokkuð minni verðbólga en verið hefur nú um stund eins og það er orðað. Reyndin varð allt önnur, eins og 1980. Verðbólgan varð á árinu 1981 50.9% í staðinn fyrir 42.

Í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1982 gefst svo ríkisstj. upp við að gera grein fyrir stefnu sinni og áformum í verðlagsmálum á árinu 1982. Í stað þess að semja fjárlagafrv. þar sem reynt er að móta ríkisfjármálin sem lið í efnahagsaðgerðum til hjöðnunar verðbólgu var það frv. byggt á svokallaðri reiknitölu, en í grg. sagði:

„Reiknitala fjárlagafrv. varðandi hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli áranna 1981 og 1982." Og svo kemur undirstrikað: „Það skal tekið fram, að reiknitala fjárlagafrv. er ekki hugsuð sem verðbólguspá fyrir komandi ár. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 verða settar fram horfur um verðbólgu á komandi ári. Varla verður þó unnt að setja fram trausta spá um verðlagsþróun á árinu 1982 fyrr en fleiri efnahagslegar staðreyndir liggja fyrir, þ. á m. hvað gerist í komandi kjarasamningum."

Við skulum líta á staðreyndir málsins eins og þær blasa við okkur í dag. Hefur betur til tekist en hin tvö árin? Eru ríkisstj. og stjórnarflokkarnir nær loforðinu, sem ég vék að hér áðan, um stöðu mála í lok ársins 1982?

Í fjárlagafrv. er reynt að fela efnahagsstaðreyndir. Gert er ráð fyrir hækkun verðlags á milli áranna 1981 og 1982 um 50%. Hins vegar hefur það komið fram af hálfu Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka að verðbólgan á árinu 1982 væri ekki undir 60% frá upphafi árs til loka. Það er því ljóst að verðbólgan er miklu meiri nú þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 er til umræðu en ráðh. hafa viljað vera láta. Hinn 1. nóvember hækkar framfærsluvísitalan um 17%. Það þýðir að 87% verðbólga er í landinu. Ef byggingarvísitalan er skoðuð kemur út sama niðurstaða. Hækkun byggingarvísitölunnar síðustu þrjá mánuði segir að verðbólgan sé yfir 85%. Ef nánar er skoðað hve mikið framfærsluvísitalan hefur þá hækkað í tíð núv. ríkisstj. kemur í ljós að hún hefur rúmlega þrefaldast frá því í febrúar 1980, þegar ríkisstj. tók við völdum. Þegar þessar staðreyndir eru bornar saman við fyrirheitin í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens kemur fram svo ekki verður um villst að ríkisstj. hefur með engum hætti tekist að ná fram þeim markmiðum sem hún setti sér í upphafi um verðlagsmál. Þvert á móti hallast nú þjóðarskútan miklum mun meira en þegar bjarga skyldi heiðri Alþingis og ríkisstj. var mynduð.

Sá þáttur efnahagsmála sem ríkisstj. getur haft mest áhrif á eru ríkisfjármálin. Annars vegar er um að ræða ríkissjóð sjálfan, A-hluta fjárlaga, hins vegar er B-hlutinn, þjónustustofnanir með eigin fjárhag, opinberir fjárfestingarlánasjóðir og opinberar framkvæmdir samkvæmt lánsfjáráætlun. Það hefur ekki farið framhjá neinum hver skoðun ríkisstj. er á því hvar best hafi til tekist. Forsrh. svo og hæstv. fjmrh. hafa notað hvert tækifærið til að greina frá góðri rekstrarafkomu A-hluta ríkissjóðs. Það er rétt að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs hefur verið betri á árunum 1980 og 1981 en stundum áður. Í þessari umr. hafa ráðh. lagt áherslu á að greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs hafi verið hagstæð og þá eingöngu vitnað til skuldastöðu ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, sem hafi farið lækkandi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, enda þótt skuldin við Seðlabankann hafi hækkað í krónutölu.

Þegar rætt er um skuldastöðu A-hluta ríkissjóðs verður ennfremur að taka tillit til hverjar breytingar hafa orðið á öðrum lána- og greiðslufjárreikningum ríkissjóðs, ekki aðeins á bankareikningnum hjá Seðlabankanum. Þegar það er gert kemur allt annað í ljós en ráðh. hafa viljað vera láta. Það að gera dæmið upp út frá bankareikningi ríkissjóðs og gera ekki grein fyrir þeim umsömdu lánum sem A-hluti fjárlaganna, ríkissjóður, hefur tekið, gera ekki grein fyrir þeim viðskiptaskuldum sem ríkissjóður skuldar, er nokkuð svipað og ef einstaklingur, sem telur fram um áramót, teldi aðeins fram yfirdráttarskuld á hlaupareikningi, en sleppti öllum verðlánum og öðrum skuldum sem óumsamdar væru.

Hér áðan minntist hæstv. fjmrh. á skýrslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Mér er kunnugt um þessa skýrslu. En hún kemur ekki inn á það sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa verið að segja þegar að þeir hafa verið að tala um skuldastöðuna hjá ríkissjóði. Þessi skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ræðir um fjármagnsþörfina eftir útkomu hvers árs fyrir sig og metur hver þörfin var. Það hefur aldrei farið framhjá einum eða neinum hver var t. d. útkoma ársins 1975 í þeim efnum. En ég vil hins vegar benda á að í þessari skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru t. d. ekki með gjöld Kröfluvirkjunar, þar er Landsvirkjun ekki með, þannig að samanburðurinn og dæmið uppgert eins og þar er er ekki fullkomlega reiknað út frá ríkisreikningi okkar.

Ef skuldir ríkissjóðs A-hluta, í árslok 1977 eru skoðaðar eru þær samkvæmt ríkisreikningi 378 millj. kr., þar af 150 millj. við Seðlabankann. Nokkur hluti þessara skulda er spariskírteini og þau eru þar á nafnverði. Innlausnarverðmætið vita menn ekki raunverulega hvert er, en meta það. Ég mundi halda að ekki væri óeðlilegt að tala um skuldir ríkissjóðs upp á 450 millj. þar af leiðandi. Skuldir ríkissjóðs í árslok 1981 voru um 2300 millj., þar af 250 millj. við Seðlabankann. Þær hafa hækkað um 100 millj. Það sem þarna hefur gerst er einfaldlega það, að í staðinn fyrir að taka viðbótarlán hjá Seðlabankanum hafa verið tekin erlend lán. Erlendu lánin sem A-hlutinn skuldar 1975 eru 77,9 millj., en 1981 1 milljarður 506 millj. kr. Ef þessar tvær tölur, þannig fram settar, eru reiknaðar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu kemur út úr þeirri mynd að hér er um mjög svipað hlutfall að ræða sem skuld ríkissjóðs af þjóðarframleiðslu.

Hlutfall skuldar ríkissjóðs við Seðlabankann hefur

lækkað af þjóðarframleiðslu, sem liggur í hlutarins eðli þegar við höfum búið við 50—60% verðbólgu á hverju ári. En þegar þessi samanburður er gerður hefur ekki verið tekið tillit til þess að ýmsir sjóðir í B-hluta, sem fengu áður millifærslu frá A-hluta fjárlaga, hafa verið látnir taka til þess að fjármagna útgjöld sín lán sem ríkissjóður mun greiða, þannig að í raun og veru ætti að færa þessar lántökur með lántökum ríkissjóðs. Auk þess má benda á, að aukin skattheimta, sem þessi ríkisstj. hefur staðið fyrir, nemur sennilega 3.4 milljörðum á þremur árum eða um 80 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu, en þetta fjármagn, þessir skattar, hefur ekki verið notað til að lækka skuld ríkissjóðs, heldur hefur enn verið varið til aukinna rekstrarútgjalda hjá ríkissjóði, auk þess að, eins og ég gat um áðan, erlendar lántökur hafa verið auknar.

Ef þetta er borið saman liggur ljóst fyrir að skuldastaða ríkissjóðs í lok ársins 1981 er síður en svo betri en í lok ársins 1977, þrátt fyrir auknar skatttekjur. Þrátt fyrir auknar erlendar lántökur er hægt að benda á að vitlaus gengisstefna núv. hæstv. ríkisstj., þ. e. að gjaldeyrir hefur verið á útsölu mánuðum saman, hefur valdið því að ríkissjóður hefur haft miklar tekjur af innflutningi. Það er talið að á árinu 1981 sé hér um að ræða 2% af þjóðarframleiðslu, sem mundi nema um 400 millj. kr., og það er meira en sá afgangur sem menn eru að státa sig af. Þessu hefur haldið áfram árið 1982. Eins og hæstv. fjmrh. sagði í framsöguræðu sinni áðan er staða ríkissjóðs eftir níu mánuði þannig, að það er rekstrarafgangur sem nemur 120 millj. kr. En tekjur ríkissjóðs af þessum ástæðum munu vera á sama tímabili 200 millj., þannig að í raun og veru, ef við hefðum verið hér með rétta gengisskráningu og við hefðum ekki verið með þann óhemju viðskiptahalla sem hefur svo verið fjármagnaður með erlendri lántöku, væri 80 millj. kr. halli á ríkissjóði eftir fyrstu níu mánuðina.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa það sem Þjóðhagsstofnun segir um þessa stöðu:

„Hin mikla aukning innflutnings í fyrra hefur þannig skilað ríkissjóði drjúgum tekjum og má skýra allan rekstrarafgang ríkissjóðs árið 1981 með aukningu innflutningsgjalda umfram aukningu innflutnings."

Þetta segir á einföldu og skýru máli, að fjármögnun viðskiptahalla með erlendum lántökum hefur orðið til þess að gefa ríkissjóði miklar tekjur. Þannig hafa erlendar lántökur orðið til þess að skapa ríkissjóði rekstrartekjur og þær verða á árinu 1982, fyrstu níu mánuðina, 200 millj. kr.

Ef við höldum aðeins áfram og metum árið 1982 í sambandi við skuldir ríkissjóðs með tilliti til hlutfallsins frá 1977, þá get ég vel ímyndað mér, eins og því dæmi hefur verið lýst, að hlutfall skulda ríkissjóðs við lok ársins 1982 verði hærra en við lok ársins 1977. En þegar litið er á lántökur ríkisins í heild keyrir um þverbak. Með lánsfjáráætlun þeirri sem samin var 1976 var áformað að koma á fastri skipan á erlendum lántökum og þær samræmdust markmiði ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á hverjum tíma. Hvernig skyldi þarna hafa til tekist? Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa úr Fjármálatíðindum, 1. hefti þess árs, grein sem þar er rituð um efnahagsjafnvægi, verðbólgu og þjóðfélagsgerð af Bjarna Braga Jónssyni hagfræðingi. Hann segir:

„Á þessu síðasta tímabili frá 1975 hófst gerð almennra lánsfjáráætlana í framhaldi af fyrri framkvæmda- og fjáröflunaráætlunum allt frá 1963, og gilti hin fyrsta þessara nýju áætlana um árið 1976. Var vandamál erlendrar skuldasöfnunar í fyrstu tekið mjög alvarlega og það sett sem eitt helstu markmiða áætlananna að hafa hemil á henni. Bar það nokkurn árangur í fyrstu, en síðan hefur þessi viðleitni snúist í vonlitla varnarbaráttu, svo sem eftirfarandi talnaraðir sýna".

Erlendar skuldir þjóðarinnar í árslok 1977 voru 31.6% af þjóðarframleiðslu, en spáð er að á þessu ári fari það hlutfall í 45%. Það nemur 2 milljörðum 750 millj. kr. af þjóðarframleiðslu þessa árs. Greiðslubyrði erlendra lána sem hlutfall af gjaldeyristekjum var árið 1977 13.7%, en er nú áætlað að greiðslubyrðin verði 23% á þessu ári. Ef þannig eru lagðar saman skatttekjur ríkissjóðs í tíð núv. ríkisstj. og erlendar lántökur eins og þær hafa hækkað, hvort tveggja sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, er hér um að ræða 6 milljarða 250 millj. kr. Og útlitið sýnist vera enn dekkra á næsta ári.

Ríkisútgjöldin á tímabilinu 1978 til 1982 hafa farið vaxandi sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni. Er nú svo komið, að ríkið mun á árinu 1982 taka til sín stærri hluta af þjóðarframleiðslu en nokkru sinni fyrr. Á árinu 1983 má búast við að það taki til sín þriðjung þjóðarframleiðslunnar. Þriðja hver króna þjóðarframleiðslunnar mun fara í ríkisútgjöld.

Annað einkenni þessarar þróunar er að stærri og stærri hlutar ríkisútgjalda eru rekstrargjöld og tilfærslur fjármuna sem notaðar eru til að hafa áhrif á verðmyndun og verðbólguþróun. Þetta hefur leitt til þess, að minni hluti af heildarútgjöldum ríkisins fer til verklegra framkvæmda en áður, eða aðeins 10% af heildargjöldum ársins 1983 eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þetta gerist á sama tíma og skattheimta hefur aldrei verið meiri, lántökurnar aldrei verið meiri. Er nú svo komið að ekki er annað fjármagn hjá ríkissjóði til verklegra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða en það fjármagn sem hin aukna skattheimta skilar ríkissjóði á þessu ári. Haldi þessari þróun áfram má búast við því að ekkert verði af skatttekjum til þess að fjármagna byggingarframkvæmdir í framtíðinni, svo sem eins og skóla, heilsugæslustöðvar, dagvistunarheimili og allt annað, enda hefur fjármagn til þessara framkvæmda sífellt farið minnkandi, eins og fram hefur komið í ítarlegum nál. minni hl. fjvn. á undanförnum árum. Verði haldið fram sem nú horfir verður að fjármagna slíkar framkvæmdir eingöngu með erlendum lántökum.

Af fjárlagafrv. fyrir árið 1983 má sjá að óbreyttri vinstri stefnu skal fylgja á næsta ári. Ekki er ætlunin að nota ríkisfjármálin sem hagstjórnartæki í baráttunni við verðbólguna, enda algerlega gefist upp. Enn einu sinni er sett reiknitala sem verðlagsforsenda frv., sem öllum er ljóst að ekki er í neinu samræmi við það sem er að gerast í þjóðfélaginu í verðlagsmálum. Þær röngu verðlagsforsendur sem verið hafa í fjárlögum á s. l. árum hafa leitt til þess að rekstrargundvöllur fjölmargra ríkisstofnana er brostinn. Í því sambandi má benda á yfirlýsingar forustumanna ríkisstofnana, þar sem þeir lýsa ástandi þeirra og gera grein fyrir þeim miklu fjárhagsvandamálum sem við er að stríða, jafnvel svo að til stöðvunar þessara stofnana þurfi að grípa. Á sama tíma og þetta skeður hefur hið opinbera, að frumkvæði núv. ríkisstj., tekið að sér þjónustuverkefni sem kalla á aukið fjármagn til reksturs. Má ætla að í það stefni innan örfárra ára að enn þurfi að auka skattheimtu eða taka erlend lán til venju-

legra rekstrargjalda. Þetta hefur verið að gerast hjá okkur næstu nágrönnum á undanförnum árum og það veldur þeim nú erfiðleikum sem þeir sjá ekki fram úr.

Þetta frv. heldur áfram á þessari braut, að ekki sé tekið tillit til raunverulegra útgjalda ríkissjóðs til fjölmargra viðfangsefna. Halda á viðteknum hætti, að leysa fjárhagsvandamál fjölmargra stofnana með aukafjárveitingum utan fjárlaga. Með þess konar vinnubrögðum er verið að færa fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis og láta framkvæmdavaldinu og ríkisstj. það í hendur. En fjárveitingavaldið hefur Alþingi samkv. stjórnarskránni og því ber að hafa það. Óraunhæf áætlunargerð, eins og fjárlögin eru nú orðin, hlýtur að valda miklum erfiðleikum í allri fjármálastjórn hjá ríkissjóði og stofnunum ríkisins. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir auknum ríkisumsvifum og aukinni miðstýringu eins og fram hefur komið hjá sjálfseignarstofnunum í heilbrigðismálum. Á yfirstandandi ári verða ríkisútgjöldin hærri en nokkru sinni fyrr eins og ég gat um áðan. Á næsta ári er búist við því að þriðja hver króna af þjóðarframleiðslunni verði nýtt til ríkisútgjalda. Á árunum 1976 og 1977 voru ríkisútgjöldin 27% af þjóðarframleiðslu og meira að segja á árinu 1975, en það er eitt erfiðasta ár í efnahagsmálum á áratugnum, voru ríkisútgjöldin þó ekki nema 30,4%. En nú eru þau komin yfir 31%.

Í fjárlagafrv. hefur fjmrh. þó ekki komist hjá því að taka nokkurt mið af því efnahagsástandi sem er orðið og horfunum fram undan. Afleiðing þeirrar efnahagsstefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt og valdið hefur samdrætti, mun leiða til minni óbeinni skatta á næsta ári nema gert sé ráð fyrir ennþá meiri viðskiptahalla. Spyrja má hvort sú tekjuminnkun af innflutningi sem frv. gerir ráð fyrir sé nægjanleg eða hvort áformað sé að halda áfram á þeirri braut að viðskiptahallinn verði að hluta til fjármagnaður með erlendum lántökum og verði látinn skapa ríkissjóði tekjur til þess að hægt sé að guma af óraunhæfum og röngum samanburði í ríkisfjármálum. Þá fyrirhugar ríkisstj. að viðhalda öllum þeim sköttum sem settir hafa verið í tíð ríkisstjórna Ólafs Jóhannessonar og Gunnars Thoroddsens. Þessir skattar munu nema á árinu 1983 1,7—1,8 milljörðum eða 35 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

Vegna þeirra þrenginga sem verða hjá heimilum í landinu á næstunni hefði mátt búast við því að ríkisstj. — og þá sérstaklega þeir ráðherrar hennar sem telja sig fulltrúa hinna lægst launuðu — hefði beitt sér fyrir því að nokkur samdráttur yrði í útgjöldum hjá hinu opinbera og þannig yrði hægt að lækka skattbyrðina og bæta hag heimilanna. Þvert á móti ber frv. með sér að sú leið hefur ekki verið valin. Áfram er haldið þeirri skattastefnu sem fylgt hefur verið síðan síðla árs 1978. Því er einnig lýst yfir að skattbyrðin skuli vera hin sama á næsta ári. Það getur ekki orðið öðruvísi en verðbólgan verði yfir 60%. Ríkisstj. viðurkennir því með þessari yfirlýsingu uppgjöf enn eitt árið í röð. Sýnir það getuleysi hennar í stjórn efnahagsmála þjóðarinnar betur en nokkuð annað.

Aukin skattheimta hefði auðvitað átt að leiða til minni lántöku ríkisins. Svo hefur ekki verið. Eins og áður hefur verið á bent er enn haldið uppteknum hætti í þessu frv. að auka lántökur ríkissjóðs. Lántökur A-hluta ríkissjóðs hækka frá frv. fyrir árið 1982 úr 317 millj. kr. í 525, eða um 65%, og eflaust eiga lántökur eftir að hækka enn meira þegar lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 verður afgreidd. Í heild hækka gjaldaliðir frv. um 60,5% frá fjárlögum þessa árs, og reikna má með mikilli hækkun í meðferð þingsins, sérstaklega ef viðurkenna á raunveruleg rekstrargjöld hinna ýmsu stofnana ríkisins og lagfæra það misræmi sem er vegna rangra verðlagsforsendna. Í framhaldi af þeirri útþenslustefnu sem ríkisstj. fylgir er rekstrargjöldum ætlað að hækka um tæp 74%, þrátt fyrir vanáætlanir, og niðurgreiðslum um 80%. Er nú svo komið að tíunda hver króna af tekjum ríkissjóðs, eða um 1,1 milljarður kr., fer til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir. Er það nær sama fjárhæð og fer til verklegra framkvæmda hjá A-hluta ríkissjóðs. Á árinu 1977 runnu 20% af fjárlögum til verklegra framkvæmda A-hluta ríkissjóðs en samkv. þessu frv. er aðeins áformað að verja 10% til þeirra þátta.

Samkvæmt lögum frá 1979 ber að leggja lánsfjáráætlun fram með fjárlagafrv. Þegar fyrstu lánsfjáráætlanirnar voru gerðar gagnrýndu flokksbræður hæstv. fjmrh. það hversu síðbúin lánsfjáráætlunargerðin var. Þegar þeir komust í stjórnaraðstöðu á árinu 1979 skyldi gerð á þessu bragarbót. Til þess að koma í veg fyrir þann slóðaskap, sem þeir gagnrýndu, var það sett í lög að lánsfjáráætlun skyldi lögð fram með fjárlagafrv. Það var auðvitað gert, eins og sagt var, til þess að styrkja efnahagsstjórnina í landinu að lögfesta slíkt ákvæði. Reyndin er samt sú, að allt frá 1977 hafa lánsfjárlög aldrei verið samþykkt samhliða fjárlögum á Alþingi. Og ekki verður annað séð en sama hátt eigi að viðhafa nú og áður, enda er stjórn þessara mála í samræmi við hvernig staðið hefur verið við það lagaákvæði sem samþykkt var hér 1979.

Ríkisstj., sem mynduð var til að berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál, stendur nú uppi eftir þriggja ára valdaferil sjálfri sér sundurþykk, eftir að hafa mistekist flest ef ekki allt það sem hún setti á blað sem leiðarvísi fyrir ferð sína. Það sem þó er sýnu verst er að ríkisstj. er gersamlega ráðalaus og var kannske ekki við öðru að búast. Frá henni kemur ekkert frumkvæði sem snúið getur við þeirri óheillaþróun sem hún hefur staðið fyrir. Undirstöðuatvinnuvegirnir eru komnir í þrot. Vanrækt hefur verið að skapa þeim heilbrigð rekstrarskilyrði. Að ekki sé minnst á nýjar atvinnugreinar.

Ríkisstj. heldur því á lofti að hér á landi sé full atvinna og það sé meira en hægt sé að segja um ástandið hjá okkar næstu nágrönnum. Þetta er rétt svo langt sem það nær. Það væri hrikalegt ef ekki hefði tekist að bægja atvinnuleysisvofunni frá með þeirri miklu skattheimtu sem ríkisstj. hefur staðið fyrir. Á það má einnig benda að full atvinna var í landinu þegar ríkisstj. kom til valda. Það er hins vegar afar áleitin spurning um þessar mundir hvort atvinnuleysið sé ekki á næstu grösum, vegna þeirrar röngu stefnu í málefnum atvinnuveganna og efnahagsmálum þjóðarinnar sem framfylgt hefur verið af núv. ríkisstj. Við horfum upp á geigvænlega greiðsluerfiðleika hjá atvinnuvegunum sem eru að leiða til algerrar stöðvunar ýmissa fyrirtækja. Peningastofnanir eiga í miklum erfiðleikum með fjármagn vegna minnkandi sparnaðar. Eigi að snúa þessu dæmi við og endurreisa atvinnulífið í landinu og bægja frá atvinnuleysisvofunni, þá er tvennt sem kemur til greina. Hið fyrra er að skapa þau rekstrarskilyrði fyrir útflutningsatvinnuvegina að þeim sé kleift að skila arði til uppbyggingar. Hið síðara er að skapa nýjar atvinnugreinar, sem grundvallast á orku-

nýtingu, til framleiðslu á útflutningsvörum.

Á meðan við völd situr ríkisstj. þar sem ráðherrar tala í sína áttina hver, sína tunguna hver og engin samstaða er fyrir hendi, sem nauðsynleg er til að þjóðin verði leyst úr þessum fjötrum, getum við ekki búist við að hér verði breytingar á. Hvað er til ráða? Það er endurreisn atvinnulífsins, efling atvinnulífsins á grundvelli innlendra orkugjafa. Því verður hins vegar ekki hrundið í framkvæmd nema með breyttri stjórnarstefnu sem byggir á hugviti og framtaki einstaklingsins og hafnar miðstýringarforsjá þeirrar ríkisstj. sem stendur að því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Mér finnst viðkunnalegra að einhverjir úr hæstv. ríkisstj. séu viðstaddir þegar umræður fara fram um fjárlög. Að vísu eru hæstv. ráðherrar ekki nema tíu, en einhver þessara tíu hlýtur að geta verið við. Ég vildi gjarnan biðja hæstv. forseta að athuga hvort það hefur kannske farið fyrir þeim eins og negrastrákunum að þeir séu allir horfnir. (**Forseti JH:** Ég hef óskað eftir að hæstv. fjmrh. komi.) Mér er svo sem sama um hina níu, það er í lagi ef hæstv. fjmrh. gæti komið.

Í upphafi ræðu sinnar fjallaði hæstv. ráðh. nokkuð um almenn efnahagsmál í framhaldi af ræðu hæstv. forsrh. um stefnu ríkisstj. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma, þó að full ástæða væri til, heldur einvörðungu að láta mér nægja að koma að þeim þætti í málflutningi hæstv. ráðh. beggja þar sem látið er í það skína að sú öfugþróun, eins og þeir kalla það, sem orðið hefur í þjóðarbúskap okkar á því ári sem nú er að líða, hafi komið mjög á óvart seinnipart sumars, eftir þeirra málflutningi að dæma, ekki hafi verið nein ástæða til að ætla að þannig mundi fara eða gæti farið. Sjálfur forsrh. hefur sérstaklega tekið fram í þessu sambandi að sú áætlun, sem hæstv. ríkisstj. hafi reist efnahagsstefnu sína á og lögð var fram á s. l. hausti, hafi reynst gróflega röng. Þar á hann við þjóðhagsáætlun ríkisstj. fyrir árið 1982. Hæstv. forsrh. hefur sagt opinberlega að sú áætlun sé Þjóðhagsstofnunar og hafi gefið mjög ranga mynd af því árferði sem síðan hafi reynst á árinu 1982. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að leiðrétta þessar upplýsingar. Þjóðhagsáætlunin sem lögð var fram haustið 1982 er ekki áætlun Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsáætlun þessi var upphaflega samin af Þjóðhagsstofnun, en hæstv. forsrh. breytti áætluninni sem kom frá Þjóðhagsstofnun svo mikið að Þjóðhagsstofnun óskaði eftir því að hún yrði ekki við þá áætlun kennd. Þess vegna var Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 dreift hér til okkar þingmanna ekki sem áætlun Þjóðhagsstofnunar heldur sem áætlun hæstv. ríkisstj. og forsrh. Það kom m. a. fram í þessari áætlun að undir öllum töflum, sem þar voru birtar, stóð: „Heimild Þjóðhagsstofnunar". Það var m. ö. o. hið eina í þessari áætlun sem Þjóðhagsstofnun vildi við kannast. Því kemur mönnum nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar hæstv. forsrh. ætlar nú að kenna Þjóðhagsstofnun um þá röngu áætlun sem með þessum hætti var lögð fram haustið 1982. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi koma á framfæri. Sú áætlun sem hæstv. forsrh. kvartar yfir að hafi reynst röng var ekki áætlun Þjóðhagsstofnunar, heldur áætlun sem hann hafði samið sjálfur og stofnanir sem hæstv. ríkisstj. styðst við, eins og Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki, vildu ekki láta kenna sig við.

Í öðru lagi er það einnig rangt að mjög hafi komið á óvart sú þróun sem orðið hefur í ytri aðstæðum, m. a. varðandi afla á árinu 1982. Það er ekki rétt að hæstv. ríkisstj. hafi ekki um þessa þróun vitað fyrr en seint á s. l. sumri. Við í stjórnarandstöðunni höfum að sjálfsögðu miklu verri aðstæður til að fylgjast með áliti og spám sérfræðistofnana en hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar sem hana styðja. Samt sem áður get ég vottað það fyrir hönd okkar stjórnarandstæðinga að þegar í upphafi núlíðandi árs, 1982, fórum við að fá í hendur skýrslur bæði frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun sem gáfu til kynna að stefndi í þá átt sem raun varð á. Strax í mars var t. d. í ljós komið að ekki væri óhætt að byggja á þeim spám um aflaverðmæti vegna loðnuafla sem fyrri áætlanir höfðu byggst á. Og þegar í maí s. l. var komið í ljós að ekki mundu rætast vonir manna um enn aukinn þoskafla á þessu ári frá árunum á undan. Í maímánuði á s. l. vori, rétt í þann mund er Alþingi lauk störfum, var sem sé orðið alveg ljóst hver framvindan á árinu 1982 mundi verða. Þá þegar voru öll atriði þeirrar þróunar þekkt og ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstj. hafi ekki verið gert viðvart um þá þróun þegar ég get borið um það sjálfur — og sjálfsagt ýmsir staðfest það úr hópi stjórnarandstæðinga — að okkur var gert viðvart um þetta.

Hinn 22. júní í sumar var síðan gefin út ný spá um afkomu þjóðarbúsins og aflahorfur á árinu 1982. Þá var sem sé skýrt opinberlega frá því sem ríkisstj. og stjórnarandstaðan höfðu vitað um og rætt í heilan mánuð. Staðreyndin er því sú að það hefur ekkert í þessari þróun komið á óvart. Meginatriði hennar voru ljós strax í vor, sum áður en lánsfjárlög voru samþykkt, önnur um svipað leyti og Alþingi lauk störfum á s. l. vori.

Hitt er hins vegar rétt í málinu, að þó að ríkisstj. hafi verið gert þetta allt saman ljóst á tímabilinu mars—maí náði hún ekki þá fremur en áður eða síðar neinu samkomulagi um hvaða viðbrögð hún ætti að hafa uppi við þeirri þróun sem henni var tilkynnt að fyrirsjáanleg væri. Ríkisstj. gerði ekki neitt allan þennan tíma til að aðlaga stefnuna þeim breytingum sem orðið höfðu frá þjóðhagsáætlun — ekki Þjóðhagsstofnunar heldur hæstv. forsrh.

Nú ætla þessir herramenn síðan að koma og kenna öðrum um. Þeir ætla að halda því fram, eins og hér hefur verið gert að sérfræðistofnanir þjóðfélagsins hafi gerst sekar um að láta ekki ríkisstj. vita í hvaða óheillahorf stefndi fyrr en allt of seint. Auðvitað er ekki hægt að hafa slíkar afsakanir uppi með neinum rökum. Hins vegar er kannske skiljanlegt, þó ekki sé það stórmannlegt hjá hæstv. ríkisstj. sem hefur ekki komið sér saman um neinar aðgerðir allan þann tíma sem þessi niðurstaða lá fyrir, að hún vilji kenna öðrum um.

Annað dæmi um hvernig á málinu er haldið kom glögglega fram í sambandi við þær vaxtaákvarðanir sem Seðlabankinn hefur tekið. Með bréfi 11. ágúst s. l. var ríkisstj. gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðin var í peningamálum og tillögum Seðlabankans um hvernig mætti snúa þeirri öfugþróun við. Þessar tillögur hafði hæstv. ríkisstj. á borðinu hjá sér í tíu vikur. Á þeim tíu vikum kom hún sér ekki saman um neina tillögugerð eða neina afstöðu til þeirra tillagna sem fyrir henni lágu. Þegar Seðlabankann loksins þraut örendið og ákvað að grípa til þeirra úrræða sem hann hafði lagt fyrir ríkisstj. héldu hæstv. ráðherrar því fram að þetta hefði komið þeim á óvart. Höfðu þeir þó haft þessar tillögur í heilar tíu vikur á borðum sínum. Sýnir þetta enn hvernig hæstv.

ráðherrar skjóta sér á bak við sérfræðistofnanir í þjóðfélaginu, sem eiga að vera hæstv. ríkisstj. til ráðuneytis, og nota þær sem skálkaskjól fyrir því að hæstv. ríkisstj. kemur sér ekki saman um eitt eða neitt. Þetta vildi ég láta koma fram án þess að fara lengra út í þá sálma að ræða almennt um efnahagsmál í þjóðfélaginu.

Að lokum vildi ég þó aðeins benda mönnum á þá athyglisverðu staðreynd að það virðist meira að segja mega draga þá ályktun að hæstv. ráðherrar lesi ekki þau gögn sem þeir leggja fyrir okkur alþingismenn sem stefnuyfirlýsingu sinnar eigin ríkisstjórnar. Fyrir nokkrum dögum lagði hæstv. ráðh. enn fram á Alþingi sem sína áætlun og ríkisstj. þjóðhagsáætlun fyrir árið 1983. Okkur alþingismönnum var afhent þessi áætlun sem boðskapur um stefnu ríkisstj. Eins og hér hefur þegar verið getið af hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen er á bls. 7 í þessari áætlun boðuð sú stefna að óhjákvæmilegt sé að grípa fljótlega til hækkunar á vöxtum og verðtryggðra inn- og útlána. Þessi stefna var okkur tilkynnt að væri vilji hæstv. ríkisstj. Síðan koma menn eins og hæstv. fjmrh. og lýsa því yfir að þessi boðskapur, sem við fengum í hendur fyrir nokkrum dögum, lýsi ekki afstöðu þeirra. Ekkert hefur áður vitnast um það að t. d. hæstv. fjmrh. og flokksbræður hans í ríkisstj. hafi einhverjar athugasemdir að gera við þá þjóhagsáætlun sem hæstv. forsrh. lagði fram fyrir nokkrum dögum í þeirra nafni. Þetta getur ekki bent til annars en að hæstv. ráðherrar lesi ekki einu sinni þau plögg sem eru lögð fyrir Alþingi í nafni ríkisstj. og eiga að boða stefnu þeirrar sömu ríkisstjórnar. Þá rís sú spurning: Hvenær mega menn taka mark á stefnuyfirlýsingum hæstv. ríkisstj.? Hvenær meinar hæstv. ríkisstj. það sem hún segir og hvenær meinar hún það ekki? Ef ekki má skoða þjóðhagsáætlun forsrh. sem yfirlýsingu ríkisstj. um hvað hún hyggst gera, hversu mikið mark eiga menn þá t. d. að taka á fjárlagafrv. hæstv. fjmrh.? Er nokkuð meira mark takandi á þeim boðskap sem þar er að finna en þeim boðskap sem er að finna í þjóðhagsáætlun hæstv. forsrh.?

Áður en ég kem að efnisatriðum núv. fjárlaga og forsendum þeirra er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um hvernig þær forsendur hafa staðist sem núgildandi fjárlög eru byggð á. Áætlun um verðlagshækkanir í fjárlögum yfirstandandi árs eða verðlagsspá þess fjárlfrv. var 33%. Verðlagshækkanir á árinu 1982 munu hins vegar reynast yfir 50%. Spánni skeikar því um tæpan helming frá raunveruleikanum. En það er ekki aðeins að spánni skeiki að þessu leytinu til heldur hafa útgjöldin hjá hæstv. fjmrh. verið mjög miklu meiri þetta ár. Hæstv. fjmrh. og fylgismenn hans hafa hrósað sér mjög að því að aðhaldi hafi verið beitt í ríkisrekstrinum. En raunin er sú að útgjöld ríkisins á árinu 1982 munu hækka allverulega meira en verðhækkunum nemur á því ári. Útgjöldin munu hækka um ca. 58% á sama tíma og almennar verðhækkanir, mældar á sömu vog, munu nema réttum 50%. Stjórnin hjá hæstv. fjmrh. á útgjöldum ríkissjóðs hefur ekki verið betri en svo að útgjöldin hafa aukist mjög verulega fram yfir almennar verðhækkanir á árinu. Og þá rís auðvitað sú spurning: Hvernig stendur á því að hæstv. fjmrh. telur sig geta sýnt hagstæða afkomu ríkissjóðs á þessu ári, þó að sú sé raunin að útgjöldin hafi vaxið meira hjá honum en nemur almennri verðlagsþróun á árinu? Þó að sú sé raunin að honum hefur ekki tekist að sýna það aðhald í ríkisrekstrinnum að útgjaldaaukning hafi haldist í hendur við almenna verðlagsþróun á árinu? Skýringin er mjög einföld. Skýringin er sú að á fyrstu mánuðum ársins, eða alveg fram til mánaðamóta sept.—okt., hafa tekjur ríkissjóðs vaxið meira en útgjöldin og miklu meira en almennri verðlagsþróun nemur. Og hver er skýringin á því? Ekki hafa verið lagðir á neinir nýir skattar á yfirstandandi ári. Hvers vegna hafa þá tekjurnar vaxið svona langt umfram útgjöldin og umfram þá verðlagsþróun sem átt hefur sér stað? Skýringin er ákaflega einföld. Almennur vöruinnflutningur hefur aukist að magni til á yfirstandandi ári um 10% og vöruinnflutningur neysluvöru, þar með taldar bifreiðar, hefur aukist að magni til á árinu á föstu verðlagi um 14%.

Þetta er, hæstv. fjmrh., meginskýringin á hinum alvarlega viðskiptahalla sem hæstv. ríkissj. kvartar nú yfir. Ýmis verðmæti og neysluvörur hafa streymt inn í landið á undanförnum mánuðum, m. a. í skjóli þeirrar gengisstefnu sem hæstv. ríkisstj. fylgir. Þessar almennu neysluvörur hafa aukist að magni til um 14% á fyrstu níu mánuðum ársins og þessi innflutningur hefur bjargað ríkissjóði hjá hæstv. ráðh. M. ö. o., sá vandi sem hæstv. ráðh. segir að sé aðallega við að fást í okkar þjóðarbúskap á árinu 1982, hinn stórkostlegi viðskiptahalli sem myndast hefur á því ári, hefur bjargað fjárhag ríkissjóðs. Viðskiptahalli myndast vegna hins mikla innflutningsstreymis neysluvöru langt umfram það sem eðlilegt er. Þessi mikli innflutningur neysluvöru hefur orsakað að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hafa vaxið langt fram úr almennri verðlagsþróun í landinu og það hefur gert hæstv. fjmrh. fært að sýna fram á hagstæða afkomu ríkissjóðs fram undir þetta. En samt — og vísa ég þá til bls. 20 í þjóðhagsáætlun hæstv. forsrh. — efast menn um að takist að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum á þessu ári.

Það er talsvert alvarlegt þegar svo er háttað rekstri ríkissjóðs að atburðir sem eru að setja þjóðarbúið á vonarvöl skuli geta komið fram sem hagnaður hjá ríkissjóði. Það er staðreynd, sem hæstv. ríkisstj. segir að sé alvarlegasta efnahagsmeinsemd í okkar þjóðfélagi, að á árinu 1982 hefur myndast stórkostlega alvarlegur viðskiptahalli við útlönd, m. a. vegna feiknamikils innflutnings á neysluvöru á því ári vegnna gengisstefnu hæstv. ríkisstj. Þessi staðreynd, þessi alvarlegi vandi er leiddur svo gersamlega fram hjá ríkissjóði að hann kemur fram í ríkisbókhaldinu sem stórkostlegur hagur fyrir ríkissjóð. Þannig getur sú undarlega staða komið upp að hreint þjóðargjaldþrot í erlendum viðskiptum lýsi sér sem stórkostlega góð afkoma hins íslenska ríkissjóðs. Með þessum hætti eru erfiðleikar í þjóðarbúskapnum færðir fram hjá ríkiskassanum sjálfum. Með þessum hætti er hagur ríkissjóðs sýndur góður þó að hagur þjóðarbúsins sé kominn á vonarvöl.

Og þetta, herra forseti, er skýringin á því að þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki tekist að halda útgjöldum ríkisins neitt í samræmi við almennar verðlagshækkanir í landinu, heldur farið talsvert fram yfir, skuli ekki koma fram í hallarekstri ríkissjóðs hinn mikli viðskiptahalli sem á árinu hefur skapast. Viðskiptahallinn, þjóðarvandinn hefur orðið búhnykkur fyrir hæstv. fjmrh.

Í öðru lagi byggðust fjárlög yfirstandandi árs á þeirri áætlun að meðalhækkun á erlendum gjaldmiðlum færi ekki fram úr 24% miðað við íslensku krónuna. Þessi forsenda hefur ekki staðist betur hjá hæstv. ríkisstj. en svo, að meðalhækkun erlendra gjaldmiðla mun á yfirstandandi ári nema 57,8%. Einnig í þessu tilliti hefur því áætlun hæstv. ríkisstj. reynst meira en helmingi of lág.

Gjaldeyririnn hefur hækkað, krónan hefur fallið um ca. 50% þegar fjárlög eru reist á því að verðgildi krónunnar falli ekki á árinu nema um tæplega helming af því.

Þriðja forsendan fyrir fjárlögum yfirstandandi árs var sú áætlun hæstv. fjmrh. að skattbyrði héldist óbreytt. Í umr. um fjárlagafrv. í fyrra sýndi ég fram á að svo gæti ekki orðið. Niðurstaðan nú staðfestir það. Á bls. 19 í þjóðhagsáætlun er því lýst yfir að skattbyrði hafi þyngst á árinu 1982, eins og ég sagði fyrir um að verða mundi. Þess er hins vegar ekki getið í þjóðhagsáætluninni hversu mikið skattbyrðin hafi aukist á árinu 1982. Þess vegna vil ég koma þeirri spurningu á framfæri við hæstv. fjmrh. að hann upplýsi okkur um þetta. Hann hélt því fram fyrir einu ári og byggði fjárlagafrv. sitt á því að þetta mundi ekki gerast.

Fjórða forsenda fjárlaga yfirstandandi árs var sú, að kaupmáttur almennings héldist óbreyttur. Það var einn megintilgangur hæstv. ríkisstj. í fjárlagafrv. sem hún lagði fram á s. l. ári. Hver hefur raunin orðið? Raunin hefur orðið sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna mun á yfirstandandi ári minnka um 1—2% og kaupmáttur umsaminna launa hefur hrapað úr 134 stigum árið 1974 í 121 stig síðasta ársfjórðung ársins 1981 og er áformað að kaupmáttur lækki a. m. k. um 6% á næsta ári. M. ö. o.: hæstv. núverandi ríkisstjórn er löngu búin að gera ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar góða. Hæstv. fjmrh. getur ekki einu sinni gert sér vonir um að alþýðufólkið í landinu komist með tærnar þar sem að það hafði hælana kaupmáttarlega séð á því heita vori þegar Alþfl. og Alþb. felldu ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar.

Menn geta haldið því fram að þetta gefi aðeins mynd af því að verðmætin til skiptanna til þjóðfélagsþegnanna á þessu tímabili hafi verið að minnka og komi fram í rýrnandi kaupmætti umsaminna launa á þessu ári. Það er ekki svo, því á sama tíma og kaupmáttur kauptaxta rýrnaði úr 134 stigum 1974 í 121 stig 1981 hafa helstu framleiðslugreinar þjóðarinnar, sem hún byggir á fjárhagslegt sjálfstæði sitt, skilað stórauknum afköstum. Á sama tíma hefur t. d. togaraflotinn aukið afla á úthaldsdag úr 7,9 tonnum í tæplega 12 tonn. Þetta hefur skilað feikilega auknum verðmætum inn í þjóðarbúið. Þau hafa ekki komið almenningi til góða, þau hafa ekki komið til skiptanna, vegna þess að á sama tíma og þessum feikilegu verðmætum hefur verið skilað inn í þjóðarbúið til aukningar frá ári til árs hefur kaupmáttur umsaminna launa hrapað. Þetta, herra forseti, eru nokkrar helstu forsendur sem fjárlög yfirstandandi árs voru byggð á.

Skýringin á því að fjárlögin skuli ekki hafa hrunið þó að forsendurnar hafi hrunið er, eins og ég áðan sagði, sú, að hinn mikli viðskiptahalli, sem skapast hefur á árinu 1982, hefur komið fram sem búhnykkur fyrir ríkissjóð. Ástæðan fyrir því að ríkissjóður stendur, þrátt fyrir að allar forendur fjárlaga frá því í fyrra hafi hrunið, er einfaldlega sú, að búið hefur verið til stórkostlegt vandamál í okkar þjóðarbúskap með viðskiptahalla, sem hæstv. fjmrh. sjálfur hefur margoft lýst. Það vandamál hefur orðið búhnykkur fyrir ríkissjóð, þó svo þjóðin stefni í gjaldþrot.

Í ljósi þessa hljótum við að ræða það fjárlagafrv. sem nú er lagt fram. Við skulum skoða helstu forsendur þess. Helstu forsendur núverandi fjárlaga eru þrjár: Í fyrsta lagi almennar verðlagsforsendur, í öðru lagi launaforsendur frv. og spá um kaupmáttarþróun og í þriðja lagi sú áætlun um gengisþróun sem frv. er byggt á. Auðvitað koma fleiri atriði hér við sögu og má segja að forsendur fjárlagafrv. séu fleiri en þessar þrjár, en þetta eru meginforsendur hverrar fjárlagagerðar. Ef þær standast ekki er sú áætlun um ríkisbúskapinn, sem fjárlagafrv. á að vera, byggð á sandi.

Ef við tökum þá fyrstu forsenduna, hina almennu verðlagsforsendu, spá frv. um verðþróun á næsta ári, er nú í annað sinn dregin af hæstv. ráðh. einhver tala út úr hatti og kölluð „reiknitala“ í aðfararorðum frv. án frekari skýringa. Af einhverjum ástæðum er þessi reiknitala valin talan 42. Hvers vegna talan 42 er valin fremur en t. d. 32 eða 52 kemur hvergi fram. Í fyrra var með sama hætti talan 33 tekin út úr hatti og notuð sem reiknitala fjárlaga. Á því var þá engin skýring gefin hvers vegna endilega þessi tala var valin umfram aðrar. Ég gat mér þess þá til, að ríkisstj. héldi e. t. v. að þetta væri reiknitalan sem Sölvi Helgason notaði þegar að hann reiknaði kálfinn í kúna. Hafi svo verið hefur það alla vega komi í ljós að ekki hefur sú tala, 33%, dugað þessari ríkisstj. til þess að reikna kálf í neina kú og þess vegna e. t. v. er ný tala valin. En það mun sjálfsagt ganga seint að ná árangri með slíkum hætti, ef menn ætla að leita þannig fram og til baka í öllu talnaflóðinu.

En þó svo í fjárlagafrv. segi að ekki beri að líta á þessa reiknitölu sem neina verðlagsforsendu kemur í ljós í öðru gagni, sem hæstv. ríkisstj. leggur fram, að svo ber að gera. Það er í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1983. Á bls. 5 í þjóðhagsáætlun segir nefnilega að ríkisstj. stefni að því að verðbólgan verði ekki meiri en 40—45% á næsta ári. M. ö. o., talan 42, sem notuð er sem almenn verðlagsforsenda fyrir fjárlagafrv., er meira en reiknitala. Okkur er sagt í þjóðhagsáætlun frá að þetta sé sú verðlagsforsenda sem ríkisstj. gefur sér að hún ætli að stefna að. Það þýðir ekki fyrir hæstv. fjmrh. eða einhvern annan að halda öðru fram. Hæstv. ráðh. ætti að lesa boðskapinn frá sinni eigin stjórn. En er þessi forsenda líkleg til að standast? Er líklegt að það markmið ríkisstj. náist að verðlag á næsta ári muni ekki vaxa meira en svo að verðlagshækkun frá meðaltali yfirstandandi árs til meðaltals næsta árs verði ekki meiri en nemur 42%, eins og fjárlagafrv. er byggt á? Á yfirstandandi ári óx varðbólgan næstum tvisvar sinnum meira en verðlagsforsendur fjárlaganna gerðu ráð fyrir. Er líklegt að áætlun hæstv. ríkisstj. standist betur nú?

Í þjóðhagsáætlun kemur svo fram að framreikningur verðbólgu næsta ár mun þýða frá meðaltali yfirstandandi árs til meðaltals ársins 1983 að verðbólgan á því tímabili vaxi um 58%. Ég legg áherslu á, og vitna þar í bls. 29 í þjóðhagsáætluninni, að þá eru meðtalin áhrif launalækkunarinnar sem á að koma til framkvæmda þann 1. des. n. k. og einnig áhrif þeirrar aðhaldsstefnu í peninga-, lána- og ríkisfjármálum sem ríkisstj. segist ætla að beita sér fyrir. Allt skilar þetta ekki meiri árangri en þeim að Þjóðhagsstofnun áætlar verðbólguna á næsta ári 58% frá meðaltali til meðaltals. Ríkisstj. segist stefna að 40—45% verðbólgu. Eina atriðið sem nefnt er til stuðnings þeirri stefnu, umfram það sem þegar hefur verið tekið með í áætlun Þjóðhagsstofnunar um 58% verðbólgu, er breyting á vísitöluviðmiðun kaupgjalds. Það er eina úrræðið sem nefnt er í þjóðhagsáætluninni að ríkisstj. hafi til að breyta 58% fyrirsjáanlegri verðbólgu á næsta ári í 40—45%, eins og ríkisstj. segist ætla að gera.

Sjálfsagt gera menn sér þess ekki fyllilega grein, en sú viðmiðun ríkisstj. að meðaltal verðbólgu á næsta ári,

miðað við meðaltal yfirstandandi árs, megi ekki fara fram úr 40—45% þýðir að verðbólga frá upphafi ársins 1983 til ársloka 1983 má ekki fara yfir 20%. Ef meðaltalsreikningarnir eiga að sýna 40—45% má verðbólgan frá upphafi til loka næsta árs ekki fara fram úr 20%. Á yfirstandandi ári mun verðbólga frá upphafi til ársloka nema um þrefaldri þeirri prósentu. Þeim árangri segist ríkisstj. ætla að ná með nýrri vísitöluviðmiðun launa, sem feli í sér svo mikla kjaraskerðingu að verðbólgan frá upphafi til loka ársins 1983 verði ekki nema 20% á sama tíma og verðbólga frá upphafi til loka ársins 1982 er um það bil 60%. Þykir mönnum nú slík áætlanagerð raunhæf? Telja menn líklegt, að hægt sé að ná þeim árangri, jafnvel þó að ný vísitöluviðmiðun verði tekin upp, að hægt sé að skerða með þeirri viðmiðun svo mikið laun almennings, til viðbótar þeirri kjaraskerðingu sem þegar hefur verið gerð, að ástæða sé til að búast við að verðbólga vaxi ekki á næsta ári nema um 20% frá upphafi til loka? Sjálfsagt þykir mönnum ekki slík áætlanagerð raunhæf, en engu að síður er það slík áætlanagerð sem er megininntak þeirrar verðlagsstefnu sem frv. byggist á.

Í öðru lagi eru launaforsendurnar, sem frv. byggist á, auðvitað nátengdar almennum verðlagsforsendum frv. Framreikningar Þjóðhagsstofnunar á verðlags- og launaþróun, miðað við þær kjaraskerðingar sem brbl. gera ráð fyrir og það aðhald í lána- og ríkisfjármálum sem ríkisstj. segist ætla að beita sér fyrir, sýna að frá meðaltali ársins 1982 til meðaltals ársins 1983 verði verðbólga 58%. Þá er reiknað með að á því ári minnki kaupmáttur ráðstöfunartekna um 6%. M. ö. o. gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að laun hækki ekki á næsta ári nema um ca. 52% á sama tíma og verðbólgan aukist um 58%.

En hver skyldi vera launastefna hæstv. fjmrh. í frv.? Frv. er byggt á því, að laun hækki ekki á næsta ári nema um 34%. Frv. er byggt á því að hámarkslaunahækkanir í landinu stöðvist við 34% markið, þó svo Þjóðhagsstofnun segi okkur að laun þurfi að hækka um 52% til þess að halda í verðlagsþróun á næsta ári, þó að gert sé ráð fyrir 6% kjaraskerðingu á því ári. Frv. ráðh. er á því byggt, að launin séu stöðvuð við 34% markið, en ekki sé leyft að hækka um næstu 18% sem launin þurfa að hækka til að halda í við verðbólguþróunina, þó svo gert sé ráð fyrir 6% kjaraskerðingu. Og ég spyr: Hvernig á slík launaforsenda að standast?

Fjmrh. byggir frv. upp á því, að laun í landinu megi ekki hækka nema um 5% á þriggja mánaða fresti allt næsta ár, þó að við vitum nú þegar að fyrsta launahækkunin á því ári, sem verður vegna verðlagshækkana sem þegar hafa orðið, þurfi að vera þrefalt meiri. Hvernig ætlar hæstv. ráðh. að framkvæma þetta? Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. hlustaði. Hvernig ætlar hæstv. ráðh. að framkvæma það þann 1. mars n. k. að launahækkun staðnæmist við 5%, þó svo að verðlagshækkanir sem þá eru orðnar gefi til kynna að laun ættu að hækka um 15%? Ætlar hæstv. ráðh. að skerða verðbætur þann 1. mars um 8—10 stig ofan á 8—10 stiga verðbótaskerðingu þann 1. des. n. k.? Hann ætlar ekki að láta sér það nægja. Það nægir ekki til þess að forsendur frv. í launamálum standist. Hann verður að skerða laun um nánast sömu prósentutölu ekki bara 1. mars heldur líka 1. júní, 1. sept. og 1. des. á næsta ári. Á slíkum kjaraskerðingum er frv. byggt. Launamálastefna frv. er sú, að laun mega ekki hækka á næsta ári nema um 5% á þriggja mánaða fresti. Er hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni t. d. ljós þessi stefna um hækkun launa, sem fjárlagafrv. boðar? Ég efast um það. Er fjmrh. sjálfum þetta ljóst? Það hlýtur að vera. Það er hann sem er tillögumaður. En telur hann sennilegt að það sé hægt að framfylgja slíkri kjaraskerðingu? Því trúi ég ekki.

Það er mjög einfalt fyrir okkur stjórnarandstæðinga að segja: Þetta er þá launamálastefna Alþb. Það er launamálastefna Alþb. í frv. til fjárlaga, sem fjmrh. leggur fram, að laun séu skert um 6—10% á þriggja mánaða fresti allt næsta ár. Ég ætla ekki að halda því fram að þetta sé launamálastefna Alþb. Ég ætla að halda því fram að þetta sýni hvers konar firrur það eru sem hæstv. fjmrh. byggir fjárlagafrv. sitt á. Auðvitað er ljóst að svona launamálastefna nær aldrei fram að ganga. En hvers vegna byggja menn þá fjárlagafrv. á slíkum áætlunum? Hvaða mark er hægt að taka á áætlunum sem reistar eru á svona forendum?

Það getur vel verið að fjmrh. svari með því að segja að það þurfi ekkert endilega að skerða launin sem þessu nemur. Það má ná sama árangri t. d. með að greiða niður landbúnaðarafurðir, eins og ríkisstj. hefur gert á þessu ári, til að koma í veg fyrir að launafólk fái réttmætar hækkanir á kaupi sínu. En veit hæstv. fjmrh. hvað mundi kosta að greiða landbúnaðarafurðir niður á næsta ári svo að kaup hækkaði ekki meira en um 5% á þriggja mánaða fresti? Fyrsta aðgerðin af þessu tagi þann 1. mars n. k. — bara hún — mundi kosta 1—1.5 milljarð kr. og þá eru þrjár slíkar aðgerðir eftir til þess að launamálastefna frv. standist. Eru þeir peningar til? Á hæstv. fjmrh. þá peninga til? Auðvitað á hann þá ekki til. Hvernig er þá hægt að byggja fjárlagafrv. á slíkri stefnumörkun í launamálum? Auðvitað er slíkur boðskapur ekki tekinn alvarlega, en ef menn taka þann boðskap ekki alvarlega geta menn ekki heldur tekið fjárlagafrv. hæstv. ráðh. alvarlega.

Þriðja meginforsenda frv. er sú áætlun um þróun gengis íslensku krónunnar miðað við aðra gjaldmiðla sem frv. er reist á. Í fyrra reyndist gengisforsenda hæstv. ráðh. röng um 120%. Hver skyldi forsendan vera nú? Í fjárlagafrv. í fyrra var reiknað með að meðalhækkun á erlendum gjaldeyri miðað við íslensku krónuna yrði á næsta ári 39%. Hún varð 57.8% á yfirstandandi ári. Þetta sýnir á hve fjarstæðukenndum grunni fjárlagafrv. er byggt. Bara vaxtagreiðslurnar einar, vaxtagreiðslur af erlendum lánum, miðaðar við að verð erlends gjaldeyris hækki ekki um meira en 39% á næsta ári, eru áætlaðar 2.3 millj. kr. Ef sú forsenda verður álíka röng á næsta ári og hún var í ár verður að tvöfalda þá upphæð sem menn nota til að greiða vexti af erlendum lánum. Þá þarf að hækka þá upphæð úr 2.3 millj. kr. upp í tæplega 5 milljarða kr. Og hvar ætla menn að fá það fé?

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir með hve miklum ógnarhraða íslenska krónan fellur nú í verði gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Frá því að gengisfellingin var gerð þann 23. ágúst s. l. og fram á þennan dag hefur verðgildi erlendra gjaldmiðla hækkað gagnvart íslenskri krónu um 7.3%. Krónan hefur fallið um rösk 6% á tveimur mánuðum eftir síðustu gengisfellingu og hún á eftir að falla enn meira, vegna þess að í bréfi sem hæstv. ríkisstj. hefur með höndum frá Seðlabanka Íslands er henni tjáð að gengi íslensku krónunnar muni á fyrstu mánuðum ársins 1983 falla um 5.7% á hverjum einasta mánuði. Á hverjum einasta mánuði á fyrstu mánuðum ársins 1983 reiknar Seðlabankinn með að krónan falli

um 5.7% á mánuði. Síðan kemur ríkisstj. og reisir fjárlagafrv. sitt á því að meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækki ekki nema um 39% allt næsta ár.

Herra forseti. Ég hef nú sýnt fram á hvernig þrjár meginforsendur fjárlagafrv. eru allar út í hött. Sem áætlun er þetta fjárlagafrv. því einskis virði. Það er byggt á tilbúnum tölum, sem enga stoð eiga sér í veruleikanum. Hins vegar þarf það ekki endilega að þýða að hagur ríkissjóðs verði slæmur á næsta ári, — vel að merkja: ef hæstv. ríkisstj. heldur áfram þeirri stefnu sinni að búa til stórkostlegan viðskiptahalla á viðskiptareikningi þjóðarinnar við útlönd í þeim tilgangi að auka fjárinnstreymi í ríkiskassann svo að hæstv. fjmrh. geti á pappírnum sýnt góða afkomu ríkissjóðs á sama tíma og þjóðarbúið í heild stefnir í gjaldþrot. Af þessum ástæðum er e. t. v. ekki rétt að fara mörgum orðum um einstök atriði í frv. Ég ætla þó að leyfa mér að gera það.

Ég hef áður rætt uppsetningu frv. hjá hæstv. ráðh., áður rætt hvernig hann færir viðfangsefni ríkissjóðs úr ríkissjóði og í annan bás við ríkisfjármálajötuna. Þetta gerir hann til þess að færa kostnað við að leysa slík viðfangsefni framhjá ríkissjóði. Auðvitað er slíkt engin lausn. Menn eru bara að færa vandann á milli vasa á sömu yfirhöfninni. Það er verið að vista vanda ríkissjóðs hjá öðrum aðila í ríkiskerfinu og fyrir þjóðina skiptir það engu máli hvernig slíkar millifærslur eru gerðar því að það er hún sem borgar reikninginn og reikningurinn lækkar ekki þó að viðfangsefnin séu færð á milli aðila í kerfinu.

Þessari stefnu er að sjálfsögðu áfram haldið í núverandi fjárlagafrv. Það er reynt að leysa vanda ríkissjóðs með því að skapa vanda hjá öðrum. Þannig t. d. fellir enn ríkisstj. niður og lækkar verulega lögboðin framlög til fjárfestingarlánasjóða, m. a. til lánasjóða húsnæðiskerfisins, en ætlar þessum lánasjóðum að afla sér fjár í staðinn með því að taka lán með 1.5% hærri vöxtum en nemur þeim vöxtum sem þessir sjóðir fá af útlánum sínum. Til þess að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs er sem sagt búinn til annar og erfiðari vandi hjá öðrum sjóðum hins opinbera m. a. lánasjóðum húsnæðiskerfisins.

Það eru fjölmörg slík dæmi í fjárlagafrv., þar sem verið er að færa viðfangsefni ríkissjóðs frá ríkissjóði og vista á öðrum stað í kerfinu. Lántökukostnaður vegna byggðalína upp á 224 millj. kr. er þannig færður framhjá ríkissjóði? Hver á að borga þetta? Við því fæst ekkert svar. Hvaða máli skiptir það almenning hvort hann borgar þessa fjárhæð í sköttum til ríkisins og fjárhæðin færist þá inn og út úr ríkissjóði eða hvort almenningur borgar þetta í hækkuðu raforkuverði vegna þess að fjárhæðin sé vistuð t. d. hjá Landsvirkjun? Auðvitað skiptir það engu máli. En það er með því að færa svona fjárhæðir framhjá ríkissjóði sem hæstv. fjmrh. telur sig geta sýnt hagstæða afkomu á ríkisrekstrinum.

Fjármagnsútgjöld Kröflu eru annað dæmi um þetta. Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan varðandi Kröfluvirkjun, að hún mundi að sjálfsögðu koma til með að standa undir ekki bara rekstrarkostnaði heldur fjármagnskostnaði líka þegar tímar liðu fram. Það er ekki rétt, hæstv. ráðh. Ég er með í höndunum ítarlegt svar frá hæstv. iðnrh., sem hann gaf mér á Alþingi í fyrra, þar sem m. a. koma fram rekstraráætlanir Kröfluvirkjunar, og þar er, hæstv. ráðh., ekki gert ráð fyrir að Kröfluvirkjun greiði nokkurn tíma vextina af þeim lánum sem hæstv. ráðh. er að taka nú. Því er lýst yfir í þessu svari. Ég skal afhenda ráðh. þetta svar. Ég er með það á borðinu hjá mér. Það er ekki gert ráð fyrir að Kröfluvirkjun greiði þetta nokkurn tíma. Hver á þá að borga? Og hvaða máli skiptir hvort þetta er greitt fyrir milligöngu ríkissjóðs eða fyrir milligöngu orkureikninga landsmanna? Þetta kemur niður á fólkinu hvaða aðili svo sem það er sem reikninginn skrifar.

Það er líka rangt hjá hæstv. ráðh. að það sé ætlast til þess að Kröfluvirkjun muni einhvern tíma fara að skila árangri í þjóðarbúið. Það kom fram í svari ráðh. í fyrra, að ef Kröfluvirkjun ætti að standa undir sér þyrfti að hækka orkuverðið frá henni um 369%. (**Fjmrh.:** Það eru ógreiddir orkureikningar.) Það kom líka fram í þessum áætlunum, að þær ná ekki lengra aftur en til ársins 1990 og jafnvel þá er byggingu virkjunarinnar enn ekki lokið. Krófluævintýrið mun teygja sig fram yfir aldamótin. Menn verða fram yfir aldamót að borga reikningana fyrir veru hæstv. fjmrh. í Kröflunefnd. Áætlun Kröflureksturs er reist á því að hún greiði aldrei vextina af þeim lánum sem hæstv. fjmrh. er að taka fyrir hana m. a. nú. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að koma hér og halda einhverju öðru fram, því að ég er með skrifleg gögn um þetta á borðinu hjá mér. Það er alveg guðvelkomið að afhenda honum þau.

En það er annað í þessum Kröflumálum. Það er gert ráð fyrir því í áætlun um rekstur Kröflu að á hverju ári fram til ársins 1990 verði varið 38 millj. kr. á verðlagi liðins árs í framkvæmdir við Kröflu. Ekki er að finna eina einustu fjárupphæð í fjárlagafrv. hjá hæstv. ráðh., ekki svo mikið sem eina krónu, til framkvæmda við Kröflu. Og þess vegna spyr ég: Hvers vegna ekki? Er ráðgert að hætta við framkvæmdir samkv. þeim áætlunum sem okkur voru kynntar í fyrra og áttu að ná aftur til ársins 1990? Ber að skilja fjárlagafrv. hæstv. ráðh. svo, að hann sé loksins eftir öll þessi ár, þegar þjóðin þarf að borga 220 millj. kr. í vexti og afborganir af arðlausri fjárfestingu, farinn að viðurkenna staðreyndir og viðurkenningin komi fram í því að nú sé ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu til framkvæmda við Kröfluvirkjun á sama tíma og fyrir liggur áætlun sem gerir ráð fyrir að varið sé í framkvæmdir við virkjunina 38 millj. kr. á hverju einasta ári fram til ársins 1990? Það eru engin smáverðmæti sem nefndin hans Jóns Sólnes er farin að kosta okkur Íslendinga. Er mönnum það t. d. ljóst, að ef við hefðum ekki Kröflu á bakinu, mistök núv. forsrh., núv. fjmrh. og núv. menntmrh., væri t. d. hægt að tvöfalda allar nýframkvæmdir í vegum á næsta ári eða aflétta eignarskatti af öllum einstaklingum á Íslandi? Þeir eru orðnir þungir í poka, hæstv. ráðherrar þrír, forsrh., yfirmaður Kröflumistakanna, hæstv. menntmrh., varaformaður Kröflunefndar, sem nú er orðinn æðsta yfirvald allra vísindarannsókna á Íslandi, — hugsa sér — og hæstv. fjmrh., Kröflunefndarmaðurinn sem stjórnar ríkisfjármálum Íslands um þetta leyti. Byrðin af ykkur herrar mínir, nemur því að íslenska þjóðin gæti tvöfaldað vegaframkvæmdir á næsta ári ef hún þyrfti ekki að borga reikning mistaka ykkar í framkvæmdum við Kröflu.

Það er hægt að halda áfram að ræða þau viðfangsefni sem færð eru fram hjá ríkissjóði. Það er stofnað nýtt fyrirtæki á B-hluta ríkisreiknings sem er kallað Iðnaðarrannsóknir. Þetta nýja fyrirtæki á að taka lán upp á 3 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Og hvað á þetta nýja fyrirtæki að gera? Jú, það á að rannsaka. Og hvernig á það að borga sitt lán? Það á að borga lánin með því, að því er manni skilst, að það á að selja niðurstöður rann-

sókna sinna til þeirra aðila sem e. t. v. hyggjast hagnýta þær til að byggja verksmiðjur í landinu. Mér er spurn: Hvað skyldi væntanleg kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði borga fyrir slíka rannsókn? Eða er það e. t. v. steinullarverksmiðja norður í landi sem er líkleg að leggja fram fjármagn til ríkissjóðs til þess að borga fyrir svona hluti? Auðvitað ekki. Þarna er verið að búa til aðferð til að geta fært ákveðin viðfangsefni fram hjá ríkissjóði og vista í B-hluta fjárlfrv. sem sjálfstæða stofnun, þó að guð og menn viti að þessar „sjálfstæðu stofnanir" munu aldrei reynast þess megnugar að borga svo mikið sem eyris virði af þeim lánum sem verið er að taka í þeirra nafni.

Ljósasta dæmið um þetta er auðvitað leikur hæstv. fjmrh. með almannafé varðandi útflutningsuppbætur. Þegar svo var komið að fjármagn úr ríkissjóði til að borga með landbúnaðarafurðir, sem þjóðin þarf ekki lengur á að halda, ofan í erlenda neytendur var komið í hámark þess sem lög leyfðu, hvað gerði ráðherrann þá? Þá fékk hann aðila úti í bæ, Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem á ekki bót fyrir rassinn á sér, til að skrifa sig fyrir erlendu láni gegn ríkisábyrgð. Hvað þýðir þetta? Það þýðir auðvitað það að aldrei er gert ráð fyrir því að Framleiðsluráð landúnaðarins borgi eyris virði af slíkri lántöku, enda á það enga peninga til þess að borga með. Greiðslurnar hljóta auðvitað að falla á ríkissjóð. Ríkissjóður tekur á sig greiðsluna. Hún nemur núna 55 millj. til viðbótar við hinar hefðbundnu útflutningsbætur á næsta ári. Ríkissjóður þarf á næsta ári að borga fullar útflutningsbætur eins og lög leyfa, 263 millj. kr. og til viðbótar 55 millj. kr. vegna lánanna, sem tekin hafa verið undanfarin ár til viðbótargreiðslna á útflutningsbótum, umfram það sem lög leyfa, en Framleiðsluráð hefur verið skrifað fyrir og er ekki borgunarmaður fyrir.

Auðvitað getur hæstv. fjmrh. leikið sér með fjöldamörg slík atriði. Hann gæti leikið sér að því að búa til eitthvert fyrirtæki í B-hluta, Lögfræðiskrifstofu Arnmundur Backmans t. d., sem tæki að sér að sjá um að verðbólga á Íslandi væri stöðvuð. Ríkissjóður ábyrgðist erlend lán fyrir lögfræðiskrifstofu Arnmundar Backmans sem ætlar að taka að sér að borga niður vöruverð á Íslandi. Auðvitað reynist svo lögfræðiskrifstofa Arnmundar Backmans ekki borgunarmaður fyrir láninu. Og hvað gerist þá? Ríkissjóður borgar að sjálfsögðu en þetta kemur ekki fram í kassanum. Það er enginn vandi að leysa öll vandamál ríkisfjármálanna með þessum hætti, að búa bara til einhverja reikninga á öðrum stað í kerfinu, búa til einhverjar stofnanir, sem ekki eru einu sinni pappírsins virði sem bréfhausinn er letraður á, og láta þær taka við fjárhagsbyrðum af ríkissjóði. Ríkissjóður veitir síðan ábyrgðir fyrir lántöku o. fl., sem auðvitað fellur á hann, en allt heila góssið er fært fram hjá ríkiskassanum sem hann þó ber ábyrgð á.

Annað er mjög athyglisvert í frv. Það er sú almenna lína sem í því felst. Þar kemur m. a. fram að áformað er að niðurgreiðslur aukist á næsta ári um 80%, útflutningsbætur um 64%, önnur rekstrargjöld um 73% en framkvæmdir um 28%. Niðurgreiðslurnar eiga að verða 839 millj. kr. sem er talsvert hærri fjárhæð en samanlögð fjárfestingarútgjöld ríkisins. Því nær allur rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, eins og hann er áætlaður næsta ár, fer í niðurgreiðslur landbúnaðarafurða. Útflutningsbæturnar nema hátt á fjórða hundrað millj. kr. þegar allt er talið saman. Þetta er jafnmikil upphæð og samanlögð framlög ríkisins til verklegra framkvæmda við allar skólabyggingar í landinu, við allar hafnargerðir og við allar framkvæmdir við ríkisspítala. Þetta svarar öllum áætluðum tekjum ríkisins af samanlögðum eignarskatti einstaklinga og félaga. Slík er meðgjöfin með íslenskum landbúnaði á næsta ári. Það er stórkostleg öfgaþróun sem hér á sér stað. Hér er um að ræða algera sprengingu í útgjöldum ríkisins til niðurgreiðslu innanlands og utan á afurðum einnar atvinnugreinar í landinu sem veitir kannske 3—5 þús. mönnum atvinnu.

Þessi stefna er á góðri leið með að stöðva alla framkvæmdagetu ríkisins. Það er skammt í að almennar ríkistekjur dugi ekki lengur nema fyrir niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum innanlands og utan, vaxtagreiðslum af lánum ríkisins og í rekstur ríkisins og ríkisstofnana, en allar framkvæmdir hins opinbera verði að fást að láni. Enn stórkostlegri eru þessi alvarlegu áhrif á atvinnulífið í landinu. 10% af ríkistekjunum er nú varið í að halda uppi fölsku verðlagi á afurðum einnar atvinnugreinar. Kostnaðurinn við rekstur íslenska landbúnaðarins úr ríkissjóði landsmanna er orðinn meiri í hundraðshlutum heldur en útgjöld breska ríkisins við rekstur breska hersins. Landbúnaðarpólitíkin á Íslandi er dýrari fyrir íslenska skattborgara en breski herinn er fyrir breska. Og hvaða áhrif halda menn að svona pólitík hafi á þá atvinnustarfsemi, sem við búum við í landinu, þegar 10% af ríkistekjunum eru notaðar til þess að halda uppi fölsku verðlagi hjá afurðum einnar einustu atvinnugreinar?

Auðvitað getur þetta ekki haldið áfram. Við getum ekki haldið áfram að auka niðurgreiðslur og útflutningsbætur um 70—80% á hverju einasta ári á sama tíma og aukning framkvæmdaútgjalda er að stöðvast. Og hvað gerist þá? Hvað gerist þegar farið verður að vinda ofan af þessari hættulegu stefnu? Hvaða áfall verður það ekki fyrir þá atvinnugrein sem um áraraðir hefur þrifist á því að 10% af samanlögðum tekjum ríkisins hafa verið notaðar til að halda uppi fölsku afurðaverði frá þeirri einu atvinnugrein? Hvað verður þá um það fólk í landinu sem þarf að byggja afkomu sína á því að sú atvinnugrein geti haldið áfram? Hvaða Íslendingur er reiðubúinn t. d. að borga það verð, sem þarf að fást miðað við rekstrargrundvöll landbúnaðarins í dag, fyrir þær afurðir sem hann framleiðir? Hvaða launþegi á Íslandi væri reiðubúinn að borga fyrir mjólk, kjöt og smjör kannske tvöfalt það verð sem hann þarf nú að rétta yfir búðarborðið? Hann gerir þetta í dag. Hann borgar þetta afurðaverð. Hann borgar helminginn af því í sköttum, helminginn þegar hann kaupir afurðina hjá kaupmanninum. En auðvitað getur þetta ekki haldið áfram til eilífðarnóns. Auðvitað getum við ekki látið útgjöldin hækka, til þess að halda uppi fölsku afurðaverði þessarar atvinnugreinar, um 80% á hverju einasta ári og stöðvað framkvæmdir hins opinbera til þess að svo megi verða. Og hvað verður þá um framleiðendur íslenskra landbúnaðarafurða, þegar þeir þurfa að fara að aðlaga sig breyttum aðstæðum vegna þess að þjóðin getur ekki meir?

Hafa menn áttað sig á því að á næsta ári er ráðgert að verja miklum fjárhæðum af almannafé í fjárfestingarframlög í hefðbundnum landbúnaði, til að auka framleiðslu atvinnugreinar sem framleiðir um það bil 20—24% að magni umfram þarfir þjóðarinnar, 97 millj. kr., í fjárfestingarframlög í þessa atvinnustarfsemi sem

munu skila aukinni framleiðslu. Og hvað kostar sú framleiðsla, sem nú þegar á sér stað, þjóðina í formi útflutningsuppbóta? 323 millj. kr. á næsta ári. M. o. ö., 420 millj. kr. af aflafé þjóðarinnar á næsta ári munu fara til þess að auka fjárfestingar í hefðbundnum greinum landbúnaðar, sem kallar að sjálfsögðu á aukna framleiðslu annars vegar, og til þess að standa undir kostnaðinum af offramleiðslunni hins vegar. Framlög til húsnæðis- og félagsmála á sama ári eiga samtals að nema 397 millj. kr., 30 millj. kr. lægri upphæð. Þetta er herkostnaðurinn, herra forseti. Ef menn bæta svo þar að auki niðurgreiðslunum við, sem vissulega gagnast framleiðendum landbúnaðarafurða þó að þær séu fremur hugsaðar til þess að ná einhverjum árangri að knýja niður kaupgjald almennings um skamma hríð, ef við bætum niðurgreiðslunum líka við þessa fjárhæð, þá eru heildarútgjöldin vegna þessa á næsta ári orðin 1 milljarður 259 millj. 606 þús., á sama tíma og samanlögð heilbrigðismálaútgjöld þjóðarinnar eru 1 milljarður 259 millj. 485 þús. kr. eða því sem næst sama upphæð. Rekstur landbúnaðarins kostar okkur jafnmikið og samanlögð heilbrigðismálaútgjöld þjóðarinnar, og er þá aðeins átt við fjárfestingarframlögin en alls ekki önnur framlög til búnaðarmála, sem ekki koma fram í síauknu afurðamagni sem framleitt er hverju sinni.

Lánsfjáráætlun er ekki enn komin, það er rétt. Saga ríkisfjármála er því tæplega hálfsögð og húsnæðismálin eru meðal þess sem bíður óútkljáð þangað til lánsfjáráætlun kemur fram. Hins vegar eru á kreiki sögur í ríkiskerfinu um lántökuáform ríkisstj. um allt að 6 milljarða kr. í erlendu fé á næsta ári. Hæstv. ríkisstj. segir að viðskiptahallinn sé alvarlegasta vandamál í íslenskum þjóðarbúskap nú. Því er spáð að viðskiptahalli nemi rösklega 10% af þjóðarframleiðslu á yfirstandandi ári eða 3 000 millj. kr. Af hverju stafar þessi viðskiptahalli? Helmingurinn, 1 500 millj. kr., er vegna halla á vöruskiptajöfnuði við útlönd og stærsti þátturinn í þeim halla stafar af innflutningi fiskiskipa. Á yfirstandandi ári hefur orðið um 14% magnaukning á innflutningi fiskiskipa. Hallinn á vöruskiptajöfnuðinum upp á 1 500 millj. kr. stafar því að langmestu leyti af þeirri stefnu sem kennd hefur verið við formann Framsfl. í skipakaupmálum, af Steingrímskunni. Hún er búin til af honum. Hinn helmingur viðskiptahallans stafar af halla á þjónustujöfnuði, 1 500 millj. kr. Og hvað er það? Það eru vaxtagreiðslunar af erlendu lánunum sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið. Hallinn á þjónustujöfnuði er vegna vaxtagreiðslna á erlendum lánum. Stærsti þátturinn í hallanum á vöruskiptajöfnuði er vegna Steingrímskunnar í innflutningi fiskiskipa. Síðan kemur hæstv. ríkisstj. og segir: Þetta er vandamál sem við ekki ráðum við, þetta er vandamál sem ytri aðstæður hafa skapað.

Á næsta ári er áætlað að verði 5.5% viðskiptahalli. Það er ekki gert ráð fyrir að neinn halli verði þá á vöruskiptajöfnuði. Til þess að stöðva hann hefur verið gripið til 10% kauplækkunar, til að koma í veg fyrir það að almenningur hafi efni á að kaupa innflutta vöru. Þannig á að stöðva hallann á vöruskiptajöfuðinum. Allur viðskiptahallinn á næsta ári á að koma fram í þjónustujöfnuði. Hvar? Í vaxtagreiðslum. Allur áætlaður viðskiptahalli á næsta ári stafar af vaxtagreiðslum af lánunum sem ríkisstj. hefur tekið. Allur áætlaður viðskiptahalli við útlönd á árinu 1983 er þannig bein afleiðing af lántökustefnu núv. ríkisstj. Það er engin tilviljun að ríkisstj. hefur aukið erlendar skuldir þjóðarinnar um 50% í erlendum gjaldeyri þau þrjú ár sem hún hefur setið. Þessi lántökustefna veldur því að á næsta ári verður 5.5% viðskiptahalli, sem allur er tilkominn vegna vaxtagreiðslna á þjónustujöfnuði.

Í þriðja lagi, hver er skattamálastefna þess frv. sem hæstv. fjmrh. leggur fram? Á yfirstandandi ári, árinu 1982, er launahækkun áætluð 52%. Á því ári hafa eignarskattar einstaklinga hækkað um rúmlega 69%,eða 17% umfram launahækkun. Samkv. fjárlagafrv. næsta árs er áætlað að eignarskattar hækki um 60%. En launahækkanir eiga aðeins að verða um 34% kaupmáttarsamdráttur ráðstöfunartekna á bilinu 6—18%. Hvað um tekjuskatt einstaklinga? Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga hækkar um 70% á yfirstandandi ári á sama tíma og laun hafa ekki hækkað nema um 52%. En það er áformað að halda enn lengra áfram á árinu 1983. Þá á að hækka tekjuskatt einstaklinga um 55% á sama tíma og kauphækkanir eru ekki áformaðar nema um 34% og samdráttur ráðstöfunartekna áætlaður 6—18%. Á yfirstandandi ári hækkaði sjúkratryggingagjald um 66% á sama tíma og laun hækkuðu um 52%. Á næsta ári á að hækka sjúkratryggingagjaldið um 51% á sama tíma og kaupmáttur á að minnka um 6—18%. M. ö. o., í skattamálum heldur ríkið áfram að strengja á klónni. Í þeim erfiðleikum sem nú er við að etja í þjóðarbúskapnum leggur ríkisvaldið engan skerf fram á móti launafólki, heldur þvert á móti. Á sama tíma og ríkisstj. framkvæmir launalækkanir með lögum og áformar 6—18% kaupmáttarminnkun á næsta ári eykur ríkisvaldið skattheimtuna á almenning í landinu og framkvæmir þannig viðbótarskerðingu. Ríkisvaldið kemur ekki til móts við almenning, sem þarna á að þola launaskerðingu, heldur eykur það með skattamálastefnu sinni þá kaupmáttarskerðingu sem almenningur verður að horfast í augu við.

Hæstv. fjmrh. segir að þetta fjárlagafrv. sé kreppufrv. Það er engin kreppa sjáanleg á skrifstofum ráðherranna. Af hverju ekki? Vegna þess að það eru allt aðrar reglur látnar gilda um ráðherrana sjálfa, útgjöldin á skrifstofum þeirra heldur en er ætlað að gilda gagnvart öðrum í þessu fjárlagafrv. Á s. l. ári hækkuðu fjárframlög til skrifstofu forsrh. um 90% á sama tíma og aðrir urðu að sætta sig við 20—30% hækkun. Nú verða aðrir að sætta sig við 30—40% hækkun, en forsrh. fær 52%. M. ö. o., aðeins einu ári eftir að forsrh. skammtaði sinni eigin skrifstofu þrefalt meiri hækkun fjárframlaga en mikilvægustu þjónustustofnanir ríkisins þurftu að sætta sig við fylgir hann sókninni eftir með því að skammta skrifstofu sinni á næsta ári 20—30% meiri hækkun en aðrir fá. Það er ekki kreppa á skrifstofunni hjá Gunnari.

Hvað um menntmrh. og hæstv. ráðh. Ingvar, sem Ríkisútvarpið kallaði Helgason, þekkti ekki betur sinn æðsta yfirmann? Á síðasta ári hækkuðu fjárveitingar til skrifstofu menntmrh. næstum því tvöfalt á við það sem aðrir þurfa að sætta sig við. Nú ætlar ráðh. sjálfum sér og skrifstofu sinni 55.6% hækkun fjárframlaga á sama tíma og aðrir verða að sætta sig við fjórðungi minna. Háskólinn væri ekki að kvarta ef hann fengi sambærilega afgreiðslu og menntmrh. ætlar sjálfum sér. Það er ekki kreppa á skrifstofu menntmrh. (Gripið fram í.) Að vissu leyti, það má vel vera. Hún kemur þó ekki fram í fjárframlögum. Hitt er svo aftur á móti allt annað mál, hvort aukin fjárframlög geta bætt úr þeirri kreppu.

Hæstv. landbrh. tvöfaldaði á yfirstandandi ári fram-

lagið til skrifstofu sinnar. Nú hyggst hann fá fjórðungs meiri hækkun á næsta ári en aðrir eiga að fá. Rekstrarliðir á skrifstofu hans eiga að hækka um 60% á sama tíma og aðrir verða að sætta sig við 30. Það er ekki kreppa hjá hæstv. landbrh.

Hvað um formann Framsfl., hæstv. sjútvrh.? Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að það væri almenn stefna í frv. að ráða ekki nýtt fólk til starfa nema brýna nauðsyn bæri til. Það ber brýna nauðsyn til á skrifstofu sjútvrh. því að þar á að ráða fólk. Það ráðslag leiðir til þess að hæstv. sjútvrh. fær fjórðungi meiri hækkun í sitt rn. en aðrir verða að sætta sig við. Það er ekki kreppa hjá Steingrími, hvorki í sjávarútvegsmálum né á skrifstofunni.

Hæstv. dómsmrh. er þó stórtækari en þeir allir því að hann skammtar skrifstofu sinni 64.7% hækkun á meðan aðrir verða að sætta sig við 40%. Það þætti ekki ónýt fyrirgreiðsla hjá ýmsum þeim stofnunum sem hæstv. dómsmrh. stjórnar. Þar er kreppa, en ekki á skrifstofunni hjá honum, enda er maðurinn að fara í prófkjör.

Hvað um hæstv. félmrh., sem segir að nú verði launafólkið að herða sultarólina af því að það sé kreppa í þjóðfélaginu? Hvað skyldi vera um hans skrifstofu að segja? Hann fékk á yfirstandandi ári tæplega tvöfalt meiri hækkanir en menn fengu almennt í ríkiskerfinu. Núna fær hann 53.5% hækkun á framlagi til skrifstofu sinnar á meðan aðrir verða að sætta sig við hækkanir á bilinu 30—40%. Þar af hækkar rekstrarkostnaður skrifstofu ráðh. um tæplega 65%. Húsnæðisstofnun verður að sætta sig við 33% hækkun. Byggingarsjóður ríkisins verður að sætta sig við 41.5% hækkun. Þeir eru tæplega hálfdrættingar á við ráðh. sjálfan.

Hæstv. ráðh., formaður Alþb., hefur líka aðra skrifstofu. Hann hefur skrifstofurnar tvær. Skyldi vera kreppa á þeirri skrifstofu, í heilbr.- og trrn.? Ekki aldeilis. Þar hækka framlög á komandi ári um 67.6% á sama tíma og ríkiskerfið verður að sætta sig við 40%. Og hver er skýringin á því? Jú, af þeim fáu stöðum, sem á að ráða í til ríkisins á næsta ári, fær hæstv. félmrh. eina. Hann þarf að ráða sér hagræðingarráðunaut, enda hækkar framlag til reksturs skrifstofu hans á næsta ári um lítil 71%. Ég held að það sé algert met hjá öllum ráðherrum samanlögðum og hinum veitir ekki af hagræðingarráðunaut. En á sama tíma og rekstrarkostnaður ráðh. hækkar um 71% verða ríkisspítalarnir að sætta sig við 54%, Þroskaþjálfaskólinn við 50%, Eftirlaunasjóður aldraðra við 48%. Þar er kreppa, en ekki í rn. hjá honum Svavari. Þar er engin kreppa.

Hæstv. iðnrh. slær að sjálfsögðu öll met eins og hans var von og vísa. Hann réði á skrifstofu sína í fyrra tvo nýja starfsmenn, enda hefur verið feikilega mikið að skrifa þar eins og allir þm. hafa fengið nasasjón af. Menn hafa ekki tíma, þó að þeir leggi saman nótt og dag, til að lesa allt það sem skrifað er í iðnrn. En það er ennþá meira skrifað í ár því að hæstv. ráðh. ætlar að ráða sér einn mann í viðbót við alla hina. Og honum duga ekki 53% eins og félmrh. Honum duga ekki 50% eins og landbrh. Nei hann fær 61%. Almennur rekstur hjá honum hækkar um 66.2%. Lánasjóðir iðnaðarins, sem eiga að halda atvinnuveginum gangandi sem hann telur sig vera í forsvari fyrir, þeir verða að sætta sig við 33% hækkun á framlögum. En ráðh. sem rekur þetta fær 66%, nákvæmlega tvöfalt meiri hækkun heldur en atvinnuvegurinn sem hann stjórnar. Það er kreppa í iðnaði, en það er ekki kreppa hjá iðnrh.

Herra forseti. Í meira en heilan áratug hafa þeir flokkar sem ráðið hafa ferðinni í íslenskum stjórnmálum fylgt hreinni rányrkjustefnu, ekki á einu sviði heldur öllum. Rányrkjustefnan hefur ekki bara komið fram í rányrkju gróðurlendis, í rányrkju fiskistofna, heldur í rányrkju á öllum afkomu- og lífsmöguleikum fólks og þjóðarheildarinnar. Sparifé hefur verið brennt á báli. Húsnæðislánakerfið er lagt í rúst. Kjarasamningar eru leystir upp með lögum. Umsömdum kaupmætti er hrundið. Misrétti hefur verið haft sem afsökun fyrir nýjum skattálögum án þess þó að kjörin hafi verið jöfnuð. Afrakstri síaukins vinnuálags þjóðarinnar er sóað í arðlausar Kröflufjárfestingar. Lánstraust okkar erlendis er misnotað og framtíð barnanna okkar er veðsett utanlands. Nýkrónan hefur á 20 mánuðum verið gerð að verðlausri mynt. Voldugir aðilar í þjóðfélaginu eru gerðir ábyrgðarlausir á athöfnum sínum og ríkisvaldið heldur gjaldþrota fyrirtækjum gangandi með gjöfum af almannafé.

Þegar atvinnulífið riðar núna til falls og íslenska þjóðin reikar í spori undan þeim skuldaklyfjum, sem þessi rányrkjustefna hefur hlaðið á bak barna landsins, þá birta þessi öfl ríkisstj. nýjan boðskap. Og hver er sá nýi boðskapur? Þeir heimta nýja skatta, nýja kauplækkun, mestu kauplækkun sem nokkurn tíma hefur orðið í einni svipan í allri Íslandssögunni. Hvaða árangri mun þessi kauplækkun skila? Engum. Áhrif hennar verða runnin út í sandinn á fyrstu þremur mánuðum ársins 1983, því að þá þarf gengið að falla um 5.6% á hverjum einasta mánuði, og eigi það ekki að koma fram í stórvaxandi verðbólgu mun ríkisstj. við þær aðstæður grípa til sömu aðgerða og hún hefur nú gripið til, að taka út 8—10% af verðbótum á laun, eins og fjmrh. boðar að gert verði í þeirri launamálastefnu sem frv. er byggt á.

Þessi rányrkjuöfl verður að fara að leysa af hólmi. Þetta ráðslag dugar ekki lengur. Þjóðin hefur ekki lengur efni á að láta þessa menn ráðskast með framtíð sína og barna sinna. Staðreyndin er sú, að það dugar ekki að halda áfram þessari kauplækkunarpólitík. Við verðum að grípa til kerfisbreytinga, breyta því kerfi sem skapar þessi vandamál á 6—8 mánaða fresti. Markmiðið með slíkum breytingum á að vera að leysa úr læðingi verðmæti, sem nú fara í súginn sökum rangrar stjórnunar, sem gætu nýst öllum almenningi til tafarlausra lífskjarabóta ef stefnu yrði breytt.

Í öðru lagi eigum við að grípa strax það tækifæri sem felst í því að við Íslendingar erum í hópi fárra útvaldra þjóða, sem eiga ærinn auð í ótæmandi orkulindum, ef menn bara þora að nota þennan auð. Og í þriðja lagi eigum við að opna fólki nýjar leiðir til úrræða og áhrifa og láta ábyrgð fylgja þeim áhrifum sem fólk getur fengið með þeim hætti.

Þetta þarf að gera í fyrsta lagi með því að gerbreyta þeirri fjárfestingarstefnu sem fylgt hefur verið og leggja áherslu á tækniframfarir í fiskiðnaði, fullnýtingu sjávarafurða, nýjar og arðbærar greinar landbúnaðar, nýiðnað og orkuframleiðslu í stórum stíl, svo að loksins komi að því að verðmæti fjárfestinga fari að skila sér í bættum lífskjörum og fjölbreyttara atvinnulífi.

Í öðru lagi þarf að afnema útflutningsbótakerfið í áföngum og breyta því verðábyrgðarkerfi sem fylgt er gagnvart framleiðendum landbúnaðarafurða.

Í þriðja lagi þarf að koma á verðtryggingu sparifjár og breyta verðtryggingu lána þannig að greiðslubyrði aukist

aldrei umfram vísitöluhækkanir á kaupi.

Í fjórða lagi þarf tafarlaust að stöðva skuldasöfnunina erlendis og gera þjóðarátak til að gera upp óreiðuskuldir rányrkjustefnunnar, sem ella munu leggjast með fullum þunga á bök barna okkar og hefta möguleika þeirra í framtíðinni.

Í fimmta lagi þurfum við að taka upp nýja framfærsluvísitölu sem mælir rétt samkv. neyslukönnunum sem gerðar eru á fárra ára fresti. Verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur verða síðan að semja um það með hvaða hætti þau ætla að miða verðtryggingu launa við þessa nýju vísitölu.

Í sjötta lagi þarf að koma á fót samspili launa, skattkerfis og trygginga, afkomutryggingu heimila, þar sem þjóðin ábyrgist hverjum þegni ákveðna lágmarksafkomu sem sé trygging fyrir mannsæmandi lífskjörum.

Í sjöunda lagi þarf að gerbreyta íslenska skattakerfinu. Við þurfum að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts, við þurfum að afnema tekjuskattinn í núverandi mynd og við þurfum að bylta tollakerfi okkar til einföldunar og um leið afnema sjálfvirknina í ríkisútgjöldunum.

Í áttunda lagi þurfum við að stuðla að skipulagðri valddreifingu á öllum sviðum með auknu sjálfsforræði sveitarfélaga, með afnámi einokunar á ýmsum þáttum í útflutnings- og innflutningsverslun, með því að stuðla að frjálsari samningsgerð ábyrgra þjóðfélagsafla og með því að koma á fót atvinnulýðræði.

Að endingu þurfum við að afnema þessa óskráðu bakábyrgð ríkisins á illa reknum atvinnufyrirtækjum, sem hefur kostað þjóðarbúið ómældar fjárhæðir á umliðnum árum. Við þurfum að afnema óskráða bakábyrgð ríkisvaldsins á ábyrgðarlausum athöfnum stjórnenda í atvinnulífinu og skammsýnum ákvörðunum sem ríkisvaldið á enga aðild að.

Þetta eru úrræði sem eru varanleg og munu þess vegna skila árangri. Þetta eru úrræði um kerfisbreytingu í stað þeirra kauplækkunarstefnu sem rányrkjuöflin hafa fylgt á undanförnum árum en engum árangri hafa skilað.

Fjárlagafrv. það sem nú er til umr. er einn þátturinn í framlengingu þessarar rányrkjustefnu. Að því mun Alþfl. ekki standa.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það var sannarlega uppbyggjandi að hlusta á þjálfunarræðu formanns þingflokks Alþfl. hér fyrir landsþingið. Hana væri hægt að leggja út eitthvað á þessa leið: Burt með landbúnað, burt með sjávarútveg úr íslensku efnahagslífi. Það verður boðskapur þingflokksformannsins á flokksþingi krata um næstu helgi. (Gripið fram í.) Það er lausnin fyrir íslenska þjóð.

Herra forseti. Einkenni fjárlagafrv. fyrir árið 1983, sem hér er til 1. umr., eru fyrst og fremst þeir miklu efnahagsörðugleikar sem við er að fást í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Það jaðrar við kreppuástand meðal flestra nálægra þjóða, sem gerir vart við sig með vaxandi þunga hér á landi vegna verðfalls og sölutregðu á helstu útflutningsvörum þjóðarinnar. Við þetta bætist alvarlegur aflabrestur, stöðvun loðnuveiða og minnkandi þorskafli.

Það er öllum landsmönnum ljóst að hér er alvara á ferðum. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa þegar dregist saman og mun svo augljóslega verða á næsta ári. Það er því augljóst mál að allar forsendur í efnahagsmálum hafa gerbreyst á síðustu mánuðum. Þessar aðstæður, þessa miklu erfiðleika er við blasa, verður að skoða og meta við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1983. Fer ekki á milli mála að minna verður til skiptanna úr sameiginlegum sjóði landsmanna en áður hefur verið.

Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. byggir ríkisstj. fjárlagafrv. á ákveðnum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis milli áranna 1982 og 1983, sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við frv., og þeirri stefnu ríkisstj. að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Fjárfestingar ríkisstofnana og framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga munu minnka verulega að magni til. Hins vegar er reynt að tryggja óskerta félagslega þjónustu.

Með setningu brbl. í ágústmánuði s. l. um efnahagsráðstafanir gerir ríkisstj. nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þessa fjárlagagerð marktæka. Án þeirra ráðstafana sem í brbl. felast og öðrum aðgerðum sem þeim eiga að fylgja, svo sem varðandi nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl., er nær útilokað að fjárlög samkv. frv. verði marktæk, þar sem þær ráðstafanir eiga að hamla gegn hraða verðbólgunnar og byggja upp vörn gegn atvinnuleysi.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar gerir sér fulla grein fyrir efnahagsvandanum og styður því viðnámsaðgerðir ríkisstj. sem felast í brbl. og eru lífsnauðsyn í þessari stöðu. Þjóðin fordæmir stjórnarandstöðuna hér á Alþingi fyrir óábyrga afstöðu. Viðbrögð stjórnarandstöðunnar eru sorglegt dæmi um hvernig stjórnmálamenn skella skollaeyrum við þjóðarheill ef þeir telja að þeir geti þannig komið höggi á andstæðing sinn. Ég tala nú ekki um hv. þm., sem þáði mikilvæg embætti fyrir að styðja þessa ríkisstj., en hleypur svo undan merkjum þegar á móti blæs. Mikil er ábyrgðartilfinning slíkra manna! En þjóðin gleymir ekki svona ábyrgðarlausum vinnubrögðum. Íslenska þjóðin krefst þess nú að stjórnmálamenn, ríkisstj. og alþm. svo og forustumenn hagsmunaaðila í landinu taki höndum saman um farsæla lausn þjóðmála, þar sem við blasa að öðrum kosti alvarleg efnahagsáföll sem gætu leitt til samdráttar og atvinnuleysis. Hver vill verða valdur að slíku? Samþykkt brbl. og þeirra fylgifrv. sem þeim munu fylgja og skynsamleg meðferð fjárlagafrv. er nærtækasta verkefnið.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um fjárlagafrv. þar sem ég á sæti í fjvn. og tek þátt í umfjöllun um alla þætti þess. Sú vinna hófst raunar 1. okt. s. l. Við framsóknarmenn munum beita okkur fyrir góðri samvinnu í fjvn. og á Alþingi svo að fjárlög fyrir árið 1983 geti orðið marktæk við ríkjandi aðstæður. Þetta verður vandasamt og ekki vinsælt verk, þar sem við blasir að ekki verður hægt að auka framlög, heldur er nú þvert á móti mesta nauðsyn að draga úr ríkisútgjöldum. Ég tel að athuga verði vandlega hvort hægt er að fresta rekstri nýrrar starfsemi eða aukningu á ýmsum sviðum sem áformað er að hefja samkv. lögum. Jafnframt að hægja á eða fresta ýmsum opinberum framkvæmdum sem ekki hefur þegar verið samið um að hefja. Og e. t. v. að fara sér hægar í virkjanaframkvæmdum um sinn og fresta frekari framkvæmdum við Kröflu.

Þegar ég les fjárlagafrv. og heyri forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana útskýra fjárlagabeiðnir verð ég að játa að ég tel sjálfvirkni í fjárlagatillögum ýmissa stofnana allt of ríkjandi aðferð. Verðlagsforsendum er bætt við fjárlagatölur gildandi árs og þar með er málið afgreitt. Allt of lítið virðist gert til að athuga í alvöru hvort ekki er hægt

að spara eða draga saman rekstur t. d. með nýrri tækni-væðingu, sem þó virðist oftast stórauka kostnað hér í rekstri opinberra stofnana, en það er óeðlilegt að mínu mati, því að aukin tækni ætti að auka hagkvæmni í rekstri.

Þá er vissulega umhugsunarefni í sambandi við fjárlagafrv. hversu almennt virðist vera samkv. upplýsingum, sem þegar hafa komið fram, að nýir sérkjarasamningar, sem ríkið hefur gert við ýmsar starfsstéttir ríkisstofnana, hafi þegar valdið miklum hækkunum í rekstri stofnananna, launahækkunum langt umfram verðbótavísitölu, jafnvel yfir 20% t. d. hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins, læknum og hjúkrunarstéttum við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Mikil yfirvinna virðist víða vera talin sjálfsagður hlutur í opinberum rekstri. Hér þarf að koma til sterkara aðhald. Við framsóknarmenn höfum haldið því fram í umræðum um fjárlagagerð að fjvn. ætti að koma meira inn í undirbúning fjárlagagerðar, fá aðstöðu til þess jafnframt því að taka ýmsar opinberar stofnanir til meðferðar. Að mínu mati tel ég þetta vera grundvallaratriði við fjármálastjórn ríkisins.

Við undirbúning fjárlaga fyrir yfirstandandi ár vann undirnefnd fjvn. mikilvægt starf við sérstaka athugun á rekstri og uppbyggingu rannsóknastofnana atvinnuveganna sem eru afar þýðingarmiklar fyrir atvinnuvegina og raunar þjóðarbúið í heild. Þessi vinna nefndarinnar gerði mikið gagn, það vil ég fullyrða, enda viðurkennt af viðkomandi stofnunum. Því miður hefur dregið úr þessu starfi nefndarinnar. Er augljóst mál að fjvn. þarf að starfa reglulega allt árið í umboði Alþingis. Ég nefni þetta hér og nú vegna þess að ég tel að þörfin fyrir meira starf Alþingis á þessu sviði sé mjög mikil. Alþingi á að hafa aðstöðu til að fylgjast með gerð fjárlaga og í öðru lagi, sem er e. t. v. mikilvægast, að fylgjast með því hvernig fjárveitingum í fjárlögum er varið. Kemur þar inn í myndina ákvörðun um aukafjárveitingar sem oft virðast tilviljanakenndar.

Í efnahagslögum nr. 13, svokölluðum Ólafslögum, stendur í 12. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis.“ Í sömu gildandi efnahagslögum er, eins og hv. alþm. er kunnugt, kveðið á um hvernig unnið skuli að fjárlagagerðinni. Þar með eru stjórnvöld skyldug til að leggja lánsfjáráætlun fram með fjárlögum. Jafnframt er skilgreint hlutverk hagsýslustofnunar og Ríkisendurskoðunar. Með þessu ákvæði er stefnt að meiri og nákvæmari vinnu við fjárlagagerðina. M. a. á hlutverk Ríkisendurskoðunar að vera mjög afgerandi.

Fram hefur komið að Ríkisendurskoðun á mjög erfitt með að ná til sumra ríkisstofnana í raunverulega endurskoðun. Hér þarf að verða á breyting. Ríkisendurskoðun á að heyra beint undir Alþingi, en samkv. gildandi lögum heyrir hún undir fjmrh. Þetta setur Ríkisendurskoðun þröngar skorður og torveldar í raun og veru vinnutilhögun við öflun þeirra upplýsinga sem Alþingi, í þessu tilfelli fjvn., ætti að láta Ríkisendurskoðun afla varðandi opinberar stofnanir eða fjárveitingu til þeirra og annarra opinberra framkvæmda. Það er að mínu mati nauðsynlegt að Ríkisendurskoðun starfi við hlið Hagsýslustofnunar. Þannig hlytu að fást miklu raunhæfari upplýsingar um ríkisfjármálin. Mitt mat er að mikið skorti á að Ríkisendurskoðun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun vinni saman. Milli þessara mikilvægu stofnana ríkisfjármála eru mjög lausleg tengsl. Þessu þarf að breyta.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur vissulega unnið með vaxandi þunga að því að gera fjárlagagerðina marktækari með meiri kröfugerð á hendur stofnunum um nákvæmari upplýsingar um fjárbeiðnir. Samt sem áður er alveg ljóst að þetta dugir ekki til. Kemur það raunar daglega í ljós í viðtölum í fjvn. Því er aðkallandi að ýmsar opinberar stofnanir eða ríkisfyrirtæki séu tekin til sérstakrar úttektar. Þar á Ríkisendurskoðun að taka til hendi.

Við rekum okkur á að verkefni ýmissa ríkisstofnana rekast á. Aðilar eru í raun að vinna að sama verkefninu. Það er allt of mikil sjálfvirkni í útþenslu á mörgum opinberum stofnunum og sumar eru raunar óþarfar. Hér er verk að vinna sem Alþingi með stuðningi Ríkisendurskoðunar þarf að taka föstum tökum. Ég gæti nefnt margar stofnanir því til sönnunar, en geymi það þar til síðar í umr. um fjárlögin. Margar ríkisstofnanir eru til fyrirmyndar um endurbætta stjórnun, sem hefur leitt til hagræðingar, betri þjónustu og sparnaðar í útgjöldum. Ríkisútvarpið er hér til fyrirmyndar, Vegagerð ríkisins, Póstur og sími og jafnvel fleiri slíkar stofnanir.

Við fjárlagaafgreiðslu fyrir yfirstandandi ár gerði ég að umtalsefni skerðingu framlaga í fjárlögum til stofnlána- og fjárfestingarsjóða sem ríkissjóður er skyldur til að leggja fé til samkv. gildandi lögum. Ég gerði grein fyrir áliti stjórnskipaðrar nefndar, sem skipuð var þremur fyrrv. fjármálaráðherrum auk Helga Seljans alþm., sinn frá hverjum stjórnmálaflokki. Þótt ég sé ekki að mæla með niðurstöðu þessarar nefndar, sem var samhljóða, vil ég enn á ný benda á nauðsyn þess að Alþingi taki afstöðu til þessa máls. Ákvörðun gæti í sumum tilfellum gert fjárlagagerðina raunhæfari, jafnframt því að sérstaða ákveðinna sjóða með markaða tekjustofna yrði viðurkennd og staða þeirra gerð sterkari.

Þessir opinberu sjóðir hafa oft verið hér til umr., ekki síst við afgreiðslu fjárlaga. Þeir eru margir hverjir þýðingarmiklir sjóðir, sem við viljum gjarnan efla og vernda og teljum að hafi mikilvægu hlutverki að gegna fyrir þjóðfélagsuppbyggingu okkar. Ég nefni sem dæmi Byggðasjóð, Fiskveiðasjóð, Félagsheimilasjóð, Iðnrekstrarsjóð, stofnlánasjóði landbúnaðarins og Byggingarsjóð ríkisins. Skerðing þessara sjóða og margra annarra með markaða tekjustofna hefur á undanförnum árum verið mjög mikil. Ég er ekki með þessum orðum að segja að óeðlilegt sé að þessir sjóðir hafi verið skertir að einhverju leyti. Það sem mér finnst neikvætt í þessu máli er að Alþingi skuli láta dragast ár eftir ár að taka ákvörðun um hvort þessum lögum eigi að breyta, þar sem þau eru í reynd brotin árlega og staða sjóðanna því óljós.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er ljóst að framkvæmdaframlög dragast verulega saman samkv. frv. þar sem hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs er aðeins um 28—30%. Þetta er vissulega áhyggjuefni þar sem knýjandi þörf er á framkvæmdum í þjóðfélaginu, svo sem við hafnir, skólamannvirki og heilbrigðisstofnanir, víðs vegar um allt land.

Í frv. er gert ráð fyrir 200 millj. kr. framlagi til að mæta útgjöldum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. í ágústmánuði s. l. vegna brbl. Er gert ráð fyrir 125 millj. í láglaunabætur og tvöföldun að raungildi á framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins. Þessa dagana er verið að ganga frá stjórnarfrv. um breytingar á húsnæðislöggjöf, sem felur í sér ýmsar verulegar umbætur fyrir húsbyggjendur, m. a. hækkun lána og að reglur um verðtryggingu af-

borgana og vaxta húsnæðislána verði lagfærðar og margt fleira.

Lögð er mikil áhersla á framlög til málefna þroskaheftra í þessu frv., bæði til vistunar og kennslu. Vistunarmál aldraðra fá aukið vægi, sem er brýnt verkefni á ári aldraðra.

Við framsóknarmenn leggjum þunga áherslu á að framkvæmdir í vegamálum verði í samræmi við þál. er Alþingi samþykkti svo til einróma og unnið var eftir á yfirstandandi ári. Framkvæmdir eiga að miðast við 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu samkv. þál. Frv. miðar að 2.1%. Fjvn. mun leggja mikla vinnu í þetta mál og kanna tekjur og tekjustofna Vegasjóðs í nýju ljósi. Framkvæmdir í vegagerð eru forgangsverkefni sem þjóðin er sammála um og gerir kröfu til að verði fylgt eftir.

Framkvæmdir við lagningu sjálfvirks síma samkv. lögum hafa til þessa staðist áætlun samkv. skýrslu Landssíma Íslands. Er það ánægjuleg staðreynd. Verður að tryggja að svo verði áfram.

Herra forseti. Ljóst er að mörg og stór vandamál eru óleyst í þessu fjárlagafrv. Ég nefni sem dæmi málefni Háskóla Íslands, Námsgagnastofnunar, rekstur heilbrigðisstofnana, dreifikerfi rafmagns í sveitum og margt fleira. Allt eru þetta þó í raun smámál miðað við það sem skiptir mestu, að ná samstöðu um að hamla gegn verðbólgu og tryggja afkomu atvinnuveganna og um leið atvinnuöryggið í landinu. Við þurfum að auka sparnað og draga úr ríkisútgjöldum. Við þurfum að draga úr óþarfa innflutningi, auka kaup á innlendum vörum og framleiðslu. Við þurfum að vinna markvisst að því að auka og efla útflutningsframleiðslu okkar og þar með útflutningstekjur þjóðarinnar. Það fær engin þjóð staðist sem eykur innflutning um 6% á sama tíma og útflutningur dregst saman um 17%.

Þjóðin ætlast til þess að ríkisstj. og alþm. geri ráðstafanir sem tryggi lífskjörin í landinu. Þegar alvarleg efnahagskreppa kveður dyra eiga ráðamenn þjóðar að snúa bökum saman til lausnar vandanum. Þetta ættu forráðamenn stjórnarandstöðunnar á Íslandi að taka til alvarlegrar athugunar þessa daga.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Umræður um þetta kreppufrv. hæstv. fjmrh. að fjárlögum fyrir næsta ár eru nú orðnar nokkuð langar og yfirgripsmiklar. Hér hefur margt það komið fram sem helst er um þetta mál að segja á þessu stigi. Í ítarlegri ræðu Matthíasar Á. Mathiesen hér áðan komu fram ýmis sjónarmið okkar sjálfstæðismanna svo að ég get verið stuttorður. En ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðh. nokkurra spurninga við þessa 1. umr. og gera nokkrar örstuttar athugasemdir við þessa fjárlagasmíð.

Þessa dagana hefur rignt yfir okkur alþm. ýmsum gögnum um stöðu ríkisfjármála og þjóðarbúsins. Í einni skýrslunni, skýrslu Þjóðhagsstofnunar nr. 13 frá því í mars á yfirstandandi ári segir svo um afkomu ríkissjóðs á árinu 1981:

„Á síðasta ári var þróun ríkisfjármála með þeim hætti að töluverður greiðsluafgangur var hjá ríkissjóði. Hann bætti stöðu sína við Seðlabankann. Meginástæða þessarar útkomu var mikil tekjuaukning, einkum af aðflutningsgjöldum og söluskatti vegna mikils innflutnings."

Sama þróun hefur átt sér stað fyrstu mánuði yfirstandandi árs. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1983, sem nýlega hefur verið lögð fram á Alþingi, segir svo um framvindu ríkisfjármála á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs, með leyfi hæstv. forseta:

„Framvinda A-hluta ríkisfjármála var fremur hagstæð framan af þessu ári. Tekjur jukust mun örar en útgjöld og rekstrarafkoman var því hagstæð." Síðan segir orðrétt: „Tímabilið jan.—ágúst í ár voru innheimtar tekjur um 50% meiri en á sama tíma í fyrra og var það umfram hækkun verðlags á þessu tímabili vegna mikillar veltu og innflutnings fyrstu mánuði ársins."

Nú er það spurning mín til hæstv. fjmrh.: Hefur hæstv. ráðh. óskað eftir því að fá upplýsingar um það frá Þjóðhagsstofnun hversu miklar aukatekjur ríkissjóður hefur innheimt á þessum tveimur árum vegna þess sem þarna er vitnað til í þessum skýrslum? Ég held að kjarni þess að komast að sæmilegri niðurstöðu um fjármál ríkisins, eins og þau horfa við nú, sé að fá upplýsingar um þetta.

Ég hef rætt við nokkra sérfróða menn um þennan tekjuauka vegna umframinnflutnings 1981 og fyrstu níu mánuðina í ár. Þeir telja að það megi a. m. k. gera ráð fyrir að ríkissjóður hafi haft 800 millj. kr. tekjur af þessu fyrirbrigði. Og þá er ég að tala um verðlag í ár, 800 millj. kr. tekjur á verðlagi í ár. Það er að sjálfsögðu útsala á gjaldeyri og eyðsluskuldasöfnun erlendis, eins og fram hefur komið í þessum umr., sem hefur orðið til þess að auka svo mjög tekjur ríkissjóðs. Hér hefur komið fram að þjóðargjaldþrot blasir við af þessum ástæðum, enda verður viðskiptahallinn sennilega um 5 000 millj. kr. á verðlagi ársins í ár á þessum tveimur árum, eða um það bil 17% af þjóðarframleiðslu eins og hún verður í ár. Og auðvitað vex greiðslubyrði erlendra lána um allan helming af þessum ástæðum og lántökuþörfin vex gífurlega. Mér skilst á sérfræðingum Seðlabankans að í ár verði slegin löng erlend lán fyrir 3 000 millj. kr., en lánsfjáráætlun, þótt hún þætti djarfleg, sem afgreidd var á Alþingi í vor, gerði aðeins ráð fyrir 2 000 millj. kr. lántöku. (**Gripið fram í:** Þetta eru ansi grófar tölur.) Þetta er, hæstv. ráðh., haft eftir sérfræðingum Seðlabankans. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. trúir Seðlabankanum í þessu fremur en öðru, en þetta er það sem mér hefur verið sagt, að löng erlend lán, sem slegin verða í ár, nemi 3 000 millj. kr., í staðinn fyrir að lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir 2 100 millj. kr. ef ég man rétt.

Ef þessi tekjuauki ríkissjóðs hefði ekki komið til árin 1981 og 1982 er augljóst mál að það hefði orðið stórfelldur halli á ríkissjóði, eða um svipaða upphæð, eilítið minni, kannske 700—800 millj. kr. á þessum tveimur árum. Og að sjálfsögðu hefði ríkissjóður þá þurft að fá fé til þess að standa undir þeim halla með auknum lántökum. Þess vegna tel ég það algjöra undirstöðu í ríkisfjármálunum, eins og þau horfa við nú, að gera sér sem allra gleggsta grein fyrir þessu, vegna þess að til lengdar verður að sjálfsögðu ekki hægt að bjarga ríkisfjármálum með því að safna eilíflega erlendum óreiðuskuldum og halda áfram þeim gegndarlausa innflutningi sem verið hefur.

Í forsendum þessa kreppufrv. er líka gert ráð fyrir því. — Þjóðhagsstofnun, sem gerir að vanda tekjuáætlunina, gengur út frá því að viðskiptahallinn verði að vísu áfram, en að umframinnflutningurinn hverfi, hann verði ekki lengur til. Þess vegna hækka tekjur frv. um 60% eða nálægt því, en útgjöld um 65, mikilvæg útgjöld eins og rekstrarútgjöld. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geri sér grein fyrir því að við okkur, sem erum í fjvn., virðist það blasa að þessi niðurstaða sé hreinlega falin í

fjárlagafrv. Það er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði, að tekjurnar vaxi ekki nema um 60%, en ýmsir útgjaldaliðir um 65%. Þar af leiðir að skornir eru niður mjög verulega ýmsir þættir og ýmis starfsemi hjá stofnunum. Forsvarsmenn sumra stofnana hafa komist þannig að orði að ef fjárlagafrv. verði samþykkt með þessum hætti, þá blasi við stöðvun þeirra. Ég get nefnt mörg dæmi um þetta, en ég ætla ekki tímans vegna að fara að rekja þau sérstaklega. En þetta er mjög áberandi, að frv. virðist vera mjög óraunhæft miðað við ýmiss konar starfsemi sem á að halda áfram. Að sjálfsögðu væri hægt að komast af með þessar fjárhæðir, geri ég ráð fyrir, ef ríkiskerfið yrði allt saman stokkað upp frá grunni og starfsemi ríkiskerfisins þrýst inn fyrir þennan ramma. En ég óttast mjög að þessi staðreynd, að ríkissjóður hefur aðeins upp á að hlaupa á þessu ári samkv. forsendum frv. eðlilegar tekjur af innflutningi, verði til þess að farið verði að skera niður á ýmsum sviðum á mjög óraunhæfan hátt, sem ekki gangi nema með uppskurði í ríkiskerfinu. Þess vegna stefni með þessu kreppufrv. í vandræði á ýmsum sviðum í ríkisbúskapnum að óbreyttri starfsemi.

Það er athyglisvert að svona skuli vera komið í ríkisfjármálunum, því að einungis árin 1980, 1981 og 1982 hafa skattar til ríkisins hækkað um 3.1% af þjóðarframleiðslu. Þetta jafngildir 1 290 millj. kr. eða 28 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu á verðlagi fjárlagafrv. Samtímis þessu hækkuðu skattar til sveitarfélaga nokkuð eða um 0.3—0.4% af þjóðarframleiðslu. Skattahækkunin til ríkis og sveitarfélaga í tíð núv. ríkisstj. jafngildir því 31 600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Samt sem áður er útkoman þessi.

Það má segja um þetta fjárlagafrv. eins og fjárlagafrv. undanfarin ár að það hefur ákveðin megineinkenni. Þau eru í fyrsta lagi óbreytt skattastefna. Skattar eiga enn að hækka og stefnir þar í þær hæðir sem ég minntist hér á áðan. Eyðsluútgjöldin hækka. Þau hækka um 65% á sama tíma sem tekjur hækka um 60% og framkvæmdir aðeins um 28—30%. Niðurgreiðslur og millifærslur eru keyrðar fram úr öllu hófi og enn er haldið áfram árlegum niðurskurði á raungildi fjárveitinga til ýmiss konar framkvæmda.

Að síðustu er í frv. algjört stefnuleysi í viðureigninni við verðbólguna. Það er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 42% á milli áranna 1982 og 1983. Eins og hér hefur komið fram áður, þá þýddi þetta að verðbólgan ætti að vera frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári 20%. En verðbólgan hefur verið í ár 60% eins og menn vita.

Í ráðstöfunum ríkisstj. um áramótin, sem fengu hin háðulegustu heiti svo sem eins og drullukökugerð, eins og ég held að einn af framámönnum verkalýðshreyfingarinnar hafi kallað þessar ráðstafanir, var fyrst og fremst um að ræða auknar niðurgreiðslur. Í þessu frv. er gert ráð fyrir 806 millj. kr. í niðurgreiðslur á búvöruverði. Mér er tjáð af Hagstofu að þetta svari til þess að nú séu greidd niður 8.5% í framfærsluvísitölu. Spurning mín til hæstv. ráðh. er þessi: Er ríkisstj. búin að breyta um stefnu í þessum efnum? Það voru greidd niður 5.2% í framfærsluvísitölu þegar þessi ákvörðun var tekin um að bæta 6 prósentustigum við. Nú eru greidd niður 8.5%, en samkvæmt forsendum fjárlagafrv. þyrfti að auka mjög við þessa niðurgreiðsluupphæð til að halda þeirri stefnu sem ríkisstj. markaði þegar hún tók ákvörðun um að auka niðurgreiðslur. Mér reiknast til að þessi upphæð þyrfti að vera 1 300 millj. kr. Það kostar nefnilega 800 millj. kr. að greiða 6 vísitölustig niður miðað við forsendur fjárlagafrv. um verðlag. Ég fæ því ekki betur séð en að ríkisstj., eins og raunar var spáð, muni gefast upp í því gríðarlega niðurgreiðslufeni sem hún stefndi út í með sínum ákvörðunum í vetur. Annaðhvort er hæstv. ríkisstj. að gefast upp á þessari stefnu eða þá að það skortir hvorki meira né minna en 500 millj. kr. inn í fjárlagafrv. til þess að halda við þá stefnu sem þá var mörkuð.

Til samanburðar við þessar feiknalegu upphæðir má geta þess að í fjárlagafrv. er einungis ætlað að verja 620 millj. til byggingar nýrra brúa, vega, hafna, sjúkrahúsa, dagvistarheimila, grunnskóla og íþróttamannvirkja. En það kostar sem sagt 800 millj. kr. að greiða þessi 6 viðbótar niðurgreiðslustig sem ríkisstj. tók ákvörðun um og átti að vera og var aðalatriðið í efnahagsráðstöfunum hennar í vetur. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvað hér sé á ferð, hvort ríkisstj. muni hækka þessa upphæð eða hvort hún hafi breytt hér um stefnu.

Það er auðvitað fjölmargt í þessu fjárlagafrv. sem ástæða væri til að fara út í, en ég vil aðeins að lokum vekja athygli hæstv. ráðh. á því að Vegagerð ríkisins hefur lagt fyrir fjvn. tillögur sínar um framkvæmd fjárlaga á næsta ári, og þar kemur fram að niðurskurður að raungildi í frv. til nýrra vega og brúa, miðað við drög að langtímaáætlun sem lögð var fram hér á Alþingi í fyrrahaust, er um 136 millj. kr. samkv. útreikningum Vegagerðarinnar. Þetta mun vera um 27% raungildisniðurskurður. Í nefndinni var minnst á það að til stæði að leggja nýjan skatt á þjóðina, á bíleigendur í landinu til að brúa eitthvað af þessu bili. Ég vil taka fram að þarna er gert ráð fyrir því að tekin verði lán í Byggingarsjóði til vegagerðarinnar. Samt sem áður vantar svona háa fjárhæð upp á það að 2.2% af þjóðarframleiðslu gangi til vegamála á næsta ári. (**Fjmrh.:** Hvaða upphæð nefndi þm.?) Ég nefndi 136 millj. kr. sem vantar upp á það að það séu 2.2% af þjóðarframleiðslu. Þetta eru tölur frá Vegagerðinni og ég skal með ánægju gefa hæstv. ráðh. ljósrit af þessu plaggi ef hann telur að þetta sé ekki rétt. Ég er ekki með þetta hérna hjá mér. En það komu fram hugmyndir — og það er aðalmálið í nefndinni — um það, eða það var einhvers staðar á sveimi í kerfinu athugun á því að leggja nýjan skatt á þjóðina, á bíleigendur til þess að ná í nýjan tekjustofn til Vegagerðarinnar og þann veg að brúa eitthvað af því bili, sem þarna er um að ræða, en þetta bil er mjög verulegt. (Gripið fram í.) Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að lokum hvort honum sé kunnugt um þetta og hvort þetta sé stefna ríkisstj.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það hefur nú auðvitað ekki mikið upp á sig að elta ólar við ýmsar fullyrðingar og kynlegar athugasemdir stjórnarandstæðinga um fjárlagafrv., sem fram hafa komið við umr. hér í dag, enda fáir sem hlýða á umr. svo seint að degi og raunar sumir, sem hér eiga hlut að máli, farnir af fundi og eru því ekki til andsvara eða til að hlýða á þær athugasemdir sem ég hefði nú viljað færa hér fram við eitt og annað sem hér hefur komið fram.

Ég get nú ekki neitað því, að við að hlusta á málflutning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar blöskraði mér ærið mikið. Hann virðist með þeim ágætum skapaður að hann hlustar ekki á rök, sem fram eru borin í málum, heldur kemur aftur með sömu firrurnar og sömu fráleitu fullyrðingarnar, jafnvel þó að búið sé að svara honum, alveg

eins og hann hafi ekki heyrt það sem um málið var sagt.

Flest það sem hann sagði hér í dag um Kröflumálið og Kröfluframkvæmdir hafði ég rætt hér í dag. Hann spyr t. d. að því, eins og hann viti það ekki, af hverju ekki sé neitt fé til framkvæmda við Kröflu í fjárlagafrv. Hann veit það alveg eins vel og ég að gert hefur verið ráð fyrir að ákvarðanir um það mál yrðu teknar í tengslum við lánsfjáráætlun og þess vegna hafa framkvæmdir ekki verið teknar inn í fjárlagafrv., ekki í sambandi við framkvæmdir við Kröflu fremur en neinar aðrar orkuframkvæmdir. Orkuframkvæmdir eru yfirleitt ekki í fjárlagafrv. og þetta er skýrt tekið fram í athugasemdum við frv.

Hins vegar gerði ég hér grein fyrir því, að sennilega væri hægt að afla nægrar orku við Kröflu á tiltölulega skömmum tíma, ef menn kysu að gera svo, en sjálfsagt verða menn að hafa margt þar í huga m. a. orkumarkaðinn og hvernig orka frá Kröflu fellur inn í samtengt veitukerfi, þannig að ég geri ráð fyrir að það líði alltaf einhver ár þangað til Kröfluvirkjun verður komin í fullt gagn.

Hann sagði hér svolítið svipað og sagt var í útvarpsumr. ekki alls fyrir löngu, að það fé sem færi til að greiða fjármagnskostnað við Kröflu væri hægt að nota til að tvöfalda vegaframkvæmdir í landinu, þó að þessu hafi verið mjög rækilega svarað hér áðan og allir viti að sjálfsögðu að þetta er algjör firra og ekkert annað. Í sambandi við fjármagnsútgjöld Kröflu gerði ég hér grein fyrir því, að lán falla býsna hratt þessa stundina vegna þess hversu mjög þau voru tekin til skamms tíma. Þetta voru yfirleitt 7 ára lán, sem hafa verið að falla núna seinustu árin, og að sjálfsögðu kemur ekki annað til greina en að framlengja þessi lán, breyta þeim úr skammtímalánum, sem þau voru þegar þau voru tekin, í lán til lengri tíma. Satt best að segja hefði fyrrv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen kannske getað frætt okkur eitthvað um það í þessu sambandi hvers vegna í ósköpunum lán til framkvæmda við Kröflu voru tekin til svo skamms tíma á sínum tíma, aðeins 7 ára, meðan öll önnur lán til orkuframkvæmda hér á landi hafa verið tekin til miklu lengri tíma, t. d. lán sem tekin hafa verið í þágu Landsvirkjunar. (**Gripið fram í:** Það þurfi að flýta sér svo mikið við þetta.) Kannske var mönnum brátt í brók að komast áfram. (**Gripið fram í:** Lánatíminn á markaðnum þá var ekki lengri.) Það má vel vera að það sé rétt skýring hjá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen að ekki hafi verið kostur á þeim tíma á lánum til lengri tíma en 7 ára. Auðvitað er mjög upp og ofan hvernig á stendur á lánamarkaði. Það segir sig þá sjálft að eðlilegt er að breyta þessum lánum í lán til lengri tíma. Þá verður þessi fjármagnskostnaður allt annar og miklu eðlilegri og viðráðanlegri en virðist vera við fyrstu sýn, þegar menn gera ekki minnstu tilraun til að skoða hvað liggur á bak við þessar háu tölur.

Ég stend við það, að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að Kröfluvirkjun geti staðið undir þeim lánum sem tekin hafa verið í þágu virkjunar, en auðvitað ekki fyrr en virkjunin er komin í fullan gang og skilar fullum afköstum. Ég er sannfærður um að þessar holur, sem voru boraðar á s. l. sumri og skila 16 megawöttum og kostuðu þó ekki nema 46 millj., eru hagkvæmasta og ódýrasta orkuöflun sem völ var á á liðnu sumri og að sjálfsögðu langtum hagkvæmari en bygging á vatnsaflsvirkjunum, þegar haft er í huga að þarna er búið að leggja í kostnað við stöðvarhús og kaup á vélum og sú orkuöflun sem eftir er, þ. e. útvegun gufunnar, er tiltölulega mjög ódýr miðað við kostnaðinn við að byggja vatnsorkuver í dag. Það er auðvitað enginn vafi á að það er skynsamlegt og rétt að afla þessarar orku og þá verður þetta vandamál úr sögunni — þetta vandamál sem ákveðin öfl innan þings hafa mikið yndi af að blása upp og rangfæra eins og þau mögulega geta.

Í sambandi við málflutning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að öðru leyti, þá kemst ég ekki hjá að benda á hversu fáránlega og furðulega hann fór með staðreyndir áðan þegar hann var að segja að verið væri að fela útgjöld ríkissjóðs. Hann hélt því fram að hægt væri að stofna eitthvert fyrirtæki, sem hann vildi kalla t. d. lögfræðiskrifstofu Arnmundar Backmans, minnir mig að hann hafi kallað hana, og síðan gæti þetta B-hluta fyrirtæki tekið lán til starfsemi sinnar og ríkissjóður yfirtæki lánið. Þetta kæmi sem sagt aldrei til útgjalda hjá ríkissjóði, kæmi aldrei fram í ríkisreikningi o. s. frv. Hann þóttist vera búinn að finna þarna einhverja alveg sérstaka aðferð til að sigla með ríkisútgjöld fram hjá bókhaldinu. Auðvitað er þetta hin mesta fjarstæða. Það er að vísu rétt, að ef einhver stofnun, sem ekki er í A-hluta fjárlaga, tekur lán til útgjalda, þá færist það ekki í A-hluta, en þegar lánið er borgað — og hann gerði einmitt ráð fyrir því í sínu dæmi að lánið væri borgað — úr A-hlutanum er það auðvitað gjaldfært. Sama gildir auðvitað um lánin sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók á sínum tíma. Við erum að gjaldfæra þessi lán í A-hlutanum einmitt þessi árin jafnóðum og þau koma til greiðslu. Það er því hin mesta fjarstæða, sem hann hélt fram, að þarna væri einhver aðferð til að komast undan því að kostnaður væri gjaldfærður. Auðvitað hlýtur hann að verða gjaldfærður um leið og greiðslan kemur úr A-hluta. Þetta er nefnt hérna sem dæmi um ótrúlega yfirborðslegan og ósvífinn málflutning, þar sem ræðumaður gerði tilraun til að telja mönnum trú um að hægt væri að falsa bókhald ríkissjóðs með einhverjum slíkum galdraaðferðum, sem að sjálfsögðu er fjarri veruleikanum.

Hv. þm. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e., bar upp nokkrar spurningar til mín og ég vil reyna að gera þeim einhver skil, þó að ég væri að vísu ekki alveg viss á hvað verið væri að spyrja mig um.

Það var í öllu falli verið að spyrja að því, hvort ríkisstj. hefði breytt um stefnu í sambandi við niðurgreiðslu landbúnaðarvara. Í því sambandi vísaði hann til þess, að útgjöld til niðurgreiðslna á árinu 1983 þyrftu að vera allverulega miklu hærri ef halda ætti sama niðurgreiðslustigi og var á árinu 1982. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Það er ekki gert ráð fyrir að reynt verði að greiða niður landbúnaðarvörur á árinu 1983 í jafnríkum mæli og gert var á árinu 1982 og þar af leiðandi er upphæðin alls ekki í fullu samræmi við að haldið væri uppi nákvæmlega sama niðurgreiðslustigi og er á þessu ári. Því fer fjarri. Það verður að segjast alveg eins og er, að það fjármagn sem er í fjárlagafrv. til niðurgreiðslna dugar fyrst og fremst til að halda uppi sama niðurgreiðslustigi og verið hefur á síðari hluta þessa árs, en svigrúm til aukningar niðurgreiðslna er ákaflega lítið.

Ég tel að niðurgreiðsla vöruverðs á fyrri hluta þessa árs hafi skilað verulegum árangri á sínum tíma og átt þátt í því að halda niðri verðbólgu á fyrri hluta ársins. Það er enginn minnsti vafi á því. Áhrif þessa hafa teygt sig fram á haustmánuðina. En hitt er allt annað mál, að þegar kom fram á árið, sérstaklega fram á mitt árið, komu í ljós

óvenjulegir erfiðleikar, sem voru miklu stærri og meiri en menn höfðu gert ráð fyrir, og þá varð að grípa til annarra og kraftmeiri aðgerða til að stemma stigu við verðbólgu heldur en nokkurn tíma var hægt að vænta að niðurgreiðslur gætu skilað. Það var því gripið til efnahagsaðgerða nú á haustmánuðum, sem ég þarf ekki hér að lýsa og koma raunverulega í staðinn fyrir þá niðurfærslu verðlags sem ríkisstj. stóð fyrir á fyrri hluta ársins. Ríkisstj. treysti sér ekki til þess áframhaldandi að safna saman fjármagni til að halda svo verulegum niðurgreiðslum áfram og þess vegna fara þær hlutfallslega lækkandi á nýjan leik.

Ég vænti að þessari fsp. sé svarað og að það hafi verið einmitt þetta atriði sem hv. þm. var að spyrja um.

Ég heyrði það á hans máli, að hin góða staða ríkissjóðs fór dálítið fyrir brjóstið á honum og hann leitaðist við að finna einhverjar skýringar á því hvernig á því gæti staðið aðrar en þær sem gætu falist í eðlilegu aðhaldi. Þá kom hann með þá skýringu, sem er fullgóð og er alls ekkert fjarri lagi, að ríkissjóður hefði notið góðs af verulega miklum innflutningi á fyrri hluta ársins. Ég held að það sé engin ástæða til að deila um það eða draga neina fjöður yfir það, að afkoma ríkissjóðs, eins og á stendur nú, er talsvert miklu betri en menn gerðu ráð fyrir að hún yrði á þessum tíma árs. Það stafar auðvitað af því hvað innflutningurinn var mikill fyrri hluta ársins. En það eru sveiflur í innflutningi og við gerum ráð fyrir að á seinasta hluta ársins sé sveiflan það kröftuglega á niðurleið að innflutningurinn verði jafnvel töluvert miklu minni en gert var ráð fyrir og þetta jafni sig því út þegar árið er á enda. Þannig hefur þetta auðvitað alltaf gengið, að innflutningurinn gengur í sveiflum. Stundum er hann meiri en menn eiga von á, stundum er hann minni. Þannig var þetta t. d. á seinasta ári. Innflutningurinn á 3—4 fyrstu mánuðum ársins var mjög lítill og tekjur ríkissjóðs voru þá minni en við höfðum gert ráð fyrir. Svo breyttist þetta þegar kom fram á vor og fram á sumar og innflutningur varð meiri, tekjur af aðflutningsgjöldum urðu meiri, og þetta jafnaði sig sæmilega út áður en árið var á enda, var jafnvel heldur hagstæðara en fjárlög höfðu gert ráð fyrir, enda er, eins og menn þekkja, útkoman á árinu 1981 verulega miklu betri en fjárlög höfðu gert ráð fyrir. Það stafaði auðvitað af því m. a. að tekjur af aðflutningsgjöldum höfðu verið meiri en menn reiknuðu með.

Þetta er svo sem ekkert launungarmál, sem hv. þm. er hér að upplýsa, heldur staðreynd sem flestum er kunn og ekki margt fleira um það að segja.

Hitt þótti mér öllu verra, þegar hv. þm. fór að gefa það í skyn að vegna þess að aðhaldi er beitt gagnvart ríkisstofnunum sé þar um algjörlega óraunhæfar tölur að ræða. Ég skildi það helst þannig, að hann mundi beita sér fyrir meiri eyðslu ríkissjóðs í þágu þessara stofnana vegna þess að óeðlilega væri að þeim kreppt. Það er ekki algjörlega í samræmi við það sem ég tel eðlilegast vegna þess að það er ljóst að samdrátturinn í tekjum ríkissjóðs krefst þess af okkur að við beitum allar ríkisstofnanir miklu aðhaldi. Það væri satt að segja eitthvað að okkar áætlunum ef allir væru ánægðir með það sem þeim er skammtað í fjárlagafrumvarpi og gerðu sér það að góðu sem þeir eiga þar von á.

Óskir stofnana eru eins og menn þekkja, að þessu sinni eins og oft áður mjög verulega fyrir ofan venjulegan framreikning frá árinu áður og ef látið væri undan óskum stofnana þyrfti vafalaust að hækka skatttekjur ríkisins um a. m. k. 50%. Ég heyri það kallað niðurskurð hjá stofnunum ríkisins þegar raungildi fjárveitinga er nokkurn veginn óbreytt frá fyrra ári. Það kalla stofnanir alveg hiklaust niðurskurð. Hvers vegna er það niðurskurður? Jú, vegna þess að það er niðurskurður á þeirra óskum, það er niðurskurður á fjárveitingabeiðnum þeirra. Það er sú notkun á orðinu „niðurskurður" sem forstöðumenn mjög margra ríkisstofnana hafa tamið sér, að þegar beiðnir þeirra eru skornar niður er um niðurskurð að ræða. Ég tel aftur á móti, að þegar stofnanir fá nokkurn veginn hliðstæða fjárveitingu að raungildi og verið hafði árið áður sé ekki um neinn niðurskurð að ræða. Þannig hygg ég að þetta sé í flestum tilvikum. Vissulega er í ýmsum tilvikum um ákveðið aðhald að ræða, ákveðna viðleitni til þess að ná fram sparnaði, og þá eru menn kannske ekki alls kostar ánægðir með það.

Í sambandi við lánsfjáráætlun ársins 1982 og þær tölur sem hv. þm. Lárus Jónsson nefndi hér áðan var það auðvitað ljóst af hans máli, að hann var þar að nefna tölur eftir minni, einhverjar tölur sem hann mundi lauslega, en ekki að hann væri að lesa þar nákvæmar tölur af blaði, enda get ég upplýst hann um að þessar tölur voru afar ónákvæmar. Ég hygg að ég muni það rétt, að þegar lánsfjáráætlunin var lögð fram í fyrra, fyrir einu ári, hafi í fyrstu tillögunum verið gert ráð fyrir erlendri langtímalántöku sem nam vel yfir 2000 millj. kr., en þessi upphæð hækkaði síðan í meðförum Alþingis allverulega. Ég hygg að talan hafi verið komin talsvert á þriðja þúsundið áður en hún var afgreidd. Ég vil hins vegar upplýsa það, að sáralítil breyting hefur orðið á lántökum frá því sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun ársins 1982. Það er algjör misskilningur að þar hafi orðið einhver stökkbreyting, eins og hv. þm. var að reyna að gefa hér í skyn, 50% aukning skildist mér á honum, úr 2000 í 3000 millj. Þetta er hin mesta fjarstæða. Slík aukning hefur alls ekki átt sér stað. Mjög óverulegar breytingar hafa orðið á lántöku, miðað við þau áform sem fólust í lánsfjáráætlun. Ég minnist tveggja stórra mála sem hækka lánsfjáráætlun ársins 1982 dálítið. Í báðum tilvikum var um samþykki Alþingis að ræða og raunar samstöðu allra flokka. Það var annars vegar lántaka vegna Akranessferjunnar og hins vegar lántaka vegna járnblendiverksmiðjunnar og rekstrarerfiðleika hennar. Síðan koma þarna vissulega fleiri minni háttar lántökur inn í myndina, sem þó breyta ekki niðurstöðutölum að neinu verulegu leyti — má vera að Landsvirkjun hafi að vísu tekið eitthvað meiri lán en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Einnig eru nú til athugunar nokkur mál stofnana sem þurfa greinilega á heldur meiri lántökum að halda en ráð var fyrir gert. Má þar nefna Rafmagnsveitur ríkisins, sem þurfa að ljúka ákveðnum verkum og hafa óskað eftir lántöku. (**Gripið fram í:** Hvenær má búast við lánsfjáráætlun?) Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni hér í dag, að von mundi vera á lánsfjáráætlun að nokkrum vikum liðnum. (**Gripið fram í:** Það heyrði ég í dag, en fannst ekki nógu nákvæmt.) Framlagning lánsfjáráætlunar verður nú ekki dagsett að þessu sinni.

Hv. þm. Lárus Jónsson vék hérna að vegagerðarmálum og taldi að það mundi vanta mjög verulegar fjárhæðir til þess að um væri að ræða að 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu gengju til vegagerðar. Ég kannast við að Vegagerðin er með allmiklu hærri tölur en eru í fjárlagafrumvarpinu, en ég hygg að það byggist aðallega á því að það eru aðrar reikniforsendur sem Vegagerðin reiknar

út frá. Ég hygg að Vegagerðin reikni þarna með verulega miklu meiri verðbólgu en fjárlagafrumvarpið er miðað við. Menn verða þá að taka með inn í myndina, að ef verðbólgan verður verulega miklu meiri aukast líka tekjur Vegagerðarinnar að sama skapi. T. d. aukast allir markaðir tekjustofnar þá í hlutfalli við hækkunina á verðbólgunni (**Gripið fram í:** Það er komið inn í þetta dæmi.) Ja, ég hygg að það geti varla verið. Staðreyndin er sú, að framlagið til vegagerðar, eins og það er í fjárlagafrumvarpinu, er 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu. Þjóðarframleiðslan er áætluð um 40 milljarðar á næsta ári. Þannig er ljóst að 0.1% af vergri þjóðarframleiðslu er rétt um 40 millj. Við höfum litið svo á, að talan sem á vantaði væri af þeirri stærðargráðu. En það er sjálfsagt rétt að miða við einhverjar aðrar forsendur. Ef menn gefa sér aðra viðmiðun og taka inn í þetta einhverja aðra þætti en gert hefur verið í fjárlagafrumvarpinu getur verið að menn fái einhverjar allt aðrar tölur út en 0.1% eða 1‰ af vergri þjóðarframleiðslu, sem þarna skilur á milli prósentutalnanna 2.1 og 2.2, þ. e. rétt um 40 millj.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það sem fram hefur komið hér í dag. Ég held að ég hafi nú svarað þeim spurningum sem hér voru bornar fram. Ég hef ekki gert neina tilraun til að meta hversu miklu meiri tekjur af aðflutningsgjöldum hafa verið en ráð var fyrir gert, vegna þess að við vitum ekki hver endirinn verður á árinu. Þessar tekjur ganga í bylgjum. Stundum eru þær meiri en gert var ráð fyrir, stundum minni. Auk þess getur verið mikið álitamál hvernig reikna skuli, vegna þess að þegar verðbólgan verður meiri en fjárlagafrumvarp gerir ráð fyrir hækka auðvitað bæði gjöld og tekjur í hlutfalli þar við og verður þá að taka tillit til þess.

Ég held að ég hafi nú vikið að helstu atriðum, sem ég var sérstaklega spurður hér um, og ég læt þetta duga.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, þó að sum þeirra væru kannske ekki mjög ákveðin.

Það er greinilegt að hann virðist ekki hafa miklar áhyggjur af því að hafa ekki lengur þennan tekjuauka af innflutningnum í ríkissjóð því hann virðist ekki hafa látið athuga það fyrir sig hvað þetta hefur numið miklum fjárhæðum í fyrra og í ár. Það er alveg augljóst, hæstv. ráðh., að mjög auðvelt er að reikna það þar sem við höfum það sem er orðin staðreynd. Ég er ekki að tala um að reikna slíkar tölur fram í tímann eða áætla tekjur af innflutningi til áramóta. Við vitum náttúrlega hvaða tekjur ríkissjóður hefur haft af innflutningi undanfarna 9 mánuði og hvað hann hafði í fyrra og hvaða tekjur eru vegna umframeftirspurnar á þessum tíma. Þetta er tiltölulega mjög auðvelt dæmi. (**Gripið fram í:** Hvað er umframeftirspurn?) Umframeftirspurn eftir innflutningi er það sem er umfram eðlilegar veltubreytingar í þjóðfélaginu. Það er það sem dæmið snýst um. Þetta stafar að sjálfsögðu af viðskiptahallanum, af eyðsluskuldasöfnuninni og þetta er kjarni málsins til þess að gera sér grein fyrir ríkisrekstrinum undanfarin ár og hvert horfir.

Við vitum að það hefur í sívaxandi mæli orðið að veita auknar fjárveitingar til hinna og þessara stofnana vegna þess að forsendur fjárlagafrumvarps hafa brugðist og það hafa verið til peningar til að gera þetta vegna þeirra miklu tekna sem ríkissjóður hefur haft umfram forsendur frumvarpsins og umfram veltustærðir í þjóðfélaginu. En þetta er ekki lengur til staðar og þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt fyrir hæstv. fjmrh., ef hann ætlar að sitja áfram eitthvað í stólnum, að gera sér grein fyrir þessari staðreynd. Þess vegna spurði ég hann hvort hann hefði ekki látið athuga þetta fyrir sig og reikna þetta fyrir sig. Ég hef meira að segja reynt að gera þetta með aðstoð sérfróðra manna og tel að þarna sé um að ræða hvorki meira né minna en 800 millj. kr. á verðlagi í ár, eins og ég sagði áðan, og hafi ríkissjóður haft þann tekjuauka af umframeftirspurn eftir innfluttum vörum.

Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um það, — ég sá það á blaði hjá mér, ég hafði skrifað það eftir Seðlabankanum — að í ár hefur lánsfjáráætlun gert ráð fyrir 2071 millj. kr. í lántökur í erlendum lánum, en Seðlabankinn gerir ráð fyrir því núna að þessar lántökur nemi 3000 millj. kr. Það stendur á plaggi frá Seðlabankanum dags. 5. okt. Ég get sýnt hæstv. ráðh. það ef hann vill.

Um reikniforsendur Vegagerðarinnar skal ég ekki deila. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að hún gerir ráð fyrir að það verði 58% verðbólga milli áranna 1982—1983, sem menn telja raunsæja forsendu vegna þess hve verðbólgan er orðin mikil núna. Vegagerðin reiknar yfirleitt út verðbólgu frá miðju ári til miðs árs, vegna þess að hún er með sínar framkvæmdir á miðju ári og hún verður að gera ráð fyrir slíkum forsendum ef á að vera eitthvað að marka raungildi þeirra talna sem hún er að fjalla um í framkvæmdum, og þess vegna hefur Vegagerðin fengið þessa tölu. Það er óumdeilanlegt, þetta liggur skjalfest fyrir, að hún telur að það skorti 136 millj. á til þess að ná 2.2%, eins og langtímaáætlunin gerir ráð fyrir, af þjóðarframleiðslu. Er þá náttúrlega gert ráð fyrir að þjóðarframleiðslan dragist saman, eins og í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir. Fjárskorturinn er þá 136 millj. kr. Það fé vantar til þess að sú forsenda standist að við leggjum 2.2% í vegagerð. Það vantar þá upp á frumvarpið. Og mín spurning var sú aðallega í þessu sambandi: Er það hugmynd ríkisstjórnarinnar að afla þess fjár með nýjum skatti?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. nóv. 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi eystra, Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari á Akureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Stefán Jónsson,
4. þm. Norðurl. e."

Soffía Guðmundsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Neðri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. nóvember 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi um sinn. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri á Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ragnar Arnalds,
4. þm. Norðurl. v."

Þar sem Hannes Baldvinsson hefur átt sæti á Alþingi áður á þessu kjörtímabili þarfnast kjörbréf hans ekki rannsóknar. Býð ég hann velkominn til starfa.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 57). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Á miðvikudag í síðustu viku gerði ég þingflokki Alþfl. grein fyrir miklum vanda sem Námsgagnastofnun ríkisins er nú komin í. Það var álit þingflokksins að hér væri svo alvarlegt mál á ferðinni að eðlilegt væri að óska eftir því þegar í stað að svör fengjust hjá stjórnvöldum um hvernig leysa ætti. Á miðvikudag í síðustu viku ræddi ég einnig við hæstv. menntmrh. og sagði honum að ég hefði áhuga á að ræða þetta mál sérstaklega. Kvaðst hann ekkert hafa á móti því. Á föstudag fékk ég svo heimild hjá hæstv. forseta fyrir þessari umr. utan dagskrár, sem ég þakka fyrir og mun reyna að stytta eins og mögulegt er.

Námsgagnastofnun ríkisins var komið á fót með lögum 1979. Í reglugerð um stofnunina, sem gefin var út í okt. 1980, segir m. a.:

„Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum. Námsgagnastofnun skal móta starfsemi sína í samræmi við markmið grunnskólalaga, svo og ákvæði aðalnámsskrár grunnskóla eins og þau eru á hverjum tíma. Námsgagnastofnun skal auðvelda grunnskólum hvar sem er á landinu að afla sér náms- og kennslugagna og veita þeim upplýsingar og sérfræðilega aðstoð. Auk gagna sem ætluð eru til almennrar starfsemi skóla skal stofnunin einnig hafa á boðstólum gögn vegna nemenda með sérþarfir. Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast gerð náms- og kennslugagna fyrir aðra skóla en grunnskóla. Ennfremur er heimilt að fela stofnuninni alhliða þjónustu fyrir skóla og almenningsbókasöfn, svo sem miðskráningu bóka og nýsigagna," — ég skýt því hér inn í, herra forseti, að þetta er nýyrði um viðbótarefni — „útgáfu hvers kyns bókfræðilegra gagna og rita, er varða starfsemi bókasafna, svo og að annast útvegun og frágang á safnkosti, svo og dreifingu og framleiðslu bókasafnsgagna."

Stofnuninni er ætlað að sinna mörgum fleiri verkefnum, en auðvitað er framleiðsla skólabóka fyrir 215 grunnskóla í landinu og 20—30 sérstofnanir langsamlega veigamesta verkefnið. Þessi umr. er hafin vegna þess í fyrsta lagi, að stofnunin hefur látið stöðva alla útgáfu kennslugagna af hvaða tagi sem er vegna fjárskorts. Hún skuldar nú prentsmiðjum og fleiri aðilum um 1 millj. kr. auk skulda í bönkum.

Í öðru lagi getur stofnunin ekki lengur afgreitt bækur til grunnskóla eins og lög mæla fyrir um. Þetta hefur þegar valdið umtalsverðum erfiðleikum í mörgum skólum, þar sem starfsfólk setur nú upp fjölföldunarvélar og ljósritar með ærnum tilkostnaði kennslugögn fyrir nemendur. Skóla landsins skortir sem sagt grundvallarkennsluefni, sem nemendum á að vera tryggt með landslögum. Þetta á bæði við um nýtt efni og endurprentað.

Í þriðja lagi hefur stofnunin orðið á þessu ári að prenta mun minna upplag af hverri bók en æskilegt getur talist. Með þessu móti hefur sjaldnast verið unnt að fullnægja eftirspurn og prentun hverrar bókar orðið dýrari af þessum sökum.

Í fjórða lagi, sem ég tel hvað alvarlegast, hefur stofnunin sáralítið getað gert í útgáfu námsefnis fyrir nemendur með sérþarfir, en til er áætlun um útgáfu þessa efnis á næsta ári fyrir 3.8 millj. kr. Fyrir liggur álit nefndar, sem starfaði á vegum menntmrn., um nauðsyn útgáfu þessa efnis, sem kæmi til góða heyrnarskertum, blindum og hreyfihömluðum.

Í fimmta lagi hefur stofnunin ekkert getað gert til að auka notkun myndbanda í skólum, en á hennar vegum er

Fræðslumyndasafn ríkisins sem geymir nær allt sitt myndefni á 16 mm filmum. Stór hluti af því efni er úreltur og uppfyllir hvergi þær kröfur sem nú eru gerðar. Myndbönd eru víðast hvar í nágrannalöndum okkar talin ómissandi þáttur í kennslustarfi.

Í sjötta lagi er þess að geta, að stjórnvöld mótuðu ákveðna stefnu í framleiðslu kennslugagna þegar Skólarannsóknadeild var komin á fót. Hún býr til verkefni sem ekki er hægt að koma á framfæri vegna fjárskorts. Menn geta ávallt deilt um ágæti kennsluefnis. *Það er hins vegar óumdeilt að hluti þess verður að vera í* stöðugri endurskoðun vegna mikilla þjóðfélagsbreytinga. Það er ótækt að nota kennsluefni sem er skrifað fyrir annað þjóðfélag.

Í sjöunda lagi er þess að geta að starfssvið Námsgagnastofnunar er mjög viðamikið. Í heild eru verkefnin þessi: Núverandi verkefni Námsgagnastofnunar sem slíkrar eru útgáfa námsgagna og útvegun fræðslumynda, rekstur skólavöruverslunar og rekstur kennslumiðstöðvar, en hlutverk skólavörumiðstöðvar er útvegun á sérhæfðum og almennum skólavörum til grunnskóla. Undir útgáfu námsgagna falla grunnbækur, ítarefni, vinnubækur, vinnublöð, kennsluleiðbeiningar, handbækur, upplýsingahefti, skyggnur, glærur, myndspjöld, myndbönd, hljómbönd, námsspil, kort, landabréf, sérkennsluefni o. fl. o. fl.

Hlutverk Fræðslumyndasafns er gæsla fræðslumynda, kennslumynda. Undir það falla filmur, myndbönd, skyggnur, hljómefni. Undir Kennslumiðstöð heyrir: kynning, fræðsla, innlend og erlend námsgögn, ráðgjöf um tækjanotkun, sýningar á tækjabúnaði, gagnasmiðja, fræðslufundir eða námskeið. Auk þess eru til heimildarákvæði þess efnis, að Námsgagnastofnun búi til námsefni fyrir aðra skóla en grunnskóla, annist þjónustu fyrir skóla og almenningsbókasöfn, námsefnisgerð, þ. e. grunnvinnu, og starfi sem skólaminjasafn.

Hjá stofnuninni vinna nú rösklega 30 manns, en verulegur hluti starfsmanna er í svokölluðum óheimiluðum stöðum og launagreiðsla til þeirra er tekin af öðrum fjármunum stofnunarinnar. Þess ber að geta að þetta eru að hluta til gamlar stöður, og í vor þegar samið var um laun þessa fólks voru engar athugasemdir gerðar við þessar stöður.

Í áttunda lagi er þess að geta að af áætlun fyrir 1982, þ. e. fyrir þetta ár, varð stofnunin að fresta verkefnum fyrir 8.7 millj. kr. Í áætlun sem stofnunin gerði í maí s. l. taldi hún sig þurfa liðlega 40 millj. kr. á næsta ári. Er það þá auðvitað framreiknað til næstu áramóta og átt við allan kostnað. Að viðbættum þeim 8.7 millj. í verkefnum, sem frestað var, er fjármagnsþörfin tæplega 49 millj. kr. Fjárlagafrv. fyrir 1983 gerir hins vegar ráð fyrir 15.5 millj. kr. Munurinn er því litlar 33.4 millj. Ég vil geta þess að ef við skiptum þessum 15.5 millj. á þá 40 þús. nemendur, sem stofnuninni er ætlað að þjóna, munu það vera um 400 kr. á nemanda.

Herra forseti. Þetta mál snýst ekki eingöngu um það að leysa *tímabundna og mikla erfiðleika* Námsgagnastofnunar, heldur verður að fást svar við þeirri spurningu hvað stjórnvöld hyggist gera í næstu framtíð við þá stofnun, sem þjónar 40 þúsund nemendum í landinu, 215 grunnskólum, 20—30 sérstofnunum, er ætlað mikið hlutverk í útgáfu sérkennslugagna, við rekstur Fræðslumyndasafns og jafnvel að sjá framhaldsskólum fyrir bókum.

En það er líka önnur hlið á þessu máli og hún snertir húsnæði stofnunarinnar. Hið fræga Víðishús var keypt árið 1977. Árin 1978 og 1979 voru gerðar áætlanir um nýtingu þess og haustið 1981 var ákveðið að hefja viðgerð. Nýtt þak var sett á húsið með ærnum tilkostnaði, það hreinsað að innan og vinnupallar reistir við það allt. Frá síðustu áramótum hefur hins vegar ekkert verið unnið við húsið. Á neðstu hæð hússins hefur Skólavörubúð og kennslumiðstöð tekið til starfa, en neðsta hæðin liggur nú undir skemmdum vegna vatnsaga. Ég spyr: *Hvað á að gera við þetta hús?*

Herra forseti. Eftir að ég fór að kynna mér þetta mál fyrri hluta síðustu viku og ræða við skólafólk, þá hefur komið á daginn að menntmrn. virðist eiga í mjög umtalsverðum fjárhagsörðugleikum. Ég vil skjóta því hér inn, að að máli við mig og formann míns þingflokks hefur komið fulltrúi sem þingflokkurinn tilnefndi í nefnd, sem var ætlað það hlutverk að endurskoða störf og rekstur félagsheimila í landinu. Honum ásamt öðrum fulltrúa sem í nefndinni er, fulltrúa Alþb., sem báðir koma utan af landi, hefur ekki hingað til tekist að fá endurgreitt það sem þeir hafa lagt fram úr eigin vasa í ferða- og dvalarkostnað. Á föstudag s. l. var gerð mjög ítarleg tilraun til að fá þessar greiðslur hjá *menntmrn.*, en mér tjáir þessi maður að hann hafi fengið þau svör að peningar væru ekki fyrir hendi og yrðu ekki á næstunni. Ég hef eingöngu hans orð fyrir þessu. Mér er kunnugt um að einn af hv. þm. Framsfl. hefur gert tilraun til að leysa þetta mál, en það var óleyst í gærkvöldi.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra. Ég vona að hæstv. menntmrh. geti skýrt nánar frá stöðu þessa máls og fjárhagsstöðu menntmrn. og sagt frá því hvaða hugmyndir eru uppi um lausn málsins. Það er fjarri því að vera vansalaust og raunar mjög alvarlegt, þegar svo er komið, að við getum ekki lengur séð grunnskólum okkar fyrir lögbundnu kennsluefni. Ég vænti þess að hér fáist skýr og greinargóð svör. Mér er það ljóst að menntmrn. er mikill vandi á höndum og ég vil í lokin spyrja hæstv. menntmrh. að því beint, hvort ástandið í fjármálum menntmrn. sé orðið þannig í raun og veru að nánast sé hægt að tala um gjaldþrot rn. Það sé ekki lengur möguleiki fyrir rn. að greiða reikninga og skuldir sem því ber að greiða.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Aðalmálið sem hér er til umr. er vissulega mjög mikilvægt. Það er um stöðu Námsgagnastofnunar. En ég veit nú ekki hversu langt ég fer út í að ræða hér almennt um fjármál menntmrn. Ég held að ég geti upplýst það hér að það er ekki verr statt en önnur rn. Mér er algerlega ókunnugt um það. Og þessa historíu, sem hv. þm. segir um að Sigurður Jóhannsson úr Ólafsfirði hafi ekki fengið greiddan ferðakostnað sinn, held ég að sé ástæðulaust að hafa hér sértaklega til umr. eða leggja mikið út af henni. Hann hefur að vísu einu sinni minnst á það við mig að honum bráðlægi á að fá þessa peninga. Það er alls ekki *búið að gera ennþá upp við nefndarmenn, en ég vona* að það takist án þess að nokkur vandræði verði út úr því og vil helst ekki þurfa að blanda slíku smámáli inn í umr. um slík stórmál sem hér er um að ræða. Mér kemur mjög á óvart að það skuli vera gert.

Hitt skal ég fallast á með hv. þm., sem hóf hér máls utan dagskrár, að Námsgagnastofnun á vissulega við vanda að etja og úr þeim vanda verður að ráða. Ég vil þá

strax benda á að Námsgagnastofnun er engan veginn eina stofnun ríkisins sem á við fjárhagsvanda að etja. Því fer fjarri að svo sé. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt. Á þessum tíma árs, þegar verið er að undirbúa fjárlög, er það ekkert nýtt að menn sjái ýmiss konar erfiðleikum bundið að ráða fram úr málefnum ýmissa ríkisstofnana. Svo er nú sem oft áður og það er náttúrlega þeim mun eðlilegra að svo sé vegna þess að við höfum á þessu ári lifað talsvert erfiða tíma í fjárhagsefnum. En ég vil benda á það strax að þessi mál eru til meðferðar í þinginu og snerta að sjálfsögðu fjárlagagerðina, fjárlagaundirbúninginn. Ég mun vissulega gera mitt til þess að málefni Námsgagnastofnunar verði þar tekin eðlilega til meðferðar og að þau hljóti þar sem besta afgreiðslu.

Það er kannske óþarfi að reka mjög nákvæmlega fyrir þingheimi hver sé tilgangur Námsgagnastofnunar. Það þekkja áreiðanlega allir hv. þdm. Lögin um Námsgagnastofnun eru tiltölulega ný. Þau voru sett árið 1979. Frv. að slíkum lögum hafði þá verið til meðferðar mjög lengi á vegum menntmrn. og reyndar flutt alloft á Alþingi án þess að það næði fram að ganga. Eins og menn einnig vita er Námsgagnastofnun eins konar samsafn af stofnunum sem áður höfðu starfað að útgáfu bóka og annarra námsgagna. Fyrst og fremst er hér um að ræða Ríkisútgáfu námsbóka, sem er orðin býsna gömul stofnun, gamalt fyrirtæki, verður til í kringum 1936, ef ég man rétt, og var mikið framfaraspor á sinni tíð. Einnig er hér um að ræða stofnun sem hefur undir sér gamla Fræðslumyndasafnið og svo Skólavörubúðina. Þessi þrjú fyrirtæki heyra nú undir Námsgagnastofnun. En stofnunin sem slík er auðvitað ein þó að hún sé deildaskipt nokkuð í líkingu við þær stofnanir sem hún er sprottin af.

Það er líka rétt, sem fram kom hér mjög skilmerkilega hjá hv. fyrirspyrjanda, að starfssvið Námsgagnastofnunar er mjög víðtækt. Það nær samt eingöngu til þess nú að framleiða eða útvega námsgögn fyrir grunnskóla. Þó að heimild sé til þess einnig í lögum um Námsgagnastofnun, að Námsgagnastofnun sjái framhaldsskólum fyrir námsefni, þá hefur það ekki enn komið til framkvæmda og óljóst hvenær af verður.

Það sem við verðum fyrst og fremst að átta okkur á, þegar við ræðum um Námsgagnastofnun, er að hér er um tiltölulega nýja stofnun að ræða. Lögin verða til 1979. Hún tekur formlega til starfa, ef ég man rétt, á vordögum árið 1980 þegar henni er fengin stjórn. Síðan er settur námsgagnastjóri eða framkvæmdastjóri stofnunarinnar í ágústmánuði 1980. Sá sem því starfi gegnir var síðan skipaður í þá stöðu ári síðar, í ágústmánuði 1981. Ég vil því leggja mjög mikla áherslu á það að Námsgagnastofnun, í því formi sem lögin gera ráð fyrir, er óneitanlega stofnun í mótun. Hún er fyrst og fremst stofnun í mótun. Og mig langar til að vekja mikla athygli á því að þegar um þessi mál var fjallað hér, þegar Ríkisútgáfa námsbóka var lögð niður og Námsgagnastofnun sett á laggirnar með miklu víðtækara starfssviði og skýrari starfsreglum, þá var ævinlega gengið út frá því að þessi nýja stofnun hefði sinn ákveðna þróunartíma, hún gæti aldrei komið alsköpuð fram, heldur yrði það að taka sinn tíma að þróa stofnunina upp í það stóra veldi sem henni er ætlað að vera samkv. lögum. Mig langar til að skýra þetta örlítið nánar.

Í raun og veru, ef við lítum á lagabókstafinn sem slíkan, þá er náttúrlega ljóst að þarna er gert ráð fyrir því að alger bylting verði í öflun námsgagna til skólanna miðað við það sem verið hefur frá upphafi. Lengi vel var fyrst og fremst miðað við það að til væri ein, kannske tvær námsbækur fyrir hverja námsgrein. Þetta þykir nú á tímum ótækt og reyndar nokkuð langt síðan menn sáu að óeðlilegt var að hafa ekki úr meiru að velja en kannske 1—2 bókum í hverri námsgrein. Stefnan er því sú að valið verði að vera miklu meira. Undir þetta tek ég og undir þetta er almennt tekið, að það er brýn nauðsyn á því að úrval námsbóka sé miklu meira en var hér fyrir allmörgum árum og viðgekkst á meðan Ríkisútgáfa námsbóka starfaði fyrst og fremst. En þetta setur náttúrlega stofnunina í vanda. Ef hún á að geta framkvæmt þetta vel og fljótt, þá setur það hana náttúrlega í gífurlegan fjárhagsvanda. Mín skoðun er því sú að við ættum að stefna að því að reyna að efla Námsgagnastofnun stig af stigi með það í huga að hún geti náð meginstyrk sínum á nokkrum árum.

Þetta mál ræddi ég mjög ítarlega við stjórn stofnunarinnar, þegar hún var sett á laggirnar einmitt í byrjun míns ráðherraferils 1980, og einnig við forstjóra stofnunarinnar sem settur var fyrst og síðan skipaður á árunum 1980 og 1981. Og ég held að það hafi verið sammæli okkar allra að þannig yrði að vinna. Það yrði að gera ráð fyrir þróun stofnunarinnar. Hún gæti aldrei orðið til alsköpuð á einu ári. Ég legg mikinn þunga á þetta atriði. Það skiptir verulegu máli að menn átti sig á því að hér er um allvandasamt framkvæmdamálefni að ræða. Hér er um vandasamt málefni að ræða og þess vegna verðum við að ætla okkur skynsamlega þróun í uppbyggingu svo viðamikillar stofnunar. Þetta held ég að sé fullkomið sammæli stjórnarinnar, ráðherra og forstjóra stofnunarinnar. Þetta er um það sem fyrst og fremst snýr að uppbyggingu stofnunarinnar og því sem á döfinni er í því sambandi.

Vegna þess að fyrirspyrjandi talaði hér nokkuð um húsnæðið, þá langar mig að víkja að því. Ég tel að í húsnæðismálum sé tiltölulega vel að búið og hugmyndir um það hvernig búið verði að stofnuninni að því leyti í framtíðinni held ég að þurfi ekki að verða ágreiningsefni. Þau mál séu í sæmilegu lagi. Hv. fyrirspyrjandi minntist á Víðishúsið eða Laugaveg 166, sem ríkið á en hefur ekki tekið fyllilega í gagnið, enda þarf að gera mikið við það hús. Ég vil taka það fram að menntmrn. hefur frá fyrstu tíð lagt mjög mikla áherslu á að Víðishúsið verði tekið í fulla notkun, vegna þess að menn þar eru sannfærðir um, eins og allir sem kynna sér málið, að Víðishúsið er á margan hátt góð eign og gott hús og þar er auðvelt að búa vel að ýmsum stofnunum ríkisins. En auðvitað kostar það fjármagn að gera slíkt og það hefur verið reynt. Eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda hefur verið veitt allmiklu fé á undanförnum árum til þess að lagfæra húsið. Það sem brýnast var til þess að koma í veg fyrir skemmdir, sem annars kynnu að verða frekar á húsinu, var að lagfæra þakið. Fyrir dyrum stendur einnig, og verður að sjálfsögðu að gera, að lagfæra glugga hússins frekar en orðið er.

En það sem ég vil segja í sambandi við Víðishúsið og Námsgagnastofnunina er það, að ég tel að ég hafi nú fengið það alveg ákveðið fram innan ríkisstj. að Námsgagnastofnun fái inni með sína starfsemi í Víðishúsinu á næstu árum, eftir því sem fram vindur viðgerð hússins. Ég tel því að út af fyrir sig sé ekki illa fyrir því máli séð, enda nauðsynlegt að Námsgagnastofnunin komist á einn stað með sína starfsemi, sem nú er dreifð víða um bæinn,

bæði hér niðri við Tjarnargötu og uppi í Brautarholti 6 frá gömlum tíma og svo á Laugavegi 166 og reyndar einnig niðri í Borgartúni, þar sem filmusafnið er. Auðvitað verður þetta allt að komast á einn stað. Ég vil upplýsa það hér — og ég vona að menn taki eftir því — að það er ákveðið af ríkisstj. hálfu að Námsgagnastofnunin fái inni með sína starfsemi á Laugavegi 166, eftir því sem fram vindur um viðgerð og endurbætur á húsinu.

Þetta er það sem ég vildi koma á framfæri almennt um stofnunina. En ég hlýt líka að taka undir það að vissulega skortir Námsgagnastofnun verulegt fjármagn eins og nú horfir. Æskilegt væri að geta skaffað stofnuninni meira fé en verið hefur þessi árin. Ég vil líka geta þess að þær tillögur sem gengið hafa frá menntmrn. — þó að ég sé reyndar ekki með þær núna hjá mér, ég segi það bara almennt — þær tillögur sem gengið hafa frá menntmrn. í sambandi við fjárlög bæði á þessu ári og í fyrra hafa verið skornar verulega niður við lokagerð fjárlagafrv. Og hvað snertir árið í ár held ég að það sé nokkurn veginn vafalaust að ástæðurnar eru almennt erfitt fjárhagsástand og þörf á aðhaldi í ríkisrekstrinum. En ég vil taka það fram að ég tel að aðhaldsaðgerðir gagnvart Námsgagnastofnun megi ekki verða of strangar og ég tel að það verði að vinna að því að bæta verulega úr því sem nú er fyrirhugað í fjárlagafrv. Þar treysti ég að sjálfsögðu á þingið og fjvn., að kynna sér það mál vel og rækilega svo að hún sé fær um að leggja þar nýtt til. Ég vona að samstaða geti náðst um það efni.

Það er deginum ljósara að Námsgagnastofnun hefur mjög víðtæku hlutverki að gegna. Henni er fyrst og fremst ætlað að sjá grunnskólunum fyrir námsefni. Það má vissulega deila um hvort það tekst. Ég ætla ekki að draga fjöður yfir þann vanda sem við er að etja. En það má ekki heldur mála þetta svo dökkum litum að ekki sjáist nein glæta.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef ekki orðið var við það, ég hef ekki fengið t. d. frá fræðslustjórum í landinu neina sérstaka umkvörtun um það að skólar hafi ekki getað hafið störf og geti ekki sinnt kennslustörfum sínum í vetur eðlilega vegna skorts á námsgögnum sérstaklega. Ég hef ekki orðið var við það. En hitt er alveg augljóst, að það varð viss dráttur á afhendingu námsgagna í haust. Ég hef ekki nákvæma skýrslu um hvaða gögn eða bækur þetta voru, en vissulega hefur komið í ljós að svo var. Það mun ekki alveg nýtt í sögu Ríkisútgáfu námsbóka og Námsgagnastofnunar að slíkt gerist, og er auðvitað illt til þess að vita að það skuli þurfa að koma fyrir, en ég held að við megum samt ekki mála þetta allt of dökkum litum.

Ég vil fyrir mína parta segja það að ég tel að Námsgagnastofnunina þurfi að efla. Það þarf að efla hana með talsverðum hraða og það þarf reyndar að koma sér niður á það með hvaða hætti eigi að ákvarða framlög til Námsgagnastofnunar og námsefnisgerðar. Það er hugsanlegt að miða þetta við einhverja ákveðna prósentutölu af því framlagi sem fer til kennslumála eða til skólanna. Það er hægt að hugsa sér það. Við höfum rætt það bæði fyrr og síðar hvaða prósentutölu ætti þar við að miða og bera upp við fjárveitingavaldið. Þetta er mjög mikilvægt að koma sér niður á, eins og er reyndar í sumum öðrum greinum, sumum öðrum kostnaðarliðum við skóla og fræðslukerfið. Ef litið er á tölur sem ég hef séð um þetta og teknar hafa verið saman um hlutfall í þessu sambandi — og þá miða ég við heildarframlög til grunnskólanna — þá kemur í ljós að síðustu 2—3 árin er síður en svo að þetta hlutfall hafi lækkað. Það hefur fremur hækkað. En ég er ekki að halda því fram að það sé nóg miðað við þarfirnar, miðað við umfang skólanna og vöxt þeirra og miðað við þann tilgang sem stofnunin hefur. En þegar litið er á framlög til Námsgagnastofnunar sem hlutfall af því fé sem gengur til skólanna, þá má ekki líta svo á að það hafi í sjálfu sér minnkað. Það er ekki rétt. Hins vegar er það svo, að þetta hlutfall hefði gjarnan mátt hækka, það hefði gjarnan mátt breytast í hækkunarátt.

Um þetta mál hef ég ekki öllu meira að segja. Ég hef viljað kynna mönnum Námsgagnastofnun. Hér er um nýja stofnun að ræða, sem er í vexti, sem er að stíga sín fyrstu spor, og það er smám saman verið að móta stefnuna í þeim efnum. Ég vil líka, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, minna á þá nefnd sem ég skipaði fyrir réttu ári síðan til þess að meta stöðu Námsgagnastofnunar og leggja á ráðin um þróun stofnunarinnar. Í þessari nefnd áttu sæti námsgagnastjóri og formaður stjórnarinnar og einn fulltrúi frá fjmrh. Þessir menn hafa unnið vel á þessu ári, skiluðu reyndar áfangaskýrslu strax í vor og bentu þar á ýmislegt, sem betur mætti fara í rekstrinum og hverju sérstaklega þyrfti að hyggja að. Auðvitað kemur fjölmargt í ljós í sambandi við rekstur þessarar stofnunar, sem þarf að bæta úr, bæði í stóru og smáu. En ég held að það sé höfuðatriðið að við reynum að þróa Námsgagnastofnun eðlilega. Hún getur aldrei orðið fullkomin á einu eða tveimur árum. Við verðum að taka upp hinar nýju aðferðir við útgáfu á bókum og kennslugögnum. Við getum ekki gert það með byltingarátaki heldur verðum við að gera það með eðlilegri þróun, ella er hætt við að við villumst, að okkur beri af leið, við villumst í því og ráðum ekki við slíkt verkefni fjárhagslega. Því að ég held að allir hljóti að vera sammála um það að að mörgu er að hyggja í okkar ríkisrekstri og við höfum ekki nein praktísk skilyrði til að efna til stórbyltinga í fjárframlögum. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að það þarf að auka fjárveitingar og efla stofnanir, en við skulum gera það þó með réttri og eðlilegri þróun. Þetta er mín afstaða til Námsgagnastofnunar um leið og ég lýsi yfir því, að hún á vissulega við sína erfiðleika að etja núna, sem ég vænti að Alþingi taki á og að úr verði bætt áður en fjárlög verða afgreidd.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég verð að segja að mér hreinlega ofbýður að hlusta á þetta. Hæstv. ráðh. á að stjórna menntamálum í þessu landi. Þaðan berast þær fregnir næstum því daglega, að þær stofnanir, sem undir hann eru seldar, séu komnar í algjöra neyð. Hann er spurður hér hvaða tillögur hann hefur að gera. Hann hefur ekkert fram að færa nema almennt og innhaldslítið raus. Hann hefur engar tillögur sjálfur að gera. Hann segir bara: Ég verð að treysta á Alþingi. — Og hvað óskar hann eftir að Alþingi geri? Ekkert, engin ósk, engin stefna og engin skoðun. (Gripið fram í.) Mér ofbýður að hlusta á málflutning eins og hér fór fram áðan.

Í fyrsta lagi um það sem hæstv. menntmrh. nefndi smámál: Það er ekkert nýtt, að þóknanir sem mönnum eru greiddar fyrir nefndarstörf komi eftir á; þegar nefnd hefur lokið störfum eða ef nefnd situr lengi að störfum komi kannske ein þóknun á ári fyrir þau störf sem hafa verið innt af hendi. Við erum ekki að kvarta yfir þessu. Þetta gengur jafnt yfir alla og þetta er almenn regla í

ríkisbúskapnum. En átti menn sig á þessu: Hér er um það að ræða að hæstv. menntmrh. óskar eftir því við einn þingflokkanna að hann tilnefni mann til að fara í vinnu fyrir ráðh. að endurskoðun ákveðins máls. Þessi maður er búsettur utan Reykjavíkur. Til þess að geta komist til þessa verks, sem hann er beðinn að vinna af hálfu ráðh., er hann sjálfur búinn að leggja fram úr eigin vasa í ferðakostnað og dvalarkostnað hér í Reykjavík 8 þús. kr. Þetta er venjulegur launamaður, sem hefur sjálfsagt ekki úr miklu að moða. Hann er búinn að leggja fram úr eigin vasa 8 þús. kr. til þess að komast á þessa fundi, sem hann er beðinn um að sækja af hæstv. ráðh. Hann fær engin svör í ráðuneytinu þegar hann biður um að fá endurgreiddan þennan útlagða kostnað. Hann þarf að borga með sér til að fá að starfa fyrir hæstv. ráðh. Það er ekki um það að ræða að maðurinn sé að kvarta yfir því að hann fái ekki laun eða greitt fyrir þau verk sem hann vinnur. Maðurinn fær ekki greiddan útlagðan kostnað, flugför og uppihald hér í Reykjavík, og er búinn að leggja úr eigin vasa fram mánaðarlaun eða meira til þess að komast suður til að vinna fyrir ráðh. En hæstv. ráðh. segir: Þetta er bara smámál. Ég er of mikill karl til að svara svona fyrirspurnum.

Herra forseti. Þetta yfirlæti hæstv. ráðh. er fyrir neðan allar hellur. Sá ráðh. sem kallar svona mál smámál er smámenni. Og það segi ég, og býst við að ég tali þar fyrir hönd okkar þm. Alþfl.: Við höfum aldrei fyrr þurft að eiga í svona samskiptum við ráðh. eða ráðuneyti. Ég veit engin eldri dæmi þess, að menn utan af landi, sem við höfum skipað til ákveðinna starfa samkv. beiðni ráðh., hafi ekki fengið greiddan ferðakostnað meðan þeir urðu að starfa fyrir viðkomandi ráðh. Þetta er eina dæmið sem ég þekki um slíkt. Og ég er sannfærður um að við þm. Alþfl. verðum ekkert ginnkeyptir fyrir því, nema hæstv. menntmrh. lagi þetta smámál, að tilnefna menn til vinnu fyrir hann og ráðuneyti hans, því að hann getur ekki einu sinni séð um að menn fái greiddan þann kostnað sem þeir verða að leggja fram úr eigin vasa til þess að komast til vinnunnar. Ég krefst þess af hæstv. ráðh. hér og nú, að hann myndi sér skoðun á þessu máli og það í snatri og hann gefi fyrirheit um að þetta verði lagfært ella er ekki um annað að gera fyrir viðkomandi mann en stefna hæstv. ráðh. Þau mál sem eru smámál í augum þessara karla geta verið stórmál fyrir launþega sem eiga hlut að máli. Það er ekkert smámál fyrir slíkt fólk, hvort það þarf að gefa með sér mánaðarlaun meðan það starfar fyrir hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason eða ekki.

Alþingi hefur sett ákveðin lög um fræðslumál. Námsgagnastofnun er einn af þeim aðilum í þjóðfélaginu sem á að framkvæma þessi lög. Fjárhagsástæður þessarar stofnunar eru nú þær, að það fjámagn sem henni er ætlað á fjárlögum næsta árs mun ekki nægja fyrir öðru en launakostnaði fastráðinna starfsmanna og til þess að geta framkvæmt þá útgáfustarfsemi, sem átti að framkvæma á s. l. ári, en varð þá að fresta. Engin ný útgáfustarfsemi getur því átt sér stað á næsta ári. Aðstæður þessarar stofnunar eru nú orðnar þær, að hún getur ekki tryggt að fólk á skyldunámsstigi á Íslandi fái í hendurnar þau námsgögn sem því ber að fá lögum samkvæmt. Hæstv. menntmrh. er spurður um hvað hann hafi til málanna að leggja, hverjar séu tillögur hans, hver séu hans tilmæli til Alþingis eða ríkisstj. Hann hefur ekkert svar að gefa, ekki neitt. Hann segir bara: Ég verð að treysta á að alþm., fjvn. og Alþingi lagfæri þetta. — En hverjar eru tillögur ráðh.? Hvað biður hann um? Það fengust engin svör við því. Ég hef aldrei horft né hlustað á menntmrh. Íslands í hlutverki eins og hæstv. ráðh. Ingvar Gíslason leikur nú.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er heldur erfitt að þakka hæstv. ráðh. svör hans, einfaldlega vegna þess að hér hefur nánast engri spurningu verið svarað.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að Námsgagnastofnun hefði nú stöðvað alla útgáfu á námsgögnum vegna þess að stofnunin skuldar 1 millj. kr. í prentsmiðjum og ýmsum fyrirtækjum hér í borg. Opinber stofnun skuldar 1 millj. kr. Hún getur ekki prentað eða gefið út námsgögn, sem henni ber lögum samkv. að gera. Þetta er mjög alvarlegt mál og ég vil fá að vita það í svari hæstv. ráðh., hvort ráðstafanir hafi verið gerðar til að borga þessar skuldir svo að stofnunin geti haldið áfram rekstri sínum.

Ég gat þess einnig, að það væri fyrirsjáanlegt að stofnunin gæti ekki sinnt skyldum sínum gagnvart útgáfu sérkennslugagna. Það er að mínu mati kannske alvarlegasti þátturinn í þessu máli. Sérkennslugögn ber að gefa út fyrir börn sem hafa ýmsar sérþarfir. Það er mjög alvarlegt ef Námsgagnastofnun getur ekki sinnt þessu verkefni.

Ég gat þess einnig, herra forseti, að tillögur Námsgagnastofnunar til fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar, tillögur sem voru gerðar í maímánuði s. l., hljóðuðu upp á 40.2 millj. kr. Þessar tillögur voru skornar niður í 15.5 millj. kr. Ef við svo bætum við verkefnum, sem frestað hefur verið á þessu ári að vinna, að fjárhæð 8.7 millj. kr., þá vantar hér upp á, eins og ég sagði, litlar 33.4 millj. kr. Nú játa ég auðvitað að þetta eru ýtrustu kröfur stofnunarinnar og það dettur engum í hug að stofnunin fengi eða muni fá alla þessa fjárhæð, en svona harkalegan niðurskurð hef ég ekki séð hjá öðrum opinberum stofnunum.

Ég endurtek, herra forseti, að það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir þingheim, að svo er komið, að stofnun, sem var komið á fót árið 1979 til að gefa út og prenta námsgögn fyrir grunnskólana í landinu, fyrir 40 þús. nemendur, fyrir 215 skóla og 20—30 sérstofnanir, getur ekki sinnt beiðnum skólanna um námsgögn. Þetta er staðreynd. Það er einfalt að sanna þetta mál vegna þess að stofnunin hefur orðið að neita skólum um námsgögn.

Mér finnst einhvern veginn vera algjört grundvallaratriði í menntakerfi þjóðarinnar að grunnskólarnir fái þau námsgögn sem þeim ber. Ég sagði það líka, herra forseti og hæstv. menntmrh., að ég teldi að menntmrn. ætti við umtalsverða fjárhagsörðugleika að etja. Nú segir hæstv. menntmrh. að það eigi kanske ekki við meiri erfiðleika að etja en önnur ráðuneyti. Ég ætla ekkert að draga það í efa, en þegar fjárhagsörðugleikarnir eru af þessum toga spunnir verður auðvitað að grípa til einhverra ráða. Það er útilokað annað. Þetta dæmi, sem ég nefndi hér og hef gert að umræðuefni, um Námsgagnastofnun, er afskaplega alvarlegt dæmi. Menn geta ekki ýtt svona löguðu frá sér og sagt: Þetta er allt í lagi. — Það er erfitt, það eru erfiðleikar í landinu, en það er ekki í lagi þegar börn á grunnskólastigi fá ekki þær bækur til þess að nota sem við hér á hinu háa Alþingi þykjumst hafa tryggt þeim með lögum og lagasetningu. Slíkt getur ekki gengið.

Ég skora á hæstv. menntmrh. að gera allt sem í hans valdi stendur til að bæta úr þessu. Ég er ekkert að draga í efa að hann vilji ekki vel, en einhvers staðar verður hann að berja að dyrum, þar sem upp lokið verður, því að

svona gengur þetta ekki.

Ég sagði líka í minni ræðu, herra forseti, og benti á það, að ekki væri nóg að leysa þennan tímabundna vanda Námsgagnastofnunar, heldur yrði að gera ráðstafanir til þess að stofnunin gæti starfað á eðlilegan hátt á næsta ári, en það gerir hún ekki að óbreyttum þeim fjárlagatill. sem nú liggja fyrir. Það er alveg ljóst. Vandinn bara eykst og verður ugglaust mun meiri næsta haust þegar skólar koma saman. Það er m. a. þetta sem ég vildi benda á og tel að þingheimi beri skylda til að fjalla um.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Mér fannst að strax núna í lok ræðu sinnar væri hv. fyrirspyrjandi, 6. þm. Norðurl. e., kominn niður á jörðina með þetta. (**ÁG:** Ég hef alltaf verið þar.) Og mér þykir mjög vænt um það. Ég held að við séum nefnilega sammála um að vissulega þurfi að efla Námsgagnastofnunina. Fyrir því hef ég beitt mér og mun gera. En ég hef líka skýrt það hér fyrir hv. þingheimi að þessi stóra stofnun, sem tók til starfa fyrir 1—2 árum, nær ekki fullum styrk á sama degi sem er skrifað undir lög eða skrifað er undir setningarbréf eða skipunarbréf forstjóra. Það er útilokað mál. Stofnun af þessu tagi verður að eflast smám saman. Um það hef ég ítarlega rætt við þá menn sem þar ráða, og ég held að allir séu sammála um að svo hljóti að verða, og að því verður unnið af minni hálfu, enda hef ég gert það.

Ég held að það sé nauðsynlegt og ég hef ekkert á móti því að þessi mál séu rædd hérna. Það er síður en svo. Ég tel að það sé út af fyrir sig gagnlegt að fá þó umræður um fræðslukerfið, um menntamálin og um einstakar stofnanir. Það er vissulega gagnlegt að fá ákveðnar umr. um það hér í hv. Alþingi. Það beinir sjónum manna að vandanum framar því sem kannske oft er, vegna þess að við leiðum hugann oft að vanda annarra þátta í ríkiskerfinu og í okkar þjóðarbúskap fremur en kannske að vanda skólanna og fræðslukerfisins o. s. frv. Það má vel vera að það sé ekki nema gott eitt, og er það reyndar, að við fáum tækifæri til að ræða það og ég vona að þessar umr. hafi þó orðið til þess kannske að opna augu margra þm. fyrir því að þarna er um brýnan vanda að ræða, en ég vara við því og tel það ekkert annað en venjulegt lýðskrum af aumasta tagi ef menn ætla að fara að halda því fram hér að við getum skaffað Námsgagnastofnun eða hvaða annarri stofnun sem er allt það sem hún kann að láta sig dreyma um að geti orðið þegar hún hefur tekið út fullan vöxt og tekið út fullan þroska.

Að sjálfsögðu þarf að vinna að því að efla Námsgagnastofnun. Það þarf að koma því svo fyrir, að hún geti séð skólunum fyrir námsgögnum eðlilega. Og það verður reynt að vinna að því nú í meðferð fjárlaganna, hversu stór sú upphæð þyrfti að vera. Það fer eftir því hvernig við lítum á málin, en lágmarkið er vitanlega að það verði bætt svo úr að stofnunin geti eflt verulega útgáfu sína á næsta ári og aukið hana stig af stigi á næstu árum og þróast þannig eðlilega. Þetta vona ég að okkur auðnist að gera í góðu samstarfi hér í þinginu og ríkisstj. á hverjum tíma og í góðu samstarfi innan Námsgagnastofnunarinnar, við þá sem þar ráða málum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega um stórt og mikið vandamál að ræða, sem hér er nú tekið til umr. utan dagskrár, og það svo stórt að ég held að þm. almennt komist ekki hjá því að reyna að komast að raun um hvað í raun og veru er hér að gerast.

Menn hafa spurt hæstv. ráðh. hverjar tillögur hans séu til úrbóta eða lausnar á þessu vandamáli. Hans tillögur eru í því fjárlagafrv. sem liggur nú fyrir Alþingi. Það eru tillögur hæstv. menntmrh. og ríkisstj. sem heildar í þessu máli. Hitt væri kannske réttara, að spyrja hæstv. ráðh. um hvað hann telur persónulega að þurfi að koma þarna til viðbótar til þess að málum Námsgagnastofnunar sé sæmilega borgið, þó ekki sé meira sagt.

Samkv. reikningi hjá þessari stofnun fyrir árið 1981 var heildartalan sem þar var um að ræða röskar 9.7 millj. Í fjárlögum fyrir árið 1982 voru þetta tæpar 11.2 millj. Í tillögum stofnunarinnar sjálfrar, sem hún sendi frá sér væntanlega til menntmrh. og ráðuneytis, voru rösklega 32.1 millj. Þetta er sú tala sem stofnunin sjálf telur að þurfi að vera ákvörðunartala í afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983. Ef menn framreiknuðu þessa tölu til áramótanna núna, 1982-1983, — en taki menn eftir því að talan 32 millj. röskar er líklega miðuð við maíverðlag, þegar þessi tillaga er gerð — þá er sú tala orðin 41.8 millj. sem stofnunin telur sig þurfa til að henni sé borgið og séð sé fyrir brýnustu verkefnum á næsta ári. Tillaga hæstv. ráðh. er upp á 15 millj. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að þessi stofnun fái til að spila úr á næsta ári röskar 15 millj., en stofnunin sjálf telur sig þurfa 41.8. Þetta er í sjálfu sér ekkert einsdæmi, ef menn skoða á annað borð hinar ýmsu stofnanir í ríkiskerfinu og bera síðan saman það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að þessar ýmsu stofnanir fái til ráðstöfunar á næsta ári.

Það er ljóst, að ýmsir hæstv. ráðh. hafa lýst því yfir að fjárlög fyrir árið 1983 mundu verða kreppufjárlög. Bæði hæstv. sjútvrh. og að ég held hæstv. menntmrh. hafa a. m. k. látið í þetta skína, ef ekki lýst því yfir, og út af fyrir sig er kannske lítið við því að segja. Slíkt ástand getur skapast, að það þurfi að draga úr hinum ýmsu fjárveitingum til hinna ýmsu mála, en að því er þessa stofnun varðar er um svo alvarlegt mál að ræða að ég held að menn komist ekki hjá því, allra síst kemst hæstv. ráðh. hjá því, að segja til um hvað hér þurfi að bæta við til þess að stofnuninni sé borgið á næsta ári.

Komi ekkert til viðbótar því sem hæstv. ráðh. og ríkisstj. leggja nú til í fjárlagafrv. er augljóst að stofnuninni verður lokað. Ég held því að það verði að gera þá kröfu til hæstv. ráðh. að hann segi Alþingi frá því, hvað það er sem hann ætlar sér að berjast fyrir til hækkunar í meðförum Alþingis á fjárlagafrv. að því er varðar þessa stofnun sérstaklega. Ég held að þm. hljóti að krefjast þess — og ekki bara þm.: Almenningur í landinu, skólafólkið, þeir sem ráða þar ríkjum, nemendur og foreldrar krefjast þess að fá svör við því hvað hæstv. ráðh. ætlar sér að gera að því er varðar lausn á þessu mjög svo mikla vandamáli.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál. Það er auðheyrt að hv. krataþm. hafa ekki fengið nægjanlega útrás um helgina á þingi sínu og við eigum sjálfsagt eftir að kynnast því næstu daga ef þessu heldur svona áfram.

Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. um Námsgagnastofnun. Hún er ein af mikilvægustu stofnunum fyrir skólakerfi landsins. Það viðurkenna allir. Ég vil bara segja það hér, að fjárlagafrv. er nú til meðferðar hjá fjvn. og vonandi kemur álit nefndarinnar hér fram um þetta tiltekna mál og þá eiga hv. þm. tækifæri til að flytja brtt. ef þeim finnst ýmislegt á skorta í sambandi við

afgreiðslu fjárlaga.

Það er eitt sem mér finnst nauðsynlegt að komi hér fram, fyrst farið var að ræða þetta mál sérstaklega. Það stendur í aths. við fjárlagafrv. á bls. 200, með leyfi hæstv. forseta:

„Að undanförnu hefur nefnd unnið að endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar", þ. e. Námsgagnastofnunar, „og munu niðurstöður hennar væntanlega liggja fyrir síðar á árinu. M. a. kemur til álita að breyta ýmsum þáttum í rekstri stofnunarinnar og taka upp viðfangsefnaskiptingu á fjárlagaliðnum."

Ég held að mjög mikilvægt sé að menn taki þetta inn í myndina vegna þess að taka þarf mjög málefnalega á þessari stofnun. Hún er svo mikilvæg og hún er á vissum tímamótum. Ég vil benda á að inn í verkefni þessarar stofnunar hefur komið til álita að nota vídeóvæðingu í skólum. Það hefur verið óskað sérstaklega eftir því við fjárlagaafgreiðslu 1982 að nefndin kynnti sér þessi mál meðal skólamanna og það yrðu gerðar ákveðnar athuganir á því, á hvern hátt fræðslumyndasafnið, sem er í höndum Námsgagnastofnunarinnar, gæti breytt sínu hlutverki miðað við þá nútímatækni sem nauðsynleg reynist við skólarekstur í landinu.

Ég vil taka þetta hér upp um leið og ég lýsi því yfir að ég tel að setja þurfi ákveðinn ramma um umfang þessarar mikilvægu stofnunar fyrir skólastarfið í landinu. Fjvn. hefur þegar sýnt áhuga á að reyna að leysa fjárhagsvanda stofnunarinnar. Forstjóri þessarar stofnunar hefur gefið mjög greinargott yfirlit yfir vandamálin og nefndin á von á fleiri upplýsingum um þann þátt sem ég var að tala um hér áðan. Einnig koma til greina tillögur nefndarinnar sem vinnur að þessum málum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Námsgagnastofnun er vissulega ung að árum, en áður en hún kom til var starfandi Ríkisútgáfa námsbóka. Það má því segja, að að hluta til sé um framhald sömu starfsemi að ræða. Ég minnist þess, að það kom of oft fyrir að sú stofnun lenti einnig í því að geta ekki gefið út bækur og á réttum tíma. Vissulega skapar það ávallt mikil vandamál í skólastarfi þegar slíkt gerist. En hitt hygg ég að hafi gleymst í þeirri umr. sem hér hefur farið fram, að það hefur orðið mjög mikill sparnaður í útgáfu námsbóka. Sá sparnaður liggur í því, að réttur nemenda til að fá ókeypis námsbækur hefur verið skertur stórlega. Þetta vita allir sem hafa kynnt sér þessi mál. Ef skoðað er í tölum hvað gamla aðferðin mundi kosta mikið liggur ljóst fyrir að hér er um mjög háar upphæðir að ræða. Ég tel þess vegna að það blandist engum hugur um að Námsgagnastofnun hefur verið haldið í vissu fjársvelti þó að ég fagni þeim áföngum, sem þar hafa náðst, að starfsmenn eru komnir í húsakynni og hafa tekið upp ýmsar nýjungar.

Það þarf út af fyrir sig ekki að efa að sú gagnrýni, sem hér hefur komið fram á fjársvelti stofnunarinnar, á vissulega við rök að styðjast. En ég fagna því, sem fram hefur komið hér hjá fjvn.-manni, að taka eigi myndarlega á vandamálum Námsgagnastofnunarinnar og ekki síður ef þeim er alvara með þeirri hvatningu að við óbreyttir þm. berum upp tillögu um hækkun á framlögum stofnuninni til handa, ef okkur finnst ekki nægilega vel vera að henni staðið í fjárlögum.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 3). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. er ekkert nýtt fyrir hv. þdm. og þá á ég við efnishlið þess máls. Að vísu má segja að frv. eins og það er núna sé í nokkuð breyttum búningi og kannske mætti segja í fljótheitum séð aðgengilegri en áður þegar málið hefur komið fyrir augu hv. þm., en eigi að síður er vissulega um nokkuð mikið mál að ræða.

Ég hef áður gert grein fyrir minni afstöðu til breytinga á vinnulöggjöfinni. Mín grundvallarskoðun er sú, að verkalýðshreyfingin eigi sjálf innan sinna vébanda að komast að samkomulagi um það, með hvaða hætti hún vill að löggjöfin sé hverju sinni. Ég skal hins vegar taka fram, að það vantar mikið á að verkalýðshreyfingin hafi sinnt þessum þætti í sínu starfi, að ræða ítarlega skipulagsmál sín. Þess vegna má segja að það stendur í raun og veru upp á hreyfinguna sem slíka að framkvæma þá niðurstöðu sem komist var að fyrir um 20 árum eða meira.

Ég skal segja það hér strax, að ég hefði talið skynsamlegra, ef menn á annað borð vildu að löggjafinn skærist í þetta mál, að flytja málið inn á Alþingi með þeim hætti að hreyfingunni væri t. d. gefinn ákveðinn aðlögunartími til þess að hún sjálf kæmist að niðurstöðu um málið, en ef það yrði ekki kæmi að því að löggjafinn kynni að grípa inn í. Ég hefði t. d. talið miklu eðlilegra og æskilegra í alla staði, ef menn vilja á annað borð ganga frá frv. í svipuðu formi og hér er um að ræða, að ætla því ekki gildistöku fyrr en eftir tvö ár eða svo, þannig að verkalýðshreyfingin sæi fram á að hún kæmist ekkert undan að ræða þessi mál og komast að niðurstöðu og segja hvað hún vildi.

En að því er þetta frv. varðar eru nokkur atriði sem ég vildi gjarnan víkja að. Það er líka rétt að geta þess, að frá því að frv. svipaðs efnis var flutt síðast hefur flm. fjölgað um helming. Kannske má því segja að það sé viss árangur í meðförum málsins þegar slíkt á sér stað. En ég vil segja það strax, að það sem hér er lagt til held ég að hljóti að vera á misskilningi byggt af þeim sem leggja það til. Þeir þekkja ekki nægilega til hvernig mál í raun og veru eru og eiga sér stað innan verkalýðshreyfingarinnar í starfi hennar á hverjum tíma.

Í 1. gr. frv. er breytingin sú, að nú eru menn að tala um að heimila í staðinn fyrir að ákveða í raun og veru stofnun hinna svokölluðu vinnustaðafélaga. Breytingin er í því fólgin, að í eldra frv. var um að ræða skyldu á vinnustað sem hafði yfir 25 launþega. Þeir gátu ótvírætt stofnað svokallað vinnustaðafélag. Nú er þetta komið í það form, að það er heimild fyrir í þessum tilfellum að slíkir aðilar stofni slík launþegafélög. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé verið að opna fyrir vægast sagt hæpnar breytingar og í mínum huga verður það ekki í þessu formi til að styrkja verkalýðshreyfinguna inn á við. Ég skal ekki fara mikið út í að ræða þetta að því er varðar hinar stóru einingar, eins og t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég þekki þar ekki mikið til og þess vegna tala ég fyrst og fremst út frá þeirri reynslu sem ég tel mig hafa fengið í slíku starfi í nær 25 ár í tiltölulega litlu verkalýðsfélagi, þó undir þeim kringumstæðum að ef þetta yrði gert með breytingu á vinnulöggjöfinni á þann veg sem hér er gert ráð fyrir kynnu að geta starfað á stað sem telur 1200—1300 íbúa líklega 3—4 verkalýðsfélög. Ég held

að það sé ekki launafólkinu til bóta, allra síst því sem verst er sett og lökust hefur kjörin, ef slík breyting, sem hér um ræðir, yrði gerð frá því sem nú er.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að allir þeir sem eru á vinnustaðnum geti ákvarðað með þessum hætti. Nú er það svo mjög víða, að ég held, að þó að verkalýðsfélag sé fyrir hendi á viðkomandi stað fer því víðs fjarri að allir þeir sem á viðkomandi vinnustað vinna séu félagar í því stéttarfélagi. Það er þó nokkuð um að einstaklingar gerast ekki félagar. Þeir eru svokallaðir aukafélagar, greiða vinnuréttindagjald, en hafa ekki fullkomin félagsréttindi. Mér sýnist t. d. að í ekkert stóru fyrstihúsi gætu hinir svokölluðu aukafélagar, þ. e. þeir sem á engan hátt hafa viljað bera ábyrgð á því starfi sem hið raunverulega verkalýðsfélag á staðnum hefur verið að reyna að sinna í gegnum árin, yfirtekið ákvörðunarréttinn og stofnað sérstakt vinnustaðafélag, þ. e. þeir félagar sem aldrei hafa viljað ganga til liðs við stéttarfélag á staðnum og veita því sitt liðsinni.

Það er ótalmargt fleira, held ég, sem menn þurfa að skoða í þessu samhengi. Mér sýnist t. d. að gert sé ráð fyrir því í síðustu línunni í 1. gr., að það verði í raun og veru félmrn. sem stjórni hinum svokölluðu vinnustaðafélögum með reglugerðarsetningu. Þó að hv. flm. treysti kannske vel núv. hæstv. félmrh. til góðra verka, þá held ég, burtséð frá hvaða einstaklingur sæti í stól félmrh., að það sé afskaplega varasamt að meðhöndla málin með þessum hætti, að ætlast til þess í raun og veru að tiltekið rn. setji fram starfsgrundvöll viðkomandi vinnustaðafélags. En ég sé ekki betur en hér sé gert ráð fyrir því. Það eina sem hér er slegið föstu er það, að þar sem 25 launþegar eða fleiri eru á vinnustað geti þeir stofnað vinnustaðafélag. Síðan er það félmrn. að segja til um það, með hvaða hætti slíkt félag verði rekið.

Ég hef áður sagt það og get ítrekað það, að það er margt sem ég tel að þurfi að breyta í starfsháttum innan verkalýðshreyfingarinnar og ótalmargt sem þar má betur fara. En það sem hér er lagt til verður ekki að mínu viti til þess að styrkja launafólk í mjög svo erfiðri launa- og kjarabaráttu. Allra síst verður það til þess að styrkja þá sem verst eru settir nú þegar. Hvað t. d. með þau réttindi sem einstaklingar hafa öðlast eftir tiltölulega langt starf á viðkomandi vinnustað, réttindi áunnin við samninga, ef farið væri út í að stofna þessi vinnustaðafélög, sem ég hygg þá að yrðu frá grunni að vinna upp sín mál og semja þar um? Og ég held að það sé ótalmargt sem kemur þarna inn í. Hvað t. d. með rétt til greiðslu úr sjúkrasjóðum, orlofssjóðum, svo að eitthvað sé nefnt? Hvað með félagsgjöld og annað slíkt? Ég skil það svo eftir orðanna hljóðan í frvgr., að það verði þá félmrn. sem ákvarði þetta. Ég skil málið svo og ég er algerlega andvígur því. Það er ekki hægt að skilja þetta á annan hátt. (**VG:** Þetta er gagnkvæm atkvgr.) Við skulum taka það gott og gilt, sem hv. 1. flm. segir um þetta. En hvað þá með önnur ákvæði sem fylgja stéttarfélagsstofnun? Hver á að ákvarða þar um? (**VG:** 2. gr. segir það.) „Þar sem í lögum þessum eru nefnd stéttarfélög komi: stéttarfélög og vinnustaðafélög." (**VG:** Hefurðu ekki lesið frv.?) Þetta segir ekki neitt, hv. flm. Þetta segir ekki neitt. (Gripið fram í.) Þó að ég virði hv. flm. mikils og hafi ætíð gert það og hann sé á margan hátt vel af guði gerður, þá held ég þó að reynsla þeirra sem starfað hafa í verkalýðshreyfingunni, verið hafa félagar í stéttarfélögum í gegnum árin, segi æðimiklu meira en hinna, sem koma að þessu aðvífandi á hverjum tíma og ætla sér að leysa allan vanda með svo til einu töfrabragði að því er þetta mál varðar. Málið er ekki svo einfalt. (**Gripið fram í:** Menn verða nú að lesa sér til áður en þeir fara að gagnrýna.) Enn einn spekingurinn kallar hér fram í, líklega úr gáfumannadeildinni. Þeir virðast vera komnir hér margir. Að því er þessa tvo hv. þm. varðar sameinast þeir í fáfræðinni innan þessara vébanda.

Mér er það alveg ljóst, eins og ég hef áður sagt og dreg ekki í efa, að hv. flm. þessa frv. meina gott með málinu. Ég hef a. m. k. ekki heyrt, eins og hv. frummælandi þessa máls var að tala um þegar hann mælti fyrir þessu frv., ásakanir í hans garð um að hann vildi mönnum illt með þessu eða hreyfingunni. Ég lít miklu frekar á þetta sem nokkurs konar misskilning á starfsháttum og starfsemi. Ég veit að hann er þannig sinnaður að hann metur vel og tekur vel til greina góðar ábendingar og ráðleggingar.

Hv. flm. og frsm. hefur oft talað um að þessi mál ætti að ræða „á gólfinu," eins og hann kallar það, og þá geri ég ráð fyrir að hann eigi við gólfið á vinnustaðnum. Ekki hef ég á móti því og ég hygg að svo sé. A. m. k. hef ég þá reynslu, að þróunin hafi orðið að einstaklingarnir, starfsfólkið á vinnustöðunum, hafa í miklu meira mæli en áður hefur gerst verið látnir ákvarða um það með hvaða hætti hefur verið farið með þessi mál, a. m. k. í mínu félagi. Tökum frystihúsin sem dæmi. Í samningsgerð, og ég geri ráð fyrir að þeir flm. eigi fyrst og fremst við þann þátt mála, er það vilji fólkið þar sem ræður ferðinni í samningamálunum. Vinnustaðirnir eru farnir að hafa miklu meiri áhrif á ákvarðanir um samningamál en áður var. Því má segja að þróunin hefur verið í þessa átt þó að menn hafi ekki samhliða þeirri þróun viljað fara inn á braut sem gæti skaðað verulega meira en hún kæmi til með að vera til góða.

Því er haldið fram, að þetta mál eigi miklu fylgi að fagna meðal fólksins „á gólfinu", ef við höldum áfram að nota það orð, en ég hef ekki orðið var við það í einu einasta verkalýðsfélagi eða heyrt um það réttara sagt að í einu einasta stéttarfélagi hafi þetta mál verið tekið upp af félögunum sjálfum, sem er vissulega opin leið og sjálfsögð.

Ég hef sagt það áður, að ég tel gott að flutningur þessa máls hefur orðið til þess að málið allt hefur fengið mikla umræðu í þjóðfélaginu. Auðvitað er með þetta mál eins og flest önnur að það þarf að ræða, ekki síst í ljósi þess að hreyfingin sjálf hefur ekki staðið sig sem skyldi í því að leiða þetta mál til lykta innan sinna vébanda. Ég held t. d., að þó að það hafi verið haft í yfirlýsingum mörg undanfarin ár, nokkuð langan tíma, af hálfu heildarsamtakanna að fyrst og fremst skyldi nú barist fyrir því að þeir sem verst væru settir skyldu bera mest úr býtum í samningum eftir samninga, hafi eftir sem áður, þrátt fyrir þessar yfirlýsingar og heitstrengingar, oftar verið staðið upp með hvað minnstan feng fyrir þá sem minnst höfðu fyrir. Út frá þessu segir hv. 1. flm. og frummælandi að þetta sýni fram á að þörf sé breytinga í þá átt sem hér er lagt til. Ég hef notað það sem dæmi í umr. um þetta að í mínu byggðarlagi er starfandi eitt stéttarfélag sem heitir verslunarmannafélag. Líklega eru í því 25 launþegar, jafnmargir og eftir frv. þessu geta stofnað vinnustaðafélag. Það stéttarfélag hefur vegna fámennis, vegna þess hve einingin er lítil, ekki verið starfandi í reynd í mörg ár. Það hefur ekki einu sinni getað sinnt þeirri frumskyldu slíks félags að vera með lágmarksþjónustu fyrir sína fé-

lagsmenn. Ég held að það gerist miklu víðar, verði farið út á þá braut að brjóta þessar einingar þannig upp, einingarnar verði lítils sem einskis megnugar að þjóna sínum umbjóðendum. Það er auðvitað augljóst mál að það þarf ákveðinn kjarna, ákveðinn stóran hóp til þess að hægt sé að reka fyrirtæki, ef menn vilja orða það svo. Verkalýðsrekendur er mikið talað um í þessu sambandi. En það þarf líka ákveðinn kjarna til þess að hægt sé að reka stéttarfélag svo að vel sé þannig að það sjái a. m. k. fyrir þeirri lágmarksþjónustu við sitt fólk sem er nauðsyn ef félagið á annað borð á að rísa undir nafni. Og ég sé ekki að 25 manna verkalýðsfélag, vinnustaðafélag eða hvað sem menn kalla það hafi neitt bolmagn til að sinna þeirri frumskyldu sem félagsmenn hljóta að gera kröfur um til félags með ekki stærri félagsmannahóp en hér um ræðir.

Hv. 1. flm. segir: Það notar enginn þessa heimild nema því aðeins að menn séu sammála um að fara inn á þessa braut. — Út af fyrir sig er það rétt. Hann segir jafnframt, að það leiki sér enginn að því að breyta í þessa átt, það leiki sér enginn t. d. með verkfallsréttinn. Við höfum því miður nokkur dæmi þess úr reynslunni að ágreiningur er æði mikill um hvort menn eru að leika sér með verkfallsréttinn í pólitískum tilgangi eða ekki. Ég er ekki í neinum vafa um að það eru til í dag eins og alltaf hafa verið til einstaklingar sem eru þess reiðubúnir að vekja upp óánægju og ágreining til þess t. d. að koma af stað svona vinnustaðafélagi gegn verkalýðsfélaginu sem þeim líkar ekki við á hverjum tíma. Þetta er alltaf fyrir hendi og alls staðar. Ég held því að það sé afskaplega hæpið a. m. k., þó að ekki sé sterkar til orða tekið, að þessi leið, sem hér er lagt til að farin verði, verði til þess að styrkja hreyfinguna. Að mínu viti verður hún miklu frekar til þess að veikja hana. — Ég tala nú ekki um ef það verður reynslan að ákveðin sterk öfl í þessu þjóðfélagi, peningaöfl, ætla sér að fara að blanda sér í samningamálin á hinum almenna vinnumarkaði líka og stjórna þeim að eigin geðþótta. Þá er enn frekar ástæða til að gjalda varhug við þeirri leið sem hér er lagt til að farin verði.

Hitt er svo annað mál, og það er ég flm. frv. sammála um, sem komið hefur fram í umr. um málið, að það þarf að minnka miðstýringuna í verkalýðshreyfingunni. Það þarf að hætta því, a. m. k. við þær kringumstæður sem verið hafa og eru enn þann dag í dag, að 50—70 einstaklingar semji fyrir 50 þús. manns eða meira. Ég held að sú þróun sem átt hefur sér stað í samningamálunum hafi orðið til þess kannske meira en flest annað að minnka þann félagslega áhuga og þroska sem fólk nær með því að vera í hvað nánustum tengslum við það sem er að gerast hverju sinni. Menn hafa orðað það svo, að nauðsynlegt væri að færa vettvanginn nær fólkinu, skilgreint það á þann hátt, að t. d. samningamálin beri að færa nær fólkinu sem á að njóta þess sem út úr samningunum kemur. Ég hef verið talsmaður þess að það ætti að gera.

Sú var tíðin í árdaga hjá verkalýðshreyfingunni, að þessi mál, t. d. samningamálin, öll réttindabarátta, fóru fram á heimavígstöðvum með þeim hætti, að fólkið á hverjum stað var í nánum tengslum við það sem var að gerast hverju sinni og hafði bein áhrif á það á hverjum tíma hvernig með mál var farið. Það gefur auga leið, a. m. k. ætti það að vera hjá einstaklingum sem eitthvað hafa kynnst félagsmálastarfi, að það er miklu auðveldari leið til þess að fá einstaklingana til að taka þátt í störfum, í þessu tilfelli verkalýðsfélaganna, ef fólkið finnur að það getur haft áhrif á það frá degi til dags með hvaða hætti að málum er unnið og hvaða niðurstaða hugsanlega fæst. Það hefur verið svo, því miður, í mörgum undangengnum samningum, að út eru látin ganga boð frá höfuðstöðvunum um að þetta eða hitt sé nú nauðsynlegt að gera. Það er bara mannlegt að ótrúlega stór hópur er farinn að vera þenkjandi um hvort þessi vinnubrögð eru ekki í raun og veru af hinu verra. Ég hef verið talsmaður þess, að t. d. sú breyting væri gerð á starfsháttum verkalýðshreyfingarinnar að því er varðar samninga að færa þá á hendur fleiri einstaklinga, heim til fólksins á stöðunum. Mér er það ljóst, að það geta verið tiltekin sameiginleg mál sem heildarsamtökin kunna að þurfa að fara með. Má þar nefna kannske vísitölumál, svo að eitthvað sé nefnt. En bein kjaraákvæði og ýmis önnur staðbundin ákvæði ætti að fara með heim í héruð og semja um mál þar.

Við skulum gera okkur það ljóst, að þó að menn tali um að kaup og kjör eigi að vera hin sömu hvar sem er á landinu, þá er víðs fjarri að það eigi yfirleitt rétt á sér að halda slíku fram. Ef við tölum um kjaramál, eru það nokkuð sambærileg kjör sem verkamaður vestur á fjörðum hefur samanborið við verkamann hér í Reykjavík, ef tekinn er inn í það dæmi orkukostnaður og símkostnaður, svo að eitthvað sé nefnt? Í þessum samanburði stendur verkamaðurinn vestur á fjörðum miklu verr að vígi, hefur miklu lakari kjör en hinn sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Það eru þessir þættir sem a. m. k. launafólkinu á landsbyggðinni hefur þótt vera farið með af afskaplega lítilli alvöru hjá heildarsamtökunum. Oftast hefur þessu og sbr. síðustu samninga heildarsamtakanna, Verkamannasambandsins líka, verið ýtt út af borðinu, þó að í byrjun hafi verið talað um að slík krafa ætti að njóta forgangs að jafna kjörin með þessum hætti.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Ég tel og vil ítreka það, að sú umræða sem hefur orðið í þjóðfélaginu um málið og innan verkalýðshreyfingarinnar hljóti að hafa orðið til góðs, en ég geld varhug við því að farið sé inn á þær brautir sem hér er lagt til í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af hinum smáu einingum innan verkalýðshreyfingarinnar. Ef menn vilja knýja á hreyfinguna með því að fá lausn á málinu og að hún sjálf standi fyrst og fremst að slíkri lausn, þá ættu menn að hugleiða þann möguleika að gefa henni aðlögunartíma þannig að hún viti að fari hún ekki að rumska af svefni þeim sem hún hefur sofið í þessum málum, þá komi að því áður en langt um líður að löggjafinn kunni að grípa inn í þessi mál, sem er þó miður æskilegt að mínu viti fyrir hreyfinguna.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Enn á ný hefur hv. þm. Vilmundur Gylfason flutt tillögur um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Á síðasta Alþingi flutti hann brtt. um að hverjum þeim er óskuðu að stofna vinnustaðafélög væri það heimilt og skyldu slík félög njóta sömu réttinda og verkalýðsfélög gera nú. Frv. frá síðasta þingi hlaut nær engar undirtektir. Nú fer hv. þm. aftur af stað, en þrengir nú þessi ákvæði nokkuð, þannig að ef 25 launþegar eða fleiri á sama vinnustað óska eftir að stofna vinnustaðafélag, þá skuli það félag njóta sömu réttinda og verkalýðsfélag, ef 2/3 hlutar starfsmanna samþykkja stofnun þess. Þessar breytingar frá frv. í fyrra túlkar flm. sem rýmkun á fyrri

till. og í ákvörðun um stofnun vinnustaðafélaga skuli meirihlutalýðræðið vera í hávegum haft.

Lítum aðeins á hvaða áhrif þessar breytingar mundu hafa, ef samþykktar yrðu, og síðan mundi það ganga eftir, ef fjöldi vinnustaðafélaga yrði stofnaður. Þá er fyrst til að taka að upp kæmi á vinnumarkaðinum tvöfalt kerfi verkalýðsfélaga. Gerum ráð fyrir að stofnaður yrði álitlegur fjöldi vinnustaðafélaga með fullum samningsréttindum og einnig yrðu til staðar flest þau verkalýðsfélög sem nú eru starfandi. Ekki yrði það til að auðvelda samningagerð. Fyrst yrði að semja við ótrúlegan fjölda vinnustaðafélaga og einnig við hefðbundin verkalýðsfélög. Þetta tvöfalda kerfi yrði ærið flókið. Hvernig mundi vinnumarkaðurinn verða ef upp risu t. d. 200—300 verkalýðsfélög, vinnustaðaverkalýðsfélög í Reykjavík einni til viðbótar þeim verkalýðsfélögum sem þegar eru fyrir hendi? Mörgum landsmönnum þykja vinnudeilur fleiri á Íslandi en tíðkast víða annars staðar. Fyrirtækin í landinu eru hvert öðru háð. Verkfall hjá einu fyrirtæki getur lamað fjölda annarra fyrirtækja. Ef verkföll færu nú að verða vikuleg víðs vegar um borgina mundi koma upp þvílík ringulreið, að ég teldi ekki ótrúlegt að innan mjög skamms tíma kæmu hér fram á hv. Alþingi tillögur til laga um gerbreytta vinnulöggjöf, sem hefði það að markmiði að skerða verulega rétt verkalýðsfélaga, og það yrði rökstutt með því ófremdarástandi sem búið bæri að koma á á vinnumarkaðinum.

Hv. þm. sagði að eitt markmið þessa frv. væri að tryggja betur en nú rétt hinna lægst launuðu. Þetta er ekki illa sagt. En hvaða aðilar eru það sem helst mundu stofna slík vinnustaðafélög? Heldur hv. alþm. að það yrðu þvottakonur eða afgreiðslustúlkur í smærri verslunum eða verkamenn á almennum vinnustöðum? Nei. Þeir sem mundu stofna slík vinnustöðvafélög væru fyrst og fremst sérfræðingar með sterka verkfallsstöðu, einstakir hópar sem mundu kljúfa sig út úr hinum almennu félögum af því að þeir hefðu sterka verkfallsstöðu fyrir sig. Ég efast ekki um að sérstakir hópar sérfræðinga og aðrir með lykilstöðu í verkföllum gætu beitt þessum vopnum sér til framdráttar. En eftir sæti hinn almenni maður sem ekki hefur sterka varkfallsaðstöðu.

Hér á Alþingi Íslendinga flytur þm., sem kallar sig sósíaldemókrat, slíka tillögu. Slíkt gæti ekki skeð á þjóðþingum annarra Norðurlanda. Stefna sósíaldemókrata hefur verið að efla heildarsamtök verkafólks. Stefna þeirra hefur verið samhjálp og samvinna verkafólks. Það hefur verið öflugt starf á vinnustöðum, sterk verkalýðsfélög og sterk heildarsamtök sem stuðluðu að samhjálp og leituðust við að heyja sína baráttu með heildaryfirsýn yfir sviðið. Vitanlega er alltaf sú hætta fyrir hendi, að samtökin verði ekki baráttuafl vinnandi fólks, heldur í of miklum mæli stirðar stofnanir. Gegn þessari hættu þarf alltaf að vera á verði. En á Íslandi hafa heildarsamtökin mun minna vald en í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum okkar. Ég endurtek: í verkalýðsmálum hafa sósíaldemókratar, samhliða baráttunni á vinnustaðnum og baráttu einstakra verkalýðsfélaga, lagt mjög ríka áherslu á að tryggja samstöðu og samhjálp og samræmingu baráttunnar með öflugum heildarsamtökum.

Það kveður nokkuð við annan tón hjá hv. 4. þm. Reykv. Verkalýðshreyfingunni skal beitt þannig að þeir sem hafa sterkasta verkfallsaðstöðu fyrir sig skulu vera í sérstökum verkalýðsfélögum og skara eld að sinni köku. Hinir skulu sitja eftir eftir því sem markaðurinn býður hverju sinni. Mér kæmi satt best að segja ekki á óvart þótt ýmsum gegnum og góðum sósíaldemókrötum þætti nægilega að gert þó að markaðslögmálið ætti ekki að ganga út yfir fyrirkomulag verkalýðsfélaga líka. (**VG:** Hvorir fá hærri laun í Dagsbrún, kranamenn eða ófaglærðir?) Það er sjálfsagt að upplýsa hv. þm. um laun í Dagsbrún og víða annars staðar. Ég skal segja honum t. d. að kranamenn og hafnarverkamenn, sem hafa tölurvert hærri laun en ýmsir aðrir, hafa oft og tíðum ráðið úrslitum um það að þeir sem hafa veikari stöðu á vinnumarkaðinum fái ákveðin réttindi, leggja af mörkum sína sterku stöðu til þess að styrkja hinn almenna mann. Markaðslögmálið gildir ekki hjá þeim, heldur samhjálpin, sósíaldemókratísk samhyggja, sem þessi hv. þm. virðist aldrei hafa skilið.

Ég efast ekki um að einstök fyrirtæki mundu greiða hærri laun. En það yrðu ekki endilega þau fyrirtæki sem eru þjóðhagslega hagkvæmust, heldur þau fyrirtæki sem hefðu aðstöðu til að velta kostnaðinum yfir á aðra. Hv. þm. telur að þrátt fyrir vinnustaðafélögin geti hin almennu verkalýðsfélög starfað. Í orði kveðnu er þetta rétt. En mér er spurn: Hvert eiga þau að sækja styrk sinn til að vernda þá sem erfiðasta verkfallsaðstöðu hafa þegar burðarstoðirnar, þ. e. þau fyrirtæki og það starfsfólk sem hefur sterkasta verkfallsaðstöðu, eru komnar út úr félögunum?

Ummæli hv. þm. um að hallað hafi á almennt verkafólk eru rétt. En ég fullyrði að það muni halla miklu meira á þetta fólk ef þetta stjórnleysisfyrirkomulag hans yrði tekið upp. Verkalýðsfélögin hafa í gegnum tíðina tryggt — eins og hv. fyrri flm. viðurkennir og hefur reyndar fram tekið — ýmis helgustu mannréttindi í þessu þjóðfélagi. Þau hafa gert það með samstöðu og samhjálp. Ég skal hins vegar viðurkenna að því miður færist það æ meir í vöxt að þeir sérmenntuðu og einstakir hópar hugsi ekki um heildina heldur aðeins sig. Þessi áhrif ná til hv. þm.

Kjarabót eins og atvinnuleysistryggingar, sem komu fyrst í samninga 1955, var aðallausn á sex vikna verkfalli. Það voru heildarsamtök sem knúðu á um þessar aðgerðir eða samræmdu þessa lausn. Meira að segja var fyrrv. formaður Alþfl., Emil Jónsson, einn af helstu tillögumönnum á sínum tíma í sáttanefnd. Nú vildi enginn vera án þess öryggis sem þessar tryggingar veita. Ég er ákaflega hræddur um að einstök vinnustöðvafélög hefðu frekar viljað tryggja einhver sératriði fyrir sig í þessu verkfalli en þessa samtryggingaraðgerð. Breytingar á almannatryggingalögunum, eins og t. d. fjölskyldubætur 1952, voru þáttur í lausn á verkfalli hjá heildarsamtökum. Þær voru á sínum tíma lausn eða hluti af lausn, sem hlaut ákaflega góðar undirtektir, að vísu í allt öðru þjóðfélagi og við allt aðrar aðstæður en við búum við í dag. Þetta gengur eins og rauður þráður í gegn samhjálp, samtrygging. Árið 1964 verður gerbreyting á lánum til húsnæðisbygginga. Það er ákveðin lausn á vinnudeilu þá fyrir forgöngu heildarsamtaka, vitanlega eftir þrýsting og tillögur hinna einstöku félagsmanna í verkalýðshreyfingunni. Enn má nefna aðgerðir 1955 og 1964 þar sem launaskatti er komið á til húsnæðismálastjórnar. — Síðan hafa allar ríkisstjórnir misnotað þetta og lagt launaskatt á til allra hugsanlegra hluta. Það er hins vegar allt annað mál. — Það er samið um 1 250 íbúðir í Reykjavík 1965, sem er gerbreyting á aðstöðu, og jafnframt um endurskoðun laga um verkamannabústaði.

Þessi lög var byrjað að endurskoða og breytingar á þeim komu til framkvæmda að mig minnir 1970 eða 1971. Heildarsamtök enn. Þá koma samningarnir um lífeyrissjóðina 1969, sem tryggðu öllum verkalýðsfélögum innan Alþýðusambandsins lífeyrissjóðsréttindi sem einstakar forréttindastéttir höfðu notið áður.

Nú dettur mér ekki til hugar að halda að hv. flm. Vilmundur Gylfason sé á móti þessu. Hann getur tekið undir þetta allt saman. En einstök vinnustöðvafélög hefðu aldrei knúið þetta í gegn. Ef ekki hefði verið samstaða með hinum einstöku félögum, ef þau hefðu ekki snúið bökum saman í heildarsamtökum, þá hefði þessi merka löggjöf, þessar gagnmerku þjóðfélagslegu umbætur ekki náð fram að ganga. Slíkar bætur, slík réttindi, slíkur jöfnuður næst ekki fram í gegnum sérhópa, sem hafa sterka aðstöðu á vinnumarkaði, fjarri því.

Ég gæti talið slík dæmi upp utan endi, þar sem heildarsamtökunum er beitt til samhjálpar og aukinna samfélagslegra réttinda. Og ég ítreka að ég óttast mjög að einstök vinnustöðvafélög mundu ekki hafa jafnsterk tök á þessum samhjálparatriðum í þjóðfélaginu. Ég held að það mundi ekki styrkja verkalýðshreyfinguna á Ísafirði, Sauðárkróki eða Siglufirði ef farið væri að stofna þar mörg verkalýðsfélög, enda hagar víða svo til á Íslandi að um er að ræða kannske eitt stórt frystihús eða eitt stórt fyrirtæki sem 60—80% félagsmanna verkalýðsfélaganna á viðkomandi stöðum vinna hjá. Hvað yrði um hina smærri vinnustaði í slíkum kaupstöðum og þorpum? Ég er líka ákaflega hræddur um, ef upp kæmi minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli eða beinlínis atvinnuleysi, að atvinnurekendur gætu í slíku ástandi náð sterkum tökum á slíkum vinnustaðafélögum. Það er hætt við að slík vinnustaðafélög skorti hjálpina utan frá og atvinnurekandinn fengi þar af leiðandi sterkari stöðu.

Ég hef lagt hér nokkra áherslu á stefnu sósíaldemókrata. Ég hef líka bent á að hún samræmist ansi illa skoðunum hv. þm., þar sem hann telur að hinn kaldi markaður og þeir sem sterkustu aðstöðuna hafa muni ekki leysa þessi mál. Hv. þm. hefur verið að tönnlast í sífellu á að afnema ákvæði í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem kveða á um að aðeins eitt félag skuli starfa í hverri starfsgrein í sama sveitarfélagi, og hneykslast mjög á að ég skuli styðja þessi lög krata frá 1938. Þau séu meira að segja svo slæm að Guðmundur Í. Guðmundsson hafi samið þau á sínum tíma. (**VG:** Það hef ég aldrei sagt.) Ef hv. þm. hefur ekki sagt það, þá skal ég taka það aftur. Ég hef það góðan málstað hér að ég þarf ekki að fara með neitt rangt. Ég bið þá hv. þm. afsökunar á því ef svo er. En 2. gr. vinnulöggjafarinnar hljóðar svo — og hv. þm. telur sig vera vel að sér í henni og brigslar hér öðrum þm. um að þeir hafi ekki lesið hana:

„Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, — eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag."

Það er hvergi sagt í þessu að bannað sé að hafa nema eitt stéttarfélag í starfsgrein. Sannleikurinn er sá að dómar hafa um þetta fallið. Deila, sem fræg varð á sínum tíma, átti sér stað norður á Akureyri milli tveggja verkalýðsfélaga sem störfuðu þar. Þar átti hlut að máli ágætur maður, fyrrv. forseti Ed. Alþingis, Steingrímur Aðalsteinsson. Hann fékk sig dæmdan inn í annað verkalýðsfélagið, sem kratar stjórnuðu. Ætli hann hafi ekki verið yfirlýstur andstæðingur? Félagsdómur dæmdi hann inn. (**VG:** Það er Hlífardeilan.) Hlífardeilan, gott og vel. Hlífardeilan kom líka fyrir Félagsdóm. Þar var um að ræða Alþfl.-menn sem var á brott vísað á sínum tíma úr því félagi. Sá dómur féll alls ekki þannig að nýtt félag mætti ekki stofna. Hv. alþm. segir: Jú. — Vill hann lesa þennan dóm? (Gripið fram í.) Ég vil benda hv. þm. á að lesa þennan dóm og sjá um hvað hann fjallar. Hann fjallar um það að verkalýðsfélög skuli vera opin í viðkomandi sveitarfélagi og að óheimilt sé að neita þeim sem vinnur í starfsgreininni, sem stéttarfélagið fjallar um, um inngöngu í félagið. Það er hvergi ákveðið um hitt. En út af fyrir sig get ég fallist á það að líklegt sé að á sínum tíma hafi þetta vakað nokkuð fyrir löggjafanum. Alþfl. var, eins og hv. þm. talaði um, búinn að glata meirihluta trausti í Alþýðusambandinu. Það var skilyrði til að fá að gegna trúnaðarstörfum í Alþýðusambandinu að vera í Alþfl. — og neyðarvörn, eins og hv. þm. sagði.

Hins vegar er ég sammála því að það eigi að vera eitt verkalýðsfélag í hverri starfsgrein í hverju sveitarfélagi. Fyrir stríð og meira að segja eftir að vinnulöggjöfin komst á voru á fjölda staða vítt og breitt um landið tvö verkalýðsfélög, þar sem meginþrótturinn fór í að berjast hvort við annað. Það fór meiri kraftur og starf í baráttu þessara félaga innbyrðis en jafnvel í að berjast gegn atvinnuleysi, réttindaleysinu og allsleysinu á sinni tíð. (**Forseti:** Á hv. ræðumaður langt eftir af ræðu sinni?) Ég mundi eiga eftir meira en 4 mínútur. (**Forseti:** Þá bið ég hann svo vel að gera hlé á ræðu sinni, því að nú verður fundi frestað til kl. 6, en þá verður fram haldið umr.) — [Fundarhlé.]

Guðmundur J. Guðmundsson (frh.): Herra forseti. Ég ætla að reyna að draga mál mitt saman, en þó get ég ekki stillt mig um, vegna þess að hv. þm. Vilmundur Gylfason var svona hálfpartinn og alfarið að skopast hér að samflokksþingmanni sínum, hv. þm. Karvel Pálmasyni, (**VG:** Það er ekki rétt!) fyrir það að hann kynni ekki vinnulöggjöfina og mótmælti úr sæti sínu nokkrum fullyrðingum frá mér. Í millitíðinni hef ég aflað mér dóma Félagsdóms frá 1939 til 1942. Með leyfi forseta ætla ég aðeins að grípa hér niður í merkan dóm:

„Mánudaginn 25. sept. 1939. Sigmundur Björnsson gegn Verkamannafélaginu Hlíf. Stéttarfélag skyldað til þess að veita verkamanni félagsréttindi og sektað fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938."

Í niðurstöðum þessa dóms, Félagsdóms, sem hv. þm. hefur vitnað mjög til til stuðnings þekkingu sinni í vinnulöggjöf, um að aðeins megi vera eitt stéttarfélag í hverju sveitarfélagi í sömu starfsgrein, segir með leyfi forseta: „Samkv. 1. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eiga menn rétt á því að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Eru í nefndri grein engar takmarkanir settar við því, að ekki megi vera nema eitt stéttarfélag í hverri starfsgrein á hverjum stað, og ekki verður það heldur dregið út af öðrum ákvæðum laganna. Verður að telja, að ef tilgangur löggjafans hefði verið sá, að takmarka tölu stéttarfélaganna, þá hefði það þurft að koma skýrt í ljós, og það því fremur sem vitað var, að á þeim tíma, er lögin voru sett, voru fleiri en eitt stéttarfélag starfandi, og höfðu, a. m. k. um skeið, verið starfandi í sömu starfsgrein innan sama bæjar- og sveit-

arfélags. Og með því að telja verður að Verkamannafélag Hafnarfjarðar" — þetta nýja félag í þá tíð — „sé stéttarfélag í skilningi 1. gr. laga nr. 80/1938, getur stefndi í máli þessu ekki byggt neinn rétt á því, að það sé ekki stofnað að lögum."

Vill nú ekki hv. þm. spara sér hárfínt grín á aðra þingmenn? Ef hv. þm. vefengir það sem ég hef upp lesið þá getur hann fengið hér lánaða til aflestrar dóma Félagsdóms. En þetta er atriði sem í sjálfu sér skiptir ekki máli. Þetta breytir ekki því, að það er rétt hjá hv. þm. að til breytinga á hans frv. verða stéttarfélög að vera öllum opin og það útheimtir breytingar. Það er efnislega alveg rétt hjá hv. þm. og rökrétt að til þess að hans frv. nái fram að ganga þarf þær breytingar sem hann leggur til. Það breytir ekki efnisatriði hans frv., því að stéttarfélög þurfa að vera öllum opin, það yrðu ekki vinnustöðvafélög.

Nóg um það. Það er aðeins vegna þess að hv. þm. hefur slegið svo um sig með þekkingu sinni í þessum málum að ég grípniður í þessa dóma. Hv. flm. mætti gjarnan kynna sér vinnustaðafélög erlendis, t. d. í Bandaríkjunum, þar sem heil fyrirtæki hafa keypt sig út úr verkalýðshreyfingunni með því að stofna vinnustaðafélög við fyrirtækin. Ég gæti vel trúað að einstaka fyrirtæki á Íslandi væru reiðubúin að semja við slík vinnustaðafélög. Það yrðu félög sem vildu kaupa sig frá verkfallsvopninu og treysta á að smátt og smátt nái þau tökum á viðkomandi starfsmannafélögum, því þar yrðu starfsmennirnir mun háðari atvinnurekandanum heldur en það afl sem stendur utan vinnustaðarins. Að vísu skal það fram tekið að hv. flm. bannar ekki í sínu frv. að komið sé upp slíkum samböndum. En eins og ég hef getið hér um, þá finnst mér hann bjóða þessari hættu mjög heim.

Bent hefur verið réttilega á að skipulagi Alþýðusambandsins sé í ýmsu áfátt. Í því sambandi hefur oft verið bent á að t. d. hjá skipafélögum gat farið svo hér áður fyrr að vélstjórinn væri í verkfalli í einn mánuð, kokkurinn þann næsta, loftskeytamaðurinn þann þriðja, stýrimaðurinn þann fjórða, háseti þann fimmta o. s. frv. Þetta var verulegt vandamál fyrir svona röskum tuttugu árum, og stefndi beint í breytingar á vinnulöggjöfinni. Fyrir atbeina Alþýðusambandsins hafa þarna orðið verulegar breytingar á með stofnun sérsambanda t. d. Sjómannasambandsins. Það má taka t. d. farmenn. Að vísu snertir þetta fyrst og fremst Sjómannafélag Reykjavíkur sem hefur nú allan veg og vanda af samningum undirmanna á farskipum. Félagsmenn eru auk þess með sama samningstíma og samningsgerð öll sameiginleg. Sama er að segja um Farmanna- og fiskimannasambandið, þar eru sameiginlegir samningar fyrir alla yfirmenn. Ástandið í þessum málum hefur gerbreyst. Verkföll einstakra starfsgreina meðal áhafna hafa nær alveg fallið niður. Horfið hefur verið að sameiginlegum aðgerðum og samningagerð. Á sama tíma hafa verkföll fámennra einstakra verkalýðsfélaga í þessari starfsgrein nær alveg, ef ekki alveg fallið niður. Þarna hafa sjómannasamtökin haft samvinnu um að leysa úr því ástandi sem þarna var, og að mínu viti afstýrt því að breytingar yrðu á vinnulöggjöfinni sem mundu þrengja samningsréttinn. Ég get nefnt fjölda dæma þar að lútandi. Það hefur verið ákaflega vel að verki staðið hjá sjómannasamtökunum í þessu.

Hv. þm. nefndi nokkur fyrirtæki sem áhuga mundu hafa á stofnun vinnustaðafélaga. T. d. nefndi hann Straumsvík. Ég held að þessi áhugi hafi um tíma verið nokkur, en það sem gerst hefur á þessum vinnustað er að hin ýmsu verkalýðsfélög, sem samningsrétt hafa við fyrirtækið, mynda sameiginlega samninganefnd, sem í eru fulltrúar viðkomandi stéttarfélaga og trúnaðarmenn starfsmanna, og gera öll einn samning. Ég dreg mjög í efa að nú sé vilji starfsmanna ÍSALs að segja sig úr viðkomandi verkalýðsfélögum og mynda sitt eigið verkalýðsfélag. Ég held að þeir telji sig hafa sótt styrk til sinna verkalýðsfélaga og félögin hafi verið svo gæfusöm að gera sameiginlega samninga.

Ég get nefnt fleiri vinnustaði þar sem sérsamningar eru óhjákvæmilegir og viðkomandi verkalýðsfélög standa sameiginlega að gerð. Vitaskuld eru viðkomandi trúnaðarmenn starfsfólks einn mikilvægasti aðilinn í slíkri samningagerð. Samningar eru að sjálfsögðu lagðir fyrir starfsfólkið til samþykktar eða synjunar og samninganefnd kosin af starfsmönnum.

Þá nefndi hv. þm. Flugleiðir. Ég skal viðurkenna að þar er ákveðið vandamál á ferðinni vegna fjölda þeirra verkalýðsfélaga sem samningsaðild eiga við fyrirtækið. En á það ber að líta að Flugleiðir eru með ákaflega umfangsmikla starfsemi. Fyrirtækið er ekki aðeins með flugrekstur, heldur með umfangsmikinn hótelrekstur, matsölustaði, bílaleigu og hver veit hvað. Einnig kemur þarna inn í að aðilar sem ekki starfa hjá Flugleiðum, svo sem flugumsjónarmenn, tollgæsla og aðrir opinberir starfsmenn, geta stöðvað flug. Menn sem enga samninga eiga við Flugleiðir. Bensínflutningamenn geta stöðvað flug þó þeir starfi ekki hjá Flugleiðum. Ég er ekki farinn að sjá að flugmenn eða aðrir slíkir mundu sætta sig við að vera í félagi með öðru starfsfólki. En þarna ber að sjálfsögðu að samræma uppsagnartíma og gildistíma samninga sem allra flestra starfshópa. Mætti mjög gjarnan taka farmenn til fyrirmyndar. En þarna er um ákaflega margslunginn rekstur að ræða og því yrði nokkur vandi á höndum. Þessi atvinnurekstur er mjög viðkvæmur og verkalýðsfélög þurfa að hafa ákveðna varúð í verkfallsaðgerðum gagnvart honum.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að teygja mál mitt öllu meira. Það hafa komið upp alls konar tillögur hverju sinni. Ég get upplýst hv. þm. um það að starfsmenn eins fyrirtækis — og ætla ég ekki að fara að saka hv. þm. um það — hafa sótt það býsna fast að mynda eigið stéttarfélag. Það eru starfsmenn SÍS. Það hafa ekki verið forráðamenn SÍS., ekki hef ég getað merkt það, að þeir hafi skorist í þessi mál. Þar er náttúrlega allt annað á ferðinni heldur en hv. þm. er með, en þó hefur þetta gengið svo langt að viðkomandi aðilar hafi verið mjög tregir til að gerast aðilar að stéttarfélagi eins og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og verslunarmannasamtökunum, sem hv. þm. leggur sig nú fram um að níða og svívirða og það mjög ómaklega oft á tíðum. (**VG:** Ekki ertu ósammála því?) Ég er ósammála því og þeim málflutningi þó að ég hafi sjálfsagt ýmislegt við þá starfsemi að athuga eins og þeir við mína. Ég tel að málflutningur hv. þm. í þeim efnum hafi oft verið vítaverður og ósamboðinn þm. En þarna er á ferðinni ein tillaga sem á sér þó nokkuð sterka formælendur, starfsmenn SÍS. Þeir borga ekki í lífeyrissjóð verslunarmannafélaganna, þeir borga í lífeyrissjóð SÍS. Stéttarfélög innan Verkamannasambandsins þverneituðu þessu. Það kemur ekkert annað til greina. En það kemur alltaf upp af og til hér og þar um landið að þeir vilji vera í lífeyrissjóði hjá SÍS o. s. frv. Ég er ekki að segja að þetta sé skoðun hv. þm., en sjá menn

þarna ekki ákveðnar hættur? Sumir sjá þarna jákvæðar hliðar. Skipadeild SÍS er með sérfélag og starfsmenn SÍS nær almennt með sérfélag. Ég er nú hræddur um að þetta yrði bara ein deild í SÍS. Það mætti segja mér, með fullri virðingu fyrir starfsemi SÍS. Nóg um það.

Hv. 9. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson, benti í sinni ræðu um daginn á að ASÍ-þing hefði á sínum tíma, árið 1960 gert tillögur um skipulagsbreytingar á Alþýðusambandinu. Megininntak þeirra tillagna var að vinnustaðurinn skyldi verða grunneining verkalýðshreyfingarinnar, þ. e. allir á sama vinnustað skyldu vera í sama verkalýðsfélagi, síðan mynduðu ákveðnar starfsgreinar starfsgreinasambönd og þessi starfsgreinasambönd mynduðu síðan Alþýðusambandið. Þrátt fyrir þessar samþykktir komust breytingar ekki í framkvæmd vegna andstöðu innan samtakanna sjálfra. Engu að síður urðu upp úr þessu, um 1960 nokkrar skipulagsbreytingar á Alþýðusambandinu. Mynduð voru sérsambönd, ekki starfsgreinasambönd t. d. Verkamannasambandið. Samband byggingarmanna, Sjómannasambandið o. s. frv. Munurinn á þessu er sá að ef við t. d. tökum Samband byggingarmanna þá eru allir sem eru í byggingarvinnu í sama verkalýðsfélagi. Það er ekki hluti af þeim sem eru í byggingarvinnu í Verkamannasambandinu, hluti af þeim í Sambandi byggingarmanna o. s. frv.

Annað ber líka að hafa mjög vel í huga. Ég er t. d. ekki búinn að sjá að sjómenn samþykki að þeim sé skipt upp, farmenn lendi í sambandi með verkamönnum, fiskimenn séu síðan sér. Ég skil ákaflega vel þeirra sjónarmið. Við skulum varast að lögleiða svona hluti til þess að leysa þennan vanda. Það gerir enginn betur en verkalýðsfélögin sjálf. Á hinu er ekki vafi, að með stofnun þessara sambanda styrktust samtökin, einstök verkalýðsfélög úti á landsbyggðinni fengu meiri aðstoð frá sérsamböndum en verið hafði áður.

Hitt er rétt og satt hjá hv. 9. þm. Reykv. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að Alþýðusambandið þarf að gera átak í að breyta skipulagi sínu, svo að það verði betur í samræmi við breyttan tíma. Ég tek undir það. Sú vinna á að fara fram hjá Alþýðusambandinu og í verkalýðsfélögunum, en ekki með lagaboðum frá Alþingi. Lausnin á þessum málum er ekki fólgin í vanhugsuðum lagabreytingum á Alþingi. Hún verður að koma frá verkalýðsfélögunum sjálfum.

Tillögur hv. þm. Vilmundar Gylfasonar eru e. t. v. settar fram í góðri meiningu. Ég hef talið upp galla tillagnanna. Þær bjóða upp á tvöfalt kerfi á vinnumarkaðinum. Þær bjóða e. t. v. upp á 200—300 verkalýðsfélög í Reykjavík einni. Þær stuðla að algerri ringulreið á vinnumarkaði, sem mundi framkalla ný lög um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem hlutur verkalýðsfélaga yrði örugglega fyrir borð borinn. Þær stuðla að veikari heildarsamtökum þar sem veruleg hætta er á að samhjálpin og samtökin í heild yrðu veikari. Þær bjóða upp á að einstakir sérhagsmunahópar fái mun sterkari stöðu í þjóðfélaginu en þeir hafa nú, og finnst sjálfsagt flestum nóg um. Þær boða þrátt fyrir faguryrði þm. veikari stöðu þeirra lægst launuðu. Það er ömurlegt að slíkar tillögur skuli koma frá þm. sem kennir sig við jafnaðarmannaflokk. En hitt veit ég, að flokksbræður hans í verkalýðshreyfingunni eru andsnúnir þessum tillögum, og það er trúa mín að yfirgnæfandi meiri hluti flokksbræðra hans hér á Alþingi sé þeim einnig andsnúinn.

Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. félmn.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Hv. 6. þm. landsk. þm. flutti ræðu hér í dag um þetta frv. sem verður víst ekki talin til sígildra bókmennta. Það er af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi virðist vera misskilningur á ferðinni um setningu í 1. gr. þessa frv. Þar segir, með leyfi forseta: „Félmrn. skal setja reglugerð um framkvæmd atkvgr.“ Það sem um er að ræða er það, að gert er ráð fyrir að tveir/þriðju hlutar launamanna á vinnustað þurfi að samþykkja breytingar, m. ö. o. þann aukna meiri hluta þurfi til þess að þessi breyting nái fram að ganga. Félmrn. kemur þar aðeins inn, það setur reglugerð um framkvæmd þessarar atkvæðagreiðslu, en ekkert annað. Þarna var sem sagt á misskilningi byggt. Lagagreinarnar eru útskýrðar á bls. 14. Þar er sagt um þetta, „að félmrn. setji reglugerð um framkvæmd kosninga og kveði á um, auk almennra ákvæða, hverjir hafi atkvæðisrétt.“ Ég nefni sem dæmi menn í hlutastörfum, sem auðvitað getur orkað tvímælis. Til þess að þetta sé samræmt á félmrn. að grípa inn í. M. ö. o. er þetta misskilningur.

Í annan stað er spurt: Hvað um orlofsmál og önnur slík öryggismál launamanna? Því er svarað í 2. gr. í þessu frv., en þar segir: „Þar sem í lögum þessum eru nefnd stéttarfélög komi: stéttarfélög og vinnustaðafélög.“

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sem að stofni til eru frá 1938, eru 71 grein og þau fjalla um miklu meira en verkfallsréttinn sjálfan. Alls staðar þar sem talað er um stéttarfélög, og það meira en réttindi og skyldur, er gert ráð fyrir að vinnustaðafélög komi líka. Þessu er því öllu svarað ef menn lesa þau gögn sem liggja hér á borðum. M. ö. o.: Þetta er auðvitað alveg skýrt og læt ég þá umfjöllun um það lokið. En mig langar til að snúa mér að málflutningi hv. 7. þm. Reykjavíkurkjördæmis.

Mér finnst enn að það sé feikimargt í þessum efnum sem hv. 7. þm. Reykv. vill ekki skilja, en ég veit að hann gerir það. Jón Helgason orti einu sinni um menn sem nugguðu sér utan í Krist. Hv. 7. þm. Reykv. nuggar sér stöðugt utan í sósíaldemókratí eins og hann hafi aldrei verið annað en vinur þess, sem hann aldrei var og er ekki.

Málið er það í þessum efnum: Skoðum land eins og Noreg, þar sem verkamannaflokkur hefur farið með völd og hefur haft gífurleg áhrif. Í Noregi eru engin lög um þessa hluti. En það sem mér finnst hv. 7. þm. Reykjavíkurkjördæmis ekki skilja er það, að í lögum 1938, settum af jafnaðarmönnum og framsóknarmönnum gegn atkvæðum flokksbræðra hans á sínum tíma, lögbundum við orðið „stétt“ og við lögbundum meira en orð, við lögbundum heila hugsun. Og hver er hún? Hún er sú, að stéttir manna séu lögbundnar og skildar kreppuskilningi. M. ö. o. eru verkamenn ein stétt, prentarar eru önnur stétt, skrifstofumenn og afgreiðslufólk í búðum er þriðja stéttin o. s. frv. Þessir eru stéttarmúrarnir sem hlaðið var upp, og við verðum að skilja að menn hugsuðu svona á kreppuárunum, en menn hugsa ekki svona lengur.

Það eru engin svona lög í Noregi. Það er rangt hjá hv. þm. Þar er það verkalýðshreyfingin sem hefur breytt með róttækum hætti sjálf, því þar eru engar þvinganir af einu eða neinu tagi. Þeir hafa að vísu ekki grunneiningar, vinnustaðinn, heldur bandalag vinnustaða. Þeir geta breytt því hvenær sem þeir vilja. Þannig eru nú sósíaldemókratar í Noregi, — að ég ekki tali um sóknd jarfari sósíaldemókrata, eins og þá í Frakklandi og á Ítalíu og

Spáni. Ef hv. þm. er ólmur og allur af vilja gerður að nudda sér utan í sósíaldemókratí ætti hann, til að kynna sér hvernig það fer fram, að athuga hvernig áherslan á smáu einingarnar og valddreifingu er alls staðar sigrandi. Þið eruð á eftir. (**Gripið fram í:** Það eru þrjú verkalýðssambönd í Frakklandi.) Það er alveg rétt. Þeir hafa langar hefðir valddreifingar, Frakkarnir, það er rétt, og sósíaldemókratíið þar hefur það líka og það byggir sögulega á allt öðruvísi hefðum en skandinavíski miðstýringarþankinn. En meira að segja í Noregi var farið svona að. Og hvað er þm. að tala um? Hann á enga sögu um sósíaldemókratíska hugmyndafræði og þekkir ekkert slíkt. Hans saga er öll orðin önnur og allt önnur. En þetta er nú málið, herra þm. Það er svona sem þetta gerist. En við fórum öðruvísi að. Við lögbundum hugtakið stétt. Verkamennirnir í Dagsbrún verða að vera í Dagsbrún. Þeir mega ekki vera í félagi með prentara eða skrifstofumanni. Þeir eru lögþvingaðir einir og sér og sjálfir. Hvaða mannasiðir eru það, ef þeir sjálfir kjósa öðruvísi?

Hv. þm. las upp úr gömlum dómi. Veit ekki 7. þm. Reykv. að lagakerfið á Íslandi er ónýtt? Lagakerfið á Íslandi er hand-hand-ónýtt. Sá skilningur, sem við höfum báðir verið sammála um, er skilningur allra á vinnulöggjöfinni, að þetta sé óheimilt. Ég get nefnt sem dæmi við hv. þm., að starfsfólk hjá Flugleiðum fór og talaði við sérfræðing, löglærðan mann í vinnurétti, — og hvert var svarið? Þetta er óheimilt. Þetta hefur skeð. (Gripið fram í.) Jú, nákvæmlega, og það er tvennt sem bannar, það er ekki bara 2. gr., eins og hér hefur verið sagt, heldur er það líka 1. gr., vegna þess að í 1. gr. laganna segir: „Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög." Hvað þýðir stéttarfélag? Það þýðir félag verkamanna eða félag prentara eða félag skrifstofufólks, en ekki félag sem þessir aðilar eru saman í. Þetta finnst mér vera alveg eins og klossi í kollinum á hv. þm. Það er skilningurinn á orðinu „stéttarfélag" sem er bindandi.

Síðan segir í 2. gr.: „Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag". Við skulum lesa allan rökstuðninginn 1938. Það er annars vegar stéttarfélagið sem rígbindur stéttirnar og hins vegar hugsunin að félagssvæði megi ekki vera minna en eitt sveitarfélag. Við skulum gera okkur ljóst af hverju Guðmundur Í. Guðmundsson og fleiri hugsuðu þetta upp á sínum tíma. Það var til að vernda Alþfl., sem þá eins og stundum síðar var alltaf á niðurleið. Það er málið. Það er það sem gerðist. Spurðu Guðmund Í. Guðmundsson. Spurðu um tilorðning laganna. Spurðu um söguna. Og þó svo að þessi skilningur finnist þarna, þá hefur hinn skilningurinn ævinlega verið ríkjandi. Sérfræðingar í vinnurétti hafa ævinlega túlkað þetta með þessum hætti, enda er það ljóst af bókstafnum. Og veit þm. ekki að lagahefðirnar á Íslandi eru með þeim hætti að menn túlka lögin sér í hag, verkalýðshreyfingin líka? Það er ekki bara dr. Gunnar Thoroddsen sem hegðar sér svona. Þið hegðið ykkur allir svona, bara túlkið lögin ykkur í hag, Óskar Hallgrímsson og hvað þeir heita allir þessir heiðursmen. Ég þarf ekki að segja hv. þm. neitt um það. Þetta eru greindir menn. Það er þetta sem er málið.

En það sem ég skil ekki er það, af hverju þessir sjálfkjörnu vitmenn, og þar vil ég nú taka undir með hv. 6. landsk. þm., eru alltaf að hafa vit fyrir fólki. Hér er aðeins verið að leggja til heimildarákvæði. Menn ráða því svo sjálfir hvort þeir gera þetta eða gera það ekki. Og af hverju má ekki ákvörðunarvald vera „á gólfinu"? Kannske notar sér enginn þessa heimild. Þá nær það ekki lengra. Hvernig stendur á því að misheppnaður verkalýðsforingi, sem er misheppnaður vegna þess að hans fólk hefur hlutfallslega lakari kjör en það hafði fyrir 25 árum, — og það er misheppnaður ferill, — fær öllu að ráða? Af hverju má ekki fólkið ráða þessu sjálft? Af hverju þarf þessi maðurinn eða hinn maðurinn að standa hér upp í varnarskyni? Það er undarlegt bandalag sem hér hefur myndast.

En hvað sagði hv. 6. landsk.? (Gripið fram í.) Í hinni helgu bók segir: Leyfið börnunum að koma til mín. Hv. 6. landsk. þm. sagði: Dreifið valdinu til mín heim í hérað. Hann getur flutt um það einfalda till. í miðstjórn ASÍ. Dreifið valdinu til mín. Hjálpi okkur guð! (Gripið fram í.) Hann sagði efnislega þetta, það er hugsunin: Engu að breyta sem skerðir hár á mínu höfði, nei, dreifa valdinu til mín. — Þetta er það, því miður, sem háir ykkur allt of mörgum.

Svo undarlegur er málflutningur hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar að hann segir að hér sé verið að leggja til hálfbrjálæðislegan anarkisma að öðru leytinu til og hins vegar svo tannlæknaþjóðfélag, þjóðfélag þar sem harðir kröfugerðarmenn munu ryðjast fram, en í sömu setningunni er hann kominn í vörn fyrir flugmenn! Það er alveg rétt, að ef þetta fyrirkomulag yrði ofan á hef ég alltaf spáð því að hjá Flugleiðum mundu 90% í flugfélaginu vilja þetta, 10 ekki, þ. e. flugmennirnir. Hvað með það? En hv. 7. þm. Reykv. er kominn í vörn fyrir flugmennina og stöðvunarvald þeirra. Ég er á móti því. Að komast í fjóra hringi í sömu setningunni er býsna vel gert. Það kemur nefnilega í ljós, að menn sem eru talsmenn ófaglærðs verkafólks, sem stöðugt hafa verið að dragast saman kjörin hjá, sem allir segja hver um annan þveran að þeir hafi ekki fengið réttláta hlutdeild í tæknibyltingu undanfarandi ára og munu að óbreyttu fyrirkomulagi verða stórkostlega undir í tölvubyltingunni sem við stöndum andspænis, koma hingað hins vegar og vilja engu breyta. Allt er svo gott. Það er ekki að furða þó að menn eins og ég láti það hvarfla að mér að þeir séu að velta fyrir sér plusssófunum og málverkunum á skrifstofunum. Plussið hefur reynst mörgum erfitt. (Gripið fram í.) Já, það er hann.

Annað sem menn hafa ekki skilið og ég held að sé af ásettu ráði, en ég ætla engum manni, er að menn segja þetta verða litlar anarkískar einingar. Það er ekki rétt. ASÍ verður auðvitað til áfram ef menn vilja það — og það sem meira er: það segir enginn að menn þurfi að semja sem vinnustaður. Menn geta samið sem bandalag vinnustaða. Allir vinnustaðir á Íslandi geta samið saman, ef þeir svo kjósa. Það eina sem er heimilað er að fólk á sama vinnustaðnum geti tekið sig saman, ef það svo kýs. Öll frystihús í Reykjavík, öll frystihús á Íslandi geta samið saman, ef þau svo kjósa, ef það eru þeirra hagsmunir. Þau geta myndað samtök og sett upp skrifstofur eða félagsheimili og hvað eina. Það er bara í lögunum sem við fjöllum um vinnustaði sem grunneiningu. Við höfum ekki lakari heimildir fyrir okkur en þing ASÍ í þeim efnum. Hvað menn byggja ofan á þetta er þeim alveg frjálst. Kannske vilja vinnustaðirnir semja sér. Kannske vilja Flugleiðir semja sér. Kannske mynda starfsmenn þar bandalög starfsfólks í flugi. Það virðast vera hagsmunir þeirra. Stundum vilja menn dreifa valdinu. Ég sé ekki annað en upp standi helsti valddreifingarmaður þingsins, hv. 6. landsk. þm., og hins vegar

helsti miðstýringarmaður þingsins og báðir þykist þeir vera verkalýðsforingjar. Ekki er nú „solidaritetið“ þar.

Það er þetta sem er vandinn. En mér er óskiljanlegt af hverju menn leyfa ekki fólkinu að ráða þessu. Þetta er heimildarákvæði. Ég endurtek það sem sagt hefur verið áður: Kannske notar ekki nokkur vinnustaður þetta heimildarákvæði. Kannske kemur það í ljós. Ég veit það, og ég vil taka undir það, það er rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að ekki er eins mikill spenningur fyrir þessu í Straumsvík og var fyrir ári eða tveimur. Þar hafa runnið tvær grímur á menn og menn hugsa um það í mikilli alvöru hvort þetta eru þeirra hagsmunir eða ekki þeirra hagsmunir. En ekki hvað? Það er nákvæmlega það sem menn eiga að gera. Og ef menn komast að þeirri niðurstöðu að þetta séu ekki þeirra hagsmunir stofna þeir ekki slíkt félag. En hv. þm. Guðmundur J. eða Karvel eiga ekki að fjarstýra þessu neðan úr Alþingi.

Menn tala um að hér sé verið að lögþvinga. Þetta er einn misskilningurinn til. Menn lögþvinga ekki þegar þeir eru að leyfa það sem er bannað. Menn lögþvinga þegar verið er að banna það sem hefur verið leyft. Það er lögþvingun. Þetta er ógnun, ekki lokun. Það getur ekki verið lögþvingun að leyfa eitthvað sem hefur verið bannað. Það er opnun, það er aukið vald, það er meiri réttur til fólksins. Þetta snýst við líka hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni.

Kjarni málsins er hins vegar sá, að það kerfi sem við búum við hefur mistekist. Það eru allir sammála um þetta. Ég nefni ágæta blaðagrein eftir Steinunni Jóhannesdóttur leikkonu í Þjóðviljanum á föstudaginn var. Hún lýsir skilningi á þessu máli í það heila tekið. Ég segi við þig, Guðmundur J., að kommarnir undir fertugu eru að vakna. Það er að kvikna í þeim vegna þess að menn vita að kerfið hefur engum árangri skilað.

Ég vil þó aðeins nefna eitt í framhaldi af þeirri blaðagrein sem ég nefndi. Það er sagt þar og hefur verið sagt víða, að þetta sé ekki nógu róttækt. Hugsum okkur 28 ára gamla stúlku sem hefur 7800 kr. á mánuði og þarf að borga 3100 fyrir barnapössun. Hvað halda menn að séu hagsmunir hennar? 500 kr. meira eða minna eða geta samið um dagvistun fyrir sitt barn eða sín börn inni í fyrirtækinu? Hvað halda menn að séu hagsmunir hennar í þessum efnum? Ef menn vilja semja svona, af hverju mega þeir það ekki? Og annað: Ef menn vilja semja um eignaraðild að fyrirtæki, af hverju mega þeir það ekki? Er það ekki upplagt að launþegarnir eigi um 60% af fyrirtækinu? Nei, þá koma náttúrlega verkalýðsforingjarnir og rísa til varnar atvinnurekstrinum í landinu. Það finnst mér óhugnanlegur strengur, þ. e. þessi vörn fyrir atvinnureksturinn, þessi blessun. Ég er ekki svo hrifinn af fyrirtækinu. Ég held að mörg fyrirtæki væru miklu betur komin í eign þeirra sem vilja vinna.

Ég nefni þetta vegna þess að það var ekki alveg réttur skilningur í þeirri blaðagrein sem ég vísaði til, en gladdi mig þó mjög vegna þess hve þar kom fram mikill almennur skilningur á því hvað við erum að lýsa hér miklu vandamáli. — Hér hafa vandamálin staðið upp holdi klædd eitt eftir annað. — Það er þetta: Ef menn vilja semja sig til réttinda, semja sig til eignar, semja sig til stjórnunar, — lýðræðisjafnaðarmenn á Íslandi hafa verið hrifnir af atvinnulýðræði, — ef menn vilja semja sig inn í stjórnir fyrirtækjanna í staðinn fyrir laun sín, því ekki?

Ég sé á varaþm. úr Norðurl. e. að það er að renna upp fyrir honum hversu róttækt þetta plan er og auðvitað er það rétt. En hann verður líka að skilja hvar í samfélaginu hin íhaldssama fyrirstaða liggur, því að það skiptir miklu máli.

Ég ætla ekki að fara að svara því þegar var reynt að draga Verslunarmannafélag Reykjavíkur sérstaklega inn í þetta. Ég vil ekki svara því öðru en útskýra að þetta er eitthvað skelfilegasta láglaunafélag í Reykjavík. Þarna er margt fólk sem býr við hrein fátæktarkjör. Þetta er svipað og amerískt verkalýðsfélag. Þetta er vandi minna umbjóðenda hér í Reykjavík, hvers konar skelfing þetta félag er upp og niður. Ég vil ekki segja annað en það, að ég þekki mitt heimafólk.

Það er þetta sem er vandinn: Hér var hv. 9. þm. Reykv. með sósíaldemókratísk fleðulæti: samstöðu og samhjálp. En menn lýsa þeim orðum rangt. Hvernig halda menn að samningur gangi fyrir sig? Ég þarf ekki að láta neina menn, sem gefa sig út fyrir að vera sérfræðingar, segja mér neitt í þeim efnum. Auðvitað er slagur innbyrðis, innan verkalýðsfélaganna, um hvernig launahlutföll eigi að vera og annað slíkt. Manneðlið er einu sinni svona. Og allir sem þekkja til segja, og þeirra á meðal hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson í löngu viðtali við tímaritið Rétt árið 1976: Það hefur komið í ljós, hann segir þetta efnislega, að í vinnustaðasamningum reynist launajafnréttið vera meira. — Og þetta er alveg rétt. Við þekkjum öll til í Straumsvík. Við þekkjum það, að fólkið í mötuneytinu og annað fólk þar fær miklu betri laun. Um hvað eru menn að tala? Hann veit nákvæmlega, maðurinn, að málin ganga fyrir sig með þessum hætti. Það er þetta sem skiptir máli.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á að ég lagði til í lok minnar ræðu að þessu máli yrði vísað til allshn. Þannig er, að þegar þetta mál var flutt fyrst fyrir tveimur árum var það sent í allshn. Í fyrra fór það í félmn. Það sem hangir á spýtunni er það, að í félmn. sitja menn sem ætla að setjast á málið. Ég bið þess vegna, herra forseti, að málið verði að minni ósk flutt í allshn. Ég á þar sæti sjálfur og hef áhuga á að fylgja þessu máli eftir. Ég vona að forseti hafi skilning á því.

Ég dreg saman: Kjarni málsins er sá, að þetta frv. er flutt vegna þess að hér höfum við stífa vinnulöggjöf, sem við höfðum ekki í landi eins og Noregi. Það eru engin lög þar. Þar geta menn ráðið þessu eins og frjálsir menn væru. Í reynd hefur þessi stífa vinnulöggjöf komið þannig út, að hún hefur bannað feikimargt, en leyft sumt. Það er kjarni málsins. Hér er aðeins verið að leggja til rýmkun, að stefna Alþýðusambands Íslands frá því fyrir 20 árum verði leyfð.

Nú vil ég útskýra, fyrir hv. þm. fyrst og fremst, sem ég tala til, af hverju þetta er stefna Alþýðusambands Íslands. Munurinn liggur í því, að þeir vildu ekki lögbinda vinnustaðafélög, heldur bandalag vinnustaðafélaga, starfsgreinasambönd. Það sem við gerum er að við göngum skrefinu lengra í heimildinni, en eftir sem áður er hægt að framkvæma þetta þar sem er bandalag vinnustaðafélaga, ef þið eruð að tala fyrir fólkið eins og þið staglist stöðugt á. Og hver er munurinn? Heimildin er skrefinu lengri. Við göngum skrefinu lengra, en það er hægt að „praktísera“ það nákvæmlega eins og þið lögðuð til á sínum tíma. Þið eruð fólksins menn, trúi ég, talið fyrir fólkið og um hagsmuni þess. Því ekki að heimila þetta svona og „praktísera“ það eins og fólkið vill? Kannske eruð þið ekki fólksins menn. Það skyldi nú ekki vera.

Það er þetta sem skiptir máli. Mín hugsun hefur ævinlega verið sú, að þetta mundi styrkja Alþýðusamband Íslands, en ekki veikja það.

Í öðru lagi viljum við að framkvæmdin á þessu yrði sú, að vinnustaðirnir mundu semja um kaup og kjör í bandalagi, margir saman. Að vísu, ef maður reynir að huga að framtíðinni, fer það auðvitað eitthvað eftir stöðunni á vinnumarkaðinum hverju sinni, en grundvallarhugsunin er samt sú, að vinnustaðirnir semji sem bandalag.

En í þriðja lagi, og það er mest um vert, þurfum við að eyða kreppuhugtakinu „stétt" í skilningnum starfsstétt. Það á ekki að setja múra utan um verkamenn. Það á ekki að setja múra utan um prentara. Það á ekki að setja múr utan um neinn. Menn eiga að vera frjálsir og menn eiga að vera saman og það er enginn grundvallarmunur á launavinnu launafólks. Víst eru sum störf óþrifalegri en önnur störf eru, það er alveg rétt, en engu að síður eigum við ekki að byggja upp þessa múra, sem innan tíðar eru múrar fordóma.

Það er þetta sem er svo rangt gert. Og ég fæ ekki betur séð en hér standi menn og haldi dauðahaldi í kerfi sem er að ganga sér til húðar. Ég vil ekki sjá þennan mun. Ég er í grundvallaratriðum þeirrar skoðunar, að það eigi að bæta óþrifaleg störf með því að launa þau betur, en mér líkar ákaflega illa þegar hugarins íhaldsmenn, hugarins afturhald, standa hér og halda ekki bara dauðahaldi í gömul og ónýt lög heldur gamla og gengna fordóma.

Það er út af fyrir sig nokkuð rétt skilgreining á viðbrögðum jafnaðarmanna sem hv. þm. var með. — Þeir eru nú eins og þeir eru. — En málið er að vitaskuld er þessi hugmynd á dúndrandi sigurgöngu. Það er bara tímaspursmál hvenær hún sigrar. Þeir geta þvælst fyrir um lengri eða skemmri tíma, en það breytir út af fyrir sig ekki neinu. Þessi heimild til handa fólki kemur fyrr eða síðar og við eyðum gömlu stéttafordómunum. Við aukum launajafnréttið. Við gefum fólki möguleika á að semja um eignarréttindi í fyrirtækjum. Þetta mun ganga svona. Við dreifum valdinu í raun. Við búum til litlar einingar út um samfélagið allt, mikil völd til handa fólkinu sjálfu. Fólkið þarf ekkert á forsjá hinnar holdi klæddu íhaldssemi að halda. Það þarf þess ekki lengur. Það er liðin tíð. Og þetta mun gerast einhvern veginn svona. Af hverju segi ég þetta? Með því að horfa á heiminn í kringum mig. Ég sé það alls staðar gerast. Menn geta nuddað sér utan í sósíaldemókratí og sagt einhverjar ósannar sögur af því úti í heimi. Það verður enginn stærri maður fyrir það, — ég tala nú ekki um ef sagan er eins og sagan er. Það er svona sem þetta mun gerast: Valdinu verður dreift, einingarnar verða litlar, ábyrgðin verður mikil og við munum gera það gott.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Mér heyrist að það ætli að fara svo um þetta mál eins og mörg önnur, að hv. flm. muni drepa það sjálfur með því hvernig hann heldur á málinu og hvernig hann talar fyrir því og meðhöndlar það. Ég sé ekki betur. Mér datt nú ekki í hug að ég mundi tala hér neitt í þeim dúr að hv. þm. Vilmundur Gylfason mundi geta komið því heim og saman við sígildar bókmenntir í framtíðinni, enda hef ég engan áhuga á því í raun og veru að tala því máli hér sem hann mundi flokka undir sígildar bókmenntir. Ég er kannske, ef það má orða það svo, ég er þessi almenni maður í þjóðfélaginu sem hann segist vera að tala fyrir, en í þessu tilfelli a. m. k. fara okkar skoðanir bara ekki saman um það, hvort hér sé verið að stíga skref til bóta fyrir þá sem verst eru settir eða hvort hér sé verið að fara inn á þær brautir, sem kunni að leiða til þess í framtíðinni að við séum að gera enn verr við það fólk, sem við viljum þó að ég hygg, bæði ég og hann, ég ætla honum ekki annað, styrkja í baráttunni fyrir bættum kjörum.

Hv. þm. hefur margoft ítrekað að samkv. 2. gr. í vinnulöggjöfinni, lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, væri óheimilt að stofna nema eitt stéttarfélag innan sama sveitarfélags. Þetta er alrangt. Og það er furðulegt að hv. þm., sem er fyrrv. dómsmrh., skuli leyfa sér að fullyrða slíka hluti. Það er búið að lesa upp fyrir hann hér úr ræðustól 2. gr. í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og ég sé ekki ástæðu til að gera það aftur. Þetta er á hreinu. Það er ekkert í þeirri löggjöf sem meinar einstaklingum að stofna annað verkalýðsfélag, þó að það sé innan sama sveitarfélags, og meira að segja hafa fallið um þetta dómar eins og hér hefur verið lýst. Eftir sem áður þrástaglast þessi hv. þm. á því að þetta sé óheimilt. Þetta er bara rangt.

Hv. þm. komst svo að orði einhvern tíma um þetta frv. sitt, að það hefði það til síns ágætis að launajöfnuður væri innbyggður í þetta kerfi. Ég vildi að svo væri. Þá skyldi ég vera meðal fyrstu manna til þess að styðja slíkt mál. En því er bara ekki svona farið, hv. þm. Ég hygg að því sé þveröfugt farið. Ég held að með slíku kerfi eins og hér er lagt til að taka upp, fengjum við enn fleiri tiltölulega smáa forréttindahópa sem ganga á það lagið að verða þröskuldur fyrir því að þeir, sem eru verst settir, nái leiðréttingu mála sinna. (**VG:** Annað segir Guðmundur J.) Ég er ekki að tala um Guðmund J., ég er að tala um hv. þm. Vilmund Gylfason og hans skoðanir.

Almenningur í landinu er í vaxandi mæli þeirrar skoðunar að það sé tiltölulega of mikið af hinum fámennu þrýstihópum, sem eru miklu betur settir í þjóðfélaginu heldur en stór hópur annarra manna, sem vinna þó enn verri störf, það sé nóg af slíkum þrýstihópum tiltölulega fámennum, sem hafa vegna aðstöðu sinnar í þjóðfélaginu getað skriðið upp eftir bakinu á láglaunafólkinu, ef það má orða það svo. Með því að leggja það til sem hér er verið að gera óttast ég að verið sé að fjölga þessum forréttindahópum á kostnað hins almenna manns, sem er á gólfinu, eins og hv. þm. vill tala um hann. Og ég er andvígur því. Ég tel að okkar þjóðfélag sé komið allt of langt í því, a. m. k. eins og málin eru í dag og kringumstæðurnar, að það séu einstakir tiltölulega fámennir forréttindahópar, sem tröllríða í raun og veru öllum hinum sem eru miklu verr settir. Yrði sú breyting gerð er í þessu frv. felst yrði það til þess að enn frekar yrði gengið á þetta lagið, en hinir, sem verst eru settir, yrðu áfram og í enn frekara mæli en þó hefur verið skildir eftir, og hefur mér a. m. k. fundist nóg um.

Hv. þm. sagði lagakerfið ónýtt, af því að það fellur ekki að þeim hugmyndum sem hann vill hafa í þessu tilfelli. Hann má hafa þá skoðun. En eins og lögin eru um stéttarfélög og vinnudeilur, þá heimila þau tvö stéttarfélög innan sama sveitarfélags. Og hv. þm. verður að gera sér grein fyrir að þetta er rétt. Hann sagði að ég hefði sagt hér áðan: Dreifið valdinu til mín. Ég sagði þetta ekki. En það má vel vera að hv. þm. vilji að meira vald fari til mín en þegar er komið. Og ekki hef ég á móti því að hafa vald. En ég held að ég tali af nokkru meiri

reynslu í þessum efnum heldur en hv. þm. Vilmundur Gylfason. Ég tel mig a. m. k. hafa fengið allmikla skólun og reynslu, að því er þessa hluti varðar, í gegnum 25 ára starf innan verkalýðshreyfingarinnar, og miklu meiri reynslu heldur en einstaklingur, sem aldrei hefur nálægt slíkum félagsskap komið, aldrei. Það segir auðvitað ekki endilega það að ég hafi alltaf rétt fyrir mér í slíkum málum. En ég held — og er raunar viss um það, að það er yfirgnæfandi skoðun þess fólks, sem er félagshyggjufólk, sem hefur tekið þátt í félagsmálastarfi, ekki síst innan verkalýðshreyfingarinnar, að skref í þessa átt yrði til hins verra fyrir launafólkið í landinu, og þá fyrst og fremst fyrir það launafólk í landinu sem þessi hv. þm. telur sig í orði a. m. k. vilja verja.

Hv. þm. sagði hér áðan að talsmenn ófaglærðs verkafólks vildu engu breyta. Ég sagði hér fyrr í dag: Ég hef ekki heyrt eina einustu rödd frá hinum almenna félaga í verkalýðsfélögunum, þó að menn færu hringinn í kringum landið, sem hefur tekið þetta mál upp í sínu félagi til þess að berjast fyrir framgangi þess, ekki eina einustu rödd. Og ég held að það segi sína sögu um viðhorf þess fólks, sem kæmi til með að búa við þær aðstæður, sem þessi breyting kynni að hafa í för með sér, þannig að ég tek ekki undir það með hv. þm. að málið sé á „dúndrandi sigurgöngu“ eins og hann orðaði hér áðan. Ég sé engin merki þess að hinn almenni félagsmaður, „maðurinn á gólfinu“ eins og hv. þm. talar alltaf um, sé æstur í þessa breytingu. Svo spyr hv. þm.: Af hverju má ekki vilji fólksins koma fram? Hver hefur á móti því að vilji fólksins komi fram? Sé það einhver, þá er það í mínum huga frekar hv. þm. Vilmundur Gylfason en við hinir, sem höfum verið að tala öðru máli heldur en hann. Ég held að það fari ekkert á milli mála að væri þetta almennur vilji fólksins í verkalýðshreyfingunni, þá mundi forusta hennar að sjálfsögðu taka mið af því.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég heyri að annar hv. þm. vill komast að og ég vil gjarnan leyfa honum það líka. Það kemur væntanlega tækifæri til þess að ræða þetta frekar, og ég er talsmaður þess að málið fái þinglega meðferð, að það verði ekki á það sest. Og ég hef ekki trú á því, að a. m. k. formaður félmn., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hafi neina tilhneigingu til þess að setjast á þetta mál, eins og hugsanlega hefði mátt ályktа af ummælum hv. þm. áðan.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Bara örfá orð. Ég held að meginrök séu nú komin fram á báða bóga og það þurfi ekki að vera að tíunda þau öllu lengur. Ég held að það sé rétt að málið fari til nefndar og að nál. komi hér fram. Ég styð það mjög að málið fái þinglega meðferð.

Hér hefur hv. þm., bæði í þessari hv. deild og víðar, túlkað 2. gr. vinnulöggjafarinnar á ákveðinn hátt. Þegar lesnir eru upp fyrir hann dómar, sem sýna aðra lagaskilgreiningu, þá er bara svissað yfir og sagt: Lagakerfið er ónýtt. Menn haga sér eins og hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen. Þeir bara túlka lögin sér í hag. Þetta er Félagsdómur og maður skyldi nú halda að hann hafi ekkert verið honum í hag sérstaklega, þessi tiltekni dómur þarna. En fyrrv. dómsmrh. má hafa sínar skoðanir á því. Ég vil aðeins segja það í sambandi við Frakkland og Ítalíu, sem ég skal ekki fara að öðru leyti neitt út í, að ég held að verkalýðssamtök beggja þessara landa og líka t. d. á Írlandi, þótt það sé ekki sambærilegt, mundu vilja líta með töluverðri öfund til Íslands fyrir það að þar hafa verkalýðssamtökin aldrei klofnað í þrenn samtök eins og t. d. í Frakklandi. Það er samband sósíaldemókrata, þar er samband kommúnista og þar er samband kaþólskra. Hvað eru menn að slá um sig hér með einhverjum sögulegum hroka? Sannleikurinn er bara sá, að illu heilli fyrir alþýðu þessara landa tvístruðust þessi verkalýðssamtök. Ef hv. þm. leitaði álits forustumanna, þá mundu þeir telja styrkinn hafa aukist mjög ef til þessa klofnings hefði ekki komið.

Ég lofaði forseta því, þegar ég bað um orðið, að ég mundi ekki teygja lopann eitt eða neitt. Þegar ég segi að það komist ringulreið á vinnumarkaðinn og upp geti komið 200—300 verkalýðsfélög og stöðvun hjá einu fyrirtæki verki á annað fyrirtæki og önnur fyrirtæki og þetta gæti þýtt verkföll kannske meira og minna vikulega og það sé hætta á að þetta framkalli breytingar á vinnulöggjöfinni verkalýðshreyfingunni í óhag, þá er ég ekkert að lýsa samúð með atvinnurekendum. Ég er bara að benda á þá hættu sem skapast. Nú vill hv. þm. telja þetta mjög skylt skipulagstillögum Alþýðusambandsins, en þar skilur mikið á milli. Skipulagstillögum Alþýðusambandsins verður að mínu viti að breyta töluvert. Þær eru yfir 20 ára gamlar og ýmislegt sem þarf breytingar við til að ná samkomulagi áður en vinnustaðurinn yrði allur í einu félagi. T. d. fiskiðnaður myndar starfsgreinasamband. Það hefur ekki einn hópur verkfallsheimild, það er ekki hugsunin. En með till. hv. þm. mundu einstakir hópar, sem hafa úrslitastöðu, geta knúið fram fyrir sig einhverja hluti. Hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason, sagði að hann hefði ekki orðið var við að þetta hefði fengið miklar undirtektir í landinu og ekki heyrt á það minnst. Ég held að það sé rétt hjá honum, ég held að þetta veki ekki mikla athygli.

Ég veit um tvo vinnustaði sem hefðu nokkurn hug á slíku. Það eru alveg táknrænir vinnustaðir upp á það sem koma skal eftir till. hv. þm. Þetta eru fámennir vinnustaðir. Ætli það séu ekki 30 í öðrum og rösklega 40 á hinum. Þeir geta lokað á fleiri þúsund manns. Vitanlega vilja slíkir aðilar fá svona skipulag þar sem þeir eru algjörlega sjálfstæðir. Það er ekki verkakonan, það er ekki stúlkan sem hann vorkennir í versluninni, sem er í þessu. Það er verið að bjóða upp á tannlæknaþjóðfélag, það er verið að bjóða upp á þetta kalda markaðsþjóðfélag, þar sem aðstaðan til verkfalla, aðstaðan til aðgerða skal ráða. Og hvort sem ég er að nudda mér utan í sósíaldemókrata eða ekki, þá er hv. þm. Vilmundur Gylfason a. m. k. ekki að því með þessum málflutningi sínum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég er hv. 6. landsk. þm. þakklátur fyrir að hafa flutt ræðu þá sem hann hélt hér áðan. Hann sagði raunar í örfáum orðum sögu sem ég hefði ekki getað sagt betur á klukkutíma. Nóg um það.

Árið 1976 var fjallað um vinnustaðafélög í tímaritinu Rétti. Þeir sem þar voru spurðir mæltu mjög með vinnustaðafélögum. Það voru Sigurður Magnússon rafvirki, Björn Jónsson, þá forseti ASÍ, og Guðmundur J. Guðmundsson nokkur, hv. 7. þm. Reykv. í dag.

Herra forseti. Hvað skyldi nú Guðmundur J. Guðmundsson hafa sagt um vinnustaðafélög? Ég skal lesa það. Hann sagði: „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu“. — Það er ekki strigakjafturinn sósíal-

demókrati, sem notar þetta orð, það er Guðmundur J. Guðmundsson. — „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu.“ Hann heldur þó áfram og er að harma að við ætlum ekki að koma á fót vinnustaðafélögum því að það auki launajafnrétti. Og hvað segir hann? Hann segir: „En það eru fyrst og fremst þeir sem eru hærra launaðir sem eru harðastir á móti, því þeir þola ekki lýðræðið. Þeir vita að þeir ófaglærðu eru fleiri.“ Herra forseti. Hvað eigum við að gera við svona hv. þm.? Þetta er Guðmundur J. Guðmundsson árið 1976 sem segir: „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu. En það eru fyrst og fremst þeir sem eru hærra launaðir sem eru harðastir á móti, því þeir þola ekki lýðræðið. Þeir vita að þeir ófaglærðu eru fleiri.“ Ég er hjartanlega sammála.

Þetta var um vinnustaðafélög sem nefnd voru þarna. (**GJG:** Tillögur úr Alþýðusambandinu.) Má ég lesa það sem Sigurður rafvirki sagði í sömu umræðu? Hann segir: „Ég hef verið þeirrar skoðunar, að stefna þurfi markvisst að því að gera vinnustaðinn sem næst að einni félagseiningu. Breyta þarf skipulagi verkalýðssamtakanna úr því að vera einhver sérgreinafélög iðnaðar- eða verkamanna í félög starfsfólksins á tilteknum vinnustöðum.“ Það er um þetta sem þeir voru að tala. „Þannig held ég að möguleiki sé á að mynda þann samhug og þá bræðralagskennd,“ segir Sigurður, „sem þarf til að hindra að það gerist sem hefur verið að gerast hjá okkur varðandi hina miklu tekjuskiptingu.“

Hugsið um ræðurnar, sem þeir hafa flutt hér í dag, kavalerarnir tveir, hv. þm. Hver er umsnúningurinn? Ég skal segja ykkur hver hann er. „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu,“ var svarað 1976, ekki af mér. Það er furðulegt að halda slíkar ræður. (**Gripið fram í:** Ekki af mér.) Nei, nei, við skulum halda okkur við efnið. Hv. 7. þm. Reykv. þarf að halda ræðu eftir þann virðulega umsnúning hugarins, sem hér hefur átt sér stað, og svo á að fara að skrifa lögin.

Það kemur hv. 6. landsk. þm. á óvart að ég skuli segja að lagakerfið í landinu sé ónýtt. Ég er búinn að segja það í 10 ár. Í 10 ár er ég búinn að segja það hér, síðan þessi leikur með brbl. byrjaði hjá hæstv. forsrh. Menn hafa túlkað lögin sér í hag, þegar þeim sýnist svo, og vitaskuld gera menn það enn að því er þetta varðar. Svo er sagt að fyrrv. dómsmrh. segi eitt og segi annað. Þetta er skoðun mín og hefur verið lengi.

Kjarni málsins er einfaldlega þessi: Báðir hv. þm. tala um launajafnrétti. Reynslan t. d. í Straumsvík sýnir að það er meira launajafnrétti á þessum stöðum. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði í Rétti árið 1976 að það leiddi til meira launajafnréttis. Og hugleiðum annað. Hvernig halda menn að mannlíf gangi fyrir sig? Nálægð fylgir virðing og hefur alltaf gert það. Fjarlægð fylgir óvirðing, hefur líka alltaf gert það. Það er þetta sem er kjarni málsins, spyrjið þið konurnar í eldhúsinu í Straumsvík, sem er hrikalegt láglaunafólk víða á vinnustöðum, en ekki þar. Spyrjið þær um þetta. Og ég vildi vita af hverju hv. þm. hefur skipt um skoðun á þessum sex árum. Hv. 7. þm. Reykv., af hverju hefur hann skipt um skoðun? Var hann að segja ósatt þá af ásettu ráði? (Gripið fram í.) Er hann að segja ósatt nú af ásettu ráði? Hvað hefur skeð í millitíðinni? Ég las það sem Sigurður rafvirki sagði. Síðan eru menn að reyna að slá sér upp á túlkun á 1. og 2. gr. Ég er búinn að reyna að stafa það hér ofan í hv. þm. af hverju þessi lög hafa verið túlkuð með þessum hætti. Ég hef vísað í vinnustaðafélög hér, sem auðvitað eru bara skemmtifélög, en sem hafa snúið sér til sérfræðinga í vinnurétti og spurt og fengið þau svör að þetta væri ekki hægt. (**Gripið fram í:** Nei, vegna þess að þau er ekki öllum opin.) Kjarni málsins er sá að það verður að leggja saman 1. og 2. gr. til þess að fá þessa túlkun. Það er orðið stétt sem stendur okkur fyrir þrifum. Og það er það sem er kjarni málsins. Þess vegna hefur þessi skilningur verið ríkjandi í þessum efnum.

Herra forseti. Við erum búnir að fara yfir þetta mál efnislega. Menn höfðu hér smekk til þess að fara að tala um persónu mína, aðferð við málflutning — ég á við flokksbróður minn — og allt þetta sem maður hefur heyrt margoft áður í leiðurum í Tímanum og víðar. Ég endurtek það sem ég sagði upphaflega, að sá málflutningur segir í stuttu máli langa sögu og betur en ég hefði sjálfur getað gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„8. nóvember 1982.

Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi, Egilsstöðum, sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd.“

Hér með fylgir skeyti frá Guðmundi Gíslasyni, 1. varamanni Framsfl. í Austurlandskjördæmi:

„Vegna anna get ég ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Halldórs Ásgrímssonar.

Guðmundur Gíslason.“

Jón Kristjánsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli á því, að hér hafa legið fyrir hv. Sþ. fsp. í nokkurn tíma. Fsp. er almennt ekki svarað nema á þriðjudögum, en það kemur fyrir þriðjudag eftir þriðjudag að þeir ráðherrar sem stendur til að svari hér fsp.

ýmist biðja um leyfi eða eru veikir, og ber auðvitað að virða það. Hér henti það í gær í hv. Ed., að frsm. voru ekki viðstaddir þannig að fella varð niður fund í deildinni. Ég vil mótmæla þessu. Mér finnst þetta virðingarleysi við þm. Venjan er sú, að ef menn bera fram fsp. um örlög frumvarpa sem unnið hefur verið að um skeið, þá hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að nokkur áhugi er oft á að slíku máli séu gerð einhver skil áður en endanlega er gengið frá fjárlögum. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta, að nokkru meiri háttur verði hafður hér á og þm. og hæstv. ráðherrar megi vera að því að sinna hér þingstörfum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns. Það hefur ekki einungis á þessu þingi heldur líka hinu síðasta borið við að ráðherrar hafa verið fjarverandi fund eftir fund þegar þeir áttu að svara fsp. Svo vill til, að þrjár fyrstu fsp. á dagskrá nú eru fluttar af mér og hæstv. viðskrh., sem á að svara tveim þeirra, er hér ekki mættur, mun vera erlendis nú, tjáði mér það raunar og lofaði að hann mundi svara þessum fsp. á þriðjudaginn kemur, og vona ég að hann standi við það. Hins vegar fór svo í fyrra, þegar svipaðar fsp. voru hér á dagskrá fund eftir fund, að hann svaraði ekki fyrr en eftir 25. nóv., en það var einmitt þá sem féð úr bankakerfinu var borgað með óheimilum hætti til afurðasölufélaganna í staðinn fyrir að hlíta vilja Alþingis, fjögurra ára samþykkt Alþingis, um að bændur fengju þetta fé beint. Ég vil aðeins benda hæstv. forseta á það, að svari hæstv. viðskrh. þessum spurningum ekki fyrir 25. nóv. nú í ár, eins og hann sveikst um að gera á s. l. ári, þá mun það hafa alvarlegar afleiðingar.

Ég vil taka sérstaklega fram að um 2. fsp., sem beint er til hæstv. landbrh., er samkomulag á milli mín og hans, að hann svari ekki fyrr en hinum fsp. hefur verið svarað, af því að það er eðlileg röð mála. Það er ekkert við hann að sakast í þessu efni, en fsp. nr. 1 og 3 mun ég krefja svara við á næsta þriðjudag.

Birgðir afurða, fsp. (þskj. 59, tölul. 1). -- Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa fyrri fsp., sem ég flyt hérna, um birgðir afurða. Ég spyrst hér fyrir um, hve miklar birgðir kindakjöts voru hjá afurðasölufyrirtækjum á tilteknum dögum í júní, júlí, sept. og okt. og hvert var verðmæti þeirra, í öðru lagi hjá hvaða fyrirtækjum þessar óseldu birgðir voru á framangreindum dögum og í þriðja lagi hve mikil afurðalánin voru út á þessar afurðir á hverjum framangreindra daga og hverjir höfðu fengið þau.

Í raun og veru skýra þessar fsp. sig sjálfar, svo að ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Ég tel nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar til að geta gert mér grein fyrir hverjar birgðir kjöts eru hjá afurðasölufyrirtækjum á hverjum tíma, hverjir eru með þessar birgðir og hve há afurðalánin eru á hverju tímabili fyrir sig og jafnframt hverjir hafa fengið þau. Að þessum upplýsingum fengnum mun ég leggja mat á hvernig þessum málum er háttað.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hefur borið hér fram fsp. um birgðir afurða. Svar við þessari fsp. mundi verða, ef það væri rakið nákvæmlega hér í þessum ræðustól, í mjög mörgum liðum þannig að tæplega er tími til þess í fsp.-tíma. Ég mun því rekja meginefni svars við fsp., en fara fram á það við fyrirspyrjanda að hann láti sér nægja að fá afhent ítarlegra svar skriflega, sem hægt væri að útbýta á Alþingi ef þess væri óskað.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hve miklar voru birgðir kindakjöts hjá afurðasölufyrirtækjum 1. júní s. l., 1. júlí, 1. sept. og 1. okt. og hvert var verðmæti þeirra?"

Þann 1. júní voru til 4169 tonn af dilkakjöti og 1065 tonn af kjöti af fullorðnu fé; alls 5234 tonn að verðmæti 292.5 millj. kr. Þann 1. júlí voru til 2981 tonn af dilkakjöti og 1007 tonn af kjöti af fullorðnu fé; alls 3988 tonn að verðmæti 217.8 millj. kr. Þann 1. sept. voru til 1413 tonn af dilkakjöti og 617 tonn af kjöti af fullorðnu fé; alls 2030 tonn. Verðmæti þessa voru 108.5 millj. kr. Þann 1. okt. voru til 550 tonn af dilkakjöti og 457 tonn af kjöti af fullorðnu fé; alls 1007 tonn að verðmæti 49.1 millj. kr.

Í öðru lagi er spurt: „Hjá hvaða fyrirtækjum voru þessar óseldu birgðir á framangreindum dögum?"

Svar: Birgðir kindakjöts 1. júlí s. l. voru á vegum 44 aðila af 46 sem slátra og versla með kindakjöt. Tveir sláturleyfishafar höfðu lokið sölu á afurðum þess sauðfjár sem þeir fengu til slátrunar haustið 1981. 4 höfðu lokið sölu alls kindakjöts 1. júlí, 9 höfðu lokið sölu 1. sept., en ekki er fullbúin skrá um hverjir höfðu lokið sölu á kindakjöti 1. okt. s. l. Af einstökum aðilum má nefna, að þann 1. sept. voru 162 tonn í birgðum hjá Sláturfélagi Suðurlands, rúmlega 1700 tonn hjá kaupfélögum og um 150—160 tonn hjá öðrum, þar á meðal einkaaðilum með sláturleyfi.

Birgðir kindakjöts voru óvenjumiklar í haust þar sem útflutningsmarkaðir brugðust. Þau sláturhús sem hafa leyfi til útflutnings, sem heilbrigðisyfirvöld viðkomandi landa veita, eru langflest í eigu kaupfélaga, sem varpar ljósi á hvers vegna birgðir kaupfélaga voru svo miklar hlutfallslega í haust.

Ég vil svo endurtaka það, að ég hef undir höndum skrá þar sem sundurliðað er eftir einstökum fyrirtækjum hvar þessar birgðir eru til staðar á þeim dagsetningum sem spurt er um, en óska eftir því að fá að afhenda hana skriflega vegna þess að það er of tímafrekt verk að lesa hana alla upp.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve mikil voru afurðalánin út á þessar afurðir á hverjum framangreindra daga og hverjir höfðu fengið þau?"

Svar: 1. júní var 21 lánshafi hjá Seðlabanka Íslands með afurðalán út á birgðir kindakjöts, alls 143.6 millj. kr. Það eru um 49% af andvirði kjötsins, sbr. áðurnefnda tölu um heildarverðmæti þess þann 1. júní s. l. 1. júlí voru lánshafar jafnmargir og alls voru lán frá Seðlabankanum 122.3 millj. kr. 1. sept. voru lánshafar 20 með 55.9 millj. kr. lán. Og 1. okt. voru þeir 14 með lán samtals 26.6 millj. kr. Rétt er að taka fram, að Samband ísl. samvinnufélaga tekur afurðalán út á kindakjöt fyrir hönd ýmissa sláturleyfishafa í umboði þeirra og jafnframt að þær upphæðir sem nefndar voru eru hámarkslánaréttur samkv. birgðaskýrslum. Vegna þess að lánin eru veitt út á kindakjöt og innmat án sundurliðunar í skýrslum Seðlabankans er ómögulegt að sjá hvort þessi lánaréttur hefur verið fullnýttur umræddra mánuði.

Til viðbótar afurðalánum Seðlabankans veita viðskiptabankarnir svokölluð viðbótarlán, sem eru reiknuð

sem 40% af fjárhæð afurðalána Seðlabankans.

Ég mun jafnframt fara þess á leit við hv. fyrirspyrjanda, að hann sætti sig við að fá sundurliðun skriflega á þessum lánveitingum Seðlabankans til einstakra fyrirtækja á þessum dagsetningum, þannig að ekki þurfi að lesa það upp hér, og vænti þess að þar með sé þessari fsp. svarað.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir greið svör við þessum fsp. Ég sætti mig mjög vel við að fá frekari sundurliðun skriflega, því að mér er skiljanlegt að það er tímans vegna ekki hægt að lesa upp allar þessar tölur. Þá verður að ráðast hvort það eru fleiri þm. sem óska eftir að fá tölurnar, en þá finnst mér sjálfsagt einnig að verða við því.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir greið svör við þessum fsp.

Bann við því að bændum sé greitt fullt verð fyrir afurðir, fsp. (þskj. 59). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessar fjórar fsp. eru þessa efnis: Það er spurt samkv. hvaða lagaheimild Framleiðsluráð landbúnaðarins geti lagt bann við því að bændum sé greitt fullt verð fyrir sauðfjárafurðir frá haustinu 1981. Ennfremur er spurt um hvort þetta bann hafi verið lagt á í samráði við landbrh. Þá er spurt um hvert tilefni þess er að Framleiðsluráðið taldi sig knúið til að banna sláturleyfishöfum að greiða bændum fullt verð. Og í fjórða og síðasta lagi: Mega bændur eiga von á því að sláturleyfishöfum verði nú á næstunni bannað að greiða þeim fullt verð fyrir afurðir haustsins 1982?

Það er ekki óeðlilegt að slíkar fsp. séu bornar fram þegar slíkar auglýsingar og samþykktir eru gerðar. Grundvallarverðið, sem bændur eiga að fá, hygg ég að flestar aðrar starfsgreinar í þjóðfélaginu vilji fá greitt án þess að neinar refjar fylgi. Því skiljum við það ekki, sem erum ekki mikið inni í landbúnaðarkerfinu, hvernig slíkt getur átt sér stað. Líka veit ég dæmi þess, að til eru þeir sláturleyfishafar sem greitt hafa fullt grundvallarverð og einnig nokkru betur.

Ég býst við að flestar starfsstéttir mundu illa sætta sig við að fá ekki greidd laun sín að fullu. Undarlegt væri t. d. ef verkalýðsforustan gæfi út tilkynningu um að halda ætti eftir ákveðnum hluta af launum verkamanna eða ef útgerðarmenn gæfu út tilkynningu um að fiskkaupendur ættu að halda eftir ákveðnum hluta af kaupverði þess fisks sem útgerðin hefur lagt á land. Mér finnst því nauðsynlegt fyrir okkur þm., sem ekki erum kunnugir þessu kerfi að komast nokkuð niður í því. Það er af þessari ástæðu sem ég flyt þessa fsp. og vænti greiðra svara frá hæstv. ráðh. eins og við fyrri fsp. áðan.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. spyr í fyrsta lagi: Samkvæmt hvaða lagaheimild hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins lagt bann við því, að bændum sé greitt fullt verð fyrir sauðfjárafurðir frá haustinu 1981?"

Sem svar við þessari fsp. vil ég taka fram eftirfarandi: Þegar umrædd fsp. barst var leitað svara hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins við þeim atriðum sem að ráðinu snúa eða það hefur upplýsingar um undir höndum. Samkv. því svari sem frá Framleiðsluráði barst telur það sig ekki hafa lagt bann við því að bændum sé greitt fullt grundvallarverð fyrir sauðfjárafurðir frá haustinu 1981. Í grg. framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs er bent á, að skv. 2. gr. laga nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., beri Framleiðsluráði skylda til að jafna á milli framleiðenda halla sem verða kann af útflutningi búvara eftir reglum sem settar voru í a-lið lagagreinarinnar og nánar voru skýrðar í 2. gr. reglugerðar nr. 348/1979 við áðurgreind lög frá Alþingi.

Í 6. mgr. a-liðar 2. gr. laga segir svo: „Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs."

Í bréfi framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs segir svo til viðbótar:

„Hinn 22. okt. s. l. bárust upplýsingar til Framleiðsluráðs um að einstakir sláturleyfishafar væru búnir að greiða út fullt verð til framleiðenda á sínu svæði, m. a. á Siglufirði, þar sem mikið er um framleiðslu þéttbýlisbúa, sem átti samkv. fyrirætlunum Framleiðsluráðs haustið 1981 að skerða verðið hjá. Einnig voru ýmsir aðrir sláturleyfishafar tilbúnir með að gera upp við framleiðendur með fullu verði. Þetta voru smáir aðilar, sem höfðu selt allt sitt kjöt innanlands og áttu ekkert eftir í óseldum birgðum. Þegar þessar fréttir bárust til Framleiðsluráðs ákvað það að senda sláturleyfishöfum eftirfarandi skeyti:

„Að gefnu tilefni skal tekið fram, að ekki hefur enn verið ákveðin verðskerðing á framleiðslu kindakjöts haustið 1981. Sláturleyfishafar eru aðvaraðir um, að þeir bera ábyrgð á greiðslu verðskerðingar ef til hennar kemur og mega því ekki að svo stöddu greiða fullt verð fyrir kjötið.

Framleiðsluráð landbúnaðarins." "

Þetta voru tilvitnanir í bréf framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Til viðbótar við það sem hér kemur fram eru þau lagaákvæði skýr að gert er ráð fyrir að allir sláturleyfishafar geti borgað sambærilegt verð til framleiðenda. Ef vantar á að innanlandsmarkaður, andvirði útfluttra landbúnaðarafurða og útflutningsbætur hrökkvi til að greiða fullt verð fyrir sauðfjárafurðir hefur sú regla gilt og gildir samkv. lögum, að því sem á vantar sé verðjafnað á milli aðila þannig að þeir sem selja sína vöru á innlendum markaði fái ekki fullt verð á meðan aðrir, sem kannske verða að sæta því að flytja verulegan hluta af sínum afurðum til útlanda, geti ekki fengið greitt nema einhvers staðar á milli hálfvirðis og fulls verðs. Þetta eru þær lagaheimildir sem stuðst er við og fram koma í framleiðsluráðslögum, svo sem hér hefur komið fram.

Á hinn bóginn er vandséð hvort unnt sé að banna einstökum aðilum að greiða fullt verð, en þeir hljóta að standa ábyrgir fyrir því, ef til verðskerðingar kemur, og verða þá að standa skil á verðjöfnunargjöldum og gildir þá einu hvort þeir hafa greitt fullt verð eða ekki.

Ég tel að með þessu komi fram skýringar á, sem hv. fyrirspyrjandi taldi sig ekki átta sig á til fulls, hvers vegna framleiðendur verða að sætta sig við það í sumum tilvik-

um að fá ekki fullt verð fyrir framleiðslu sína, fá ekki laun fyrir sína vinnu.

Í öðru lagi er spurt: „Var bann þetta lagt á í samráði við landbrh.?"

Svar: Aðvörun til sláturleyfishafa um að þeir beri fulla ábyrgð á greiðslu verðskerðingar ef til hennar kemur, sem kemur fram í því skeyti sem hér var lesið áðan, var hvorki gerð í samráði við mig eða með mínu samþykki. Ég vissi ekki af þessu skeyti fyrr en nokkru eftir að það hafði verið sent.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvert var tilefni þess, að Framleiðsluráð taldi sig knúið til að banna sláturleyfishöfum að greiða bændum fullt verð?"

Svar: Í greinargerð framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs eru talin upp nokkur atriði sem ástæða þess að umrædd tilmæli voru send sláturleyfishöfum. Vil ég sérstaklega rekja eftirfarandi úr bréfi Framleiðsluráðs:

1. Ekki hefur enn verið gengið frá verðmætaáætlun landbúnaðarins fyrir árið 1981—1982, sem er í höndum Hagstofu Íslands og stjórnvalda. Um þetta var rætt við landbrh. og fleiri ráðh. 15. júlí s. l. og óskað eftir að verkinu yrði hraðað og þá sendar bráðabirgðatölur til Hagstofu Íslands. Hinn 4. okt. var gengið frá lokatillögum Framleiðsluráðs til Hagstofu Íslands um þetta efni.

2. Enn liggja ógreiddir útflutningsbótareikningar hjá fjmrn. vegna síðasta verðlagsárs, hátt á annan tug millj. kr.

3. Ekki eru enn komin gjaldeyrisskil vegna allrar búvörusölu síðasta verðlagsárs og því ekki vitað með vissu hver vöntun verður á útflutningsuppbótum.

4. Enn vantar uppgjörsgögn frá nokkrum sláturhúsum og mjólkurbúum, svo að unnt sé að vinna uppgjörið. Sláturhúsum var gert að skila gögnum í júlímánuði s. l. Upplýsingar um mjólkurinnleggið áttu að koma í sept., eftir að verðlagsári var lokið, en vantar enn frá einu mjólkursamlagi. Þeim sem ekki skila á réttum tíma er veitt áminning minnst einu sinni í viku hverri.

Þessi atriði vildi ég láta koma fram úr bréfi framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Til viðbótar vil ég segja það, að 1. okt. s. l. var eftir að selja rúmlega 1000 tonn af gömlu kjöti og tvísýnt er að því sé enn lokið. Framleiðsluráðið telur ekki fært að taka ákvarðanir um verðskerðingu eða fullt verð nema hafa öll gögn og allar upplýsingar sem til þarf. Þetta eru þær ástæður sem Framleiðsuráðið færir fyrir áðurnefndum tilmælum til sláturleyfishafa um að halda eftir af verði til framleiðenda.

Ég vil láta það koma fram, að landbrn. hefur ítrekað farið fram á það við Hagstofu Íslands að ljúka uppgjöri á verðmætamati landbúnaðarafurða, sem er grundvöllur þess að unnt sé að segja fyrir með vissu um hvað útflutningsuppbætur verði miklar frá síðasta verðlagsári, en veikindi og aðrar aðstæður á Hagstofunni hafa tafið að frá þessu væri gengið og því miður eru þessi gögn ekki enn komin í mínar hendur.

Í fjórða lagi er spurt: „Mega bændur eiga von á því, að sláturleyfishöfum verði nú á næstunni bannað að greiða þeim fullt verð fyrir afurðir haustsins 1982?"

Þessari spurningu vil ég fyrir mitt leyti svara afdráttarlaust neitandi. Þó svo af fsp. megi ráða að bændur eigi það undir jáyrði eða neitun hvort þeir fái fullt verð fyrir afurðir sínar er málið flóknara en svo. Til að hægt sé að greiða þeim fullt verð fyrir afurðir sínar þarf í fyrsta lagi að vera til markaður fyrir framleiðslu þeirra og í öðru lagi þarf að fást framleiðslukostnaðarverð fyrir afurðirnar. Þó útflutningsbótum sé ætlað að tryggja bændum fullt verð fyrir afurðir sínar er sá réttur takmarkaður með lögum við 10% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða, sem hefur hin síðari ár reynst ónóg. Í því sambandi vil ég minna á þáltill., sem ég hef lagt fyrir Alþingi nýlega, en með henni yrði mörkuð sú stefna að aðlaga framleiðslu landbúnaðarins að innlendum markaði og nýtanlegum mörkuðum erlendis. Þegar því marki er náð ætti spurning um hvort skerða eigi verð til bænda að vera óþörf.

Ég vil svo bæta við þetta svar, að ég tel mjög nauðsynlegt að í þessum mánuði verði unnt að ganga frá uppgjöri við bændur fyrir síðasta verðlagsár. Þó að nokkur gögn skorti enn til þess að gera það mögulegt að dómi Framleiðsluráðs, svo sem rakið hefur verið að framan, sýnast vera skilyrði til þess að það geti tekist. Það skal tekið fram, að samkv. lögum um Framleiðsluráð o. fl. er það hlutverk Framleiðsluráðs að skila tillögum til landbrh. um hvernig skuli tekið á málum ef ekki næst fullt verð og á það síðan að koma til ákvörðunar landbrh. hvernig þeim halla skuli skipt eða hvaða leiðir skuli farnar til að reikna út þá verðskerðingu sem kann að verða. Ég vænti þess, miðað við þau gögn sem þegar liggja fyrir varðandi uppgjör fyrir síðasta verðlagsár, að ekki þurfi að koma til nema a. m. k. mjög óverulegar verðskerðingar fyrir framleiðslu þess árs, enda sé þá notað í uppgjörið fé úr kjarnfóðursjóði, sem áður hefur að sjálfsögðu verið af framleiðendum tekið.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör við þessum fsp. Þessi svör gefa tilefni til allvíðtækrar umr. um þessi mál, sem ekki er tækifæri til nú.

En í fyrsta lagi finnst mér undarlegt hver dráttur er á greiðslu útflutningsbóta frá hendi fjmrn., eins og hæstv. landbrh. gat um. Hvernig stendur á þessum drætti? Af hverju er þetta látið bíða svona von úr viti? Ég skil ekki heldur hvað tefur útflytjendur þessara afurða að gera gjaldeyrisskil tafarlaust, en þau liggja ekki að öllu leyti fyrir, eins og hæstv. ráðh. sagði.

Nú skil ég að það er ekki hægt í svona svari að lesa allt upp. Ég vildi því í fullri vinsemd fara þess á leit við hæstv. landbrh. að ég fengi afrit af þessu bréfi Framleiðsluráðsins, sem hann las upp úr, ef þar væri eitthvað sem skýrði frekar.

Eins furða ég mig á því, að ábyrgð á greiðslu verðskerðingar er hjá sláturhöfum. Hversu lengi eiga sláturhafar að bera ábyrgð á einhverri verðskerðingu sem kemur eftir dúk og disk? Eru engin tímatakmörk sett fyrir því hversu lengi sláturhafar séu skyldir að bíða? Ég furða mig á því. Það er nú ekki lítið að halda eftir einhverri ákveðinni hlutdeild afurðaverðs í 60% verðbólgu og við þá vexti sem núna eru.

Og lítum á sláturkostnaðinn á þessu hausti. Slátrun kostar 15,78 kr. á hvert kjötkg og fyrir hvert kg af gæru 12,28. Þá er miðað við að gæran sé reiknuð 21% af kjötþunga. 15 kg skrokkur og 3.15 kg gæra gerir 275,40 kr. í sláturkostnað, en grundvallarverðið er 979,06 kr. Sláturkostnaður er kominn í 28.1% af grundvallarverði. Það er dregið frá strax. Hver ætli þessi sláturkostnaður sé í reynd, þegar tekið er tillit til þess dráttar sem verður á uppgjöri til bænda? Ætli hann sé ekki nálægt 35 eða jafnvel 40%? Fer mönnum ekki almennt að blöskra

þessi sláturkostnaður? Gefur það mönnum ekki tilefni til að rifja upp hvort sú stefna hefur ekki verið röng sem hefur verið viðhöfð við uppbyggingu sláturhúsa í landinu á undanförnum árum? Hvað ætli yrði sagt um að standa undir slíkum fjárfestingum, sem eru notaðar í 4—5—6 vikur í mesta lagi á ári? Það væri ekki hátt fiskverðið ef miðað væri við þessa tímalengd hjá hraðfrystihúsunum og fiskverkunarstöðvunum. Ég hugsa að það yrði að gefa fiskinn þá.

Það kemur upp í huga manns að þessi atvinnugrein og þessi stétt, bændastéttin, sé að kafna í milliliðakostnaðinum og töfunum sem verða á því að hún fái laun sín greidd. Ég held því að það sé full ástæða til að rifja alvarlega upp þessi mál öll. Ég er ekki með þessum orðum að ráðast að núv. hæstv. landbrh. Hérna er um miklu alvarlegri og viðameiri ástæður að ræða, sem ná miklu lengra aftur í tímann, og ég held að starfsemi Framleiðsluráðsins þurfi sannarlega endurskoðunar við.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, hér er aðeins um fsp.-tíma að ræða, þó að verið hefði full ástæða til að ræða þessi mál betur, en endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég fæ ekki skilið þá ályktun Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að ekki hafi verið bann lagt við því að sláturleyfishafar greiddu bændum fullt verð. Orðalagið í skeytinu, sem hæstv. ráðh. las upp, er alveg ótvírætt. Fyrst er þess getið, að sláturleyfishafar bæru ábyrgð á þessum greiðslum. — Látum vera að þeir séu ábyrgir fyrir því árum saman, en auðvitað er það fáránlegt, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um. — En síðan segir að þeir megi ekki borga bændum þeirra peninga. Það er lagt við því bann. Það fer ekkert milli mála.

Það er auðvitað alveg ljóst, sem hv. síðasti ræðumaður vék að áðan, að aðalvandi landbúnaðarins, kannske sá eini, er sölukerfið. Það er ekki lítið vandamál í kannske allt upp í 100% verðbólgu þegar menn fá ekki sína peninga fyrr en kannske eftir 1—1½ ár endanlega. Það eru til sláturleyfishafar sem borga grundvallarverð strax í nóv., fullt verð í peningum á réttu verðgildi miðað við hvenær kjötið er til neyslu. Þeir eru til, bæði í Skagafirði og á Vestfjörðum. Á Vestfjörðum greiddu þeir raunar 10% ofan á þegar þeir gerðu upp í Arnarfirðinum núna á þessu ári, — gerðu það að vísu ekki fyrr en í júní, en *gróðinn var það mikill að þeir gerðu upp með 10%* viðbót. Mér er sagt einmitt af þessum sömu mönnum þarna vestur frá, að bændur í Arnarfirði hafi kannske 30—40% betri lifskjör en sauðfjárbændur annars staðar á Vestfjörðum einfaldlega vegna þess að þeir fá sína peninga, en það er ekki verið að valsa með þá í sölukerfinu.

Hæstv. landbrh. upplýsti hér áðan, að SÍS tæki lánin fyrir marga sláturleyfishafa í þeirra umboði. Þetta hefur verið vitað mál. SÍS hefur valsað með þessa peninga. Sláturleyfishafarnir fá þá ekki fyrr en eftir dúk og disk. En það hefur ekki einu sinni mátt greina frá því hve mikil lánin væru. Það er einmitt þessi spurning sem ég má víst ekki ræða hér núna, en sem verður rædd á þriðjudaginn kemur, og ég vona að ýmislegt til viðbótar því sem þegar hefur verið upplýst upplýsist þá, því að vandi landbúnaðarins er kannske bara SÍS.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni nokkur atriði, í fyrsta lagi hve alvarlegur dráttur væri á greiðslu útflutningsuppbóta. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að útflutningsuppbætur séu 160 millj. kr. Í fjmrn. og með vitund landbrn. hefur verið sett upp greiðsluáætlun varðandi þetta fjármagn og samkvæmt þeirri greiðsluáætlun hefur þegar verið greitt verulega örar en gert var ráð fyrir. Hins vegar er nauðsynlegt að halda eftir af útflutningsbótafé nokkurri fjárhæð til desembermánaðar til að jafna þann reikning sem greiddur hefur verið að lokum af þessu fé, þ. e. vegna vaxta og geymslugjalds.

Vegna þess að verðmætamat Hagstofunnar liggur því miður enn ekki fyrir, sem hefur verið margítrekað gengið eftir, er ekki hægt að segja til um með vissu hvað útflutningsbótaréttur inn er mikill fyrir síðasta verðlagsár og þar með á þessu fjárlagaári, en líkur benda til að hann verði í kringum 190 millj. kr. í stað 160 sem eru í fjárlögum. Meðan þetta liggur ekki ljóst fyrir tel ég ekki röksemdir fyrir því að áfellast fjmrh. mjög harðlega þó að nokkur dráttur hafi orðið á því að uppgjör hafi farið fram. Að öðru leyti vænti ég þess, að einhvern næstu daga fái ég þessi gögn frá Hagstofunni, sem leggja grunn að því að unnt sé að gera þetta upp.

Hv. fyrirspyrjandi spurði: Hversu lengi eiga sláturleyfishafar að bíða eftir uppgjöri og bera ábyrgð á verðjöfnunargjöldum? Framleiðsluráð hefur haft þann hátt á síðustu árin, þegar séð hefur verið að fé mundi vanta til þess að ná endum saman, að taka svokölluð verðjöfnunargjöld. Þetta hefur ekki verið gert nú og sú ákvörðun hefur verið tekin vegna þess að horfur eru á að mjög lítið muni skorta til þess að unnt sé að gera upp með fullu verði. Ég tel að unnt sé fyrir sláturleyfishafa að bíða eins og nú er komið, t. d. 1—2 mánuði eða kannske 3 mánuði, í hæsta lagi fram yfir lok verðlagsársins, til þess að þetta liggi fyrir, en það eru tæplega röksemdir fyrir því að það sé gert lengur. Því ætti uppgjör að fara fram fyrir lok þessa mánaðar.

Í þriðja lagi vakti fyrirspyrjandi athygli á sláturkostnaði, sem væri orðinn mjög hár og kominn í t. d. 15,79 kr. á kjötkg, og spurði hvort mönnum blöskraði ekki. Ég tek undir það, að sláturkostnaður hér á landi er mjög hár. Það hafa af minni hálfu verið sett fram tilmæli um að farið væri mjög ofan í þau mál. Það hefur verið gert af sérstökum mönnum, sem til þess hafa verið settir, og auk þess er það hlutverk sexmannanefndar að fjalla um þau *efni, sem er gert við verðlagningu á hverju hausti.* En það haggar ekki því, að þessi kostnaður er hár og hækkaði hann þó minna við verðlagningu nú í haust en til að mynda verð á afurðunum sjálfum. Orsökin er auðvitað m. a. sú, eins og fyrirspyrjandi gat um, að þessi fyrirtæki eru rekin stuttan tíma á hverju ári, 2—3 mánuði í flestum tilvikum, sem er nokkuð annað en er í mörgum sláturhúsum erlendis, þar sem slátrun tekur lengri tíma. — En ég vil ekkert um það segja hvort þetta stafi af því að stefnan hafi verið röng. Það var nauðsynlegt að byggja upp sláturhús sem gátu fullnægt þeim kröfum sem settar eru til þess að við getum flutt út þessar afurðir. En það þarf auðvitað jafnframt að hafa í huga, að það er engin nauðsyn að allt sláturhúsakerfi landsins sé sett í það horf sem þar er krafist, heldur megi einnig starfa minni hús, sem geta í ýmsum tilvikum skilað jafngóðri verkun og ekkert síðri.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að alvarlegustu vandamálin í sambandi við afkomu bændastéttarinnar

eru kannske þau, að það tekur langan tíma að fá greiðslu fyrir afurðirnar og það tekur langan tíma í landbúnaði að fjármagnið sem lagt er í rekstur skili sér í tekjum. Það tekur mun lengri tíma í landbúnaði en flestum öðrum atvinnugreinum. Þetta er sá vandi sem landbúnaðurinn á við að etja í verðbólguþjóðfélagi. Ýmsir töldu að hann væri nægilega mikill til þess að landbúnaðurinn ætti að hafa nokkra sérstöðu, en sú sérstaða er ekki viðurkennd nema af litlum hluta þeirra sem um slík mál fjalla, og er þó auðvitað stefnt að því að aðstaða atvinnugreinanna sé sem jöfnust. En þetta er mjög alvarlegt mál. Þess vegna hefur verið m. a. unnið að því að hækka rekstrarlán, sem gert var mjög verulega á þessu ári. Þess vegna mun ég ýta mjög á að uppgjör fyrir síðasta verðlagsár dragist ekki lengi úr þessu, en það er vitað að til er verulegt fjármagn til þess að það uppgjör geti farið fram.

Hv. 5. landsk. þm. sagði að sumir sláturleyfishafar hefðu greitt fullt verð í nóvembermánuði. Það er allt gott um það að segja, en út úr því kemur þó ekki fullt verð yfir verðlagsárið vegna þess að fullt verð yfir verðlagsárið er meðalverð ársins sem þá hækkar eftir því sem á árið líður. Auðvitað er álitamál hvort ekki þarf eitthvað að taka tillit til þess, þó það sé ákjósanlegt að peningarnir fáist sem fyrst.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta í þessum fsp.-tíma, en þetta eru mál sem væri hægt að tala um lengi og þyrfti þá miklu lengri ræðutíma til.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri umr. sem hér hefur átt sér stað og er þakklátur fyrirspyrjanda að hafa hér vakið athygli á þessu máli.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að auðvitað er hér ekki nálægt því nógu mikill tími til að brjóta þessi mál til mergjar. En í þessum umr. hafa hins vegar komið beint og óbeint fram ákaflega glöggar skýringar.

Það er t. d. frá því sagt, að ekki sé hægt að gera upp fyrr en eftir dúk og disk við bændur vegna þess að það standi á gjaldeyrisskilum. Þeir aðilar, sem flytja út eða kaupa þessa vöru erlendis hafa svo langan greiðslufrest. Það má þakka fyrir ef þetta fer ekki frekar í gegnum einn banka en tvo banka áður en það kemur hingað til lands. Sannarlega væri mál út af fyrir sig að athuga með hvaða hætti þeir verslunarhættir eiga sér stað.

Það er líka sagt hér frá því, að greiðsla berist ekki frá ríkissjóði vegna þess að það þurfi að bíða þar til það sé búið að loka vaxta- og geymslureikningi. Menn hefðu haft gott af því að sjá hvernig þeim tölum er stillt upp. Ég held að eitt það mikilvægasta í sambandi við þessi milliliðaviðskipti sé að breyta því kerfi frá því sem er, þannig að eftir því sem lengra líður á árið dragi úr geymslukostnaði. Eins og þessi mál standa núna er þetta kerfi beinlínis hvati í þá veru að selja ekki vöruna. Það er bókstaflega hvati í þá veru að halda henni sem lengst í geymslu og svona mætti halda áfram lengur að telja.

Hæstv. landbrh. sagði að hluti af verðinu sem ætti að vera skilaverð til bænda ætti að koma í gegnum kjarnfóðurgjald. Ég held að af mörgu því sem skakkt er í kringum þessi mál sé þó það allhæpnasta að taka kjarnfóðurgjald af bændum, láta söluaðilann hafa það í 2—4 mánuði í sinni vörslu — (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. — og skila því síðan eftir dúk og disk aftur til bændanna sem hluta af framleiðsluverðinu. Þetta eru náttúrlega algerlega óþolandi vinnubrögð.

Þetta og reyndar margt fleira í þessum dúr, sem ég vonast til að mönnum gefist kostur á að ræða hér síðar á þessum vetri, er svarið við þeirri spurningu, hvers vegna sé verið að senda bannskeyti út um land. Svarið er það, að menn eru í tímahraki með þetta. Þetta er gamalt og úrelt kerfi og því þarf að breyta.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það er sannarlega þörf umr., sem hér er byrjuð, og ég vænti þess og vona að það verði framhald á henni síðar í vetur, þó að það geti ekki orðið að þessu sinni. Ég er ánægður yfir því að það skuli vera komið í ljós greinilegar en oft áður hversu lagasetningin frá 1979 um heimildir til handa Framleiðsluráði og bændasamtökunum til að setja margs konar hömlur á framleiðslu bænda er vafasöm og hefur sýnst vera og er greinilega mjög erfið í framkvæmd. En um það ætla ég ekki að ræða að þessu sinni. Ég ætla aðeins að fara fáeinum orðum um þann þáttinn, sem hér eru minnstar upplýsingar um, sem er sláturkostnaðurinn sem borið hefur á góma.

Sláturkostnaðurinn er settur upp og samþykktur af sexmannanefnd. Það kom fram hér í máli fyrirspyrjanda, að sá kostnaður væri orðinn hartnær 30%, eða 28.1%, af verðlagsgrundvallarverði dilksins þegar honum er slátrað. Það segir sig sjálft, að þetta er algjörlega óviðunandi. Ég er nú ánægður yfir því að heyra það í máli landbrh. að hann hefur sett menn í það verk að endurskoða þessa hluti. En ég vildi gera þá kröfu, að það fengist opinber umr. um hvernig þessi sláturkostnaður er upp settur. Ég hef gert tilraun til að fá um það upplýsingar hvernig hann er sundurgreindur. Ég minnist þess, að fyrir allmörgum árum skrifaði páv. formaður Stéttarsambands bænda, Gunnar Guðbjartsson, um það í opinber skjöl hvernig sláturkostnaðurinn væri fundinn út og um það varð nokkur umræða þá. En þegar ég vil fá sundurliðun á þeim kostnaði núna, þá telur sexmannanefnd ekki rétt að birta þá sundurliðun. Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel mjög óeðlilegt að ekki liggi fyrir allir þættir þessa máls þegar umr. fer fram um sláturkostnaðinn og fyrir þá sök mun ég fara fram á það við landbrh. að hann opni umr. algjörlega um þetta mál.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það var árið 1930 að sett voru lög nr. 22 um bann við greiðslu verkkaups með innskrift í verslanir. Núna, rúmri hálfri öld síðar, búa bændur enn við þetta kerfi. Lögin taka einungis til sjómanna og verkamanna. Það er bannað að greiða verkkaup með þeim hætti að menn verði að taka út vörur. Íslensk bændastétt býr að miklu leyti við þetta og hv. alþm. mættu gjarnan kynna sér hvernig þetta er framkvæmt víða úti um land og hvaða kjör t. d. fátækir bændur verða við að búa fyrir það að fá ekki einseyring í peningum, heldur þurfa að knékrjúpa til að fá úttekt. Það er svona enn hvað bændastéttina varðar víða og tími til kominn að Alþingi uppræti þetta kerfi — hefur raunar ekki staðið upp á Alþingi, heldur framkvæmdavaldið, því að till. í þessa áttina var hér samþykkt fyrir einum fjórum árum, eins og betur verður rætt n. k. fimmtudag.

En ég kem hér í pontuna aftur sérstaklega til að leita skýringa hæstv. ráðh. á því, hvað hann eigi við þegar hann segir að það komi ekki fullt meðalverð yfir árið út ef bændur fá grundvallarverð borgað að hausti. Ég skil ekki annað en að það hljóti að vera hagstæðara, a. m. k. í 70% eða 100% verðbólgu, að fá sína beinhörðu peninga

strax að hausti heldur en bíða eftir einhverju meðalverði, þar sem búið er að reikna inn vexti, geymlsukostnað og annað slíkt, einhvern tíma seinna á árinu. Ég held að þetta hljóti að vera byggt á einhverjum misskilningi. Það getur ekki verið annað en það sé hagstæðara fyrir eigendur vörunnar að fá hana borgaða strax þegar þeir afhenda hana. Það er alveg útilokað að hitt kerfið geti verið hagstæðara og það vita bændur auðvitað manna best. Svo eru reiknaðir upp kannske 50 eða 60% vextir á skuldir bændanna vegna þess að það er ekki búið að færa inn á reikningana þeirra vöruna sem búið er að taka við af þessum fyrirtækjum.

Það er auðvitað alveg brýn nauðsyn að skilja að afurðasölufyrirtækin og verslunarfélögin. Því held ég að bændur séu að gera sér grein fyrir núna allir, — nánast allir séu að gera sér grein fyrir því. Það verður áreiðanlega haldið áfram að vinna að þessum málum. Og þessi kenning um að bændur eigi sjálfir þessi félög. Það eru um 40 þús. manns í samvinnufélögum. Bændur eru þó ekki nema 5 þús. eða eitthvað slíkt. Auðvitað eiga bændur ekki þessi félög frekar en neytendurnir. Þau eiga auðvitað að vera sjálfstæð afurðasölufélög, sem bændur sjálfir eiga í hlutafélagsformi eða samvinnufélagsformi, eins og t. d. á Vestfjörðunum og í Skagafirði, og þá fá bændur sitt rétta verð.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Aðeins til viðbótar um sláturkostnaðinn. Það er rétt að taka það fram, svo að það fari ekki milli mála, að þar er átt við slátur- og heildsölukostnað. Það er rétt, að farið hefur fram nokkur athugun á þessum málum. Sú athugun er ekki í gangi núna af minni hálfu, en hægt er að taka til athugunar að fara ofan í þessi mál fyrir t. d. næstu verðlagningu, sem er fyrir 15. sept. að ári.

Varðandi fsp. hv. 5. landsk. þm., þá held ég að ekki hafi verið mikið tilefni til hennar. Ég tók það fram, að það væri bændum hagstætt að fá sínar greiðslur sem fyrst og taldi að það væri einn mesti vandinn í þessum málum fyrir bændastéttina hvað fjármagnið, sem lagt er í rekstur landbúnaðarins, skilar sér seint. Ég sagði að staðgreiðsluverð mundi þá verða lægra en meðalverð og það segir sig sjálft vegna þess að verðhækkanir verða á verðlagsárinu, en ég sagði ekkert um að það væri bændum óhagstæðara, heldur tók ég fram að það væri mest virði að fá peninga sem fyrst í vasann. (**Gripið fram í:** Alveg sammála.)

Að öðru leyti held ég að ekki sé ástæða til að lengja þetta í þessum tíma af minni hálfu, þó að fjölmörg atriði séu þess efnis að ræða mætti nánar.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt, sem hefur komið fram hjá hæstv. landbrh., að sláturkostnaðurinn hefur núna hækkað hlutfallslega aðeins minna en afurðaverðið, en það segir út af fyrir sig ekkert um hvort hann er réttur eða ekki. Kannske er vert að menn íhugi hér á þessum stað, þar sem stundum er nú verið að tala um fjárstreymi til landbúnaðarins, útflutningsuppbætur, jafnvel niðurgreiðslur og annað þess háttar, að bóndinn fær jafnmikið fyrir 1½ dilk og það kostar að slátra einum dilk. Það kemur í hans hlut og þá verður þó að vera alveg um fullt uppgjör að ræða. (Gripið fram í.) Já, þm. vill gefa allar upplýsingar um þetta. (Gripið fram í.) Endurtaka þetta, já. (Gripið fram í.) Nei, fyrirgefðu. Bóndinn fær jafnmikið fyrir að framleiða einn dilk og það kostar að slátra einum og hálfum. Þannig snýr þetta rétt. Ég þakka fyrir ábendinguna. — Þannig er ákaflega mikilvægt að menn leggi þessi mál vel niður fyrir sér hér.

Ég held að það sé allt of síðbúið að bíða til næstu verðákvörðunar með að fara ofan í þessi mál. Ég tek alveg skýrt fram, að ég lít ekki svo á að hæstv. landbrh. sé neinn sérstakur talsmaður þessa kerfis, en ég vil hins vegar taka það alveg skýrt fram, að það er útilokað að bíða fram á næsta verðlagsár til að fá niðurstöðu í þessum málum. (Gripið fram í.) Já, það má skilja á ýmsa vegu.

Sameinað þing, 15. fundur.

Þriðjudaginn 9. nóv., að loknum 14. fundi.

Fjárlög 1983, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 17). — Fyrri umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál., sem er 17. mál á þessu 105. löggjafarþingi og fjallar um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, eins og það er orðað í tillgr. Flm. auk mín eru hv. þm. Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Karvel Pálmason.

Herra forseti. Tillgr. er svofelld:

„Alþingi ályktar að fela sérstakri rannsóknarnefnd, sem skipuð sé sjö mönnum og kosin af Alþingi, að láta fara fram ítarlega úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, enda hafi nefndin vald til þess að kalla þá fyrir sig sem hún telur eiga hluta að máli. Nefndin skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvarðanir, ágóða og skiptingu arðs. Þá skal nefndin kanna öll önnur viðskipti við varnarliðið.

Úttektin skal fara fram fyrir opnum tjöldum þannig að öllum almenningi gefist kostur á að fylgjast með þessari upplýsingaöflun.

Tilgangur úttektarinnar er að kanna hvort þessum viðskiptum verði komið haganlegar fyrir en nú er og hvort ágóða af þeim verði með öðrum hætti haganlegar og réttlátar skipt en nú er. Talsmaður nefndarinnar skal gefa Sþ. skýrslu að úttektinni lokinni.“

Í fyrsta lagi vil ég segja það um þetta mál að þó að það sé ekki nefnt í tillgr., þá er þessi till. flutt með hliðsjón af 39. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um sérstakar rannsóknarnefndir og rannsóknarvald þeim til handa. Eins og hv. þm. vita hefur framkvæmd af þessu tagi, þ. e. með hliðsjón af 39. gr. stjórnarskrárinnar, verið æði þung í vöfum og það er aðeins örsjaldan sem til þessa hefur verið gripið. Ég nefndi okurnefndina hér rétt eftir

stríð. Það hefur ævinlega farið svo, ég held að mér sé óhætt að fullyrða að ævinlega þegar fluttar hafa verið till. í þessa veru hafa aðilar, sem talið hafa sér skylt að rísa til varnar fyrirbærinu, — hvort sem um er að ræða okur, ferðamálastarfsemi eða verktakastarfsemi af því tagi sem hér er nefnd — talið að í tillgr. fælust aðdróttanir af einhverju tagi. Og til að fyrirbyggja misskilning áður en lengra er haldið, þá er ekki um slíkt að ræða hér. Mér finnst að það verði að verða ein af frumskyldum Alþingis að gera sér ljósa grein fyrir því, að úttekt eða eftirlit á einhverju, sama hvað það er, felur ekki í sér aðdróttanir um svik eða neitt slíkt.

Ég segi þetta vegna þess að ég hef lesið á gömlum bókum og nýjum um þetta hús hvernig umræður um efni af þessu tagi hafa áður þróast. Fyrir vikið hefur verið sest á mál af þessu tagi. Það gerðist t. d. árið 1978, þegar tillaga í þessa veru, ekki nákvæmlega eins, var hér flutt, að það varð nokkuð flokksleg skipting, þ. e. Sjálfstfl. og Framsfl. hér í þingsölum, sem þá höfðu nauman meiri hluta, greiddu atkv. á móti því að svona úttekt færi fram, en þm. Alþfl. og Alþb. greiddu atkv. með. Og þar með féll tillagan.

Nú vil ég taka það fram og vísa í frv. til laga til breytingar á þingskapalögum, sem liggur fyrir hv. Nd., að ég tel að eftirlitsstarf Alþingis eigi að vera ein af frumskyldum þess. Ég vek athygli á því að alls staðar í nærliggjandi löndum, hjá þjóðum sem við teljum okkur félagslega og menningarlega skyldar, hefur þróun í vaxandi mæli verið sú, að þar sem sérfræðivald hefur þróast í átt til framkvæmdavalds og sá farið að skipta meira máli og vega þyngra en það kann e. t. v. að gerði áður hafa þjóðþingin tekið sér rannsóknar- og eftirlitsvald í staðinn. Með því held ég að grunvallarhugsunin um skiptingu valds sé hvað best tryggð.

Hjá okkur hefur þetta verið öðruvísi. Hér hefur þetta þróast til skelfilegrar áttar, nefnilega þeirrar að löggjafinn hefur sóst eftir því að vera þátttakandi í framkvæmdavaldi. Þar með er auðvitað loku fyrir það skotið að hann geti haft eftirlit með sjálfum sér. Ég nefni Kröflunefnd, ég nefni bankaráð, ég nefni útvarpsráð. Eiginlega er sama hvaða stofnun framkvæmdavaldsins við erum að tala um. Vandinn er sá, eins og menn sjá auðvitað, að í fyrsta lagi gengur þetta gegn þeirri hugsun að valdþættirnir þrír skuli vera óháðir hver öðrum. Í öðru lagi liggur í augum uppi að það er ekki á mannlegum forsendum hægt að ætlast til þess að menn séu færir um að hafa eftirlit með sjálfum sér. Lífið gengur ekki þannig fyrir sig. Enda gerast slysin. Ég nefni Kröflu, ég nefni bankastarfsemina og þannig mætti raunar lengi telja.

Þessari almennu stefnu þurfum við að breyta. Mér finnst að það ætti ekki að vera ástæða til að hafa á móti hugmyndinni sjálfri eins og menn hafa oft og iðulega haft á undanförnum árum. Og umfram allt þarf að vara við því að líta á eftirlitsstarfsemi á vegum Alþingis sem dóm. Slíkur dómur gæti komið seinna eða gæti ekki komið seinna. En eftirlitsstarfið sjálft felur aldrei í sér dóm, heldur er til styrktar þeirri starfsemi sem hér á sér stað og þeirri starfsemi sem á að fara fram út um samfélagið allt. Þetta var um aðferðina til að gera úttekt á þessari starfsemi.

Ég vil líka taka það fram að eins og sagt er í grg. með þáltill., þá hygg ég að flm. eigi það sameiginlegt að vera stuðningsmenn styrks samstarfs lýðræðisþjóða. Og það er af þeirri ástæðu sem þeir eru eindregið þeirrar skoðunar að öll viðskipti umleikis þetta samstarf eigi að vera öllum ljós, að um þau ríki ekki hin minnsta tortryggni og að það sé samstarfi lýðræðisþjóða til góða.

Herra forseti. Á árinu 1977 bar Magnús heitinn Kjartansson, þáv. hv. alþm., fram til utanrrh. spurningar sem lúta að þessu máli. Þeim var að vísu vísað frá sem óþinglegum, en satt að segja sé ég ekki alveg — þó ég hafi rýnt í þennan pappír — séð ástæðurnar fyrir því. En til kynningar á málinu mætti lesa hér um hvað hann spurði. Þó að ég hafi verið ósammála honum um mörg lykilatriði utanríkisstefnunnar sjálfrar, þá er ég samt þeirrar skoðunar að þessar upplýsingar ættu að liggja á hreinu.

Hann spurði í fyrsta lagi: „Hverjir eru hluthafar í Sameinuðum verktökum hf. og hversu há er hlutafjáreign hvers hluthafa um sig? Hverjir eru í stjórn hlutafélagsins og hverjir eru starfsmenn þess? Hverjar voru tekjur stjórnarmanna og starfsmanna hvers um sig fyrir þessi störf?“ Og svo tiltekur hann ár.

Hann spurði í öðru lagi: „Hverjir eru hluthafar í Regin hf. og hversu há er hlutafjáreign hvers hluthafa um sig? Hverjir eru í stjórn hlutafélagsins og hverjir eru starfsmenn þess? Hverjar voru tekjur stjórnarmanna og starfsmanna hvers um sig fyrir þessi störf?“ Og svo tiltekur hann ár.

Hann spurði í þriðja lagi: „Hverjir eru í stjórn Íslenskra aðalverktaka sf. og hverjir eru starfsmenn fyrirtækisins? Hvaða reglur gilda um val í stjórn fyrirtækisins? Hverjar voru tekjur einstakra stjórnarmanna og yfirmanna árin 1975 og 1976? Eru fleiri aðilar að Íslenskum aðalverktökum en Sameinaðir verktakar hf., Reginn hf. og íslenska ríkið? Ef svo er, þá hverjir?“

Í fjórða lagi var spurt: „Hversu stórt er hús Íslenskra aðalverktaka á Ártúnshöfða og hvert er fasteignamat þess? Í hvaða tilgangi hefur þetta hús verið byggt?“ Þessi spurning sýnist mér standa fyrir sínu á árinu 1982 og vakna hjá þeim sem hafa ekið um Ártúnshöfðann. Ég vildi gjarnan fá svör við þessu líka.

Hann spurði í fimmta lagi: „Hverjir fara með hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum sf.? Hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig fyrir þessi störf á gefnum árum? Hverjar voru hluthafatekjur íslenska ríkisins á gefnum árum? Í hverju er hlutverk ríkisins fólgið?“

Hann spurði í sjötta lagi: „Eru Sameinaðir verktakar hf. og Reginn hf. lokuð hlutafélög? Ef svo er, hversu lengi hefur það ástand haldist og hvers vegna?“

Hann spurði í sjöunda lagi: „Hvaða hlutafélög og einstaklingar hafa gegnt störfum fyrir bandaríska herinn á gefnum árum? Hverjar hafa verið tekjur hvers aðila af þeim störfum? Hvernig er háttað vali þeirra einstaklinga og hlutafélaga sem fá að vinna verkefni í þágu bandaríska hersins?“

Hann spurði í áttunda lagi: „Hversu miklar tekjur hafði Olíufélagið hf. af viðskiptum sínum við bandaríska herinn á gefnum árum? Flutti bandarískt herinn inn olíuvörur á þessum árum og ef svo er, þá hvernig? Hvernig er háttað stjórn birgðastöðvarinnar í Hvalfirði?“

Í níunda lagi var spurt: „Hversu mikil voru verslunarviðskipti bandarískra hersins við íslenska aðila á gefnum árum? Hvaða íslenskir aðilar önnuðust þau viðskipti og hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig þessi ár?“

Í tíunda lagi var spurt: „Hvernig er háttað starfsemi skrifstofu þeirrar sem Íslenskir aðalverktakar starfrækja í New York? Hverjir starfa á þeirri skrifstofu og hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig á gefnum árum að með-

töldum fríðindum? Hver hefur verið arður af skrifstofunni á gefnum árum og hvernig hefur honum verið ráðstafað?"

Í ellefta lagi var spurt: „Greiðir bandaríski herinn fyrir framkvæmdir, þjónustu og viðskipti í dollurum? Ef svo er, hvernig er háttað eftirliti með því að gjaldeyri sé skilað samkv. íslenskum lögum, en ekki stolið undan eins og áður hefur sannast fyrir dómstólum?"

Í tólfta lagi var spurt: „Hvaða Íslendingar önnuðust framkvæmdir, þjónustu og viðskipti við stöð bandaríska hersins í Hornafirði og hverjar voru tekjur þeirra hvers um sig á gefnum árum?"

Í þrettánda lagi var spurt: „Hvernig er háttað samningum íslenska ríkisins og bandaríska hersins um starfsemi lóranstöðvarinnar á Snæfellsnesi?"

Í fjórtánda lagi var spurt: „Hverjir eiga sæti í Sölunefnd varnarliðseigna og hverjir eru stjórnendur fyrirtækisins? Hvernig er viðskiptum fyrirtækisins háttað að því er varðar kaup og sölu á varningi? Hverjar voru tekjur stjórnenda fyrirtækisins á gefnum árum? Hvernig er háttað skilum fyrirtækisins á tekjum sínum?"

Þetta voru fjórtán fyrirspurnir, sem prentaðar voru á sérstöku þskj., er var 123. mál 99. löggjafarþingsins á árinu 1977.

Eins og sjá má á þessu er auðvitað feikilega margt — við skulum ekki orða það öðruvísi — sem íslenskur almenningur veit ekki um þessi viðskipti. Hann veit ekki um eignaraðild, hann veit ekki nákvæmlega hvað Reginn hf. er, hann veit ekki hvernig slær saman olíuviðskiptum annars vegar og almennum viðskiptum hins vegar. Hann veit um eitthvað óljóst í gamla daga, sem hét „olíumál", en ekki meira. Menn vita ekki hverjir hafa tekjur af þessu og hvernig. Menn vita ekki hvort þessum verkefnum er ráðstafað eftir almennum leikreglum — þá á ég við með opnum útboðum — eða hvort þessu er útdeilt eftir einhverjum öðrum leiðum. Mér hafa sagt menn á þessu svæði að það sé mjög skringilegt hvernig þetta fer fram.

Kannske er óskynsamlegt á þessu stigi málsins að spyrja miklu fleiri spurninga, þó svo að það væri eðlilegt, vegna þess að það er vitaskuld verkefni nefndarinnar sem lagt er til að skipuð verði. Og segja má að það væri óklókt að spyrja öllu meira, þegar af þeirri ástæðu að það gæti spillt fyrir málinu, eins og sagt er. Hins verð ég þó að geta að menn hafa spurt: Gilda aðrar leikreglur um þetta fyrirtæki t. d. að því er varðar tollafríðindi á vinnuvélum og annað slíkt? Hefur það betri möguleika til að verða sér úti um ágóða, sem atvinnufyrirtæki eru nú stundum að reyna, heldur en önnur fyrirtæki? Og getur síðan verið að sá ágóði sé notaður til þess að byggja t. d. stórhýsið uppi á Ártúnshöfða, sem níu af hverjum tíu Reykvíkingum hafa keyrt fram hjá og spurt sjálfa sig með hvaða hætti risið hafi. Vitaskuld er svo margt í kringum þessi viðskipti þess eðlis að það hlýtur að vera bæði réttur samfélagsins og skylda stjórnandans að ekki hvíli leynd yfir.

Ég sagði hér áðan og það er skýrt tekið fram í grg. að við sem þetta mál flytjum erum stuðningsmenn samstarfs lýðræðisþjóða. En við viljum líka leggja þær skyldur á þetta samstarf að það veki ekki réttmæta tortryggni annarra. Og það er trúa mín — og raunar vissa að ef viðskipti af þessu tagi gefa tilefni til tortryggni, að ekki sé meira sagt, þá sé slíku samstarfi í hættu stefnt.

Við vitum að umræður um þetta fyrirtæki hafa verið miklar í ár og áratugi, og ævinlega blandnar tortryggni af þeirri ástæðu einni að menn hafa haft á tilfinningunni að ekki giltu almenn viðskiptalögmál. Við vitum líka að þessar umræður hafa á undanförnum árum mjög blandast almennum umræðum um utanríkismál. Ég er sannfærður um réttmæti þess að svona nefnd sé skipuð. Ég er sannfærður um að það gerir samfélaginu öllu gagn. Þess vegna mælist ég til þess að menn sameinist um það þjóðþrifaverk að skipa slíka nefnd og leggi til hliðar annan ágreining um hin almennu utanríkismál, þar sem auðvitað hver aðili fyrir sig stendur í sínum fulla rétti og á að halda fram sínum skoðunum.

Það segir hér í grg.: „Langvarandi einokun viðskipta býður ævinlega hættunni heim og vekur ávallt spurningar. Það er í þágu allra aðila að slíkum spurningum verði svarað. Á grundvelli slíkra upplýsinga er unnt að taka skynsamlegar og réttar ákvarðanir. Liggi litlar eða engar upplýsingar fyrir er slíkt auðvitað vart mögulegt og jafnvel ógerlegt." Þetta held ég að sé kjarni málsins hvaða skoðanir sem menn hafa á hinum almennu utanríkismálum. Mér finnst að þeim okkar sem styðja þessa samvinnu hafi verið ógreiði gerður með þessum skrýtnu viðskiptum. Ég endurtek: með þessum skrýtnu viðskiptum. Við viljum ekki standa að slíku. Við viljum ekki bera ábyrgð á slíku. Þess vegna, herra forseti, er þessi till. fram borin.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þingmenn Alþb. eru fylgjandi því að gerð verði úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll. Við erum þess vegna fylgjandi meginatriðum þessarar till., en teljum hins vegar nauðsynlegt að hún verði gerð nokkru ítarlegri og víðtækari áður en Alþingi afgreiðir hana endanlega. Heiti till. er „Till. til þál. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll", en í texta till. er eingöngu vikið að einu af þeim þremur fyrirtækjum sem stundað hafa verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Auðvitað er það rétt að Íslenskir aðalverktakar hafa verið langumsvifamestir í viðskiptum við herinn. En það er engu að síður staðreynd að tvö önnur fyrirtæki, Keflavíkurverktakar og Suðurnesjaverktakar, hafa átt þar ríkan hlut að og Keflavíkurverktakar vaxandi hlut á undanförnum árum. Ég held t. d. að það sé rétt að Keflavíkurverktakar annist nú algerlega framkvæmdir og viðhald á herstöðinni við Hornafjörð, bæði byggingar mannvirkja sem og viðhald þar, og á Keflavíkurflugvelli sjálfum annist Keflavíkurverktakar allt viðhald. Þess vegna undrar það mig nokkuð að flm. till. skuli eingöngu hafa tilgreint Íslenska aðalverktaka í till. sinni hér, þegar heiti till. tekur til verktakastarfseminnar allrar.

Það hefur að vísu verið sagt að forráðamenn Alþfl. hér fyrrum, þess flokks sem hv. 1. flm. stundum nefnir gamla Alþfl., hafi átt nokkurn hlut að því, þegar Alþfl. fór með utanríkismál, að þessi tvö önnur fyrirtæki, Keflavíkurverktakar og Suðurnesjaverktakar, komu inn í þessa verktakastarfsemi og í vaxandi mæli, vegna þess að hitt fyrirtækið, Íslenskir aðalverktakar, hafi venjulega gengið undir heitinu og verið í reynd eins konar bandalag Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins og nauðsynlegt hafi verið fyrir Alþfl., sérstaklega á áratugunum 1960—1970, að ná með einum eða öðrum hætti ítökum í þessari verktakastarfsemi. Ég býst nú ekki við að það hafi verið ætlun hv. 1. flm. till. að undanskilja þessi verktakafyrirtæki tvö sem stundum hafa verið kennd við

Alþfl. í daglegu tali þar suður frá. Ég reikna frekar með að það séu pennaglöp en ekki ætlunarverk að hin fyrirtækin tvö séu þarna undanskilin. Við teljum hins vegar nauðsynlegt, þm. Alþb., að öll verktakafyrirtæki, ekki bara framsóknar- og íhaldsverktakafyrirtækin heldur líka krataverktakafyrirtækin, séu tekin með í þessa athugun. Þess vegna eigi texti till. að vera í samræmi við heiti hennar, þar sem kveðið er á um úttekt á verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli.

Einnig held ég að það hljóti að vera misritun hjá flm. að nefna dótturfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka í texta till. Þar er sjálfsagt átt við eignarfyrirtæki eða foreldrafyrirtæki, ef menn eiga að búa til það nýyrði til samsvörunar við dótturfyrirtæki, eða móðurfyrirtæki fyrirtækisins. Það er sá skilningur sem við höfum í þetta lagt. Mér er ekki sérstaklega kunnugt um dótturfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka, en það má vera vanþekkingu minni að kenna og væri æskilegt að það væri upplýst hér hvaða fyrirtæki er þar átt við. Móðurfyrirtækin eru hins vegar þekkt og að þeim var vikið hér í ræðu hv. frsm.

Með breytingum, sem ég hef hér getið, erum við sammála því að Alþingi beiti sér fyrir slíkri úttekt. Og við teljum reyndar koma til greina að það væri á fleiri sviðum. Ég flutti á sínum tíma till. um sérstaka athugun á rekstri Flugleiða og Eimskipafélagsins. Þá var þeirri till. mótmælt í þingsölum á þeim forsendum að þar væri ekkert sérstakt að athuga og engir erfiðleikar í rekstri sem þingið þyrfti að skipta sér af. En það kom á daginn nokkrum misserum síðar að annað þessara fyrirtækja þurfti að leita eftir stuðningi þingsins vegna mistaka í stjórnun, fjárfestingu og rekstrarstefnu. Við erum þess vegna sammála því að það geti verið nauðsynlegt og eðlilegt í alla staði að Alþingi afli sér upplýsinga og framkvæmi eftirlit með meiri háttar fyrirtækjum í landinu. Við teljum einnig að síðasta málsgr. till. þurfi að taka breytingum við afgreiðslu hennar. Okkur finnst þar einum of mikið gæta þeirrar hugsunar að markmið athugunarinnar eigi að vera hvort ekki sé hægt að græða meira á þessum viðskiptum, og græða einhvern veginn öðruvísi og að fleiri geti grætt en þeir sem hingað til hafa grætt á þessum viðskiptum. Mér er mjög til efs að það sé markmið hv. 1. flm. eða þeirra annarra sem að till. standa að útbreiða hernámsgróða út um allt þjóðfélagið eða setja fram stefnu sem stuðli að því að sem flestir verði háðir viðskiptum við herinn og að þeir telji að því fleiri heimili í landinu sem fái til sín tekjur af þjónustu við hið erlenda herlið, því betra. Orðalag till. lætur hins vegar í þetta skína og þess vegna finnst okkur nauðsynlegt að við meðferð till. hér í Alþingi verði orðalag síðustu málsgr. tekið til endurskoðunar. Með fyrirvara um slíkar breytingar erum við eindregið fylgjandi því að Alþingi taki að sér verkefni af þessu tagi. Og ég er sammála öllum þeim almennu sjónarmiðum um eftirlitsverkefni Alþingis sem hv. 1. flm. setti hér fram.

Að lokum vil ég setja fram þá ósk við hv. síðasta ræðumann að þegar hann vísar til Atlantshafsbandalagsins eða NATO þá geri hann okkur þann greiða að nefna það ekki samtök lýðræðisþjóða eða samstarf lýðræðisþjóða. Við vitum báðir að á okkar tímum eru þjóðir í Atlantshafsbandalaginu sem ekki eru lýðræðisþjóðir. Jafnaðarmenn sitja nú í fangelsum og bíða dauðarefsingar fyrir það eitt að vera jafnaðarmenn í aðildarríki NATO, Tyrklandi. Verkalýðsforustumenn sitja þar í fangelsum og bíða dauðadóms. Og allir helstu þingmenn og stjórnmálaleiðtogar landsins á undanförnum árum og áratugum hafa nú verið settir í tíu ára bann við þátttöku í stjórnmálastarfsemi. Innleidd hefur verið þar stjórnarskrá sem allir sannir lýðræðissinnar sjá í hendi sér að er skopstæling á lýðræði. Það er sérkennilegt að Morgunblaðið skuli í dag birta á forsíðu frétt um þessa atkvæðagreiðslu í þeim dúr að þarna hafi áunnist einhver sigur fyrir lýðræðið, þar sem öllum er ljóst að með þessari stjórnarskrá er verið að hefta lýðræðið í landinu a. m. k. í tíu ár með því að banna verkalýðsfélögum að starfa, banna stjórnmálaflokkum sem þar hafa starfað að starfa, banna jafnaðarmannaflokki Tyrklands að starfa, banna verkalýðsforingjum landsins að starfa. Það land er ekki lýðræðisland. (**AG:** Hvað, Pólland?) Tyrkland (**AG:** Tyrkland, fyrirgefðu.) sem hefur tekið upp að mörgu leyti sams konar aðferðir og beitt er í Póllandi, sem Alþingi hér hefur fordæmt, m. a. hv. þm. Albert Guðmundsson. En þegar átti að fordæma sams konar aðferðir í Tyrklandi var hv. þm. Albert Guðmundsson allt í einu hættur að hafa áhyggjur af lýðræðinu, hættur að hafa áhyggjur af fangelsun verkalýðsleiðtoganna, hættur að hafa áhyggjur af fangelsun jafnaðarmanna, hættur að hafa áhyggjur af fangelsun frjálslyndra afla, vegna þess að þá kom það allt í einu við NATO-hjartað í hv. þm. Albert Guðmundssyni. Lýðræðið náði ekki lengra en svo að þegar kom að meðlimaríki Nato var allt í lagi að loka augunum fyrir þeim fangelsunum og hindrunum sem þar ættu sér stað.

Þegar við hv. þm. Vilmundur Gylfason fluttum hér till. um Tyrkland þá voru hv. þm. Albert Guðmundsson og aðrir ekki tilbúnir að ljá henni lið. Og þegar ég reyndi í utanríkismálanefnd að fá sams konar ályktun um Tyrkland og gerð var gagnvart Póllandi þá neitaði hv. þm. Albert Guðmundsson að taka þátt í því.

Það er þess vegna alveg ljóst að hér ríkir tvískinnungur gagnvart lýðræði, gagnvart fangelsun verkalýðsleiðtoga, gagnvart fangelsun stjórnmálamanna, eftir því hvort í hlut á ríki utan NATO eða innan NATO. Ég veit að þessi tvískinnungur á ekki við hv. síðasta ræðumann. Þess vegna setti ég fram þá frómu ósk að þegar hann vísar hér í framtíðinni til þessa bandalags þá annaðhvort nefni hann það með nafni eða nefni það hernaðarbandalag, sem það er, en noti ekki heiti sem alls ekki á við, samtök lýðræðisríkja. Að hann geri það af virðingu við þá jafnaðarmenn sem eru í fangelsum og bíða dauðarefsingar í Tyrklandi, geri það af virðingu við þá jafnaðarmenn sem voru í fangelsum og biðu dauðarefsingar í NATO-ríkinu Grikklandi, geri það af virðingu við þá jafnaðarmenn sem biðu fangelsunar og dauðarefsingar í NATO-ríkinu Portúgal og geri það af virðingu við þá jafnaðarmenn sem á Spáni hafa gagnrýnt aðild þjóðar sinnar að NATO.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég fagna því að þessu máli er hér hreyft með flutningi þessarar till. Ég er sammála því að úttekt á verktakastarfsemi á Keflavíkurvelli fari fram, og þó fyrr hefði verið. Hins vegar hef ég nokkuð við orðalag till. að athuga. Sumt af því hefur síðasti ræðumaður gert athugasemd við. Ég þarf því ekki að endurtaka það hér. Ég tel að það sé óljóst að tala um dótturfyrirtæki í þessu sambandi því að Aðalverktakar eru afkvæmi tveggja annarra fyrirtækja, Sameinaðra verktaka og Regins hf., og ríkisins. Þetta getur því verið villandi á margan hátt. Sömuleiðis ætti till. samkv. heiti sínu að ná til úttektar á verktakastarfsemi við Keflavík-

urflugvöll. Hins vegar er ýmislegt annað í þessu máli og í máli síðasta ræðumanns sem ég er ekki sammmála.

Ég tel að verktakastarfsemi eigi að vera frjáls, en ekki bundin við einhverja ákveðna verktaka, sem voru góðir verktakar fyrir mörgum áratugum, og þess vegna eigi að meina öllum öðrum að komast að. Ég er ekki heldur á því að arður af slíkri verktakastarfsemi sé bundinn við annaðhvort einhverjar ákveðnar framkvæmdir hér uppi á Ártúnshöfðanum eða að hann sé notaður til þess að gleypa einkaframtakið víða úti um land eins og annar máttarstólpi Aðalverktaka er víða sakaður um.

Það er full ástæða til að þessi úttekt fari fram og því er ég í meginatriðum fylgjandi þessu máli. Hitt er svo annað mál að orðalagi till. má breyta í þeirri nefnd sem fær hana til athugunar og atkvgr. Ég sé enga ástæðu til þess að þetta sé lokað með þessum hætti, sem og önnur viðskipti á Keflavíkurvelli, þetta má gjarnan koma í ljós. Við lifum í þjóðfélagi sem er opið þjóðfélag, þar sem upplýsingar eiga að liggja fyrir. Við búum í þingræðislandi, þar sem þingmönnum er leyft að spyrjast fyrir um hin ólíklegustu mál, sum æði viðkvæm. Maður rekur sig oft á mikla viðkvæmni manna þegar spurt er um hluti, ef þeir telja að þeir verði þá eitthvað í sviðsljósinu á eftir, jafnvel með þeim hætti sem þeir telja sér ekki til framdráttar. En því má ekki spyrja um þessa hluti alla? Því eiga ekki að birtast svör við því? Ég ætla ekki að vera lokaður inni í því að aldrei megi hreyfa neinu sem snertir Keflavíkurvöll eða starfsemina þar. Ég tel því fyllilega ástæðu til að fylgja þessu máli skörulega eftir.

Ég er ekkert að segja að það sé endilega sú eina rétta leið að skipa einhverja rannsóknarnefnd af hálfu Alþingis. Það getur verið með öðrum hætti. Aðalatriði málsins er það að fram fari hlutlaus og réttlát athugun á því sem þarna hefur verið gert á undanförnum árum, og er verið að gera. Það sem þeir aðilar hafa verið að gera sem þarna hafa verið með starfrækslu, hvort sem það hefur verið verktakastarfsemi eða önnur viðskipti, á að koma í ljós.

Ég segi fyrir mitt leyti, þó að ég sé ekki sósíalisti heldur einstaklingshyggjumaður, að ég vil miklu heldur að samfélagið sjálft hafi þann hagnað, þar sem um hagnað er að ræða, en að einhverjir fáir útvaldir eigi að hafa þetta áratugum saman. Og þá er ég ekki heldur að tala um hvaða flokki menn tilheyra. Það verður að ná til allra. Jafnvel þó að finnist einhverjir kommar, sem hafa haft hagnað af starfseminni á Keflavíkurvelli, þá á heldur ekkert að liggja á því. Þá á það líka að koma í ljós. Nú skulum við ekkert fullyrða í þeim efnum fyrr en úttektin liggur fyrir.

Næsta skrefið er að athuga orðalag till. í þeirri nefnd sem fær hana til umræðu og afgreiðslu, og reyna að ná samkomulagi um það, því að ég vil umfram allt koma á samvinnu í þeim efnum; að opna þá starfsemi sem þarna hefur átt sér stað og vita í hvaða tilgangi menn hafa verið að þéna og hafa grætt, og hvert þeir peningar hafa runnið og með hvaða hætti, og hvað er á bak við það sem þar er að gerast. Það þarf að leiða í ljós hvort sögusagnir um þetta, sem maður hefur verið að heyra á undanförnum árum, eru réttar eða rangar. Umfram allt er það mikils virði að sannleikurinn komi í ljós.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er satt að segja ánægjuleg undantekning að heyra málsvara Sjálfstfl. flytja ræðu af því tagi sem við heyrðum hér áðan, málsvara Sjálfstfl. lýsa því yfir skýrt og skilmerkilega að hann sé andvígur einokunarfyrirtækjum og af grundvallarsannfæringu fylgjandi því að verktakastarfsemi skuli vera frjáls. Ég vona að þessar góðu undirtektir undir þessa till. og þessi áréttíng á grundvallarafstöðu boði eitthvað gott.

Rökin fyrir þessari till. eru einföld og augljós. Umrætt fyrirtæki er einokunarfyrirtæki. Það á sér skuggalega fortíð sem rekja má til hinnar alræmdu helmingaskiptareglu íhalds og Framsóknar frá fyrri tíð. Yfir starfsemi þess hvílir mikil leynd. Það hefur komið fram og kom fram í máli 1. flm. að það er í þágu lýðræðislegrar umræðu að þeirri leynd verði svipt af starfsemi fyrirtækisins. Ég sagði: Þetta er einokunarfyrirtæki. Starfsemi þess brýtur í bága við þá almennu viðskiptareglu, sem á að halda í heiðri, að útboðum verði beitt þegar um er að ræða verktakastarfsemi, í stað þess að fela slík verkefni hálflokuðu einokunarhlutafélagi sem upphaflega var komið á með nánast pólitísku samsæri örfárra hagsmunaaðila.

Ég vil í annan stað eindregið taka undir ummæli 1. flm., sem voru á þá leið að Alþingi eigi í vaxandi mæli að leggja áherslu á eftirlitsvald sitt, eftirlitsskyldu sína, en það tengist þeim hugmyndum, sem talsvert hafa verið til umræðu að undanförnu, að rýmka starfssvið þingnefnda og fela þeim aukið vald. M. ö. o., það er viðleitni til þess að árétta vald og áhrif löggjafarsamkomunnar gagnvart framkvæmdavaldinu og vaxandi íhlutun þess.

Í tilefni af orðum hv. 11. þm. Reykv., þar sem hann beindi þeirri frómu ósk til 1. flm. að hann vendi sig af því að tala um varnarbandalag lýðræðisríkjanna, og í tilefni af þeirri ádrepu sem hann flutti yfir hausamótum hv. þm. Alberts Guðmundssonar og þeirra sjálfstæðismanna, og í tilefni af þeirri ásökun hans að í röðum sjálfstæðismanna gæti tvískinnungs, siðferðilegrar tvöfeldni, í þessum málum, þá vil ég aðeins árétta það að hv. 11. þm. Reykv. gerði rétt í því að beina þeim ummælum sínum aðeins til þeirra sjálfstæðismanna. Hann hefði hins vegar gert rétt í því líka að segja söguna til enda. Hann hafði hörð orð um stjórnarfarið í Tyrklandi, hörð orð um þær ofsóknir sem verkalýðsleiðtogar og leiðtogar jafnaðarmanna hafa orðið fyrir og mátt þola, og að sjálfsögðu ber að taka undir þau orð. En um leið má þess geta í sambandi við varnarsamtök lýðræðisríkjanna, að það hefur átt sér stað þróun í átt til lýðræðis í þeim ríkjum á Pýreneaskaga, sérstaklega Portúgal og Spáni, sem áður voru undir járnhæl fasisma. Það er vissulega mjög ánægjuleg þróun. Og menn verða að horfast í augu við þá staðreynd að þessi varnarsamtök eru þess eðlis að þau hlutast ekki með ofbeldi til um málefni meðlimaríkja sinna, og fara að því leyti öðruvísi að en risaveldið í austri, sem beitir valdi sínu purkunarlaust til þess að koma á og viðhalda ógnarstjórn í Póllandi. Við getum ekki annað sagt en það að við óskum þess eindregið að lýðræðisöflin nái að sigra í Tyrklandi eins og þau gerðu á Spáni, eins og þau gerðu í Portúgal.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka til máls hér á þessu stigi, því að till. sú sem hér er flutt til þál. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll er mjög í þeim anda sem ég hef aðhyllst þau ár sem ég hef setið í utanrmn. Í hvert sinn sem endurnýjun samninga hefur átt sér stað við Keflavíkurverktakana, Íslenska aðalverktaka eða við

skulum segja Bandaríkjamenn, þá hef ég látið það ákveðið í ljós að þennan verktakamarkað þurfi að opna, hann þurfi að opna fyrir öllum verktökum á landinu, íslenskum verktökum, svo að sú einokunarstarfsemi sem rætt er um hér verði afnumin.

En þessi till., eins og hún liggur fyrir hér til þál., er alls ekki í þeim anda sem ég hafði hugsað mér, vegna þess að ég sé enga ástæðu til að ætla að hér hafi neins konar óheiðarleg starfsemi átt sér stað hingað til. Ég held að íslenskir verktakar hafi unnið nákvæmlega eftir þeim lögum og reglum eða reglugerðum sem Alþingi og ríkisstj. hafa sett um þessa starfsemi hverju sinni. Og ég hef heyrt — ekki hef ég nú haft fyrir því að leita það uppi til þess að lesa það sérstaklega — að það fyrirkomulag sem nú ríkir í Keflavík yfirleitt hafi verið sett undir forustu ráðh. Alþfl., þannig að hreinsunardeildin, sem nú er í gangi rétt fyrir kosningar skulum við ætla, er hér komin á stað enn einu sinni.

Hér hefði ég viljað sjá þessa þáltill. þannig orðaða, án þess að breyta nokkru þar um orðalag: „Till. til þál. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll." Og síðan: „Tilgangur úttektarinnar er að kanna hvort þessum viðskiptum verði komið haganlegar fyrir en nú er og hvort ágóða af þeim verði með öðrum hætti haganlegar og réttlátar skipt en nú er. Talsmaður nefndarinnar skal gefa Sþ. skýrslu um úttektina að úttektinni lokinni."

Þetta hefði verið alveg nóg í mínum huga. Allt það sem er á undan í till. gefur til kynna að flm. haldi að hér sé um ólöglega starfsemi að ræða og að einhverju leyti óeðlilega að staðið, og ég harma það.

Hér er talað um að setja upp sérstaka rannsóknarnefnd. Þegar sérstök rannsóknarnefnd er sett í eitthvert mál, þá er eitthvert sérstakt tilefni. Það er eitthvert alveg sérstakt tilefni sem gefur það til kynna að hér sé eitthvað óeðlilegt að ske. Síðan segir að þetta eigi að vera ítarleg úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, „enda hafi nefndin vald til að kalla þá fyrir sig sem hún telur eiga hlut að máli." Þarna á að setja upp sérstaka rannsóknarnefnd sem kallar menn fyrir sig eins og þarna séu hreinir glæpamenn á ferðinni. „Nefndin skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvarðanir, ágóða og skiptingu arðs." Þarna er beinlínis gefið til kynna að hér hafi verið illa og óheiðarlega að málum staðið.

Ég verð að segja alveg eins og er að ef ég fengi boð um að verða rannsakaður á þennan hátt, væri ég í einhverju fyrirtæki slíku sem Íslenskum aðalverktökum, þá mundi ég líta á þetta sem rannsókn á einhverju því sem aðrir menn úti í bæ halda að hafi verið óheiðarlega að staðið.

Svo kemur: „Úttektin skal fara fram fyrir opnum tjöldum þannig að öllum almenningi gefist kostur á að fylgjast með þessari upplýsingaöflun." Það er allt að því verið að segja: Þessi rannsókn skal fara fram í glerbúri á Lækjartorgi, þar sem allur almenningur getur fylgst með frá einum tíma til annars. Og Alþingi á að fara að staðfesta þetta. Svo kalla þessir menn sig lýðræðissinna.

Ég hef verið að tala um það hvað eftir annað í utanrmn., að það þurfi að standa öðruvísi að því að semja við Bandaríkjamenn um verklegar framkvæmdir hér. Ég hef talið óeðlilegt að Íslenskir aðalverktakar væru beinir þátttakendur í samningsgerðinni í Bandaríkjunum þegar hún fer fram, sem fulltrúar eigenda Íslenskra aðalverktaka, sem fara þar að hluta til með umboð sem ríkið eitt á að hafa. Ég hef talið eðlilegt að ríkið semdi um opinberar framkvæmdir hér og síðan yrðu þær framkvæmdir sem vinna ætti hverju sinni boðnar út á hinum almenna íslenska verktakamarkaði. Og þá er ég kominn að öðru atriði sem ég er afskaplega ósammála hv. 11. þm. Reykv. um.

Ég vil að þetta fé, þetta kapítal, sem kemur inn í landið og ekki þarf að endurgreiða, — hér er um að ræða verklegar framkvæmdir í stórum stíl, á vegum erlendra aðila að hluta til að vísu, sem íslenska ríkið þarf ekki að endurgreiða, og ég tel að þetta fjármagn eigi að koma inn á hinn almenna vinnumarkað, almenna verktakamarkað og halda áfram að velta í þjóðfélaginu og vera undirstaða að frekari velmegun íslensku þjóðarinnar. Úr því að við höfum þessar framkvæmdir, þá á fjármagn að velta áfram á íslenskum verktakamarkaði. (**VG:** Þetta er það sem Matthías var að ræða um.) Ólafur Ragnar kom að þessu líka. Hann taldi að þetta erlenda fé ætti ekki að koma inn á markaðinn. Þetta er nú í stórum dráttum það sem ég hef verið að segja í utanrmn. Og ég held að þó að þarna hafi verið um að ræða einhvers konar hálfgerða ríkiseinokun í verklegum framkvæmdum, þá sé orðið tímabært að endurskoða þetta fyrirkomulag, enda eru komin á íslenskan verktakamarkað mörg ný fyrirtæki sem hafa fengið að spreyta sig á ýmsum stórum verkefnum og hafa staðið sig mjög vel.

Hv. 11. þm. Reykv. er mjög vel talandi. En hann talar oft hraðar en hann hugsar. Það er eins og ágætur lærimeistari minn, Jónas Jónsson frá Hriflu, sagði einu sinni: Hann hefur mjög hagnýtar gáfur svona til heimabrúks, en tæplega „presentablar", ef ég má orða það þannig, á Alþingi Íslendinga, þegar hann tekur þessa spretti sína. Þess á milli getur hann verið ágætur og margt gott hægt að læra af honum. En á þessum sprettum sínum talar hann hraðar en hann hugsar.

Ég átti að sjálfsögðu ekki að kalla fram í nafn Póllands þegar hv. þm. talaði um Tyrki. Það var afskaplega smekklaust af mér að gera það og ég bið hann afsökunar á því. En því kallaði ég það fram í að hugsjónir þeirra austantjaldsmanna fara svo mjög saman við margar af hugsjónum okkar virðulega 11. þm. Reykv. að ég gat ekki látið það vera. Þegar hann talar um einræði og að mannréttindi séu fótumtroðin einhvers staðar, þá held ég að það sé fyllilega sambærilegt við það sem við höfum kynnst í fréttum frá kommúnistaríkjum allt frá Stalínstímabilinu fram til þessa dags. Það sem gerist í Póllandi og Afganistan sé fullkomlega sambærilegt við það sem er að ske í Tyrklandi. Hv. þm. hefur aldrei heyrt mig mæla því bót sem skeð hefur í Tyrklandi eða ápekku ástandi nokkurs staðar annars staðar.

Hitt er annað mál, að þegar hv. þm. kemur frá Evrópuþingi með hugmyndir og tillögur, sem hann hefur rætt þar við kollega sína, þá er hann þangað kosinn sem einstaklingur en hvorki sem talsmaður flokka né þjóðþingsins, Alþingis Íslendinga. Það eru valdir einstaklingar sem fara sem fulltrúar flokkanna á þessi þing og hafa ekki nokkurt umboð til að tala í nafni Alþingis Íslendinga. Þegar hv. þm. kemur svo heim sem fulltrúi utanrmn. og ætlar að fá aðra þm. í lið með sér til að staðfesta í frv.-formi eða þál. á Alþingi skoðun þá sem hann hefur komið með sem privatmaður, fulltrúi síns flokks á erlendum vettvangi þar sem hann talar í nafni Íslendinga, þá er ekki víst að allir Íslendingar séu honum sammála. A. m. k. er ég einn af þeim sem ekki eru honum sammála.

Ég held að við ættum að fara að gera okkur grein fyrir því, að það er ekki alls staðar sem íslenskir aðilar eru fulltrúar Alþingis Íslendinga. Það er Alþingi Íslendinga sem kýs þá á suma fundi og þing en aðra ekki. Á þing eins og Evrópuþingið eru það flokkarnir sem tilnefna sína fulltrúa. Þess vegna harma ég það að hv. þm. skyldi fara á sprett í þessu máli og gera að umtalsefni þær umræður og þá afstöðu sem menn taka á lokuðum fundum utanrmn., sem yfirleitt eru trúnaðarfundir nema annars sé getið á fundunum sjálfum, þannig að ég frábið mig öllu tali um utanríkismál á þann hátt sem hér fléttaðist inn í umr. um þessa þáltill. um úttekt á verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Allt þetta tal, allur þessi sprettur á ekki heima í þessum umr. og auðvitað hefði hæstv. forseti átt að gera aths. við það.

Ég vil sem sagt lýsa stuðningi mínum við að það verði kannað hvort hægt er að koma viðskiptum haganlegar fyrir á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll. En ég vil ekki og ég teldi það miður farið ef Alþingi Íslendinga ætlar nú að fara að skipa rannsóknarnefnd í fyrirtækin, sem hingað til hafa séð um þau verk sem þarna suður frá hafa verið unnin, einstaklinga sem að þeim hafa staðið í gegnum árin, með öllum þeim upplýsingum og spurningum sem hv. 1. flm. þessarar till. gat um. Þá er komið langt, langt út fyrir þau mörk sem ég hef hugsað mér. (**Gripið fram í:** Fluttir þú ekki svona tillögu um SÍS?) Nei, ég flutti ekki þá tillögu um SÍS. Ég flutti sams konar tillögu um SÍS og hv. 11. þm. Reykv. flutti um Flugleiðir. (Gripið fram í.) Það var ekki svona tillaga. (**Gripið fram í:** Nei.) Það var af gefnum ástæðum, vegna þess að það hefur margsinnis verið borið á SÍS eins og kom hér fram áðan, að það var þá staðfest, að þeir hafi hagað sér ósæmilega gagnvart sínum viðskiptavinum, bændum. Og það var nákvæmlega sama ásökun sem kom fram í sambandi við Flugleiðir. Þar voru Flugleiðir að fara fram á stórar upphæðir til styrktar starfsemi sinni, þannig að það er ekki hliðstætt dæmið sem hv. þm. tekur.

Ég hef ekki meira um þetta að segja. En ég tel tímabært að það sé kannað hvort hægt er að opna verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll þannig að fleiri komist þar að með verklegar framkvæmdir. Og það yrði þá í allt öðrum tilgangi heldur en þessi tillaga leggur til grundvallar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Albert Guðmundsson, hefur nú upplýst þingheim um það, að hann hafi í sínu stjórnmálastarfi gengið í smiðju bæði til Jónasar frá Hriflu og til mín. (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. var að upplýsa það hér áðan, að hann hefði flutt till. á Alþingi sem væri orðrétt eftir till. sem ég hef flutt. Ég held að það sé ekki hægt að gerast skýrar lærisveinn neins þm. en taka orðrétta till. sem sá hefur flutt og flytja hana næstum því óbreytta sem sína till., enda var hv. þm. það velkomið. Ég var hreykinn af því að hv. þm. Albert Guðmundsson taldi tillöguflutning minn um Eimskipafélagið og Flugleiðir svo til fyrirmyndar að hann flutti nánast samstundis sams konar till. um Samband ísl. samvinnufélaga, sem ég lýsti hér yfir í þingsölum að ég styddi. (Gripið fram í.) Nei, ég er ánægður með að þessi lærdómur hv. þm. Alberts Guðmundssonar skuli vera kominn á spjöld sögunnar. Mér finnst ánægjulegt að hann skuli vera óafmáanlegur á spjöldum sögunnar.

Ég ætla ekki að rekja hér ítarlega samskipti við hv. þm. og reyndar fleiri aðila hér í þinginu um tillögur um Tyrkland á síðasta þingi, aðeins geta þess til upplýsingar, að þing Evrópuráðsins samþykkti með yfirgnæfandi meiri hluta stefnu sem þm. margs konar flokka, vinstri flokka, miðjuflokka, frjálslyndra flokka í Evrópu, stóðu að og á mörgum þjóðþingum var um þær mundir unnið að sams konar ályktun um Tyrkland til þess að reyna að styðja lýðræðisöflin í Tyrklandi á sama hátt og við höfðum ályktað hér um Pólland í því skyni að styðja lýðræðisöflin í Póllandi. Ég fór þess síðan á leit við þingflokka Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. að þeir gerðust meðflm., einhverjir úr þingflokkunum fyrir hönd þeirra, að slíkri till. hér, sem væri viljayfirlýsing Alþingis til stuðnings lýðræðisöflunum í Tyrklandi, en bæði frá þingflokkum Sjálfstfl. og Framsóknar kom neitun við þessari beiðni. Þau samskipti fóru hér fram milli manna í þinginu og eru ekkert launungarmál eða neitt í því sambandi. Ég átti viðræður við ýmsa þm. í því sambandi. Það var eingöngu Alþfl. sem var reiðubúinn að standa að flutningi þeirrar tillögu. Afsökun þeirra sem þá neituðu að sýna lýðræðisöflunum í Tyrklandi sams konar stuðning og við vorum allir sammála um að sýna lýðræðisöflunum í Póllandi var sú, að það væri verið að setja landinu stjórnarskrá sem mundi innleiða lýðræði á nýjan leik. Nú er búið að setja stjórnarskrá. Nú sjá menn hvílík skopstæling þar er á lýðræði. Verkalýðsforingjar, stjórnmálamenn, forustumenn stjórnmálaflokka, jafnaðarmannaflokka og frjálslyndra flokka, eru ýmist í fangelsi eða þeim er bannað að sinna stjórnmálastarfsemi. Þegar umræða fór fram um stjórnarskrána á undanförnum vikum var bannað að mæla gegn henni opinberlega. Það var nú öll lýðræðislega umræðan og atkvgr. sem fór fram um þessa stjórnarskrá. Þess vegna væri kannske kominn grundvöllur nú fyrir því, að þeir sem þá lifðu í voninni um að þessi stjórnarskrá mundi leysa vanda Tyrkja séu þá reiðubúnir að ganga til liðs við okkur um að styðja slíka ályktun.

Ég átti ekki von á að hér á Alþingi Íslendinga væru menn í tveimur stærstu flokkum þingsins sem væru ekki reiðubúnir að hafa sams konar skoðanir á málefnum Tyrklands og meginþorri frjálslyndra þm. á Evrópuráðsþinginu var reiðubúinn að hafa. Það var hins vegar fróðlegt að verða þess vís. (Gripið fram í.) Ég get vel skilið að hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni líði hálfilla að heyra rifjaða upp afstöðu Framsfl., en hann verður að lúta því að málfrelsi er hér í ræðustól og sé rifjað upp að gefnu tilefni (**ÓÞÞ:** Hvaða mál er á dagskrá, forseti?) Vill ekki forseti upplýsa þm. um það, fyrst hann er ekki læs. Það er nú illa komið fyrir Reykholti ef ábúandi þar er ekki lengur læs. (**ÓÞÞ:** Það eru ákveðin mál á minni dagskrá og ég fylgdist ekki með hvaða mál er á dagskrá.) Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta Jóns Helgasonar, að hann sjái til þess að skrifstofustjóri Alþingis útvegi hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni lestrarkennara.

Það væri full ástæða til að fara í þessi mál hér og ræða almennt um afstöðu manna til alþjóðamála og lýðræðis annars staðar. Það má í því sambandi nefna það, að einn þm. Sjálfstfl. sagði hér í umr. um El Salvador í fyrra að El Salvador væri svo langt í burtu að við gætum nú varla verið að hafa áhyggjur af mannréttindum þar. Þar væru reyndar að koma kosningar sem mundu leysa öll mannréttindamál. Á Íslandi var fyrir nokkrum dögum fyrrv. þm. kristilegra demókrata frá El Salvador, fulltrúi mannréttindanefndar í því landi, sem upplýst hefur okk-

ur mörg um hvaða atburðir hafa þar átt sér stað og þær hörmungar sem þar ríkja. Það sem við erum hér að fara fram á er að samræmi sé í þeirri afstöðu til lýðræðis annars staðar í heiminum sem menn setja fram hér, en það sé ekki dreginn upp einhver allt annar mælikvarði fyrir aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. Það gefst síðar í vetur tækifæri til þess að ræða þessi efni.

Ég vil ítreka í framhaldi af ummælum sem hv. þm. Matthías Bjarnason lét frá sér fara í ræðustól áðan, að ég held að það sé nauðsynlegt að starfsemi móðurfyrirtækja Íslenskra aðalverktaka sé sérstaklega könnuð í þessu sambandi. Ég held að það sé ljóst, að fyrirtækið Reginn hefur t. d. verið notað til að kaupa eignarhluti í ýmiss konar fyrirtækjum, bæði í samgöngum, í sjávarútvegi, í fiskvinnslu og ýmsum öðrum atvinnugreinum. Ég hef gagnrýnt það á öðrum vettvangi, að þetta hlutafélag, sem sagt er að sé í eigu samvinnuhreyfingarinnar, sé notað með þessum hætti til að kaupa upp eignarhluti í hinum og þessum fyrirtækjum og veita þannig fjármagni úr rekstri Íslenskra aðalverktaka inn í hlutabréfakaup af alls konar tagi, sem eiga sér stað án þess að aðalfundur Sambandsins eða nokkur önnur meiri háttar fulltrúasamkoma í samvinnufélögunum í landinu fjalli um það. Þær ákvarðanir eru ekki teknar á hinum opnu lýðræðislegu vettvöngum samvinnuhreyfingarinnar, heldur eru þær ákvarðanir teknar af forstjórum og stjórnarmönnum í Regin hf., sem beita aðstöðu sinni með þessum hætti.

Ég hef talið mjög óheppilegt vægast sagt fyrir samvinnuhreyfinguna í landinu að hún sé að blanda þannig saman þátttöku sinni í verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli og kaupum sínum á eignarhlutum í hinum og þessum hlutafélögum víða í landinu. Ég er þess vegna alveg sammála því, sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði hér áðan, að í athugun af þessu tagi er nauðsynlegt að ráðstöfun þess fjármagns, sem þarna hefur verið skapað, sé ítarlega könnuð. Þar er ég algerlega ósammála hv. þm. Albert Guðmundssyni um að það eigi ekki að vera hluti þessarar athugunar. Þegar hv. þm. Albert Guðmundsson var að lýsa sig ósammála mínum skoðunum um ráðstöfun fjár af þessu tagi var hann um leið að lýsa andstöðu sinni við þau sjónarmið sem hv. þm. Matthías Bjarnason setti hér fram og gerði reyndar miklu skýrar en ég gerði.

Að lokum held ég að nauðsynlegt væri að hv. þm. tækju það rækilega til athugunar að kveða ekki upp áfellisdóm þegar flutt er till. um að Alþingi taki til athugunar og afli sér upplýsinga um ýmis mikilvæg svið í þjóðfélaginu sem snerta almannahag, m. a. vegna þess að ríkið sé beinn eignaraðili í viðkomandi fyrirtækjum. Þegar Alþingi tekur sér vald til að afla upplýsinga og kanna slíka starfsemi má ekki umsvifalaust dæma slíkar tilraunir óeðlilegar vegna þess að þar með sé verið að gefa til kynna sekt og að tillöguflutningur af slíku tagi sé óeðlilegur. Það er óhjákvæmilegt í því flókna þjóðfélagi sem við lifum í, þar sem margs konar ríkisstofnanir, hálfríkisstofnanir, hlutafélög, sem ríkið er aðili að, og önnur stór hlutafélög annast mikilvæga starfsemi í þjóðfélaginu öllu, að Alþingi hafi rétt og vald til að afla upplýsinga og kynna sér gang slíkra mála. Það er hlutverk okkar sem kjörinna fulltrúa fólksins í landinu að tryggja að hagsmuna fólksins sé gætt á öllum þessum sviðum og ákvarðanir, sem þar eru teknar, séu í samræmi við hagsmuni fólksins. Í mörgum tilvikum getum við ekki sinnt þessu hlutverki okkar nema afla okkur upplýsinga á þann hátt sem lagt er til í þeirri till. sem hér er til umr. Það væri mjög æskilegt ef það skapaðist vilji fyrir því innan þingsins að menn hættu að fordæma slíkan tillöguflutning á þeirri forsendu, að í því felist sjálfkrafa ásökun. Svo er ekki, heldur er eingöngu verið að sinna því fulltrúahlutverki sem þjóðkjörnir fulltrúar fólksins í landinu verða að gegna í okkar þjóðfélagi.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Hv. alþm. hlustuðu áðan á hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, lýsa því yfir annars vegar að hér fælist í því sem til væri lagt aðdróttun um skuggaleg viðskipti, óheiðarleika og hvað annað sem flutt var og hins vegar neitaði þm. því hér aðspurður í ræðustól að hann hefði sjálfur flutt slíkar tillögur. Vera má að hann muni ekki, en ég man. Má ég lesa? (**Gripið fram í:** Jú.)

Tillaga til þingsályktunar á 100. löggjafarþingi 1978, um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur, fjárfestingar, erlend umsvif og stjórnmálaleg tengsl Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar — bara marxiskur frasi! — þessara fyrirtækja. Flm.: Albert Guðmundsson.

„Alþingi ályktar að kjósa rannsóknarnefnd skipaða sjö þm.“ — Hvað er það hjá mér? Alþingi ályktar að fela sérstakri rannsóknarnefnd, sem skipuð sé 7 þm. — „til að gera athugun á rekstri, fjárfestingum, erlendum umsvifum og stjórnmálalegum tengslum.“ — Ég geng ekki svona langt. Ég kann mannasiði. Eigum við að halda áfram? — „Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar“ — kemur það enn — „þessara fyrirtækja. Störf nefndarinnar skulu einkum miðast við að leita svara við eftirtöldum spurningum“. Þetta eru 15 atriði.

Hann stóð hér og sakaði okkur flm. um óheiðarleika og aðdróttanir. Það sem ég er auðvitað að undirstrika er tegundin af málflutningnum. Ég lagði sérstaka áherslu á að um engar slíkar aðdróttanir væri að ræða. Það heyrðu það allir þm. eða 59, að till. væri flutt í allt öðrum tilgangi. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem þó hefur aðrar skoðanir í utanríkismálum, undirstrikaði það sama.

En hvernig var spurt á þinginu 1978, hv. þm. Albert Guðmundsson? „Hver eru tengsl SÍS og tengdra fyrirtækja við Framsfl. og hver hefur verið hagur beggja af þessum tengslum?“

Eigum við að athuga nr. 2? „Að hve miklu leyti hafa sérstakar fráréttarheimildir samvinnufélaga í lögum um tekju- og eignarskatt skapað SÍS og kaupfélögunum viðtæka einokunaraðstöðu?“ Kemur það enn.

Það er spurt nr. 3: „Í hve ríkum mæli nýtur SÍS og tengd fyrirtæki meiri og hagkvæmari lánafyrirgreiðslu en annar atvinnurekstur?“

Það er spurt nr. 4: „Hver er hagur SÍS og kaupfélaganna af núverandi greiðslufyrirkomulagi afurðalána?“

Við getum ekki skilið við Albert. Það er spurt nr. 5: „Hver er hagnaður SÍS og kaupfélaganna af búfjárslátrun og hvert rennur sá hagnaður?“

Ég gæti lesið áfram í nr. 13: „Að hve miklu leyti er markaðsdrottnun þessara fyrirtækja í gegnum hátt vöruverð þáttur í þeirri dýrtíð, sem á undanförnum árum hefur rýrt kjör almenns launafólks á Íslandi? Svo segja

þeir að við séum að gefa í skyn, dylgja, eins og þeir segja alltaf, þessir herramenn, við séum að gefa í skyn og strigakjafturinn, 4. þm. Reykv., fari á stóryrðakostum. Menn heyrðu það hérna áðan. — En þetta er sjálfur kjarni málsins: Vörn hans áðan var nauðvörn. Hún var nauðvörn einokunarmanna. Nú mundi held ég hv. 3. þm. Reykv., sem ég sé að er búinn að biðja um orðið, og lesi menn svo grg. með þessu, segja að hann hafi flutt þessa till. af því að hann hafi verið að láta eins og fífl út af till. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Það er út af fyrir sig eflaust alveg rétt að hann var að láta eins og fífl. Hann var bara að því líka áðan.

Kjarni málsins er sá, að það er sjaldgjæft að varnaraðili einokunarviðskipta eða hverra annara viðskipta komi upp um sig eins og hv. 3. þm. Reykv. hefur gert í dag. Hann hikaði ekki við að flytja svona till. af því að honum er sérstaklega í nöp við Samband ísl. samvinnufélaga og telur að þar séu — ég veit ekki hvað — pólitískir hagsmunir. Hann hikar ekki við í sínum málflutningi að koma með allar gömlu Tímalummurnar um aðdróttanir, dylgjur og þetta allt saman. Það er ekkert slíkt í því plaggi sem hefur verið kynnt í dag. Það var sérstaklega varað við því í málflutningnum að menn flyttu sig yfir á slíkt plan og beðið um að svo væri ekki gert. Við dylgjum ekki, en þeir hafa dylgjað oft og mörgum sinnum og um margt og mikið.

Ég gleymdi því, herra forseti, í framsöguræðu minni í dag að mælast til þess að till. yrði vísað til hv. allshn. Sþ. 1978 var sams konar till. vísað til utanrmn. og ég sé eftir á að hyggja að það hafa verið mistök. Till. á heima hjá allshn. Þetta er ekki utanríkismál. Þetta eru almenn viðskiptamál. Ég vil bæta því við, að ég fellst á að þetta er ónákvæmlega orðað í tillgr. Tillgr. sjálf um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll stendur fyrir sínu, en þar sem minnst er á dótturfyrirtæki hefði átt að standa „önnur slík fyrirtæki" eða eitthvað slíkt. Ég vil biðja nm. um að laga þann texta, eins og tveir hv. ræðumenn hafa bent á. Það er alveg ljóst hvað við er átt, en hér er um nokkra ónákvæmni að ræða og það verður væntanlega leiðrétt.

Það var gerð aths. við að ég hefði talað um samstarf lýðræðisþjóða. Ég talaði um samstarf lýðræðisþjóða og ég átti við samstarf lýðræðisþjóða. Bandaríki Norður-Ameríku eru að minni hyggju lýðræðisþjóð, en það er sérsamningur á milli slíkra tveggja sem ég átti við. Ég var ekki að skírskota til Atlantshafsbandalagsins. Mér er mætavel ljóst að það ríkir svívirðilegt stjórnarfar í Tyrklandi, en mér er hitt jafnljóst, að Bandaríki Norður-Ameríku eru lýðræðisþjóðfélag og kannske það fullkomnasta í veröldinni. Finnst mér að margir þm., a. m. k. hv. 11. þm. Reykv., mættu átta sig betur á þeirri einföldu staðreynd.

Hér er lagt til að sérstakri rannsóknarnefnd verði falið að kanna tiltekin einokunarviðskipti. Ég hef sagt að við Reykvíkingar þekkjum mætavel stórhýsi sem stendur hér ofan við Reykjavík, nánar tiltekið á Ártúnshöfðanum. Menn hér hafa spurt um það, með hverjum hætti ágóði hafi þarna verið fluttur til. Það er ein af fjölmörgum spurningum sem svara verður um þetta.

Ég vil ekki blanda mér í umr. um með hverjum hætti öðrum þessum málum er komið fyrir eða hvernig yfir höfuð það eigi að gera. Eitt er þó alveg ljóst, að maðurinn sem flutti till. um SÍS fann að því að það ætti að kalla menn fyrir þessa nefnd. Maðurinn sem flutti till. um SÍS verður að átta sig á því, að 39. gr. í stjórnarskránni gerir beinlínis ráð fyrir að þetta sé hægt.

Í annan stað vil ég taka undir það, að með svona vald þarf að fara mjög varlega því að persónuvörnin er auðvitað alltaf okkar dýrasta gersemi. En það breytir ekki hinu, að hér er um að ræða friðindi sem ríkisvaldið hefur uppálagt tilteknum hópi manna í formi viðskipta. Og menn sem njóta friðinda af hendi ríkisvaldsins verða auðvitað að vera undir það búnir, að það hið sama ríkisvald vilji eiga við þá [illegible]. Það getur ekki komið nokkrum manni á óvart og alls ekki manni sem hefur einokunarrétt í viðskiptum af hendi ríkisvaldsins. Það er það sem gildir um þessa menn og þess vegna eiga almennar röksemdir um persónuvörn ekki við.

En ég vil með almenn[illegible] orðum taka undir með hv. þm. sem flutti till. um SÍS, að það þarf að fara mjög varlega ævinlega þegar persónuleg verðmæti eru annars vegar. Við sem skiljum borgaraleg verðmæti — líka samvinnumanna — vitum það manna best.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég spurði hér áðan hvaða mál væri á dagskrá þar sem ég hafði lesið þá dagskrá sem hér lá prentuð frammi og hvergi var minnst á Tyrkland. En nú má það vel vera að þeir sem hafa „permanent" og standa í því að vera í lagningu að staða dri noti aðra dagskrá en hinir hér í þinginu og ekkert við því að segja. Það er út af fyrir sig þeirra mál og við verðum náttúrlega að una því að þeir séu afbrigðilegir á fleiri sviðum en þessu eina.

En erindið var einfaldlega að koma því á framfæri, að þó að við framsóknarmenn, kjörnir fulltrúar á þinginu hér, teldum okkur geta haft áhrif á ýmislegt til góðs ráðum við því miður ekki hvernig ástandið er í Tyrklandi. Við erum frekar friðarsinnar og seinir til að fara í stríð og þess vegna hefur engin tillaga komið fram í okkar herbúðum um að senda herlið til að leysa þetta mál En e. t. v. hefur friðarpostulinn, hv. 11. þm. Reykv., hugleitt herútboð. Það kemur vel til greina að athuga hvort maður yrði honum úti um einhverja liðveislu, gamla haglabyssu eða eitthvað því um líkt að láni, ef hann þyrfti að fara í stríð þarna til Tyrklands.

En sannleikurinn er sá, að þegar hv. 11. þm. Reykv. tekur sig til annað slagið og fárast yfir stjórnarfyrirkomulagi í hinum ýmsu löndum hefur hann þá tilhneigingu að standa þannig að málflutningi að lýðræðissinnar á Íslandi séu ábyrgir fyrir öllum einræðisstjórnum hvar sem þær eru í heiminum, þeir beri ábyrgð á einræðisstjórnum. Og hvers vegna vill hann haga sínum málflutningi á þennan veg? Jú, ástæðan er sú, að vegna pólitískra skoðana sinna getur hann ekki svarið það af sér að hann á stjórnmálalega samstöðu með þeim ógnaröflum sem kúga Pólland. (**Gripið fram í:** Þú heldur þessum mönnum inni í ríkisstj.) Held ég þeim? (Gripið fram í.) Það er ekki hægt að halda þeim, Svavar minn, hæstv. ráðh. Það eru þekkt úr Íslandssögunni viðskipti Sæmundar fróða og Kölska. Sæmundur notaði hann stundum þó hann hefði ekki miklar mætur á honum. (Gripið fram í.)

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er augljóst, að fleiri hv. þm. en 11. þm. Reykv. er ekki ljóst hvaða mál eru á dagskrá hér og skal ég ekki ræða það nánar.

Þessi till., sem hér er til umr. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll og hlýtur að beinast að

fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, hefur komið hér fram á þinginu áður. Við leyfðum okkur að flytja hana hér áður, ég og hv. þm. Vilmundur Gylfason, í trausti þess að þingið hefði þann stórhug og þann dug í sér að þora að takast á við þetta fyrirtæki, sem hefur líklega haft meira umleikis fjármunalega séð en nokkurt annað fyrirtæki sem hefur starfað á Íslandi. Ég vil benda mönnum á, sem eru andsnúnir því að þetta fyrirtæki og rekstur þess verði skoðað dálítið, að sjáanlegur hagnaður þessa fyrirtækis, sem stendur uppi á Ártúnshöfða í Reykjavík, er 24 þús. fermetra bygging. Ég endurtek: 24 þús. fermetra bygging. Þetta fyrirtæki hefur leigt íslenska ríkinu stóran hluta af sínu húsnæði, þar sem hefur verið Tækniskóli Íslands. Bifreiðaverkstæði Sambands ísl. samvinnufélaga er í hluta af þessu húsnæði. Og hvers vegna? Til samanburðar, ef menn átta sig ekki á stærðinni, get ég getið þess, að hin umdeilda flugstöð á Keflavíkurflugvelli er ekki nema 14 þús. fermetrar. Menn þurfa að skynja stærðina betur og þær peningaupphæðir sem hljóta að hafa farið í þessi hús. Ég held, herra forseti, að það væri virkilega vel þess virði að athuga hve miklir fjármunir hafi runnið í gegnum þetta fyrirtæki á síðustu árum og áratugum og framreikna þá fjármuni til verðlags í dag. Ég er sannfærður um að þar eru á ferðinni tölur sem jaðra við að vera öll fjárlög íslenska ríkisins, ef ekki meira.

Ég held líka að menn skyldu átta sig á því, að það sem þarna hefur gerst minnir að mörgu leyti á það sem gerðist í síldarbæjunum forðum daga. Það eru nefnilega ekki bæjarfélögin í kringum Keflavíkurflugvöll sem hafa haft tekjurnar af verktakastarfseminni á Keflavíkurflugvelli. Það eru menn í henni Reykjavík. Þ. e. það fjármagn sem sveitarfélögum þarna í kring hefði kannske komið vel. Eins og kannske ógeðfellt er að hugsa um það mál í heild, þá eru það menn í Reykjavík, sem hafa fengið það fjármagn. Þetta minnir á síldarbæina þegar spekúlantarnir komu og hirtu allan hagnaðinn af síldveiðunum úti á landi, og er ástæðulaust að rekja það mál.

Mig langar í þessu sambandi að minna á það, að þingið tók á sig rögg 1978 og samþykkti að gerð yrði athugun á einu tilteknu máli, þar sem talið var að hefði verið farið illa með einstakling í þjóðfélaginu. Það leiddi til þess að leiðrétt var mikið misrétti, þó svo ég telji að sú leiðrétting sé ekki að fullu gengin í gildi.

En ég vil einfaldlega segja við þá menn sem eru á móti því að við skoðum þessa stofnun, sem er búin að lifa í þessu landi öll þessi ár án þess að nokkur einasti aðili hafi raunverulega hugmynd um hvað gerist þar á bak við tjöldin, menn sem eru á móti því að sú stofnun verði skoðuð dálítið, það verði kannað hvað hefur orðið um þær gífurlegu fjárhæðir sem það fyrirtæki hefur haft með að gera, í langflestum tilvikum bandarískt fjármagn sem hefur farið til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli: Hvar er eftirlitið með þessari stofnun, þessu fyrirtæki? Það er í raun og veru ekki til. Það er hægt að minna á gömul mál, sem upp hafa komið hér á Íslandi varðandi fyrirtæki sem eftirlitslítið hafa haslað sér hér völl. Það er hægt að minna á þau mál og hvað kom upp þegar þau voru skoðuð ofan í kjölinn. Ég vil bara segja við hv. þm. hér inni, að ef þeir ekki hafa döngun í sér til að heimila athugun á þessari verktakastarfsemi er það vegna þess einfaldlega að þeir óttast að það muni eitthvað koma í ljós sem ekki henti ákveðnum öflum í þjóðfélaginu. Ég treysti því og ég trúi því raunar, að á þinginu séu nægilega margir menn sem hugsa í þá veru að það sé bæði eðlilegt og sjálfsagt að skoða fjármálastarfsemi þessa fyrirtækis. Ef svo er ekki er illa farið fyrir þessu þingi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég held að hv. síðasti ræðumaður hafi undirstrikað mikið af því sem ég sagði áðan um hinn eiginlega tilgang og hugsunina á bak við að flytja þessa þáltill. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll. Það er ekki úttekt á starfseminni sem slíkri. Það er úttekt á fyrirtækinu. Hann spyr hvort þingið þori að takast á við þetta fyrirtæki. Það undirstrikar að þessum hv. flm. er í huga að hér verði stefnt í átök. Það er einmitt það sem ég var að gagnrýna við þáltill.

Hann talar um stóra húsið við Ártúnshöfða. Hann gefur í skyn að þarna sé komið fjármagn sem farið hafi til Reykvíkinga og þessir hagsmunaaðilar noti svo aftur húsið til að hagnast á í samskiptum við ríkið, sem er 25%-aðili af Íslenskum aðalverktökum ef ég man rétt. Hér er verið að gefa í skyn. Hér er látin uppi einhver öfund yfir því að einhver skyldi nú hafa mikið upp úr því að skipta við þessa erlendu aðila.

Málflutningurinn gefur hugmyndafluginu lausan taum: Hvar er fjármagnið sem hefur farið í gegnum þetta fyrirtæki? Það er spurning. Þetta kemur á eftir því hvort Alþingi þori að takast á við þetta fyrirtæki: Hvert hefur þetta fjármagn farið? — Þetta er rannsókn. Það er verið að gefa í skyn að þarna sé eitthvað óheiðarlegt í gangi.

Ég hef ekki heyrt getið um að þetta fyrirtæki starfi öðruvísi en lög og reglugerðir gera ráð fyrir, en það getur vel verið að flm. viti eitthvað meira um starfsemina og viti þá að eitthvað óeðlilegt eigi sér stað þarna og ef einhverjir hérna eru gegn því séu þeir að reyna að hilma yfir eitthvað. Það er síður en svo hvað mig snertir. Það kæmi ekkert við mig persónulega eða aðra þm. hér, geri ég ráð fyrir, að eitthvað skyldi nú koma í ljós sem er ekki heiðarlegt. En það þarf að koma betur fram í málflutningi með till. en hingað til hefur komið fram að það sé einhver sérstök ástæða til að skipa þessa rannsóknarnefnd á þann hátt sem hér er talað um og þar sem á að kalla fyrir alla hlutaðeigandi og yfirheyra þá opinberlega og láta almenning fylgjast með framvindu mála frá degi til dags, eins og ég skil tilvitnun í þessa þáltill. Þar tel ég óheiðarlega að staðið gagnvart þessum mönnum. Ég hef ekki heyrt þá stimplaða sem einhverja vandræðamenn í þjóðfélaginu nema síður sé.

Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir hans ágætu ræðu. Hann var rólegur og yfirvegaður, enda talaði ég þannig til hans að ég var að vona að ég róaði hann niður. Hann talaði ekki hraðar en hann hugsar. En hvernig má annað vera en ég læri af prófessornum? Það er ætlast til þess að þjóðinni sé kennt af prófessorum. (**Gripið fram í:** Ætlarðu að læra meira?) Menn geta alltaf lært meira, jafnvel prófessorar og ekki síst þeir, það er alveg tvímælalaust rétt, þannig að ég tel það mér ekki til miska að ég skuli læra af mönnum sem hafa það að aðalstarfi að unga út menntamönnum þjóðarinnar og kannske beint inn í þann félagahóp sem Guðmundur J. Guðmundsson er nú kallaður í hér. — En ég tel það mjög mikið mér í hag og undirstrika það hér hvað ég lærði mikið af Jónasi Jónssyni frá Hriflu. Hann var ekki bara minn skólastjóri í tvo vetur, heldur ævilangt vinur minn eftir það. Sem þingsveinn kynntist ég honum einnig lítillega hér og ég tel mig hafa lært af honum í hvert einasta skipti sem ég

hitti hann. Það hefði kannske náð að betrumbæta okkar ágæta 11. þm. Reykv. hefði hann kynnst þeim ágæta manni eins vel og ég gerði. Það var á við háskólanám.

En ég er líka samþykkur þeirri hugsun hv. 11. þm. Reykv., að að sjálfsögðu beri að samræma lýðræðið milli hinna ýmsu ríkja Atlantshafsbandalagsins. Ég harma þegar ástand eins og í Tyrklandi kemur upp, hvar sem það kemur upp. En ég hef ekki úr þessum ræðustól, hvorki fyrr né nú, látið uppi í umr. neina skoðun á þeim málum. Málin hafa bara ekki verið á dagskrá og eru ekki á dagskrá. Það getur vel verið að ég taki til máls þegar þau koma á dagskrá, ef þau koma þá á dagskrá.

Það var ýmislegt skemmtilegt sem kom hér fram hjá ágætum 4. þm. Reykv., eins og yfirleitt þegar hann tekur til máls. Annaðhvort er hann að brjóta niður atvinnurekendur, brjóta niður verkalýðsforingja eða brjóta niður eitthvað í þjóðfélaginu. Þessi hv. þm. hefur mér vitanlega ekki komið nálægt neinum af þessum samtökum, hvorki verkalýðs né atvinnurekenda, nema þá sem stjórnmálamaður, og ég veit ekki til að á uppvaxtarárum hafi hann haft mikið saman við þessa þjóðfélagshópa að sælda. Eftir því sem ég best veit er hann alinn upp í aftursætinu í ráðherrabíl. En vegna þeirra ágætu upplýsinga, sem virðulegur þm. lét uppi um minn tillöguflutning um rannsókn á Sambandi ísl. samvinnufélaga, er þess að geta að till. var flutt — það er rétt hjá hv. þm. — vegna þess að einmitt á þeim dögum voru hér uppi tillögur um að rannsaka fyrirtæki sem eru hlutafélög og einkafyrirtæki, Flugleiðir og síðan Eimskipafélagið. Eftir þeim ummælum sem frá hv. þm. sjálfum höfðu fallið um m. a. landbúnaðinn og samvinnuhreyfinguna á sínum tíma var þessi till. flutt. Mér fannst vera kominn *tími til að viðkomandi aðili fengi a. m. k. að verja sig*, það kæmi þá fram það rétta í málum, ekki bara um Flugleiðir eða Eimskipafélagið, heldur líka um samvinnuhreyfinguna. Ég vona að þetta svari þeim aðdróttunum sem hann var með í sambandi við þá till. sem ég flutti.

Hitt er annað mál, og ég veit ekki um einn einasta mann, það getur þó verið að hann sé til, sem mótmælir því orðspori sem hv. 4. þm. Reykv. sjálfur skapaði sér með því að kalla sig strigakjaft. Það var á hans ábyrgð. Ég er búinn að undirstrika það sem hann sagði sjálfur. Það getur vel verið að hann sé það. Það er hans mál.

Ég sé ekki ástæðu til að tefja þessar umr., en ég vil undirstrika að ég er sammála hluta af þessari þáltill. Niðurlag hennar hefði verið nóg. En eins og hún er hér lögð fram get ég ekki samþykkt hana. Ég mun verða á móti henni. Niðurlaginu, og ég leyfi mér með leyfi forseta að lesa það aftur upp, er ég þó sammála. Þar segir:

„Tilgangur úttektarinnar er að kanna hvort þessum viðskiptum verði komið haganlegar fyrir en nú er og hvort ágóða af þeim verði með öðrum hætti haganlegar og réttlátar skipt en nú er. Talsmaður nefndarinnar skal gefa sameinuðu þingi skýrslu að úttektinni lokinni."

Þessu er ég sammála, en ekki neinu sem er þar á undan.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Það skal verða örstutt.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur lýst stærð sinni, reisn og tign með þeim aths. sem hér hafa fallið. Ég bið menn að rifja upp svolítið í þeim efnum. En ég vil segja það við þá menn sem hér tala oftast og út frá bæjardyrum íslenskrar verkalýðshreyfingar: *Er ekki málið orðið nokkuð erfitt* þegar hún hefur eignast slíkan talsmann eins og hér var tekið fram áðan?

Um efni málsins vil ég að lokum í þessari umr. vegna margendurtekins misskilnings, m. a. hjá hv. síðasta ræðumanni, taka skýrt fram og undirstrika, að sú úttekt sem hér er lögð til að fram fari samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, þótt það sé ekki tekið fram í tillgr., felur í sjálfu sér ekki í sér aðdróttanir af einu eða neinu tagi.

Einn hv. ræðumaður sagðist ekki vita til þess að viðkomandi rekendur fyrirtækja væru vandræðamenn. Það hefur enginn sagt að þeir séu það eða eigi að kallast það. Það eru alfarið hans orð. Hér er verið að biðja um, og það má vera að það sé hlutdrægt orð, úttekt á einokunarviðskiptum þannig að almenningur hafi allar upplýsingar þar um. Það er auðvitað eðlilegt að margir hv. ræðumenn hér fjalli um efnisatriði málsins, en dylgjur er ekki að finna í tillgr. Það er kjarni málsins. Ég hugsa að meira að segja þessi fyrirtæki mundu frábiðja sér varnarræður eins og þær sem hér hafa verið fluttar því að þær eru dylgjur.

Herra forseti. Áður en þessi till. fer til nefndar — ég vona að tekið verið undir till. um allshn. Sþ. — vil ég enn einu sinni undirstrika þetta aðalatriði málsins og þá staðreynd, sem fram kemur í grg., að það er vilji þeirra sem þetta mál flytja að engin tortryggni blandist í þetta: líka af þeim ástæðum að við erum í samvinnu við aðrar þjóðir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vélhjólaslys, þáltill. (þskj. 52). — Ein umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Á þskj. 52 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á tíðni, orsökum og afleiðingum vélhjólaslysa í umferðinni. Könnunin skal unnin á vegum heilbrmrn. og dómsmrn. Skal áliti skilað í skýrlsuformi til næsta reglulegs Alþingis ásamt meðfylgjandi tillögum um fyrirbyggjandi aðgerðir."

Till. þessi er af hálfu okkar flm. flutt til þess annars vegar að vekja athygli löggjafans á vandamáli, viðkvæmu og erfiðu að vísu, og hins vegar ef verða mætti til þess að leiðir fyndust að því marki að fyrirbyggja slys þessi svo sem í mannlegu valdi stendur.

Svo hörmulega vill til að frá því að þessi till. var lögð fram fyrir tveimur vikum eða svo hafa orðið hin válegustu tíðindi tengd þessum farartækjum, banaslys þar sem tvö ungmenni létu lífið og stórlsys þar sem enn sér ekki fyrir endann á afleiðingunum. Raunar hafa umferðarslysin yfirskyggt allar aðrar fréttir svo síðustu vikur að vart verður um þennan einangraða þátt rætt án þess að fleira komi þar inn í myndina.

Í grg. með till. er minnt á umræður sumarsins um vélhjólaslys og afleiðingar þeirra, umræður sem læknar stóðu fyrir, þeir sem gerst þekkja og best vita hversu alvarleg slys þessi eru, þó ekki sé um banaslys að ræða. Fórnarlömb slysanna, þeir sem langtímum saman gista sjúkrahús og endurhæfingarstöðvar, þeir sem í einni andrá verða öryrkjar ævilangt og læknarnir eru í nánastri snertingu við fyrir utan vandamenn, gleymast oft, enn frekar af því að fréttin var ekki um banaslys, og eru þau

þó allt of morg og ekki úr þeim dregið.

Í grg. er einnig til þess vitnað að flutningsmenn muni leiða fram vitnisburði lækna og lögreglu og vissulega væri það hægt, af nógu er að taka, en ég hef a. m. k. valið þann kost, eftir að hafa verið svo óþyrmilega minntur á harmþrungna atburði þessu tengda á síðustu dögum, að halda hér eins stutta framsögu og mögulegt er, varpa fram nokkrum spurningum til íhugunar um leið og málið er reifað í heild, umferðarmál almennt tekin til meðferðar, þó stiklað sé á því stærsta. Svo fersk eru þessi atvik og ógnvekjandi að vitnisburðir og tölvísindi bæta þar engu við, hvað þá að þeir bæti það sem aldrei verður bætt.

Umferðarmenning er orð sem oft heyrist, er þó í raun aðeins fallegt orð, en innihaldslaust sakir þess að svo fjarri eru umferðarmál okkar einhverri menningu sem hugsast getur. Við eigum mikið af ökutækjum, við nýtum þau ótæpilega, en umfram allt virðumst við ekki kunna með þau að fara. Stundum eru ytri aðstæður orsakavaldar, en miklu oftar er það þó eigin sök sem mestu veldur. Ökuhraði er gífurlegur og jafnvel í iðandi umferð borgarinnar má sjá akstur sem meira líkist ökukeppni eða ofdirfskukeppni en nokkru öðru. Búnaður ökutækja er oft með eindæmum og kæruleysi þar yfirþyrmandi, jafnvel þó um veigamestu atriði sé að ræða.

Ástand ökumanna er allt of oft með þeim hætti að hreinni vá er boðið heim og er furða að ekki hljótast þó af enn verri og fleiri slys en raun ber vitni. Og kæruleysið og tillitsleysið er svo algert oft og tíðum að undrum sætir. Nokkrar sekúndur í tíma til eða frá ráða meira um akstursslag en tillit til aðstæðna. Mönnum liggur óskaplega á, og eflaust má rekja morg slysin og óheppnina til þess álags streitu og þreytu sem einkennir okkar þjóðlíf öðru fremur, en þó held ég að tillitsleysið og forgangsfíknin séu vítaverð. Ekki eiga ökumenn þar alla sök því gangandi vegfarendur eru oft með ólíkindum óvarkárir, jafnvel svo að ekkert er um umferðarljós skeytt, aðeins bandað hendi við bifreið, þó í fullum rétti sé. — Ég sagði víst í fullum rétti, en þar er einmitt komið að alvarlegum hluta þessa máls. Einn þáttur tillitsleysis er sá að eiga skilyrðislaust réttinn. Hversu skammt dugar að hafa átt réttinn þegar slysið er orðið, og stundum getur það orðið í hinsta sinn sem hinn óskoraði réttur er nýttur.

Menn spyrja eðlilega hvað valdi þessum firnum. Er þetta viss eðliskostur eða réttara sagt ókostur, skortir betri fræðslu um hvert hættutæki menn eru með í höndum sér eða eiga ekki fullvíta menn að gera sér þess grein án einhvers lærdóms? Er skortur á eftirliti og er agaleysið í þjóðlífinu almennt að endurspeglast þarna í sinni alvarlegustu mynd? Og hvað megnar fræðsla og eftirlit þegar út í alvöruna er komið, þegar forgangsréttur og flýtisspurning ráða ríkjum? Er skoðun leigubílstjórans rétt, sem ekið hefur í 40 ár og sagði við mig að allt of vægt væri á öllum þáttum þessa máls tekið og viðurlög öll væru hláleg miðað við það hvað í húfi gæti verið, eða er það skoðun lífsreynda lögregluþjónsins sem gildir ein, það er að alger hugarfarsbreyting sé ein fær um að draga svo nokkru nemi úr hryllingsmyndunum sem blasa alls staðar við? Hann nefndi umferðarhelgina mestu á sumrin sem dæmi, þ. e. verslunarmannahelgina, þegar menn væru einhverra hluta vegna betur á varðbergi, hugsuðu meira um öryggi sitt og annarra með gleðilegum árangri. Frekari vangaveltur skulu ekki hafðar almennt hér uppi, enda vita allir hér jafn vel og ég um það sem hér er sagt.

En hvað þá um vélhjólaslysin og hvers vegna þau alveg sérstaklega og hversu réttmæt eða árangursrík er sú aðferð sem till. gerir ráð fyrir, þ. e. könnun ráðuneyta og vandleg athugun þar til valinna aðila sem á þá samkvæmt till. að leiða til ákveðinna hugmynda og úrræða til að fyrirbyggja og verjast voðanum sem augljós er?

Nú skal það skýrt fram tekið að flm. er ekki bann í huga, enda þyrfti þá víðar að að huga og enda ómögulegt að taka á neinn hátt á málinu með því að hugsa sér þá leið að banna þessi farartæki með öllu. Þær hugmyndir komu þó vissulega fram í sumar og þá frá þeim sem nánast vita um voveiflegar afleiðingar slysanna. Og þykir nokkrum mikið þó sú hugmynd komi fram frá þeim sem magnþrota stendur andspænis örkumlum og meira og minna glötuðu lífi? En raunsæið segir okkur að þrátt fyrir allt sé þetta ekki kleift. Annarra, og ég vil segja allra annarra, tiltækra ráða á að leita. Hver eru þau ráð og hvernig á að beita þeim? Við því hef ég engin bein svör eða við flm. frekar en gagnvart umferðinni almennt, en þó veit ég að hv. 2. flm. þessarar till. er hér með upplýsingar um annarra þjóða reynslu, sem vissulega eru mikillar athygli verðar. Ég vildi hér aðeins benda á fáein atriði:

Í fyrsta lagi kennsluþáttinn: Hann er vægast sagt ekki sá sem hann ætti að vera. Sumir telja kennsluna lítið meira en stimpil um rétt til aksturs á vélhjóli, en allar leiðbeiningar varðandi umferð, varðandi ökutækið og raunhæf kennsla í heild eru ekki til staðar. Á þessum vettvangi ber að gera stórátak, því ófyrirgefanlegt er að nýta ekki til fullnustu þá möguleika sem góð leiðsögn í upphafi á að geta gefið sem veganesti. Ákveðin kennsluskylda er því eins sjálfsögð og varðandi bifreiðina, þó ætið sé hægt að segja að góður vilji geri þar litla stoð.

Þá er það spurningin um aldurinn. Æ ofan í æ hefur sú spurning leitað á huga minn hvort hér væri ekki rétt að miða við sömu aldursmörk og varðandi bifreiðar og er þó vægast sagt umdeilt hversu réttmætt sé að 17 ára aldur gildi þar. Ekki ætla ég neinn dómari að gerast, en á 15 ára aldursskeiði er unglingurinn oftast í mestri mótun, uppreisnarhneigð og mótþróa eru þá e. t. v. mest og aldrei er löngunin meiri en þá til ofurmennskunnar og þá um leið fífldirfskunnar, þó að segja megi að misjafnt sé og af sumum eldist slíkar hneigðir aldrei. Aldursmarkið þarf a. m. k. að taka til nánari athugunar í tengslum við fræðsluþáttinn.

Þá eru það sérreglur í umferðinni, m. a. varðandi hraða, sem margar þjóðir hafa tekið alveg sérstaklega fyrir til að sporna við fótum og forðast hætturnar sem mest. Hér þarf a. m. k. að huga betur að en gert er. Í dag gildir í raun sama um vélhjól og bifreiðar og er þá enn að vandanum komið: Eitt er að setja reglur og annað að halda þær.

Eftirlitsþátturinn er auðvitað mikils virði, að hann sé virkur og taki til sem flestra þátta. Eftirlit með vélhjólum og búnaði þeirra er vægast sagt ekki mikið, en það segir ekki mikið heldur því skoðun bifreiðar einu sinni á ári gefur ekki mikla hugmynd um ástand hennar á hverjum tíma, svo sem menn þekkja, og skyndiskoðanir breyta ekki miklu. Það ætti í raun að vera kappsmál eiganda og ekils að allt væri í fullkomnu lagi, en trassaskapur er í þessu efni algengari en aðgæslan þó menn viti um hverjar afleiðingarnar kunni að verða. Eftirlit í umferðinni sjálfri er hvergi nærri nóg og skal þar ekki þeim um kennt sem það annast. Hið virka eftirlit allra okkar, sem í umferðinni erum, og aðhald við sjálfa okkur er eins og við

þekkjum oft minna en ekki neitt.

Útbúnaður bifreiða til aksturs í hálku hefur oft verið ræddur og úrbóta leitað. Vélhjólin eru hér á fullri ferð um glerísaðar götur eða svellbólstraða landsbyggðarvegina okkar og á þeim er enginn útbúnaður mér vitanlega, nema í hreinum undantekningartilfellum, enginn útbúnaður til að mæta þessum stórhættulegu aðstæðum.

Hér hefur á fátt eitt verið minnst. Dæmin eru deginum ljósari en flest það eða allt sem ég hef tæpt á. En ofar öllu þessu, og þar af leiðandi hafði ég framsöguna á þennan hátt vegna þeirra áminninga sem við flm. höfum fengið núna síðan við fluttum þessa till., stendur þó sú mikla ábyrgð sem á okkur hvílir að vekja til umræðu og umhugsunar og hefja markvissar aðgerðir sem mættu draga úr þeim yfirþyrmandi tíðindum sem dynja yfir okkur nær daglega. Þar má einskis láta ófreistað að finna hin haldbestu ráð svo ekki sé beinlínis hægt að saka löggjafann og framkvæmdavaldið um vítaverða vanrækslu og kæruleysi gagnvart svo hrikalegum staðreyndum. Til þess að feta sig að markinu, ef unnt er, er till. þessi flutt.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um till. fleiri orð. Ég held að hún sé of ógnvekjandi fersk í öllum sínum hrikaleik til þess að ástæða sé til að finna frekari stoð fyrir flutningi hennar. Ég vænti þess hins vegar, að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar kanni rækilega það álit sem bæði læknar og lögreglumenn hafa á þessu máli, þeir menn sem best til þekkja, og kanni um leið ýmislegt í því sem hægt er að upplýsa um að gert sé í öðrum löndum til að koma í veg fyrir vélhjólaslys, sem eru, eins og læknarnir bentu réttilega á í sumar, oft kannske ekki eins áberandi og bílslysin, en þegar þau verða hafa þau þó oftar enn hörmulegri afleiðingar en jafnvel bifreiðaslysin og skal þó ekkert dregið þar úr.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til að þessu máli verði vísað til hv. allshn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umr. mikið. Ég hygg að allir hv. þm., þó að þeir séu viðsfjarri nú, geti verið sammála um að mikla nauðsyn beri til að gera könnun á tíðni, orsökum og afleiðingum þessara skelfilegu slysa. Það er öllum ljóst að full ástæða er til að taka þessi farartæki sérstaklega til athugunar, bæði vegna þess að ökumenn þeirra eru miklu óvarðari en í öðrum ökutækjum og ekki síst vegna þess að þarna er oft um að ræða einmitt mjög unga ökumenn. Það er óþarfi að tíunda þá ógn sem yfir okkur hefur dunið síðustu daga, en það mætti kannske vera nokkur lýsing á ástandinu nú, að þeir sem hafa hlotið hin verstu örkuml í umferðarslysum eru svo margir á endurhæfingardeild Borgarspítalans að þar er varla sjúklingi lengur við bætandi. Það er því skylda alþm. að ganga fram fyrir skjöldu og leita einhverra leiða til að koma í veg fyrir þetta.

Þegar við lítum á umferðarlögin er ákaflega lítið talað um bifhjól og eiginlega ekki nema á þrem stöðum. Ákvæði er um að á bifhjóli skuli vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt hvor um sig. Síðan segir hér um skráningu slíkra ökutækja, með leyfi forseta, í 11. gr. umferðarlaga: „Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól“ — sem mér skilst að séu svokallaðar skellinöðrur — „beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um það.“

Þetta er, að ég hygg, verulega notað, einfaldlega vegna þess að í lögum um almannatryggingar eru ökumenn skráðra ökutækja slysatryggðir.

Í umferðarlögunum er jafnframt getið um í 38. gr., að enginn megi aka bifhjóli nema hann sé orðinn 15 ára. Og þriðja atriðið um þessi ökutæki er í 59. gr. umferðarlaga og fjallar einungis um að eigi megi aka tveim bifhjólum eða fleiri hlið við hlið á sömu akbraut.

Ég hef ofurlítið kynnt mér hvernig þessi lög eða reglur eru í Danmörku, og þar er augljóst að miklu strangari reglur gilda um akstur þessara ökutækja. Farartæki eins og skellinöðrur svokallaðar eða létt bifhjól komast ekki í meiri hraða en 30 km. Til þess er séð. Hér er þetta ekki þannig og til þess að keyra skellinöðrur þarf aðeins leyfi Bifreiðaeftirlits, en ökuskírteini þarf til að stýra bifhjóli. Bifhjól hér á landi aka alveg eins og bílar, eftir sömu reglum. Í Danmörku er þessu á allt annan veg farið. Vissulega eru sums staðar sérstakar brautir sem þessi ökutæki geta ekið eftir, en þar sem svo er ekki, sem er auðvitað víða, gilda einfaldlega þær reglur að ökutækið ekur alltaf á hægri brún vegar og hefur t. d. ekki leyfi til að fara eins og bifreiðar yfir krossgötur, krossgatnamót, heldur verður hjólið að fara sömu leið og almennur vegfarandi. Ég held að þessar reglur þyrfti að kanna annars staðar á Norðurlöndum og setja um þetta miklu nánari reglur en hér eru nú í gildi.

Við höfum talað hér dálítið um umferðina og umferðarmenningu Íslendinga og um það mætti margt segja. Hún er í stuttu máli nokkurn veginn óþolandi og alveg óskiljanlegt nú í skammdeginu, þar sem við búum oft við illa upplýsta vegi, hvernig ökumönnum leyfist að hegða sér. Það er auðvitað brýnt mál, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefur þegar rætt um í fjölmiðlum, að reynt verði að auka og efla götulögregluna. Við þetta verður ekki unað.

Ég vil aðeins bæta því við ágætt framsöguerindi hv. 1. flm., að ég held að vinda þurfi bráðan bug að því að endurskoða umferðarlögin með tilliti til þessara ökutækja. Við getum ekki sætt okkur við það lengur að fjöldi ungmenna hljóti á ári hverju bana og örkuml vegna þess að litlar sem engar reglur gilda um akstur þessara ökutækja. Þess vegna kunna menn ekki fótum sínum forráð og ætla sér um of, með þessum skelfilegu afleiðingum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég lýsi stuðningi við þessa þáltill. um könnun vélhjólaslysa. Það verður að segjast eins og er, að það er ákaflega miður að svo fáir þm., og ég tala nú ekki um hæstv. dómsmrh., skuli geta verið viðstaddir þessar umr. því að eins og fram hefur komið hjá hv. frsm. og síðasta ræðumanni er hér um alvarlegt mál að ræða sem hlýtur að vekja menn til umhugsunar um þá miklu ábyrgð sem á löggjafarvaldinu hvílir í sambandi við þessi mál.

Þegar talað er við fólk um þau alvarlegu slys, sem alltaf eru að ske, svo til daglega nú orðið, segir fólk gjarnan: Það verður að fara að gera eitthvað. Það verður að fara að gera eitthvað til að koma í veg fyrir þessi slys. — Auðvitað hlýtur maður að taka undir þessa fullyrðingu, en það er spurningin hvað á að gera. Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst að við gerum of lítið. Við gerum of lítið í sambandi við þessi mál til að koma í veg fyrir hina miklu umferðarslysaöldu. Ég tel að það verði að taka höndum saman um að gera markvissar aðgerðir gegn umferðarslysum. Mér hefur t. d. oftar en einu sinni komið til hugar: Hvað getur hið opinbera, hvað getur

löggjafinn gert til að hafa frumkvæðið á þessu sviði? Er ekki t. d. eitt ráð að taka upp sérstakan dag, sérstaka umferðardaga eða jafnvel viku sem væri eingöngu ætlað til þess að vekja menn til umhugsunar um þessi mál, fá almenning til beinna afskipta af þessum málum með opnum umræðum, með því t. d. að senda alla löggæslu landsins út á götur og gatnamót og með því að taka fjölmiðlana, sjónvarp, útvarp og aðra fjölmiðla, í notkun eingöngu til að reyna að vekja almenningsálitið til varnar í þessum málum?

Mér finnst að þessi umferðarmál öll og umferðarmenning okkar almennt séu alls ekki á því stigi að ekki sé þörf að við tökum okkur tak hvert og eitt. Ég vil þess vegna, um leið og ég lýsi stuðningi við þessa till., sérstaklega koma því á framfæri að mér finnst að við verðum, fyrst við erum að ræða þessi mál á annað borð, að fylgja því eftir með því að reyna að hafa bein áhrif á að það verði gert eitthvert stórátak til að forða, eftir því sem hægt er, þeim miklu hörmungum sem umferðarslysin leiða yfir fjölda fólks í landi okkar. Ég vildi undirstrika þetta um leið og ég lýsi stuðningi við till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stjórn flugmála, frv. (þskj. 75). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stjórn flugmála, sem er endurflutt. Frv. þetta var lagt fram á síðustu dögum Alþingis s. l. vor til að sýna það fyrst og fremst, en er nú flutt að nýju.

Áður en ég kem að efni frv. þykir mér rétt að rekja í nokkrum orðum sögu flugstjórnar.

Rekja má stjórn flugmála til laga nr. 32/1929 um loftferðir. Samkvæmt þeim lögum var atvinnumálaráðherra heimilað að ráða innlendan mann til ráðuneytis um allt það er að loftferðamálum lýtur. Heimildin var þó ekki notuð fyrr en í ágúst 1936, er Agnar Kofoed-Hansen var skipaður flugmálaráðunautur ríkisins. Hélst sú skipan mála þar til Erling Erlingsen var skipaður flugmálastjóri samkv. lögum nr. 24/1945. Í 7. gr. þeirra laga er atvinnu- og samgmrh. falið að setja á stofn sérstaka stjórn í flugmálum og var þá jafnframt starf flugmálaráðunauts ríkisins fellt niður. Með lögum nr. 65/1947 var gerð breyting á stjórn flugmála. Þá var sett á stofn flugráð. Flugráð var og er enn skipað fimm mönnum og fimm til vara og stofnað embætti flugvallastjóra ríkisins. Var flugvallastjóra falið að annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins undir stjórn flugráðs. Með lögum nr. 119/1950 var síðan embætti flugmálastjóra sameinað embætti flugvallastjóra, en í framhaldi af því, með lögum nr. 26/1954, var embættisheitinu breytt úr embætti flugvallastjóra í flugmálastjóra og er svo enn.

Samkv. þessum lagaheimildum, sem ég hef nú rakið, hefur flugráð skipað fimm mönnum á hendi stjórn flugmála, en er, eins og segir í lögunum frá 1950, undir yfirstjórn ráðh. Þrír menn í flugráði eru kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára, en ráðh. skipar tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til átta ára og hinn til fjögurra ára, og skal hinn fyrr taldi vera formaður ráðsins. Með sama hætti eru kosnir og skipaðir fimm varamenn. Flugráði hafa verið settar starfsreglur og starfar það nú samkv. starfsreglum sem gefnar voru út 1976.

Samkv. gildandi lögum skipar ráðh. flugmálastjóra að fengnum tillögum flugráðs. Flugmálastjóri skal annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins og öll önnur störf sem flugið varða, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu undir stjórn flugráðs. Í erindisbréfi flugmálastjóra, er ráðh. setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um um störf hans. Ráðh. ræður og skipar fasta starfsmenn flugmálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs. Flugmálastjórn annast fyrir hönd ríkisstj. samskipti við Alþjóðaflugmálastofnunina (International Civil Aviation Organization) og vinnur í samráði við ríkisstj. að öðrum þeim málum sem snerta alþjóðasamvinnu á verksviði flugmálastjórnar. Flugmálastjórn hefur aðsetur á Reykjavíkurflugvelli.

Svo sem sjá má af því sem ég hef nú rakið úr gildandi lögum er flugráð nokkuð einstakt í ríkiskerfinu að því leyti að samkv. lögunum er því ætlað að fara með stjórn flugmála, þ. e. vera yfirstjórn yfir flugmálastjóra og skrifstofu hans. Flugráði er þannig ætlað að starfa eins og stjórn í hlutafélagi. Í öðrum stofnunum hins opinbera er annar háttur á hafður. Þar er ekki slík stjórn á milli þess aðila sem er ábyrgur fyrir framkvæmd á viðkomandi sviði og viðkomandi rn. Hygg ég að þessi skipan, sem ég hef nú rakið, sé einsdæmi að þessu leyti. Hins vegar tíðkast í mörgum tilfellum að stjórnir eru settar yfir ákveðnar stofnanir, en með miklu takmarkaðra verksvið, þannig að þær eru ekki á milli rn. og forstjóra eða framkvæmdastjóra viðkomandi stofnunar. En í raun og veru hefur öll starfsemi flugráðs þróast í þessa átt. Í mörg ár hefur verið beint samband á milli flugmálastjóra og rn. um alla daglega stjórn flugmála. Að sjálfsögðu koma í svo viðamiklu starfi upp fjölmörg atriði, sem þarf að leysa fljótt, og því er slíkt samband við rn. nauðsynlegt. Ég held ég megi fullyrða, að þann tíma sem ég hef þekkt til hefur það verið svo að segja daglega. Sömuleiðis hefur rn. að sjálfsögðu fjallað um mannaráðningar og um fjármál flugmálastjórnar í beinu sambandi við flugmálastjóra og þá jafnframt haft samráð við fjmrn. ef ekki hefur verið beint samband á milli flugmálastjóra og fjmrn., sem reyndar hefur verið í mjög mörgum tilfellum. Starfsemi flugráðs hefur því beinst með árunum meira að fjölmörgum mjög mikilvægum þáttum flugmála, eins og t. d. að gerð áætlana fyrir framkvæmdir á sviði flugmála, að gerð áætlana fyrir rekstur flugmálastjórnar. Flugráð hefur fylgst með framkvæmdum og gerir yfirlit yfir stöðu þeirra í lok framkvæmdatímabilsins. Jafnframt hefur flugráð fengið til umsagnar erindi frá flugfélögum. Þannig mætti lengi telja.

Mér þótti ástæða til þess, að fenginni þeirri reynslu sem ég hef nú lauslega rakið, að ráðast í endurskoðun á lögunum frá 1950 og skipaði því 21. apríl 1980 þriggja manna nefnd til að endurskoða þau lög. Í þeirri nefnd áttu sæti Pétur Einarsson lögfræðingur, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Birgir Guðjónsson deildarstjóri og Garðar Sigurðsson alþm. Nefnd þessi skilaði mér þegar í sept. 1980 ítarlegum tillögum um breytingu á

lögum um stjórn flugmála. Þær tillögur sendi ég flugráði til umsagnar og sömuleiðis flugmálastjóra.

Umsagnir bárust frá þessum aðilum. Ítarleg umsögn barst frá flugráði. Flugráð gerði ýmsar athugasemdir við fyrstu tillögur nefndarinnar, m. a. þær, að of mikið væri dregið úr störfum og áhrifum flugráðs á stjórn flugmála. Sömuleiðis gerði flugráð athugasemd við þá hugmynd að flugráð yrði eingöngu skipað alþm. Flugráð taldi að rangt væri að gera ekki ráð fyrir setu kunnáttumanna um flugmál í flugráði, eins og núv. lög gera ráð fyrir. Að þessum athugasemdum fengum breytti ég frv. í það form sem það hefur nú.

Í fyrsta lagi er skipan flugráðs breytt frá tillögum nefndarinnar í óbreytta frá gildandi lögum. Það er gert ráð fyrir að þrír meðlimir flugráðs verði kosnir af Alþingi, en tveir skipaðir af ráðh. og skulu þeir vera kunnáttumenn á þessu sviði. Sömuleiðis voru ákvæði um verkefni flugráðs yfirfarin og gerð miklu ákveðnari en var í upphaflegum tillögum nefndarinnar. Verkefnin koma fram í 8. gr. og held ég að ég megi fullyrða að þar er skýrt tekið fram og reyndar sú skylda lögð á flugráð að *fjalla um fjölmarga veigamikla þætti flugmála, auk þess* sem flugráði er ætlað að sinna öðrum þeim verkefnum sem ráðh. felur því.

Að þessum breytingum gerðum var málið að nýju rætt við ýmsa aðila sem að flugmálum koma og niðurstaðan varð sú að leggja frv. fram í þeirri mynd sem það liggur nú hér fyrir deildinni.

Ég skal þá rekja í fáum orðum meginbreytingar sem er gert ráð fyrir í þessu frv.

I. kafli fjallar um flugmálastjórn. Í þeim kafla eru ákveðin hæfnisskilyrði fyrir flugmálastjóra. Hæfnisskilyrðin eru fram tekin í 2. gr., þar sem segir að flugmálastjóri skuli hafa almenna og góða þekkingu á flugmálum og umtalsverða reynslu af störfum sem beinlínis tengjast flugmálum. Sömuleiðis er ákveðið í þessari grein að flugmálastjóri skuli skipaður til sex ára í senn, en hann má þá endurskipa. Má segja að það ákvæði sé í anda þeirra hugmynda sem víða hefur verið hreyft um skipun æðstu embættismanna ríkisstofnana.

II. kafli laganna fjallar um flugráð. Hef ég reyndar rakið efni hans að nokkru nú þegar. Eins og ég sagði áður er gert ráð fyrir óbreyttri skipan flugráðs og sömuleiðis hef ég rakið lauslega efni 8. gr.

8. gr. ákveður verkefni flugráðs, en þar segir í upphafi greinarinnar:

„Auk þess að flugráð fjallar almennt um markmið og leiðir í flugmálum og hefur frumkvæði á því sviði, sem það ákveður og gefur ráðh. skýrslur þar um, skal flugráð:

a) gefa umsögn um veitingu flugrekstrarleyfa, þ. m. t. áætlunarleyfa og sérleyfa, breytingar á lögum og reglugerðum um flugmál, áætlanir í flugmálum og annað það sem ráðh. ákveður.

b) hafa eftirlit með og gera tillögur til ráðh. um framkvæmdir í flugmálum og fjármálum flugmálastjórnar og gefa ráðh. skýrslu þar um eftir því sem þörf krefur.

c) fjalla um önnur mál eftir ákvörðun ráðh."

Í þessari grein er, eins og kom fram í því sem ég las áðan, m. a. *tekið fram að flugráð skuli hafa frumkvæði á* hinu almenna sviði flugmála. Flugráði er þannig ætlað að geta tekið í raun og veru upp hvaða mál sem því sýnist og varðar stjórn flugmála og framkvæmdir á því sviði. Ég held ég megi fullyrða að með þessu er flugráði síður en svo ætlað viðaminna verkefni en það hefur nú, en hins vegar ekki ætlað að fjalla um einstök atriði í daglegri stjórn flugmála, eins og liggur í orðum núgildandi laga.

III. kafli laganna fjallar um flugmálaáætlun. Flugmálaáætlun hefur verið gerð. M. a. var fyrir nokkrum árum sett á fót nefnd sem gerði áætlun um framkvæmdir á flugvöllum og áætlun þessi var samþ. hér á hinu háa Alþingi sem ályktun frá Alþingi 1976. Raunar má segja að frá þeim tíma hefur flugráð og flugmálastjórn gert fjögurra ára áætlun sem hefur verið endurskoðuð ár hvert. En með III. kafla frv. er ætlunin að lögbinda slíka áætlanagerð og færa þar með framkvæmdir á flugvöllum og í flugmálum meira í það horf sem nú er um vegagerð. Í þessu sambandi eru eftirgreind meginsjónarmið höfð í huga: 1) Unnin sé reglulega heildaráætlun um framkvæmdir og rekstur flugmála með hliðsjón af stöðu og þróun samgangna innanlands og utan. 2) Alþingi ákveði á skýran og einfaldan hátt fjármagn til flugmála og vilji Alþingis sé bindandi fyrir framkvæmdavaldið í þessu efni. 3) Fjárþörf til flugmála sé áætluð ákveðið árabil í senn. 4) Alþingi fái reglulegt yfirlit um störf flugmálastjórnar. 5) Stuðlað sé að betri nýtingu fjármagns, auknum afköstum og skipulegri vinnubrögðum. Eins og ég sagði fyrr er við samningu þessa kafla höfð hliðsjón af *gerð vegáætlunar.*

Í þessum kafla er jafnframt ákveðin í 12. gr. flokkun flugvalla, þ. e. áætlunarflugvellir, aðrir flugvellir, flugöryggisþjónusta og önnur flugmálastarfsemi, og þannig gert ráð fyrir að áætlun um flugmál verði fram sett.

Ég vil taka það fram, að um þennan kafla, um gerð flugmálaáætlunar, komu engar athugasemdir frá flugráði eða flugmálastjóra og hefur mér heyrst að þeir aðilar sem um þessi mál hafa fjallað hafi verið nokkuð sammála um tilgang og reyndar efni kaflans um flugmálaáætlun.

Í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um sérstöðu Keflavíkurflugvallar. Þar segir: „Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. fer utanrrh., sbr. auglýsingu nr. 96 frá 31. des. 1969, með flugmál á Keflavíkurflugvelli.

Í umboði utanrrh. fer flugmálastjóri með tækni- og flugöryggissvið flugumferðarþjónustu flugvallarins, en flugvallarstjórinn þar annast að öðru leyti stjórn flugmála á flugvellinum í umboði utanrrh., þ. m. t. fjármál og starfsmannahald flugumferðarþjónustu vegna Keflavíkurflugvallar."

Þessi atriði hafa verið töluvert til umræðu og reyndar á sú skipan, þar sem er nú og með þessu ákvæði er a. m. k. til bráðabirgða — lögbundin óbreytt, sér nokkuð lengri sögu en kemur fram í ákvæðinu.

Þegar á árinu 1954 var ákveðin skipting á verksviði flugmálastjóra og flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli. Með reglugerð, sem gefin var út 1957, var síðan staðfest að flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli heyrir undir utanrrh. Þetta var jafnframt byggt á lögum um stjórnarráð, þar sem gert er ráð fyrir að flest málefni Keflavíkurflugvallar falli undir utanrrh. Að vísu hefur verið vakin athygli á að sum mál urðu þar út undan, t. d. er Póstur og sími ennþá undir samgrh. og eitthvað fleira þess háttar mætti kannske rekja.

Hér er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu á þessari skipan. Ég verð þó að láta koma í ljós þá skoðun mína, að þessi skipting í yfirstjórn flugmála hefur í gegnum árin valdið, *því miður, nokkrum vandræðum og nokkrum* árekstrum. Ég geri mér að vísu vonir um að með samkomulagi, sem utanrrh. og ég höfum nýlega gert um aðgang að tækjum í hinum nýja flugturni á Keflavíkurflugvelli, sé málið sæmilega leyst. Það er von mín að svo geti orðið áfram. Þarna þurfa ekki að verða árekstrar ef gott samband er á milli þeirra aðila sem með þessi mál fara og í raun og veru byggir í öllum tilfellum á því. Hinu

verður samt ekki neitað, að Keflavíkurflugvöllur er mjög stór eining í flugmálum þessa lands. Að sjálfsögðu er hann langsamlega stærsti flugvöllurinn og langsamlega best útbúinn að tækjum og öryggisbúnaði til notkunar. Því verður ekki heldur neitað að þessi tvískipting er af þeim ástæðum nokkuð óeðlileg, t. d. í sambandi við ákvarðanir um fjármagn til flugvallar svo eitthvað sé nefnt. En eins og ég hef rakið er í þessu frv. ekki gert ráð fyrir neinni breytingu hér á.

Það má segja að í þessari grein sé aðeins nánar kveðið á um þá verkaskiptingu sem hefur e. t. v. að einhverju leyti verið óljós til þessa. Þarna er t. d. tekið fram að flugmálastjóri sem slíkur fari í umboði utanrrh. með tækni- og flugöryggissvið flugumferðarþjónustu flugvallarins. Um þetta hefur stundum verið ágreiningur og stundum orðið nokkrir árekstrar, ekki síst með tilliti til þess að í sumum tilfellum kann að orka tvímælis að einn maður beri ábyrgð á tækni- og flugöryggissviði, en hafi ekki með mannaráðningar að gera. Jafnframt er tekið fram að flugvallarstjórinn annist að öðru leyti stjórn flugmála á flugvellinum í umboði utanrrh., þar með talin fjármál og starfsmannahald flugumferðarþjónustunnar, en þó fram tekið að það sé vegna Keflavíkurflugvallar. Má segja að það sé vísað til samkomulagsins, sem ég nefndi áðan, þar sem starfsmaður flugmálastjóra fær aðgang að tækjum vallarins til notkunar fyrir flug utan hans.

Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil og hröð þróun flugmála hér á landi. Ég hygg að við getum verið öll sammála um það. Það hefur orðið ákaflega mikil breyting á flugvöllum. Þeim hefur fjölgað og má segja að þeir séu nánast í hverri byggð; ef ekki áætlunarflugvellir þá sjúkraflugvellir. Við Íslendingar höfum að þessu leyti tekið flugið mjög í okkar þjónustu, en við höfum að vísu fylgt þar nokkuð annarri stefnu en flestar nágrannaþjóðir sem ég þekki til, sem hafa takmarkað mjög fjölda áætlunarflugvalla, en leitast við að beina umferð á næstu áætlunarflugvelli frá nærliggjandi byggðum. Aðstaða er sums staðar á landinu þannig, að mjög erfitt er að tengja saman megináætlunarflugvöll á svæðinu og nærliggjandi byggðir, bæði vegna veðráttu og aðstæðna að ýmsu öðru leyti. Þetta hefur að vísu valdið því, að fjármagn til flugmála hefur hrokkið skemmra en til hefur verið ætlast að koma okkar meginflugvöllum í fullkomið ástand öryggislega. Engu að síður held ég að ég megi fullyrða, að á því sviði hafi einnig orðið miklar framfarir og sérstaklega í ýmsum öryggisþáttum flugsins. Á undanförum árum hefur sá þáttur verið látinn hafa forgang, t. d. með flugleiðsögutækjum og með aðflugstækjum á hinum ýmsu flugvöllum.

Nýlega voru tekin í notkun ný aðflugstæki fyrir annan meginflugvöll landsins, Akureyrarflugvöll, sem gerir hann nú hæfan til flugs beint frá útlöndum með fulla vél farþega og eldsneytis. Ýmsir aðrir flugvellir hafa einnig notið slíkra breytinga, eins og t. d. Ísafjarðarflugvöllur, þar sem aðflug hefur gerbreyst vegna nýrra öryggistækja, Sauðárkróksflugvöllur, flugvöllurinn á Húsavík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, í Vestmannaeyjum, svo að nokkrir meginflugvellir séu nefndir auk Reykjavíkurflugvallar. Þarna er um að ræða tæki eins og miðlínusendi og markvita, sem valdið hafa gerbyltingu í öllu öryggi flugsins. Engu að síður eru stór vekefni þar fram undan og nú er í athugun að setja á fót nýtt kerfi, annaðhvort byggt á fjölstefnuvitum eða á Loran-C mælingum. Rannsóknir hafa farið fram nú í sumar á þessu hvoru tveggja og geri ég ráð fyrir að ákvörðun um stefnu í þeim málum verði tekin nú alveg á næstunni.

Auk þessara öryggisþátta hefur smám saman verið að því unnið að koma upp stórbættum aðbúnaði fyrir farþega og hafin a. m. k. markviss framkvæmd að lagningu bundins slitlags á flugvelli, þótt víða eigi það langt í land. Lýsing flugvalla er einnig orðin miklu almennari en áður var. Engu að síður er það staðreynd, að flugvellir okkar eru, eins og ég sagði, ákaflega margir og mjög margir þeirra eru vanbúnir tækjum og meira að segja svo að það er ábyrgðarhluti að heimila áætlanaflug.

Á þessu hefur enginn maður vakið betur athygli en núverandi flugmálastjóri, Agnar Kofoed-Hansen. Reyndar má segja að Agnar Kofoed-Hansen hafi meira og minna fylgt fluginu frá því að það var skipulagt hér á landi, bæði sem flugmaður í upphafi og síðar yfirmaður í stjórn flugmála. Að öllum öðrum ólöstuðum hygg ég að fullyrða megi að enginn á stærri þátt í þeim miklu framkvæmdum sem þó hafa orðið og framförum á sviði flugmála hér á landi. Á hann miklar þakkir skilið fyrir ákaflega ósérhlífið starf á þessu sviði og oft við hinar erfiðustu aðstæður.

Ég, herra forseti, læt svo lokið framsögu fyrir þessu frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins fáein orð. Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar sé ég ekki ástæðu til að hafa um mjög langt mál hér eða fara um það mörgum orðum, en mér sýnist hins vegar í fljótu bragði við lestur og skoðun þessa frv. að það horfi ekki endilega allt til mikilla bóta sem þar er kveðið á um. Sumt gerir það vissulega.

Í 2. gr. þessa frv. er fjallað um flugmálastjóra og þau skilyrði sem sá embættismaður skal uppfylla. Satt best að segja sýnist mér það orðað svo almennum orðum að það hafi nánast enga þýðingu. Hér segir, með leyfi forseta: „Flugmálastjóri skal hafa almenna og góða þekkingu á flugmálum og umtalsverða reynslu af störfum sem tengjast flugmálum". Ég held að svo almennt orðuð skilyrði um starfshæfni hafi nánast enga þýðingu, sé eins gott þá að sleppa þeim eða gera mun ákveðnari kröfur, sem vel gæti komið til greina.

Í II. kafla laganna, sem fjallar um flugráð, sýnist við fyrstu sýn að þau völd sem flugráð hefur haft séu verulega skert og nánast af því tekin. Ég bendi á 8. gr. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Auk þess að flugráð fjallar almennt um markmið og leiðir í flugmálum og hefur frumkvæði á því sviði, sem það ákveður og gefur ráðh. skýrslur þar um, skal flugráð" o. s. frv. Mér er ekki alveg ljóst hvað þetta merkir. Þetta er a. m. k. ákaflega kauðst orðalag, að ekki sé meira sagt, og mætti þar úr bæta og gera skýrara.

Ég er líka á annarri skoðun en kemur fram í a-lið 8. gr., þar sem segir að flugráð skuli gefa umsögn um veitingu flugrekstrarleyfa, þar með talið áætlunarleyfa og sérleyfa o. s. frv. Ég held að flugráð eigi að hafa verulega meira vald í þeim efnum. Ég held t. d., að ef flugráð er einhuga um veitingu flugrekstrarleyfa, áætlunarleyfa og sérleyfa eigi flugráð að veita slík leyfi. Það eigi aðeins að koma til kasta ráðh. ef ágreiningur er uppi í flugráði um veitingu sérleyfa og áætlunarleyfa.

Við þekkjum þær deilur sem orðið hafa um veitingu sérleyfa. Mín skoðun er sú, að þar hafi ekki verið skynsamlega að farið og þar hafi raunar verið þverbrotin sú stefna sem mörkuð var af hálfu stjórnvalda hér þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir hf. voru sameinuð. Þegar hluthafar þessara tveggja flugfélaga, sem þá voru, sam-

þykktu sameininguna var forsenda þeirrar samþykktar loforð sem hæstv. þáv. ráðh. gáfu um hvers lags skilyrði þetta nýja flugfélag mundi við búa. Það var ein af ákvörðunarforsendum eigenda þessara tveggja flugfélaga. Núv. hæstv. samgrh. hefur valið þann kost að breyta þessu þannig að sú ákvörðunarforsenda, sem þá var, er ekki lengur til staðar. Það er búið að breyta þessu og sú ákvörðun hæstv. ráðh. var að mínum dómi alröng og ég er ekki einn um þá skoðun. Ég tel því að flugráð eigi frekar að hafa þetta vald en ráðh. Sú reynsla sem við höfum af því hvernig ráðh. beitir valdinu er miður góð. Ég tel að það hafi verið ein alvarlegustu mistök varðandi flugmálastefnu sem hér hafa verið gerð þegar hæstv. ráðh. tók þá ákvörðun að skipta því sem ekki var til skiptanna og skapa þá stöðu í íslenskum flugmálum að fyrr eða síðar kann sagan að endurtaka sig. Þegar er verið að skipta því sem ekki er til skiptanna svelta auðvitað báðir. Kannske kann að koma að því að óskað verði á ný einhvers konar sameiningar flugfélaga vegna þess að kakan er ekki til skiptanna, eins og var vitað fyrir mörgum árum. Þess vegna var ákvörðun ráðh. skref aftur á bak. Ég vil raunar nota þau orð, að hún hafi að vissu leyti verið svik við það fólk sem á sínum tíma samþykkti sameiningu flugfélaganna gegn þeim loforðum sem þá voru gefin og oft hefur verið vitnað til. — Ekki fleiri orð um þetta að sinni.

II. kafli þessa frv. er kannske sá sem mest horfir til bóta, en hann fjallar um flugmálaáætlun. Af hálfu Alþfl. hefur hér verið margflutt frv. um þetta sama efni og því ber að fagna að skipan skuli komið á þessi mál með þeim hætti sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir. Auðvitað má sjálfsagt ýmislegt að því finna og einhverjar breytingar gera á því fyrirkomulagi, en í stórum dráttum horfir það til mjög mikilla bóta.

Það er auðvitað alveg rétt, eins og fram kom í framsögu hæstv. samgrh., að í þessum efnum er gífurlegt átak fram undan. Þetta hefur verið látið danka. Framkvæmdir á íslenskum flugvöllum hafa dregist úr hömlu og verið til þeirra varið skammarlega litlu fjármagni. Öryggisaðstaða á flugvöllum hér er ekki eins og best verður á kosið, nema á Keflavíkurflugvelli þar sem allur aðbúnaður í því efni er til fyrirmyndar, enda sýnir reynslan að þá blessunarlega sjaldan eitthvað verður að í áætlunarflugi hér kjósa flugmenn, þegar er ráðrúm vals í þeim efnum, að lenda þar. Það segir auðvitað sína sögu um ástand öryggismála á öðrum flugvöllum landsins. Þar þurfum við að taka okkur á og þar eru gífurleg verkefni fram undan, bæði á stærstu áætlunarflugvöllunum, Reykjavík og Akureyri, og ekki síður á hinum minni flugvöllum, þar sem þessi mál eru vegna fjármagnsskorts mjög í ólestri. En það er fyrsta skref til bóta í þessum efnum að vinna þetta eftir skipulegri áætlun. Ég held að mjög gott sé að gera þetta á svipaðan hátt og gert hefur verið varðandi vegáætlun. Ég held að það hafi reynst tiltölulega vel, þó að það sem máli skipti í þessum efnum sé auðvitað það fjármagn sem er til umráða til framkvæmda. Það er auðvitað meginmálið.

Aðeins eitt dæmi um hvernig mætti nýta skynsamlegar fjármagn það sem varið er til öryggismála á íslenskum flugvöllum er auðvitað að hér í Reykjavík er rekið sérstakt slökkvilið á Reykjavíkurflugvelli, sem ég hygg að sé ekki allt of vel búið að tækjum, en í 400—500 metra fjarlægð er slökkvilið Reykjavíkurborgar, sem er vel búið tækjum. Þarna er auðvitað himinhrópandi dæmi um slæmt skipulag og slæma nýtingu, bæði á fjármagni, tækjum og mönnum. Auðvitað ætti fyrir langa löngu að vera búið að sameina þetta tvennt, þannig að það séu ekki þarna með nokkur hundruð metra millibili tvö slökkvilið. Þarna mætti með skipulagi áreiðanlega ná margfaldri nýtingu á tækjum og mönnum og því fjármagni sem veitt er til þessara öryggismála. Þetta er mönnum til athugunar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, þar sem ég mun hafa tækifæri til að fjalla betur um þetta mál í þeirri nefnd sem það fær til meðferðar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hygg að þetta frv., sem við ræðum nú, horfi í ýmsu til bóta frá því sem nú er. Mér virðist um 5. gr. frv., þar sem talað er um verkefni flugmálastjórnar, sé tekið það sem máli skiptir og ég hef ekki hér fram að færa nú athugasemdir heldur við 8. gr. varðandi verkefni flugráðs.

Það kann að vera að sumt orki tvímælis, eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vesturl., kom inn á hvernig eigi að vera um tiltekna verkaskiptingu milli flugmálaráðh. og flugráðs. En við getum neitað að sjálfsögðu ýmis dæmi sem bæði mæla með og á móti breytingu frá því sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Allt er þetta afstætt. Við höfum mismunandi samgrh. og kannske líka mismunandi flugráð.

En það sem ég hygg að stefni mest til bóta í þessu frv. er III. kaflinn varðandi flugmálaáætlun. Hæstv. ráðh. hefur hér lagt áherslu á þau miklu verkefni sem óunnin eru á vettvangi flugmálanna og hv. 5. þm. Vesturl. gerði það einnig. Það er algjör óþarfi fyrir mig að fara að itreka það sem þeir sögðu í þessu efni. Ég vil aðeins segja það, að ekkert er ofmælt sem sagt hefur verið um þau brýnu verkefni sem bíði í þessu efni. Þess vegna er það fagnaðarefni að taka á upp skipulegri og markvissari vinnubrögð varðandi framkvæmd flugmálanna og flugvallamálanna en gert hefur verið.

Þetta frv. stefnir í þá átt. Að því leyti er ekkert nema gott um það að segja. En við skulum vona að þetta ákvæði muni reynast meira en umbúðir einar, heldur verði það í raun svo, að við getum núna markað veruleg tímamót í framkvæmd þessara mála, því að um langt skeið hefur flugmálunum verið sinnt allt of lítið. Að vísu vitum við að það er fjármagnið sem takmarkar aðgerðir. En í þessum efnum eins og svo fjölmörgum öðrum verðum við að velja og hafna. Ég tel að það hafi ekki verið gætt þess jafnræðis milli flugmálanna og annarra veigamikilla þátta sem við erum allir sammála um m. a. í samgöngumálum, hvað þá heldur ef lengra er litið.

Ég vildi hér sérstaklega víkja að einu atriði, sem hæstv. samgrh. kom að. Það er atriði sem varðar ákvæði til bráðabirgða. Eins og kom fram hjá hæstv. samgrh. er utanrrh. yfirmaður flugmála á Keflavíkurflugvelli. Það hefur verið svo lengi og frá upphafi eftir að núverandi skipan var tekin upp varðandi Keflavíkurflugvöll.

Það hefur verið litið svo á, að það væri rétt að öll mál á Keflavíkurflugvelli heyrðu undir utanrrh. Nú kom það fram hjá hæstv. samgrh. að svo mun ekki vera, því hann upplýsti að hann væri yfirmaður símamála a. m. k. á Keflavíkurflugvelli. Einhver undantekning er því frá þeirri reglu að allt heyri undir utanrrh.

Nú ætla ég hvorki að fara að mæla með eða móti þeirri skipan að Keflavíkurflugvöllur heyri undir utanrrh. En það er annað sem skiptir miklu máli í þessu efni og það er hvernig fer með þá framkvæmd. Þó að utanrrh. fari með yfirstjórn Keflavíkurflugvallar er ekki sjálfgefið að flug-

málastjóri annist ekki framkvæmd þessara mála þá í umboði utanrrh.

Nú er ekki gert ráð fyrir þessu í frv. nema að einhverju leyti eða kannske, ef maður gæti orðað það svo, að hálfu leyti. Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að flugmálastjóri fari með tækni- og flugöryggissvið flugumferðarþjónustu Keflavíkurflugvallar í umboði utanrrh., en flugvallarstjórinn þar annist að öðru leyti stjórn flugmála á flugvellinum í umboði utanrrh., þar með talin fjármál og starfsmannahald flugumferðarþjónustu vegna Keflavíkurflugvallar.

Það vita allir, sem eitthvað hafa fylgst með þessum málum, að verið hefur mikill ágreiningur í röðum þeirra sem næst hafa staðið þessum málum varðandi þá skipan að flugmálastjóri hafi ekki alfarið farið með þessi mál á Keflavíkurflugvelli í umboði utanrrh. á sama veg og hann fer með þessi mál annars staðar í umboði samgrh. Hæstv. samgrh. vék einmitt að þessu í ræðu sinni áðan og benti á að komið hefði upp alvarlegur ágreiningur varðandi framkvæmd þessara mála vegna þess að þessi skipan er á. Hæstv. ráðh. vék m. a. að því, að það hefði verið ágreiningur um aðgang að tækjum á Keflavíkurflugvelli. Má af þessu marka, og var raunar vitað fyrr, að þetta ástand er algjör óhæfa. Hér er um svo þýðingarmikið framkvæmdaatriði að ræða að ekki má koma til árekstra í þessu efni, sem geta orðið til þess að veikja það öryggi sem við þarf að hafa varðandi notkun Keflavíkurflugvallar.

Hæstv. samgrh. vék í sinni ræðu að flugmálastjóra Agnar Kofoed-Hansen. Hann fór nokkrum orðum um störf hans og mikilvægi þeirra fyrir íslensk flugmál fyrr og síðar. Ég tek undir hvert einasta orð sem hæstv. ráðh. sagði um Agnar Kofoed-Hansen. Ég held að að öllum ólöstuðum hafi enginn einn maður unnið meira og betur fyrir íslensk flugmál en einmitt flugmálastjórinn. Ef við höfum þetta í huga, sem ég veit að við hæstv. samgrh. höfum í huga, ber okkur þá ekki að hlusta á það sem þessi maður, flugmálastjóri, segir um hin þýðingarmestu atriði varðandi framkvæmd og stjórn flugmála í landinu? Það er vitað og hefur alltaf legið fyrir, að flugmálastjóri hefur talið þetta ástand, þessa tvískiptingu í framkvæmd flugmálanna, sem hefur verið með tilliti til Keflavíkurflugvallar, óhæft skipulag. Það hlýtur að vera þungt þegar við ræðum þessi mál.

Ég verð líka að segja að mér fannst það sem hæstv. samgrh. sagði um þessi mál bera vott þess að hann væri ekki heldur ánægður með þetta skipulag. Hann leiðréttir mig ef þetta er ekki rétt skilið, en ég gat ekki skilið hans mál á annan veg. Og til áréttingar þessu sýnist mér koma fram í skýringum við bráðabirgðaákvæði þessa frv. að hæstv. ráðh. hafi ekki of mikla trú á því að sú skipan sem bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir sé sú besta.

Í skýringunum við bráðabirgðaákvæðið er talað um að hér sé gerð tilraun til að koma eðlilegu skipulagi á stjórn Keflavíkurflugvallar með lögákveðnum stjórnunarleiðum meðan utanrrn. fer með þennan þátt samgöngumála. Það er tvennt í þessu orðalagi sem ég hegg eftir. Það er í fyrsta lagi talað um að gerð sé tilraun til þessa. Látum svo vera, að það sé gerð tilraun, en mér virðist, eins og ég sagði áður, að hæstv. samgrh. hafi ekki mikla trú á þessari tilraun. Þá er hitt atriðið í orðalaginu á skýringum við bráðabirgðaákvæðið sem ég tók sérstaklega eftir. Sagt var að þessa tilraun skyldi gera meðan utanrrn. fer með þennan þátt samgöngumála. Má líta svo á, að hæstv. samgrh. sé með þessu að gera því skóna að þetta ástand verði tímabundið og kannske fyrr en við höfum gert ráð fyrir eða vitað um og utanrrn. láti af yfirstjórn Keflavíkurflugvallar?

Ég hef bent á þetta til að árétta það sem ég sagði, að mér virtist hæstv. samgrh. ekki hafa mikla trú á tvískiptingunni varðandi framkvæmd flugmála á Keflavíkurflugvelli, sem ég hef rætt um. Ég vil hins vegar taka fram, að þó að hæstv. samgrh. hafi gefið þær upplýsingar að það sé ekki algild regla að hæstv. utanrrh. fari með öll mál á Keflavíkurflugvelli, þá er ég með þessum orðum ekki að leggja til að við breytum nú, og allra síst í sambandi við afgreiðslu þessa frv., þeirri skipan að utanrrh. fari með mál Keflavíkurflugvallar. Hins vegar leyfi ég mér að spyrja hæstv. samgrh. að því: Hvað mælir á móti því að flugmálastjóri fari með framkvæmd allra flugmála á Keflavíkurflugvelli í umboði utanrrh.?

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um stjórn flugmála felur í sér ýmis nýmæli. Ég mun ekki á þessu stigi málsins ræða mörg efnisatriði. Þó vil ég vekja athygli á því, að mér sýnist að frv. stefni í átt frá valddreifingu, sem hefur verið nokkur með því að hafa flugráð starfsamt og vera inni í málum á öllum stigum.

Það sem ég vildi helst ræða um er ákvæði til bráðabirgða um stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli. Ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegra hefði verið að greina á milli, menn gerðu sér grein fyrir því hvernig væri best að festa niður það ástand sem ríkt hefur í þessum málum og gerðu sér grein fyrir því að annars vegar erum við að tala um flugmálastjórn alfarið á vegum íslenskra aðila og hins vegar flugmálastjórn sem lýtur að erlendum aðilum og að varnarliði því sem starfar á Keflavíkurflugvelli. Ég hygg að ákvæði til bráðabirgða sé skammtímalausn á þessu og menn þurfi að gera sér grein fyrir staðreyndunum.

Til þessa, eða frá því að varnarliðið kom, hefur stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli fallið undir utanrrh. og tel ég rétt að svo sé. Ég tel eðlilegt að svo sé vegna þeirra öryggissjónarmiða sem þar er að gæta.

Ráðh. minntist á það hér áðan, að það hefðu verið einhverjir stirðleikar í samskiptum aðila, flugmálastjóra og svo aftur yfirstjórnar flugmála á Keflavíkurflugvelli. Mér er nú ekki kunnugt um þennan stirðleika frá hendi þeirra þar suður frá og mér skilst að staðið hafi opið að hafa fyllstu samvinnu um allt sem varðað hefur flugmál okkar Íslendinga. Hitt er annað, að flugmálastjóri hefur hvað eftir annað gert kröfu til að ráða yfir þessu öllu sjálfur og vegna þess að ekki hefur verið hlustað á það hefur hann sýnt af sér ýmiss konar stirðleika sem valdið hefur erfiðleikum.

Það er skammt síðan það varð sorglegt flugslys í nágrenni Reykjavíkur, sem vakti menn til umhugsunar um þessi mál, og þá vöknuðu menn upp við að e. t. v. hefði verið hægt að koma í veg fyrir þetta flugslys ef þeirra tækja hefði notið við sem til staðar eru á Keflavíkurflugvelli. Mér er kunnugt um að það hefur verið möguleiki á allan tímann að hafa afnot af þeim tækjum og veita þá þjónustu frá hendi Keflavíkurflugvallar svo að flugvélar gætu notið hennar — þær flugvélar sem eru á því flugumsjónarsvæði sem flugmálastjóri hefur umráð yfir. Það mun ekki hafa verið þegið, að mér er sagt, en þegar þetta sorglega mál kom upp og umr. hófust um að

þörf væri á slíkum tækjum hafði ráðh. gengið í að sætta aðila þarna. Út af fyrir sig er hægt að vera þakklátur fyrir það framlag. Hitt er annað, að eftir því sem ég best veit er framkvæmdin á þann undarlega hátt að fjórir starfsmenn annast tækin og þeir eru starfsmenn flugmálastjóra hér í Reykjavík og aka suður í Keflavík daglega til að sinna þessum störfum, — sem einn maður gæti auðveldlega sinnt, að því er mér er tjáð af þeim kunnáttumönnum sem gerst vita um þetta. Ég vildi vekja athygli á þessu og tel nauðsynlegt að fá skýringar ef þetta er rangt hjá mér, en ég hygg að svo sé ekki. Það er ekki furða þó að illa gangi sú framfarasókn sem menn ætla í flugmálum ef kostnaður þarf að vera slíkur sem þessi að óþörfu.

Svo nefndi hv. 5. þm. Vesturl. eitt dæmið og það var varðandi slökkviliðið hér á Reykjavíkurflugvelli, sem ég tel með ólíkindum að skuli vera til. Ég held að það hljóti að vera hægt með samvinnu að reka þetta sameiginlega með því að kaupa slíka þjónustu frá Reykjavíkurborg.

Ég hygg að það sé afar óeðlilegt að tala í þeim tón, sem hv. 4. þm. Vestf. gerði áðan, að það sé sjálfsagt að við göngum í öll þau tæki sem aðrir eiga. Það er ekkert sjálfsagt finnst mér. En hins vegar veit ég til þess að það liggja fyrir heimildir og boð um að gera það. Við skulum átta okkur á að þau tæki sem eru þar syðra eru ekki í eigu Íslendinga. En ég vil og taka það fram, að þeir aðilar sem þar stjórna hafa á allan hátt viljað veita þá þjónustu sem hefur komið okkur til góða og mundi koma okkur til góða og er það vissulega þakkarvert.

Það má út af fyrir sig segja að eðlilegt sé að flugumsjón sé á einni hendi. En á meðan það ástand ríkir að við erum með varnarlið í landinu verðum við að huga að því að þar eru öryggissjónarmið uppi einnig, og meðan svo er tel ég eðlilegt að þessi þáttur flugmálanna sé undir rn. utanrrh. og treysti því að svo verði áfram.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í þessar umr., en svona til öryggis vildi ég taka það fram í sambandi við ákvæði til bráðabirgða að ég er því samþykkur og ég tel raunar að það sé í samræmi við það sem verið hefur í framkvæmdinni, þar sem ég stend í þeirri meiningu að flugmálastjóri hafi farið með tækni- og flugöryggisvið á Keflavíkurflugvelli samkv. reglugerð eða samkomulagi sem þar um var gert á sínum tíma. Ég er því samþykkur þessu ákvæði eins og það er og tel að það geti vel gengið.

Það er að sjálfsögðu svo, að þó að utanrrh. fari með þessi mál er ekkert því til fyrirstöðu að það sé flugmálastjóri sem fer með málin undir hans yfirstjórn. Hitt er svo auðvitað annað mál, að endalaust má sjálfsagt deila um hvort rétt sé þessi skipting, sem á sér stað þarna á milli utanrrh. og annarra ráðh., þar sem flest mál sem tengd eru Keflavíkurflugvelli heyra undir þann mann sem fer með utanríkismál, en ekki undir hina einstöku ráðh. Það má sjálfsagt endalaust deila um hvort það sé eðlileg eða heppileg skipan. Ég ætla ekki að fara að kveða upp neinn dóm um það, en bendi bara á þá reynslu sem fyrir hendi er, bæði frá þeim árum þegar þessu var skipt á milli hinna einstöku ráðh. og svo þau nokkuð mörgu ár sem sú skipan hefur haldist sem nú gildir.

Ég tel að það eigi ekki að gera of mikið úr ágreiningi og árekstrum sem þarna hafa átt sér stað. Ég held að þeir séu ekki meiri en gengur og gerist annað slagið í kerfinu á milli embættismanna, sem dálítið eru viðkvæmir fyrir sínum verkahring. Ég held að þó að slíkir árekstrar hafi einstöku sinnum átt sér stað, og ég held reyndar að þeir hafi þá átt sér stað fyrir mína tíð í þessu starfi, hefði verið hægt að jafna þá og þeir hafi verið jafnaðir með góðri samvinnu. Ég skil það vel að flugmálastjóra hafi þótt nokkuð snúið að aðalflugvöllur landsins væri tekinn undan hans embætti. Ég ætla ekkert að fara út í hvernig og hvenær það var gert, en sú skipan sem nú er fylgt hefur átt sér stað í mörg ár og þar af leiðandi hefur embætti flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli festst í sessi. Mér sýnist að með því fyrirkomulagi sem þarna er sé sneitt fram hjá því að til árekstra þurfi að koma á milli þessara tveggja embættismanna. Það sem er höfuðatriðið er að flugöryggismál og flugtæknimál séu á einni og sömu hendi og það er eðlilegt, að mínu viti, að þau séu undir embætti flugmálastjóra. Þeir starfsmenn, sem fara með þessi mál, eru af honum skipaðir og bera auðvitað ábyrgð gagnvart honum.

Til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég taka það fram, sem öllum hér er auðvitað kunnugt, að það hafa ekki farið neinar fjárveitingar af íslensku fjármagni til Keflavíkurflugvallar, þannig að það hefur enginn ágreiningur komið til greina í því sambandi við skiptingu fjár á milli flugvalla. Allt sem byggt hefur verið þarna hefur verið byggt af öðrum aðilum en íslenska ríkinu. Sama er raunar að segja um rekstur flugvallarins. Það eru ekki fjárveitingar til hans á fjárlögum umfram það að ríkið greiðir laun þeirra manna sem eru í flugvallarstjórninni þarna og fást við þá starfsemi og flugstjórnarmanna. Allur annar reksturskostnaður er greiddur af öðrum aðila. Ég vil ekki nefna neina fjárhæð í því sambandi. Ég hef ekki blaðið við hendina um það efni og þó að ég hafi kannske eitthvað í huganum vil ég ekki vera að nefna neinar tölur í því sambandi. Það er þó óhætt að segja að það er talsvert há fjárhæð sem kostar að reka Keflavíkurflugvöll.

Ég vil undirstrika það, sem ég reyndar tók fram áðan, að ég held að ekki sé gerandi of mikið úr þeim ágreiningi og þeim árekstrum sem hafa átt sér stað í þessu sambandi. Þann tíma sem ég þekki til þessa hefur það gengið nokkurn veginn snurðulaust og hægt hefur verið að leysa með samkomulagi á milli okkar ráðh. ef eitthvað hefur bjátað á.

Ég vil taka það fram í sambandi við það sem ég sagði áðan, að þó að laun þeirra aðila sem ég nefndi séu að sjálfsögðu greidd af íslenska ríkinu gera tekjur þær sem koma af Keflavíkurflugvelli allmiklu betur en standa undir þeim. Það verður fyrst þegar farið verður að byggja nýja flugstöð sem kemur til kasta Alþingis að veita fé til framkvæmda á Keflavíkurvelli, en hingað til hefur ekki verið um slíkt að ræða og þess vegna hefur ekki verið um það að ræða að Keflavíkurvöllur hafi dregið til sín fé sem annars hefði farið til annarra framkvæmda í flugmálum. Þetta vildi ég taka alveg skýrt fram.

Ég get svo tekið undir það sem sagt hefur verið um flugmálastjóra, að hann hefur verið brautryðjandi í þessum málum og á lof fyrir það skilið. Hitt er líka náttúrlega rétt, að það hefur ekki verið lagt til flugmála á Íslandi af íslenska fjárveitingavaldinu það sem skyldi og sennilega hefur verið nokkurt vanmat í því sambandi á þýðingu flugsins. En ég held að enginn maður hafi lagt meiri áherslu á það en einmitt núv. flugmálastjóri að það þyrfti að verða stefnubreyting í þessum efnum, þar sem hann hefur æ ofan í æ t. d. skýrt frá hörmulegu ástandi á mörgum flugvöllum hér á landi og jafnvel svo að þeim

ætti samkv. réttum reglum að loka.

Það er vonandi að þetta frv., t. d. þetta um áætlunargerð, ýti við mönnum. Ég get alveg tekið undir það sem hér hefur komið fram, því að ég held að ekki hafi verið rétt hlutfall á milli þess sem hefur farið til flugmála og svo annarra samgönguþátta, sem allir eru þó auðvitað nauðsynlegir og allir í mikilli þörf. Sérstaklega er auðvitað vert að undirstrika að flugið er dálítið sérstakt að því leyti að það verður að gera alveg sérstakar kröfur til öryggismálanna. Ég held að flugmálastjóri hafi nokkuð til síns máls þegar hann telur að fjárveitingavaldið hafi ekki verið mjög hlustnæmt þegar hann hefur rakið ástand þessara mála fyrir því.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins drepa á nokkur þau atriði sem hér hafa verið nefnd.

Hv. 5. þm. Vesturl. talaði um hæfnisskilyrði þau sem sett eru í 2. gr. Ég er honum út af fyrir sig alveg sammála að svona lagað orkar alltaf tvímælis. Það er ekki hægt að vísa í ákveðna menntun. Það má vel vera að svona skilyrði haldi ekki vel. Engu að síður eru þarna vissar leiðbeiningar, hygg ég, þannig að varla yrði maður skipaður flugmálastjóri sem hefði aldrei nálægt flugmálum komið. Reyndar held ég að ákvæði þau sem þarna eru um almenna og góða þekkingu á flugmálum hljóti að einangra skipun flugmálastjóra við mann sem hefur starfað að flugmálum allmikið. En ég er sammála hv. þm. um að þetta orkar tvímælis. Reyndar hef ég verið þeirrar skoðunar, að engin slík skilyrði eigi að vera í lögum og það eigi að vera frjálst að velja hæfasta manninn. Ég geri ekki miklar aths. við þetta.

Hins vegar kom hv. 5. þm. Vesturl. og sömuleiðis hv. 3. landsk. þm. að því, að vald flugráðs væri mjög skert. Hv. 3. landsk. þm. taldi að ekki væri hér um þá valddreifingu að ræða sem þyrfti að vera. Ég held að hér sé um mikinn misskilning að ræða. Í gildandi lögum segir: „Flugráð fer með stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra." Ég kannast bókstaflega varla við nokkurt mál sem hefur ekki komið til ráðh., ef það hefur verið nokkurs virði. Það eru örfá smámál sem ekki hafa komið þangað. Í starfsreglum, sem settar voru 1976, segir að flugráð skuli senda öll mikilvæg mál til samgrn. Hitt er svo annað, að þetta hefur valdið alls konar misskilningi í meðferð fjölmargra daglegra mála og stundum hefur jafnvel orkað tvímælis hvort flugmálastjóri hafi heimild til að koma með mál sín beint til rn. án þess að þau fari fyrir stjórn sem kemur þó ekki saman oftar en aðra hverja viku. Það er útilokað að bíða með fjölmörg slík mál eftir fundum flugráðs og þess vegna hafa þær starfsvenjur skapast, að flugmálastjóri hefur komið beint með fjöldann allan af málum til rn. og hefur reyndar haft beint samband við önnur rn., eins og t. d. fjmrn., um mál sem undir slík rn. falla. Hér er því verið að reyna að greina þarna á milli þannig að slíkur misskilningur þurfi ekki að vera.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf., að 5. gr. er e. t. v. ein sú mikilvægasta í þessu öllu. Þar er nú í fyrsta sinn tekið mjög ákveðið á þeim verkefnum sem falla undir flugmálastjórn. 5. gr. er mjög mikilvæg og skilgreinir langtum betur en áður var. Reyndar var engin viðunandi skilgreining til á því hvert væri verkefni flugmálastjórnar og þar með flugmálastjóra.

Það er rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl., að 8. gr. mætti orða betur. Ég er sammála því. En svona vill nú stundum fara þegar verið er að hlaupa með mál á milli margra aðila og breyta einu til tveimur orðum í hvert skipti. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að þeir sem með þetta mál fóru lögðu sig mjög fram um að mæta hugmyndum sem flestra sem að þessum málum koma. Það orkar alltaf tvímælis, en góðar leiðbeiningar voru teknar til greina og greinin því umorðuð með tilliti til þeirra. Það er alls ekki ætlunin með þessari grein að draga úr þeim verkefnum sem flugráð sinnir sem mikilvægustum í dag, en hins vegar á að fella brott hin ýmsu smærri verkefni sem eðlis síns vegna heyra beint undir rn. í öllum tilfellum.

Hv. þm. kom að því, að hann vildi að flugráð hefði eitt með útgáfu flugrekstrarleyfa að gera. Það er vitanlega veruleg breyting frá því sem nú er. Flugráð hefur ekki haft með það að gera. Hv. þm. kom inn á skipan flugmála og deildi á mig fyrir það. Við höfum áður tekið sennur um það mál í Sþ. og ég ætla ekki að fara að hefja umr. hér um það. Ég er honum algerlega ósammála. Ég tel að sú einokun, sem hefur verið hér á flugi, hafi reynst mjög illa. Ég tel að það hafi verið mistök 1974 að sameina flugfélögin. Ég tel að þá hafi átt að skipta leiðum eins og nú er gert. Það ástand sem þá hafði skapast var ófremdarástand, það er rétt, en í staðinn fyrir að sameina flugfélögin átti að skipta leiðum. Það vill svo til að ég sat í flugráði þá, en ég man varla eftir að flugráð væri um þetta mál spurt nema á hlaupum svo að við fengum lítið um það að fjalla þar. Hins vegar lýsti ég sjónarmiðum mínum á hinu háa Alþingi, þegar málið var rætt. Ég tel að nokkur samanburður sé þarna nauðsynlegur og samkeppni og að því er stefnt, eins og reyndar var um rætt í Sþ. í sambandi við þáltill. sem hv. þm. er flm. að þar ásamt öðrum. Ætla ég svo ekki að fara fleiri orðum um þetta ágreiningsmál.

Minnst var á slökkviliðið. Það er oft búið að fjalla um, m. a. í flugráði, að sameina þessi tvö slökkvilið. Staðreyndin er sú, að það verður að gera þær kröfur að slökkvilið sé á flugvellinum. Það verður að vera staðsett þar sem það á skjótastan aðgang að flugvellinum. Allir eru sammála um það. Því getur vel komið til greina sameining þarna. En það breytir því ekki, að slökkvistöð verður að vera við flugbrautina. Sú krafa er gerð samkv. alþjóðareglum. Hvort sem slökkviliðsstjórinn er einn og sá sami, þá er alveg ljóst að starfsmenn, slökkvitæki og slökkvistöð verða að vera á báðum stöðum. Það getur vel verið að í þjálfun o. fl. megi ná einhverjum sparnaði. Staðreyndin er þó sú, að slökkviliðsmenn sem með slík mál fara á flugvöllum eru nokkuð sérþjálfaðir. Sömuleiðis hafa þeir komið að þjálfun starfsmanna flugmálastjóra um allt land, þar sem ekki eru sérstakir slökkviliðsmenn en slökkvitæki sem flugvallaumsjónarmönnum er ætlað að fara með. En ég vil taka það skýrt fram, að ekki hef ég á móti því ef hægt er að finna þarna leið til sparnaðar, enda væri — ég undirstrika það — ekki dregið á nokkurn hátt úr öryggisþættinum.

Ég ætla að koma síðar að því sem rætt var um Keflavíkurflugvöll. En hv. 3. landsk. þm. ræddi dálítið um verkaskiptinguna og reyndar kemur hann þá strax inn á mál Keflavíkurflugvallar. Það er misskilningur hjá hv. þm. að flugmálastjóri hafi ekki einnig mikið að gera með erlenda aðila, því að flugmálastjóri og hans stofnun sér um alla flugumsjón yfir Norður-Atlantshafið. Hún fer fram frá Reykjavíkurflugvelli. Það eru náttúrlega allt

erlendir aðilar. Ég hygg að hv. þm. muni hafa átt við varnarliðið sem slíkt. Það er rétt að flugmálastjóri hefur ekki með samskipti við það að gera.

En hv. þm. minntist svo dálítið á það hörmulega slys sem varð, sem ég ætla ekki að gera að miklu umræðuefni. Ég verð þó vegna misskilnings sem mér fannst koma fram hjá hv. þm. að rekja aðeins aðdraganda þess máls, sem ég setti mig mjög vel inn í.

Samkomulag varð um það við varnarliðið — ég hygg að það hafi verið á árinu 1976 eða svo — að byggður yrði flugturn og nýr radar, sem er með tvo skerma á einum ási. Annar skermurinn er hentugur til að gefa merki vegna yfirflugs yfir þetta flugumsjónarsvæði og var þegar ákveðið að flytja það merki inn á Reykjavíkurflugvöll og í þá flugumsjón sem þar er staðsett fyrir þetta flugumsjónarsvæði. Samkomulag hefur náðst um það við alþjóðaflugmálastofnunina að hún taki þátt í þeim kostnaði. Hins vegar er þar annar skermur sem hentar fyrir aðflugsstjórn meira staðbundið, sérstaklega þá inn á Reykjavíkurflugvöll og í nágrenni Reykjavíkurflugvallar því að hann getur náð til stærra sviðs. Þegar þjálfun fór fram á mönnum fór hún fram undir umsjá flugmálastjóra og loftferðaeftirlits og þá var gert ráð fyrir að þessi radar yrði mannaður. Hins vegar var mönnum flugmálastjóra af einhverjum ástæðum neitað um aðgöngu að turninum þegar manna átti þennan radar 1979. Þetta liggur allt fyrir skriflega og bréflega, m. a. frá varnarmáladeild, þar sem flugmálastjóra er tjáð að aðgang að flugturninum fái eingöngu starfsmenn varnarmáladeildar. Svo má um það deila hvort flugmálastjóri og þáv. samgrh. áttu að beygja sig undir það og biðja starfsmenn varnarmáladeildar að taka að sér umsjón með aðflugi inn á Reykjavíkurflugvöll. Ég get ekki hugsað mér það. Ég segi það bara hreint út: Ég veit ekki hvar komið er stjórn flugmála ef sú skipun á að festast í sessi. Ég get ekki hugsað mér það.

Sem betur fer hefur þetta mál leyst, og ég er sammála því að vitanlega hefði átt að leysa það fyrr með samkomulagi okkar utanrrh., þannig að starfsmenn sem þarna eru eru starfsmenn flugmálastjóra og engir sambúðarerfiðleikar, að því er ég best veit, á milli starfsmanna þar suður frá. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm., að með því að þeir eru starfsmenn flugmálastjóra verða þeir að vera fleiri. Síðan þyrftu þeir að ganga á vaktir, sem hinir gætu þá fremur sinnt.

Á þessu máli eru tvær lausnir: Önnur er sú, að fallast þá á að starfsmenn varnarmáladeildar utanrrn. annist flugleiðsögn í gegnum radarinn á Suðvesturlandi og inn á Reykjavíkurflugvöll. Þá gætu þeir orðið færri. Ég hef tekið fram, að ég get ekki fellt mig við þá lausn. Ég hef fallist á og hef enga brtt. við að utanrrh. fari með stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli, en mér þykir nokkuð langt gengið ef hann á að taka að sér yfirstjórn radaraðflugs að Reykjavíkurflugvelli og ég hef ekki orðið var við að núv. hæstv. utanrrh. seildist eftir því.

Hitt er svo lausn sem hefur töluvert verið rædd. Það er ekkert því til fyrirstöðu að færa einnig merkið frá þessum radarskermi til Reykjavíkur. Það kostar 100 þús. kr. til viðbótar, sem er alls ekki meiri fjárhæð en það kostar að halda úti fjórum flugumsjónarmönnum og flytja leiðsögn þeirra eftir símalínum til Reykjavíkur, sem kostar töluvert á ári hverju því það þarf að leigja sérstakar símalínur til þess. Um þetta var nokkur misskilningur í upphafi, en það er nú upplýst að þetta má gera og ég hef gert tillögu um að merkið verði flutt og þá verði flugumsjón öll hér á Reykjavíkurflugvelli.

Þarna er sem sagt um tvær leiðir að ræða og ég tel þá síðari eðlilega með tilliti til þess að hinir mennirnir eru ekki undir stjórn flugmálastjóra og flugmálaráðh. og ráðuneytis.

Eitt kom mér dálítið undarlega fyrir eyru, þegar hv. þm. sagði að tækin væru í eigu varnarliðsins. Þetta kann að vera rétt, ég þekki ekki svo vel til, en ég man ekki betur en flugturninn væri með pompi og prakt afhentur íslenskum stjórnvöldum, vígður o. s. frv. Ég hélt satt að segja að tækin þarna suður frá væru í íslenskri eigu, en hæstv. utanrrh. veit þetta náttúrlega betur. A. m. k. finnst mér að þau ættu að vera alveg skilyrðislaust í íslenskri eigu, en ekki í eigu varnarliðsins. Þetta er íslenskur flugvöllur, sem varnarliðið hefur aðgang að og hefur greitt kostnaðinn af alls konar framkvæmdum við. Við getum sagt það séu leigugjöld vegna afnota af flugvellinum. Ég tel því að það eigi að kippa þessu í lag, ef þetta er rétt hjá hv. 3. landsk. þm.

Ég vil taka undir það, að ekki er ástæða til að gera mikið úr árekstrum. Það hefur tekist að leysa þau mál undanfarið, eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. Ég hef sett bráðabirgðaákvæðið í frv. eins og hæstv. utanrrh. hefur mælt með því. Við höfum að sjálfsögðu fjallað um þetta og það kom fram í ræðu hans að hann er sáttur við ákvæðið eins og það er.

Ég tók eftir því, að hæstv. utanrrh. sagði að það væri ekkert því til fyrirstöðu að flugmálastjóri færi með yfirumsjón þessara mála undir stjórn utanrrh. Ég lít á það sem málefni utanrrh. frekar en samgrh. hverjum hann felur þá milligöngu. En ég tek undir það, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að ekkert sé því til fyrirstöðu og ég tel það að ýmsu leyti eðlilegra. Hins vegar hefur önnur skipan verið á.

Eitt er það atriði sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að flugmálstjóri fer, eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða, með öryggismálin og ber þannig ábyrgð á þeim. Það er rétt, að loftferðaeftirlitið gefur starfsskírteini út fyrir þá menn sem að þeim málum starfa, t. d. flugumferðarstjóra og þá sem eru í flugturninum og fara með stjórn radarsins, og margt fleira. Hins vegar er það utanrrn. sem ræður þessa menn. Er það ekki rétt hjá mér? Ég hef a. m. k. aldrei haft tækifæri til að ráða neinn. (Gripið fram í.) Já, flugumferðarstjóra í flugturninum. Það er þetta sem hefur valdið vissum stirðleika. Sagt hefur verið, að þó að þeir séu vissulega með vottorð frá loftferðaeftirlitinu hafi flugmálastjóri ekki heimild til að vísa þeim frá starfi, t. d. ef eitthvað kemur fyrir, og þetta hefur valdið vissum ágreiningi, sem tekist hefur að leysa. Ég tel fyrir mitt leyti að þarna sé viss hnútur á. Það væri eðlilegra að sá maður sem er ábyrgur fyrir öryggismálunum sé einnig yfirmaður allra þeirra manna sem að þeim málum starfa. En eins og ég hef margsagt hef ég ekki lagt til breytingu á því sem nú er og tek undir það með hv. 4. þm. Vestf., að það er ekki eðlilegt að þessi lög breyti þessu fyrirkomulagi. Ég hygg það séu fremur lög um stjórnarráð sem sköpuðu grundvöll til þessarar skiptingar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. talaði hér áðan. Ég skal ekki fara út í einstök atriði þess sem hann sagði.

Mér þykir þó ástæða til að koma að einu sem fram kom í hans ræðu. Hann sagði að ég hefði látið orð að því liggja

að það væri sjálfsagt að við gengjum í öll þau tæki sem væru á flugvellinum. Þetta sagði ég ekki og ég sagði ekkert í minni ræðu sem gefur tilefni til að gera mér upp þessi orð. Þess vegna vildi ég leiðrétta það.

Hæstv. samgrh. vék að eignarhaldi á þessum tækjum. Ég vil gera hans orð að mínum því að ég hef haldið að Íslendingar ættu þessi tæki. Ef þeir eiga þau ekki er kominn tími til þess að við eigum óskoraða eignaraðild að þeim.

Hv. 3. landsk. þm. sagði að það væri eðlilegt að mál Keflavíkurflugvallar heyrðu undir utanrrh. Þetta er hans skoðun. Ég sagði hins vegar að ég gerði það ekki að tillögu minni að gerð yrði breyting í þessu efni. Ætli ég sé ekki nokkuð sammála því sem hæstv. utanrrh. sagði um þetta efni. Það má endalaust deila um hvort utanrrh. skuli fara með mál Keflavíkurflugvallar, eins og hæstv. utanrrh. sagði. Ég hygg að það sé. En í þessum umr. hef ég ekki gert það atriði að umtalsefni undir hvaða ráðh. völlurinn heyrði, heldur hitt. að flugmálastjóri fari með öll mál Keflavíkurflugvallar sem varða flugmál. Hæstv. utanrrh. sagði um það efni að ekkert væri því til fyrirstöðu að svo væri. Það er náttúrlega ákvörðunarefni hvað gera skal í því efni. En mín skoðun er sú, að það sé rétt að svo sé og á það benti ég í fyrri ræðu minni í þessum umr.

Hæstv. utanrrh. sagði að það væri ekki rétt að gera mikið úr ágreiningi sem hefði verið milli starfsmanna flugmálastjóra annars vegar og flugvallarstjóra hins vegar á Keflavíkurflugvelli. Það kann að vera. Það sem ég sagði um þetta efni var aðallega fólgið í því að taka undir það sem hæstv. samgrh. hafði sagt um það efni. Mér sýnist enn frekar eftir það sem hæstv. samgrh. sagði í síðari ræðu sinni ekki ástæða til að horfa alveg fram hjá þessum þætti, þ. e. þeim ágreiningi sem orðið hefur.

Hæstv. utanrrh. ræddi nokkuð um fjárveitingar til flugvallarins og gat þess, að Íslendingar hefðu ekki lagt fé til flugvallarins. Hæstv. utanrrh. vék líka að því áhugamáli okkar margra að koma upp flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Það er ekkert nema gott um það að segja að hæstv. utanrrh. noti tækifærið í þessum umr. til að undirstrika það mál. En ég sé enga ástæðu til þess að ræða frekar um það, enda er enginn ágreiningur í þessum efnum milli mín og hæstv. utanrrh.

Hæstv. samgrh. sagði að það hefði verið rangt sem vinstri stjórnin gerði, stjórn Ólafs Jóhannessonar, að sameina flugfélögin. Ég er hæstv. samgrh. sammála um þetta. Þetta er eitt af því sem sú ríkisstj. gerði rangt. En jafnvel þó að um sé að ræða loforð vinstri stjórnar, eins og þau sem gefin voru hinu nýja félagi þegar sameiningin var gerð, verður, jafnvel þó um loforð vinstri stjórnar sé að ræða, að taka tillit til þess sem lofað hefur verið. Ég vil benda hæstv. samgrh. á það.

Hæstv. samgrh. er sammála okkur hæstv. utanrrh. um að það geti verið hvort heldur, að við höldum áfram þeirri skipan sem nú er, að utanrrh. fari með mál Keflavíkurflugvallar, eða að við breytum. Ég held að við séum sammála um þetta. En þetta er ekki meginþráðurinn í því sem ég hef verið að segja, heldur hitt, sem ég spurði hæstv. samgrh. um og hann svaraði ekki, hvað mæli gegn því að flugmálastjóri fari með öll flugmál Keflavíkurflugvallar. (**Sjútvrh.:** Ég kom að því og sagði að gegni því mælti ekkert.) Hæstv. ráðh. segir úr sæti sínu að ekkert mæli gegn því. En þá er ég reiðubúinn að koma með aðalspurninguna: Vill hæstv. ráðh. þá beita sér fyrir því, að í meðferð þessa máls verði bráðabirgðaákvæðinu breytt á þann veg að flugmálastjóri fari með öll flugmál á Keflavíkurflugvelli? Ég hef ástæðu til að spyrja hæstv. samgrh. að þessu. Ég tel mig hafa fært sterk rök fyrir því að það eigi að gera þetta og ég tel mig hafa sýnt fram á að hæstv. samgrh. sé ekki ánægður sjálfur með aðra skipan. Ég spyr því: Vill hæstv. ráðh. beita sér fyrir því að koma á þeirri skipan að flugmálastjóri fari með öll flugmál á Keflavíkurflugvelli?

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Mér þykir undarlegt ef það liggur ekki ljóst fyrir hver á tækin sem eru þarna suður á Keflavíkurflugvelli í flugturninum. Ég held að það hljóti að fást upplýst. Ég hef reyndar þær upplýsingar að þau séu ekki í eigu íslenska ríkisins og það sé þess vegna sem þessi ágreiningur sé uppi. Ef svo er hins vegar að íslenska ríkið á þetta allt saman og á sama hátt og þau örfáu tæki sem eru hér í Reykjavík, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að stjórn flugumferðar fari fram frá Keflavíkurflugvelli og það sé eðlilegt að nýta þau tæki sem til eru.

Ég minntist á það áðan, að við þetta ástand, sem við búum nú við, þarf fjóra menn til að sinna starfi sem einn maður gæti stundað. Það er mjög miður. Það þykir mér og miður að þetta þurfi að vera menn sem ráðnir eru héðan. Þrír þeirra þurfa að aka á hverjum degi til og frá Reykjavík. Ekki fá þessir menn að ráða sig frá Keflavík eða Suðurnesjum.

Það er eitt spaugilegt við þetta líka. Fjórði maðurinn sem starfar við þetta hefur starfað í nokkur ár í Reykjavík og þurft að aka daglega á eigin kostnað til Reykjavíkur í vinnu. Hvað eftir annað fór hann fram á að fá kílómetragjald fyrir það, hvað ekki fékkst. Þegar hinir mennirnir þrír eru hins vegar ráðnir til Keflavíkur, þá fá þeir kílómetragjald frá Reykjavík til Keflavíkur. Þetta eru skringilegheit sem var rétt að segja frá, en koma afskaplega undarlega fyrir sjónir.

Varðandi þann ágreining, sem uppi hefur verið, tek ég undir að við eigum ekki að gera allt of mikið úr honum. Þegar ágreiningur er hafa menn sitt hvort sjónarmiðið. Þeir þar syðra hafa allt önnur sjónarmið en flugmálastjóri sjálfsagt hefur. Reyndar má segja um tilurð þessa ágreinings og að starfsmönnum var neitað 1979 að koma héðan frá Reykjavík til að taka við þar syðra, að það mál heyrir sögunni til. En nú er byggt á sömu rökum og áður. Það var hægt að sinna þessum störfum af því starfsliði sem til staðar er þar í flugturninum á Keflavíkurflugvelli og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það sé gert þannig og þá eftir ósk flugmálastjóra í Reykjavík.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég taldi mig reyndar hafa svarað spurningu hv. 4. þm. Vestf. Ég vísaði í ummæli hæstv. utanrrh. og tjáði mig sammála honum um að ekkert væri því til fyrirstöðu að flugmálastjóri væri undir yfirstjórn utanrrh. yfirmaður flugmála á Keflavíkurflugvelli. Ég sagði hins vegar, að flugmál á Keflavíkurflugvelli heyrðu undir hæstv. utanrrh. Þess vegna verður hæstv. utanrrh. að ákveða hvaða skipan hann vill hafa að þessu leyti og hann yrði þá að beita sér fyrir slíkri breyttingu. Ég upplýsti að ákvæðið til brb. er samið í fullu samráði við hæstv. utanrrh.

Út af því sem hv. 3. landsk. þm. sagði, vil ég aðeins ítreka það, að að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að

flugumsjón fyrir Reykjavíkursvæðið komi frá Keflavík, en ég endurtek að það getur ekki bara verið að ósk flugmálastjóra, heldur verður sá starfsmaður að vera *undir hans stjórn*.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. upplýsti að ég hefði ekki beint spurningu minni til rétts aðila. Ég spurði hæstv. samgrh., en hann hefur tjáð okkur að ég hefði átt að spyrja hæstv. utanrrh. Ég vil því beina sömu spurningu til hæstv. utanrrh., hvort hann vilji beita sér fyrir því að flugmálastjóri fari með öll flugmál á Keflavíkurflugvelli. Ég spyr hæstv. utanrrh. með því að hæstv. samgrh. hefur tjáð mér að ég ætti að beina þessari spurningu til hæstv. utanrrh. (Gripið fram í.) Já, ég spurði hvort hæstv. utanrrh. vildi beita sér fyrir því, að á meðferð þessa máls, sem við nú ræðum, verði gerð sú breyting að flugmálastjóri fari með öll flugmál á Keflavíkurflugvelli. Þetta er spurningin. Ég tel að þó að ég hafi ekki spurt hæstv. utanrrh. fyrst að þessu hafi ég fulla ástæðu og hafi haft til að spyrja hann þegar í stað að þessu, miðað við ummæli hans áðan um þessi efni.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svarið við þessari spurningu er nú ósköp stutt, og það er bara eitt nei.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Loftferðir, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Segja má að frv. þetta sé fylgifrv. með því sem við ræddum hér áðan, um stjórn flugmála. Nefnd sú sem ég skipaði og greindi frá gerði tillögur um breytingu á lögum um loftferðir frá 1964.

Í 3. mgr. 141. gr. gildandi laga segir svo, með leyfi forseta: „Skylt er flugmálaráðh. að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið". Lagt er til að í stað þessarar setningar komi það sem ég les nú, með leyfi forseta:

„Flugmálaráðh. skal skipa 5 kunnáttumenn til fjögurra ára í senn í rannsóknarnefnd flugslysa. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins.

Rannsóknarnefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til".

Ég sé ekki ástæðu til að lesa meira, en ég vildi lesa þessar tvær málsgr. Þar kemur fram, að með þessu frv. er ætlunin að gera ákveðin um nefnd sem kanni orsakir flugslysa miklu fyllri en nú eru. Einnig er tilgangurinn með þessu frv. að kveða á um að rannsóknarnefndin starfi sjálfstætt og óháð. Þar með er verið að vissu leyti að kveða á um að rannsóknarnefndin starfi óháð loftferðaeftirliti sem slíku. Að því hefur oft verið fundið, að loftferðaeftirlit og rannsókn flugslysa séu meira og minna undir einum og sama hatti þ. e. flugmálastjórn og því kunni í einstökum tilfellum að skapast viss hagsmunaárekstur, ef ég má orða það svo. Hér er leitast við að draga úr þeim möguleika.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 3). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sem 1. flm. að þessu frv. gerði ég till. um allshn. Ég óska eftir því að forseti fari að því leyti að þinghefð, að hann beri fyrst upp nefnd sem 1. flm. leggur til. Sú till. sem forseti gerir var frá hv. 7. þm. Reykv., Guðmundi J. Guðmundssyni. Ég mótmæli því að sú stéttaskipting sé viðhöfð hér í þinginu að hann teljist til fyrstu stéttar en ég til þriðju. Við erum jafnir.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þetta eru mistök forseta. Skráð hafði verið annað, að vísu ekki með minni hendi þegar ég fletti því upp, en till. hv. þm. var allshn. og vitanlega verður það borið fyrst upp. En síðar hafði verið lögð fram till. um félmn. Eru þetta mistök forseta, en ekki að hann hafi ráðað neinum stéttum niður fyrir sér. (Gripið fram í.) Það er svo annað mál, sem krefst þá sérstakrar umr., og má það vel verða þótt síðar verði. En það er till. um allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 18:4 atkv.

Neyðarbirgðir olíu, frv. (þskj. 33). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um neyðarbirgðir olíu o. fl. sem varðar aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni. Frv. þetta er endurflutt, en það var fyrst lagt fyrir Alþingi í lok síðasta þings. Þá flutti ég nokkuð ítarlega framsöguræðu, sem ég leyfi mér að vísa til, en hún er birt í Alþingistíðindum, 25. hefti 1981—82, bls. 4478.

Ennfremur fylgdi frv., þegar það var lagt fram hér s. l. vor, ítarleg og vönduð grg. sem ennþá fylgir því. Það eru nokkur fskj. sem fylgja grg. Það er í fyrsta lagi samningur um alþjóðaorkuáætlun, bæði á enskri tungu og í íslenskri

þýðingu. Það er í öðru lagi áætlun um langtímasamstarf, sem einnig fylgir bæði á ensku og íslensku, og það er í þriðja lagi fskj. III, markmið og meginreglur orkustefnu, sem einnig fylgir á þessum báðum málum.

Alþjóðaorkustofnuninni var komið á fót árið 1974 sem sjálfstæðri alþjóðastofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Samstarf aðildarríkja stofnunarinnar er grundvallað á samningi um alþjóðaorkuáætlun sem einnig var gerður árið 1974. En það ber að undirstrika að Alþjóðaorkustofnunin er ekki alþjóðastofnun sem stendur aðildarríkjunum ofar. Hins vegar er í samningum um alþjóðaorkuáætlun kveðið á um víðtæk réttindi og skyldur aðildarríkja. Gleggst kemur þetta fram í olíuneyðarkerfi stofnunarinnar og má um það vísa í framsöguræðu mína frá í vor og grg. með frv.

Eins og ég sagði áður var Alþjóðaorkustofnuninni komið á fót hinn 15. nóv. 1974 með ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar og greiddi fulltrúi Íslands í ráðinu atkv. með þeirri ákvörðun. Hinn 18. nóv. 1974 var samningur um alþjóðaorkuáætlun, sem starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur grundvallast á frá þeim degi, síðan undirritaður af fulltrúum 16 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Ísland var ekki í þeim hópi.

Í skýrslu sinni til ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar í sept. 1979 gerði fimm manna olíuviðskiptanefnd, sem dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri Seðlabanka Íslands, var formaður fyrir, m. a. almenna grein fyrir Alþjóðaorkustofnuninni, skipulagi, starfi og aðildarskilmálum. Mælti nefndin með því að Ísland óskaði eftir aðild að stofnuninni. Einn nm. hafði þó fyrirvara á um þessa afstöðu.

Ríkisstjórn Benedikts Gröndals ákvað í lok okt. 1979 að efna til könnunarviðræðna við fulltrúa Alþjóðaorkustofnunarinnar um hugsanlega aðild Íslands að stofnuninni. Ákvað ríkisstj. síðan snemma í jan. 1980 að skipuð skyldi nefnd til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar náið. Af hálfu viðskrh. voru skipaðir í nefndina Jón Ögmundur Þormóðsson, deildarstjóri í viðskrn., formaður, Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri í iðnrn., Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur í utanrrn., og Geir H. Haarde, ritari olíuviðskiptanefndar. Hóf nefndin störf um miðjan jan. og kannaði málið ítarlega, m. a. allar ákvarðanir stjórnarnefndar stofnunarinnar og ýmis önnur gögn frá henni. Skömmu eftir myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens átti formaður nefndarinnar ásamt Einari Benediktssyni sendiherra, fastafulltrúa Íslands hjá Efnahags- og framfarastofnuninni, og Sveini Björnssyni, þáv. viðskiptafulltrúa við sendiráð Íslands í París, könnunarviðræður í París við framkvæmdastjóra og aðra forráðamenn Alþjóðaorkustofnunarinnar, nánar tiltekið dagana 25.—28. febr. 1980. Við sama tækifæri var einnig rætt við fastafulltrúa Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hjá stofnuninni. Í könnunarviðræðum þessum var einkum fjallað um á annað hundrað skriflegar spurningar um Alþjóðaorkustofnunina, skipulag, starf og aðildarskilmála, sem nefndin hafði útbúið. Fengust munnleg svör við spurningunum í viðræðunum, en mikilvægustu spurningunum var einnig svarað skriflega síðar. Talið var nauðsynlegt að gera síðan ítarlega nefndarskýrslu um mál þetta, sem byggja mætti á við ákvarðanatöku, en nefndinni var ekki falið að gera tillögu um það hvort Ísland skyldi gerast aðili að stofnuninni eða ekki. Við undirbúning skýrslunnar var m. a. leitað til íslensku olíufélaganna um nauðsynlegar upplýsingar varðandi olíugeymarými og olíubirgðahald hér á landi. Skýrslan var afhent viðskrh. um miðjan júlí 1980. Síðan var hún lögð fyrir ríkisstj. og henni dreift til ýmissa aðila, m. a. þingflokkanna.

Rétt þótti að gera grein fyrir nauðsynlegri löggjöf í skýrslunni um leið og samningurinn um alþjóðaorkuáætlun var reifaður, enda þarf atbeina Alþingis til að tryggja framkvæmd samningsins ef Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Fæst þannig heildaryfirlit yfir málefni stofnunarinnar eins og þau horfa við Íslandi. Við samningu lagafrv. var m. a. höfð hliðsjón af danskri og sænskri löggjöf um þessi efni, en einnig íslenskum lögum um viðbúnað við sérstakar aðstæður, t. d. lögum um heimild fyrir ríkisstj. til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, nr. 37 12. júní 1939.

Nefnd skipuð fulltrúum aðila að núv. ríkisstj., þeim Guðmundi G. Þórarinssyni alþm., Ólafi Ragnari Grímssyni alþm. og Jóni Ormi Halldórssyni, aðstoðarmanni forsrh., kannaði svo málið sérstaklega, m. a. þau atriði nefndarskýrslunnar sem snerta mörkun sérstöðu af Íslands hálfu vegna aðildar, og aflaði nánari upplýsinga, m. a. um þróun olíumála.

Þetta frv. eða nákvæmlega sams konar frv. var svo lagt fyrir Ed. Alþingis á s. l. vori og rætt þar, en dagaði uppi vegna þingslita og er nú, eins og ég tók fram áður, lagt fram hér á hv. Alþingi í annað sinn.

Eins og kemur fram í 1. gr. frv. er ríkisstj. heimilt að gerast fyrir Íslands hönd aðili að samningi um alþjóðaorkuáætlun, sem gerður var í París hinn 18. nóv. 1974, eins og honum hefur verið breytt, með þeim skilyrðum sem greind eru í aths. við grein þessa. Ríkisstj. er þetta heimilt ef lagafrv. þetta verður að lögum. Í grg. er gerð grein fyrir samningnum um alþjóðaorkuáætlunina sem er grundvöllur að aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég vil leyfa mér að lesa innganginn vegna þess að hann er stuttur. Hann er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í inngangsorðum samningsins um alþjóðaorkuáætlun segir m. a. að þátttökulöndin vilji stuðla að öruggum olíuaðdráttum á hóflegum og sanngjörnum kjörum og séu ákveðin í að gera í sameiningu virkar ráðstafanir til að takast á við olíuaðdráttaneyð með því að verða sjálfum sér nóg um olíu á neyðartímum, takmarka eftirspurn og úthluta tiltækri olíu milli landa sinna á sanngjarnan hátt. Löndin vilja gegna virkara hlutverki gagnvart olíuiðnaðinum með því að koma á víðtækri alþjóðlegri upplýsingamiðlun og skapa varanlega aðstöðu til samráðs við olíufélög. Þau eru ákveðin í að verða óháðari olíuinnflutningi með því að taka þátt í langtíma samstarfi um orkusparnað, hraðari þróun annarra orkugjafa, orkurannsóknir og þróun og úranauðgun. Jafnframt er stefnt að auknu samstarfi við olíuframleiðslulönd og önnur olíunotkunarlönd, m. a. þróunarlönd."

Þessi samningur fjallar efnislega um í fyrsta lagi neyðarbirgðir olíu sem er eitt aðalatriðið í þessu máli öllu. Vildi ég í því sambandi leyfa mér að vísa til framsöguræðu minnar fyrir málinu í Ed. á s. l. Alþingi. Sá kafli hennar sem fjallaði sérstaklega um þetta var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Einn þáttur neyðarkerfisins er sá, að aðildarríkin skuli eiga neyðarbirgðir olíu til 90 daga. Það jafngildir 129 þús. tonnum samanlagt af þremur helstu olíutegundum Íslendinga: gasolíu, svartolíu og bensíni. Miðað við birgðarými olíufélaganna um þessar mundir — þá er

ég að tala um marsmánuð á þessu ári — 228 þús. tonn, er ekki þörf á að auka birgðarými hér á landi til að rúma 90 daga birgðir. Skapar aðild því ekki kostnað að þessu leyti. Hefur birgðarýmið aukist að undanförnu samhliða því sem notkun olíu hefur minnkað. Sé gengið út frá að íslensk stjórnvöld telji 90 daga neyðarbirgðir eðlilegar, hvort sem Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki, yrði út af fyrir sig ekki um að ræða aukakostnað vegna aukins birgðahalds samfara aðild Íslands að stofnuninni. Það er skoðun mín að eðlilegt sé að miða við 90 daga markið eins og gert er hjá nágrannaþjóðum okkar. Sumar þeirra liggja reyndar iðulega með mun meira af olíu auk hernaðarbirgða. T. d. voru birgðir til 130 daga notkunar í ársbyrjun 1981 og 1982 í ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu. En með tilliti til þess að Ísland er eyja, allafskekkt, virðist sérstök ástæða til að huga að olíubirgðum og einnig með tilliti til þess, að íslenskir atvinnuvegir eru með þeim hætti að við verðum mjög að treysta á olíuna sem orkugjafa.

Það er nokkuð útbreidd skoðun að besta ráðið til að tryggja hér á landi nægar olíubirgðir sé að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Birgðahald olíu hefur aukist talsvert á undanförnum misserum og voru meðalbirgðir áranna 1980—81 95 þús. tonn af þremur helstu olíuvörunum. Jafngildir það 74% af því sem þarf eða 66 daga birgðum. Með hliðsjón af þessu þyrfti Ísland að auka birgðahald sitt um 34 þús. tonn til að ná 129 þús. tonna markinu og yrði 50% vaxtakostnaður vegna þess 42.7 millj. kr. á ári miðað við útreikninga hinn 26. mars s. l. Samsvarar þetta 1.6% hækkun verðs á gasolíu, svartolíu og bensíni til notenda."

Á undanförnum árum hafa birgðir Íslendinga af olíuvörum aukist jafnt og þétt. Þetta hefur að sjálfsögðu haft í för með sér kostnað, vegna þess að það kostar peninga að liggja með olíubirgðir. Við höfum samninga um ákveðna skilmála og það kostar að sjálfsögðu peninga að liggja með meiri olíubirgðir. Það er ein af ástæðunum fyrir því að olían hefur hækkað. En olíubirgðirnar eru ákaflega þýðingarmiklar, ef einhverjar truflanir verða í sambandi við olíuaðdrætti, til þess að tryggja okkar tilveru og ég vil segja okkar atvinnulíf. Á ég þá að sjálfsögðu alveg sérstaklega við sjávarútveginn.

Í framsöguræðu minni á s. l. vori lýsti ég þeirri skoðun minni að ég væri hlynntur því að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni en jafnframt ætti að marka formlega sérstöðu Íslands um fimm atriði. Vil ég leyfa mér að endurtaka hér hvaða atriði það einkum eru:

1. Ísland fer fram á fimm ára aðlögunartíma til að auka olíubirgðahald í áföngum við hagkvæmar aðstæður og jafnframt olíugeymarými, ef nauðsynlegt reynist. Nú hef ég áður upplýst að það mun ekki vera nauðsynlegt nú, þar sem olíubirgðarými hefur jafnt og þétt verið að aukast á undanförnum árum og er talið nægilegt til að rúma 90 daga birgðir eins og sakir standa.

2. Ísland telur að V. kafli í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf hafi að geyma almennar meginreglur sem séu ekki lagalega bindandi. Vill Ísland í þessu sam' andi undirstrika að það hefur rétt til að eiga og ráða yfir náttúruauðlindum sínum og efnahag, svo og vernda umhverfi sitt og öryggi þegna sinna, og mun framkvæma V. kaflann á þann hátt sem samræmist íslenskri orkustefnu, m. a. í fjárfestingarmálum.

3. Varðandi 8. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland á mikla ónýtta vatnsorku og jarðhitaorku og mun því ekki stefna að hagnýtingu kjarnorku né taka virkan þátt í þeim málum sem snerta kjarnorku á vettvangi stofnunarinnar.

4. Varðandi 10. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland hyggst halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forustu íslenskra stofnana og stjórnvalda. Við rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda verði gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða, fyrst og fremst til að tryggja að hinar lifandi auðlindir hafsins verði ekki fyrir skaða. Áskilja íslensk stjórnvöld sér rétt til að mæla fyrir um hraða rannsókna og hugsanlegrar nýtingar, m. a. með þau sjónarmið í huga.

5. Áratugum saman hefur Ísland flutt megnið af sinni olíu inn frá einum aðila, 60—70% af heildarinnflutningi olíunnar á síðustu árum. Ísland getur ekki úthlutað þessari olíu á olíuneyðartímum andstætt hefðbundnum ákvæðum gildandi olíukaupasamninga. Hugsanleg úthlutun af Íslands hálfu yrði af þeirri olíu sem flutt væri inn frá öðrum aðilum.

Afstaða mín til aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni hefur ekki breyst frá því á s. l. vori. Í stofnuninni er um að ræða útfærslu á samstarfi innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem Íslendingar hafa tekið þátt í og notið á ýmsan hátt góðs af. Samvinna um hin ýmsu atriði samningsins um alþjóðaorkuáætlun er Íslendingum ávinningur. Vegna samhjálpar þátttökulandanna í olíuneyð á friðartímum fæst aukið olíuöryggi sem ekki næst með öðrum hætti. Aðildin hvetur til áætlunargerðar um viðbúnað á neyðartímum. Upplýsingar frá stofnuninni gætu hjálpað Íslendingum til að ná hagstæðum samningum í olíukaupum. Þá má fá upplýsingar um orkusparnaðarstarf nágrannalandanna og Ísland getur jafnvel miðlað fróðleik, t. d. í jarðhitamálum, og stungið upp á nytsamlegum verkefnum á því sviði.

Ég tel rétt í framsöguræðu fyrir þessu frv. að rekja nokkuð olíuviðskipti Íslendinga. Það hafa orðið verulegar umr. um þau mál og blaðaskrif og ég tel ástæðu til að rekja nokkru nánar þau viðskipti.

Utanrmn. Alþingis óskaði eftir því við viðskrn. að fá skýrslu um þessi mál. Sú skýrsla hefur verið send þangað og ég tel rétt að gera hv. Alþingi grein fyrir þeirri skýrslu þannig að það liggi fyrir hér í sölum Alþingis hvernig þessum málum hefur verið háttað á undanförnum árum.

Síðan 1973, þegar OPEC-löndin þrefölduðu verðið á hráolíu, hafa olíumálin verið í sviðsljósinu. Sú ákvörðun leiddi til alþjóðlegrar kreppu á árunum 1974 og 1975 sem bitnaði mjög hart á olíuinnflutningslöndum. Sagan endurtók sig síðan á ný í árslok 1978 þegar olíuframleiðslulöndin þrefölduðu aftur hráolíuverð. Var þetta mikið áfall fyrir íslenskt efnahagslíf sem ber þess enn merki.

Á einfaldan hátt má skýra þessa þróun með því að benda á að árið 1970 samsvaraði verðmæti innfluttra olíuvara 10% af heildarútflutningnum það ár, árið 1978 13%, árið 1979 21% og árið 1981 var það komið aftur niður í 18%. Hið háa olíuverð er því tvímælalaust ein ástæðan fyrir hinum mikla viðskiptahalla sem við búum við í ár. En sá halli kemur fyrst fram við það að útflutningstekjur okkar hafa stórlega minnkað frá því sem þær voru undanfarin tvö ár.

Á síðustu fimm árum hefur orðið mikil breyting á

olíuinnflutningnum bæði varðandi magn og innflutningslönd. Helstu breytingarnar eru þessar:

Innflutningur á gasolíu hefur minnkað stórlega, eða úr 302 þús. tonnum árið 1978 í tæplega 200 þús. tonn 1982. Helstu skýringar á þessu er minnkandi notkun á gasolíu til húsahitunar vegna stækkunar og fjölgunar á hitaveitum, og að rússnesk svartolía hefur í vaxandi mæli verið notuð af togurum í stað gasolíu. Svartolíuinnflutningurinn hefur aukist nokkuð vegna vaxandi loðnubræðslu og meiri notkunar togaranna. Þó hafa svartolíukaupin minnkað mikið í ár vegna banns á loðnuveiðum. Gasolíukaup frá Sovétríkjunum hafa á síðustu fimm árum minnkað um meira en helming, úr 236 þús. tonnum 1978 í 120 þús. tonn árið 1982. Í stað gasolíukaupa frá Sovétríkjunum hefur komið gasolía frá Portúgal, samkv. samningi sem gerður var 1978, og frá British National Oil Corporation samkv. samningi sem gerður var 1980. En önnur aðalskýringin á minni gasolíukaupum frá Sovétríkjunum er minnkandi þörf á gasolíu.

Eins og áður er minnst á hafa olíuverðhækkanirnar sem kallaðar hafa verið „seinna olíusjokkið" haft afdrifaríkar afleiðingar. Þær riðu eins og holskefla yfir íslenskt atvinnulíf og höfðu hliðstæð áhrif og aflabrestur eða verðhrun á útflutningsvörum okkar. Eins og eðlilegt var fóru þá fram miklar umr. og athugun á því hvernig hægt væri að bregðast við þessum mikla vanda. Það vakti óánægju og gagnrýni að olíuvörur voru yfirleitt keyptar á dagverði samkv. Rotterdamskráningu, sem hækkaði miklu meira en verð á olíuvörum sem keyptar voru samkv. langtíma samningum. Til að athuga þessi mál voru skipaðar tvær opinberar nefndir. Í skýrslu annarrar þeirra, olíuviðskiptanefndar, til ríkisstj., dags. í febr. 1980, eru helstu niðurstöður nefndarinnar þessar:

1. Æskilegt er að verulegar breytingar verði á samsetningu olíuinnflutnings eftir löndum og verðviðmiðun í olíuviðskiptum. Í því sambandi er gerð tillaga um að gerður sé samningur við breska ríkisfyrirtækið BNOC og verðviðmiðun verði það sem kallað er almennt viðskiptaverð, „mainstream"-verð í Vestur-Evrópu.

2. Reynt verði að gera hagstæða samninga um kaup á hráolíu til vinnslu fyrir Íslendinga, sérstaklega frá Noregi og Saudi-Arabíu.

Samkv. tillögu olíuviðskiptanefndar var gerður samningur við BNOC í apríl 1980 um kaup á 100 þús. tonnum af gasolíu hvort árið um sig, 1980 og 1981. Verðið var miðað við almennt viðskiptaverð í Vestur-Evrópu. (**Gripið fram í:** Hvað kostaði hún?) Það kemur að þessu, hv. þm. Þegar leið á árið 1980 reyndist þetta verð vera öllu hærra en dagverð samkv. Rotterdamskráningu og þegar kom fram á árið 1981 fór verðmunurinn vaxandi. Reynt var að semja um hagstæðari verð með hliðsjón af þróun á Rotterdammarkaðinum en tókst ekki. Við samanburð á BNOC-verðinu og Rotterdamverði á sama tíma hefur komið í ljós að innflutningsverð þeirra farma sem keyptir voru frá BNOC var yfir 3 millj. dollara hærra en hefði olían verið keypt samkv. Rotterdamverði. Fulltrúar BNOC töldu ekki fært að endurskoða verðlagsgrundvöllinn, sem var orðinn óhagstæður okkur, svo að það varð að samkomulagi seint á árinu 1981 að hætta frekari viðskiptum í bili.

Hugmyndin um kaup á hráolíu til vinnslu fyrir Íslendinga var sjálfdauð þegar í ljós kom að hráolían var hlutfallslega miklu dýrari en olíuvörur sem keyptar voru á dagverði samkv. Rotterdamskráningu. Einhverju sinni þegar kvartað var yfir háu gasolíuverði frá BNOC svaraði fulltrúi þess að við gætum verið þakklátir fyrir að BNOC hefði ekki orðið við tilmælum olíuviðskiptanefndar um að selja hráolíu, því að þá fyrst hefði Ísland orðið fyrir alvarlegu áfalli. Hugmyndum um hráolíukaup var þess vegna ekki fylgt eftir. Hins vegar fóru fram viðræður við norska ríkisolíufyrirtækið Stat Oil um kaup á olíuvörum frá Noregi haustið 1980 og aftur vorið 1981. Það kom í ljós að norska fyrirtækið vildi hafa sams konar viðmiðun á olíuverði og BNOC, sem ekki var talið aðgengilegt. Varð því ekkert úr viðskiptum.

Á árunum 1979—1980 seldi Saudi-Arabía hráolíu á nokkru lægra verði en önnur framleiðslulönd. Var því talið eftirsóknarvert að ná beinum viðskiptum við Saudi-arabíska olíufélagið Petromi. Til að undirbúa slík viðskipti var ákveðið að taka upp stjórnmálasamband við Saudi-Arabíu 1980. En þegar athuga átti olíukaup frá Saudi-Arabíu frekar var orðið ljóst að hráolíukaup voru útilokuð vegna þess að verð á olíuvörum á frjálsum markaði hafði lækkað. Ennfremur má geta þess að í ár hafa orðið endaskipti á þessu eins og mörgum hugmyndum, sem ríkjandi voru 1980 um olíuviðskipti, og Saudi-Arabía selur nú hráolíu sína á hærra verði miðað við gæði heldur en flest önnur olíuframleiðslulönd.

Vegna erfiðleika á skreiðarsölu til Nígeríu hefur sú hugmynd oft verið rædd hvort ekki mætti greiða fyrir þeim viðskiptum með því að beina olíukaupum okkar þangað. Sá annmarki er á því að eins og er þá eru olíukaup okkar frá Sovétríkjunum og Portúgal bundin við þessi lönd vegna mjög þýðingarmikilla útflutningshagsmuna okkar þangað og er því lítið svigrúm til að beina olíukaupum til Nígeríu. Ennfremur eru ýmsir aðrir annmarkar á slíkum viðskiptum, svo sem að Nígería selur engar olíuvörur en aðeins hráolíu, og það sem verra er, að verð á Nígeríuolíu er með því hæsta á heimsmarkaðinum. Er það ein skýringin á þeim erfiðleikum sem Nígería á nú við að etja. Ekki hefur tekist að selja allan kvóta Nígeríu, 1.3 millj. tunnur á dag, sem OPEC hefur úthlutað þeim, en áður en kvótaskiptingin var ákveðin framleiddi Nígería 2 millj. tunna á dag. Þrátt fyrir þetta hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að koma á olíuviðskiptum við Nígeríu. Veturinn 1979—1980 reyndi Olíuverslun Íslands að ná beinum samningum við Nígeríu um olíukaup. Var þá gert ráð fyrir að endurselja olíuna erlendis félagi með þeim skilyrðum, að Íslendingar gætu keypt einhvern hluta af olíuvörum hjá erlenda félaginu ef það yrði talið hagkvæmt. Þessi tilraun bar engan árangur.

Í maí 1982 ræddu fulltrúar viðskrn. og olíufélaganna við portúgalska olíufélagið Petrogal um möguleika á því að láta hreinsa hráolíu frá Nígeríu í Portúgal fyrir íslenskan markað. Petrogal gerði nákvæma útreikninga á því hvað slík viðskipti mundu kosta og komst að þeirri niðurstöðu að olíuvörurnar, sem unnar yrðu úr Nígeríuhráolíu á okkar kostnað, yrðu um 11% dýrari heldur en ef þær yrðu keyptar á Rotterdamverði. Ef farið yrði inn á þessa braut mundu þá um leið falla niður olíukaupin frá Portúgal, sem hafa tvímælalaust greitt fyrir saltfisksölu þangað að undanförnu.

Tvö erlend olíufélög hafa í samráði við íslenska aðila reynt að fá keypta hráolíu frá Nígeríu í skiptum fyrir íslenska skreið án þess að olíuvörurnar yrðu seldar áfram til Íslands. Kostnaður við slík vöruskipti, sem er óumflýjanlegur, mundi verða borinn af skreiðarfram-

leiðendum. Hingað til hefur þessi viðleitni ekki heldur borið neinn árangur.

Þegar spurt er um líkur á kaupum frá öðrum löndum en hinum hefðbundnu olíuviðskiptalöndum mun líklega vera átt við öðrum löndum en Sovétríkjunum. Hér gætir sama misskilnings og fram kom í ræðu á Alþingi í apríl, þar sem fullyrt var að nær allur olíuinnflutningur okkar kæmi frá einu landi. Bretland og Holland eru einnig hefðbundin olíuviðskiptalönd. Frá þessum löndum og nokkrum öðrum Vestur-Evrópulöndum hafa verið keyptar allar þarfir okkar af þotueldsneyti, flugvélabensíni, steinolíu og smurningsolíum. Ennfremur hafa verið keypt frá þessum sömu löndum árlega um 50—60 þús. tonn af gasolíu. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að með þessu móti er hægt að flytja inn á hagkvæmari hátt í stórum förmum þotueldsneyti og flugvélabensín, en jafnframt er á þennan hátt haldið við langvarandi tengslum olíufélaganna við vestræn olíufélög og samanburður fenginn um verð og aðra skilmála við þau kjör sem Rússar hafa boðið. Af heildarinnflutningi allra olíuvara samkv. verslunarskýrslum á árinu 1981 komu 54.9% frá Sovétríkjunum, þar af um 41% af gasolíu, 84% af svartolíu og 61% af bílabensíni.

Frá því að fyrsti viðskiptasamningurinn var gerður við Sovétríkin 1953 hafa olíuviðskiptin verið notuð til að greiða fyrir sölu íslenskra afurða. Með því að beina olíukaupum til Sovétríkjanna hefur verið hægt að selja þangað í næstum 30 ár verulegt magn af freðfiski, saltsíld og ullarvörum, sem annars hefði ekki verið hægt að selja á þann markað. Olíukaup, sem nú nemur yfir 90% af heildarinnflutningi okkar frá Sovétríkjunum, hafa verið undirstaða undir þessum þýðingarmiklu viðskiptum. Þess vegna hafa allar ríkisstjórnir verið sammála um að þessum viðskiptum beri að halda áfram, a. m. k. svo lengi sem í boði eru sambærileg kjör og annars staðar fást. Það er álit olíufélaganna að olíuviðskiptin við Sovétríkin hafi yfirleitt verið sambærileg við það sem hefur staðið til boða frá öðrum olíufélögum, og að því er snertir svartolíu hafa kjörin verið miklu betri. Olíufélögin hafa ætíð sýnt fyllsta skilning á þörfinni á að styðja íslenskan útflutning með því að beina olíukaupum til helstu markaðslanda okkar.

Þessi afstaða olíufélaganna var einnig staðfest þegar tekin voru upp olíuviðskiptin við Portúgal 1978. Sjónarmið íslenskra stjórnvalda var einnig viðurkennt af EFTA og Efnahagsbandalaginu, þegar samið var við þessa aðila um fríverslun, en þá var Íslandi heimilað að halda áfram innflutningseftirliti á olíuvörum til þess að geta þar með greitt fyrir útflutningi íslenskra afurða til Sovétríkjanna.

Eins og áður hefur verið bent á hafa olíukaup frá Sovétríkjunum verið nokkuð breytileg. Þannig hafa kaup á gasolíu stórlega minnkað og eru nú um helmingur af heildarþörfum landsins. Einnig hefur heldur dregið úr kaupum á bílabensíni, en aukinni innflutningsþörf hefur verið mætt með kaupum frá Portúgal og fleiri löndum. Það hefur hins vegar verið mikið hagsmunamál fyrir útgerðina að tryggja sér svartolíu frá Sovétríkjunum, sem er í sérstökum gæðaflokki og fæst ekki keypt annars staðar á sambærilegu verði. Hefur gætt nokkurrar tregðu hjá Rússum að samþykkja aukið svartolíumagn á sama tíma sem dregið hefur verulega úr gasolíukaupum. Samt hefur tekist að leysa það farsællega.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög þýðingarmikið að fylgjast sem best með olíuviðskiptamálum og haga innkaupum eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Hefur viðskrn. gott samstarf við olíufélögin í þeim efnum. Rn. er einnig þeirrar skoðunar, að núverandi skipting á olíuinnflutningi eftir löndum sé, þegar á allt er litið, hagkvæm og ekki sé tilefni til neinna verulegra breytinga að óbreyttum aðstæðum. Forstjórar olíufélaganna hafa staðfest að þeir séu sömu skoðunar og viðskrn.

Það sem af er þessu ári hefur sæmilegt jafnvægi ríkt í olíumálum landsmanna og stöðugleiki í innkaupsverði olíuvara. Fyrstu 9 mánuði þessa árs reyndist fob-meðalverðlag þriggja helstu olíutegunda landsmanna sem hér segir og er þá miðað við Rotterdamverð: bensín 322 Bandaríkjadollarar á tonnið, gasolía 287 dollarar á tonnið og svartolía 166 dollarar á tonnið. Sambærilegt meðalverð ársins í fyrra, 1981, var þannig að í stað 322 dollara nú var verðið á bensíni þá 351 dollar, í stað 287 dollara nú var verðið á gasolíunni 299 dollarar og á svartolíunni var verðið 186 dollarar samanborið við 166 á þessu ári. Olíuverð í dollurum hefur því lækkað — meðalverð hefur lækkað talsvert verulega á þessu ári miðað við það sem var í fyrra. Á heildina litið hefur, eins og að ofan getur, ríkt sæmilegur stöðugleiki í verðlagi og jafnvel lækkun það sem af er þessu ári. Samt koma einatt fyrir nokkrar sveiflur. T. d. lækkaði verð á bensíni og gasolíu verulega í marsmánuði s. l. er meðalverð bensíns fór allar götur niður í 273 dollara og gasolía niður í 262 dollara, en hafði verið að meðaltali 287 á þessu ári. Verð á svartolíu hefur hins vegar yfirleitt verið mjög stöðugt allt árið. Af þessu má sjá að það hafa orðið þó nokkrar sveiflur í verðlagi á olíuvörum, en í allt aðra átt en menn spáðu t. d. fyrir tveimur árum síðan og jafnvel á síðasta ári. Sparnaður á olíuvörum, sérstaklega í iðnaðarríkjunum, verulegur sparnaður, upp undir 20% sparnaður t. d. hjá Bandaríkjamönnum, ásamt meiri framleiðslu hefur valdið því að þróunin á verðlagi olíuvara hefur orðið allt önnur heldur en menn spáðu fyrir 1—2 árum.

Nýlega er komin út ítarleg skýrsla á vegum Alþjóðaorkustofnunarinnar um horfur í orkumálum á alþjóðamörkuðum hvað verðlag snertir. Í skýrslunni eru birtar spár stofnunarinnar um olíueftirspurn og olíuframleiðslu árin 1985, 1990 og árið 2000. Það er talið að jafnvægi muni sennilega ríkja á olíumarkaðinum fram á miðjan þennan áratug, sem jafnvel kunni að vera blekkjandi, því að allar forsendur og allir útreikningar bendi til þess að þrengjast muni um olíuframboð þegar lengra líður á áratuginn. Þá muni eftirspurn almennt aftur aukast, einkum í olíuframleiðsluríkjunum sjálfum, OPEC-ríkjunum og öðrum þróunarlöndum, jafnframt því sem olíuframleiðslan dragist saman í Norður-Ameríku, á Norðursjávarsvæðinu og í Sovétríkjunum, og draga muni úr útflutningi frá sumum OPEC-löndum.

Rétt er þó að taka fram að í forsendum þessarar spár er reiknað með 2.4% hagvexti á Vesturlöndum á ári fram á árið 1985 og 2.7% úr því. Embættismenn Alþjóðaorkustofnunarinnar viðurkenna að þessi hagvaxtarspá sé í hærra lagi, en hagvöxtur af þessari stærðargráðu sé nauðsynlegur ef draga á úr atvinnuleysinu í OECD-löndunum þar sem 30 millj. manna eru nú atvinnulausar. Því er ekki að leyna að skoðanir eru ákaflega skiptar um það hver framvindan muni verða í þessum málum á næstu árum, að ég nú ekki tali um áratugum, og þróunin

hefur orðið allt önnur á síðustu 2—3 árum en menn bjuggust við að verða mundi í upphafi olíukreppunnar sem skall á eftir árið 1979. Það er því í raun og veru að mínu mati ákaflega erfitt að fullyrða eitt eða annað í þessum efnum annað en það að þegar til lengri tíma er litið, áratuga, þá er nokkurn veginn ljóst að olía fer þverrandi, eða það er a. m. k. talið ákaflega líklegt, og þess vegna muni orkukreppa fara vaxandi í heiminum nema nýir orkugjafar komi til sem geta leyst olíuna af hólmi.

Ég taldi rétt í sambandi við þessu umr. að gera grein fyrir þessum málum af því að olían er svo ríkur þáttur í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. í þessari framsöguræðu og leyfi mér að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að olía og olíuvörur eru gífurlega mikilvæg fyrir okkur Íslendinga. Allur okkar fiskiskipafloti er rekinn með innfluttri olíu. Okkar kaupskipafloti, sem heldur uppi samgöngum við önnur lönd og innanlands einnig, er rekinn með olíu sem flutt er inn. Flugvélar okkar eru reknar með olíuvörum sem fluttar eru inn til landsins. Húshitun með olíu er mikilvæg í stórum landshlutum og allar okkar samgöngur hér innanlands eru reknar með olíu sem við þurfum að flytja inn. Þó að notkun okkar eigin orku fari vaxandi og sett hafi verið það stefnumark að jafna orkuveikning landsmanna, eins og það heitir, t. d. fyrir næstu aldamót, þá er það alveg ljóst að um ófyrirsjáanlega framtíð verður olían og olíuvörur mjög mikilvæg fyrir okkur Íslendinga og hefur reyndar grundvallarþýðingu í þeim atvinnuvegum sem okkar efnahagslíf hvílir á. Það ber því brýna nauðsyn til að tryggja öryggi okkar á þessu sviði með öllum tiltækum ráðum.

Það frv. sem hér liggur fyrir og hæstv. viðskrh. hefur mælt með felur í sér að ríkisstj. sé heimilt að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Alþjóðaorkustofnuninni með skilyrðum sem nánar eru tilgreind í grg. með frv. Alþjóðaorkustofnunin er samstarfsvettvangur þjóðanna innan OECD, samstarfsvettvangur sem fyrst og fremst hefur verið settur á fót til að tryggja öryggi þessara þjóða í olíumálum. Innan þessarar stofnunar og með þátttöku í henni taka þjóðirnar á sig vissar skyldur en njóta þar einnig ákveðinna réttinda. Meginþættir þessara réttinda og þessara skyldna eru fólgnir í svokölluðu olíuneyðarkerfi, sem stofnunin hefur samþykkt að setja á fót og vera í viðbragðsstöðu til að nýta. Aðalþættir þess kerfis eru að hver þjóð tekur á sig vissar skuldbindingar til þess að eiga neyðarbirgðir olíu, þ. e. 90 daga neyslumagn af olíu á hverjum tíma. Þessi áætlun felur ennfremur í sér að á neyðartímum taki þjóðirnar á sig skuldbindingar til þess að setja á ákveðnar takmarkanir á eftirspurn eftir olíu og vissar úthlutunarreglur um olíumiðlun milli þjóða hafa verið settar. Stofnunin felur enn fremur í sér að viðtæk upplýsingamiðlun á sér stað milli aðildarríkjanna um olíumál og ennfremur að þjóðirnar takast á hendur langtíma samstarf í orkumálum. Grundvöllur þessa samstarfs í þessari stofnun er því samvinna og samhjálp þjóðanna á þessu mikilvæga sviði.

Mjög mikilvægt atriði í þessu efni er að skylda þjóðirnar hverja fyrir sig til þess að eiga neyðarbirgðir af olíu, þ. e. 90 daga birgðir. Þetta þýðir fyrir okkur, eins og fram kemur í grg. með frv., að við þyrftum að eiga 129 þús. tonn samtals af svartolíu, gasolíu og bensíni, en það er allnokkru meira en það magn sem hér hefur verið undanfarin ár í meðalbirgðum. Árið 1978 t. d. voru meðalbirgðir hér 89 þús. tonn, 1979 82 þús. tonn, 1980 99 þús. tonn, 1981 91 þús. tonn. Þó að birgðahaldið hafi nokkuð aukist á allra síðustu árum erum við samt nokkuð undir þessu magni. Miðað við 95 þús. tonna meðalbirgðir þessi síðustu tvö ár, 1980 og 1981, þarf Ísland að auka birgðahald sitt um 34 þús. tonn til að fullnægja 90 daga birgðarskyldu.

Það er að sjálfsögðu öryggisatriði, sem við gerum fyrst og fremur fyrir okkur en ekki vegna þess að við yrðum aðilar að einhverri alþjóðastofnun, að við tókumst á hendur að hafa slíkar birgðir af olíu í landinu á hverjum tíma. Og ég er sammála því sem fram kemur í grg. með frv. að það sé eðlilegt að fela olíufélögunum að sjá um þessa skyldu og heimila þá á móti nokkra verðhækkun, sem leiðir af auknu birgðahaldi, en eins og fram kemur í grg. frv. er talið að meðalhækkun verði 1.6% vegna þess.

Hugmyndin um að við gerðumst aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni kom fyrst fram í skýrslu olíuviðskiptanefndar sem kom út árið 1979. Í kjölfar þess var svo gerð ítarleg skýrsla um þetta mál sem kom út í júní árið 1980. En nú eru liðin rúmlega tvö ár síðan þessi ítarlega skýrsla kom út og málið hefur verið í athugun í viðskrn. síðan. Ég held að það fari ekkert á milli mála að um þetta mál var ágreiningur innan hæstv. ríkisstj. Alþb. var andvígt því að við gerðumst aðilar að þessari stofnun. Þetta er eitt af þeim málum sem þeir Alþb.-menn hafa tekið sér stöðvunarvald í innan hæstv. ríkisstj. þar til nú að þetta frv. kemur fram. Vegna þessarar forsögu finnst mér rétt að spyrja hæstv. viðskrh. hvort um þetta mál sé fullkomin samstaða innan ríkisstj.

Ég er þeirrar skoðunar að með því að gerast aðili að þessari stofnun séum við að auka öryggi okkar í olíumálum. Við tökumst að vissu leyti á herðar ákveðnar skyldur líka, en fáum í staðinn réttindi og tryggjum öryggi okkar í þessum mjög mikilvæga þætti, raunar grundvallarþætti í okkar atvinnu- og efnahagslífi. Ég vil því í stórum dráttum lýsa því yfir, að ég er sammála þessu frv. Ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að skoða það nánar, enda er ég í þeirri nefnd sem fær frv. til athugunar. En mér þótti þó rétt að láta þessi sjónarmið koma hér fram strax í 1. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur nú lagt fram að nýju frv. til l. um neyðarbirgðir olíu sem hann kynnti í hv. Ed. á síðasta þingi. Eins og menn rekur minni til var flutt hér í Sþ. þáltill. um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni á síðasta þingi, og raunar á þinginu þar áður, en varð ekki útrædd. Í umr. um till., sem hv. þm. Eiður Guðnason mælti fyrir, lýsti ég andstöðu minni við till. og taldi Íslendinga ekkert erindi eiga í þennan forréttindaklúbb hinna auðugu þjóða heimsins, hvorki siðferðilega né af arðsemisástæðum. Í umr. í hv. Ed. sagði hæstv. viðskrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég ætla að það séu langflestir þm. fylgjandi því, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég áforma því að sjálfsögðu að endurflytja frv. á hausti komanda. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að nafnið á frv. er Neyðarbirgðir olíu. Það heitir ekki Frv. um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni.“ Mál hæstv. ráðh. ruglast síðan vegna framíkalla, sem ekki eru prentuð í Alþingistíð-

indum, en hann heldur síðan áfram, með leyfi forseta: „Það skal ég ekki um segja, um það má deila. Meginkjarni þessa máls er að tryggja Íslendinga í olíumálum. Það er meginkjarninn. 1. gr. frv. fjallar um það að til þess að tryggja þetta, stuðla að því, heimilar frv. að Ísland gerist aðili að stofnuninni."

Þetta hlýtur að teljast undarleg röksemdafærsla. Sé meginkjarni þessa frv. að tryggja olíumál Íslendinga, og til þess sé nauðsynlegt að gerast aðili að Alþjóðaorkustofnuninni, væri vitanlega eðlilegast að frv. héti Frumvarp til laga um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni. Sú aðild hlýtur að vera mergurinn málsins, enda sagði hæstv. ráðh. í viðtali í Ríkisútvarpinu nýlega að þetta frv., sem hér er nú lagt fram fæli í rauninni í sér aðild Íslendinga að Alþjóðaorkustofnuninni. Það hlýtur að vera skylda löggjafans að skýra frv. sínu rétta nafni, þó ekki væri nema til að auðvelda mönnum að finna lög í lagasafni. Fæstir mundu leita laga sem hétu Lög um neyðarbirgðir olíu ef þeir vildu kynna sér lög um aðild Íslendinga að Alþjóðaorkustofnuninni.

Ég tel nauðsynlegt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls einnig nú, þó að ég geri það í umr. á síðasta þingi eins og hæstv. ráðh. Nafnið Alþjóðaorkustofnunin er auðvitað fullkomlega villandi. Einungis OECD-ríkin eru aðilar að þessari stofnun að undanskildu Frakklandi, Íslandi og Finnlandi. Aðeins 20% jarðarbúa eru því aðilar. Og það eru einmitt þau 20% sem yfir mestum auði ráða. Fátækustu þjóðir heimsins eru útilokaðar. Því leyfi ég mér enn, eins og ég gerði í fyrra, að kalla þessa stofnun klúbb hinna ríku.

Alþjóðaorkustofnunin var sett á laggirnar til að tryggja sameiginlega hagsmuni hinna ríku olíukaupaþjóða fyrir hugsanlegum aðgerðum fátækra og vanþróaðra olíusöluríkja. Forríkar þjóðir eins og Bandaríkin, Vestur-Þýskaland og fleiri vildu með henni mynda varnarmúr gegn OPEC-ríkjunum, sem seldu olíu, þegar þau vildu ödlast meiri arð af auðlindum sínum með hækkun olíuverðs til viðskiptaríkjanna. Það er því siðferðileg spurning fyrir okkur hér í landi og hið háa Alþingi hvort við sækjumst eftir að vera félagar í þessum klúbbi, sem Nixon Bandaríkjaforseti átti upptökin að árið 1974, og sem einungis stuðlar að meiri fátækt hinna fátæku og meiri auðlegð hinna ríku. Þegar litið er til hvert beint gagn Íslendingar kunna að hafa af aðild að Alþjóðaorkustofnuninni, að öllum siðferðisvangaveltum slepptum, sýnist ýmislegt vanta í röksemdafærslu hæstv. ráðh. og annarra áhugamanna um aðildina. Það er öllum ljóst að Alþjóðaorkustofnunin er fyrst og fremst byggð á þörfum hinna voldugu iðnríkja Evrópu og Bandaríkjanna, sem hafa grundvallað orkumarkað sinn á innfluttri olíu. Það er því skilyrðislaus krafa af hálfu Íslands að á engan hátt sé gengið á rétt okkar og forræði yfir okkar eigin orkuauðlindum. Ég dreg í efa að sá réttur sé tryggður með þessu frv., ef menn ætla sér að samþykkja það.

Í Noregi var t. d. ítarleg umræða um skilyrði Norðmanna fyrir aðild. Menn hafa ennþá efasemdir um réttmæti þess að þeir gerðust aðilar. Innan Alþjóðaorkustofnunarinnar eru menn heldur ekki á eitt sáttir um hvort stefnumörkun hennar í orkumálum sé lagalega bindandi fyrir einstök aðildarríki eða ekki. Og Norðmenn settu einmitt þau skilyrði fyrir aðild að hvorki þeir né Íslendingar, ef þeir gerðust aðilar, féllust á þann skilning að stefnumörkun stofnunarinnar hefði lagagildi. Voru þeir þá auðvitað með ónýttar auðlindir þessara tveggja þjóða í huga. Ótti manna um að aðild að stofnuninni skerði verulega rétt einstakra ríkja til sjálfstæðra samninga við olíusöluríkin er einnig vissulega á rökum reistur. Slík skerðing réttinda Íslendinga til samninga gæti verið alvarlegt áfall fyrir okkar eigin markaði og því full ástæða til að hyggja að þessum þætti málsins.

Þá er einnig full ástæða til að draga í efa gagnsemi þess ákvæðis frv. sem snýr að skyldum Íslendinga til að miðla öðrum ríkjum olíu af varaforða sínum. Hætt er við að hagsmunir iðnríkjanna væru metnir meira en hagsmunir okkar ef til olíukreppu kæmi.

Í ræðu sinni sagði hæstv. ráðh. að um umtalsverðan kostnað yrði að ræða — þá á ég við ræðu ráðh. sem birt er í Alþingistíðindum frá því í fyrra — að um umtalsverðan kostnað yrði að ræða, ef þetta frv. yrði að lögum, og þá auðvitað einhver hækkun á olíuverði. Það er erfitt að koma auga á nauðsyn aðgerða sem valda hækkun á olíuverði til neytenda á þeim tímum sem fram undan eru. Manni hlýtur að verða spurn: Hver á að borga vextina af þessum birgðum? Ætli það verði ekki neytendur?

Þær skýrslur sem gerðar hafa verið um gagnsemi aðildar Íslendinga að Alþjóðaorkustofnuninni hafa hingað til reynst í meira lagi vafasamar og í sumum tilvikum beinlínis rangar. Það verður því að vera afsakanlegt þó að yfirlýsingum um nægilegt geymarými nú fyrir 90 daga neyðarbirgðir olíu sé tekið með nokkrum fyrirvara. Að öðru leyti hef ég áður gert grein fyrir skoðun minni á þessu máli.

Ég vil að lokum einungis segja þetta. Aðild Íslendinga að Alþjóðaorkustofnuninni er langt frá því að vera einfalt mál, heldur mál sem þarfnast vandlegrar íhugunar og nákvæmrar athugunar í þeim nefndum sem fá frv. til meðferðar, enda sagði ráðh. í ræðu sinni hérna rétt áðan að þróunin hefði orðið allt önnur í olíumálum en spáð hefði verið fyrir tveimur árum. Ég vil enn og aftur ítreka þá réttmætu ósk mína að nafni frv. verði breytt til samræmis við efni þess. Annað er ekki sæmandi. Persónulega lýsi ég andstöðu minni við frv. í heild þar til haldbetri rök liggja fyrir um nauðsyn aðildarinnar fyrir Íslendinga af gagnsemisástæðum, svo og fyrir þeirri stefnu þjóðarinnar og Alþingis að eiga aðild að slíkum forréttindaklúbbi sem þessi stofnun er.

Herra forseti. Ég vil að lokum gera aths. við það þskj. sem hér liggur fyrir. Ef ég er ekki alveg hætt að skilja hlutina, þá sé ég ekki betur en á þskj. því sem hér liggur fyrir nr. 33 séu bls. 89—94 eingöngu á enskri tungu. Það verður að teljast lágmarkskrafa að allur þorri manna geti lesið þskj. sem lögð eru fram hér á hinu háa Alþingi á sinni eigin tungu. Vel kynni að vera að einhver þm. væri ekki mjög vel læs á flókna hluti eins og olíumál á enskri tungu. Ég hygg að það vefjist fyrir ýmsum borgurum þessa lands að lesa slíkan texta á íslensku, hvað þá á ensku. Ég vil mælast til að framvegis verði þskj. á íslensku máli.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umr. er í einu og öllu í fullu samræmi við þáltill. sem þm. Alþfl. lögðu fram haustið 1981. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir taldi það varasamt að gera gagnkvæma samninga sem gætu leitt til þess að við þyrftum að afhenda iðnaðarveldum hluta af okkar neyðarbirgðum af olíu. Ég reikna nú ekki með því að iðnaðarveldin mundi muna mikið um það sem við ættum af olíu. Aftur á móti

ef illa færi, þá gætum við grætt mikið á aðgangi að þeirra neyðarbirgðum.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að nafnið á frv. væri villandi. Ég er henni sammála um það. Eðlilegast væri að nafnið á frv. væri Frv. til l. um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni. En það skiptir kannske ekki höfuðmáli. Alþfl. styður þetta frv.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós ánægju yfir því að frv. hefur fengið góðar undirtektir þeirra sem hér hafa talað, ef frá er talinn hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Og það var í rauninni sama þegar ég lagði frv. fram og talaði fyrir því og umr. fór fram í Ed. Alþingis á síðasta þingi. Það er því ástæða til að láta í ljós ánægju yfir þessu.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson spurði hvort fullt samkomulag væri innan ríkisstj. um frv. Ég svara þeirri spurningu játandi. Það er fullt samkomulag um frv. innan ríkisstj. og það er lagt fram í annað sinn sem stjfrv.

Varðandi nafngiftina á frv. má kannske um það deila hvort frv. á að heita Frv. til l. um neyðarbirgðir olíu eða Frv. til l. um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. Það kann vel að vera. Það fer alveg eftir því hvort menn vilja leggja aðaláhersluna á olíuþáttinn í þessu máli. Ef Ísland gerist aðili að samningi um alþjóðaorkuáætlunina, sem gerður var í París, þá er Ísland orðinn aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Þannig varð Alþjóðaorkustofnunin til. Hún varð til með því að nokkrar þjóðir, þær voru 16 talsins á sínum tíma, gerðu með sér samning sem heitir Samningur um alþjóðaorkuáætlun. Þannig varð stofnunin til. En það má deila um það, ég tek undir það, hvort frv. eða lögin, ef að lögum verður, eigi að heita Lög um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki. Ég vil þó vekja athygli á því að þetta er heimildarfrv., þetta er frv. sem aðeins heimilar ríkisstj. að gerast aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Með því að samþykkja frv. er ekki samþykkt að Ísland verði aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Það hefur e. t. v. líka þýðingu í sambandi við heiti frv.

Það sem mér er langefst í huga í sambandi við þetta mál er fyrst og fremst eitt. Það er að tryggja Íslandi með öllum mögulegum ráðum næga olíu, koma í veg fyrir það að við verðum olíulausir, koma í veg fyrir það að fiskiflotinn verði olíulaus, því að í raun og veru byggist okkar efnahagslega tilvera langsamlega mest á því að hægt sé að reka fiskiflotann truflunarlaust. Það eru margir sem tala um að fiskiflotinn sé of stór o. s. frv. Ég skal ekki ræða það hér og nú. En því verður ekki á móti mælt að truflunarlaus rekstur — eða sem truflunarminnstur rekstur íslenska fiskiflotans er náttúrlega undirstöðuatriði fyrir okkar efnahagslega sjálfstæði og afkomu. Mér er þess vegna langefst í huga öryggið í olíumálum fyrir atvinnuvegina og svo að sjálfsögðu fyrir ýmsa aðra þætti í okkar þjóðlífi, upphitun og margt og margt fleira. Hér er um að ræða að mínu mati fyrst og seinast spurninguna um það að tryggja okkur á þessum vettvangi. Ég er þeirrar skoðunar að við munum tryggja okkur, auka á tryggingu með því að gerast aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég er hiklaust þeirrar skoðunar. Og við erum ekki einir um þessa skoðun. Þjóðir eins og Norðmenn, Svíar og Danir af Norðurlandaþjóðunum og svo allar Vestur-Evrópuþjóðirnar og margar fleiri eru þegar orðnar aðilar að þessari stofnun.

Hvort við erum að ganga í einhvern sérstakan klúbb, það álít ég ekki vera, vegna þess að við erum þegar í klúbb, við erum aðilar að Efnahags- og framfararstofnuninni í París og erum búnir að vera það lengi, og ég er ekki í nokkrum vafa um að við höfum haft margvíslegan ávinning af þeirri aðild í gegnum árin.

Varðandi kostnað við þetta, þá er hann tvenns konar. Það er fyrst og fremst kostnaður sem stafar af því að við þurfum að auka okkar olíubirgðahald. Ég held að við ættum að stefna að því að koma okkur upp 90 daga birgðum alveg hiklaust, hvort sem við göngum í Alþjóðaorkustofnunina eða ekki. Eins og hér er ástatt hjá okkur, bæði í okkar atvinnulífi og að öðru leyti, að við búum á eyju allafskekktri, held ég að ekki sé forsvaranlegt annað en við eigum í öllum tilvikum talsvert verulegar varabirgðir af olíu. Sannleikurinn er sá, að þó að það hafi aldrei orðið að slysi, þá hefur það legið nærri. Það þarf ekki annað en það verði einhverjar truflanir á olíuflutningum eða eitthvað slíkt, þegar við eigum minnst af birgðunum, þar þarf ekki annað að koma til en verulegar seinkanir á afhendingu og truflanir til þess að við getum átt í erfiðleikum. Og það hefur legið mjög nærri í mörgum tilvikum. (**GJG:** Eigum við ekki alltaf 3—4 mánaða birgðir?) Nei, við eigum það nú ekki, við eigum það yfirleitt ekki. Það er misjafnt yfir árið, en birgðirnar hafa aukist. Við þurfum að auka þær úr líklega 90 þús. tonnum upp í 129 þús tonn til þess að — (Gripið fram í.) Já, það er misjafnt. Það er alger tilviljun sem ræður því hvernig við erum staddir með birgðir og hvernig sveiflur eru í olíuverðinu. En við þurfum að auka birgðirnar nokkuð til þess að við eigum 90 daga birgðir í öllum tilvikum. Sé ástæða til þess fyrir þjóðir eins og t. d. Vestur-Evrópuþjóðirnar, Norðurlandaþjóðirnar, Svíþjóð, Danmörku og Noreg, þá er áreiðanlega ekki síður ástæða til þess fyrir okkur Islendinga, eins og hér er ástatt, að við eigum a. m. k. 90 daga birgðir af olíu á öllum tímum.

Varðandi aths. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um enskuna get ég tekið undir hana. Þetta var nú sett inn til þess að það væri með, en það var auðvitað ekki nauðsynlegt. Ég get alveg tekið undir það atriði.

Um málið að öðru leyti, að það fái ítarlega meðferð í þingnefndum, þá er það sjálfsagt mál og eðlilegt. En ég vil benda á það að málið hefur fengið geysilega ítarlega meðhöndlun. Ég er ekki viss um að mörg mál hafi fengið ítarlegri meðferð áður en þau hafa verið lögð fram á Alþingi heldur en þetta mál. Það hefur fengið mjög vandlega meðferð að mínum dómi og ég álít að það sé lagt fyrir þingið þannig að það séu til staðar í þeim þskj. sem fylgja frv. flestar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að menn marki sér afstöðu um málið. Þó kann að vera fleira, sem ástæða er til að spyrja um, og þá er það auðvitað verkefni þingnefnda að fjalla um það og fá fyllri upplýsingar um hvaðeina sem menn sjá ástæðu til að spyrja nánar um.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns lýsa mig andvígan þessu frv. til l. um neyðarbirgðir olíu o. fl. Ég tel að þessar 90 daga birgðir sem rætt er um að eigi að tryggja öryggi okkar geri þveröfugt. Þessi tilhögun tryggir ekki öryggi okkar. Hún stefnir öryggi okkar í hættu af þeirri einföldu ástæðu að við göngum undir þá kvöð að önnur aðildarríki að Alþjóðaorkustofnuninni hafa aðgang að okkar neyðarbirgðum á afbrigðilegum tímum, eins og t. d. stríðstímum, ef þarf að flytja olíu frá einu aðildarríki til annars. Ef

við erum hér með 60 daga olíubirgðir, þá höfum við þessar 60 daga olíubirgðir fyrir okkur í 60 daga. Ef við höfum 90 daga olíubirgðir, þá höfum við 90 daga olíubirgðir sem aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar hafa aðgang að fyrir sína starfsemi. Og hún stóreykst náttúrlega á stríðstímum hjá flestum þessara aðildarríkja ef ekki öllum, en okkar neysla breytist ekkert þó að stríð skelli á. Við höfum ekki þau stríðstæki sem þurfa á olíu að halda á afbrigðilegum tímum.

Ég vil vara við þessu frv. Þetta er lagt hér fram á fölskum forsendum. Í þeim samningum sem hér liggja fyrir og eru samningar á milli þeirra ríkja sem þegar eru aðilar að þessari alþjóðastofnun eru ákvæði sem heimila þeim vissan aðgang að orkulindum okkar til samnýtingar, að sjálfsögðu ef samkomulag næst, en það samkomulag er opið til umr. við samþykkt þessa frv., svo að ég vara við því. Það eru settar ákveðnar takmarkanir og ég veit að hæstv. ráðh. olíumála okkar mun vitna í þau ákvæði sem eru sett til bráðabirgða fyrir okkur sem eins konar trygging fyrir því að önnur ríki hafi ekki aðgang að okkar innanlandsorku. En þær takmarkanir liggja ekki hér fyrir, og eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir gagnrýndi hér áðan, hefur texti þeirra ekki enn verið þýddur úr ensku þannig að það er ekki farið að ræða þær. En eins og kom fram á fundi utanrmn., sem hæstv. ráðh. vitnaði til, þá er ekkert verið að opna leið til þess að gerast aðili að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Það er verið að undirbúa inngöngu í hana. Og ég vil taka það fram að ég er á móti því. Í þessu tilfelli förum við inn á fundi, þó gaman sé að vera stór, hjá stóru strákunum í París, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir orðaði það. Ég sé margar hættur í þessu og vara við samþykkt þessa frv.

Hæstv. ráðh. gat um það, ef ég hef tekið rétt eftir, að í landinu væru sem svarar 75% af þeim birgðum sem þyrftu að vera í landinu, við þyrftum að auka birgðirnar um 34%, og það væri svo sem allt í lagi vegna þess að þetta kostaði ekki mikið, það kostaði 1.6% verðaukningu á olíunni. 1.6% á verðið eins og það er nú, sem vitað er að er 9—10, jafnvel upp í 15% lægra en það þarf að vera til þess að olíufélögin tapi ekki? Nú standa málin þannig, að það olíufélag sem er hvað best rekið og skuldar hvað minnst er í ca. fjórum sinnum meiri yfirdrætti við sinn viðskiptabanka en það gerði ráð fyrir samkv. áætlun. Og hver á þá að fjármagna þessa umfram 34%? Það verður ekki gert af viðskiptabönkunum. Það verður ekki gert með yfirdrætti í Seðlabankanum, þar sem viðskiptabankarnir þurfa að borga 50—60% eða upp í 70% núna með nýjum reglum fyrir yfirdráttarheimild á viðskiptareikningi. Peningana eiga viðskiptabankarnir ekki. Hver á þá að fjármagna þetta? Ætlar ríkissjóður að gera það eða Seðlabankinn? Viðskiptabankarnir geta það ekki og það er hæstv. bankamálaráðh. ljóst. Hann ætti að tala við hæstv. viðskrh. og olíumálaráðh. einhvern tíma í góðu tómi um þessi mál.

Hér segir í 2. gr.: „Til að uppfylla skuldbindingar Íslands samkv. samningum um alþjóðaorkuáætlun getur ríkisstj. tekið ákvarðanir eða sett reglur um eftirfarandi:

a) skyldu aðila, (þ. e. olíufélögin líklega í þessu tilfelli.) sem flytja inn eða framleiða olíuvörur eða jarðolíu, til að halda svo miklar birgðir að Ísland eigi nægar neyðarbirgðir olíu sbr. m. a. I. kafla samningsins."

Og þetta eru félögin sem ég var að tala um að væru fjárvana, ættu ekki fyrir þeim birgðum sem þau eru með í dag. En það þarf að skylda þá til þess arna.

Síðan kemur í 3. gr. með leyfi forseta: „Ef almannaþörf krefur getur ríkisstj. framkvæmt eignarnám til að tryggja takmörkun á eftirspurn eftir olíu og hugsanlega úthlutun hennar á neyðartímum." Er þetta virkilega eftir samningnum við Alþjóðaorkustofnunina? Gæti ríkisstj. ekki orðað þessa 3. gr. eitthvað á þá leið: Ef almannaþörf krefur getur ríkisstj. framkvæmt aðgerðir — í staðinn fyrir eignarnám — til að tryggja takmörkun? Nei, nei, hún skal hafa það eignarnám. Þannig mætti lengi telja.

Ég ætla ekki að eyða tíma þessarar hv. deildar í að tæta þetta svona í sundur. En það er margt í þessu frv. sem réttlætir afstöðu Ed. — ef ég skildi hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur rétt hafði Ed. ekki samþykkt þetta. (Gripið fram í.) Nú það var ekki útrætt. En hvað sem því líður er svo margt sem réttlætir það að frv. fái ekki brautargengi hérna, jafnvel þó að frv. sé svo til eins og frv. Alþfl. 1980. Það er líka nokkur trygging fyrir því að það er kolvitlaust og þá á að varast að samþykkja það.

En það er mín skoðun að þetta fyrirkomulag varðandi neyðarbirgðir í 90 daga með þeim skilyrðum sem Alþjóðaorkustofnunin setur sé verra fyrir okkur heldur en að fá að vera í friði með okkar 60 daga birgðir án kvaða.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur kannske orsakað það að ég missti út úr mér framíkall við ræðu hæstv. viðskrh. að ég vildi segja hér örfá orð.

Það er almennum neytendum á Íslandi með öllu óskiljanlegt að þegar verð á olíuvörum sveiflast upp og niður á þessum svokallaða Rotterdammarkaði, sem er heimsmarkaðurinn, frjálsi markaðurinn, þá vill svo einkennilega til að þegar Rotterdamverðið fellur nær það aldrei til Íslands. Aftur á móti þegar það hækkar, þá er það ótrúlega fljótt að koma. Þegar ýmsir embættismenn eru spurðir hvað því valdi að þessi lækkun á Rotterdamverði komi ekki til framkvæmda, er svarið: Já, það eru bara svo miklar birgðir. Svo gleyma menn þessu og lækkunin kemur yfirleitt aldrei. Það er náttúrlega kapítuli út af fyrir sig hvernig getur það verið tilviljun. Það er þá samfelld tilviljun og samfelld ógæfa að mér virðist við alltaf vera á öldufaldinum á markaðsverði í veröldinni.

Þó að rökstyðja megi það að ýmsu leyti að æskilegra sé að hafa hér meiri birgðir, þá held ég að aðilar þurfi að gera sér grein fyrir því að vaxtakostnaður verður töluvert *mikill. Og hvort sem olíufélögin græða eða tapa, þá* dettur mér ekki annað til hugar en að þau komi þeim aukna vaxtakostnaði, sem leiðir af meiri birgðum, yfir á neytendur. Ég skal ekki vera að ræða þetta mál ítarlega að þessu sinni, en ég er ekki alveg viss um að þörfin sé svona brýn. Það er ýmislegt sem hefur breyst í þessum efnum. Engar spár hafa staðist, eins og hæstv. viðskrh. tók fram og var þó að vitna í ýmsar spár máli sínu til stuðnings. En sleppum því.

Það eru miklu fleiri olíuskip í veröldinni heldur en var fyrir svona 15 árum. Við opnun Súezskurðarins, við það að fleiri ríki hafa tekið upp framleiðslu á olíu og aukið hana, ég tilgreini t. d. Noreg, Bretland, Mexíkó, Nígeríu, hefur þetta breyst og er ekki jafnbundið Arabalöndunum og var og framleiðsluaukning á olíu hefur orðið mjög mikil. Spáð var samdrætti í framleiðslu á olíu. Það hefur ekki gengið eftir. Hins vegar hefur neysla á olíu dregist mjög saman vegna orkusparandi aðgerða sem ríki hafa gripið til. Þar hefur aukinn sparnaður og nýir orkugjafar komið til sögunnar. Því er líka spáð að þegar þjóðir rísi

upp úr þeirri kreppu sem nú gengur yfir, vonandi sem fyrst, muni olíuþörfin ekki verða sambærileg við það sem hún áður var. Þessar gífurlegu verðhækkanir á olíu hafa orsakað það að ríki hafa gripið til ákaflega magnaðra ráðstafana og náð þar ótrúlega miklum árangri. Við höfum kannske náð einna lengst í þeim efnum með því að nota jarðhita til húshitunar, en breytingar hafa einnig orðið í bílum, skipum o. s. frv. Nóg um það. Ég skal flytja ítarlega ræðu um þetta þegar málið kemur úr nefnd. En voðalega finnst mér þetta einkennilegt viðskiptalögmál með Rotterdam, að það skuli aldrei nema hækkanirnar berast til Íslands.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég held að það sé ákaflega mikill misskilningur hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að það sé eingöngu keypt olía til landsins þegar hátt verð er á henni í Rotterdam. Ég held að það sé allur gangur á þessu. Þetta sveiflast nokkuð til, jafnvel frá degi til dags, þannig að það er nokkur tilviljun hvað verðið er skráð þegar olíunni er afskipað. Ég held að það sé allur gangur á því þannig að við njótum óhags og hags af þessu eftir atvikum.

Varðandi flutningana til landsins er eitt af þeim vandamálum, sem við eigum við að stríða í sambandi við okkar olíumál, það að neysla okkar er svo hverfandi lítil samanborið við stóru þjóðirnar. Okkar birgðir mundu duga þjóð eins og Frökkum í nokkrar mínútur, Bretum og Vestur-Þjóðverjum, að ég tali nú ekki um Bandaríkjamönnum, í nokkrar mínútur. Það er svo gífurlegur munur þarna á að mér þykir ákaflega ólíklegt að það kæmi til greina — og ég er þá að tala um hvað líklegast er að muni gerast á neyðartímum — að við þyrftum að flytja olíu til einhverra af þessum þjóðum. Mér þykir miklu líklegra, svo að ég segi ekki meira, að við mundum njóta góðs af þessu þegar af þeirri ástæðu að okkar birgðir, þó að þær séu 90 daga birgðir og endist okkur í 90 daga, endast ekki þessum stóru þjóðum nema í nokkrar mínútur. Þess vegna þykir mér langlíklegast að það verði á hinn veginn fyrst og seinast, að það verðum við sem njótum góðs af samneyti við þessar þjóðir í olíumálum ef neyðarástand kann að skapast. Og það er auðvitað á þeim grundvelli sem við teljum okkur hag í því að flytja svona mál.

Varðandi verðlagningu á olíuvörunum er því til að svara að þessa stundina, þetta ár, seinasta ár og síðan dollarinn fór að hækka meira en aðrir gjaldmiðlar hefur það verið óhagstætt fyrir okkur að olían er keypt í Bandaríkjadollurum. Olíuviðskipti grundvallast á bandarískum dollurum um allan heim. Þetta hefur verið okkur mjög óhagstætt vegna þess að Bandaríkjadollarinn hefur hækkað svo gífurlega. Þó að það sé að vísu hagstætt fyrir okkar efnahag þegar á heildina er litið, vegna þess að við flytjum svo mikið út í dollurum, þá er það óhagstætt varðandi olíuverðið og orsakar þessar sífelldu hækkanir á olíuvörum. Þær stafa náttúrlega fyrst og fremst af því hvað dollarinn hækkar gífurlega, t. d. á þessu ári.

Verðlagsráð fjallar um verðlagningu á olíuvörum. Það hefur verið þannig um alllanga hríð að svokallaður olíujöfnunarreikningur hefur verið óhagstæður, þ. e. það misræmi sem skapast á milli þess verðs sem olían er seld á og þess sem hún er keypt á. Hann er enn talsvert verulega óhagstæður og þess vegna hefur þurft að hækka olíuna heldur meira stundum en markaðsverð gefur tilefni til, til þess að draga úr halla á þessum olíujöfnunarreikningi, sem er réttilega, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson gat um, fjármagnaður af ríkisbönkunum.

Það er engin ástæða til að leyna því að þegar birgðir eru auknar hækkar olíuverðið. Við höfum t. d. aukið birgðir okkar talsvert upp á síðkastið og það hefur haft í för með sér vissa hækkun á olíuverði, sem neytendur, sjávarútvegurinn og almennir neytendur í landinu, bíleigendur og aðrir slíkir hafa þurft að greiða. Það er engin ástæða til að leyna þessu. Það er staðreynd að það kostar þjóðina nokkuð að auka birgðirnar. Það hefur verið reiknað út að miðað við meðalbirgðir árin 1980 og 1981 muni það kosta í hækkuðu verði á olíuvörum 1.6%. Og ég hef ekki nokkra trú á því að neinn aðili geti staðið undir þessu annar en neytendur, ég hef ekki trú á því. Það er auðvitað sjálfsagt fyrir þær nefndir sem fjalla nánar um þetta mál að fara ofan í þetta. En þetta eru svo miklar fjárhæðir að ég hef ekki trú á því að hugsanlegt sé að gera það með öðrum hætti.

Nei, ég held að niðurstaðan verði einmitt þveröfug við það sem hv. þm. Albert Guðmundsson spáði í sinni ræðu. Við erum að reyna að auka öryggi okkar á þessu sviði. Við trúum því að með samvinnu við þessar þjóðir, sem eru okkar aðalviðskiptaþjóðir eins og kunnugt er, þó að fleiri komi þar til, séum við að auka öryggi okkar ef eitthvað ber út af. Í þeirri trú er þetta frv. flutt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er eiginlega vegna þess að ég gleymdi að ræða sérstaklega einn punkt á mínu blaði í minni fyrri ræðu að ég kem hér aftur í ræðustól. Ég var upplýstur um það að þegar hæstv. ráðh. lagði þetta sama frv. óbreytt fyrir Ed. á síðasta þingi, þá hefði hv. þm. Lárus Jónsson farið þess á leit að millipingnefnd yrði skipuð til að kanna málið milli þinga og sú ósk hefði fengið góðar undirtektir ráðh. á þeim tíma. Þessi mþn. hefur ekki mér vitanlega verið skipuð eða starfað á milli þinga. Og hæstv. ráðh. leggur frv. ekki aftur fyrir sömu deild, heldur kemur með það nú fyrir Nd. Þetta er út af fyrir sig málsmeðferð sem ég held að þm. kunni ekki að meta.

Ég skal taka undir það með hæstv. ráðh. að birgðir okkar eru aðeins örlítið brot af neyslu stórþjóða og endast þeim ákaflega skamman tíma. Undirstrikar það náttúrlega það sem ég sagði betur en nokkuð annað, að það er betra að vera í friði með 60 daga birgðir heldur en vera ekki einir um 90 daga birgðir, sérstaklega þegar ráðh. upplýsir að þær eru brenndar upp á nokkrum mínútum.

Nú er það svo að 85% af okkar olíuinnflutningi koma frá Rússum og 15% annars staðar frá. Það eru þá bara þessi 15% sem verða til ráðstöfunar samkv. þessum samningi. Og eftir að þessum 15% hefur verið ráðstafað erum við algerlega, 100% háðir Rússum í viðskiptum fyrir okkar eigin markað. Og að hvaða gagni koma þá þessir samningar? Eða er það rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að þetta sé dýrkeypt leið inn í klúbb stóru strákanna í París? Við erum ennþá einu sinni að þykjast vera meiri, vera stærri og vera ríkari en við höfum efni á að vera. Ég sé ekki nokkurt gagn í þessu.

Hæstv. ráðh. talaði um það eins og það sé ekkert mál, að það kosti ekki nema 1.6% að gerast meðlimur í þessum alþjóðaklúbbi. 1.6% af heildarneyslu og af birgðum, auknum birgðum þá, þegar birgðirnar eru komnar með, 1.6% álag á neytendurna. Vilja neytendur yfirleitt borga

þetta gjald fyrir það að einhverjir embættismenn fái að sitja fundi hjá Alþjóðaorkumálastofnuninni úti í París? Ég stórefast um það. Það væri gaman að fá um það þjóðaratkvgr., um stjórnvisku hæstv. ráðh. í þessu máli og stefnu ríkisstj. í þessu máli. Ég held að neytendur mundu ekki samþykkja það. Ég er neytandi, sem slíkur segi ég nei, ég mundi ekki samþykkja það. Þetta vildi ég segja að lokum. En ráðh. hlýtur að gera sér ljóst að það eru ekki nema um 15% af þessum væntanlegu birgðum sem yrðu til ráðstöfunar innan ramma þessa samnings. Afgangurinn kemur frá Rússlandi og það þýðir eingöngu að við verðum 100% háðir Rússum í olíuviðskiptum með okkar eigin birgðir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa fallist á nokkrar af þeim aths. sem ég setti hér fram í ræðu minni áðan. En það eru því miður ekki þau meginatriði sem ég hef lagt mesta áherslu á. Hæstv. ráðh. hefur ekki ennþá svarað því t. d. hvort Íslendingar mundu — og þá hann fyrir þjóðarinnar hönd — setja það skilyrði sem Norðmenn settu, að fallast ekki á þann skilning að stefnumörkun Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum sé lagalega bindandi fyrir einstök aðildarríki. Ráðh. hefur heldur ekki svarað þeim efasemdum hvort svo kynni að fara að aðildin skerti rétt okkar til sjáfstæðra samninga við olíusöluríkin. Slík skerðing gæti auðvitað verið áfall fyrir okkar eigin markaði og því full ástæða til að huga að þessu.

Síðast en ekki síst hefur ráðh. ekki svarað því, til hvers þetta frv. sé lagt fram. Hvert er beint gagn að þessu frv. og lögunum, ef að lögum yrði, fyrir þjóðina? Eftir þær umr. sem hér hafa farið fram kemst ég að nákvæmlega sömu niðurstöðu og hv. þm. Albert Guðmundsson og Guðmundur J. Guðmundsson. Það er afskaplega erfitt að sjá að gagnið yrði annað en það að olíuverð hækkaði til neytanda. Og ég vil taka undir spurningar þeirra, sem ég raunar lagði fram í upphafi þessarar umr., viljum við borga? Ég held að það svar hljóti að verða nei. Það er ekki á þjóðina leggjandi, sýnist mér, um þessar mundir að hækka olíuverð til þess eins, eins og hér hefur verið margsagt, að við göngum í þann auðmannaklúbb, sem þessi stofnun er, sem aðeins hefur að meðlimum 20% jarðarbúa og auðvitað hina ríkustu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins örstutt innskot í þessa umr., sem ég vil ekki að þm. gleymi. Hæstv. ráðh. og aðrir þeir ræðumenn sem hér hafa talað hafa eðlilega miklar áhyggjur af síhækkandi olíuverði. Ég leyfði mér fyrir hönd Alþfl. að flytja hér fyrir nokkrum þingum till. um fækkun olíufélaga. Hér í landi er þrefalt dreifingarkerfi olíu. Ég færði að því gild rök að lækka mætti olíuverð með því að sameina olíufélögin, fækka þeim þó ekki væri nema um eitt. Þetta mál hefur ekki fengið neinar undirtektir hér á þingi. Harma ég það mjög því að ég er ennþá jafn sannfærður, jafnvel sannfærðari en ég var áður, um að fækkun olíufélaganna hlýtur að jafngilda lækkuðu olíuverði. Það hlýtur hver heilvita maður að sjá að það er ódýrara að reka eina eða tvær skrifstofur fyrir olíufélög heldur en þrjár, það er ódýrara að reka einfalt eða tvöfalt dreifingarkerfi í staðinn fyrir þrefalt.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram í sambandi við þessa umr. um olíuna. Ég vil enn á ný minna menn á það að þessi möguleiki er fyrir hendi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Mér finnst að mönnum hætti til þess á tímum þegar ekki er erfitt ástand í sambandi við olíumálin, þegar ekki er kreppa, þegar nóg er af olíu og engin vandræði með innkaup og aðdrætti, þá hætti mönnum dálítið til þess að gleyma því ástandi sem kann að skapast og hefur skapast og gæti auðveldlega skapast, ef erfiðleikar eða olíukreppur endurtaka sig. Mér þykir ekki ólíklegt að þróunin verði á þá leið að það verði erfiðara og erfiðara að afla meiri olíu þó að það kunni að taka nokkra áratugi.

Það er matsatriði að sjálfsögðu að hve miklu leyti þjóðin á að birgja sig upp með varaforða af olíuvörum. Það er ekkert einhlítt svar í því efni. En ég er þeirrar skoðunar og það eru margir fleiri, að sé það rétt mat hjá þjóðum eins og t. d. Svíum, Dönum og minni þjóðum í Vestur-Evrópu og mörgum fleiri þjóðum að byggja á 90 daga lágmarki hvað snertir olíubirgðir, þá hljóti að liggja í hlutarins eðli að fyrir þjóð eins og Íslendinga sem býr í afskekktu landi langt úti í höfum þar sem aðdrættir geta verið erfiðir, sé a. m. k. ástæða til að eiga eins miklar varabirgðir og þessar þjóðir.

Ég skal ekki leggja dóm á það hvort við erum hlutfallslega háðari, hvað snertir okkar atvinnulíf, olíuvörum en ýmsar aðrar þjóðir. Þó mætti segja mér að okkar atvinnulíf væri með þeim hætti, og þá á ég alveg sérstaklega við sjávarútveginn, að við erum honum ennþá háðari heldur en kannske allar aðrar þjóðir um öryggi í þessum efnum. (Gripið fram í.) Það var ekki ætlun mín hér áður að tala um það eins og ekkert mál að hækka olíuverð um 1.6%. Það hef ég ekki sagt. Hins vegar kostar það 1.6% hækkun á olíuverði að auka birgðirnar um það sem við þurfum til að ná 90 daga markinu.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddi um bindandi skuldbindingar. Það er einmitt tekið fram alveg skýrum stöfum í öðrum fyrirvaranum að almennar reglur séu ekki lagalega bindandi fyrir Íslendinga. Það er einn aðalfyrirvarinn, einn þýðingarmesti fyrirvarinn og kannske sá fyrirvari sem Norðmenn lögðu einna mesta áherslu á þegar þeir voru að fjalla um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. (**GHelg:** Er sá fyrirvari viðurkenndur af stofnuninni?) Það kemur í ljós. Það er skilyrði af okkar hálfu. Samkv. þessu hefur ríkisstj. ekki heimild til, ef frv. verður að lögum, að gerast aðili að stofnuninni með öðrum hætti. Stofnunin verður að fallast á þá fimm fyrirvara sem við gerum um hugsanlega aðild.

Að þetta sé eitthvert príl hjá okkur, eitthvert mont hjá okkur að gerast aðilar að svona stofnun, það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni. Við erum auðvitað að þessu í þeirri trú að við aukum á okkar öryggi í þessum málum. Það er mergurinn málsins. Við erum aðilar að mörgum alþjóðastofnunum, sem við höfum mikinn hag af að vera aðilar að, fríverslunarsamstarfinu, svo að ég taki dæmi, og Efnahags- og framfarastofnuninni. Sú stofnun sem hér á í hlut er nánast hluti af Efnahags- og framfarastofnuninni. Ef við verðum aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni eru 22 þjóðir af 24, sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni, orðnar aðilar að þeirri stofnun, svo að ég held að það sé mikill misskilningur að um neitt slíkt sé að ræða. Það sem fyrir mér vakir og fyrir ríkisstj. með framlagningu þessa máls er fyrst og seinast að með þessu séum við að tryggja öryggi okkar í olíu- og orkumálum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að undirstrika það sem ég sagði, að þetta lítur þannig út í mínum augum að við séum að þykjast vera stærri og meiri en við í raun og veru erum, án þess að hafa efni á. Þá á ég við þann aukakostnað sem neytendur hér á landi koma til með að standa undir eftir upplýsingum ráðh. sjálfs. En ég gat einnig um áðan, og ég bjóst við að ráðh. kæmi með svar við því, að ef af þessum samningi verður, þá eru ekki nema 15% til ráðstöfunar. 85% eru þá eftir af því sem við flytjum inn og það magn kemur frá Sovétríkjunum. Við erum þá 100% háðir olíukaupum frá Sovétríkjunum vegna okkar neyslu. Ráðh. vék ekkert að þessu, en mér datt í hug hvort tengsl gætu verið á milli þessa samnings og þess rammasamnings sem ráðh. gerði núna nýlega.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson furðar sig á að hér skuli vera fullt af olíu þegar olíuverð lækkar á heimsmarkaði. Síðast þegar þetta skeði var það í sambandi við afskriftir og skattframtöl til íslenskra skattyfirvalda.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir telur að við höfum ekki efni á því að borga þessi 1.6% sem olían hækkar. Auðvitað verðum við að borga fyrir aukið öryggi á þessum sviðum alveg eins og öllum öðrum. En ég vil bara minna á það, þm. virðast hafa gleymt því eða ekki vitað um það, að við vorum svo til olíulausir á árinu 1973. Rússar gátu ekki skaffað okkur olíu þó að þeir væru samningsbundnir til þess. Við vorum alveg við það að verða olíulaus, alveg stopp. Það voru Hollendingar, sem þó voru á svörtum lista hjá Aröbum um það leyti, sem björguðu okkur á síðustu stundu. Þetta sýnir að hættan getur verið til staðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. Með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 16. fundur.

Fimmtudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„10. nóvember 1982.

Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum erlendis í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi Markús Á. Einarsson veðurfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Alþt. 1982. B. (105. löggjafarþing).

Markús Á. Einarsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs þá farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa.

Hagnýting surtarbrands, þáltill. (þskj. 69). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 77). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jarðsig á Siglufjarðarvegi, þáltill. (þskj. 81). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afvopnun og stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, þáltill. (þskj. 84). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 17). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eitt af því sem gerir það að verkum á Íslandi að lagakerfið í landinu er ónýtt, menn hlýða ekki lögum, er sú aðferð manna að túlka lögin sér í hag. Þeir eru sérfræðingar í þeim leikjum hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., sem hér hefur verið að gera till. Kjarni málsins er sá, herra forseti, að ég er 1. flm. þessa máls. Ég er 4. þm. Reykv. og ég gerði till. um allshn. og, herra forseti, þá till. á að bera upp fyrst. Og þó svo í landinu sitji utanrrh. sem heitir Ólafur Jóhannesson og þó svo að Ólafur Jóhannesson stundi þann leik að túlka lögin, aðferðirnar og leikreglurnar sér í hag, þá er óþolandi að forseti Sþ. hlýði manni sem að þessu leytinu til er óbreyttur þm. í lagalegum skilningi orðsins. Og þó að Ólafur Jóhannesson, hv. 5. þm. Reykv., geri um það tillögur að svona máli sé vísað til utanrmn. á einhverjum furðulegum forsendum, þeim að viðskiptamál sé utanríkismál, og þó að hann túlki sér í hag og þó að forseti eigi ekki meiri karakter til en hér hefur sést í dag, þá geri ég þá kröfu að till. 4. þm. Reykv. sé tekin fyrir fyrst af því að hann er 1. flm. málsins. Svona atburður gerðist hér í gær. Þá viðurkenndi forseti þegar í stað að hefðu orðið mistök og þau voru leiðrétt. Ég krefst þess, herra forseti, að sú till., sem flm. bar fram, að málinu skyldi vísað til allshn., sé borin fram fyrst. Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll er ekki og verður ekki utanríkismál, hvað svo sem hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. segja, — og er engin furða þó að maður rugli þeim að þessu leytinu saman eins og er búið að leika lagakerfið í landinu. Það sem hér er að gerast er dæmigert fyrir það af hverju þjóðfélaginu er

farið að leyfast allt. Það er dæmigert að í dag hefur forseti, sem „skandaliseraði" hér fyrir tveim vikum, „skandaliserað" aftur. Þetta sjá allir og þetta vita allir, en nú hlusta menn betur en þeir gerðu.

Ég krefst þess, herra forseti, að annað af tvennu gerist: annaðhvort verði mín till. borin fram, af því að hún er flutt fyrst og ég er í mínum rétti, eða að forseti víki úr forsetastóli og varaforseti taki við meðan málið er borið upp. Ég krefst þess, herra forseti, að farið verði að leikreglum. Það er af þessari ástæðu sem þjóðfélagið er farið að hreyfast.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í gær flutti hæstv. viðskrh. frv. um aðild að Alþjóðaorkustofnun og neyðarbirgðir olíu. Þrátt fyrir að ýmsir þm. hefðu við það að athuga að hæstv. ráðh. legði til að því frv. yrði vísað til iðnn. varð forseti Nd. við ósk flm. um að vísa málinu til þeirrar nefndar, sem flm. vildi að því yrði vísað til, en ekki til fjh.- og viðskn. Þar með virðist hafa verið skapað fordæmi um að óskir flm. um hvert eigi að vísa málum séu afgerandi þegar ákveðið er hvert eigi að vísa málum.

Flm. þessarar till. hefur óskað eftir að henni yrði vísað til allshn. Ég styð þá ósk; ekki bara vegna þess sem hér gerðist í gær, heldur líka vegna efnis málsins. Samkv. þeirri till. á að taka til meðferðar fyrirtæki sem starfar ekki bara á Keflavíkurflugvelli heldur starfar hér uppi á Ártúnshöfða, starfar vestur á Patreksfirði, hefur veitt fjármagni til Suðureyrar, rekur fyrirtæki víða um Reykjavíkursvæðið og hefur verið umfangsmikill aðili í atvinnurekstri um allt land, bæði á því svæði sem markað hefur verið umráðasvæði Bandaríkjanna, en líka í stórum stíl fyrir utan það svæði. Mér er t. d. umhugsunarefni hvort umsvif Regins hf. séu meiri utan Keflavíkurflugvallar eða innan. Ég leyfi mér að fullyrða hér, að umsvif Regins hf. hvað snertir fjölbreytta starfsemi og fjármagnsráðstafanir á undanförnum árum hafi verið meiri í ýmsum byggðarlögum þessa lands en á Keflavíkurflugvelli. Ef hæstv. utanrrh. og aðrir leggja það til hér að málefni hlutafélagsins Regins hf. séu eingöngu utanríkismál eru þeir þar með að kveða upp úr með fyrirtæki sem reka fjölþætta starfsemi hér í sjávarútvegi, í flugsamgöngum, í fiskvinnslu og ýmsum atvinnugreinum hér um land heyri undir utanrrn. eða heyri undir hv. utanrmn. á Alþingi Íslendinga. Það eru tíðindi fyrir Samband ísl. samvinnufélaga og þá sem sitja á aðalfundi SÍS að Reginn hf. heyri undir utanrmn. á Alþingi.

Það á að kanna ýmis fleiri fyrirtæki og starfsemi þeirra samkv. þessari till., en ég læt þetta aðeins nægja til að sýna hve fáránlegt er að halda því fram, að sú starfsemi, sem hér á að fjalla um, heyri undir utanrmn. Er ég þá ekkert að kveða upp úr með hvort till. verður samþykkt eða felld, þó að ég hafi lýst yfir stuðningi við hana í breyttri mynd, en að kveða upp úr með það, að sá víðtæki atvinnurekstur og fjármálastarfsemi, sem hér er verið að fjalla um, heyri undir utanrmn. á Alþingi Íslendinga og þar með heyri t. d. frystihúsið á Patreksfirði undir utanrmn. Íslendinga tel ég sérkennilegan málflutning. — Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hér komi fram miklu ítarlegri rökstuðningur en frammíkall fyrir þeirri stjórnskipulegu niðurstöðu, að allt þetta víðtæka mál, sem þessi till. fjallar um, þar með talin ein stærsta bygging sem byggð hefur verið í Reykjavík um áraraðir, byggingin uppi á Ártúnshöfða, sé utanríkismál. Er steinsteypan, sem þorri Reykvíkinga keyrir fram hjá á degi hverjum hér uppi á Ártúnshöfða, utanríkismál? Menn skulu gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur fyrir ýmsa þætti í stjórnskipun þessa lands, fyrir ýmsa þætti í atvinnurekstri þessa lands, fyrir ýmsa þætti í þeirri fjármagnsráðstöfun sem þessi fyrirtæki hafa beitt um allt land, ef Alþingi ætlar að fara að úrskurða að það sé allt saman utanríkismál.

Forseti (Jón Helgason): Ég vil vekja athygli á því, að það er ekki forseti sem úrskurðar til hvaða nefndar mál fer. Þetta verður borið undir atkv. og ég geri ekki ráð fyrir að það hafi áhrif á skoðanir manna hvor till. verður borin upp fyrst.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að leiðrétta það sem ég geri ráð fyrir að hafi verið mismæli hjá hv. 11. þm. Reykv. Hann sagði að forseti Nd. hefði í gær fallist á tillögu hæstv. viðskrh. um nefndarval vegna frv. til l. um neyðarbirgðir olíu. Það er auðvitað mismæli. Forseti tekur að jafnaði við till. flm. og ber þær undir deild eins og hæstv. forseti Sþ. Það má að vísu segja að manni hafi virst í fljótu bragði sem það frv. hefði átt heima í fjh.- og viðskn. Þó kunni það að orka tvímælis, ef menn vildu álíta að hér væru málefni orkuefnisleg. Í ljós kom að hv. Ed. hafði vísað þessu máli til iðnn. í meðferð s. l. vor við rannsókn málsins kom það að vísu á óvart einnig. En þetta getur ekki skapað neitt fordæmi. Nokkuð hefur borið á því að menn hafi að geðþótta sínum gert tillögur um nefndir eftir því hvernig þær hafa verið skipaðar; sjálfum sér eða öðrum sem þeim hefur hugnast þá og þá að fá til liðs við sig, gæti maður ætlað.

En aðeins að lokum, hæstv. forseti: Ég er þeirrar skoðunar að till. hv. flm., hv. 4. þm. Reykv., eigi að koma til atkv. fyrst, þar sem till. hæstv. utanrrh. er ekki brtt., heldur báðar sjálfstæðar tillögur.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það getur aldrei orðið neitt stórmál úr því til hverrar nefndar þessari till. verður vísað. En ástæður fyrir till. minni, að vísa málinu til utanrmn., eru í stuttu máli þessar:

Svipuð eða sams konar till. hefur komið fram hér áður og henni var vísað til utanrmn. Verktakastarfsemin á Keflavíkurvelli heyrir undir utanrrn. Utanrrh. skipar formann í stjórn Aðalverktaka. Utanrrh. skipar endurskoðanda Aðalverktaka. Það er með ýmsum hætti af hálfu utanrrn. og varnarmáladeildar haft eftirlit með Aðalverktökum. Og þessi till. fjallar um rannsókn á Aðalverktökum en ekki á þeim einstöku aðilum sem standa að Aðalverktökum. Þess vegna er náttúrlega alveg óþarfi að nefna Regin í þessu sambandi. (**Gripið fram í:** Það stendur í till.) Stendur Reginn í till.? Er ekki ástæða til að lesa betur? (**ÓRG:** Já, já, við skulum lesa þetta á eftir bara.) Já, það skiptir ekki máli. — En till. er um rannsókn á Íslenskum aðalverktökum fyrst og fremst a. m. k., það er ekki of mikið sagt, og þess vegna tel ég eðlilegt að málinu sé vísað til utanrmn.

Annars get ég endurtekið það sem ég sagði, að auðvitað er ekki stórvægilegt mál til hvorrar nefndarinnar till. fer. Og þó að þetta sé einkennileg till. að mörgu leyti, en um það ætla ég ekki að ræða í sambandi við þingsköp, efast ég ekki um að allshn. ráði við hana. En ég tel réttara að vísa henni til utanrmn. Ég hef fullan rétt til að gera tillögu um til hvaða nefndar máli er vísað og neyti þess

réttar míns. Svo er þingsins að skera úr því. Það er svo sem ósköp einfalt mál og þarf ekki að verða neitt kappsmál hjá einum eða neinum hvað meiri hluti þingsins vill gera í þessu efni. Mér er nákvæmlega sama hvor er borin upp fyrr, allshn. eða utanrmn. Ég legg það algerlega á vald forseta.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel að tillögumanni um rannsókn á starfsháttum Íslenskra aðalverktaka sé gert rangt til ef hans till. er ekki borin fram á undan. Það getur verið matsatriði þingsins til hvorrar nefndarinnar það vill vísa till., en þar sem ekki hefur borist formleg brtt. frá utanrrh. sé ég ekki að hans till. hafi neinn forgang fyrir öðrum. Ég vildi aðeins láta þetta álit mitt í ljós.

Forseti (Jón Helgason): Ég man ekki standa í stríði um það, hvor tillagan er borin upp á undan. Ég skal fallast á tilmæli flm. um að bera upp allshn. fyrst. Eins og ég sagði, sé ég ekki að það skipti neinu máli fyrir framgang málsins, en (Gripið fram í.) ég skal gera það.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég tel það vera í grundvallaratriðum rangt að vísa þessari till. til utanrmn. og ég skal leiða nokkur rök að því.

Í fyrsta lagi gerir þessi till. ráð fyrir að það verði kannaður rekstur risastórs fyrirtækis, sem teygir anga sína út um allt land. Þessi rekstur nær til húsbygginga m. a. á Reykjavíkursvæðinu, þar sem þetta fyrirtæki hefur reist 24 þús. fermetra hús. Ég veit ekki hvaða erindi þessar byggingarframkvæmdir eiga inn í utanrmn.

Ég vil líka láta þess getið, að þetta fyrirtæki hefur verið í beinni eða óbeinni samkeppni við önnur verktakafyrirtæki í landinu og haft þar aðstöðu sem ég hef á undanförnum árum talið óeðlilega. Hvað þessi samkeppni á að gera inn í utanrmn. veit ég ekki.

Hús þessa fyrirtækis að Ártúnshöfða hefur verið leigt ríkinu og þar er m. a. til húsa bifreiðaverkstæði SÍS. Hvaða erindi þessi verkefni eiga inn í utanrmn. fæ ég ekki skilið.

Ég vil líka minna hv. þm. á starfshætti utanrmn. Hún hefur nokkra sérstöðu í þinginu vegna þess að utanrmn. er að hluta til lokuð nefnd — nefnd sem heldur sína fundi fyrir luktum dyrum — og þau mál sem þar eru rædd eru oftar en ekki trúnaðarmál. Svo var a. m. k. þegar ég átti sæti í þessari virðulegu nefnd. (**Gripið fram í:** Það er alltaf nema öðruvísi sé ákveðið.) Alltaf nema öðruvísi sé ákveðið. En þá styður það það sem ég er hér að segja.

Í orðum hæstv. utanrrh. áðan um að svipuð till. hafi verið send utanrmn. áður gætir nokkurs misskilnings vegna þess að í þeirri till. var gert ráð fyrir að utanrmn. yrði falið að kanna málið, en ekki að það yrði falið sérstakri sjö manna rannsóknarnefnd að gera það.

Herra forseti. Ég vildi að þetta kæmi fram. Auðvitað ber forseti upp fyrst tillögu 1. flm.-tillöguna um að málinu verði vísað til allshn. Annað kæmi ekki til nokkurra einustu greina því að 1. flm. hlýtur að hafa tillögurétt um hvert hans tillögur fara á hinu háa Alþingi. Till. hans kemur auðvitað fyrst fram og hana ber að bera upp fyrst.

En að lokum: Ég vænti þess að menn sjái sér fært að senda þessa þáltill. til allshn. en ekki utanrmn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þeir fáheyrðu atburðir hafa gerst, að annaðhvort hefur formaður þingflokks Alþb., 11. þm. Reykv., vísvitandi farið með lygar ellegar að málgagn hans, Þjóðviljinn, skýrir rangt frá staðreyndum um eignaraðild að fyrirtækjum vestur á fjörðum. Þar sem hér er um mjög alvarlegt mál að ræða leyfi ég mér, með leyfi forseta, að lesa upp úr pistli dagsins, Þjóðviljanum, 8. síðu, miðvikudaginn 10. nóv. 1982, en þar stendur svo, með leyfi forseta:

„HP bjargvætturinn. Hraðfrystihús Patreksfjarðar, sem lengi bjó við lakan kost, er nú loks komið í nýtt og gott húsnæði, en fé vantar til að ljúka byggingu þess og fullkomna vélakostinn. Fyrirtækið er 90% í eigu Kaupfélags Patreksfjarðar, og það verður að segjast eins og er, að það hefur alls ekki setið við sama borð hjá Byggðasjóði og aðrir hér, sem leitað hafa eftir lánum.“ (**Forseti:** Þetta er um þingsköp.)

Herra forseti. Að gefnu tilefni, vegna fullyrðingar sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv. í ræðu um þingsköp um að það hefðu orðið eigendaskipti á þessu fyrirtæki, óska ég eftir því að Þjóðviljinn birti leiðréttingu í sínu blaði ef Bolli Ólafsson skýrir hér rangt frá, ella að Ólafur Ragnar Grímsson dragi til baka yfirlýsingar um eignaraðild að fyrirtækjum vestur á fjörðum. Eins og menn geta kynnt sér með lestri Þjóðviljans er hér um klárar lygar að ræða.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er af augljóst af öllu, að hæstv. utanrrh. hefur ekki heyrt hvað fór fram bæði hér áðan og síðast í gær. Og það má segja að upphlaupsmaðurinn, sem situr í forsetastóli í þessari stofnun og er með upphlaup einu sinni í viku, valdi þinghneyksli hér í dag, en ekki utanrrh. Það var auðvitað hárrétt hjá hæstv. utanrrh., að hann hefur leyfi til að flytja hvaða till. sem er, hvaða brtt. sem er og hvaða fsp. sem er. Það er ekki málið, heldur að flokksbróðirinn, sem situr hér í forsetastóli, tekur till. frá hæstv. utanrrh. fram fyrir till. flm. Við vitum að menn greiða hér atkv. nokkuð sjálfstætt í þessum efnum og vitaskuld er forseti með sína vikulegu hlutdrægni í forsetastól. Þetta sjá allir þm. Vandinn er sá að þjóðin fær ekki að vita nógu mikið um störfin á Alþingi. Ef þjóðin vissi betur og vissi meira væri þessi stofnun að mörgu leyti öðruvísi.

Það sem hér hefur farið fram, herra forseti, af forseta hálfu er það sem heitir í kennslubókum — (**Forseti:** Ég er búinn að lýsa því yfir að ég mun taka tillögu og ósk hv. 4. þm. Reykv. til greina.) Gerði forseti mistök áðan? (**Forseti:** Nei.) Ég er aðeins að útskýra fyrir þinginu í hverju mistökin eru fólgin. Það er málið að það sem hér átti að fara fram, og nú tek ég fram eins og einn lögskýrandi hefur gert áður að ég nota strangfræðilegt lögfræðimál og ekki stóryrði, er valdníðsla. Það er valdníðsla þegar hæstv. utanrrh. — fyrir aldurs sakir, sögu sakir og stöðu sinnar sakir — ber fram till. og hún er tekin fram fyrir till. frá yngsta þm. Það er það sem hefur gerst. Og þingforsetinn, sá sami og var með upphlaupið í fsp.-tíma um daginn, hefur annað upphlaup í dag. Við, sem erum að reyna að halda þessu kerfi stöðugu í þjóðfélaginu eigum auðvitað býsna erfitt við slíkar aðstæður. Það er málið. Og forseti segist núna ætla að breyta um ákvörðun. Það er af því að ég skildi fljótt hvað var að gerast. Annars hefði till. utanrrh. verið borin fram og samþykkt shlj. Það er þetta sem er málið. (**Gripið fram í:** Þú þarft ekki að vera viss um að hún hefði verið samþ. shlj.) Nei, gott og vel. En nú vísa ég í þingvenjur, hvernig með svona mál er farið. Og ég undirstrika, af því að mér prófhærri menn í lögvísindum hafa notað orðið vald-

níðsla og undirstrikað hvenær væri verið að tala um lögfræði og hvenær væri verið að tala um pólitík, að ég er að tala um lögfræði. Þetta heitir valdníðsla og það vita þeir báðir, fyrrv. stjórnlagaprófessorarnir, og leika þjóðfélagið áfram eins og þeir gera.

Það sem hér hefur gerst er dæmisaga um menn sem ekki kunna mannasiði. (**Forseti:** Það er um þingsköp.) Þetta er um þingsköp, herra forseti. Það er hægt að sýna þinglega mannasiði, sem hér hefur mistekist í dag. Það er þetta sem hefur gerst.

Nokkur orð um málið efnislega, af hverju gerð er till. um allshn.: Ég vil taka undir þær skýringar sem hv. 11. þm. Reykv. hefur gefið í þeim efnum. Þetta er till. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll. Ef hæstv. utanrrh. hefði látið svo lítið að vera hér við í gær vissi hann að tillögumaður fellst á að það sé svolítil ónákvæmni, sem þarf að breyta, í till. En hæstv. utanrrh. var ekki við. (Gripið fram í.) Þáltill. eru ræddar í Sþ., vænti ég að utanrrh. viti.

Í öðru lagi eru hér rakin fordæmi og sagt: Svona till. hefur áður verið vísað til utanrmn. Þetta er rangt, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. rakti hér áðan. Sú till., sem ég var einnig 1. flm. að, var till. um að fela utanrmn. rannsóknarvald. Það er allt öðruvísi saman sett till. Menn eiga að lesa þskj. sín.

Það er þetta sem hefur skeð: Í dag hefur verið opinberað á hinu háa Alþingi ótrúlega margt; hin lögfræðilega valdníðsla sem stendur fyrir miklu meira. Gamla kerfið fór í vörn fyrir verktakasukkið, en þjóðin er ekki sammála ykkur, herrar mínir. Hún bara veit ekki nóg um ykkur. Það er vandinn. Hún veit ekki nóg.

Herra forseti. Ég meðtek það sem allur þingheimur skilur sem afsökunarbeiðni. Ég meðtek það. Við höfum alltaf kunnað mannasiði.

Ég þakka fyrir að till. verður borin upp. Ég óska auðvitað eftir nafnakalli um þetta. Ég ætla ekki að gera þetta að stórmáli. Það eru hæstv. utanrrh. og flumbruskapurinn í forseta sem gerðu þetta að slíku máli. Ég vil biðja þann hluta þm., sem er stór, sem kemur fram af fullri virðingu afsökunar fyrir hönd þeirra beggja á því sem hér hefur gerst. Þingið á auðvitað ekki að vinna svona.

Herra forseti. Ég óska eftir nafnakalli um till. mína. (**MB:** Er of seint, forseti, að leggja til að málinu verði vísað til heilbr.- og trn.?)

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér hafa fallið nokkuð þung orð um fundarstjórn á Alþingi. Ég ætla ekki að blanda mér beint inn í þær umr. og bið hv. alþm. að láta þau orðaskipti, sem hér hafa fallið um fundarstjórnina sérstaklega, ekki villa sér sýn í atkvgr. um efnisatriði málsins, því hvað sem líður dómum manna um fundarstjórnina sjálfa er það ekki aðalatriði málsins og getur í þeirri atkvgr. sem hér fer á eftir ekki verið aðalatriði málsins. Bið ég menn þess vegna að taka ekki afstöðu á þeim grundvelli hvað mönnum finnst um virðulegan forseta þessarar stofnunar eða þau orðaskipti sem hér hafa átt sér stað um fundarstjórn, heldur eingöngu á grundvelli þess efnisatriðis hvort víðtæk athugun á fjölda fyrirtækja, sem hafa víðtæk umsvif úti um allt þjóðfélagið, heyri undir utanrmn. eða heyri undir þá nefnd sem fjallar um málefni landsins alls.

Það má vel vera, herra forseti, að ég hafi farið rangt með áðan þegar ég nefndi frystihúsið á Patreksfirði. Ég skal ekki fullyrða meira um það að óathuguðu máli, en það er kannske von að maður ruglist í öllum þessum frystihúsum sem fyrirtækið Reginn hf. hefur ýmist lánað eða á eignarhlutdeild í. Út frá þeim sjónarmiðum mætti rökstyðja að vísa þessu máli til sjútvn., því að þau eru fjölmörg fyrirtækin hér á landinu sem ýmist hafa þegið lánafyrirgreiðslu eða hafa lotið eignaraðild þessa fyrirtækis.

Eins og kom fram, hæstv. utanrrh., í umr. um þetta mál hér fyrir tveimur dögum er misbrestur á till. hvað það snertir að í henni stendur dótturfyrirtæki, en á að standa móðurfyrirtæki. (**Forseti:** Þetta á að vera um þingsköp.) Já, það er um þingsköp. Þess vegna, herra forseti, er ljóst að hér er verið að taka til meðferðar till. sem á að fjalla um könnun á fjölmörgum fyrirtækjum, ekki bara Íslenskum aðalverktökum, heldur fjölmörgum öðrum fyrirtækjum sem hafa stundað víðtæka fjárfestingarstarfsemi í nær öllum kjördæmum landsins, og slíkt getur ekki heyrt undir utanrmn.

Þar að auki vil ég benda á að utanrmn. er eina nefnd þingsins þar sem sérstök þagnarkvöð hvílir á nm. Þau ákvæði gilda um utanrmn., að enginn getur skýrt frá því sem þar fer fram nema því einu sem hann segir sjálfur. Þetta er gert til að tryggja örugga umfjöllun um utanríkismálefni þjóðarinnar í þessari nefnd, en getur hins vegar algerlega hindrað að umr. um till. af þessu tagi geti átt sér stað. Við vitum það allir þm. hér inni, að þegar skýrt er frá störfum allra annarra nefnda þingsins er það regla að frsm. nál., hvort sem það er meiri hl. eða minni hl., skýra iðulega frá upplýsingum, gögnum og athugunum sem komið hafa fram á fundum nefndanna. Það er nánast ógerningur að fjalla um till. af þessu tagi nema hægt sé að beita þar nákvæmlega sömu reglu og beitt er um öll önnur mál hér á þinginu, sem fara til slíkra nefnda, að hægt sé að skýra frá þeim álitsgerðum, umsögnum og öðru sem til nefndarinnar kemur. Þetta er ekki hægt hvað utanrmn. snertir. Þó það væri ekki nema út af þessu einu, til viðbótar við allt annað sem hér hefur verið nefnt, er útilokað að þingið geti fjallað á raunhæfan hátt um þessa till. nema henni sé vísað til allshn.

Ég vek athygli á þessu fordæmi, hv. alþm. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að stytta mál sitt.) Ég er að ljúka, herra forseti. Segjum sem svo, að hópur alþm. vildi láta kanna umsvif fyrirtækisins Regins hf. — og ég nefni það vegna þess að ég hef fjallað um það fyrirtæki á aðalfundi Sambandsins og hér og á ýmsum öðrum vettvangi — afskipti þess af flugfélögum í landinu og kaup á hlutabréfum þar, í frystihúsum, útgerð og ýmsum öðrum fyrirtækjum. Það er fyllilega eins mögulegt og hvað annað. Þá væri með því að greiða atkv. með því að þessi till. færi í utanrmn. verið að skapa fordæmi fyrir því að slík athugun og umfjöllun um þetta fyrirtæki ætti eingöngu að heyra undir utanrmn. Ég spyr hv. þm.: Eru þeir reiðubúnir að skapa slíkt fordæmi hér í dag?

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil frábiðja mér allar undirtektir við hv. 4. þm. Reykv. hvað varðar ádeilur á forseta Sþ., sem eru orðnar vikulegar. Ádeilur hv. þm. eru orðnar nokkuð vikulegar senur hér í þessari hv. samkomu. Ég harma það.

Ég veit ekki hvort ég tala eingöngu innan þingskapa, mér er ekki alveg ljóst hvað ég má segja innan þingskapa, en ég vil þó segja að þessi þáltill., sem nú á að koma undir atkv., gerir ekki ráð fyrir neinu öðru en hér segir, með

leyfi forseta: „Till. til þál. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.“ Þar er takmarkað hvað gera skuli og það er ekkert sem fylgir í skrifuðu máli á þessu plaggi annað en að rannsaka skuli Íslenska aðalverktaka og starfsemi þeirra og vita hvort hægt er að koma henni haganlegar fyrir — rannsaka framkvæmd á samningi, sem gerður er við erlenda aðila, sem standa í framkvæmdum hérlendis samkv. milliríkjasamkomulagi um varnir Íslands. Þessi samningur er gerður á vegum utanrrn. og síðan á að rannsaka framkvæmdina. Ég er alveg sammála því. En ég vil geta þess, að hvort sem till. fer til utanrmn. eða allshn. er það samþykkt Alþingis, sem hlýtur að ná til utanrmn., að rannsóknin og niðurstöður hennar verði kynntar almenningi og þá eftir að Alþingi hefur fjallað um þær. Þannig er ekkert lokaðra að ræða þetta mál í utanrmn. en í allshn. Þarna er líka um milliríkjasamning að ræða. Ég vil því styðja þá munnlegu till. sem hæstv. utanrrh. lagði fram um að þáltill. yrði vísað til utanrmn. Hér er um utanríkismál að ræða. Samkv. till. er það eingöngu verktakastarfsemin við Keflavíkurflugvöll sem á að rannsaka og hún heyrir alfarið undir utanrrn. Um allar aðrar framkvæmdir, hvort sem fyrirtækið heitir Reginn eða eitthvað annað, gegnir allt öðru máli vegna þess að þar er um að ræða ráðstöfun á ágóða þeirra fyrirtækja sem standa að Íslenskum aðalverktökum. Þá er komin mjög djúp gjá á milli verktakaframkvæmda og verklegra framkvæmda á Keflavíkurflugvelli og svo aftur þess hvernig hinir íslensku verktakar nota sitt fjármagn, sinn ágóða, á innanlandsmarkaði.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika mjög rækilega það, sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv., að hv. alþm. skoði mjög vel efnisatriði þessa máls. Ég endurtek og undirstrika: efnisatriði þessa máls. Mér er alveg ljóst að mér rann í skap, það skal sagt eins og er, en ekki eingöngu út af atburðum í dag, heldur vegna samhengisins við það sem gerðist fyrir tveimur vikum. Ég held að aðallega það, en einnig þetta, séu skelfilegir atburðir þingsins vegna. Ég endurtek: skelfilegir atburðir þingsins vegna.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur auðvitað með fullum rétti verið að kenna mér mannasiði og þingsköp, og í framhaldi af því lýsti hann því yfir í gær að ég væri alinn upp í baksætinu á ráðherrabíl. Ég tek auðvitað vel þeirri kennslu. En ég vil biðja hv. alþm. mjög alvarlega að skoða efnisatriði. Ég vísa til orða hv. 11. þm. Reykv. í því sambandi og þess sem hann þingræðislega er að segja. Það er það sem skiptir öllu máli og að tillögurnar verði bornar upp í þeirri röð sem þær komu fram. (Gripið fram í.) Já, það hefur fengist staðfest hjá forseta. Ég endurtek beiðni mína um nafnakall og svo skulum við reyna að láta atkvgr. fara fram eins og lög gera ráð fyrir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt aths.

Mér þykir menn halda hér langar ræður af litlu tilefni. Þessi þáltill. gerir ráð fyrir að komið verði á fót nefnd sem skal kanna ákveðin atriði í samskiptum Íslenskra aðalverktaka við bandaríska herinn. Þau viðskipti eru vitaskuld utanríkismál og um þau fjalla þar af leiðandi utanrrn. og utanrmn. Einmitt þess vegna er með öll óeðlilegt að utanrmn. búi til þá forsögn sem þessi nýja nefnd fær í veganesti fyrir rannsókn. Það er ekki venja að þeir sem rannsaka skal búi sjálfir til forsögn að rannsókn. Vitaskuld er eðlilegt að önnur nefnd leiði þá forsögn sem nefndin fær í veganesti og þess vegna styð ég það auðvitað eindregið að það verði hv. allshn., sem á þátt í þeirri forsögn, en ekki hv. utanrmn., þar sem hún hefur sjálf fjallað um þau viðskipti sem hér er um að ræða.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hér hefur gerst þrennt: Það hafa orðið mistök í fundarstjórn. Þau eru nú leiðrétt. Hér hafa verið þverbrotin öll þingsköp með því að leyfa efnislegar umr. þar sem þær eiga ekki heima. Og hér hafa verið brotin einföldustu frumboðorð mannasiða, þar sem ráðist er í umr., sem á að vera um þingsköp og fundarstjórn, að mönnum sem eiga enga aðild að því máli, menn átaldir fyrir aldur eða að túlka lagakerfi sér í hag. Í hverra þágu ættu þeir að túlka það? Það er þá annarra að túlka það þeim í óhag. En umr. er til skammar.

ATKVGR.

Fellt að vísa till. til allshn. með 30:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HG, JS, JBH, KJ, MB, ÓRG, HBald, SighB, SkA, SoG, VG, ÁG, EH, EgJ, EG, GeirG, GJG, GHelg.

nei: JK, HBl, IGuðn, IGísl, ME, JÞ, KSG, LJ, MÁM, ÓE, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StefG, NL, StH, SteinG, TÁ, ÞS, AG, AS, BÍG, FÞ, FrS, GeirH, GB, GTh, JH.

11 þm. (KP, MHM, PS, SvG, SvH, ÞK, DA, EKJ, GS, GK, GGÞ) voru fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Með því að þessi till. fjallar einvörðungu um að Alþingi álykti að fela sérstakri rannsóknarnefnd, sem það kýs, að láta fara fram ítarlega rannsókn, þá sé ég ekki betur en utanrmn. sé fyllilega fær um að gefa þingheimi þá umsögn sem þarf til að taka ákvörðun um hvort eigi að kjósa rannsóknarnefnd eða ekki. Með því segi ég nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér fer fram að hluta til baráttan við hið gamla samtryggingarkerfi flokkanna. Ef menn átta sig ekki á því, þá er þinginu vandi á höndum. Ég segi já.

Till. vísað til utanrmn. með 28:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SteinG, TÁ, ÞS, AG, AS, BÍG, FÞ, FrS, GeirH, GB, GTh, JK, HBl, IGuðn, IGísl, ME, JÞ, MÁM, ÓE, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StefG, NL, JH.

nei: GHelg, ÓRG, HBald, SoG.

VG, EH, EgJ, GeirG, GJG, HS, HG, MB, SkA greiddu ekki atkv.

19 þm. (SvG, SvH, ÞK, ÁG, DA, EG, EKJ, GS, GK, GGÞ, JS, JBH, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, PS, SighB) voru fjarstaddir.

Um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar alþm. hafa nú ákveðið, hluti þeirra, að vísa þessu máli til utanrmn., þá verð ég sem nm. í þeirri nefnd að óska eftir

úrskurði forseta um heimildir mínar til starfa í nefndinni að þessari till. Það er ljóst, að þessi till. er allnokkuð öðruvísi en þorrinn af þeim till. sem utanrmn. fær til meðferðar. Ég mun óska eftir því í utanrmn., líkt og gert er venjulega í öðrum nefndum þingsins, en heyrir til algerra undantekninga að gert sé í utanrmn., að fulltrúar allra þessara fyrirtækja og stjórnendur þeirra fyrirtækja sem þessi fyrirtæki hafa fjárfest í verði kallaðir fyrir nefndina, svo að hv. utanrmn. geti gert sér grein fyrir hvort það sé ástæða til að samþykkja þessa till. og þá með hvaða hætti hún skuli orðuð. Slík vinnubrögð hafa að ég held mjög sjaldan, ef þá nokkurn tíma, verið tíðkuð í utanrmn., en eru hins vegar meginregla, eins og allir vita, í öllum öðrum nefndum þingsins og hefðu verið meginregla ef þessari till. hefði verið vísað til allshn.

Ég segi þetta hér vegna þess að ég vænti þess, að sá hluti þingsins sem samþykkti að till. væri vísað til utanrmn. hafi ekki verið að gera það í trausti þess að till. fengi ekki eðlilega þingmeðferð. Þessi samþykkt meginhluta þings hafi ekki verið gerð til að hindra að málið fengi eðlilega þingmeðferð. Ég vil a. m. k. ætla það, þar til annað kemur í ljós, að það sé ekki vilji þingsins að þetta mál fái ekki sömu meðferð í þessari nefnd og þorri allra annarra þingmála fær í öðrum þingnefndum. En hængurinn er sá, að það eru ákvæði um utanrmn., sérákvæði, sem kveða á um að ég hafi ekki heimild sem nm. í utanrmn. til að skýra þingheimi frá gögnum og upplýsingum í mínu nál. eins og öllum þm. í öðrum nefndum þingsins er heimilt að gera. Væntanlega er það ekki vilji þingsins að hindra að þingið fái að sjá, og þar með þjóðin, þau gögn, þær skýrslur og þær upplýsingar og umsagnir sem ég mun beita mér fyrir að utanrmn. fái um þetta mál, en samkv. ákvæðum þingskapa um utanrmn. er bannað að sýna slíkt. Þess vegna leita ég úrskurðar forseta, annaðhvort í dag eða síðar, hvort hann telur að mér sé heimilt í nál. mínu, sem e. t. v. fleiri kunna að standa að, að leggja fram þau gögn og þær upplýsingar, sem nefndin fær, eins og nm. í öllum öðrum nefndum þingsins er heimilt að gera. T. d. hefur hv. þm. Lárus Jónsson árlega birt heila bók í þskj. með mörgum tugum skjala og upplýsinga sem borist hafa fjh.- og viðskn. frá alls konar stofnunum og aðilum í þessu þjóðfélagi.

Ég óska eftir úrskurði hæstv. forseta um það, hvort ég hafi heimild, þegar nefndin skilar áliti, til að leggja fram í nál. mínu öll þau gögn og upplýsingar, sem n. berast, líkt og aðrir þm. hafa í öðrum nefndum um öll önnur mál. Ég geri þetta vegna þess að ég vil fá það skýrt fram hér og nú, hvort sá meiri hl. sem hér myndaðist sé þeirrar skoðunar og það hafi verið ætlun hans með atkvgr. sinni að sveipa skuli þagnarhjúp yfir málið með því að beita þagnarskyldunum í utanrmn. til að hindra að þingið og þjóðin fengi að sjá þau skjöl sem fram koma í málinu. Ég vil því óska eftir því við hæstv. forseta, að hann úrskurði að með þetta mál skuli fara eins og öll önnur þingmál og mér og öðrum nm. í utanrmn. verði heimilað að leggja fram í mínu nál. öll þau skjöl og upplýsingar sem nefndinni berast um þetta mál. Ég óska eftir þeim úrskurði áður en n. tekur til starfa. Hann þarf ekki að koma hér og nú. Ég geri enga aths. þó að hæstv. forseti taki sér umhugsunarfrest. Ég bið hann gjarnan um að gera það vegna þess að úrskurður hans skapar mjög alvarlegt fordæmi, ef hann verður neitandi, og ég efast um að ég treysti mér til að starfa að þessu máli í utanrmn. undir þagnarkvöðum og þeirri ákvörðun að ég geti ekki upplýst þingið og þjóðina um það sem kemur þar fram um þessi fyrirtæki og annað sem í till. er. Þess vegna, herra forseti, óska ég eftir því, og ég tek það sérstaklega fram að ég vildi frekar að hæstv. forseti tæki sér umhugsunarfrest, að það verði úrskurðað að í þessu máli höfum við nm. í utanrmn. heimild til að leggja fram hliðstæð nál. með gögnum og fskj. og mönnum er heimilt að leggja fram varðandi öll önnur mál hér á Alþingi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þau orð sem hér hafa fallið um leyndina annars vegar og opna starfsemi þingnefnda hins vegar skipta auðvitað meginmáli. Ég ítreka óskir um að skoðun í þessum efnum komi í ljós. En mér mundi nægja á þessu stigi málsins, að hæstv. utanrrh., sem er annars vegar yfirmaður utanríkismála í landinu og hins vegar flm. till. um að vísa málinu til utanrmn., gefi þinginu álit sitt á því hvort þangnarskylda gildi í þessum efnum. Þegar menn flytja tillögur vita menn auðvitað hvað þeir eru að gera. Það mundi nægja mér á þessu stigi málsins ef hæstv. utanrrh. ríkisins tjáði þinginu hug sinn í þessum efnum. Eiga leyndarákvæðin við að því er varðar undirbúning að ákvörðuninni um hvort og með hverjum hætti þessi athugun fer fram? Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál. Þegar menn flytja tillögur býr auðvitað að baki því hugsun, ég dreg það ekki í efa. Þess vegna væri afar ánægjulegt ef hæstv. utanrrh. segði þjóðþinginu hug sinn í þessu máli hér og nú.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hér hefur verið dregið í efa að till. sú sem nýlega hefur verið vísað til utanrmn. fengi fullnægjandi meðferð í n. Ég tel það algerlega ástæðulaust. Ég tel að utanrmn. sé vel fær um að taka till. til athugunar með þeim hætti að fullnægjandi sé. Sérstaklega vil ég taka það fram, að ég tel alveg sjálfsagt að þeir aðilar verði kallaðir fyrir nefndina sem einstakir nefndarmenn óska að kvaddir séu og n. í heild sinni.

Varðandi þá leynd sem á að hvíla yfir störfum utanrmn., þá hygg ég einnig að hún sé ekki því til fyrirstöðu að mál þetta upplýsist með þeim hætti að alþm. geti gert sér grein fyrir því þegar þessi till. eða breytt þáltill. verður borin upp fyrir Alþingi hvernig þeir vilja þá greiða atkv. Með leyfi forseta vil ég í tilefni af því að hér hefur verið nefnt að málefni rædd í utanrmn. eigi að sæta meiri leynd, skulum við segja, en málefni sem eru til meðferðar í öðrum nefndum vitna í þingsköp Alþingis, 15. gr., sem fjallar um fastanefndir í Sþ., en þar er sagt:

„Til utanrmn. skal vísa utanríkismálum. Utanrmn. starfar einnig milli þinga og er ríkisstj. til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstj. ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nm. eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðh. kveður svo á."

Hér lýkur tilvitnuninni varðandi þá leynd sem á að hvíla á störfum utanrmn. Þar er sagt að það sé eingöngu þagnarskylda ef formaður eða ráðh. kveða svo á. Ég hygg að það þurfi að vera mjög veigamiklar ástæður til þess að annaðhvort ráðh. eða formaður kveði upp úr um að eigi megi greina frá, þegar mál kemur til umr. hér á Alþingi, hvað fram hafi farið í nefndinni. Ég er þá alveg reiðubúinn að standa reikningsskil þeirrar ákvörðunar minnar þegar þar að kemur. Og ég ítreka og endurtek: Það hljóta að verða að vera mjög veigamikil rök fyrir því

að annaðhvort ráðh. eða formaður nefndarinnar kveði svo á um.

Varðandi störf í öðrum nefndum þingsins held ég að það heyri frekar til undantekninga en að það sé almenn regla að frá nefndastörfum og orðaskiptum manna á nefndafundum sé greint meðan mál er til meðferðar í nefnd. Það er fyrst þegar mál kemur frá nefnd og nál. liggja fyrir að slíkt ber á góma. Ég sé að óreyndu enga ástæðu til að ætla að í þessu efni verði farið öðruvísi að varðandi afgreiðslu utanrmn. á þessari till. en hvað snertir meðferð mála í öðrum nefndum.

Sem formaður utanrmn. vil ég taka það fram, að að óreyndu er algerlega ástæðulaust að gera meðferð n. á þessari till. tortryggilega með því að vitna í ákvæði, sem ég hef greint frá í þingsköpum, um leynd á störfum utanrmn. ef svo býður við að horfa.

Ég vænti þess að innan utanrmn. takist góð samvinna við afgreiðslu þessarar till. Og ég verð að draga í efa að hæstv. forseti þingsins hafi erindi til þess í raun og veru að kveða upp úrskurð um þessi efni, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., hefur farið fram á. Ég held að n. sé fullfær sjálf um að starfa svo að meðferð málsins að þingsómi sé að.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er rétt, sem komið hefur fram hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, að þann tíma sem við höfum setið saman í utanrmn. hefur ekkert á það skort að um þau mál sem til n. hafa komið hafi tekist allgóð samvinna hvað snertir málsmeðferð. Þetta mál er hins vegar annars eðlis. Það er annars eðlis vegna þess að sá maður sem samkv. þingsköpum hefur úrskurðarrétt um frá hverju megi skýra og hverju ekki í meðferð þessa máls, ef það er í utanrmn., hæstv. utanrrh., er hér tillögumaður að því að málið fari í utanrmn. og þar með tillögumaður að því að hann hafi ásamt formanni utanrmn. einn vald yfir því hvað út úr nefndinni fer. Ég hélt að hv. alþm. væri ljóst, að þegar utanrrh. flytur sína till. hér er hann jafnframt að flytja till. um að hann ásamt hv. þm. Geir Hallgrímssyni, þeir tveir einir, ráði því hvað fer til þingsins og þjóðarinnar af þeim gögnum og skjölum sem verða lögð fram í nefndinni. Það eru ekki vinnubrögð sem tíðkast í öðrum nefndum þingsins. Í öðrum nefndum þingsins er það á sjálfsvaldi hvers og eins þm. að meta hvort hann leggur fram í nál. sínu þau skjöl, gögn og upplýsingar sem í n. koma fram. Sumir þm. Sjálfstfl. t. d. hafa í fjh.- og viðskn. verið mjög iðnir við að leggja fram sem þskj. fjöldann allan af upplýsingum. Það er meginástæðan fyrir því að ég óskaði hér eftir viljayfirlýsingu hæstv. forseta að ég vildi hafa vissa tryggingu af hálfu þingsins sjálfs fyrir rétti þm. í þessu sérstaka máli.

Ég fagna því hins vegar, að hv. þm. Geir Hallgrímsson, formaður utanrmn. skuli hafa lýst því yfir hér að hann muni ekki hindra að þau skjöl og gögn, sem fram verða lögð og beðið verði um í utanrmn. um þetta mál, fái nákvæmlega sömu meðferð og önnur skjöl sem lögð eru fram um önnur mál í öðrum nefndum þingsins. Og ef hæstv. utanrrh. vill svo koma hér á eftir og lýsa því einnig yfir hér og nú, áður en málsmeðferð hefst í nefndinni, að hann sé reiðubúinn að lýsa því yfir líka hér og nú að hann muni ekki hindra að þau gögn sem beðið er um og upplýsingar sem lagðar eru fram í n. fái að fylgja nál. og verði þannig kynnt þjóðinni og þinginu eins og önnur mál, þá er það vissulega verulegur árangur í upphafi hvað málsmeðferð snertir. Ég skil orð hv. formanns utanrmn. á þann veg sem ég hef hér lýst, og ef því er ekki mótmælt vil ég að sá skilningur standi og er ánægður með hann og vænti þess að hæstv. utanrrh. taki þá hér og nú jafntvímælalaust af skarið og hv. þm. Geir Hallgrímsson. Það væri vont að eiga eftirmál um það innan n., þegar hún hefur starfað að málinu í einhvern tíma, hvað megi birta og hvað megi ekki birta af þeim skjölum sem þar eru lögð fram. Það verður að gilda um þetta mál sama regla og um önnur mál í nefndum þingsins, að öll þau skjöl sem þar koma fram megi birta.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er naumast leggjandi á þingheim að lengja þessar umr.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði mér upp hvað fyrir mér hefði vakað með till. minni. Það sem hann sagði um það efni var hrein hringavitleysa. Mér hefur ekki komið í hug nein leyndarskylda í sambandi við það, heldur var það, eins og ég tók fram í þeim fáu orðum sem ég sagði og áttu að vera rökstuðningur fyrir því að ég vildi láta vísa þessu til utanrmn., að ég taldi að eðli málsins samkv. ætti málið þar heima. Framkvæmdir og starfsemi Aðalverktaka byggjast á samningi, sem hefur verið gerður við varnarliðið, og þann samning gerði utanrrh. á sínum tíma.

Ég er ekki í utanríkismálanefnd, en á sæti á fundum hennar. Ég hef gert mér far um að reyna að veita henni allar þær upplýsingar sem farið hefur verið fram á, líka þær upplýsingar sem farið hefur verið fram á af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég er ekkert viss um að aðrar nefndir fái meiri upplýsingar en utanrmn. En ég vil segja það, að ekki mun af minni hálfu koma fram nein ósk um að leynd verði haldið yfir því sem kemur fram eða er lagt fram í sambandi við athugun utanrmn. á þessu máli. Það hefur aldrei vakað fyrir mér.

Hitt er að sjálfsögðu svo, að þar held ég að mundi alveg nákvæmlega sama gilda hvort sem málinu væri vísað til utanrmn. eða allshn., að þeir aðilar sem kunna að verða kallaðir fyrir kunna að leggja fram einhver skjöl eða eitthvað og geta sjálfsagt gert þau skjöl að trúnaðarmáli. Þá er það í valdi utanrmn. eða hverrar annarrar nefndar sem um er að ræða hvort hún vildi taka við þeim skjölum með þeim skilmálum. En hitt er svo augljóst mál að um það ætti ekki að þurfa að ræða, að þarna eiga í hlut einkaaðilar og þeir eiga auðvitað sinn rétt og geta óskað eftir því að trúnaður sé varðveittur um það sem þeir leggja fram. Slík atvik verða að sjálfsögðu ákvörðunarefni utanrmn. eða formanns hennar. En ég mun gera það sem ég get til að stuðla að því að utanrmn. fái í þessu máli eins og öðrum þær upplýsingar sem hún óskar eftir.

Nefnd til þess að spyrja dómsmálaráðherra spurningar, þáltill. (þskj. 27). — Ein umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég sé að það situr varaforseti í forsetastól. Ég hafði rætt það við forseta Sþ. að dómsmrh. yrði viðstaddur umr. af ástæðum sem ég held að hljóti að blasa við. Nú vildi ég spyrja herra forseta hvort hægt væri að verða við þessari ósk minni. (**Forseti:** Ég skal láta kanna það.) Ég bíð. (**Forseti:** Dómsmrh. gengur í salinn.)

Herra forseti. Ég þakka fyrir skjóta og góða afgreiðslu míns erindis. Þetta er till. til þál. um skipan nefndar til

þess að spyrja dómsmrh. spurningar. Ég vek athygli á því að það er rangprentað í dagskrá þingsins dag eftir dag. Það hefur verið notað fleirtöluorð, en eins og hér sést er um að ræða eina spurningu. Þetta er 27. mál þingsins.

Herra forseti. Ályktunargreinin er svofelld:

„Alþingi ályktar að skipa tveggja manna nefnd, sem kosin verði hlutfallskosningu á Alþingi, til þess að spyrja dómsmrh. eftirfarandi spurningar: Hefur dómsmrh. talið ástæðu til þess að gera athugasemdir við embættisfærslu sýslumannsins á Höfn í Hornafirði hinn 18. ágúst s. l.? Nefndin verði ólaunuð."

Nú er það svo, herra forseti, að eins og öllum hv. þm. er auðvitað ljóst, þá er þessi þáltill. fram borin einvörðungu af tæknilegum ástæðum, til þess að koma máli hér á dagskrá eftir að það hafði gerst á hinu háa Alþingi hinn 13. okt. að meiri hluti alþm. ákvað að koma í veg fyrir viðkomandi fsp. Og ég sé, herra forseti, að hv. alþm. margir hverjir halda áfram andstöðu sinni við málið með fjarveru sinni. Ég vil, herra forseti, fyrir þingtíðindin telja upp hverjir eru staddir í salnum. Það eru hv. þm. Steinþór Gestsson, hv. þm. Níels Á. Lund, hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson, hæstv. forsrh., hæstv. dómsmrh., hv. þm. Jón Helgason, hv. þm. Egill Jónsson, hv. þm. Hannes Baldvinsson, hv. þm. Albert Guðmundsson, hv. þm. Eiður Guðnason, hv. þm. Halldór Blöndal, hv. þm. Árni Gunnarsson og hv. þm. Páll Pétursson. (Gripið fram í.) Og hv. þm. Guðrún Helgadóttir er komin.

Þetta geri ég vegna þess, herra forseti, að það eru mjög alvarleg tíðindi þegar fsp. hefur verið bönnuð, eins og gerðist hérna. Ég vil ekki rekja það í smáatriðum, aðeins undirstrika það að mönnum kann að þykja við fyrstu sýn skrýtið að álykta um skipan nefndar til þess að spyrja dómsmrh. spurningar. En ég held að við aðra sýn sjái allir til hvers leikurinn er gerður. Þetta er leyfilegt samkv. þingsköpum. Á hinn bóginn er þingið auðvitað í sínum fulla rétti að hafna fsp. Tæknilega hafa báðir aðilar rétt fyrir sér.

Nú vildi ég mælast til þess við hæstv. dómsmrh. að hann gerði okkur öllum þann þingræðislega greiða að svara efnislega títtnefndri spurningu hér í umr. Í upphafi grg. þáltill. segir: „Ekki má ólíklegt telja að till. verði dregin til baka þegar hún hefur fengist rædd" og þar með er málið úr sögunni af minni hálfu. Auðvitað þykir mér leiðinlegt — ég endurtek og undirstrika: leiðinlegt að hafa séð mig knúinn til að flytja till. með þessum hætti, sem hálft í hvoru er auðvitað kátlegt. En ástæðan var sem sagt þessi: Hin aðgerðin var réttur meiri hlutans og á hinn bóginn er þetta réttur minn. Það að nefndin skuli vera ólaunuð, eins og segir í grg., er ekki heldur grín. Það er fram sett svo vegna þess að samkv. þingsköpum eru þáltill. sem ekki kosta almannafé einfaldari í meðförum þingsins heldur en þáltill. sem kosta almannafé. Því er sú setning sett þarna inn að ráði fróðustu lögfræðinga.

Ég vil ekki vera að rifja upp það heldur dapurlega atvik, sem hér átti sér stað þegar fsp. mín var bönnuð, en vænti þess fastlega að þetta mál, sem er mikilvægt, fái hér kurteislega meðferð, það fái umr., ekki langa en efnisríka sem því ber, og þá er það úr sögunni af minni hálfu.

Ég vil nú, herra forseti, fara nokkrum orðum um efnisatriði málsins. Kjarni málsins er sá, að það gerðust hörmuleg tíðindi á suðausturhorni landsins 18. ágúst s. l., hörmulegri en tárum taki. Slíkir atburðir gerast og enginn virðist fá gert við því. Ég hef ekki fremur en aðrir löngun til að ræða það mál frekar. Það eru mannleg örlög sem enginn ræður við. En frá voveiflegum atburðum er allajafna sagt í fjölmiðlum. Og hvort sem um er að ræða fjölmiðla sem eru kostaðir af almannafé eða hina, sem taldir eru „frjálsir" og við t. d. sem hluti af almannavaldi höfum fyrir vikið ekkert yfir að segja, skiptir máli með hverjum hætti viðbrögð þeirra eru. Ég vil undirstrika mjög rækilega að það er vitaskuld mín skoðun að ekkert sé eðlilegra en að þeir sem við fjölmiðla starfa leiti uplýsinga um slík mál og öll önnur. Það má ekki misskilja með einum eða öðrum hætti.

Nú gerðist það að kl. hálf ellefu að morgni eða þar um *bil, ég vísa í fskj. með þessu plaggi, var handtekinn* maður. Þá er hann eðli málsins samkv. hinn grunaði. Þessi maður er færður til yfirheyrslu. Þeir sem stjórna rannsókn málsins eru starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þennan sama dag berst á öldum hljóðvakans, í Ríkisútvarpi/hljóðvarpi viðtal, sem er útvarpað kl. hálf eitt, við sýslumanninn á Höfn í Hornafirði. Þetta viðtal er til uppi í Ríkisútvarpi. Ég vil ekki vera að lesa af því afskrift hér, en fréttastofa útvarpsins getur látið hana í té, ef hv. þm. vilja kynna sér viðtalið. Hún lét mér hana í té.

Í þessu viðtali koma fram upplýsingar sem kalla má framburð hins grunaða. Hann gefur ýmsar skýringar, m. a. um neyslu eiturefna, að á sig hafi verið ráðist o. s. frv. Ég þykist þess fullviss að hæstv. *dómsmrh. hafi* kynnt sér þetta efnislega og þekki nákvæmlega hvað þarna gerðist.

En málið er ekki þetta. Málið er það að sá aðili sem er að yfirheyra manninn er Rannsóknarlögregla ríkisins, ekki sýslumaðurinn. Og það sem meira er: Þegar viðtalið er tekið upp og því síðan útvarpað, þá stendur yfirheyrslan enn, henni er ekki lokið, það er ekki búið að yfirheyra manninn. Eins og fram kemur í grg. hófst yfirheyrslan kl. hálf ellefu og henni lauk ekki fyrr en kl. hálf tvö. Meðan á yfirheyrslunni stendur kemur yfirvaldið á Höfn í Hornafirði og greinir frá smáatriðum þess sem þarna átti sér stað. Ég fullyrði, herra forseti, að þetta mun einsdæmi í íslenskri réttarsögu. Síðan bætist það við að sá, sem talað er við, er — gagnstætt því sem þjóðin hélt — ekki aðili að málinu.

Mínir löglærðu ráðgjafar hafa haft mjög stór orð um þá atburði sem þarna áttu sér stað. Ég vil, herra forseti, lesa fskj. frá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem fylgir þessari till. Það er dagsett 14. okt. 1982, kl. 11.20. Ég vek athygli á því að það er daginn eftir að fsp. minni hér var hafnað. Það er Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður sem þetta skrifar: „Skýrsla varðandi fsp. Vilmundar Gylfasonar alþm. vegna rannsóknar á svonefndu „Skaftafellsmáli." "

Fyrsta spurning mín var: Hvenær fór handtaka fram? Rannsóknarlögreglumaðurinn svarar: „Tveir menn úr Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði fundu hinn grunaða í hellisskúta við rætur Hafrafells. Hinn grunaði fylgdi þeim sjálfviljugur niður á vegarslóða þar sem sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu var staddur. Hinn grunaði var fluttur í bifreið sýslumanns í þjónustumiðstöðina í Skaftafelli. Í bifreiðinni á þeirri leið var auk grunaða sýslumaður sjálfur og lögregla. Nákvæm tímasetning er ekki til á því hvenær hinn grunaði fannst né hvenær komið var með hann til sýslumanns, en kl. var 10.35 þann 18. ágúst 1982 þegar komið var með þann grunaða í þjónustumiðstöðina. Áætla má að ekki hafi liðið meira

en 10 mín. frá því maðurinn fannst og þar til komið var með hinn grunaða í þjónustumiðstöðina.“

Spurning mín númer tvö: Var manninum kynnt réttarstaða hans? Rannsóknarlögreglumaðurinn svarar: „Þrír rannsóknarlögreglumenn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins voru staddir í þjónustumiðstöðinni þegar komið var með hinn grunaða þangað. Tveir af þeim fóru þegar og tilkynntu sambýliskonu hins grunaða að hann væri fundinn og hvar hann væri. Undirritaður hóf þegar frumyfirheyrslu. Í upphafi var kannað hvort hann hefði óskir um að fá einhverja næringu og óskum hans í því efni fullnægt strax á meðan á yfirheyrslu stóð. Honum var þá kynnt hvað hann væri grunaður um og í beinu framhaldi af því kynnt réttarstaða grunaðra manna svo sem lög mæla fyrir um. Þá var hann spurður hvort hann væri þá þegar tilbúinn til að tjá sig um sakarefnið og kvaðst hann tilbúinn til þess. Að því búnu skýrði hann sjálfstætt frá helstu atriðum málsins. Yfirheyrsla þessi stóð frá því kl. 10.35 til“ — og ég undirstrika, herra dómsmrh.: „13.30. Viðstaddur yfirheyrsluna allan tímann“ — ég undirstrika, herra dómsmrh.: „sem vottur var lögreglumaður frá Höfn. Auk þess“ — og svo undirstrika ég þrítekið: „Auk þess var sýslumaður Austur-Skaftfellinga viðstaddur í upphafi yfirheyrslunnar“ — ég undirstrika: „í upphafi yfirheyrslunnar þegar hinn grunaði skýrði sjálfstætt frá.“

Ég dreg saman: Sýslumaður á Höfn í Hornafirði, sem er viðstaddur yfirheyrslu í harmleik, fer úr henni þegar þriðjungur er búinn af henni til að greina þjóðinni frá. Það er þetta, herra dómsmrh., sem mínir ráðgjafar hafa sagt að nái ekki nokkurri átt.

Þriðja spurning mín: Hvað var klukkan þegar fysta frásögn birtist í fjölmiðlum? Rannsóknarlögreglumaðurinn svarar: „Hér mun átt við frásögn í fjölmiðlum af framburði mannsins. Í þessu skyni skal upplýst að þegar yfirheyrslu var lokið kl. 13.30 hafði undirritaður símasamband við Þóri Oddsson vararannsóknarlögreglustjóra, og skýrði Þórir þá frá að í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins hefði verið frásögn af framburði hins grunaða.“ Sjá menn hvað hér hefur gerst? „Því má hér bæta við,“ segir Rannsóknarlögregla ríkisins, „að þrír rannsóknarlögreglumenn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins voru sendir á staðinn til rannsóknar málsins. Svo sem starfsreglur Rannsóknarlögreglu ríkisins mæla fyrir um gáfu þessir rannsóknarlögreglumenn engar upplýsingar um málið til fréttamanna, en vísuðu fyrirspurnum til Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra.“

Nú vil ég taka sérstaklega fram í fyrsta lagi að þessi skýrsla er mjög nákvæm. Hún er til mikillar fyrirmyndar um vinnubrögð. Ég vil einnig taka fram þá persónulegu skoðun mína að það að koma á fót Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi verið gífurlegt framfaraspor. Það spor var stigið árið 1977 eftir miklar umr. sem urðu um dómsmál í þjóðfélaginu eins og menn kannske muna. Það var gífurlegt framfaraspor einmitt í málum af þessu tagi sem ætla má að lúti ekki t. d. sýslumörkum. Sú stofnun hefur alla tíð unnið þannig að hennar starfsreglur, hennar samskipti við fjölmiðla eru til mikillar fyrirmyndar. Þó vil ég gera þar eina mjög alvarlega undantekningu.

Sumarið 1981 gerðust hörmuleg tíðindi hér vestur á Melum. Það var sams konar atburður og hér er um rætt og ég vil ekki hafa fleiri orð um það mál nema að þá fóru svokallaðir „frjálsir fjölmiðlar“ af stað og veltu sér upp úr því, með hinum ósæmilegasta hætti að minni hyggju, að hinn látni maður hneigðist að sama kyni og hann var sjálfur. Og Rannsóknarlögreglan, hugsanlega undir áhrifum frá fjölmiðlum, sendi frá sér skýrslu þar sem þessi staðreynd var mjög undirstrikuð og einnig rökstuðningur hins grunaða.

Þetta voru hrapalleg mistök hjá Rannsóknarlögreglunni. Ég endurtek að það er persónuleg skoðun mín að þetta hafi verið gert undir áhrifum frá fjölmiðlum, en þar undanskil ég t. d. Morgunblaðið, Ríkisútvarpið og Þjóðviljann. Ég undirstrika mjög rækilega að ég held að starfsmenn hjá Rannsóknarlögreglunni líti á þetta sem skelfilegustu mistök. Við því er þá auðvitað ekkert meira að segja. Þetta er búið og gert. En eitt, herra dómsmrh., vil ég undirstrika mjög rækilega, sem ég endurtek líka að er persónuleg skoðun mín. Það er það að þetta er lítið þjóðfélag sem við búum í, þó að við séum að verða kvartmilljón karla og kvenna, og í litlum samfélögum er ákaflega auðvelt að vekja upp fordóma hvers konar, ákaflega auðvelt. Það þekkjum við úr okkar eigin sögu meðan við vorum smærri að öllu leyti.

Það fólk sem hér á hlut að máli á eitt sameiginlegt. Það er erlent. Við mundum aldrei tala svona hver um annan. En menn verða glannafengnari gagnvart útlendingum. Í fyrra tilvikinu var um það að ræða að einstaklingurinn hneigðist að sama kyni og hann er sjálfur. Við vitum að svo háttar um ákveðið hlutfall. Í seinna tilvikinu var um það að ræða — og það er það sem hér er um spurt — að framburðurinn, sem sýslumaðurinn bar í þjóðina meðan enn stóð á yfirheyrslu, var um hassneyslu. Það eru ákaflega margir á Íslandi fúsir að trúa því að fólk, sem reykir hass eða hvaða eiturefni önnur, sé líklegra en aðrir til að gera eitthvað sem siðamælikvarðar okkar segja að það eigi ekki að gera. Það er það sem er málið. Og ég dreg enga dul á það persónulega að ég varð gripinn skelfingu þegar ég heyrði þetta í hádegisfréttum. Þetta var endurtekið um kvöldið, endurtekið í sjónvarpinu, alltaf eins, og heimildin sú sama, maður sem er grunaður og fyrir vikið hlýtur að vera undir tilfinningaálagi, að ekki sé meira sagt.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef lýst og reynt að rökstyðja, að sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði hafi framið ægileg embættisafglöp með þessu. Vitaskuld geta menn hlaupið á sig, og get ég þar trútt um talað, þegar menn eru að flýta sér af einhverjum ástæðum. Ég vitna bara í umr. hér áðan, af því að hún kom mér alveg á óvart. En sýslumaður er yfirvald hins þriðja arms ríkisvaldsins, þ. e. dómskerfisins, og slíkir menn mega ekki hlaupa á sig í málum af þessu tagi. Það sem gerist, herra dómsmrh., er það að undirmaður þinn á Höfn í Hornafirði gerist einhvers konar blaðafulltrúi hins grunaða. Slíkt atferli ber ekki síst að varast í málum þar sem í hlut eiga minnihlutahópar sem mjög eiga í vök að verjast í þjóðfélagi okkar. Víða erlendis hefur vaknað miklu meiri skilningur á því en áður að minnihlutahópar eiga líka rétt. En það er ekki enn komið svo hjá okkur. Það verður fyrr en síðar. Annars vegar fyrra dæmið sem var nefnt, hins vegar yfirlýsingarnar um hassneyslu. Og það er miklu meira eins og menn muna. Ég vísa á þau gögn sem til eru hjá Ríkisútvarpinu um þetta. Ég get lánað mönnum þetta líka ef þeir vilja. Þetta er kjarni málsins.

Í minni fyrri spurningu hafði ég komist svo að orði, herra forseti: Hefur dómsmrh. áminnt? Ég féllst á það mat hæstv. forseta Jóns Helgasonar að það mætti skilja sem hlutdræga spurningu. Því var hún umorðuð svo:

Hefur dómsmrh. talið ástæðu til þess að gera athugasemdir við embættisfærslu sýslumannsins á Höfn í Hornafirði?

Hefði ég setið í dómsmrn. og notið samstarfs manna, sem kunna betur til smáatriða heldur en ég og eftir að flett hefði verið upp í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og öðru slíku, þá hefði þessum sýslumanni daginn eftir verið sent mjög alvarleg áminningarbréf úr rn. Jafnframt hefðu fjölmiðlar verið látnir vita um þá skoðun rn. að þetta hefði verið ósæmileg framkoma, auk þess óleyfileg vegna tímasetningar, en sér í lagi til þess fallin að spila á strengi fordóma. Síðan hefði verið látið þar við sitja.

Ég skrifaði raunar blaðagrein kvöldið 18. ágúst eftir að ég var búinn að hlusta — eins og þjóðin öll — á þessa frétt. Þar sagði ég að sýslumaður ætti að víkja úr embætti. Og sem almennur borgari er ég þeirrar skoðunar. En rn. getur það auðvitað ekki sem slíkt. Það þarf að fara hægar í sakirnar. Ég skil það mætavel. En nú er það eitt hlutverk ráðuneyta að fjalla um og móta það sem við getum kallað opinberar skoðanir á Íslandi. Mér er það ljóst að opinberar skoðanir eru auðvitað allt annað en einkamál fólks. Þar verður að skilja mjög skýrt á milli. En það verður að vera opinber skoðun á Íslandi að hér hafi verið farið rangt að, hér hafi verið rangt aðhafst tæknilega talað — og það sem meira er, hér hafi verið spilað á hugsanlega fordóma einhverra, sem ég svo sem veit ekki hverjir eru, og undirstrika það. En sá kjarni málsins verður að vera alveg ljós og klár, að við viljum þetta ekki. Við viljum ekki umfjöllun af þessu tagi um nýlátið fólk. Og við verðum líka að gæta að því, að útlendingar í þessu landi eiga sér sama rétt og innlent fólk. Það er engin afsökun að í þessum tilfellum tveimur átti erlent fólk hlut að máli. Það eru líka tilfinningar í París og Róm.

Það er þetta, herra forseti, sem er kjarni þessa máls. Okkur er öllum ljóst að það voru hroðaleg mistök að banna þessa fsp. á sínum tíma. En við skulum ekki gera meira mál úr því. Slíkir hlutir gerast. En vegna þess sem ég hef hér sagt tel ég bæði rétt og skylt að hæstv. dómsmrh. láti uppi sínar skoðanir á þessum efnum. Helst óska ég auðvitað eftir því að þær færu nokkurn veginn saman við mínar. En ég bið um að að vel og virðulega sé haldið á þessu máli. Mér voru gerðar upp þær hvatir hér að nú ætlaði ég að fara að velta mér upp úr einhverju o. s. frv. Þeir fáu þm. sem á mál mitt hlýða vita auðvitað og skilja að svo er alls ekki. Þetta er miklu alvarlegra mál en svo. Ég vil sérstaklega biðja hæstv. dómsmrh. að halda þessari umr. í þeim virðingarstíl sem henni ber, því að hér er um að ræða mikið alvörumál. Það er ekki um það að ræða að einhver sé að elta persónu tiltekins embættismanns. Það viljum við ekki og það á heldur ekki að gera og það er ekki gert. Það er um það að ræða að embættið sem slíkt gerði hroðaleg mistök. Það er það sem er kjarni málsins. Og staða réttarkerfisins er þannig að hæstv. dómsmrh. er í þeim sporum að geta leiðrétt þessi mistök, ekki þannig að þau út af fyrir sig verði tekin til baka, heldur það fordæmi sem við erum að undirstrika. Og því hef ég nefnt söguna af Rannsóknarlögreglunni, að þó að um annan aðila sé þar að ræða þá eru hliðstæðurnar ótrúlegar í þessu.

Ég vil sérstaklega taka fram að einn fjölmiðill öðrum fremur stóð sig allt öðruvísi í þessu máli. Það er Morgunblaðið. Ef menn bera annars vegar saman þá atburði sem ég hér hef verið að lýsa og hins vegar fréttafrásagnir Morgunblaðsins, þá held ég að menn skilji enn betur hvað við er átt. Ég vill einnig segja að það er oft í svona málum sem styrkur og verðmætamat Morgunblaðsins stendur nokkuð sterkum fótum. Það finnst mér staðreynd.

Herra forseti. Ég hef reynt að gera grein fyrir efnisatriðum þessa máls eins vel og ég kann. Ég óska eftir svörum. Sjálfur ætlaði ég aðeins að þetta yrði fsp. Þær eru þannig að þeim eru sett takmörk. Sú umr. hefði orðið með þessum hætti nema styttri. En gott og vel. Það nær ekki lengra. Ég hef af ásettu ráði látið tvennt eftir liggja. Annars vegar atburðina sem gerðust hér þegar þingið tók þá ákvörðun að banna þetta mál. Við skulum láta það eiga sig, það er búið. Hins vegar baksviðið sjálft. Það hefur aldrei verið minn vilji, hvað sem einhverjir andstæðingar mínir í skoðunum segja, að velta mér upp úr slíku. Það gera menn ekki. Það er embættið, sem mér finnst fremja afglöpin, sem ég spyr hæstv. dómsmrh. um, því að þar á undirmaður hans í hlut. Sjálfur hefði ég áminnt mjög rækilega, látið fjölmiðla um það vita og látið síðan þar við sitja. Ég bíð og vænti svars hæstv. ráðh. og vona að skoðanir okkar fari saman í þessu máli.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða um þátt umrædds sýslumanns sem blaðafulltrúa. Ég tek undir flest af því sem flm. hefur sagt um það. Að sjálfsögðu ber öllum að fara með gát í málum eins og hér eru á dagskrá, hvort sem þeir eru opinberir starfsmenn eða ekki.

Ég fagna því, að það hefur nú verið staðfest í rannsókn þessa máls, sem hér er rætt, og birtist á 2. síðu Dagblaðsins í dag, að ekkert hefur verið um hassneyslu eða neyslu eiturlyfja hjá umræddum systrum. Það var að vísu staðfest strax við rannsókn á farangri þeirra. Ég var beðinn um að aðstoða við að leita uppi þann farangur sem systur þessar höfðu geymt hér í Reykjavík meðan þær ferðuðust um landið. Við rannsókn á þeim farangri, sem þær höfðu skilið eftir, kom heldur ekkert grunsamlegt í ljós.

Það vill svo til, að það varð hlutskipti mitt á þeim tíma að hafa samband við eftirlifandi systur hinnar látnu tvisvar eða oftar á dag frá því að hún kom á Borgarspítalann í Reykjavík. Þannig myndaðist náið trúnaðarsamband milli mín og hennar. Fylgdist ég því náið með líðan hennar og því sem henni var efst í huga. Ég verð að segja alveg eins og er, að við kynni mín af hinni eftirlifandi systur var mat mitt á henni að hún væri ákaflega traustvekjandi persóna. Framlag mitt í þessar umr. er vissar efndir á persónulegum greiða, sem hún bað mig fyrir að lokum, en það var að skila kveðjum til allra þeirra sem hefðu unnið að þessu hörmulega máli. Ég þýddi fyrir hana allar þær greinar sem birtust um þetta mál og ég sagði henni frá athugasemdum sem gerðar höfðu verið við upplýsingar um þetta mál. Að sjálfsögðu hafði hún sem einstaklingur ekkert við þær að athuga.

Sama má segja um foreldra þessara stúlkna og bróður, sem komu hingað, en við þau ræddi ég opinskátt um allt sem fram hafði komið á prenti og allt sem ég vissi um þetta mál, sem var orðið nokkuð mikið á þeim tíma. Ég verð að segja alveg eins og er, að þetta fólk hefði getað komið héðan beint ofan úr sveit. Þetta var traustvekjandi sveitafólk. Þegar ég sá foreldra stúlkunnar skildi ég betur persónuleika hennar, því það var augljóst að hún hafði fengið gott veganesti frá góðu heimili til viðbótar við

mjög góða menntun.

Bæði stúlkan sjálf, bróðir hennar og foreldrar notuðu sérstaklega hlý orð í skilaboðum sínum og þakklæti til starfsmanna Rannsóknarlögreglunnar fyrir þeirra þátt í málinu.

Ég verð að segja alveg eins og er, af því að ég fylgdist þetta náið með, — ég held að enginn einstaklingur hafi fylgst nánar með þessu fólki en ég sem heiðurskonsúll Frakklands á þessu svæði, og mér er ljúft að segja það, — að öll starfsaðferð Rannsóknarlögreglunnar var okkur Íslendingum til mikils sóma. Ég get bætt því við, að Rannsóknarlögreglan stóð þannig að málum að hún fór langt út fyrir sitt starfssvið til að gera bæði stúlkunni sjálfri, foreldrum hennar og bróður allt þetta erfiða mál og dvöl þeirra hér eins léttbæra og nokkur tök voru á.

Þessum skilaboðum kom ég áleiðis símleiðis til hæstv. dómsmrh. á réttum tíma. Að vísu sagði ég dómsmrh. að fyrra bragði að ég mundi staðfesta þetta bréflega, en því miður hef ég ekki gert það. En ég vil taka það fram, að þessar kveðjur og þetta þakklæti var líka ætlað þeim sem störfuðu að þessu máli á fyrsta stigi fyrir austan fjall.

Það verð ég líka að segja hér um dvöl stúlkunnar, sem fór héðan í sjúkraflugvél, að hún hafði haft mikil áhrif á þær systur báðar áður en þessi hörmulegi atburður varð. Hún tók það sérstaklega fram, að atburðurinn sem slíkur hefði ekki áhrif á afstöðu sína til íslensku þjóðarinnar né landsins, þótt öll fjölskyldan harmaði hvernig þessari skemmtiför lauk. Þau báru engan kala til lands né þjóðar við brottförina frá Reykjavíkurflugvelli.

Ég vil bæta því við, að þau voru afskaplega þakklát fyrir alla þá samúð og þá góðu aðhlynningu sem þau höfðu notið meðan þau voru hér, bæði frá starfsfólki Borgarspítalans og öðru fólki, og samúðarkveðjur þökkuðu þau frá fólki víðs vegar úr öllum landshlutum. Ég tel rétt að þetta komi hér fram, að kveðjur og þessi orð, sem ég hef látið falla hér, voru til Rannsóknarlögreglunnar og sýslumanns og hans starfsfólks og allra þeirra sem tóku þátt í þeirri vinnu sem því miður varð að vinna fyrir austan fjall og síðast en ekki síst þökkuðu þau þá mannlegu meðferð og frábæru tillitssemi sem Rannsóknarlögregla ríkisins sýndi við alla rannsókn þessa máls.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um skipan nefndar til þess að spyrja dómsmrh. spurningar og sú spurning er flutt af hv. 4. þm. Reykv. Sú spurning er á þá leið, hvort dómsmrh. hafi talið ástæðu til að gera athugasemdir við embættisfærslu sýslumannsins á Höfn í Hornafirði hinn 18. ágúst s. l.

Ég gæti í sjálfu sér löngu verið búinn að svara þessari spurningu og hv. þm. veit fullvel að hann er hvenær sem er velkominn til mín í ráðuneytið og mun ég láta honum í té allar upplýsingar bæði um þetta mál og annað sem hæstv. fyrrv. dómsmrh. En þær umr. sem hafa farið fram á þessu haustþingi um málið hef ég talið að væru um formhlið málsins. Ég er reiðubúinn að svara þessari spurningu á þann hátt sem hv. alþm. telja rétt og á þeim stað þar sem hv. alþm. telja rétt að ég svari henni. Þess vegna hef ég ekki tekið til máls um þetta atriði fyrr. En nú segir hv. þm. að till. sé eingöngu borin fram af tæknilegum ástæðum og vitum við þá hvað við er átt. Ég veit í raun ekki hvort ég á að fara langt út í efnislegt svar við till. enn, en mun þó segja um þetta örfá orð.

Það er í fyrsta lagi ávallt mikið matsatriði hvað mikið er sagt frá rannsóknum mála meðan á þeim stendur, einkum þegar um viðkvæm mál er að ræða svo sem þetta var. Fjölmiðlar eru ágengir, eins og við öll vitum, og sumir segja að þeir geti í eyðurnar þar sem upplýsingar vantar. Þess vegna er oft í það minnsta nauðsynlegt að láta í té einhverjar upplýsingar, en mikið matsatriði á hverjum tíma hvað þær eiga að vera miklar. Það viðurkenni ég.

Þá er ljóst að sýslumaður Austur-Skaftfellinga stjórnaði rannsókn þessa máls. Það er ekki talið að hinumræddu frásögn hans í fjölmiðlum hafi valdið réttarspjöllum eða neinum truflunum á rannsókninni. Þetta mál hefur að sjálfsögðu verið skoðað og hugsað frá öllum hliðum í ráðuneytinu, en ég hef ekki talið ástæðu til að gera sérstaka athugasemd við atferli sýslumanns eða veita honum sérstaka áminningu út af þessu máli.

Ég vil svo aðeins geta þess í lokin, að að sjálfsögðu fer þetta mál eins og því er háttað fyrir dómstóla landsins, bæði undirrétt og Hæstarétt, og munu dómstigin bæði leggja hlutlægt mat á málið í heild sinni og allt atferli við rannsókn þess. Þess vegna eru það dómstólar landsins sem eiga síðasta orðið í þessu máli.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í rökræður um þetta mál við hv. 4. þm. Reykv., ég held að reynsla síðustu vikna hafi sýnt að það beri ekki mikinn árangur, en ég vil aðeins benda á örfá atriði í þessu sambandi.

Í 32. gr. þingskapa er sú skylda lögð á forseta að hann skuli úrskurða hvort hann telji að fsp. sem þm. hyggjast leggja fyrir Alþingi séu innan þeirra marka sem þingsköp setja. Þarna er lagt á hann að meta þetta og þingsköpin gera ráð fyrir því. Ég er ennþá sömu skoðunar og ég var þá, að ég tel að sú fsp. sem mér barst í hendur frá hv. 4. þm. Reykv. sé ekki innan þessara marka, en það takmarkar vitanlega ekkert rétt þm. til að bera hana fram eða skjóta því til úrskurðar þingsins, eins og þingsköpin gera ráð fyrir, og það var gert. Forseti hefur því ekki neina möguleika á eigin spýtur að hefta málfrelsi þm. Það er þingið sem kveður upp sinn dóm, eins og gert var.

Það gerist oft að þær fsp. sem mér eru fengnar eru ekki að öllu leyti í samræmi við þessi ákvæði þingskapa. Ég ræði það við fyrirspyrjendur og yfirleitt er fsp. breytt þannig að við erum sammála um það. Því miður ræddi ég einnig við hv. 4. þm. Reykv. um þetta og það virðist hafa valdið alls konar misskilningi, svo vægt sé til orða tekið, sem fram kemur m. a. í grg. þessarar þáltill. Þau atriði sem mér eru þar borin á brýn tel ég sem sagt af misskilningi stafa og vil því vísa þeim á bug. En eins og ég sagði áðan mun ég að öðru leyti ekki fara að rökræða þetta mál hér.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa svarað spurningunni, sem til hans var borin, efnislega og hafa þar með greitt úr þessum tæknilega hnút, ef svo má að orði komast. Svar hans er auðvitað um leið fullgilt svar við því sem hv. 3. þm. Suðurl. sagði áðan, og við þurfum ekkert að hafa fleiri orð um það. Spurningunni er svarað og við skulum svo dæma sjálfir.

En efnislega harma ég mjög það sem hæstv. dómsmrh. hafði um málið að segja í sínu svari. Hann kom að dómstólunum og réttilegri niðurstöðu þeirra. Það kemur þessu máli ekkert við. Það er mikill misskilningur. Það er

enginn að tala um þá hlið málsins og hefur ekki verið. Hann taldi sem sagt að það hefði engin ástæða verið til að gera athugasemdir við það sem þarna fór fram. Hann gerði engar athugasemdir við það, að sýslumaðurinn, undirmaður hans, er ekki aðili að þessu máli. Hann gerði engar athugasemdir við þá grg. Rannsóknarlögreglu ríkisins, að viðtalið í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins var flutt á meðan yfirheyrsla enn fór fram og, eins og sagt er, á meðan grunaði var að skýra sjálfstætt frá. Hann gerði enga athugasemd við það sem eru augljóslega stórkostleg embættisafglöp.

Það sem, herra forseti, sagt var í Ríkisútvarpinu var þetta, og ég vísa í fréttina á stangli: Hann hefði á mánudagskvöldið um kl. 11 komið að bíl inni á Skeiðarársandi og séð þar mannaferðir, farið að heiman og fundið, að eigin sögn, hasslykt megna. — Ég vil bæta því við að þær skýringar sem hv. 3. þm. Reykv. gaf og það sem segir í Dagblaðinu í dag svarar þessu. Það er nokkuð seint sem hv. 3. þm. Reykv. svarar þessu. Þetta um eiturlyfin hefði getað verið rétt og í tilfellinu sem vísað var til og átti sér stað fyrir ári var rétt frá skýrt.

Nú mundu menn segja „hann sagði að eigin sögn" í viðtali við útvarp. En nokkru síðar í viðtalinu er ekki neitt skilyrt. Þá er sagt: Önnur stúlkan stökk út í myrkrið, skildi eftir opna hurð, hin hélt o. s. frv. Það var ekki sagt „að eigin sögn", það eru engin skilyrði, enginn viðtengingarháttur. Það er þetta herra dómsmrh., sem eru og verða embættisafglöp af versta og alvarlegasta tagi.

Mér er ljóst að lagakerfið í landinu myndar mjög harðan varnargarð umhverfis sjálft sig í nafni laga og réttar oft. Þetta er að vísu að breytast. Og mér er ljóst að hæstv. dómsmrh. er fyrrum formaður í sýslumannafélaginu og metur þá stéttarbræður sína mikils, og ég lái honum það ekki. (Gripið fram í.) Í félaginu alla vega, — og ekki misskilja það. Ég er ekki að lá neinum manni það. Allir menn hafa rétt til að hafa áhuga á sínum stéttarbræðrum eða starfsbræðrum öðrum fremur. En það má ekki leiða til þess að af verði vörn fyrir rangindi. Það er staðreynd, að til er fólk sem neytir slíkra eiturefna. Það er líka staðreynd að það er lagabókstafur í landinu um það o. s. frv. En í nafni laga og réttar getum við aldrei haldið því fram að slíkt fólk eða hvaða annar minnihlutahópur sem vera skal sé t. d. líklegri til að fremja óhæfu því það er svo ægilegt að halda slíku fram. Ég vísa til hins málsins, sem er ársgamalt, og þess sem gerðist þar og frásagnanna af því og ég hvet hæstv. dómsmrh. til að kynna sér það mál.

Hæstv. dómsmrh. svarar, en þar kemur ekkert efnislega fram annað en almennt snakk um að dómstólarnir komist einhvern tíma að niðurstöðu, sem ég veit að er rétt og þeir gera. Það er ekki efni þessa máls og hefur aldrei verið. Hæstv. dómsmrh. heldur með öðrum orðum uppi vörn fyrir sýslumanninn að suðaustan og það er að minni hyggju skelfileg ástandslýsing á því hvernig þetta kerfi, sem öðrum fremur þarf að undirstrika muninn á réttu og röngu, heldur uppi vörn fyrir sjálft sig þegar í harðbakkann slær. — Fyrir greiða kemur greiði, mér er það ljóst. Mannlífið hefur alltaf gengið þannig fyrir sig og mannkynssagan öll, ef það er það sem hefur gerst.

Ég veit ekki hvort hæstv. dómsmrh. hefur kynnt sér það viðtal sem ég hef vísað í. Mér er ekki ljóst og varð ekki af svari hæstv. dómsmrh. ljóst hvort hann hefur lesið fskj. I frá Rannsóknarlögreglu ríkisins eða kannske hvort hann er fyrst að því núna. Mér er ekki ljóst hvort hann sér eða sér ekki hverju er verið að svara, einkum í stafliðum 1 og 2. Það gæti verið að hann sé fyrst að sjá það núna, það sé að renna upp fyrir honum að viðtalið í Ríkisútvarpinu birtist í fjölmiðli meðan yfirheyrslan enn fór fram og sá sem talaði var ekki aðili að rannsókn málsins í formlegum skilningi talað. Og það er eitt í svari Rannsóknarlögreglunnar sem hæstv. dómsmrh. ætti að velta mjög rækilega fyrir sér. Þeir segja, Rannsóknarlögregla ríkisins, Grétar Sæmundsson, í staflið 2 á bls. 3, ef ráðh. vildi vera svo elskulegur að fletta upp: „Auk þess var sýslumaður Austur-Skaftfellinga viðstaddur í upphafi yfirheyrslunnar" — það segir nú sína sögu í sjálfu sér — „þegar hinn grunaði skýrði sjálfstætt frá." Skilja menn hvað þetta þýðir? Skilja menn hvað Rannsóknarlögreglan er að segja? Ég skal útskýra til undirstrikunar. Þetta þýðir að viðkomandi aðili talar fyrst sjálfur, en svo er hann spurður, krossprófaður til að nota gott íslenskt orð. En frásögnin í fjölmiðlum er af eintalinu. Það er þetta sem Rannsóknarlögregla ríkisins er að segja í þskj., en ráðh. telur ekki ástæðu til að hafa skoðanir á þessu máli.

Eins og þetta mál blasir við mér er ég að freista þess að halda uppi málsvörn fyrir minnihlutahópa fólks sem hefur verið gert rangt til af þeim sem síst skyldi, þ. e. lagakerfinu í landinu. Ég er þeirrar skoðunar að þessir minnihlutahópar eigi rétt, þeir séu ekki líklegri til að gera eitthvað sem ekki má en annað fólk, og ég hef verið að reyna að gera hæstv. dómsmrh. að skoðanabróður mínum í þessu máli því að mér finnst það eiga við. Af svari ráðh. hæstv. má öllum ljóst vera að þetta hefur mér ekki tekist og ráðh. annaðhvort skilur ekki eða er annarrar skoðunar. Ég vildi óska þess að hann væri það fyrra, en ég er hræddur um að það sé það síðara. Ég er þeirrar grundvallarskoðunar, að siðað samfélag verði að halda uppi sérstökum réttindum þessa fólks. Það hefur misfarist hroðalega og það er undirstrikað í grg. með till. minni. Maður getur ekkert sannað eða afsannað, en mig grunar að þarna endurspeglist litla þjóðfélagið og framkoma þess við erlent fólk, þess vegna hafi menn talið að svona plebeiismi væri leyfilegur. En ég segi nei. Við getum ekki komið svona fram við nokkurn mann. Lagakerfið í landinu má ekki koma svona fram við nokkurn mann og alls ekki. Það er engin vörn eða réttlæting að menn hafi ekki tilfinningar í Paris eða Pakistan. Það er þetta, hæstv. ráðh., sem er kjarni málsins og ég harma mjög hið efnislega svar þó ég þakki fyrir það tæknilega. Ég harma það mjög að skilningurinn sé ekki meiri. Það er mín dýpsta sannfæring, að skilningur á svona málum sé miklu meiri úti um samfélagið en hér inni. Það er mín innsta sannfæring að svo sé.

Herra forseti. Ég endurtek að tæknilega vil ég þakka fyrir mig. Hafi ekki fleiri kvatt sér hljóðs um málið er þessi till. dregin til baka.

Endurreisn Reykholtsstaðar, þáltill. (þskj. 44). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 44 um endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði, sem við allir þm. Vesturlandskjördæmis flytjum sameiginlega. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa nú þegar samræmdar framkvæmdir við endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði í samræmi við tillögur stjórnskipaðrar nefndar, sem skipuð var 18. ágúst 1980.

Verulegt fjármagn verði veitt til þessa verkefnis á fjárlögum 1983 til uppbyggingar skólans og til annarra framkvæmda á staðnum.

Stefnt skal að því, að framkvæmda- og kostnaðaráætlun um uppbyggingu á staðnum í heild verði tilbúin áður en gengið verður frá fjárlagagerð fyrir árið 1984".

Eins og hinar fjölmörgu grg. og samþykktir, sem fylgja þáltill., bera með sér er uppbygging Reykholts stórmál, ekki aðeins fyrir Borgarfjarðarhérað eða Vesturlandskjördæmi heldur fyrir þjóðina í heild, slík er sögufrægð þessa staðar, slíkt er menningarlegt gildi staðarins fyrir okkur sem þjóð.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að lesa hér úr grg. eða réttara sagt áfangaskýrslu Reykholtsnefndar, en þar stendur m. a.: „Hinn 18. ágúst 1980 skipaði menntmrh., Ingvar Gíslason, nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig haga skuli framkvæmd þeirra mála í Reykholtsstað, sem varða fleiri en eitt ráðuneyti, svo sem skólp-, vatns- og hitaveitumála, skipulags staðarins, leyfis til bygginga, atvinnurekstrar og fleira. Einnig var nefndin beðin að semja yfirlit um hvaða umbætur hún teldi þurfa að gera á staðnum og í hvaða röð ætti að framkvæma.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Rúnar Guðjónsson sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, formaður, skipaður án tilnefningar, Þorleifur Pálsson deildarstjóri og séra Geir Waage sóknarprestur, samkv. tilnefningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Haukur Jörundarson skrifstofustjóri, samkv. tilnefningu landbrn., Snorri Þorsteinsson fræðslustjóri, samkv. tilnefningu skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti, séra Jón Einarsson sóknarprestur, samkv. tilnefningu Reykholtsnefndar, og Ólafur Þórðarson, þáv. skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti, skipaður án tilnefningar ...

... Nefndin hefur aflað ýmissa gagna, svo sem allra þinglýstra eignar- og afnotaheimilda að jörðinni Reykholti, ljósrita af úttektarbókum prófastsdæmisins, fundargerða skólanefndar Reykholtsskóla, loftmyndar af jörðinni, tillagna að skipulagsuppdráttum, grg. Fjarhitunar hf. um hitaveitu í Reykholti og margra fleiri gagna, sem ekki verða hér talin upp ...

... Jörðin Reykholt er prestsseturs- og kirkjujörð í eigu ríkisins." — Eins og segir í áfangaskýrslunni eru hér taldir upp allir þeir lóðaleigusamningar, sem gerðir hafa verið um þessa jörð frá upphafi til okkar daga, sem ég mun ekki tilgreina hér.

En svo ég lesi áfram úr þessari áfangaskýrslu til að skýra þetta mál, þá stendur hér:

„Svo sem fyrr hefur fram komið hefur nefndin haldið nokkra fundi og rætt málin allítarlega. Einnig hefur verið leitað eftir upplýsingum og ábendingum frá ýmsum aðilum, sem málið varðar. Miklum tíma á fundum nefndarinnar hefur verið varið til umræðna um það, hver eða hverjir skuli í framtíðinni hafa forræði á Reykholtsstað, sem í dag er prestssetur og menntasetur, auk þess sem þar er stundaður búskapur. Þar sem nefndin taldi að forræðismálin hefðu grundvallarþýðingu fyrir áframhaldandi störf hennar, enda runnu leigusamningar þeir, sem gerðir voru á sínum tíma við héraðsskólann og Þóri heitinn Steinþórsson, út s. l. vor, ritaði formaður nefndarinnar bréf til dóms- og kirkjumrh. sem forráðaaðila staðarins og óskaði eftir því, að ráðuneytið tjáði nefndinni hugmyndir sínar og áform varðandi hugsanlega endurnýjun leigusamninga. Formaður og ritari nefndarinnar hafa einnig átt viðræður við dóms- og kirkjumrh. og ráðuneytisstjóra menntmrn. um þessi mál. Viðræður munu og hafa átt sér stað milli dóms- og kirkjumrn. og menntmrn., en niðurstöður þeirra viðræðna hafa ekki borist nefndinni né heldur svör dóms- og kirkjumrn.

Augljóst virðist vera, að það hefur háð þróun staðarins hvað varðar framkvæmdir og umhirðu, að skort hefur glögg skil lands milli notenda, svo og það, að engum tilteknum ábyrgum aðila hefur verið falið að hafa á hendi heildarstjórn og eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á staðnum."

Þá vil ég aðeins koma hér inn á það sem nefndin, sem gerði þessa áfangaskýrslu, hefur dregið saman sem aðalatriði þessa máls og eru till. hennar, ef það má skoða það svo. Það er í fyrsta lagi landnýting jarðarinnar.

Nefndin hefur lagt til að skólinn fái til afnota allt það land sem hann þarfnast til alhliða skólastarfs og uppbyggingar hvað varðar skólamannvirki, útivistarsvæði, kennarabústaði og hótelrekstur. Landsvæði þetta verði mælt út og skýrt afmarkað. Um stærð landsins fari að öðru leyti eftir samkomulagi forráðaaðila staðarins.

Hlíðin norðan og ofan byggðarinnar í Reykholti verði afgirt og friðuð og tekin til skógræktar.

Ríflegt landssvæði vestan núverandi kirkju og kirkjugarðs verði ætlað sem uppbyggingar- og athafnasvæði vegna prestsseturshúss, kirkju og kirkjugarðs.

Allt annað land Reykholts tilheyri prestssetrinu og sæti umsjá og ráðstöfun sóknarprests, t. d. til búskapar eða eins og tíðkast um aðrar prestssetursjarðir í landinu. Ber þó að leggja ríka áherslu á að búskapur verði aldrei stundaður með þeim hætti að til vansæmdar verði Reykholtsstað hvað varðar umgengni og umhirðu.

Telji forráðaaðilar staðarins nauðsynlegt að taka frá sérstaka landsspildu eða lóð undir mannvirki, sem reist kynnu að verða, tengd nafni Snorra Sturlusonar, eða undir arðvænleg atvinnufyrirtæki, t. d. í tengslum við jarðhita, enda rynni allur arður til uppbyggingar á staðnum, þá skal þeirri spildu eða lóð haldið eftir þegar sóknarpresti verður afhent jörðin.

Í öðru lagi fjallar áfanganefndin um skipulag staðarins. Þar segir: „Skipulagsstjóra ríkisins verði falið að láta gera heildarskipulag fyrir Reykholtsstað, sem síðan hljóti staðfestingu þar til bærra aðila.

Við gerð skipulagsins verði eftirfarandi haft í huga:

Vegakerfið heima á staðnum verði endurskipulagt þannig að lokað verði fyrir hringakstur um staðinn og séð verði fyrir nægum bílastæðum við skóla og kirkju.

Gert verði ráð fyrir nýrri kirkju og nýjum kirkjugarði á svæði vestan núverandi kirkju, svo sem áður var lýst.

Gert verði ráð fyrir Snorrastofu og/eða minjasafni. Gert verði ráð fyrir viðbótarskólamannvirkjum, og ber þá og að hafa í huga að skólamannvirki eru að sumarlagi notuð til hótelrekstrar.

Fenginn verði viðurkenndur skrúðgarða- eða landslagsarkitekt til að skipuleggja fegrun staðarins og leggja á ráðin um lagfæringu Snorragarðs."

Um mannvirkjagerð segir nefndin: „Lokið verði hið fyrsta við lagfæringu þá, sem hafin er á prestsseturshúsi." — Þess má geta í framhjáhlaupi, að lokið er við að endurbyggja prestsseturshúsið að utan og er það til mik-

illa bóta og hefur sett svip á staðinn.

„Hafist verði fljótlega handa um byggingu nýrrar kirkju í Reykholti, enda er hin gamla núverandi kirkja orðin of lítil og léleg til að standast kröfur tímans. Bygging kirkjunnar verði að hluta kostuð af almannafé.

Hafist verði handa um byggingu sérstakrar Snorrastofu og/eða Snorraminjasafns í Reykholti, þar sem aðstaða gæti verið fyrir norræna fræðimenn til dvalar og fræðistarfa.

Vinda þarf bráðan bug að byggingu þeirra skólamannvirkja, sem fyrirhugað hefur verið að reisa og sárlega vantar, svo sem A-álmu skólans, íþróttahús og sundlaug.

Athafnasvæði skóla og kirkju heima á staðnum verði afgirt með vandaðri girðingu."

Um veitumál segir nefndin: „Fela þarf sérfræðingum úttekt veitumannvirkja í Reykholti og hönnun nauðsynlegra endurbóta og gerð kostnaðaráætlunar. Að þessu ber að vinda bráðan bug svo unnt sé að hefja framkvæmdir hið fyrsta.

Finna þarf heppilegt rekstrarform fyrir hitaveitu og vatnsveitu í Reykholti.

Skólpveita í Reykholti verði á vegum sveitarfélagsins, enda greiði notendur fyrir það ákveðið gjald. Sama gildir um sorphirðingu.

Fela skal sérstakri samstarfnefnd þeirra aðila, sem forræði hafa á Reykholtsstað, yfirstjórn sameiginlegra staðarmála, sem ekki heyra undir aðra lögum og venjum samkvæmt. Skal nefndinni heimilt að ráða sér starfsmann sem hafi með höndum umsjón og umhirðu húsa, lóða, lands, skógræktar og girðinga á vegum kirkju og skóla.

Athuga ber hvort ekki er þörf lagasetningar um málefni Reykholts. Unnið verði að uppgrefti og rannsóknum á fornminjum í Reykholti og Snorragöngin stækkuð til upphaflegrar myndar.

Bókasafn skólans þarf stórum að auka og endurbæta. Einnig þarf að koma upp safni er hefur fræðilegt gildi vegna rannsókna á störfum Snorra Sturlusonar og áhrifum hans.

Ósæmandi er með öllu að mannvirki í Reykholti séu í niðurníðslu vegna skorts á viðhaldsfé. Þess vegna verður að veita meira fjármagn til staðarins í heild heldur en gert hefur verið til þessa."

Í framhaldi þessa tel ég ástæðu til að grípa hér niður í opinbert bréf, sem núverandi skólastjóri Reykholts sendi til menntmrn. í júlímánuði s. l., en þar segir m. a.:

„Á fundi skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti í júní s. l. var einróma samþykkt að halda fast við fyrri áætlanir menntmrn. og skólanefndar um 150 nemenda skóla í Reykholti, enda hentugasta rekstrarstærð fyrir núverandi og fyrirhugaða starfsemi skólans."

Í bréfi skólastjóra kemur fram, að „vegna dráttar á tilkomu A-álmu, með 16 nemendarými, var útbúin 14 nemenda heimavist í fyrrverandi smiðju í íbúðaþyrpingu fyrir norðan skóla og kirkju, en af miklum vanefnum. Nemendarými í heimavist er því fyrir 142 nemendur, sem sýnir að í raun hefðu þurft að koma 22 rúm í A-álmu ef tilætluðum nemendafjölda ætti að ná. Nú er svo komið að ástand „smiðjunnar" sem heimavistarhúsnæðis er ekki verjandi, enda komu öflug mótmæli frá foreldrum nemenda vistarinnar s. l. vetur, og hef ég ekki getað bætt þar um vegna fjársveltis á þessu ári.

Aðsókn að námi í Reykholti hefur frá stofnun skólans 1931 verið meiri en svo að skólinn hafi nokkru sinni getað annað henni, og t. d. þurfti ég nú, eins og s. l. sumar, að neita yfir 25% umsókna um skólavist.

Ekki er ætlunin að rekja hér þróun skólans frá upphafi, heldur geta hverjar hugmyndir heimamanna og skólanefndar eru varðandi næstu framtíð. Við höfum látið og munum láta nemendur úr héraðinu ganga fyrir um nám í 9. bekk grunnskóladeildar, síðan látum við nemendur frá stöðum, sem lengst þurfa að sækja í slíkt nám, ganga fyrir. Undanfarin ár höfum við haft þrjár bekkjardeildir í 9. bekk með u. þ. b. 75 nemendur, en nú fækkun við þeim í tvær með 55 nemendur næsta vetur. Á fyrsta og annað ár framhaldsdeilda áhugakerfisins ganga eldri Reykhyltingar fyrir, síðan látum við fyrri námsárangur ráða frekara vali.

Ennfremur segir núverandi skólastjóri: „Ætíð hefur verið og mun vera mikil þörf fyrir heimavistarskóla sem okkar, ekki bara fyrir dreifbýlisfólkið, heldur einnig fyrir fjölda nemenda af þéttbýlissvæðum sem af ýmsum ástæðum geta ekki stundað nám frá heimilum sínum. Það sanna tugir umsókna og símhringinga ár hvert. Því er það okkar undrunarefni hér í Reykholti, þar sem aldrei hefur skort nemendur né hæft starfslið, að nú skuli fjárveitingavaldið vera á góðri leið með að flæma kennara í burtu vegna fjársveltis undanfarin ár.

Á þessu verður að vinna bráðan bug, ef ekki á illa að fara. Eina leiðin til þess er að taka upp þráðinn að nýju þar sem hann slitnaði 1974 og byrja ekki síðar en næsta vor á II. áfanga áætlunarinnar frá 1972."

Og í eftirskrift við þetta bréf til menntmrn. segir skólastjóri: „Þess má geta, að það eru ekki stoltir Íslendingar sem sumar hvert horfa upp á þau hundruð „pílagríma" sem leggja leið sína til byggðar Snorra Sturlusonar og ætla að skoða þennan fræga sögustað sem minnst er á í öllum erlendum landkynningarbæklingum.

Hvað sjá þeir? Norska styttu, Snorralaug og innganginn að Snorragöngunum, sem liggja niðurfallin undir leikfimibragga sem rífa átti fyrir 46 árum. Heldur er þetta fátæklegt fyrir langt að komna „pílagríma", enda kemur þar eflaust skýringin á þeim ósköpum að henda alltaf peningum í Snorralaug."

Í greinargerð frá skólanefnd Héraðsskólans í Reykholti, sem send var bæði þm. og ráðuneyti, er lögð áhersla á eftirtalin verkefni:

„Nægilega há upphæð til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir við A-álmu hinnar nýju skólabyggingar og ljúka einhverjum verulegum áfanga, t. d. steypa hann upp. Í þessari álmu á að koma mötuneytis- og félagsaðstaða skólans auk herbergja fyrir 16 nemendur. Jafnframt verði unnið að því að tryggja fjármagn til þess að unnt verði að ljúka verkinu á næstu tveimur árum.

Tryggð verði sérstök fjárveiting til þess að koma upp aðstöðu fyrir þann stofn að bókasafni, sem til er á staðnum, og bæta við hann svo að í skólanum verði frambærilegt skólabókasafn og í tengslum við það vinnuaðstaða fyrir nemendur.

Auk þessara tveggja forgangsverkefna vill skólanefnd fara þess á leit við alþm., að þeir stuðli að því, að fjármagn til viðhalds húsa, húsbúnaðar og tækja skólans verði aukið þannig að eigur hans þurfi ekki að drafna niður og eyðileggjast vegna skorts á viðhaldi."

Um bókasafnið hefur skólanefndin þennan rökstuðning: „Bókasafn skólans er að stofni til komið úr tveimur stöðum, úr bókasafni Hvítárbakkaskóla og safni Tryggva Þórhallssonar forsrh. Undanfarin ár hefur

safnið verið á miklum hrakhólum vegna þrengsla og litlir möguleikar að hagnýta það í námi sem æskilegt er í skóla með 9. bekk grunnskóla og á framhaldsstigi. Þá vantar og sárlega handbækur í ýmsum greinum, einkum raungreinum og náttúrufræði. Þetta ástand er algerlega óviðunandi og verður að færa það til betri vegar eigi skólinn að geta sinnt hlutverki sem framhaldsskóli."

Í bréfi sem þm. Vesturl. barst frá Reykholtsskóla s. l. haust eða haustið 1981 stendur m. a.: „Kennarar, starfsfólk og nemendur Héraðsskólans í Reykholti beina því til hv. þm. Vesturl., að þeir taki aðstöðu og aðbúnað Héraðsskólans í Reykholti til gagngerðrar athugunar.

Það er mat okkar, sem hér störfum, að aðstaða og aðbúnaður í skólanum sé með öllu óviðunandi. Má þar nefna kennslustofur, mötuneyti, snyrtiaðstöðu og búningsklefa við sundlaug og leikfimisal, vinnuaðstöðu kennara, skort á kennslutækjum o. fl."

Máli sínu til stuðnings benda þeir á hjálögð bréf frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og skýrslu heilbrigðisnefndar Reykholtsdalshrepps. Undir þetta skrifa fulltrúar kennara, starfsfólks og nemenda.

Þá vil ég grípa niður í samþykkt fræðsluráðs Vesturlandskjördæmis, sem er í bréfi sem barst til Alþingis: „Fundur fræðsluráðs Vesturlands haldinn í Reykholti 18. maí 1981 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera stórátak til eflingar Héraðsskólanum í Reykholti og Reykholtsstað í heild. Fræðsluráð telur að forgangsverkefni í þessu sambandi sé bygging mötuneytisaðstöðu og félagsaðstöðu nemenda (A-álma byggingar) og að bókasafni skólans sé komið í viðunandi horf hvað snertir bókakost og aðbúnað."

Það hafa verið gerðar fjölmargar samþykktir í héraði í sambandi við uppbyggingu Reykholts og nægir að minna á samþykkt sem aðalfundur Kaupfélags Borgfirðinga gerði 29. júní s. l., en þar stendur: „Aðalfundur Kaupfélags Borgfirðinga skorar á þær stjórnardeildir, sem fara með málefni Reykholtsstaðar, að gera stórátak til endurreisnar staðarins. Alls óviðunandi er að þessi einn mesti sögustaður landsins sé árum saman í niðurníðslu og til vansæmdar héraðinu og landinu öllu. Aðalfundur Kaupfélags Borgfirðinga hefur áður ályktað um þetta efni, einnig Ungmennasamband Borgarfjarðar og Samband borgfirskra kvenna. Skorað er á forráðamenn staðarins að draga ekki nauðsynlegar úrbætur lengur."

Þessa dagana var að berast samþykkt hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps, sem dagsett er 1. okt. s. l., en þar stendur: „Á fundi hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps þann 27. sept. s. l., var fjallað um málefni Reykholtsstaðar og eftirfarandi samþykkt gerð: „Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps styður samkomulag það sem skólanefnd héraðsskólans í Reykholti og sóknarprestur og sóknarnefnd Reykholtskirkju gerðu með sér vorið 1981 um tillögur að framtíðarskipan mála í Reykholti. Jafnframt leggur hreppsnefndin áherslu á að forræði jarðarinnar verði ekki dreift á margar hendur, heldur verði á ábyrgð eins aðila, svo sem tíðkast um bújarðir í sveitum. Telur hreppsnefndin einsýnt að það skuli vera kirkjuyfirvöld og sóknarprestur, svo sem verið hefur um aldir. Vegna þeirra sóknarbarna Reykholtskirkju sem í hreppnum búa leggst hreppsnefndin eindregið gegn öllum áformum um að rýra rétt kirkjunnar á staðnum. Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps samþykkir að leita eftir samningum við forsjáraðila hitaveituréttinda á prestssetursjörðinni í Reykholti Borgarfirði í þeim tilgangi að stofnsett verði og rekin hitaveita fyrir staðinn og nágrenni hans. Jafnframt lýsir hreppsnefnd sig reiðubúna til viðræðna við aðra um þá þjónustu sem eðlilegt sé að telja að sveitarstjórn veiti á staðnum." Undir þetta ritar oddviti Reykholtsdalshrepps.

Herra forseti. Reykholt er í huga fólks, jafnt Íslendinga sem annarra þjóða manna, helgur staður vegna þeirra andans stórvirkja sem þar voru unnin.

Héraðsskólinn í Reykholti hefir í rúm 50 ár notið álits og trausts og verið sóttur af nemendum víðsvegar af landinu og jafnan verið fullsetinn og oftast orðið að vísa fjölda umsækjenda frá.

Saga Reykholts í fortíð og samtíð krefst þess að uppbygging og svipur staðarins í framtíð verði sú héraðsprýði sem einum sögufrægasta stað Norðurlanda ber. Það á að vera metnaðarmál okkar Íslendinga.

Um margra ára skeið hafa mannvirki í Reykholti verið í niðurníðslu vegna skorts á fjármagni til viðhalds — til vansæmdar héraði og landinu öllu. Þrátt fyrir sögufrægð staðarins, sem dregur erlenda og innlenda ferðamenn að staðnum, héraðsskólann, sem starfað hefur fullsetinn í yfir 50 ár, náttúrufegurð, jarðhita og fleira hefur ekki tekist að fá fram samræmdar aðgerðir og fjármagn til að endurbyggja staðinn og gera Reykholt að glæsilegu menningar- og menntasetri þjóðarinnar, sem flestir eru þó sammála um og mundi tvímælalaust auka hróður Íslands meðal annarra þjóða, slík er frægð staðarins. Hér þarf til að koma stefnubreyting, — framkvæmdir í stað kyrrstöðu.

Eitt brýnasta verkefnið er að ljúka uppbyggingu skólahúsnæðis í Reykholti. Forgangsverk er að koma upp svokallaðri A-álmu, þar sem á að vera mötuneytis- og félagsaðstaða skólans, sem er algerlega ófullnægjandi í dag og stendur raunar öllu skólastarfi fyrir þrifum og mundi stórbæta aðstöðu fyrir ferðamannaþjónustu yfir sumarmánuðina.

Koma þarf upp viðunandi aðstöðu fyrir bókasafn skólans og vinnuaðstöðu við safnið. Einnig þarf að koma upp safni er hefur fræðilegt gildi vegna rannsókna á störfum Snorra Sturlusonar og áhrifum hans. Stórauka þarf viðhald og endurnýjun húsbúnaðar og tækja skólans. Gera þarf heildarskipulag fyrir staðinn, leggja bundið slitlag á heimakstursbraut og bifreiðastæði.

Skapa þarf aðstöðu í Reykholti fyrir norræna fræðimenn til dvalar og fræðiiðkana, þar sem staðurinn mun í vaxandi mæli verða samnorrænn staður. Æskilegt væri að komið verði upp sérstakri Snorrastofu og minjasafni í Reykholti.

Á 50 ára afmælishátíð héraðsskólans s. l. haust var saman komið mikið fjölmenni í Reykholti, gamlir nemendur héraðsskólans, héraðsbúar, velunnarar skólans og ýmsir forustumenn þjóðarinnar. Menntmrh. og dóms- og kirkjumrh. gáfu samkvæminu góð fyrirheit um að hafist yrði handa um uppbyggingu og endurreisn Reykholts. Því miður hefur miðað hægt.

Við þm. Vesturlands viljum með þessari þáltill. fara fram á viljayfirlýsingu Alþingis til styrktar þessu máli. Ég leyfi mér að vona að hv. alþm. séu okkur sammála um að hefjast handa um endurreisn og uppbyggingu Reykholts. Þá er tilgangi þessarar þáltill. náð.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þáltill. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 11. nóvember 1982.

Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Sveinn Jónsson hefur áður átt setu á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs þá farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa.

Afurðalán landbúnaðarins, fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er þm. ekki alveg ókunnugt. Það er fsp. um afurðalán landbúnaðarins. Svipaðar fsp. hafa verið bornar fram þing eftir þing og lítil svör og nánast einskis virði hafa fengist. Fsp. er nú í fjórum liðum.

Í 1. lið er spurt: „Hvaða reglur hafa verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggja að bændur fái fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1979?"

Sú ályktun hljóðar þannig, með leyfi forseta, þ. e. fyrri liður þeirrar þál. sem samþykkt var 22. maí 1979:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt."

Þessi ályktun er algerlega ótvíræð. Það er skylda hæstv. viðskrh. að sjá til þess, að bændur fái þessa fjármuni í hendur um leið og lánin eru veitt. Það hefur ekki verið gert fram til þessa og þess vegna er fsp. enn fram borin. Hæstv. viðskrh. hefur nú í 3½ ár svikist um — ég get ekki notað um það vægara orðalag — að framkvæma skýlausan vilja Alþingis og þar með brotið viðurkenndar þingræðisreglur.

2. liður hljóðar þannig: „Er lokið undirbúningi þess, að ályktun Alþingis frá 22. maí 1979 komi til framkvæmda við veitingu afurðalána í nóv. n. k.?"

Afurðalánin munu verða veitt nú 25. nóv. og það er krafist svara við því, hvort undirbúningi sé lokið til þess að bændur fái þessa fjármuni sína í hendur, en ekki einhverjir allt aðrir, eins og verið hefur að undanförnu. Það má gjarnan skjóta því hér inn í að hæstv. landbrh. upplýsti í umr. fyrir nokkrum dögum að Samband ísl. samvinnufélaga tæki afurðalán fjölmargra afurðasölufyrirtækja, eins og hann orðaði það, í umboði þeirra. Það er sem sagt upplýst að mikið af þessum peningum rennur beint til Sambands ísl. samvinnufélaga, en alls ekki einu sinni til afurðasölufélaganna, hvað þá til bændanna sjálfra.

3. liður: „Hve mikil voru rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins á s. l. ári og hve mikil verða þau í ár?"

Þarna óska ég eftir að einnig verði greint frá því hvað haustlánin svonefndu séu mikil. Þau eru auðvitað rekstrarlán líka.

Og 4. liður: „Hvaða vexti greiða afurðasölufyrirtæki af lánunum og hvaða vexti taka kaupfélögin af bændum?"

Síðan þessi fsp. var borin fram hafa vextir breyst á afurðalánum, þeim og viðbótarlánum viðskiptabankanna, og þess vegna óska ég eftir að fá að vita bæði hvað þeir séu í dag og eins hvað þeir hafi verið þegar fsp. var fram borin.

Það má geta þess, að till. til þál., sem hér er vitnað til frá 22. maí 1979, var alllengi í smíðum. Ég flutti fyrst um þetta till. á haustþingi 1976 og var þá einn um þá till. Á næsta þingi voru flm. tveir. Þá hafði Jóhann Hafstein, þáv. hv. þm., bæst við. Síðan var það á árinu 1978 að meðflm. að þessari till. urðu þeir þm. Jónas Árnason og Sighvatur Björgvinsson. Till. var sem sagt samþykkt 22. maí 1979 og í 3½ ár hefur hæstv. viðskrh. hlíðrað sér hjá að framkvæma till.

Ég bíð nú spenntur eftir svörum ráðh. og vona að þau verði með öðrum hætti en áður hefur tíðast verið. Ég leyfi mér raunar að minna hann á að hann hefur æðioft lofað að vinna að málinu. T. d. gerði hann það 5. maí 1981 með þessum orðum héðan úr þessum ræðustól:

„Ég vil aðeins endurtaka," sagði hann, „sem ég sagði áður, að ég vinn að því og mun áfram vinna að því að framkvæma þessa þál. þannig að tryggja megi að tilgangi hennar verði náð. Það vil ég endurtaka og undirstrika. Ég hef sagt hér áður að það hefur verið bent á leið til þess sem margir telja að sé fullkomlega fær og muni þýða framkvæmd till. í reynd. Og ég vil endurtaka þetta, að ég mun vinna þannig að þessu máli. Hv. þm. verður svo sennilega í þriðja sinn að spyrja, kannske á næsta þingi, hvernig hafi miðað í þessu máli."

Nú spyr ég: Hvernig hefur miðað í þessu máli? Á að framfylgja vilja Alþingis eða á að sniðganga hann og brjóta þingræðisreglur?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagði að ég hefði svikist um það í 3½ ár að framkvæma þá þál. sem spurt er út af. Ég hef ekki setið sem viðskrh. nema í líklega tæp 3 ár **(EKJ:** Ég nefndi ráðh. Ég nefndi ekki nafn í því tilefni.) þannig að hv. þm. verður að reikna betur í þessu tilfelli sem fleirum.

Hv. 5. landsk. þm. hefur beint til mín fsp. í fjórum liðum. Fyrstu tveir liðirnir varða framkvæmd þál. frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur á rekstrar- og afurðalánum til bænda, en tveir hinir síðari lúta almennt að rekstrar- og afurðalánum landbúnaðarins. Ég mun fyrst víkja að spurningunum um beinar greiðslur á rekstrar- og afurðalánum til bænda.

Sú fyrri er svohljóðandi: „Hvaða reglur hafa verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggja að bændur fái fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, í samræmi við ályktun Alþingis frá 22.

maí 1979?" Hin síðari hljóðar svo: „Er lokið undirbúningi þess, að ályktun Alþingis frá 22. maí 1979 komi til framkvæmda við veitingu afurðalána í nóv. n. k.?"

Áður en ég svara þessum spurningum efnislega skal tekið fram að spurningum sama efnis hef ég svarað áður, síðast í febrúarmánuði. Má að nokkru leyti vísa til þess svars sem þá var gefið. Ég vil einnig leyfa mér að minna á, að í upphafi svars míns í febrúarmánuði var greint frá því að nefnd, sem landbrh. fól að gera tillögur um framkvæmd á beinum greiðslum til bænda í samræmi við nefnda þál., taldi ályktunina nánast óframkvæmanlega. Í þessari nefnd átti m. a. sæti einn af þm. stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Árni Gunnarsson. Skrifaði hann undir þessa niðurstöðu athugasemdalaust. Hið sama gerðu bankastjórarnir Magnús Jónsson í Búnaðarbankanum og Helgi Bergs í Landsbankanum, sem einnig áttu sæti í nefndinni.

Það kom hins vegar fljótt í ljós, að hv. fyrirspyrjandi treysti á engan hátt faglegu mati þessara manna. Vegna sérstaks áhuga fyrirspyrjanda á þessu máli ákvað ég að láta athuga það nánar. Eftir að málið hefur verið skoðað frá ýmsum hliðum og ég kynnt mér það verð ég að lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel tæknilega mjög torvelt og ákaflega dýrt fyrir bændur og raunar fleiri, sem eru sauðfjáreigendur, að gera breytingar á núgildandi tilhögun á afgreiðslu afurðalána. Þessa skoðun skal ég skýra nokkru frekar.

Eins og kunnugt er eru afurðalán veitt út á birgðir sauðfjárafurða, mjólkurafurða og ýmissa afurða aukabúgreina til að standa undir þeim kostnaði sem í þær hefur verið lagður. Við skulum fyrst skoða afurðalán sem eru tilkomin vegna mjólkurafurða. Hér er einkum um lán vegna framleiðslu og birgða af smjöri og ostum að ræða og engin leið að gera upp hlut einstakra bænda í fyrirliggjandi birgðum hverju sinni. T. d. er hugsanlegt, að farið hafi fram fullnaðaruppgjör við bændur á mjólk, sem búið er að umbreyta í osta, sem eru í birgðum, og búið sé að greiða fullt verð til bænda fyrir mjólkina. Mér þætti fróðlegt að heyra hvort fyrirspyrjandi sé þeirrar skoðunar, að bændur ættu einnig að fá hluta afurðalána vegna sömu mjólkur. Slíkt væri vitaskuld algerlega óraunhæft, en einmitt vandamál af þessu tagi gæti komið upp ef farið væri að greiða afurðalánin beint til bændanna.

Afurðalánin vegna aukabúgreina verða einnig að ganga til þess aðila sem hefur vinnslu eða sölu vörunnar með höndum. Annað yrði illframkvæmanlegt. Framleiðendur á hrossakjöti eru t. d. bæði margir og smáir og sumir hverjir þéttbýlisbúar. Beinar greiðslur afurðalána til þessara framleiðenda, jafnvel út á 1—2 hross svo að dæmi sé tekið, mundu leiða til allt of mikils kostnaðar og skriffinnsku.

Lán vegna sauðfjárafurða eru mestmegnis veitt út á sláturafurðirnar og falla þær til á haustmánuðum ár hvert. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur sett þá meginreglu, að sláturleyfishafar greiði bændum a. m. k. 80% af verðmæti afurðanna á haustin. Á þessum tíma er meginhluti afurðanna ennþá í birgðum og sláturleyfishöfum ekki mögulegt að inna áðurnefnda greiðslu af hendi fyrr en afurðalánin hafa verið veitt. Seðlabanki Íslands og viðskiptabankarnir veita afurðalán út á sauðfjárafurðir, sem eru á bilinu 71—75% af kostnaðarverði afurðanna án sjóðagjalda. Þessi lánveiting er forsenda þess, eins og áður er nefnt, að sláturleyfishafar geti greitt bændum tilskilinn hluta afurðaverðsins samkv. tilmælum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Það má öllum vera ljóst, að sláturleyfishafar yrðu að lækka útborgunina um það sem lánafyrirgreiðslunni nemur ef þeir fengju ekki afurðalánin og þau greiddust beint til bænda. Það hlýtur einnig öllum að vera ljóst, að bændum væri óþökk gerð með því að ætla þeim að sækja haustútborgun sauðfjárafurða að hluta til bankakerfisins í formi afurðaláns og að hluta til sláturleyfishafans, en það mundi einmitt leiða af framkvæmd þál. um beinar greiðslur á afurðalánum til sauðfjárbænda. Ef afurðalánin yrðu greidd beint til bænda yrðu þeir væntanlega að greiða lánin til baka eftir því sem birgðir minnkuðu. Ætlast fyrirspyrjandi til að hver bóndi fari að fylgjast með birgðahaldi hjá sláturleyfishafa? Það yrði vitaskuld mikið óhagræði fyrir bændur, svo að ekki sé meira sagt. Ég held að hv. fyrirspyrjandi verði að íhuga þetta ögn betur efnislega og hvernig möguleg framkvæmd á þessu gæti orðið.

Fyrst ég er farinn að tala um óhagræði bændanna af beinni greiðslu afurðalánanna vil ég biðja menn að rifja það upp að Stéttarsamband bænda hefur lýst sig andvígt greiðslu á rekstrar- og afurðalánum til bænda án milligöngu sölufélags. Stéttarsambandið telur slíka tilhögun flókna og erfiða í framkvæmd og mjög kostnaðarsama fyrir bændur. Í svipaðan streng hafa viðskiptabankarnir, Landsbankinn og Búnaðarbankinn, tekið.

Þær röksemdir fyrir afstöðu minni, sem nú hafa verið taldar, mundu nægja og er vísað að öðru leyti til svars míns frá því í febrúar. Erfiðleikarnir við þetta mál eru kannske mest bundnir við að bankarnir, sem lána þetta fé, hafa gert þá kröfu að þeir yrðu að taka veð og fá veðskjöl frá öllum aðilum sem selja sínar afurðir. Í mörgum tilfellum eru þetta margir aðilar á einu og sama sveitaheimilinu. Þess vegna þyrfti að útbúa veðskjöl í þessu sambandi, sem kostar verulegt fé. Það þyrfti að greiða stimpilgjöld og lántökugjöld, sem einnig kostar verulegt fé, og af þessu væri talsverð fyrirhöfn. Þegar um þessi mál er rætt verður að hafa í huga að viðskiptabankarnir hafa gert þessa kröfu.

Þá vil ég víkja að rekstrarlánunum. Áður en ég lýsi afstöðu minni til framkvæmdar á þál. er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um núgildandi veitingu og greiðslu á lánunum.

Seðlabanki Íslands veitir landbúnaðinum rekstrarlán. Rekstrarlánin eru veitt vegna framleiðslu sauðfjárafurða á vorin og fram eftir sumri og endurgreiðast með afurðalánunum að hausti, þegar sláturtíð er lokið og veðsetning birgða kindakjöts hefur farið fram. Af þessu leiðir að sláturleyfishafar hafa tekið þessi lán og ábyrgjast endurgreiðslu þeirra. Spurningin er sú, hvort þeir fjármunir sem Seðlabankinn veitir til þessa nái til bændanna sjálfra eða dagi uppi í kassa sláturleyfishafanna.

Í því sambandi er vert að minna á hverjir eru sláturleyfishafar í landinu. Það eru kaupfélögin með alhliða viðskipti við bændur, sláturfélög og slátursamlög auk einkaaðila eða hlutafélaga sem reka sláturhús án annarra viðskipta við bændur. Af þessari upptalningu má ljóst vera, að möguleikar bænda til að rekstrarlánin komi til fjármögnunar á rekstri þeirra eru mismunandi eftir því hvaða aðili á í hlut.

Sé rekstur kaupfélaganna skoðaður er enginn vafi á að þau veita sauðfjárbændum mun meiri lánsviðskipti frá

vordögum og fram á haust en rekstrarlánum frá Seðlabankanum nemur. Að sjálfsögðu er lánsviðskiptaþörf bænda misjöfn eftir efnahag. Stéttarsamband bænda hefur því vakið athygli á, að greiddust þessi lán bændum beint væri hugsanlegt að margir bændur mundu ekki taka lánin af einni eða annarri ástæðu. Þá yrði minna til að miðla hinum efnaminni af, sem einkum hafa þörf fyrir lánafyrirgreiðslu þar til afurðainnlegg fer fram.

Þeir sláturleyfishafar sem ekki hafa alhliða viðskipti við bændur hafa takmarkaðri möguleika til að láta rekstrarlánin ganga til fjármögnunar í búrekstri sauðfjárbænda gegnum viðskipti. Þó er það svo, að í mörgum tilfellum hafa þeir séð um að greiða áburðarkaup bænda og einnig eru dæmi um að þeir leysi út víxla fyrir bændur með ávísun á sauðfjárinnlegg að hausti. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég á ekki langt eftir, en spurningarnar eru fjórar þannig að ég vona að mér fyrirgefist þó að ég nýti hér 2—3 mínútur til viðbótar til að svara þeim. — Í þeim tilfellum fá einstakir bændur meiri fyrirgreiðslu hjá þessum sláturleyfishöfum en svarar haustinnleggi bóndans.

Nú skal þess getið, að fleiri og fleiri kaupfélög hafa tekið upp þá stefnu að greiða rekstrarlán ótilkvödd inn á reikninga bænda um leið og lánin eru veitt. Er sú lánsfjárhæð, sem hver bóndi fær, miðuð við sláturfjártölu síðasta árs og heildarfjárhæð lána frá Seðlabankanum. Á s. l. sumri nam þessi fjárhæð 162 kr. á dilk. Raunar væri eðlilegt að kaupfélögin fengju að þróa þetta fyrirkomulag í friði, en vegna hins sérstaka áhuga fyrirspyrjanda á þessu máli hef ég ritað bankastjórn Seðlabankans bréf, þar sem ég óska þess að bankinn breyti reglum um greiðslu rekstrarlánanna á þann hátt að framleiðendur sem þess óska geti fengið lánin greidd út hjá sláturleyfishöfum eða lögð inn á reikning sinn. Sláturleyfishafar verða þó eftir sem áður lántakendur. Er bankanum uppálagt að hafa það fyrirkomulag, sem tíðkast hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, til hliðsjónar. Breytingar á reglum skulu gerðar í samvinnu við sláturleyfishafa og Samband ísl. samvinnufélaga og á jafnframt að gefa sláturleyfishöfum hæfilegan aðlögunartíma að hinum breyttu reglum.

Þannig má segja að nokkuð hafi miðað í áttina í samræmi við þál. Hún setur ekki tímamörk og þó að langur tími sé liðinn frá því að hún var samþykkt er þetta mál flókið og alls ekki einfalt. Það sem mér finnst vera langsamlega mest umhugsunarefni í þessu máli er að ef þetta væri skilyrðislaust framkvæmt af bönkunum mundi það leiða af sér verulegan kostnað fyrir fólk í sveitum, vegna þess að bankarnir gera þá kröfu að veðsetning verði að fara fram þannig að þeir fái veð hjá hverjum aðila.

Tveir síðari liðir fsp. lúta almennt að rekstrar- og afurðalánum landbúnaðarins. Fyrri liðurinn er svohljóðandi:

„Hve mikil voru rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins á s. l. ári og hve mikil verða þau í ár?"

Erfitt er að meta hversu mikil rekstrar- og afurðalánin voru á s. l. ári þegar á heildina er litið. Samkv. upplýsingum Seðlabankans námu endurkeypt rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins rétt um 431 millj. kr. hinn 30. nóv. 1981. Viðbótarlán viðskiptabankanna námu á sama tíma ca. 369 millj. kr. Þetta gerir samtals 800 millj. kr. Í ár má gera ráð fyrir að 30. nóv. verði lánin 60% hærri en á sama tíma í fyrra að teknu tilliti til verðhækkana og magnbreytinga. Það þýðir að lánin munu samtals nema 1280 millj. kr.

Í síðari liðnum er spurt hvaða vexti afurðasölufyrirtækin greiði af rekstrar- og afurðalánum og hvaða vexti kaupfélög taki af bændum.

Afurðasölufyrirtæki greiða nú 29% ársvexti af endurkeyptum rekstrar- og afurðalánum, en 39% vexti af svonefndum viðbótarlánum, sem viðskiptabankarnir veita. Síðari hluti spurningarinnar er óljós, því að ekki kemur fram við hvaða vexti sé átt. Af þeim hluta rekstrarlánanna, sem greiddur er inn á reikning bænda, eru vextirnir 29%, sem eru sömu vextir og Seðlabankinn tekur. Afurðalán, sem kaupfélög hafa tekið og greiðast bændum sem fyrsta greiðsla haustgrundvallarverðs, eru að sjálfsögðu ekki vaxtareiknuð bændum sérstaklega.

Eins og hv. fyrirspyrjandi sér hefur verið unnið verulega í þessum málum og reynt að kanna með hverjum hætti sé mögulegt að framkvæma þál. eins og hún er orðuð. Hún er náttúrlega ekki lög hún er þál. Ég fæ ekki betur séð en með tilliti til afstöðu viðskiptabankanna muni skilyrðislaus framkvæmd á þessa leið hafa í för með sér veruleg útgjöld fyrir bændur og aðra sauðfjáreigendur auk fyrirhafnar sem er og verður veruleg í sambandi við þetta. Þrátt fyrir þetta vil ég endurtaka að þál. setur ekki tímamörk og minni á það ennþá einu sinni, þó að langur tími sé liðinn frá því að hún var samþykkt.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Það er að vísu ekki ýkjamargt sem ég get þakkað hæstv. ráðh. fyrir í svörum hans, en þó það, að hann hefur sent, að hann segir, bréf til Seðlabankans þar sem hann segir að bankinn eigi að leitast við að fara eitthvað í áttina að því a. m. k. að framkvæma skýlausan vilja Alþingis og fyrirmæli til hæstv. viðskrh.

Það er að vísu rétt hjá honum að hann hefur kannske ekki verið viðskrh. alveg allan þennan tíma, en mest allan. Hann segir einmitt: „Ég hef sagt hér áður" — hann sagði það fyrir einu ári eða svo — „að það hefur verið bent á leið til þess sem margir telja að sé fullkomlega fær og muni þýða framkvæmd till. í reynd." Hann veit um leið til þess að framkvæma tillöguna en vill þó ekki svara tveim fyrstu liðum fsp. minnar nema neitandi. Það hafa sem sagt ekki verið settar þessar reglur, og mér sýnist ekki vera í undirbúningi að bændur fái þessa peninga núna, því að hann segir að Seðlabankinn eigi að fá hæfilegan aðlögunartíma. Hvað skyldi nú vera hæfilegur aðlögunartími? Alla vega fram yfir 25. nóv. núna. Á eitt árið enn að hafa þessa gífurlegu fjármuni af bændastéttinni? Ég held að þetta sé langsamlega mesti vandi bændastéttarinnar, að fá ekki fjármuni sína í kannske 60—100% verðbólgu. Það getur hver séð í hendi sér og við getum það gjarnan.

Hæstv. ráðh. talar um að stimpilgjöld og annað sé verulegur kostnaður, verulegt óhagræði fyrir bændur, kaupfélögin eigi að fá að vera í friði og allt þetta. Við skulum rifja upp umr. sem fóru fram hér um daginn um bréf Framleiðsluráðsins, þar sem bannað var að gera upp við bændur fjármuni þeirra frá hausinu 1981. Framleiðsluráð landbúnaðarins bannaði sláturleyfishöfum að gera það. Það upplýstist þá, að t. d. Slátursamlag Arnfirðinga var svipt leyfi á s. l. hausti til slátrunar og áreiðanlega vegna þess að þeir greiddu allt féð út, grundvallarverðið allt, fyrir áramót í fyrra og síðan 10% ofan á þegar þeir gerðu upp, og svipaða sögu er að segja af

Slátursamlagi Skagfirðinga. Auðvitað er þetta greitt beint inn á bankareikninga. Og ætli það sé einhver banki til í veröldinni sem vildi ekki fá þessa gífurlegu fjármuni inn til sín til að setja inn á bækur eða reikninga bænda, sem sumir eru og margir hverjir auðvitað skuldugir í bönkunum? Auðvitað vill hver einasti banki fá þetta. Og *ég vil nú spyrja, úr því að ráðh. segist hafa verið að vinna* að gangi mála: Hver eru þessi ummæli bankamanna? Í fyrsta lagi óska ég að fá að sjá þetta bréf til Seðlabankans og væri æskilegast að það yrði lesið hér upp. Í öðru lagi: Hvaða nýjar upplýsingar eru frá viðskiptabönkunum um að þeir geti ekki framkvæmt þetta og hverjir undirskrifa það, þegar þetta er framkvæmt a. m. k. í tveimur héruðum og hver einasti maður sér það í hendi sér, ef hann setti sig í þau spor að hann væri bankastjóri, hvort hann vildi fá þessar gífurlegu fjárhæðir — 1280 millj. eru það núna í heildina — inn bæði til að fá greiðslur á skuldum bænda og eins til að fá innistæðufé í bankana, þegar bankarnir slást nú um að setja upp hvert útibúið af öðru bara til að ná í sparifé?

Og svo er sagt: Hver bóndi yrði þá að fylgjast með birgðunum daglega. Ég hef aldrei heyrt annað eins. Ætli bændurnir í Arnarfirði eða Skagafirði séu í frystihúsunum daglega til að telja birgðir? Er það ekki ósköp ljóst að það er vörslumaðurinn sem gefur það upp hvað birgðirnar *séu miklar? Vonandi gefur hann það rétt upp, þó það* vekti nú grunsemdir í sumar þegar sagt var að um 2 þús. tonn af kindakjöti hefðu allt í einu gufað upp. En ég ætla ekki að gera því skóna að það sé ekki allt saman rétt upp talið.

Og sagt er að afurðalánin vegna aukabúgreina verði að ganga í gegnum fyrirtækin því það sé ekki verið að slátra einu hrossi eða eitthvað slíkt. Ég held að það sé ekki einn einasti bóndi í loðdýrarækt svo vitlaus að láta afurðalánin ganga í gegnum einhver fyrirtæki. Hann tekur þau auðvitað beint sjálfur og fær peningana strax í hendur og getur notað þá á því verðgildi og með þeim kaupmætti sem þá er, en ekki eftir nokkra mánuði eða kannske 1½ ár vaxtalaust.

Svo er alls ekki svarað fjórða liðnum, um vextina. Það er spurt alveg skýrt og greinilega: Hvaða vexti taka kaupfélögin af bændum? Þetta segir hæstv. ráðh. að sé svo óskýrt að það sé ekki hægt að svara því. Ég veit svo sem hvað þau taka, kaupfélögin. Sum hafa tekið um 50%. *Ætli þau hækki þá ekki í 60% núna þegar þau sjálf* eru með peninga bænda ýmist á 29% vöxtum úr Seðlabankanum eða vaxtalaust þar sem er niðurgreiðsluféð og uppbótaféð?

Ég hugsa að það sé alveg rétt sem bændur í Arnarfirði halda fram, að kjör þeirra séu 30—40% betri en annarra bænda á Vestfjörðum vegna þess að þeir fá sína peninga í hendur, en það er ekkert verið að valsa með þá af mönnum sem alls ekkert eiga með þessa peninga að gera. Það er þarna sem vandi landbúnaðarins liggur og það er ósköp vel hægt að kippa þessu í liðinn með einu orði frá hæstv. viðskrh. og þarf ekkert að gefa Seðlabanka neinn hæfilegan aðlögunartíma. Það er við viljaleysi þessa hæstv. ráðh. að etja. Það er fyrirskipun frá Sambandi ísl. samvinnufélaga að taka ekki þessa fjármuni af því.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh., bankamálaráðh., situr fyrir svörum um þetta efni nú orðið tvisvar á ári og alltaf rekur hann í sömu vörðurnar.

Ég tók eftir því, að hann gat þess að sá siður væri tekinn upp á stöku heimili að greiða reksturslánin beint inn á reikninga bænda og taldi að kaupfélögin ættu að fá að þróa þessa „aðferð“ í friði. Það er einmitt það sem er. Það er meiningin að lofa kaupfélögunum að þróa þá aðferð í friði að bændur þessa lands hafi ekki til að bera fjárhagslegt sjálfstæði.

Ég komst yfir bréf norður í Vopnafirði í ágúst í sumar, í kjördæminu okkar hæstv. ráðh. Hann hefur kannske séð það bréf. Vafalaust er það stílað eftir 200 ára gömlu bréfi frá Örum & Wulff, en það var undirskrifað af kaupfélagsstjóranum sem þar ríkir nú. Það var tilkynning um það, að því miður gætu þeir sem ættu fjármuni sína inni hjá kaupfélaginu ekkert fengið nema vörur og enga peninga. Ef þeir skyldu ætla að bregða sér bæjarleið, þá yrði það útilokað. Það stæði þannig á fyrir kaupfélaginu að þeir gætu ekki fengið 100 kr. seðil, þó ekki væri beðið um meira. Ég á þetta bréf og ég ætla ekkert að efast um að þm. sem heimsækja bændur til Vopnafjarðar hafi fengið að kynna sér þetta rit þar í anda Örum & Wulff.

En þess var getið af hæstv. ráðh. að þetta væru ekki lög, og rétt er það. Æ ofan í æ rekum við okkar á það, að umboðsmenn okkar og vinnufólk, hæstv. ráðh. sem starfa í umboði hins háa Alþingis, hafa að engu ákvarðanir sem teknar eru löglega af Alþingi. Þetta hefur meiri hl. hins háa Alþingis sætt sig við, kalla ég, en það getur ekki gengið svo lengur. Og nú á ég erindi við hæstv. viðskrh. og ég bið hann að setja framsóknarmanninn út fyrir á meðan, því ég þarf að fá ærlegt svar, og framsóknarmaðurinn verður að taka SÍS-manninn með sér líka, þannig að eftir verði lögfræðingurinn Tómas Árnason, og Seyðfirðingurinn Tómas Árnason má líka verða eftir og feiti strákurinn á Þórarinsstaðaeyrum. Ég veit að þeir munu segja eins og þeim sýnist rétt og satt. Álítur hann að hæstv. ráðh. beri að fara að svo skýlausum viljayfirlýsingum Alþingis sem hér um teflir?

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur komið fram í máli hv. 5. landsk. þm., að hann hefur vitnað í Sláturfélag Arnfirðinga nokkuð oft og sagt að það hafi greitt hærra verð fyrir afurðir en aðrir. Það er vissulega rétt, að ef menn þurfa að leggja í lítinn kostnað við sláturhús er þetta hægt, en varanleikinn hlýtur að byggjast á því, hvort raunhæfu fjármagni sé haldið eftir til að veita húsi eða búnaði það viðhald sem nauðsynlegt er. Ég leyfi mér því að lesa hér upp bréf frá ráðuneytinu til Sláturfélags Arnfirðinga:

„Ráðuneytið hefur ákveðið að veita undanþágu til slátrunar á þessu hausti í sláturhúsi Sláturfélags Arnfirðinga, Bíldudal. Leyfi þetta er bundið þeim skilyrðum, að sauðfjártala fari eigi fram úr 200 kindum á dag og að gerðar verði þær endurbætur sem héraðsdýralæknir telur brýnastar. Héraðsdýralæknir mun annast heilbrigðisskoðun sláturafurða í húsinu. Jafnframt tekur ráðuneytið fram, að vegna andmæla yfirdýralæknis og héraðsdýralæknis og ófullnægjandi ástands hússins er þess ekki að vænta að undanþágu verði veitt framvegis til slátrunar í húsinu.“ **(Gripið fram í:** Hvenær er bréfið dagsett?) 14. okt.

Ef 5. landsk. þm. er það kappsmál að lækka slátrunarkostnaðinn verður hann að hefja áhlaupið á réttum stað, draga úr kröfunum sem gerðar eru af heilbrigðisyfirvöldum til sláturhúsanna. Þær eru mjög miklar. Ég tel þær óhóflegar að mörgu leyti. En hitt er alveg tómt mál að tala um, að það eigi að tala um þetta af jafnmikilli

vanþekkingu um staðhætti og hann hefur gert í þessu tilfelli.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Mér er alveg ljóst að ég þarf ekki að bera neitt blak af hæstv. viðskrh. í þessu máli, en þetta er líklega í þriðja skiptið sem ég kem hingað upp til að gera nokkra grein fyrir skoðun minni á því máli sem hv. fyrirspyrjandi hefur komið hér fram með.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að í þessari umr. gerum við okkur ljósa grein fyrir því, að við þurfum í raun og veru að tala um tvennt. Annars vegar er það, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda áðan, að honum þykir Samband. ísl. samvinnufélaga hafa allt of mikið fé umleikis vegna þeirrar aðstöðu sem hefur skapast. Ég hef skýrt frá því hér, að ég var fulltrúi í nefnd sem athugaði þetta mál mjög vandlega ásamt bankastjórum Landsbankans, Búnaðarbankans og fulltrúum Seðlabankans. Okkur kom öllum saman um að tæknilega — ég endurtek nákvæmlega það sem ég sagði síðast — gengi þetta dæmi ekki upp nema einhvers staðar frá kæmi fjármagnið. Svo einfalt er þetta. Og þá er spurningin þessi: Er það ætlan hv. fyrirspyrjanda að Seðlabankinn reiði fram það fjármagn sem til þarf til að greiða fyrir allar landbúnaðarafurðir, sem til falla á hverju ári, sem þarf síðan að geyma með ærnum tilkostnaði svo og svo lengi á hverju ári og safna á sig miklum fjármunum bæði vegna geymslukostnaðar og fjármagnskostnaðar?

Ég held að það væri miklu eðlilegra í þessu máli, ef ég má segja þá skoðun mína, að menn greindu hér gagngert á milli þeirra hagsmuna sem við erum að ræða um, annars vegar Sambands ísl. samvinnufélaga og hins vegar þeirra tæknilegu atriða sem þarf að koma í kring svo þetta mál nái fram að ganga. Mér finnst menn tala talsvert upp í vindinn og raunverulega ekki um það sem skiptir máli. Það eitt skiptir máli í þessu, að við náum einhvers staðar í fjármagnið sem þarf til þessara greiðslna. Það fjármagn liggur ekki á lausu. Allir þessir bankastjórar, sem með okkur sátu, lýstu því yfir að þeir hefðu engin ráð á að leggja fram þetta fjármagn. Hins vegar getur það verið rétt, og ég skal ekkert draga það í efa, að ályktun Alþingis geri kröfu til þess að þetta fjármagn verði lagt fram.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég get ekki annað en lagt svolítið til þessara umr., ekki síst vegna ummæla Sverris Hermannssonar áðan um bréf frá kaupfélagsstjóranum á Vopnafirði, sem hann kenndi við Örum & Wulff. Þarna er kannske einmitt komið að kjarna málsins, sem þyrfti að ræða í þessum sölum, að rekstrarlánin eru alls ekki nógu há og kaupfélögin þurfa að veita fyrirgreiðslu langt fram yfir það sem þessi lán hrökkva til. Þetta held ég að Sverrir Hermannsson ætti að kynna sér á Austurlandi frekar en að sitja hér í Reykjavík yfir lestri þessa bréfs.

Það er annað sem stakk mig svolítið í þessari umr. áðan. Það voru ummæli Eyjólfs Konráðs Jónssonar um að Samband ísl. samvinnufélaga hirti þessa peninga og hefði þá af bændum. Hann orðaði það þannig, að Samband. ísl. samvinnufélaga og samvinnuhreyfingin þar með hefði þessa peninga af bændum. Þetta eru mikil öfugmæli, því að mér er fullkunnugt um að Sambandið veitir kaupfélögunum mikla fyrirgreiðslu og þar á meðal með rekstrarvörur til landbúnaðarins. Kaupfélögin og Sambandið starfa á jafnréttisgrundvelli og þau afurðalán, sem Sambandið tekur í umboði kaupfélaganna, fara þar inn á reikning þeirra. Í flestum tilfellum eru kaupfélögin búin að taka rekstrarvörur og aðrar vörur til bænda út á þessi afurðalán.

Ég vildi láta þetta koma fram hér, því að mér finnst þessar umr. villandi svo ekki sé meira sagt.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega undirstrika það sem hér hefur komið fram í þessari umr. og vekja á því athygli og þá sérstaklega orðum hæstv. viðskrh. þar sem hann talar um að það ætti að gefa kaupfélögunum ráðrúm til að þróa þetta skipulag. Það er kannske vert að spyrja um hvort hann hafi kannske farið eitthvað á fjörur til þeirra í sambandi við þau svör sem hann hefur hér gefið.

Þá er það líka athyglisvert, sem kemur fram hjá honum og raunar fleirum hv. framsóknarmönnum sem hér hafa talað, að þeir hafa látið í það skína að viðskiptin af bænda hálfu við kaupfélögin væru með þeim hætti að kaupfélögin ættu í erfiðleikum með að fjármagna þau. Ég leyfi mér að mótmæla þessu. Mér er það alveg ljóst, að hagur íslenskra bænda stendur ekki með neinum blóma um þessar mundir og það vita allir jafn vel, þeir sem hér eru inni, að hann hefur farið mjög niður á við hin allra síðustu ár. Samt sem áður er ég óhræddur, eftir því sem hægt væri, að láta fara fram könnun á því hvernig reikningsleg staða bændanna í þessu landi er við kaupfélögin. Ég veit það vel að hún er með þeim hætti m. a. á Austurlandi að það þarf ekki að sækja fjármagn út fyrir þau til að fjármagna þann rekstur sem þar gengur í gegn. Það mætti m. a. athuga fyrir hverju afurðalánin, sem þau eiga að fá núna á haustdögum, hafa verið veðsett.

Inn í þessa umr. verða menn að taka þá spurningu og þá þau svör, vegna hvers bændur, sem hafa tekið upp nýjar búgreinar, hafi bein bankaviðskipti og hver sé ástæðan fyrir að rekstrar- og afurðalán til þeirra þurfi ekki að ganga í gegnum kaupfélögin. Nú liggur sú skipan fyrir að svo er ekki. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti.

Í þriðja lagi komu hér fram ákaflega mikilvægar upplýsingar hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, þar sem hann sagði að hinn hái sláturkostnaður stafaði af því að það hefðu verið gerðar svo strangar heilbrigðiskröfur. Er þá svo að skilja, að nú liggi fyrir og hægt sé að fá svör um hvernig sláturkostnaðinum er deilt upp. (**SvH:** Hefur það ekki verið?) Það hefur ekki verið á þessu hausti.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þessi umr. vill verða nokkuð almenn að sjálfsögðu.

Ég tel rétt að rifja það upp, að eftir að þessi þáltill. var samþykkt skipaði landbrh. nefnd í október 1978, sem var falið að gera tillögur um breytingar á afurða- og rekstrarlánum þannig að bændur gætu fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar, eins og þar segir. Í þessa nefnd voru skipaðir Árni Gunnarsson alþm., Geir Magnússon gjaldkeri SÍS, Gunnar Guðbjartsson fyrrv. formaður Stéttarsambands bænda, Kjartan Ólafsson fyrrv. alþm., Sveinn Jónsson fyrrv. aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, en síðar tók Garðar Ingvarsson forstöðumaður lánadeildar við störfum hans í nefndinni, Magnús Jónsson bankastjóri Búnaðarbanka Íslands, Helgi Bergs bankastjóri Lands-

bankans og Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. ráðh., sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Niðurstaða nefndarinnar var þessi, með leyfi hæstv. forseta: „Eftir marga fundi og viðræður við sérfróða menn á þessum sviðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu í stuttu máli, að miðað við núverandi sölukerfi landbúnaðarafurða á Íslandi væri það tæknilega ógerlegt að koma á beinum greiðslum til bænda.“

Ekki held ég að það sé ástæða til að væna Magnús Jónsson, fyrrv. fjmrh. Sjálfstfl. um að hann sé vilhallur í þessu máli t. d. Þannig liggur fyrir alveg skýlaus niðurstaða hjá nefnd sem hefur skoðað þetta mál mjög rækilega og hvort mögulegt er að framkvæma þetta á þessa leið. Það kann kannske að standa í fleirum að framkvæma þetta. (**Gripið fram í:** Hvenær er þetta dagsett?) Nefndin var skipuð strax 1978 og skilaði af sér líklega 1979, að ég hygg.

Ennfremur vil ég benda á hver er afstaða Stéttarsambands bænda, hagsmunasambands bændanna sjálfra í landinu. Það er ekki pólitísk afstaða sem þar er um að tefla. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er afstaða Stéttarsambands bænda. (**Gripið fram í:** Megum við heyra hver hún er?) Hún er þannig, að þeir telja þetta til óhagræðis fyrir bændur. Ég vil aðeins minna á þetta. (**Gripið fram í:** Hvenær færðu þetta?) Það kom bréf út af þessu til mín hér 26. jan. 1982. (**Gripið fram í:** Var það prívat?) Nei, það var ekkert prívatbréf. Ég skal, þó að tíminn sé stuttur, herra forseti, lesa þessa samþykkt, sem gerð var á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 21. þessa mánaðar. Fundurinn í stjórninni samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Stéttarsambands bænda telur að það fyrirkomulag á greiðslum rekstrar- og afurðalána sem verið hefur undanfarin ár hafi reynst vel og sér því ekki ástæðu til róttækra breytinga á því. Bent skal á, að þær reglur sem Framleiðsluráð landbúnaðarins setur sláturleyfishöfum um útborgun til bænda gera ráð fyrir að greidd sé út nokkuð hærri fjárhæð en afurðalánunum nemur. Ljóst virðist að það fyrirkomulag að hver framleiðandi taki lánin beint án milligöngu sölufélags muni reynast flókið og erfitt í framkvæmd og mjög kostnaðarsamt fyrir bændur. Stjórn Stéttarsambandsins telur því eðlilegt að það verði áfram svo, að sölufélögin taki og beri ábyrgð á rekstrar- og afurðalánunum, en framleiðendur sem þess óska geti fengið rekstrarlánin greidd út eða lögð á reikning sinn“.

Þetta er afstaðan sem stjórn Stéttarsambands bænda hefur tekið í þessu máli. Það er auðvitað nauðsynlegt í umr. um þessi mál að vitna til bændanna og þeirra hagsmunafélags.

Ég hef nú gefið hv. þm. að hluta til meiri svör en seinast þegar hann spurði, þó ekki sé langt síðan, og þar á ég við rekstrarlánin alveg sérstaklega, en þegar Seðlabankinn fjallaði um þessi mál taldi hann að það gegndi öðru máli um rekstrarlánin en afurðalánin, taldi meiri tormerki á að framkvæma þetta með afurðalánin.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson lagði fyrir mig spurningar. Ég er alveg sammála honum og svara því hiklaust játandi, að vitanlega eiga ráðh. að framkvæma vilja Alþingis. Þó er hugsanlegt að geti verið torvelt að gera það. Það er hugsanlegt, eins og t. d. í þessu máli. En varðandi bréfið sem hann las upp og tilvísunina í Örum & Wulff og kaupfélögin, þá þarf ekki sögufróðan mann í Íslandssögu til þess að hann viti hvaða baráttu það kostaði bændurna í landinu að losna undan fjötrum dönsku verslunarinnar. Og þeir stofnuðu samvinnufélög. Ég verð að láta þá skoðun í ljós og get ekki stillt mig um það, að þegar látið er í veðri vaka af mörgum þm. Sjálfstfl. að samvinnufélögin séu þrándur í götu fyrir afkomu og velferð bændanna þykir mér fulllangt gengið, svo ég segi ekki meira. Samvinnufélögin eru opin félög. Það eru haldnir aðalfundir í samvinnufélögunum á hverju einasta ári. Það eru birtir reikningar samvinnufélaganna og það þekkir væntanlega hv. þm. Sverrir Hermannsson. (**SvH:** Það er allt í lagi með samvinnufélögin. Það eru þarna einhverjir sem skipta sér af með pólitík.) Ja, samvinnufélögin eru nú einu sinni fólkið sem í þeim er og bændur hafa mjög mikla og víðtæka samstöðu um samvinnufélögin. Auðvitað getum við tekið upp umræður um samvinnufélögin og bændastéttina.

Ég vildi segja það sem mína skoðun, að samvinnufélögin eru ein af traustustu stoðunum fyrir bændastéttina í landinu, og í mörgum tilvikum er ég sannfærður um að margar byggðir, og þá get ég talað af sérstaklega mikilli þekkingu um Austurland, væru áreiðanlega — ekki segi ég nú eyddar, en að talsverðu leyti og miklu meira leyti eyddar en þó nú er, þó að byggðir í ýmsum héruðum hafi gengið saman.

Ég held að það sé misskilningur hjá hv. þm. sjálfstæðismanna að hér sé um að ræða eitthvert stórt mál fyrir kaupfélögin. Sumir kaupfélagsstjórar hafa látið það í ljós í mín eyru að það væri að sumu leyti léttara fyrir kaupfélögin að haga þessu á annan veg. Það væri léttara fyrir kaupfélögin ef aðrir aðilar gengju lengra í að fjármagna framkvæmdir og rekstur bændanna en kaupfélögin hafa gert, en þau hafa gengið mjög langt í því efni eins og kunnugt er. Langsamlega flest kaupfélögin eru þannig sett, að þau eiga inni hjá bændunum verulegar fjárhæðir. (Gripið fram í.) Það þarf ekki að fara langt til þess að sannfærast um þetta, það er alkunna, en það er hluti af starfsemi kaupfélaganna að fjármagna bændurna, að lána bændum til framkvæmda, að lána þeim til rekstrar, sérstaklega þeim sem verr eru settir, og kaupfélögin hafa ekki talið það eftir sér.

Ég held satt að segja og er ansi hræddur um það, að ef breytt væri um í þessum efnum meira inn á þær brautir að bankarnir ættu að sjá um þessa fjármögnun og lánastarfsemi kæmi margur bóndinn, sem á erfitt og þarf á lánum að halda og lánafyrirgreiðslu, stundum tómhentur frá bankastjórum, þó að hann fái fyrirgreiðslu og hafi fengið fyrirgreiðslu hjá kaupfélögunum. Ég er þeirrar skoðunar og vil endurtaka það, að kaupfélögin séu alveg skilyrðislaust ein af sterkustu stoðunum sem standa að íslenskri bændastétt og aðstoða íslenska bændur við þeirra baráttu, sem oft er erfið í okkar landi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. beindi til mín spurningu óbeint, eftir að tími hans til ræðuhalda hér var út runninn, og ég neyðist til að gefa mér örlítinn tíma til að svara henni.

Ég hef þá þekkingu, ekki að ofan frá neinum skrifborðsherrum, hvað heilbrigðiseftirlitið kosti í sláturhúsakröfum. Ég hef það beint frá sveitunum sjálfum og þeim mönnum sem um þessi mál fjalla heima fyrir. Mér hefur borist bréf að vestan vegna sláturhúsamála. Þar er ég spurður þessarar spurningar: Telur þm. ekki eðlilegt, úr því svo mjög lá við að knýja landbrh. til þess að veita umrætt sláturleyfi, ef hann verður kjörinn á þing í næstu

kosningum, að veita Rauðsendingum og Barðstrendingum sláturleyfi á sínum fyrri sláturstöðum, Gjögrum og Skjaldvararfossi á næsta hausti, ef sótt verður um slíkt, og láta húsið á Patreksfirði standa ónotað?

Það kostaði þessa aðila stórfé að fara í það að byggja nýtt sláturhús vegna þess að heilbrigðiskröfurnar heimtuðu að það yrði gert. Það er hægt að fá allar upplýsingar um þann kostnað hjá hv. 4. þm. Austurl., sem jafnframt gegnir annarri stöðu, og við vonum að þar komist engin pólitík að. Þar liggur umsókn um stuðning við þessa byggingarframkvæmd, lánsumsókn vegna þess hvílíkur fjárhagslegur baggi hún hefur verið á þeim aðilum sem að henni standa. (Forseti hringir.) Ég ætla ekki að níðast á þolinmæði forseta.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það var ekki ætlunin að hefja einhverja eldhúsdagsumræðu um samvinnufélögin og starfsemi þeirra og þýðingarlaust í þessu falli fyrir hæstv. viðskrh. að drepa málum á dreif með því að ræða um vefarana frá Rockdale, fara út í þá sálma. Það er allt annað mál.

En það er eitthvað meira en lítið að þegar menn hafa aðstöðu til þess að skrifa önnur eins bréf og ég vitnaði til. Það er misskilningur að ég hafi lesið upp eitt eða neitt hér. Bréfið er heima hjá mér. Ég get sótt það. Það er eitthvað meira en lítið að þegar svo háttar til með virðulega bændastétt, að það er hægt að bjóða henni upp á það að send séu umburðarbréf á hvert einasta heimili í heilli sveit eins og Vopnafirði, feitri og fallegri sveit, og þeim tilkynnt að þeir séu ekki fjár síns ráðandi að því leyti, að þeir geti aðeins fengið að taka út fyrir náð og miskunn vörur til heimilis síns hjá viðkomandi kaupfélagi, sem þeir eiga allar sínar afurðir inni hjá. Það er eitthvað meira en lítið gagurt við þessa skipan mála.

Svo kenna menn því um að þetta sé dýrt og einhverjir bankastjórar, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. ber hyldjúpa virðingu fyrir, höfuðþvo hann af því að þeim hentar þetta ekki og telja honum trú um það að þetta sé óframkvæmanlegt. Ætli það væri ekki hægt að láta þessa 30 menn, sem á að fara að ráða til þess að afgreiða erlendan gjaldeyri hjá Búnaðarbanka Íslands, hafa þetta í hjáverkum? Við getum kannske hugsað okkur það, 30 manns, sem á að ráða þar af því að þeir eiga að fá erlend gjaldeyrisviðskipti. Það er eins og heil Framkvæmdastofnun, sem ýmsum þykir nú ærið nóg, sem á að ráða þar til viðbótar í bankakerfið til þess að afgreiða erlendan gjaldeyri, sem er víst nóg af um þessar mundir í þessu landi. (Gripið fram í.)

Auðvitað er þetta hægt. Þetta er spurning um vilja og þetta er spurning um það hvort hin virðulegasta stétt þessa þjóðfélags, bændastéttin, á að halda fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Hæstv. ráðh. sagði: „Mér ber skylda til að fara að þessari samþykkt Alþingis.“ Og þá er að koma sér að verki, hæstv. ráðh.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki að ráði blanda mér í þá umr. sem hér hefur farið fram. Ég tel aðeins ástæðu til að gefa upplýsingar um tvö atriði.

Í fyrsta lagi kom það fram hjá hæstv. viðskrh. að afurðalánin, sem veitt eru í kringum 25. nóv., nema samtals með viðbótarlánum 71—75% af afurðaverði. Um svipað leyti greiða flestir sláturleyfishafar framleiðendum 80—82% af andvirði afurðanna inn í reikning. Þetta tel ég rétt að hafa í huga í þeirri umr. sem hér fer fram.

Í öðru lagi tók ég ekki eftir því að fram hafi komið svör við þeim þætti fsp., þar sem spurt er um hve mikil voru rekstrarlán og afurðalán. Hæstv. viðskrh. svaraði fsp. varðandi afurðalánin, en varðandi rekstrarlánin vil ég gjarnan gefa þær upplýsingar að á þessu ári varð mikil hækkun á rekstrarlánum landbúnaðarins. Afurðalán hækka til jafns við verðlag, en á þessu ári varð breyting á fyrirkomulagi rekstrarlána þannig að rekstrarlán, sem greiðast eiga til bænda, hækkuðu úr 89.6 millj. á árinu 1981 í 164.5 millj. 1982 eða um 83.5%. Sláturlánin, sem greiðast í sept.-okt., hækkuðu til muna meira, enda var gerð sú breyting að innheimt voru afurðalán fyrir ágústmánuð, sem ekki hefur verið gert að undanförnu. Samtals hækkuðu rekstrarlánin til landbúnaðarins úr 137.2 millj. kr. 1981 í 269.2 millj. 1982 eða um 96.2%. Hér er því um verulegar úrbætur að ræða varðandi rekstrarlánin og þykir mér ástæða til að það komi fram í þessari umr.

Egill Jónsson: Herra forseti. Þetta eru út af fyrir sig gagnlegar upplýsingar hér í þessari virðulegu stofnun. En ég vildi mega koma þeim ábendingum og óskum mínum á framfæri við hæstv. landbrh., hvort hann vildi ekki beita sér fyrir því að þessir fjármunir færu til þess að fjármagna rekstrarvörur landbúnaðarins. Þannig er nefnilega í pottinn búið að Áburðarverksmiðjan og rekstur hennar er fjármagnaður allur á dollaraprís.

Á s. l. fjórum árum hefur áburðarverð hækkað 16% fram yfir afurðaverð. Skyldi það ekki einhverju geta breytt, ef þessi rekstrarlán færu til þess að fjármagna þennan rekstur frekar en nota til þess dollara? En það er víðar sem rekstrarvörur landbúnaðarins eru fjármagnaðar með erlendri mynt. Þeir viðskiptahættir hafa m. a. verið teknir upp að afhenda aðra mestu rekstrarvöru landbúnaðarins verðlausa. Þá á ég við kjarnfóðrið. Síðan þegar innflytjandinn hefur greitt upp erlendan víxil, þá er verðinu jafnað niður. Það er sem sagt fjármagnað með erlendum lánum og síðan verða bændurnir að sæta því hvað gerist í gengismálum í millitíðinni.

Ég vildi mega beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh., hvort hann vildi nú ekki beita sér fyrir því að þessi viðauki í rekstrarlánunum yrði notaður til þess að þessir viðskiptahættir yrðu felldir niður. Og ég mætti þá kannske bæta við þeirri spurningu til hæstv. viðskrh., hvort slíkir viðskiptahættir eins og þessi verslun með kjarnfóður séu heimilir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna orða hv. þm. Sverris Hermannssonar, bankastjóra Byggðasjóðs. Ég ber ekkert meiri virðingu fyrir bankastjórum en öðrum mönnum. Hins vegar ber ég virðingu fyrir sérálíti þeirra og sérþekkingu. Það er það sem skiptir máli í þeirri umr. sem hér fer fram.

Ég sagði það og vil endurtaka að vandinn í þessu máli er sá, að það skortir fjármuni. Þeir liggja ekki á lausu, þessir fjármunir. Ef hins vegar þingið treystist til þess að gera þá kröfu til bankanna með lagabreytingu að þeim beri að leggja fram afurðalánin upp í 100%, þá er það allt önnur saga, allt annað mál.

Ég vil líka að það komi skýrt fram að nefndin, sem fengin var til þess að kanna möguleikana á fullri greiðslu á afurðalánum, að bændur fengju sína fjármuni þegar í stað eftir að þeir hafa skilað inn sínum afurðum, komst

einfaldlega að þeirri niðurstöðu að tæknilega væri þetta óframkvæmanlegt, því miður. Enginn maður í þeirri nefnd hafði þá afstöðu í málinu að hann hefði ekki viljað að það væri hægt, ekki nokkur maður. (**Gripið fram í:** Hver er sérstaða refabænda?) Nú veit ég ekki um sérstöðu refabænda. Þar held ég að sé um að ræða upphæðir sem eru ekki það háar að þær skipti umtalsverðu máli. Hins vegar eru upphæðirnar sem við erum að tala um, þegar kemur að dilkakjötsframleiðslunni, þvílíkar, að bankakerfið stynur auðvitað undan því að þurfa að greiða þetta allt saman og lána þetta allt saman. Það gefur auga leið, herra þm. Ég vil bara segja það, svo að það skiljist, að við erum ekki að tala hér um nokkrar millj. Við erum að tala um 100 millj. kr. Hvar á að taka þessa peninga? Hvar ætla menn að taka þá núna eins og efnahagsvandinn er? Halda menn að bankakerfið sé aflögufært um fjármuni til þessara hluta núna? Ég held að það sé tómt mál að tala um. Eins og ég sagði áðan, þá verða menn að greina á milli þess sem er alvaran í þessu máli, sem er líklega sú, að menn sjá eftir þeim fjármunum sem ganga inn til samvinnuhreyfingarinnar vegna þessa. En það er allt annað mál og um það verður að ræða öðruvísi og á öðrum vettvangi.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. síðasta ræðumanns á því að orðalagið á því skjali sem hann skrifaði undir með bankastjóranum var það, að „miðað við núverandi kerfi“ 1979, miðað við að breyta engu, gera ekkert til þess að greiða fyrir úrlausn mála, þá hefði þetta verið svona. Þess vegna er þessi gamla ályktun einskis virði. Útvegsmenn og sjómenn knúðu það fram að bankakerfið léti afurðalánin ekki af hendi til fiskvinnslustöðva nema þeir fengju sínar launagreiðslur. Matthías Bjarnason gekk í það þegar hann var ráðh. og knúði það fram á einum degi. Það er auðvitað bara að fyrirskipa bönkunum að gera þetta, þá geta þeir það. Það er líka gert hjá ýmsum félögum. Það vita allir menn.

En ég sakna þess, að viðskrh. skyldi ekki gera grein fyrir bréfi því sem hann hefur sent Seðlabankanum, eins og ég óskaði eftir. Ég vona að ég fái þó að sjá það og vil aðeins geta þess, að þau sláturhús sem hér um ræðir, litlu hús, bæði í Skagafirði og Arnarfirði, eru tiltölulega ný hús. Ég held að það hafi verið byggt í Arnarfirðinum 1976 og endurbyggt í Skagafirði. — (**Gripið fram í:** Hvaða hús var byggt í Arnarfirði 1976, Eyjólfur Konráð?) Ég hygg að það hafi verið það. Ég þykist hafa lesið það og hafi þær upplýsingar frá Birni Emilssyni, að það hafi verið byggt þá. Ef það er rangt, þá mun það verða leiðrétt. Og í Skagafirði var hús endurbyggt fyrir mikla peninga. Það er búið að borga þessi hús upp. Bændurnir eiga þessi hús og þeir geta borgað grundvallarverðið strax að hausti og viðbót að vori.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég er ekki sannfærður um að það sé öldungis rétt hjá viðskrh. að kaupfélögin séu endilega sterkasta stoð bænda. Það sjáum við á þeim ólestri, sem hefur verið á útflutningsmálum landbúnaðarins, sem vitaskuld kemur að síðustu niður á bóndanum og skaðar hans hlut. Fyrir því höfum við líka dæmi, að samkeppni, sem hefur komið upp í fóðurbætissölu, hefur jafnan stórlækkað verðið til bændanna, sem munar ekki svo litlu eins stór liður og fóðurbætiskaupin eru í rekstrarútgjöldum bóndans. Ef samkeppnisaðilinn hefur hætt rekstri hefur reynslan jafnan orðið sú, að fóðurbætirinn hefur hækkað í kjölfarið hjá kaupfélögunum. Þetta sýnir að kaupfélögin þurfa samkeppni og eðlilegt aðhald ekki síður en aðrir. Lengra nær nú náungans kærleikur þeirra ekki, því miður. Það væri því nær að segja að bændur séu styrkasta stoð kaupfélaganna en ekki öfugt.

Ég vil svo aðeins segja það út af ummælum hv. 6. þm. Norðurl. e., að það er þá a. m. k. upplýst í þessum umr. að einn maður á Íslandi er ánægður með það fyrirkomulag sem er á rekstrarlánum til landbúnaðarins, til bændanna. Ég veit að svo er ekki um bændurna sjálfa, en það kemur ekki á óvart að þessi rödd skuli heyrast frá Alþfl.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér sýnist að hér sé enn eitt dæmi þess að það skiptir í raun og veru ekki máli hvað Alþingi samþykkir, ályktar eða ákveður. Í allt of mörgum tilfellum, eins og t. d. hér, er ekkert eftir því farið af framkvæmdavaldinu. Það er auðvitað spurning, og ég hef vakið á því athygli hér áður, það er spurning hversu lengi Alþingi ætlar að sætta sig við slík vinnubrögð. Hér eru gerðar samþykktir og ályktanir, sem hæstv. ráðh., í þessu tilfelli viðskrh., ber auðvitað að fara eftir, en eigi að síður er allt slíkt virt að vettugi. Það er kafli út af fyrir sig og krefst miklu lengri tíma en í umr. um fsp. að ræða stöðu bænda, samspil kaupfélaga og samvinnuhreyfingarinnar og annað slíkt. En ég held að það sé engin tilviljun, ekkert einsdæmi, það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson vitnaði til hér áðan að væri að gerast í Vopnafirði. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, að kannske sé mesta bilið innan bændastéttarinnar milli þess fátækasta og hins sem er best megandi. Ég hygg að það sé hægt að finna innan bændastéttarinnar sárustu fátæktina á Íslandi. En það er líka hægt að finna þar mjög vel setta einstaklinga efnalega séð. Staðreyndin er held ég sú, að bændastéttin, allt of stór hópur bændastéttarinnar er álíka reyrður á klafa kaupfélaganna eins og verkamenn og sjómenn voru um það bil sem verkalýðshreyfingin var að hasla sér völl á Íslandi. Menn eru í kladdaúttekt hjá kaupfélaginu. Það er ótrúlega stór hópur, að ég hygg, innan bændastéttarinnar sem er einmitt með þessum hætti bundinn á klafa kaupfélaganna og samvinnuhreyfingarinnar. Og það er spurning hvenær hinn almenni bóndi innan bændasamtakanna hristir þennan klafa af sér eins og verkamenn og sjómenn gerðu á sínum tíma þegar þeir hösluðu sér völl innan verkalýðshreyfingarinnar.

Níels Á. Lund: Herra forseti. Það voru orð hv. síðasta ræðumanns hér á Alþingi sem gerðu útslag á það að ég stíg hér í pontu. Ummæli hans, að kaupfélögin væru að setja bændur á klafa hjá sér, sýna einungis að viðkomandi hv. þm. veit ekkert um kaupfélögin, skilur hvorki uppbyggingu þeirra eða eðli né neitt í þá áttina. Það ofbauð mér svo að ég ákvað að fara hér upp og fræða hann lítils háttar.

Kaupfélögin starfa eftir svonefndum Rochdale-reglum, samvinnureglum, sem m. a. kveða á um það að öllum einstaklingum er frjáls aðild að félögunum. Það er enginn skyldugur til að vera í kaupfélagi frekar en hann vill. Þetta ætti hv. þm. að vita. Einnig segir svo í 2. gr. þessara laga, að í hverju félagi er lýðræðisleg stjórn, þ. e. að hver maður hefur eitt atkv. án tillits til verslunar við félagið, fjármagns eða annars slíks. Þetta tryggir jafnrétti af fremsta megni. Síðan hefur það gleymst verulega í

þessari umr., eins og hv. þm. Egill Jónsson minntist m. a. á áðan, fyrir hverja afurðalánin hafa verið veðsett. Það er nefnilega þannig að kaupfélögin eru í eign þeirra manna, sem í kaupfélögunum eru, og þeim hlýtur að vera í sjálfsvald sett hvernig þeir ráðstafa sínum eigum. Langflest íslensku kaupfélögin eru svonefnd blönduð félög, sem eru með margs konar þjónustu í þá átt að bæta aðstöðu þeirra manna og tryggja byggðafestu þeirra sem á kaupfélagssvæðinu eru. Kaupfélögin fara eftir vilja hvers og eins, eins og við ættum að vita, og það sem kaupfélögin gera er einungis vilji þeirra félagsmanna sem í kaupfélögunum eru. (Forseti hringir.) Ég hefði viljað, herra forseti, hafa miklu lengri tíma til að ræða um kaupfélagsskapinn og eðli kaupfélaganna, byggðafestu þeirra og fleira, en til þess gefst enginn tími í svo stuttum fsp.-tíma eins og hér er. Og í raun og veru ætti ekki að ræða þessi mál á þeim grundvelli sem þegar hefur þó verið farið út í.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er auðvitað ánægjulegt fyrir mig að hv. síðasti ræðumaður, æskulýðsfulltrúinn sjálfur, skuli vilja upplýsa bæði mig og aðra hér á Alþingi um kaupfélögin eins og þau blasa við frá honum séð. Hann sagði hér áðan að það væri enginn skyldugur að vera í kaupfélögunum. Það er út af fyrir sig rétt. Það var heldur enginn skyldugur strangt tekið á sínum tíma að versla við einokunarverslunina. En því var bara hagað þannig að það gerðist með þeim hætti. Og það sem hefur haft áhrif, að því er varðar samvinnustefnuna og kaupfélögin, er flokkurinn sem hv. síðasti ræðumaður er í. Það er hann sem leikur stærsta hlutverkið í því að hafa þau áhrif á stefnu kaupfélaganna og samvinnuhreyfingarinnar sem hafa sýnt sig í gegnum árin. Aðalmeinið að því er varðar þessa þætti í þjóðfélaginu er kannske sá einokunarhringur sem Sambandið, fyrst og fremst fyrir tilstilli Framsfl., hefur komið upp hér á landi í gegnum þessa aðila.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég skal lofa því að vera afskaplega stuttorður. En ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á þeim skilningi sem kom fram hjá Níelsi Lund, hv. 2. þm. Norðurl. e., því að hann segir hina sönnu sögu í þessu máli. Hv. þm. segir að það sé ekki nema eðlilegur hlutur að kaupfélögin ráðstafi afurðalánum eftir sinni þörf. Við viljum líta svo á að eignarréttur inn sé friðhelgur í þessu landi. Afurðalánin eru veitt út á eignir bændanna í þessu landi. Þeir eiga að njóta þess.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við kaupfélögin og bændurna. Hvað eru kaupfélögin bændastéttinni? Jú, bændurnir hafa langsamlega flestir, þó ekki undantekningarlaust eins og við vitum, því að mönnum er frjálst hvort þeir ganga í kaupfélag eða ekki, þeir hafa undantekningarlítið viðskipti sín við kaupfélögin. Þeir hafa myndað félagsskap um innkaup til búanna og til daglegra þarfa annars vegar. Hins vegar eru svo sölumálin, sem eru nátengd. Þeir hafa myndað með sér félagsskap um að standa saman að slátrun og verkun afurða. Þetta eru í aðalatriðum tengslin þarna á milli.

Ég er mjög hissa á því að hv. þm. Karvel Pálmason, af því að hann er nú jafnaðarmaður, skuli hefja hér ádeilur á kaupfélögin og telji þau vera eitthvert helsi um háls bænda. Þetta vita allir, sem kunnugir eru starfsemi kaupfélaganna og í bændastéttinni, að er alger rangherfa. Ég er ekki að halda því fram og mun ekki halda því fram, að það sé ekki hægt að gagnrýna ýmislegt í rekstri kaupfélaganna. Að sjálfsögðu er það hægt og er gert. Ég hef verið á aðalfundum Kaupfélags Héraðsbúa, svo að ég nefni þar um dæmi. Þar eru harðar deilur, þar er gagnrýni og menn ræða um sitthvað það sem miður fer. Það er fjarri mér að álíta að ekki sé ástæða til að gagnrýna ýmislegt í fari kaupfélaganna. En það haggar ekki hinu, að kaupfélögin eru að mínu mati alveg hiklaust ein styrkasta stoð bændastéttarinnar. Það er svo alveg rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að bændurnir eru kannske styrkasta stoð kaupfélaganna í mörgum tilvikum. En vegna þess að við erum komnir kannske dálítið frá því umræðuefni, sem hér var verið að spyrja um og svara, þá skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta nú.

Beinar greiðslur til bænda, fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Við hæstv. landbrh. höfum hér fyrr á fundinum talað okkur saman um það að kannske mætti þessi fsp. bíða, en ég er auðvitað ánægður með að fá henni svarað líka. Ég skal ekki hafa um það fleiri orð, menn þekkja það mál. Það er heimild í framleiðsluráðslögunum til þess að haga greiðslum á útflutningsbótum og niðurgreiðslum að nokkru leyti þannig að bændur fái þessa peninga beint í hendur. Það mætti jafnvel nota þetta jafnframt til þess að hafa áhrif á framleiðslumagn. Um þetta gerði Stéttarsamband bænda ítarlega útreikninga á sínum tíma. Síðan hefur verið að þessu unnið, og eins og ég segi, þá er heimild til þess að haga greiðslum þessara miklu fjármuna þannig að þær renni beint til bændanna. Vonandi hefur eitthvað verið unnið í því að koma því áleiðis. Á ég von á að hæstv. landbrh. geti frætt okkur eitthvað um það.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur beint til mín fsp. í fimm liðum um beinar greiðslur til bænda. Þann 16. febr. s. l. fóru fram umr. um þetta mál á Alþingi í framhaldi af sams konar fsp., sem hv. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson, lagði þá fram. Til þess að sem minnst verði um endurtekningar á þeirri umr. sem fram fór 16. febr. leyfi ég mér að vísa til hennar að svo miklu leyti sem hægt er að komast hjá endurtekningu.

1. liður fsp. er svohljóðandi: „Hvað líður athugunum þeim sem landbrh. hefur látið gera til að tryggja framgang ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda?"

2. liður fsp. hljóðar svo: „Hvenær er ætlun ríkisstj. að nýjar reglur um greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna, sem tryggi að fjármunir nýtist betur, komi til framkvæmda."

Vegna þessara tveggja fsp.-liða, sem fjalla að hluta um sama efni, vil ég leyfa mér að rifja upp texta þál. um beinar greiðslur til bænda, en hann er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.

Jafnframt láti ríkisstj. fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum út-

flutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur."

Hér er spurt um efni sem lúta að seinni hluta ályktunarinnar.

Sem kunnugt er er framleiðslu- og sölukostnaður landbúnaðarafurða greiddur á þrjá vegu. Í fyrsta lagi með því verði fyrir landbúnaðarafurðir sem neytandinn lætur af hendi við búðarborðið, í öðru lagi af þeim fjármunum úr ríkissjóði sem varið er til niðurgreiðslna og niðurfærslu verðlags og í þriðja lagi með útflutningsbótafé úr ríkissjóði, þegar á vantar að lögákveðið verð náist, sem á að mæta að fullu framleiðslu- og sölukostnaði landbúnaðarafurða sem fara á erlenda markaði.

Í ályktun Alþingis frá 29. maí s. l. er kveðið á um að ríkisstj. láti fara fram athugun á því hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna þannig að þær nýtist betur. Að sjálfsögðu er ekki þar með sagt, þó að í könnun sé ráðist, að hún leiði til jákvæðrar niðurstöðu. Engrar könnunar þyrfti við væri það fyrir fram vitað.

Ég vil endurtaka hér það, sem ég nefndi í umr. um þetta mál í febr. s. l., að með lögum um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. frá 18. apríl 1979 voru gefnar heimildir til að greiða niðurgreiðslur úr ríkissjóði til bænda sé það hagkvæmt. Bændasamtökin hafa kannað þessa möguleika, en ekki séð færari leið til að bæta hag bænda eða ná fram öðrum ávinningi með beinni ráðstöfun niðurgreiðslufjár en með því fyrirkomulagi sem nú gildir. Einnig nefndi ég við þá umr., að kannað var í árslok 1980 af fulltrúum bænda, fjmrn. og landbrn. hvort mögulegt væri að greiða beint til bænda þann hluta búvöruverðs sem er tilkominn vegna orlofs bænda, hjúsfreyju og aðstoðarfólks við búrekstrinn. Þessi athugun leiddi til neikvæðrar niðurstöðu. Athugun leiddi í ljós ýmsa annmarka. Þessir voru helstir:

1) Tekið yrði upp tvöfalt kerfi til að koma fjármunum til bænda fyrir afurðir þeirra.

2) Ættu fjármunir að greiðast fyrir fram væri eftir að finna út hvað hverjum ber. Ábúðarskipti jarða eru mörg á ári, bústofn skiptir um eigendur, menn draga við sig búskap eða auka vegna annarra starfa, erfitt er að draga mörkin og ákvarða hverjir teljist bændur og fjölmörg önnur atriði koma til úrlausnar, e. t. v. án þess að úr verði leyst.

3) Yrðu þessir fjármunir ekki greiddir fyrir fram er jafnauðvelt að fela þeim sem tekur við afurðum bænda, þ. e. sláturleyfishafa, að koma þeim til skila og að hugsa sér annað kerfi við hlið hins til þess að sjá um uppgjörið. Líklegt er að tvöfalt kerfi yrði seinvirkara.

4) Beinar greiðslur á orlofi til bænda reyndust samkvæmt athugun dýrari fyrir ríkissjóð til áhrifa á verðlagsþróun. Upp kom mikil óvissa um skiptingu fjármagnsins milli einstaklinga og ekki séð eftir hvaða leiðum ætti að fara þannig að allir mættu við una.

Þá vil ég minna á, sem fram kom í framsöguræðu hv. fyrirspyrjanda, að athugun var gerð af Stéttarsambandi bænda á þeim möguleika að greiða bændum af niðurgreiðslufé 25% framleiðslukostnaðar upp að 500 ærgilda búi í nautgripum og sauðfé, en eftir það jafnar greiðslur til hvers bónda. Niðurstöður þessarar athugunar eru birtar sem fskj. VI. með till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði á þskj. 77, sem hv. fyrirspyrjandi er meðflutningsmaður að. Samkv. þessari athugun er talið að verð hvers mjólkurlítra yrði 84 gkr. hærra en við niðurgreiðslu mjólkurverðsins til neytenda, eins og það var þegar könnun var gerð, og verð á kindakjöti 486 gkr. hærra. Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar athuganir sem gerðar hafa verið á beinum peningagreiðslum til bænda úr ríkissjóði. Verðlagsáhrif verða minni og útsöluverð hærra. Þessar niðurstöður hafa því miður komið þannig út ítrekað og þessa hefur áður verið getið.

Annar möguleiki er að greiða niður aðföng til búrekstrar eða fjármagnskostnað. Rétt er að minna á í því sambandi að árið 1975 rúmlega tvöfaldaðist framleiðslukostnaður áburðar vegna hækkunar orkuverðs og var þeirri hækkun dreift á tvö ár með því að ríkissjóður tók á sig helming verðhækkunar fyrra árið. Sá annmarki var á þessari niðurgreiðslu að fleiri nutu hennar en bændur því eins og kunnugt er fer áburður til fleiri notenda en bænda. Þótti ekki framkvæmanlegt að takmarka niðurgreiðslu á verði áburðar við bændur eina. Sömu vandamál mundu koma upp við niðurgreiðslu á kjarnfóðri og fjármagnskostnaði í landbúnaði, en þessir tveir rekstrarliðir eru þeir einu sem hugsanlega mætti lækka í verði til landbúnaðarins með beinum niðurgreiðslum.

Á hinn bóginn má ekki horfa fram hjá því, hvaða áhrif lækkun verðs á þessum liðum búrekstrarins gæti haft á framleiðslu í landbúnaði. Enginn vafi er á því, að veruleg verðlækkun áburðar, kjarnfóðurs eða fjármagnskostnaðar, t. d. með niðurgreiðslu vaxta, mundi leiða af sér aukna notkun þessara rekstraraðfanga og um leið aukna framleiðslu. Nægir þar að nefna hver áhrif kjarnfóðurgjalds á notkun kjarnfóðurs og mjólkurframleiðslu urðu þegar það var lagt á með brbl. í júní 1980, en hvort tveggja dróst verulega saman, svo sem kunnugt er. Væri í það ráðist að greiða niður áburð, kjarnfóður eða fjármagnskostnað hjá bændum má gera ráð fyrir aukinni framleiðslu og fjárfestingu á sama tíma og lagt er kapp á að halda nokkru jafnvægi framleiðslunnar við markað og markaðsaðstæður.

Þá vil ég að lokum minna á, að svo virðist stundum hafa gleymst í þessari umr., ef greitt væri niðurgreiðslufé úr ríkissjóði beint til bænda í stað þess að það komi sem greiðsla fyrir afurðir þeirra, að niðurgreiðslur á verði landbúnaðarafurða hafi verið meðal þeirra stjórntækja sem notuð hafa verið til að hamla gegn verðbólgu. Niðurgreiðslur hafa þess vegna verið auknar eða úr þeim dregið eftir því hvernig horft hefur í efnahagsmálum. Það kynni að valda erfiðleikum í slíku kerfi ef stjórnvöld tækju þá ákvörðun að draga úr niðurgreiðslum, sem mundi þá koma mjög óþægilega við.

Öll þau atriði, sem ég hef nefnt hér að framan og komið hafa fram við könnun eða liggja í augum uppi við athugun þessa máls, mæla gegn því að breytt sé frá því fyrirkomulagi sem hefur verið tíðkað við ráðstöfun niðurgreiðslufjár og útflutningsbóta. Erfitt er að segja fyrir um, hvort hér kunni annað að koma upp að breyttu vísitölukerfi og breyttri ráðstöfun niðurgreiðslufjár til áhrifa á það kerfi. Ég gat þess þegar ég svaraði sambærilegri fsp. á fyrra ári, að þá yrði ástæða til að gera sérstaka athugun á þessu máli að nýju. (Forseti hringir.) Herra forseti, því miður er fsp. í fimm liðum og ég á nokkuð eftir af svari mínu. — Þriðji liður fsp. hljóðar svo: „Hefur verið athugað hvernig heppilegast væri að afnema „kvótakerfið" samhliða beinum greiðslum til bænda?"

Af því sem ég hef rakið hér að framan má ljóst vera, að

engir þeir möguleikar, sem fram hafa komið við könnun á beinum greiðslum til bænda, hafa þótt færa bændastéttinni ávinning, ef framkvæmdar yrðu, og jafnvel fremur hið gagnstæða. Af því er ljóst, að engar hugmyndir hafa verið uppi í þá átt sem fsp. gengur. Hins vegar hef ég skrifað bændasamtökunum og óskað eftir tilnefningu frá þeim í nefnd til að kanna möguleika á að taka upp svæðisbundna stjórnun framleiðslu í landbúnaði í stað þess kvótakerfis sem hefur verið í uppbyggingu og mér hefur þótt hefta um of frelsi einstakra bænda til athafna á jörðum sínum. Hvort þeir möguleikar finnast verður starf nefndarinnar að leiða í ljós.

Í 4. tölul. fsp. er spurt, hvort það sé ætlun ríkisstj. að viðhalda bæði ‚kvótakerfi" og fóðurbætisskatti hversu erfitt sem árferði verður í landbúnaðinum.

Ég hef að nokkru leyti svarað þessari fsp. með því sem ég áður sagði um það kvótakerfi sem verið hefur í uppbyggingu. Vissulega getur það verið bændum þungbært að standa frammi fyrir því að hafa vel upp byggð bú og mega ekki nýta framleiðslugetu búsins að eigin ósk. Að vísu er sams konar dæmi að finna um allt í atvinnulífi okkar, þar sem framleiðslugetan og afköst atvinnutækjanna bera markaði eða náttúrlegar takmarkanir auðlinda, svo sem fiskistofna, ofurliði. Þó tel ég að betra sé að stilla framleiðslu í hóf, á hvern hátt sem gert er, en kosta til framleiðslu á vörum sem ekki finnst markaður fyrir. Því hefur hvort tveggja, kjarnfóðurgjaldið og kvótakerfið, bætt hag hjá bændum, en ekki skert hann miðað við þá kosti á móti að framleiðsla hefði orðið miklu meiri en seljanleg hefði orðið.

Ég vil rifja upp við hv. fyrirspyrjanda, að heimilt er samkv. reglugerð nr. 491 frá 30. sept. 1981, sem fjallar um innheimtu gjalds á innflutt kjarnfóður, að endurgreiða gjaldið að hluta eða öllu leyti eða fella það niður hjá bændum. Niðurfelling eða endurgreiðsla má fara fram eftir svæðum, en skal vera komin til vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu þeirrar búvöru sem skortur er á. Þetta hefur lítillega verið framkvæmt.

Að tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins hef ég heimilað að greiða bændum mánuðina nóvember til og með mars 1983 35 aura á hvern lítra innveginnar mjólkur og mjólkur sem seld er beint frá bændum til neytenda. Þessi ráðstöfun er gerð til að hvetja til aukinnar mjólkurframleiðslu þessa mánuði vegna hinna árstíðabundnu sveiflna í mjólkurframleiðslunni, sem stundum hafa gert mjólkurskort á vissum svæðum hér á höfuðborgarsvæðinu yfirvofandi þennan tíma ársins svo þyrfti með ærnum kostnaði að flytja mjólk um langa vegu.

Í 5. lið fsp. er spurt þannig: „Hvernig hefur reynslan orðið af framkvæmd „kvótakerfisins"?

Þessari spurningu svaraði ég hv. fyrirspyrjanda allítarlega í febrúarmánuði s. l. Fátt nýtt hefur komið fram á þeim mánuðum, sem síðan eru liðnir, sem breyta því svari sem þá var gefið, og of skammt er um liðið frá því að þetta fyrirkomulag var tekið upp til að hægt sé að segja fullkomna reynslu af því. Hins vegar hef ég ákveðið að fela nefnd þeirri, sem ég sagði frá áðan að ætti að kanna möguleika á svæðisbundnu framleiðsluskipulagi, að gera úttekt á þeirri reynslu sem fengin er af framkvæmd *kvótakerfisins og eftir að þeirri úttekt (Gripið fram í.)* lýkur liggja væntanlega fyrir gleggri svör um kosti og galla þessa skipulags og hugmyndir að úrbótum með fyrirkomulagsbreytingu, en auðvitað eru ýmsir gallar þessa skipulags ljósir.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. ítarleg svör. Hann gerði hér grein fyrir því, að unnið hefði verið að þessum athugunum, sem þál. fjallaði um, og er ég þakklátur fyrir það. Sérstaklega tók hann til athugunar hver áhrif það mundi hafa á verðlag ef beinu greiðslurnar væru teknar upp og bændur fengju sína peninga milliliðalaust.

Það er auðvitað alveg rétt, enda kom hæstv. ráðh. að því í lok þess kafla sinnar ræðu, að það þyrfti að hafa heilbrigðan vísitölugrundvöll til þess að þetta kæmi miklu betur út fyrir bændur og neytendur en með þeim reikningum sem núna eru framkvæmdir. Við vitum að vísitölufalsanir, ekki bara hjá núv. ríkisstj. heldur mörgum öðrum, hafa einmitt verið stórvirkastar með því að greiða niður landbúnaðarvörur og þá ákveðna þætti landbúnaðarvara vegna þess að það var alltaf greitt niður það sem neytt var fyrir 20—30 árum og eftir þeim neysluvenjum sem þá voru, en hitt skilið eftir. Þess vegna er það alveg rétt, að það er hægt að níðast miklu meira á vísitölunni með núverandi kerfi en væri unnt ef menn fengju sína peninga beint í hendur. Þess vegna er alveg laukrétt hjá hæstv. ráðh. að dæmið kæmi allt öðru vísi út þegar heilbrigður og nýr vísitölugrunnur væri út reiknaður. Ég hugsa að við séum alveg sammála um það. Það er nú einu sinni svo, að ég held að þetta kerfi vísitölufalsananna sé búið að ganga sér til húðar og ég held að hvaða stjórnvöld sem taka við að afstöðnum kosningum, sem verða, hljóti að breyta þessu kerfi og það sé ekki hægt að níðast svona á því og miða við 20—30 ára gamlar neysluvenjur og kannske vafasaman útreikning á þeim á sínum tíma.

En dæmi það sem hæstv. ráðh. nefndi að Stéttarsamband bænda hefði reiknað út samkv. minni ósk fyrir nokkrum árum, um að greiða 25% grundvallarverðsins beint til bænda upp í ákveðna bústærð, 400—500 kinda bú t. d., og síðan ekkert þar yfir, mundi geta verkað þannig að kvótakerfið væri algjörlega óþarft. Það mætti breyta þessari prósentutölu, greiða t. d. ennþá meira en þessi 25% til bænda ef offramleiðsla væri, þannig að stórbændurnir mundu draga saman sín bú, kannske niður undir þetta búmark, og síðan mætti aftur, ef framleiðsla væri kannske heldur lítil, minnka þessar greiðslur t. d. niður í 20%, því að þegar afurðirnar væru lagðar inn fengju menn einungis það sem eftir stæði, þ. e. í aðaldæminu 75%, en engum væri bannað að framleiða ef hann gæti rekið sín bú með svo hagkvæmum hætti að hann þyrfti ekki nema 75% af því sem umfram væri þetta ákveðna búmark, 400 ærgildi eða hvað það nú væri. Þá *gætum við losnað við alla þessa ofstjórn og þetta of*skipulag, sem við höfum ekki bara í landbúnaði heldur á flestum sviðum okkar þjóðlífs og nú er að sliga allt fjármálakerfi landsins. Skal ég ekki endurtaka öll þau orð sem aðstandendur þessa kerfis hafa um það haft á síðustu vikum og mánuðum. Þeir gera sér jafnljósa grein fyrir því og ég að þetta er allt að riðlast og fara út í sandinn að mestu, þó að við höfum haft eitthvert mesta góðæri hér á landinu nú í nokkur ár, — að vísu nokkur áföll á þessu ári eins og margendurtekið er. Þetta er auðvitað einn liður*inn í þeirri hreingerningu sem fram undan er og hlýtur að* koma til þegar að loknum kosningum, þegar fólk hefur fengið tækifæri til að sýna hverjum það treystir til að gera þá hreingerningu sem nauðsynleg er í okkar þjóðlífi.

En ég skal ekki fara að halda hér almenna pólitíska ræðu. Ég þakka ráðh. fyrir að málið skuli þó vera í hreyfingu. Ég átti ekki von á að neitt mikið mundi gerast í núv. ríkisstj., ekki vegna þess að ég treysti ekki hæstv. landbrh. til þess að vilja fylgja fram góðum málum heldur er stjórnarstefnan þannig og stjórnarsamstarfið að hann á ekki hægt um vik og það verður engu um breytt til hins betra. Það sígur alltaf á ógæfuhliðina.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það voru einkum ummæli hæstv. landbrh., sem hann viðhafði hér áðan, þar sem hann sagði að kjarnfóðurgjaldið hefði komið í veg fyrir framleiðsluaukningu og þannig á vissan hátt orðið til að bæta hag bændanna, komið í veg fyrir að framleidd yrði sú búvara sem ekki væri pláss fyrir á markaðnum á nothæfu verði, sem ég vildi aðeins vekja athygli á því að þessi skýring hæstv. ráðh. er ekki rétt. Kjarnfóðurgjaldið hefur ekki verkað með þessum hætti.

Fyrir þessu eru þau rök, að það hefur ekki dregið úr afurðasemi, meðalnytin hefur t. d. ekki minnkað. Í öðru lagi hefur ekki dregið úr kjarnfóðurnotkun. Ég hef nýlega farið yfir niðurstöður sem hafa verið teknar eftir búreikningum og þá kemur í ljós að kjarnfóðurnotkun hefur ekki minnkað, hvorki í sauðfjárrækt né heldur nautgriparækt. Og þriðja veigamesta staðreyndin í þessum efnum er sú, að kjarnfóður er ekki dýrara. Það kostar ekki meira miðað við afurðaverð en það hefur gert á síðasta áratug, þegar yfir það er litið.

Aftur á móti — (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka mínu máli. — verður ekki komist hjá því að vekja á því athygli að kjarnfóðurgjaldið hefur í rauninni leitt til gagnstæðra áhrifa vegna þess að það hefur verið notað til að borga hluta af landbúnaðarverðinu, sem markaðurinn hefur ekki skilað. Það hefur þannig verkað sem fölsun á útborgunarverði á landbúnaðarvörum.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að svara neinum athugasemdum frá hv. fyrirspyrjanda, enda komu aths. lítt fram í hans máli.

Hv. 11. landsk. þm. fer hins vegar hér með þær fullyrðingar, að kjarnfóðurgjaldið, sem lagt var á með brbl. í júní 1980, hafi hvorki dregið úr framleiðslu né haft áhrif á kjarnfóðurnotkun. Það hafi jafnvel haft gagnstæð áhrif. Þetta eru nokkuð einkennilegar fullyrðingar. Það er ljóst, að síðan þetta kjarnfóðurgjald var lagt á hefur tekist að halda jafnvægi í mjólkurframleiðslu, miðað við innanlandsmarkað, í þrjú ár. Ég er ekki að þakka það einvörðungu kjarnfóðurgjaldi, en víst er að kjarnfóðurgjaldið hafði veruleg áhrif í þessa átt. Kjarnfóðurinnflutningur og kjarnfóðurnotkun minnkaði á fyrsta ári eftir að gjaldið var lagt á yfir 25%. Ég er ekki með töluna nákvæmlega, en ég hygg að kjarnfóðurinnflutningur hafi verið á næsta ári áður en gjaldið var lagt á um 84 þús. tonn, en á einu ári féll hann niður í um 60. þús. tonn eða milli 25 og 30%. Fullyrðingar af þessu tagi eru því auðvitað afar sérkennilegar.

Ég ætla ekki að taka tíma til að ræða almennt um þessi mál, en það er sýnilegt að þær upplýsingar sem hv. þm. hefur fengið eru þess efnis að það þarf úr að bæta.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég held að hæstv. landbrh. þyrfti nú frekar að endurskoða sínar upplýsingar en ég. Ég sagði frá þeim gögnum sem ég vitnaði til. Vill hæstv. landbrh. endurtaka það sem hann sagði eða vill hann vefengja niðurstöður búreikninga í þessum efnum?

En gerum samanburð á málflutningi. Hæstv. landbrh. ber saman kjarnfóðurnotkun tveggja ára. Annað þessara ára, þegar kjarnfóðurnotkunin fór upp í 84 þús. tonn, eins og hann réttilega sagði, var og er eitt allra kaldasta og erfiðasta ár sem hefur gengið yfir þetta land á þessari öld. En við hliðina á því kom svo aftur eitt hið allra besta sumar og gott árferði. Skyldi það ekki hafa áhrif á hvað er notað af fóðri í þessu landi og þá sérstaklega af kjarnfóðri. Þetta ætti hæstv. landbrh. að vita, og ég veit reyndar að hann er ekki í nokkrum vafa um áhrif slíks sem þessa.

En svo það sé alveg skýrt sem ég átti við í sambandi við að kjarnfóðurgjaldið falsaði útborgunarverðið, þá er það að sjálfsögðu staðreynd og það vita allir menn, að það er ekki notað, þó að heimildirnar stefni til þess, til að stjórna landbúnaðarframleiðslunni. Það er notað til þess að færa á milli fjármagn. Það er notað til verðmiðlunar. Það er allt annað en framleiðslustjórn er.

Kvikmyndasjóður Íslands, fsp. (þskj. 40). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Hinn 11. maí 1981 skipaði hæstv. menntmrh. nefnd til að kanna leiðir til eflingar Kvikmyndasjóði Íslands. Forsaga þessarar nefndarskipunar var sú, að á 102. löggjafarþingi lagði þáv. hæstv. menntmrh., Vilmundur Gylfason, fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 14 frá 1978 um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð. Því frv. var vísað til ríkisstj. í trausti þess, að lausn fengist á fjárhagsvanda sjóðsins síðar á árinu, en í frv. þessu var lagt til að sérstök fjárhæð skyldi lögð á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og skyldi hún renna í Kvikmyndasjóð.

Í þeirri nefnd sem skipuð var 11. maí 1981 áttu sæti hv. þm. Vilmundur Gylfason, Halldór Blöndal og Guðrún Helgadóttir, tilnefnd af sínum þingflokkum, Sigmar B. Hauksson, tilnefndur af Framsfl., Þorsteinn Jónsson kvikmyndagerðarmaður, tilnefndur af Félagi kvikmyndagerðarmanna, Jón Böðvarsson, tilnefndur af fjmrn., Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur, tilnefndur af menntmrh., og skyldi hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf um vorið. Varð fljótlega um það samkomulag að nauðsynlegt væri að endurskoða frá grunni lög um Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn Íslands. Þó að lögin séu ekki eldri en frá 1978 hefur ótrúleg þróun orðið í kvikmyndagerð í landinu. Á þessum fáu árum hafa komið til landsins vel menntaðir kvikmyndagerðarmenn, sem sýnt hafa og sannað að hér í landi eru öll skilyrði til góðrar kvikmyndalistar, bæði hvað varðar faglega þekkingu og listræna getu. En kvikmyndagerð er kostnaðarsöm listgrein. Hingað til hafa menn lagt í stórfelld fjárútlát á eigin ábyrgð, með velvilja einstakra banka og jafnvel vina og vandamanna, en þannig er ekki unnt að vinna að kvikmyndagerð til lengdar.

Kvikmyndagerðarmenn verða að eiga aðgang að lánsfé, bæði til að framleiða kvikmyndir og dreifa þeim, ella er vonlaust að kvikmyndalist eigi nokkra framtíð hér í landi. Kvikmyndagerðarmenn hafa lagt á það áherslu að kvikmyndagerð geti orðið arðbær listgrein ef Kvikmyndasjóður gerir þeim kleift að vinna að list sinni. Að

því lúta tillögur nefndarinnar.

Hin þingskipaða nefnd lauk störfum haustið 1981 og hafði þá lagt af mörkum verulega vinnu við samningu draga að frv. Var þeim skilað til hæstv. menntmrh. skömmu áður en þing kom saman. Síðan hefur ekkert til þeirra spurst. Ekkert er eðlilegra en að einhverjar breytingar þurfi að gera á drögum nefndarinnar og þess skal getið, að einn nefndarmanna, hv. þm. Halldór Blöndal, skrifaði undir þau með fyrirvara. Hafa t. d. komið fram hugmyndir um að fjárframlögum til Kvikmyndasafns ríkisins verði á annan veg farið en frv. gerir ráð fyrir og menn hafa einnig ýmislegt um almenna fjármögnun sjóðsins að segja. Út í það skal ekki farið hér, enda ástæðulaust að fara að deila um efnisatriði, en það getur varla talist óeðlilegt að spurst sé fyrir um afdrif þessa frv. eða þessara frumvarpsdraga, þegar ár er liðið frá því að störfum nefndarinnar lauk.

Herra forseti. Ég hef því leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. sem liggur hér frammi á þskj. 40 og hljóðar svo:

„Hvenær má vænta að frv. til laga um Kvikmyndasjóð Íslands verði lagt fram á Alþingi?“

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er spurt hvenær vænta megi frv. um Kvikmyndasjóð Íslands. Ég skal svara þessu þannig, að ég geri ráð fyrir því að unnt verði að leggja frv. fram sem heitir Frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Ég vona að takast megi að leggja þetta frv. fram áður en mjög langt um líður.

Eins og fram kom hér hjá hv. fyrirspyrjanda var frv. undir þessu heiti samið af sérstakri nefnd sem fyrirspyrjandi tilgreindi hverjir sátu í. Því miður reyndist þetta frv. ekki ógallað þegar það var skoðað rækilega og það hefur orðið að fara nokkuð vel ofan í sumar greinar þess. Auk þess hefur frv. verið sent ýmsum aðilum til umsagnar og menn hafa haft eitt og annað út á það að setja. Síðustu umsagnir voru jafnvel að berast núna alveg síðustu daga. Þó að það sé að vísu rétt að það er rúmt ár síðan nefndin sem heild skilaði af sér — reyndar skilaði minni hl. nefndarinnar áliti löngu síðar, þegar komið var fram í mars á þessu ári, ef ég man rétt — hefur raunin orðið sú að þetta hefur tekið nokkurn tíma. Það er alls ekki vandalaust að fara með þetta mál og koma því farsællega fyrir. En ef við á annað borð flytjum frv. um þetta verður það að vera vel úr garði gert, m. a. hvað snertir framkvæmd. Þess vegna varð ekki hjá því komist að fara nokkuð vel ofan í einstakar greinar þess. Nú tel ég samt að þessari endurskoðun á frv.-drögunum sé að verða lokið. Þau hafa gengið í gegnum endurskoðun á vegum menntmrn. og reyndar fjmrn. einnig. Ég vona því að hægt verði að bera frv. fram innan skamms. Það verður ekki óbreytt að sjálfsögðu, eins og hér hlýtur að koma fram, frá því sem það var lagt fyrir mig fyrir ári eða svo, heldur hlýtur að verða á því einhver breyting. Ég fer ekki nánar út í það nú, enda varla við því að búast að við höfum hér efnislega umr. um málið. En ég vona að frv. geti séð dagsins ljós áður en langt um líður.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir að flytja þessa fsp. hér inn á hið háa Alþingi og jafnframt harma mjög þann drátt sem orðið hefur á þessu máli í menntmrn. Enginn hlutur er ógallaður þá gerður er. Í þeirri nefnd, sem hv. fyrirspyrjandi gatg um, áttu sæti fulltrúar allra þingflokka. Hefði auðvitað verið hægt — þó svo að frv. sé gallað, sem hæstv. ráðh. lýsti almennum orðum, en á auðvitað við sínar sérskoðanir, sem hann hefur fullan rétt til — þá hefði vitaskuld verið hægt að leggja frv. fram með þeim einföldu fyrirvörum. Af hverju? Vegna þess að hér kemur enn gamli ruglingurinn um það hver fer með löggjafarvaldið. Sá sem fer með löggjafarvaldið er hv. Alþingi. Þó svo að frv. hefði verið lagt fram, ef vilji ráðh. hefði staðið til slíks, þá á það eftir að fara í gegnum þrjár umferðir og ítarlega athugun væntanlega í tveimur menntmn. Ég get því ekki séð að skýringar hæstv. ráðh. fái staðist, því hann er ekki að taka löggjafarvaldið í sínar hendur vænti ég.

Við komum hér enn að hinum óskýru mörkum sem hér liggja á milli. Hlutverk hæstv. ráðh. er að framkvæma lögin en ekki að setja þau. Ef hann hefði verið hlynntur frv. eða þeirri almennu hugmynd, sem í því er, hefði hann átt að leggja frv. fyrir Alþingi. Það er Alþingi sem á að fjalla um frv. Það er Alþingi sem setur lög. Það er ekki ráðh. Sérskoðanir ráðh. eiga að koma fram í grg., sem þm. hefðu þá getað tekið tillit til, ef þeir svo kjósa. En ráðh. sem slíkur er aðeins 1/60 af löggjafarvaldinu. Þannig er uppbygging okkar stjórnkerfis. En því miður hefur þetta ekki skilist sem skyldi. Ég nefni sem dæmi enn að þingflokkarnir fengu sent frá menntmrh. nú rétt fyrir — (Forseti hringir.) augnablik, herra forseti, — nú rétt fyrir þingsetningu drög að útvarpslögum sem þeir voru beðnir að segja álit sitt á. Þetta eru ekki þinglegir mannasiðir. Auðvitað á að leggja málið fram á sínum réttu stöðum. Það er þingið sem um það á að fjalla.

Ég harma þann drátt sem orðið hefur á framlagningu frv. um Kvikmyndasjóð Íslands og ég tek skýringar hæstv. ráðh. ekki góðar og gildar. Það eru aðrar ástæður sem mér sýnast liggja að baki. Og hræddur er ég um að þær séu efnislegar og það er verra.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég læt í ljósi ánægju mína yfir því, að þess sé senn að vænta að umrætt frv. verði lagt hér fram. Ég saknaði þess satt að segja að í þeirri skrá sem hæstv. forsrh. lagði fyrir stjórnarandstöðuna fyrir skömmu var þetta frv. ekki að finna. En ég geri ráð fyrir að það hafi fallið niður fyrir vangá.

Ég get ekki tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, að ráðh. sé stætt á því að flytja sem stjórnarfrv. mál sem hann er efnislega andvígur. Ég held því að um þá leið hafi ekki verið að ræða hjá hæstv. menntmrh. Hann hafi ekki getað flutt frv. eins og nefndin skilaði því nema hann gerði það um leið að sínu máli og hefði þá orðið að biðja aðra hvora nefndina, annað hvort menntmn. Ed. eða Nd. að flytja málið. En það snertir nú ekki kjarna þessa máls.

En ég vil segja það sem mína skoðun, eins og raunar kemur fram í minnihlutaáliti sem ég skilaði vegna samningar þessa frv., að í því voru mörg álitamál sem ég taldi að þyrftu frekari skoðunar við. Ég vænti þess að frv. verði þannig úr garði gert af hendi hæstv. menntmrh. að um það náist sæmileg samstaða hér á þinginu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Aðeins örfá orð, herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær upplýsingar að væntanlegt sé að þm. fái að sjá frv. um Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Ég fagna því svo sannarlega, enda tími til kominn, því að eins og ég sagði hér í fsp. minni var öðru frv. um breytingu á lögum um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð vísað til

ríkisstj. vorið 1980 í trausti þess, að síðar á því ári yrðu einhverjar þær aðgerðir framkvæmdar sem mættu verða til eflingar þessum sjóði.

Ég hlýt þrátt fyrir þessar upplýsingar að undrast nokkuð þær aðferðir sem hér eru hafðar í frammi. Þegar þingskipuð nefnd hefur unnið drög að frv. og hlýtur að eiga allan rétt á því, sé frv. í einhverri skoðun — eða drögin — í ráðuneytinu, og þau hljóti af einhverjum ástæðum ekki náð fyrir augum hæstv. ráðh., að þau eðlilegu vinnubrögð væru viðhöfð að kalla nefndina saman að nýju og ræða við hana um það sem hæstv. ráðh. getur ekki fellt sig við.

Ég verð að upplýsa það hér að grunur minn er sá, að ráðuneytið hafi nú ekki setið þéttingsfast að störfum við að skoða þetta frv. fyrr en fsp. mín kom hér fram. Ég hef nokkuð rökstuddan grun um að hæstv. fjmrh. hafi fremur orðið til þess að ýta á eftir því að frv. liti dagsins ljós heldur en hæstv. menntmrh. Og það þykir mér nokkuð alvarlegt mál. Það getur að vísu verið heppilegt að hæstv. fjmrh. skilji vanda hæstv. menntmrh. vegna eigin setu í því rn., og er svo sem ágætt ef sú samvinna tekst, að fjmrh. sinnir menningarmálum landsins jafnvel betur en menntmrh. En heldur vil ég nú að menn annist það sem þeim er falið.

Ég held að hér sé á ferðinni mál sem á vissulega skilið að því sé sýndur fullur sómi. Fulltrúarnir, sem sátu í þessari nefnd, vilja áreiðanlega allir sjá framan í þetta frv. áður en þessu þingi lýkur. Og ýmislegt bendir nú til að þá sé rétt að fara að hafa hraðar hendur. Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðh. fyrir að tilkynna nú komu frv.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég sagðist ekki mundu hafa neinar efnislegar umr. um þetta og mun ekki gera það reyndar. En ég verð að taka það fram í sambandi við nál., sem berast rn., að ég held að það sé nú lágmarkið, ef nefndir skila af sér álitum, að þau séu þannig úr garði gerð að efni til og orðfæri og öllum búningi að það sé fært að flytja þau. Og ég verð að segja það um þetta frv., úr því að farið er að tala efnislega um þessi mál, að það er síður en svo að þetta frv. hafi verið þannig úr garði gert, að það hafi verið fært að taka við því eins og það var, því miður. Það þurfti að gera á því ýmsar breytingar áður en hægt var að leggja það fram. Þess vegna hefur það tekið svo langan tíma að koma þessu í höfn. Því miður getur það ekki orðið fyrr en eftir nokkra daga eða svo, að hægt verði að sýna frv. í nokkurn veginn sæmilegum búningi. Ef það kemur í minn hlut að flytja þetta frv., sem líklega verður nú, þá vil ég að það sé þannig úr garði gert, að ég geti raunverulega talað máli þess.

Það er engin spurning um að það er mikil þörf á því að efla Kvikmyndasjóð. Kvikmyndagerð í okkar landi hefur eflst mjög á síðustu árum og kvikmyndagerðarmenn margir hverjir hafa ótvírætt sýnt það að þeir eru vel að því komnir að fá góðan stuðning frá opinberum aðilum og þurfa á því að halda. Þess vegna er vissulega nauðsynlegt að þetta sé gert. En við verðum þó að gera frv. þannig úr garði að það sé nokkurn veginn þinglegt og sómasamlega búið og hægt sé að standa að því. Þannig hef ég verið að reyna að vinna að þessu máli. Ég varð að reyna að bæta úr ágöllum sem voru í vinnu nefndarinnar. Ég vona sem sagt að þeir ágallar verði færri og minni þegar frv. loksins kemur fram.

Að þetta mál hafi verið rætt á milli okkar ráðh., það er hverju orði sannara. Það er langt síðan þessi mál komu til umr. innan ríkisstj., og ekki síst milli okkar fjmrh. Það gerist auðvitað strax um það bil sem þetta frv. kom fram og síðar og það var alltaf meiningin að þetta frv. yrði lagt fram á þessum vetri, enda lýsti ég yfir því að svo skyldi vera. Og þó að þess hafi ekki verið getið í löngu rollunni, sem birt hefur verið í blöðum, um væntanleg frv., þá eru það auðvitað hrein mistök. Er sjálfsagt að leiðrétta það, enda hefur það þegar komið fram nú að frv. um þetta efni verður flutt. En ég vil taka það fram sem almennt efni, úr því að farið er að ræða málin á þessum grundvelli, að það er algert lágmark, þegar þingkjörnar nefndir taka sig til og semja frv. eða álit, að það sé gert sómasamlega.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég held að ég hljóti að taka upp hanskann fyrir formann nefndarinnar, sem vann drög að þessu frv., Indriða G. Þorsteinsson rithöfund. Ég efast um að hann hafi haldið að við þyrftum að skila orðréttu frv. — eða öllu heldur frv. með grg. sem hæstv. ráðh. gæti flutt orðrétt hér inn í Alþingi. Ég hygg að menn, sem ekki sitja hér innan þings, hljóti að líta á slík drög fremur sem hugmyndir til ráðh. sem tæknimenn hans í rn. síðan setja fram eins og þingið ætlast til. Mér finnst í meira lagi hæpið að ávíta hér formann nefndarinnar og nefndarmenn fyrir að hafa ekki skilað því frv. sem hægt var að nota. Vitanlega var hægt að kalla annaðhvort formann nefndarinnar eða nefndarmenn alla til viðræðna um hvort nefndin vildi fallast á einhverjar breytingar eða annað slíkt, en það er auðvitað hreint ekki frambærilegt, að rúmt ár þurfi að líða frá því að nefndin skilar sínu verki þar til hér er lofað að frv. sé væntanlegt.

Hér var talað fjálglega um að um væri að ræða „opinberan stuðning“ við kvikmyndagerðarmenn. Ég vil benda á að það er talað dálítið öðruvísi um annan opinberan stuðning hér í þinginu. Það er sýnilega mikill munur á því hvort menn vilja selja fallega listræna og vel gerða hluti eða hvort þeir vilja selja ónýtar afurðir. Þá heitir það varla opinber stuðningur lengur. Mér leiðist þess háttar tal.

Ég vil einnig benda hæstv. ráðh. á að fyrir örstuttu síðan fengu þm. lista yfir þau mál, sem hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans leggja áherslu á að verði afgreidd á þessu þingi. Frv. um Kvikmyndasjóð var ekki á þeim lista og ég tek varla mark á því héðan af að það frv. hafi átt að vera þar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Nefnd sú sem hér hefur komið til umr. og starfaði vel sumarið 1981 skilaði af sér drögum að frv. haustið 1981 eða fyrir 14 mánuðum síðan. Nefndin starfaði undir forustu Indriða G. Þorsteinssonar rithöfundar eins og hér hefur komið fram. Með því að standa hér í ræðustól á Alþingi og segja að nefndin hafi ekki unnið sómasamlega, eins og það er orðað, held ég að hæstv. menntmrh. sé að slá eitt Íslandsmetið til í sínum málflutningi og störfum í rn. Málið er auðvitað það að þessi drög voru fullfrágengin. Og hæstv. ráðh. verður að forláta þó að sá óstaðfestur grunur kunni að manni að læðast, að hér sannist það sem Einar Benediktsson sagði, að vilji er allt sem þarf, en það sé hann sem hafi skort að þessu sinni.

Ég vil svo, herra forseti, minna á að í janúar 1980 var flutt frv. um Kvikmyndasjóð. Það var ekki um kvikmyndasafn eins og hér er einnig. Það frv. var samið í

menntmrn. og gerði ráð fyrir tveimur meginreglum. Sú fyrri var að innlend kvikmyndagerð, sem er eitthvert þróttmesta sóknarafl íslenskra lista um þessar mundir, yrði fjármögnuð með skatti á erlendar kvikmyndir, sem mér finnst nú satt að segja vera nokkuð skynsamleg leið, jafnvel þótt kvikmyndahúsin kvarti yfir sköttum. Í annan stað, herra forseti, er þar gert ráð fyrir svokallaðri „sólarlagsaðferð". M. ö. o., þetta stæði ekki nema til fjögurra ára til reynslu. Þá féllu lögin úr gildi, þyrfti að endurnýja þau. Málinu var vísað til ríkisstj. Nefndin var skipuð. Hún skilaði af sér. Síðan eru liðnir 14 mánuðir. Það er, herra forseti, 10 mánuðum of mikið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Án þess að blanda mér í þá gagnrýni sem hér hefur verið lögð fram á hæstv. menntmrh. varðandi þau frumvarpsdrög, sem allt er nú fundið til foráttu eftir 14 mánaða bið í rn. við afgreiðslu þeirra, vil ég nota þetta tækifæri til að mótmæla þeirri kratísku hugmynd sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanninum, að það væri alveg sjálfsagt að leggja skatt á erlendar kvikmyndir í íslenskum kvikmyndahúsum, þótt kvikmyndahúsin kvörtuðu sáran undan of háum skatti. Hvers konar hugsunarháttur er þetta eiginlega? Það vita allir að kvikmyndahúsin eru nú rekin með bullandi tapi vegna þess að stjórnvöld hafa látið það líðast að hér hafa risið upp sjóræningjamyndbandaleigur, sem fara með ólöglegt efni og moka saman fé án þess að yfirvöld geri nokkurn skapaðan hlut í því, en kvikmyndahúsin, sem greiða háa skatta, eru rekin með bullandi tapi. Ég bendi á það jafnframt, að ágóði og skatthluti fjöldamargra kvikmyndahúsanna er notaður til góðra málefna, til framkvæmda sem verður að reyna með einhverju móti að styðja. Þess vegna mótmæli ég því að slíkar hugmyndir séu bornar á borð fyrir okkur alþm. (Gripið fram í.)

Könnun á lífríki Breiðafjarðar, fsp. (þskj. 49). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fsp. á þskj. 49 til hæstv. menntmrh. um framkvæmd á verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar. Fsp. hljóðar þannig:

„Hvað líður framkvæmd þál. um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar, sem samþykkt var á 100. löggjafarþingi, 22. mars 1979?"

Sú þál. hljóðaði þannig:

„Þingsályktun um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök."

Með þáltill., sem flutt var af hv. 2. þm. Vesturl., hæstv. núv. dóms- og kirkjumálaráðh., fylgdi ítarleg grg. þar sem upp voru talin öll þau helstu rök sem færa þurfti fyrir þessari þál. Ég vil aðeins leyfa mér, herra forseti, að grípa hér niður í grg. sem er athygli verð:

„Komið hefur fram að æskilegt væri að sett yrðu sérstök lög um friðun Breiðafjarðar, þar sem hliðsjón væri höfð af lögum um friðun Mývatnssveitar frá 1974. Var haldinn fundur í Búðardal á vegum Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða og Vesturlands, þar sem málefni þetta var rætt og nefnd sett á laggirnar til að vinna að framgangi þess. Ekki er þó talið að bráður háski vofi yfir Breiðafirði að þessu leyti. Á hinn bóginn sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir. Bent er á að lífríki fjarðarins sé mjög fjölskrúðugt og svæðið allt sérlega áhugavert. Innan vébanda þess megi telja fjörðung af strandlengju landsins. Þar séu fjöruflákar og leirur miklar, sem skipta miklu máli fyrir ýmsa fuglastofna, enda sé þar heimkynni fjölmargra fugla og dýrategunda af ýmsu tagi: Um 90% af toppskarfi og um 80% af dílaskarfi þeim sem hér er og verulegur hluti af lundastofni landsins. Þar sé að finna um 2/3 af hinum fáliðaða arnarstofni hins íslenska dýraríkis. Lífríki fjarðarins sé merkilega fjölþætt og þróttmikið. Ekki verði talin ástæða til að gera svæðið að þjóðgarði að lögum. Á hinn bóginn sé full ástæða til að vera á varðbergi, fylgjast vel með þróun mála, en nýta jafnframt gæði láðs og lagar að hóflegu og skynsamlegu marki."

Ennfremur segir í þessari grg.: „Hvammsfjörður er einn mesti fjörður landsins, 45 km á lengd og 10—12 km á breidd, en mjög misdjúpur. Margir hafa undrast að þar skuli engan fisk að fá, en fjörðurinn er lítt kannaður. Í Saurbæ við Gilsfjörð var talin besta sölvafjara landsins. Þar átti Hóladómkirkja sölvaítök meðan sölvatekja var talin til meiri háttar hlunninda."

Og ennfremur: „Ekki má gleyma í þessu sambandi að minnast örfáum orðum á Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum. Það fyrirtæki hefur átt við mikla byrjunarörðugleika að etja, en nú virðist vera að rofa til að því er kunnugir telja. Við hráefnisöflun og önnur umsvif slíkrar verksmiðju þarf að fara að öllu með gát. Er mér og tjáð," segir flm., „að forráðamenn hennar hafi sýnt fullan skilning á þessum málum."

„Búsetan er besta verndin," segja ýmsir þeir sem vernda vilja eyjarnar og umhverfi þeirra. Af þessu leiðir að reyna verður að búa sem best í haginn hjá því fólki sem enn byggir eyjarnar. Eitt af því sem sérstaklega verður að hafa í huga er að auðvelda eyjafólki að hafa samband við umheiminn. Þar kemur til athugunar að bæta samgöngur á sjó og í lofti, þar sem því verður við komið. Flóabátur verður hér eftir sem hingað til að halda uppi ferðum frá Stykkishólmi yfir Breiðafjörð um Flatey til Barðastrandar og veita eyjabúum og öðrum íbúum Breiðafjarðarbyggða þá þjónustu sem besta er unnt að láta í té með viðráðanlegum hætti. Einnig verður að auðvelda hinum fjölmörgu ferðamönnum, sem skoða vilja eyjarnar og fjörðinn, að njóta dásemda umhverfisins og komast leiðar sinnar. Hyggja verður vandlega að því á hvern hátt óbyggðar eyjar verða best verndaðar gegn hvers konar ásælni og eyðileggingu á komandi tímum."

Margt fleira mætti til nefna sem rökstuðning fyrir þessari þáltill. Ætla ég ekki að fara út í það að sinni, en ég vil gjarnan fá upplýsingar um það frá hendi stjórnvalda hvernig þetta mál stendur nú.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er spurt um hvað líði framkvæmd þál. um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar sem samþykkt var 22. mars 1979. Ég hef leitað upplýsinga hjá formanni þeirrar nefndar sem fer með þessi mál og á að gera tillögur í sambandi við þessa þál. Bréf hans liggur hér fyrir og mér þykir rétt að lesa það. Það er skrifað í Reykjavík 28. okt.

1982:

„Vegna fyrirspurnar hins háa ráðuneytis um störf nefndar, sem skipuð var til að gera tillögur um könnun og verndun lífríkis Breiðafjarðar skal eftirfarandi tekið fram:

Nefndin hefur haldið marga fundi og unnið að ýmissi gagnasöfnun og úrvinnslu milli funda. Nefndin hyggst ljúka störfum á þessum vetri.

Virðingarfyllst,
Andrés Valdimarsson,
formaður."

Ég held að þetta bréf skýri nokkurn veginn hvað hér er um að ræða. Nefndin er enn að störfum og hefur í hyggju að ljúka störfum sínum og skila tillögum á þessum vetri.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. þessi svör. Þó að þau séu ekki efnismikil, þá skýra þau þó alla vega stöðu þessa máls, sem ég tel skipta miklu máli hvernig með er farið.

Ég vil aðeins geta þess að hér er um miklu merkilegra mál að ræða en virðist í fljótu bragði, því að ljóst er að Breiðafjörður býr yfir mikilvægu lífríki, eins og kom fram í grg. með þessari þáltill. á sínum tíma, sem fágætt er hér á landi og jafnvel þó víðar væri leitað um heiminn.

Mér þykir rétt að geta þess að ég hef fylgst nokkuð með áhugaverðu framtaki áhugamanna þar vestra. Sýslumaðurinn í Búðardal, Pétur Þorsteinsson, hefur staðið fyrir því með fleiri góðum mönnum að láta gera mjög miklar rannsóknir í Hvammsfirði. Þegar liggja fyrir nokkuð miklar upplýsingar um þessar athuganir, sem sýna marga merkilega hluti. Er full ástæða til að benda á nauðsyn þess að tengja það við þá athugun sem væntanlega kemur frá nefndinni sem um þessi mál er að fjalla.

Ég vil einnig geta þess að jafnvel síðan þessi þáltill. var samþykkt á Alþingi hafa aukist mjög mikið skelfiskveiðar í Breiðafirði og jafnvel rækjuveiðar. Það er því fullkomin ástæða til að undirstrika þýðingu þess að þessi mál séu tekin föstum tökum til þess að upplýsa það hvað þessi mikli fjörður með öllum sínum óteljandi eyjum hefur að geyma.

Þess má geta hér að við sem eigum heima við Breiðafjörð bindum talsvert miklar vonir við það að nú loksins á að taka til starfa á Snæfellsnesi útibú Hafrannsóknastofnunar, sem getur haft mikla þýðingu í sambandi við rannsóknir og ýmsa þætti þessa mikilvæga máls.

Ég endurtek þakkir til ráðh., en ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. fylgi þessu máli vel eftir strax þegar skýrsla nefndarinnar liggur fyrir, sem mér finnst því miður að hafi tekið of langan tíma að koma fram.

Endurbygging Egilsstaðaflugvallar, fsp. (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Tilefni þessarar fsp. er ástand Egilsstaðaflugvallar, en það hefur valdið mönnum eystra miklum áhyggjum vegna þess hve völlurinn er geysilega mikilvægur hlekkur í samgöngukerfinu á Austurlandi, alger forsenda flugsamgangna frá Austurlandi til annarra landshluta. Völlurinn er ófullkominn malarvöllur sem þarfnast endurbyggingar og óvissa hefur ríkt um staðsetningu hans. Þessi óvissa hefur gert það að verkum, að flugvöllurinn hefur dregist aftur úr í uppbyggingu svo að óviðunandi er.

Ég vakti máls á þessu í fyrra með tillöguflutningi til þál. um uppbyggingu flugvallar á Austurlandi. Hún varð reyndar ekki útrædd hér á hv. Alþingi. Hins vegar gerðist það í sumar, að nefnd á vegum flugráðs starfaði að samanburði á flugvallarstæðum sem til greina koma, þ. e. þar sem núverandi flugvöllur er og á hinn bóginn vestan núverandi flugbrautar. Vil ég spyrja ráðh. hvað líði þessum athugunum og í framhaldi af því hvenær ákvörðunar sé að vænta um uppbyggingu vallarins.

Ég gat um hér í upphafi að menn hefðu áhyggjur af þessu máli eystra. Flugsamgöngur eru lífsnauðsynlegar fyrir Austurland vegna fjarlægðar frá öðrum landshlutum, en fjarlægðir innan Austurlands eru miklar og fjallvegir skilja byggðarlögin að. Fullkominn flugvöllur á Egilsstöðum er ekki aðeins nauðsynlegur fyrir samgöngur til annarra fjórðunga, heldur nauðsynleg kjölfesta t. d. í rekstri Flugfélags Austurlands, sem heldur uppi samgöngum í lofti innan fjórðungs. Starfsemi Flugfélags Austurlands hefur geysilega þýðingu fyrir öryggi Austfirðinga hvað varðar sjúkraflug ásamt almennum samgöngum. Flugfélag Austurlands hefur byggt upp aðstöðu sína á Egilsstaðaflugvelli og bættur völlur ásamt bættum aðflugsskilyrðum, sem mundu fylgja nýju vallarstæði, hafa ómetanlega þýðingu fyrir félagið. Þetta vil ég taka fram um leið og ég fylgi fsp. úr hlaði til að undirstrika hvað liggur að baki því að hún er borin fram.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Framtíð Egilsstaðaflugvallar hefur lengi verið á dagskrá og var m. a. rædd mikið á árunum 1973—1974, þegar fóru fram miklar rannsóknir á nýju flugvallarstæði. Það hefur einkum verið talað um þrjá staði. Það er í fyrsta lagi á Snjóholti við Eiða, í öðru lagi á núverandi stað og í þriðja lagi vestan núverandi flugvallar á bökkum Lagarfljóts. Athugunin 1973—1974 leiddi í ljós ýmsa annmarka á Snjóholti. Ekki síst af veðurfarsástæðum var þá fallið frá þeirri hugmynd, enda er Snjóholt 180 fetum eða 60 metrum hærra í landi en núverandi svæði. Í skýrslu og tillögum flugvallarnefndar frá 1976 er gert ráð fyrir uppbyggingu flugvallar á núverandi stað.

Frá þeim tíma hefur lítið gerst þar til flugráð samþykkti á fundi sínum í mars s. l. í fyrsta lagi að gerður yrði ítarlegur samanburður á aðflugi á núverandi brautarstæði og nýju brautarstæði á bökkum Lagarfljóts eða vestar og yrði m. a. veðurfar skoðað í því sambandi. Flugöryggisþjónustudeild flugmálastjóra var falið að annast þessar athuganir.

Í öðru lagi var samþykkt að fela verkfræðingunum Ólafi Pálssyni, Sveini Þórarinssyni og Gunnari Torfasyni að gera verkfræðilega úttekt og samanburð á því að endurbyggja gömlu flugbrautina eða byggja nýja vestar á flugbrautarsvæðinu. Samanburðurinn á að fela í sér grófa kostnaðaráætlun.

Í þriðja lagi var ákveðið að miða byggingu flugbrautarinnar við innanlandsflug, en gera þó ráð fyrir að flugvél á borð við Boeing 727—200 geti notað flugbrautina.

Niðurstöður af þessum rannsóknum eru væntanlegar um næstu áramót, en tekið skal fram að að þessu hefur verið unnið ötullega í sumar. Ráðgert er að halda al-

mennan kynningarfund á Egilsstöðum um málið þegar niðurstöður liggja fyrir.

Það er að sjálfsögðu varla tímabært að draga neina ályktun nú af þeirri rannsókn sem þegar hefur farið fram, en ég vil nefna að það virðist vera álíka dýrt að endurbyggja núverandi flugbraut og byggja nýja braut á bökkum Lagarfljóts. Ný braut á bökkum Lagarfljóts mundi væntanlega gefa um það bil 200 fetum lægra aðflugslágmark og beinna aðflug en núverandi flugbraut. Hins vegar gæti braut á bakka Lagarfljóts krafist þess að ráðast yrði í mjög kostnaðarsama tilfærslu á farvegi Eyvindarár nema stefnu hennar verði breytt og þá lægi hún yfir núverandi þjóðveg og inn á land, sem ekki hefur verið athugað hvort fært væri í þessu skyni, það eru því kostir og gallar við þessar tvær hugmyndir. Aðalatriðið er að niðurstöður eiga að liggja fyrir um næstu áramót og verða þá vandlega kynntar heimamönnum.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka samgrh. þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér, og ég mun ekki halda langa ræðu um þetta mál á þessu stigi. Ég vil aðeins undirstrika mjög sterklega þær óskir Austfirðinga, að málinu verði fylgt eftir og þessi samanburður liggi fyrir um áramót og ég fagna því að þessar hugmyndir séu kynntar fyrir heimamönnum, en fsp. er fram borin til að vekja athygli á hug manna eystra í þessu máli því að það er talið mjög mikilvægt þar. Ég þarf ekkert að endurtaka það sem ég sagði áðan, en ég vil þó ekki láta hjá líða að geta þess að flugsamgöngurnar eru geysimikilvægur þáttur í samgöngukerfinu eystra og Egilsstaðaflugvöllur er þar algert grundvallaratriði.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Aðeins í sambandi við þessa fsp. út frá því hvernig þetta mál hefur verið afgreitt í flugráði.

S. l. vetur komu óskir frá þeim Egilsstaðamönnum um að flugráð tæki afstöðu til staðsetningar flugvallar og fleira í sambandi við flugþjónustu á Austfjörðum. Í framhaldi af því gerði flugráð samþykkt, eins og kom fram í ræðu hæstv. samgrh., um að kjósa nefnd sem kannaði staðsetningu flugvallar á Egilsstöðum. Var gert ráð fyrir því við samþykkt þessarar ályktunar í flugráði, að sú nefnd mundi geta skilað störfum í sumar og það var ákveðið í flugráði að haldinn yrði kynningarfundur um þetta mál á Egilsstöðum, eins og reyndar kom einnig fram í ræðu samgrh., en eins og ennfremur hefur komið fram hefur þetta mál dregist allt fram á það að nú er gefið undir fótinn að lokið verði við að kanna þessi mál um áramót og þá liggi fyrir skýrsla.

Á síðasta fundi flugráðs var gerð fsp. um stöðu þessa máls. Þá kom í ljós að málið hefði dregist svo sem raun ber vitni vegna þess að ákveðin vinna, sem þurfti að vinna þar eystra, hafði ekki verið innt af hendi fyrr en svo seint að fullnaðarafgreiðsla málsins í skýrsluformi gæti ekki legið fyrir fyrr en á þessum tíma.

Ég taldi rétt að þetta kæmi fram, að það hafa ekki verið tafir í flugmálastjórn eða flugráði í þessu máli, heldur hefur að einhverju leyti staðið á verkum þar eystra, því miður.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er hreyft, er eins og fram hefur komið afskaplega mikilvægt fyrir okkur Austfirðinga alla og þó það láti lítið yfir sér hér er það engan veginn nægilega undirstrikað hvaða mikilvægi það er í rauninni sem þarna er um að ræða. Þarna er um að ræða höfn okkar Austfirðinga í tengslum við aðra landshluta.

Fjárveitingar til flugvallamála á Austurlandi voru lengi vel nokkuð litlar, voru 5.9% árið 1978, en hækkuðu í 19.8% árið 1981 og fóru í 21% á árinu 1982. Það eitt undirstrikar að ástand þessara mála var orðið í ólestri á Austurlandi, en nú er, sem betur fer, verið að ráða þar nokkra bót á.

Flugvöllurinn á Egilsstöðum þjónar þarna sérstaklega miklu hlutverki og það er miður að það skuli hafa dregist hartnær 10 ár að draga fram ákvörðun um hvar og hvernig þar skuli að málum staðið. Það er rétt, sem hæstv. samgrh. sagði, að málum var hreyft um flugvöll við Snjóholt. *Ég held að þar hafi í sjálfu sér verið að því* unnið að dreifa áhuga manna fyrir málinu og því stöndum við nú frammi fyrir því að þetta mál er í miklum ólestri.

Umferð um Egilsstaðaflugvöll er mjög mikil og það svo að við erum í röð þeirra valla sem hafa hvað mesta umferð, bæði hvað varðar flughreyfingar, farþegafjölda og vöruflutning. Varðandi vöruflutninga erum við í 3. sæti, varðandi farþegafjölda erum við í 3.-4. sæti og sömuleiðis erum við hvað fremstir hvað flughreyfingar varðar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt þó að Austfirðingarnir spyrji um flugvöllinn sinn á Egilsstöðum. Sérkennilegur flugvöllur dálítið og þó að hann sé svona langt inni í landi er hann líklega einn lægsti flugvöllur sem til er á landinu, nema kannske á Ísafirði og Siglufirði, aðeins 60 fet frá sjávarmáli eða 20 metra. Ég kannast aðeins við þær áætlanir sem voru gerðar hér um árið um flugvöll á Snjóholtinu. Hann hafði vissulega talsverða kosti, en einnig galla, sem líklega reynast meiri þegar betur er skoðað, auk þess sem hann er lengra frá Egilsstöðum, eina 5-6 km, og býður upp á ýmsa erfiðleika.

Þannig er með flugvöllinn á Egilsstöðum, að þar er orðið sæmilegt aðflugskerfi. Aðflugið er nokkuð krókótt að vísu og æskilegra væri auðvitað að hægt væri að taka upp beinna aðflug og öruggara. Ég tel að þegar menn meta þessa kosti, líklega tvo, sem helst koma til greina, að endurgera flugvöllinn sem fyrir er, sjálfsagt með talsverðum kostnaði, jarðvegsskipti og fleira, eða þá að fara á Lagarfljótsbakkana, þá yrði helsta atriðið, sem ætti að ráða því hvaða möguleiki verði valinn, auðvitað kostnaðarþátturinn, sem hlýtur að vega býsna þungt. En fyrir utan hann tel ég að aðflugsþátturinn og sérstaklega lágmörkin eigi að koma næst, þ. e. að vera í fyrstu röð þegar kostnaðinum sleppir, því að þannig er auðvitað eins og annars staðar háttað að stundum er býsna lágskýjað og erfitt að lenda t. d. á vellinum með þeim tækjum sem nú eru þarna fyrir austan, en væri líklega í allmörgum tilfellum hægt að lenda við Lagarfljótsbakkana þó að það sé erfitt núna.

En mig langar til að spyrja að lokum, herra forseti, aðeins einnar spurningar: Til hvers eru menn að velta vöngum yfir því að þarna eigi stórar þotur að geta lent? Það hlýtur að auka kostnaðinn óhóflega mikið miðað við gagnsemi.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Varðandi þá spurningu sem kom fram hjá síðasta ræðumanni: Hvers vegna

eigum við að taka mið af því að þarna geti lent þotur? Vil ég aðeins segja það að við þurfum að horfa til framtíðar hvað þetta mál varðar. Það hlýtur að koma að því að hraðfleygari vélar verði notaðar í innanlandsflugi heldur en gert hefur verið til þessa. Svo er annað í því sambandi að athuga, að við liggjum næst meginlandi Evrópu þar sem Egilsstaðaflugvöllur er, og nú orðið eru töluverðar samgöngur á milli Egilsstaðaflugvallar og Færeyja. Það er að vísu kannske ekki meginland í því sambandi. En það er líka að athuga að fyrirhugaðar eru miklar stórframkvæmdir á Austurlandi á sviði orku- og iðnaðarmála. Það hlýtur því að koma að því, að við þurfum á því að halda að hafa beinni og öruggari tengsl við umheiminn, ekki aðeins til Reykjavíkur, heldur beint út fyrir landsteinana. Og þá er ekki endilega rétt að taka mið af stórum farþegavélum, heldur líka hraðskreiðum litlum þotum, sem mjög eru notaðar orðið í flugi.

Mér þykir mjög miður sá seinagangur sem orðið hefur á rannsókn þessa máls á þessu ári. Það þýðir væntanlega það að við fáum ekki neinar úrbætur eða ákvörðun um þetta svo að af framkvæmdum geti orðið á næsta ári. Það kemur trúlega of seint til við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar. Þó skal það ekki fullyrt. En þessu máli verður að hraða. Varðandi annað, sem kom fram hér í sambandi við öryggismálin, vil ég nefna það að nýtingarhlutfall Egilsstaðaflugvallar er eitt hið hæsta allra flugvalla á landinu, um 97%. Verði ráðist í kostnaðarsamar aðgerðir við nýjan flugvöll á nýjum stað, þá efast ég um að sá kostnaður, sem því fylgir, verði réttlætanlegur, því að við vinnum vafalaust afskaplega lítið í aukinni nýtingu umfram það sem verið hefur.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég fór ekkert út í efnislegar umr. í þessu máli áðan vegna þess að tilgangurinn var að fá svarað afmarkaðri fsp. Ég get ekki stillt mig um að gera örstutta aths. og skýra sérstaklega hvers vegna við erum að sækjast eftir þotuflugvelli. Ég vil undirstrika það að okkur finnst það áríðandi mál, ekki aðeins fyrir farþegaflug á Austurlandi heldur vegna þess að sú tíð getur komið að vöruflutningar milli landa fari fram með þotum. Við erum með mikinn fiskiðnað og mikinn landbúnað á Austurlandi og ef við þyrftum að flytja kældan fisk á markað erlendis þurfum við e. t. v. að flytja hann með slíkum vélum frá Austurlandi. Þess vegna vil ég undirstrika alveg sérstaklega að við óskum mjög eindregið eftir því að þetta verði tekið inn í myndina.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vona að mér fyrirgefist þó að ég biðji um orðið í annað skipti, því að þetta er í fyrsta skipti sem ég leyfi mér að opna munninn á þessari samkomu og hef oft þurft að þegja hér í öðrum herbergjum í húsinu. Þetta eru svo sannarlega bjartsýnismenn og djarfhuga, Austfirðingar. Ætla ég ekki að gera grín að því, því að ég er dálítið tengdur Austfirðingum. En þegar menn koma hér upp og segjast vilja fá þotuflugvöll til þess að geta flutt út landbúnaðarafurðir, þá setja þeir hér um bil met. Ég veit ekki til þess að menn flytji fiskinn á milli landa nema helst í afgömlum druslum, sem ekkert kosta, því að það má ekki kosta allt of mikið að fara heimsálfanna á milli með fiskinn. Hann er nú mest fluttur með skipum. Þetta er sem sagt alveg hámark bjartsýninnar. Þessi maður ætti að fá dönsku orðuna — eða voru það peningar — út á að geta talað svona.

Ég á bágt með að trúa því að það verði svo mikil sóknin að eða frá Austfjörðum að menn þurfi að fá Boeing 727, þó ekki væri um stærri flugvélar að tefla, vegna þess að þarna er bara um 180 manna flugvél að ræða, og þó að hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson ætli sér að gera mikið í iðnaðarmálum á Austfjörðum, t. d. að reisa þar stórkostlega tapverksmiðju til þess að framleiða málm sem enginn vill kaupa, og hafi marga menn á sínum snærum og þyrfti að fara með eins og fimm starfshópa með sér austur, þá trúi ég ekki að það sé svo oft á ári að hann þurfi að hafa þotu undir þá.

Það eru auðvitað mjög gild rök að Austfirðir eru nær meginlandinu. Það munar líklega í þotuflugi svona ca. 20 mínútum. Ég held að það vegi nú ekkert hvort menn eru 20 mínútunum lengur eða skemur í loftinu á þessu strandflugi sem Evrópuflugið er, varla hægt að kalla það millilandaflug. En að það sé framtíðin í flugmálum á Íslandi að menn ætli sér að fara að miða við þá þróun að hér verði teknar upp þotur í innanlandsflugi, það er mikill misskilningur. Ég er alveg viss um að þróunin verður þveröfug, að við verðum aðallega með vélar sem þurfa stuttar brautir og geta notað þá flugvelli sem við höfum þegar, því að við höfum litla peninga til að gera stóra og dýra flugvelli. Þarna hugsa menn því í þveröfuga átt. Þegar menn eru að tala um hluti eins og flug, þá eiga þeir að keyra áfram en ekki nota bakkgírinn.

Það getur hugsast að það þurfi að senda mjög mikilvæga menn í skyndingu að kanna iðnaðarmálin fyrir austan, og þá nefndi hv. þm. litla þotu. Þær þurfa miklu ódýrari flugvelli heldur en svona stórar vöruflutningavélar með landbúnaðarvörurnar. Það þarf mismikinn styrkleika brauta eftir þunga. Ætti verkfræðingurinn að vita það og ég vona að frændi minn, sem á að fara að kanna þetta, hann Sveinn fyrir austan, þekki þetta aðeins betur.

Sameinað þing, 18. fundur.

Þriðjudaginn 16. nóv., að loknum 17. fundi.

Hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, þáltill. (þskj. 32). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Haustið 1978 var flutt hér till. um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri og samvinnu við Færeyinga og sú till. var afgreidd á Alþingi 22. des. það ár, 1978. Síðan var hert á þeirri ályktun með þál. 19. maí 1980. Þessi till. var í tengslum við aðrar hafréttartillögur, einkum og sér í lagi varðandi réttindi okkar á Jan Mayen-svæðinu.

Hv. þm. minnast þess kannske, að talsverð átök urðu hér í þingi áður en menn fóru að taka alvarlega afstöðu til Jan Mayen-málsins. Sumir álitu sýnilega að kröfugerð okkar væri óraunsæ og við ættum engin réttindi á þessu svæði, en þegar á vetur leið sannfærðust menn um að þarna væri þó eitthvað sem a. m. k. mætti um ræða og ætti ekki að skella skollaeyrunum við. Þegar kom fram í júní á árinu 1979 gerðist það, að Norðmenn voru farnir að hlusta á okkur og sendu hingað fríða sveit ráðherra og embætismanna til viðræðna við okkur. Þegar þeir sáu

hver alvara var hér á ferðum, að við ætluðum ekki að láta þá hirða öll réttindi á þessu svæði, heldur halda okkar rétti til streitu, fór fyrst að komast skriður á þessi mál, sem endaði með fullnaðarsigri okkar Íslendinga og sanngjörnum og heiðarlegum samningum við Norðmenn í mesta bróðerni, og þar voru tryggð gífurlega þýðingarmikil réttindi.

Sagan er að endurtaka sig og hefur þó tekið mun lengri tíma fyrir almenning hér og kannske stjórnmálamenn og stjórnvöld líka að átta sig á því, að við Íslendingar eigum mjög þýðingarmikil réttindi suður af landinu þar sem er hafsbotninn á Rockallsvæðinu svonefnda, þ. e. Rockallbanki og Rockall-Hatton-djúpið. Ég leyfi mér raunar að halda því fram, að samkv. hafréttarsáttmálanum og skýringum á 76. gr. hans séu réttindi okkar suður af landinu ennþá ótvíræðari en þau voru á Jan Mayen-svæðinu og þess vegna kannske enn meiri ástæða til að knýja á um úrlausnir í því efni. Við sigruðum í Jan Mayen-málinu vegna samstöðu og festu um það er lauk og líka með því að reka áróður, t. d. í norskum blöðum og fjölmiðlum, þar til menn gerðu sér grein fyrir að við ætluðum okkur að halda fast á okkar réttindum. Nú er komið að því, og þó fyrr hefði verið, að við knýjum á um réttargæslu okkar suður af landinu.

Það þarf án efa að auka þrýsting til þess að fá nágranna okkar til viðræðna við okkur og helst vildum við að sjálfsögðu ná samningum allra þeirra sem kröfugerð hafa uppi á þessu svæði. Til þess þurfum við að ná til þeirra og sýna þeim að við ætlum ekki að gefast upp. Í þessu tilefni sendum við fjórir fulltrúar stjórnmálaflokkanna á síðasta fundi Hafréttarráðstefnunnar, þ. e. auk mín þeir Benedikt Gröndal, Lúðvík Jósepsson og Þórarinn Þórarinnsson, hæstv. utanrrh., orðsendingu eða minnisblað þegar fundum lauk í New York — 30. apríl lauk þar fundi minnir mig. Við sendum þetta minnisblað fyrstu dagana í maí og með leyfi forseta vil ég hér lesa það upp. Yfirskriftin mun hafa verið „Minnisblað sent utanrrh.":

„Á síðasta degi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York, 30. apríl 1982, ræddum við undirritaðir fulltrúar stjórnmálaflokkanna við fulltrúa úr sendinefnd Dana." — Herra forseti. Ég hygg að þetta sé eitt mikilvægasta mál þingsins og ætlast til þess að þm. a. m. k. hafi hljóð á meðan það er flutt. Hér er um að ræða stórmál, réttindagæslu Íslands, eitt af mikilvægustu utanríkismálum okkar, sem er ekki sinnt af stjórnvöldum, ekki af alþm., og það er ekki hægt einu sinni að fá hljóð hér í sölum. Þessu mótmæli ég. — Ég hef lesturinn að nýju:

„Á síðasta degi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York, 30. apríl 1982, ræddum við undirritaðir fulltrúar stjórnmálaflokkanna við fulltrúa úr sendinefnd Dana um Rockall-svæðið og þau réttindi sem við teljum okkur eiga til hafsbotnsins suður af 200 mílna efnahagslögsögu Íslands. Var fundurinn haldinn í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna og stóð hálfan annan klukkutíma.

Færeyingurinn Daníel Nordsö hafði aðallega orðið af hálfu viðmælanda okkar. Ræddi hann af mikilli þekkingu um málið og hafði meðferðis gnægð gagna til stuðnings máli sínu. Að meginefni til falla skoðanir hans og okkar varðandi réttindi Íra og Breta á þessu svæði saman, þ. e. að málstaður Íra sé veikastur þeirra fjögurra þjóða sem tilkall gera til hafsbotnsins vestur af Rokknum, þar næst málstaður Breta, en Nordsö telur að Danir fyrir hönd Færeyinga hafi sterkasta stöðu. Var farið ítarlega yfir rökstuðning Íslendinga, m. a. í alþingisályktunum, og rætt um grein, sem Eyjólfur Konráð Jónsson hefur ritað um málið í Morgunblaðið. Bar Daníel Nordsö fram nokkrar fyrirspurnir, sem hann fékk svör við. Grein Eyjólfs var afhent dönsku sendinefndinni í enskri þýðingu, en áður hafði Hans G. Andersen afhent hana írsku og bresku sendinefndinni og óskað gagnraka þeirra ef einhver væru.

Hans kom nokkru síðar á fundinn, en hann hafði verið bundinn við sáttastörf ellefu manna nefndarinnar svokölluðu. Var þá farið yfir meginefni málsins að nýju og þegar ljóst var orðið að sjónarmið og hagsmunir Færeyinga fara mjög vel saman við ályktanir Alþingis varpaði Lúðvík Jósepsson fram þeirri hugmynd að sett yrði á fót samstarfsnefnd Íslendinga og Dana (Færeyinga) til að gæta sameiginlegra hagsmuna þjóðanna og skoða málin út í hörgul. Var þeirri hugmynd vel tekið og er það sameiginlegt álit okkar að utanrrn. eigi nú þegar að eiga frumkvæðið að því að fylgja þessari till. eftir á grundvelli ítrekaðra ályktana Alþingis.

Þótt við teljum réttindi Íslendinga og Færeyinga til hafsbotnsins vestur af Rokknum meiri en Breta og Íra teljum við þó eðlilegt að starfað verði áfram samkvæmt ályktunum Alþingis og rætt við Breta og Íra, að svo miklu leyti sem þeir vilja við okkur ræða, í þeim tilgangi að ná samstöðu þjóðanna fjögurra, því að harðvítugar deilur gætu leitt til þess að enginn fengi kröfum sínum framgengt og svæðið yrði alþjóðlegt. Þá mundum við lítil sem engin áhrif hafa á hagnýtingu þess og gætum t. d. ekki hindrað þar jarðrask í framtíðinni, sem stofnað gæti lífríki í hættu, en talsverðar líkur eru taldar á að jarðgas og olía gætu verið á þessu svæði, því að þess er einnig að gæta að allar lífverur á botninum, sem aðeins hreyfast með snertingu við hann, þ. e. öll skel- og krabbadýr, tilheyra honum samkv. hafréttarsáttmálanum og vafalítið að slík auðæfi er þar að finna og sjávardýpi er í dag lítið.

Reykjavík í maí 1982.

Benedikt Gröndal,
Eyjólfur Konráð Jónsson,
Lúðvík Jósepsson,
Þórarinn Þórarinsson."

Síðan þetta minnisblað var sent hæstv. utanrrh. mun nokkuð hafa verið unnið að málinu og á ég von á að hann gefi okkur skýrslu um það hér á eftir, að svo miklu leyti sem það samrýmist íslenskum hagsmunum að geta opinberlega um það sem í þessum málum er að gerast. En ég ítreka það, og er þá ekki með ádeilur á neinn einstakan eða einstaka, að þrýstingur á þetta mál hefur á undangengnum árum ekki verið nægilega mikill og við höfum ekki staðið nægilega vel í ístaðinu, því að réttindi okkar samkv. hafréttarsáttmálanum á þessu svæði eru, eins og ég áðan sagði, ótvíræðari og kannske miklu mikilvægari en réttindi okkar á Jan Mayen-svæðinu og þar unnum við sigur, og því skyldum við ekki getað sigrað í þessu máli?

Það er rétt, að Írar hafa neitað því að taka upp formlegar viðræður við okkur Íslendinga um einhvers konar sameign og samnýtingu þessa svæðis. Að mínu mati er ekkert við því að segja. Þeir mega gjarnan vera utan við þær samningaviðræður vegna þess að þeirra málstaður er

án efa langverstur. Ég held að þeirra samningamenn og sérfræðingar á Hafréttarráðstefnu hafi hlaupið á sig. Þeir hafi ekki gætt réttinda Íra með orðalagi á 76. gr. sem skyldi og hafi nú gert sér grein fyrir því að þeirra réttur er lítill. Þess vegna vilja þeir eingöngu reyna að ná samkomulagi við Breta og útiloka okkur Íslendinga og Færeyinga, sem eigum þarna ótvíræðan rétt og meiri og sterkari en Bretar og Írar. En engu að síður er það samdóma álit okkar, sem setið höfum fundi Hafréttarráðstefnu af hálfu stjórnmálaflokkanna, að það eigi að reyna samninga við allar þrjár þjóðirnar og þessar fjórar þjóðir eigi allar að reyna að ná samkomulagi í fyrsta umgangi a. m. k. Ef Bretar kynnu nú líka að vilja vera utan við umr. gagnstætt því sem þeir samþykktu í fyrra, að taka upp formlegar viðræður — það var formlegur viðræðufundur í Genf með Bretum í ágústmánuði í fyrra — hljótum við að grípa til annarra ráða. En ég vona að til þess komi ekki að Bretar dragi að sér hendina því að vissulega eiga þeir líka mjög mikilla hagsmuna að gæta og gætu útilokast ef Íslendingar og Færeyingar tækju einir höndum saman.

Það er kannske rétt að rifja hér upp efni þáltill., sem samþ. var hér á hinu háa Alþingi 19. maí 1980 einróma, og með leyfi forseta ætla ég að hlaupa yfir hana. Hún er ekki ýkjalöng. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að fylgja fast eftir, á grundvelli tillögu þeirrar sem afgreidd var á Alþingi hinn 22. des. 1978, kröfum um hafsbotnsréttindi sunnan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, að því marki sem þjóðréttarreglur frekast leyfa, og efna í því sambandi hið allra fyrsta til viðræðna við aðrar þjóðir sem gert hafa kröfur á þessu svæði.

Jafnframt er mótmælt hvers kyns tilraunum Breta og Íra til að taka sér réttindi vestan svonefnds Rockalltrogs, utan 200 mílna þeirra, þar á meðal á Hattonbanka, enda mæla jarðfræðileg og önnur rök eindregið gegn slíku og er þarna um að ræða svæði sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér.

Alþingi lýsir yfir að það telur fyrir sitt leyti unnt að leysa mál varðandi yfirráðarétt þessa hafsbotnssvæðis milli Íslendinga og Færeyinga, annaðhvort með sameiginlegum yfirráðum eða skiptingu svæðisins.

Er ríkisstj. heimilað að semja um, að gerðardómur ákveði skiptingu svæðisins milli Íslendinga og Færeyinga, ef Færeyingar æskja þess" og lýkur þessari ályktun.

Eins og niðurlagsorð hennar bera með sér er í rauninni lagt í hendur Færeyinga hvort þeir vilja láta gerðardóm skera úr um skiptingu svæðisins milli Íslands og Færeyja, þegar við sameiginlega höfum heimt þessi réttindi okkar, og það verður víst ekki annað sagt en að þar sýnum við fullan drengskap og sanngirni í garð frændþjóðar okkar. Þeim mun einkennilegra er það, að ekki skuli hafa tekist að fá þá til frekari viðræðna en þegar hafa átt sér stað. Raunar fóru íslenskir embættismenn til Færeyja á sínum tíma og fengu þar góðar undirtektir og sama má segja um viðræður okkar, fulltrúa stjórnmálaflokkanna, við suma af embættismönnum Dana og Færeyinga á Hafréttarráðstefnu. Og þegar þessi fundur var í Færeyjum, sem ég nefndi, sem ég man að Ólafur Egilsson, sem þá var deildarstjóri í utanrrn., sótti, þá miðaði málum þó áfram.

En ef svo kynni að fara, sem ég trúi ekki, að Færeyingar eða Danir fyrir þeirra hönd tækju ekki upp mjög eindregnar og ákveðnar viðræður við okkur, þegar við sýnum nægilega mikla festu og Alþingi sinnir þessum málum meira og betur en það hefur gert, þá er að taka því. Ef Færeyingum dettur í hug sú einkennilega afstaða að vilja ekki taka í okkar framréttu hendi, þegar við viljum reyna að sigra með þeim og tryggja þessum tveim þjóðum veruleg réttindi og helst öll á þessu svæði, en leyfa þeim síðan að skera úr um það fyrir alþjóðadómi hvort svo kunni að vera að réttindi þeirra séu meiri en okkar, sem þeir sumir halda fram, þar sem þeir telja jafnvel að þetta sokkna land nái inn undir Færeyjar og þeir hafi þess vegna jarðfræðileg sönnunargögn fyrir meiri rétti en við Íslendingar höfum, — ef þeir ekki vilja þiggja þessa hjálp okkar er auðvitað ekkert fyrir okkur Íslendinga að gera annað en grípa til einhliða aðgerða og helga okkur þá eftir þeim reglum sem gilda í 76. gr. hafréttarsáttmálans þau réttindi sem okkur standa næst, þ. e. allan Phantombankann og a. m. k. að miðlínu við Færeyjar. Þar er auðvitað um mjög stórt og væntanlega auðugt svæði að ræða, því að þetta er ævafornt meginland, sem þarna er sokkið, með setlögum o. s. frv.

En aðgerðirnar, sem þyrfti þá að grípa til, eru eins og ég sagði nefndar í 76. gr. hafréttarsáttmálans. Þar er það tekið fram í 7. tölulið að strandríki ákveði sjálft ytri mörk landgrunns síns, en auðvitað eru settar ákveðnar reglur um hvernig þessi mörk skuli ákveðin, og í 8. og 9. tölul. er skylt að senda upplýsingar til sérstakrar nefndar hjá Sameinuðu þjóðunum, sem fjallar um ytri mörk landgrunnsins, og síðan að senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna nákvæm kort og allar upplýsingar sem óskað er eftir um þessar athafnir, en þá þarf strandríkið sjálft að gera reka að því að heimta þessi réttindi. Það fær þau ekki með sinnuleysi og meira að segja glatar rétti ef aðrir vinna á tíma, ef þeir ná nokkurs konar hefðarhaldi, eins og Bretar og Írar eru nú að reyna með því að hafa sín á milli gerðardóm sem fjallar um landsvæði, ekki land að vísu, hafsvæði skulum við segja, sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér og geta fært að rök að þeir hafi á miklu meiri réttindi. Þessi rök, þau helstu sem við Íslendigar tínum til, eru í grg. með þessari þáltill. og skal ég ekki tefja þm. með því að rekja þau frekar, þá fáu sem láta svo lítið að hugsa um eða hlýða á málflutning í þessu langstærsta máli þessa þings. Ég vil segja að þrátt fyrir allt volæðið og erfiðleikana í efnahagsmálum og slíkt er þetta framtíðarmál miklu mikilvægara en það sem rifist er um frá viku til viku. Og það nálgast sviksemi, svo að ekki sé notað stærra orð, ef við þm. ekki tökum þetta mál alvarlegri tökum en hingað til hefur verið gert.

Ég ætla ekki að rekja þessi rök frekar. Ég held að hver og einn sem þau les geri sér grein fyrir hve sterk þau eru. Það er enginn vafi á að bæði Bretar og Írar gera sér grein fyrir að við eigum þarna rök að mæla. Raunar er breskur prófessor við háskólann í Wales sem þegar árið 1978 skrifaði mjög merka grein um þetta mál og segir að Írar hafi þarna varla nokkur réttindi og vafasamt að Bretar hafi það, sem ætla að teygja sig þarna eftir örmjóum úthafshrygg út á þetta svæði — hrygg sem Thomson-hryggur nefnist. Allt er þetta í grg. í eins stuttu máli og hægt er að koma því fyrir.

Ég vonast til þess að hæstv. utanrrh. svari því hér á eftir, hvort aðgerðir, sem nauðsynlegar eru samkv. 8. tölul. og raunar líka 9. tölul. 76. gr. til þess að tryggja okkar réttindi, hafa frumkvæði að því sjálfir, hafi verið undirbúnar. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið, en vonast þó til að einhver slíkur undirbúningur hafi

farið fram. Eins og kunnugt er eigum við einn besta þjóðréttarfræðing veraldarinnar, Hans G. Andersen, sem okkar embættismann og það var einmitt hann sem sótti þennan fyrsta formlega fund með Bretum í ágústmánuði á s. l. ári. Ég vænti þess að hans starfskraftar og gífurlega þekking og virðing, sem hann nýtur, verði nýtt og jafnvel þó þyrfti þá að létta af honum öðrum störfum, því að vissulega er hann störfum hlaðinn maður.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Það er hægt fyrir hvern og einn sem nennir að kynna sér þetta mál og ég vona að þeim fari fjölgandi, eins og gerðist í Jan Mayen-málinu, og þó að það hafi nú dregist í fjögur ár að fá menn til að taka þetta föstum tökum gerist það nú von bráðar, alveg eins og það gerðist þó að lokum í Jan Mayen-málinu með þeim alkunna sigri og sáttargerð sem við fengum við Norðmenn, þar sem við í rauninni eigum helmingsréttindi á öllu svæðinu, bæði til fiskveiða og fiskverndar, og meira að segja meiri rétt að því er t. d. loðnustofninn varðar, þar sem við getum einir ákveðið aflahámarkið. Ég vil túlka öll ákvæði þess samnings þannig, að varðandi öll lífræn auðæfi á svæðinu eigum við sama rétt og Norðmenn og engu minni. Það leiðir af réttum lögskýringum og við megum ekki halda neinu öðru fram, og að því er hafsbotninn varðar eigum við helmingsréttindi á því svæði þar sem einhverjar líkur eru til að um auðæfi geti verið að ræða í jörð niðri.

Í till. er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi með hlutbundinni kosningu fimm menn sem starfi með ríkisstj. að framgangi málsins. Menn hafa spurt mig að því, hvort í þessu fælist ekki einhvers konar vantraust á ríkisstj. eða utanrmn. Það er auðvitað alls ekki. Þetta er nákvæmlega það sama og gerðist í Jan Mayen-málinu. Þá var að vísu svo, að þingflokkar tilnefndu hver sinn mann í landhelgisnefnd, sem kölluð var, til að vera ríkisstj. til aðstoðar og til að tryggja fulla samstöðu innanlands. Ég hygg að einmitt sá háttur hafi valdið því að það tókst að vekja áhuga almennings, bæði hér og reyndar í Noregi líka, fyrir því máli og vinna þá sigra sem unnust. Ég get vel hugsað mér að sama leið verði farin, að þingflokkarnir tilnefni einn mann hver, en eðlilegast taldi ég, úr því að um þingmál var að ræða, að þessir menn yrðu kosnir hlutbundinni kosningu.

En hvað sem um það er verður að taka þetta mál fastari tökum. Og það eru ekki eingöngu embættismenn utanrrn. sem það eiga að gera. Það eiga stjórnmálamenn að gera. Það eru þeir sem bera ábyrgðina. Það eru þeir sem eru kjörnir til þess að fylgja fram íslenskum málstað. Og það eru þeir sem svíkja íslenskan málstað ef þeir ekki fylgja þessu máli fram með allt öðrum drengilegri og kröftugri hætti en hingað til hefur gerst. Ég vil engan einstakan ásaka, eins og ég sagði áðan. Ég vænti hins vegar, að við berum gæfu til þess nú alveg á næstunni að taka a. m. k. höndum saman um eitt mál og það er þetta mál. Þarna er um að ræða sokkið land, sem er stærra en Ísland, og við eigum þar veruleg réttindi. Það veit enginn hvaða auðæfi þarna eru í jörðu. Jafnvel þó að þau væru engin eigum við að tryggja þarna réttindi til að koma í veg fyrir að einhverjir óviðkomandi fari þarna að stunda jarðrask og einhverskonar athafnir, sem gætu stofnað okkar lífríki í hættu. Það eru svik okkar núv. alþm. við þjóðina og komandi tíma, ef við ekki fylgjum þessu máli fram og það fast og fljótt.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um að ræða stórt mál. Eftir að samningar hafa náðst um Jan Mayen-svæðið verða þau tvö landgrunnsvæðin sem við Íslendingar getum átt réttindatilkall til. Það er hið svokallaða Rockall-svæði og það er Reykjaneshryggurinn.

Að því er varðar Rockall-svæðið, þá eru það fjögur ríki eða fjórar þjóðir sem gera kröfur til réttinda þar. Það er Ísland, það er Danmörk fyrir hönd Færeyinga skulum við segja, það er Bretland og það er Írland.

Ég vil nota þetta tækifæri til að gera grein fyrir því hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af Íslands hálfu til að reyna að tryggja rétt okkar til þessa svæðis eða treysta okkar réttarkröfur til þess svæðis.

Hv. flm. gerði grein fyrir þeim viðræðum sem tvívegis hafa farið fram á milli fulltrúa á hafréttarráðstefnunni að því er varðar Breta og Íslendinga og Dani, fyrst í New York og síðan í Genf. Ég skal ekki fara nánar út í að tala um þá fundi af því að hv. flm. gerði grein fyrir þeim og las upp minnisblað með frásögn um fundinn í New York. En ef ég vík fyrst að Bretum og Írum, þá var það svo, að af utanrrn. var skrifað bréf til þeirra beggja, Breta og Íra, og óskað eftir því að þeir tækju upp viðræður við Íslendinga um þessi mál. Frá Bretum barst jákvætt svar, sem fól það í sér að þeir væru reiðubúnir til viðræðna um málið. Frá Írlandi barst hins vegar neikvætt svar, að þeir væru ekki á þessu stigi reiðubúnir til beinna viðræðna um málið.

Þegar forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Bretlands á s. l. vetri tók ég í framhaldi af þessum bréfaskiftum upp viðræður við þáv. utanrrh. Breta, Lord Carrington, um þessi mál og það fóru þar fram viðræður um þetta mál í fullri vinsemd. Niðurstaðan varð sú, að samkomulag varð um að setja á því stigi sérfræðinga í að kanna þetta mál, bæði út frá þjóðréttarlegu sjónarmiði, jarðfræðilegu sjónarmiði og landfræðilegu, og fela þeim að gera skýrslu um málið.

Í framhaldi af því samkomulagi fór svo Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur í utanrrn. til Bretlands og átti fund með starfsbróður sínum í breska utanrrn. 9. júlí s. l. Ég vil ekki fara út í þær viðræður nánar á þessum vettvangi, en það varð niðurstaðan að slíkum viðræðum skyldi haldið áfram og unnið að málinu á þeim grundvelli sem samkomulag hafði orðið um í viðræðum á milli okkar Lord Carringtons. Það var að vísu sá hængur á í sambandi við þennan fund við Breta, að sá maður, sem hafði farið með þessi mál í breska utanrrn. og sat þennan fund með Guðmundi Eiríkssyni, var þá innan skamms að hverfa frá sínu starfi og taka við starfi við Sameinuðu þjóðirnar. En nú einmitt í þessum mánuði fór Guðmundur Eiríksson aftur til Bretlands og átti þá fund 4. og 5. nóvember með starfsbróður sínum í utanrrn. breska, þeim manni sem tekið hafði nú við því starfi, David Andersen, og sem áður hafði starfað að þessum málum á vegum Sameinuðu þjóðanna eða hjá sendinefnd Breta þar og var þessum málum kunnugur. Þessar viðræður fóru fram í vinsemd og það var rætt um þau atriði sem þyrfti að taka upp í þá skýrslu sem þeir ætla að gera um málið. Það er gert ráð fyrir að þeir hittist svo síðar, og væntanlega áður en langur tími líður, og það sé unnið að því að gera skýrslu um málið.

Um Íra er hins vegar það að segja, að eins og ég drap á áðan neituðu þeir að taka upp viðræður og þess vegna hafa ekki formlegar viðræður átt sér stað við þá. Hins

vegar var haldinn óformlegur fundur með Guðmundi Eiríkssyni og þjóðréttarfræðingi írska utanrrn. einmitt í ferðinni sem Guðmundur fór til Bretlands í hið fyrra skipið, en vitaskuld var það sem þar fór fram án allra skuldbindinga þar sem það lá fyrir að formlega höfðu Írar neitað að taka þátt í viðræðum. Eigi að síður tel ég það feng að komist hafi á þetta samband og orðið viðræður á milli þjóðréttarfræðinganna um þessi mál. Í síðari förinni, sem farin var í þessum mánuði, átti Guðmundur aftur fund með þessum þjóðréttarfræðingi. Það er kannske ekki rétta orðið að kalla það fund af því að þetta eru alveg óformlegar viðræður og án allra skuldbindinga af Íra hálfu eins og málið er í pottinn búið. En hann ræddi aftur við þennan þjóðréttarfræðing, Skinner í írska utanrrn., og þá ásamt jarðfræðingi. Ég álít að þessar viðræður, þó alveg óformlegar séu og með þessum annmarka, sem ég sagði, að þetta eru bara embættismennirnir sem þar ræðast við án þess að hafa til þess umboð og gera það í vissum trúnaði, hafi verið til gagns og skýrt viðhorf hvors aðila fyrir sig.

Það sem Írar setja fyrir sig í þessu efni er það, að það hefur verið samið um gerðardóm á milli Bretlands og Írlands um þessa deilu. Allt er það þó nokkuð í lausu lofti enn þá og t. d. hefur ekki verið gert samkomulag enn um hvernig gerðardómurinn skuli skipaður. En gert er ráð fyrir að það verði eitthvað farið að huga meira að því máli einmitt í þessum mánuði eða á næstunni. Og meðan málin standa þannig og Írar eru með þennan gerðardóm í huganum gagnvart Bretlandi, þá er það eins og það sé í þeirra huga þröskuldur fyrir því að taka upp formlegar viðræður við okkur um þetta efni og það jafnt fyrir það þó að auðvitað sé augljóst mál að gerðardómur á milli þessara tveggja aðila getur ekki bundið þriðja aðila. — Þetta var nú um Breta og Íra að segja.

Um Dani er það hins vegar að segja, að það var sett fram þessi ósk á fundi, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði grein fyrir áðan, með dönsku sendinefndinni eða fulltrúa hennar, Nordsø, í New York, að það væri sett niður sameiginleg nefnd Íslendinga og Dana vegna Færeyinga til að fjalla um málið. Í framhaldi af þessari málaleitan, sem þarna var sett fram, var það svo, að þegar Anker Jørgensen þáv. forsrh. Danmerkur kom hingað í opinbera heimsókn í sumar tók ég þetta mál upp í viðræðum við hann og gerði það þá fyrst og fremst að minni tillögu að sett yrði niður slík samstarfsnefnd. Danski forsrh. kannaðist við málið, en auðsætt var að það gætti þegar tregðu hjá honum um það að setja niður svona formlega samstarfsnefnd í málinu og taldi hann slíkt ekki tímabært. Hann lofaði hins vegar að taka málið upp, þegar hann kæmi heim, í dönsku ríkisstjórninni og sömuleiðis gerði ráð fyrir því að ég mundi ræða við þáv. utanrrh. Danmerkur, sem gert var ráð fyrir að ég hitti þá innan skamms. Hvort tveggja gekk þetta eftir þó að það væri að vísu mjög skammt þá í það að sú stjórn hyrfi frá völdum í Danmörku. En það varð niðurstaðan, að Danir voru reiðubúnir að setjast niður og kanna málið með svipuðum hætti og gert hafði verið við Breta, að setja sérfræðinga í málið og kanna ýmsa þætti þess og gera um það greinargerð. Þó að ný stjórn kæmi til valda í Danmörku breyttist þetta viðhorf ekki. Það varð svo, að hinn 15. okt. komu hingað tveir Danir, þ. e. forstöðumaður réttardeildar danska utanrrn. og aðstoðarmaður með honum, og hitti ég þá að sjálfsögðu að máli. Þeir áttu svo fund með Guðmundi Eiríkssyni og Guðmundi Pálmasyni, sem unnið hefur einnig að þessum málum, og það varð niðurstaðan af þeim fundi, — það voru auðvitað rædd þar ýmis atriði sem ég fer ekki heldur út í að ræða hér og mun ekki gera að umræðuefni opinberlega á þessu stigi, — en það varð niðurstaða hans að þeir skyldu hittast aftur. Og það varð svo. Í þessum mánuði, 9. þ. m., átti Guðmundur Eiríksson fund með þessum sömu aðilum í Kaupmannahöfn og þar voru málin rædd enn rækilegar og útskýrð.

Ég verð að segja það, án þess að ég vilji nokkuð láta uppi um efni þeirra viðræðna, að eftir þann fund er ég heldur bjartsýnni á að það hafi tekist að eyða vissum misskilningi, sem mér virðist að Danir hafi verið haldnir og kannske Færeyingar þá líka, um að við legðum eingöngu áherslu á að koma fram okkar rétti, en hirtum ekki um rétt Færeyinga. Ég held að það hafi kannske tekist að koma inn skilning um það einmitt í samræmi við ályktun Alþingis á sínum tíma og umr., sem þá fóru fram um það efni, að það væri fyrst og fremst áhugi Íslendinga að ná saman við Dani og Færeyinga í þessum efnum og að það gæti skapast samstaða á milli þeirra aðila í sókn þessa máls, en við værum reiðubúnir að viðurkenna rétt Færeyinga, ef það kæmi fram að hann reyndist vera meiri og betri en okkar Íslendinga í þessu sambandi. Ég er sem sagt öllu vonbetri að því er þetta atriði varðar eftir þennan fund í Kaupmannahöfn. Það var ákveðið að framhald yrði á þessum viðræðum.

Hér er að sjálfsögðu ekki um neinar samningaviðræður að tefla, heldur könnunarviðræður og í þeim tilgangi að skýra málin og gera ljósari vissar undirstöður sem þurfa að vera fyrir hendi áður en menn geta tekið ákvarðanir á skynsamlegum grundvelli, því auðvitað er það ekki nóg að við séum alveg sannfærðir um okkar rétt, heldur þarf fleira til að koma og það verður að hafa í huga. Jafnframt vil ég geta þess að Hans G. Andersen, sem hefur tekið þátt í þessum viðræðum varðandi sendinefnd Bretanna á hafréttarnefndarfundunum og sem er auðvitað reyndur og þekktur þjóðréttarfræðingur, hefur verið falið að gera greinargerð um rétt Íslands á Rockallsvæðinu. Ég vænti þess að sú greinargerð muni koma áður en langur tími líður.

Eins og ég sagði er hér ekki um samningaviðræður að tefla og þess vegna ekkert um það að ræða að það fáist niðurstaða í þeim á þá lund að Íslendingar fái viðurkenndan rétt í þeim. Þar á eftir. Þegar þessi gögn og skýrslur liggja fyrir, sem hér er verið að reyna að ná saman, verða það auðvitað samningamál með öðrum hætti sem koma til greina, ef menn fást þá til þess að setjast að samningaborði. Þá er auðvitað eðlilegt að pólitískir aðilar komi þar til ráðuneytis eða til þess að taka þátt í slíkum samningaviðræðum, ef til kemur. Að því leyti til hef ég síður en svo nokkuð við það að athuga að Alþingi kjósi nefnd til að starfa með ríkisstj. að framgangi þessa máls. Hitt getur verið spurning og verður sjálfsagt athugað nánar í þeirri nefnd, — það er vafalaust utanrmn. er það ekki, — sem till. átti að fara til, hvenær það sé tímabært að setja niður slíka nefnd og þá með hvaða hætti.

Ég hef hér stuttlega gert grein fyrir því hvernig hefur verið unnið að þessu máli af hálfu utanrrn., hvernig sem með málið verður farið síðar, hvort sem hægt verður að fá aðila til þess að setjast að samningaborði eða settur yrði niður gerðardómur til að fjalla um það. Ef menn gætu komið sér saman um það álít ég þennan undirbún-

ing og þá gagnasöfnun, sem hér hefur verið reynt að vinna að, alveg óhjákvæmilegan og nauðsynlegan undirbúning undir frekari meðferð málsins.

Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að framfylgja hugsanlegum rétti okkar til þessa svæðis. Ég segi „hugsanlegum" af því að ég vil ekki vera með neinar fullyrðingar á þessi stigi, en þeim rétti eigi að framfylgja af fullri festu. Á hinn bóginn getur það verið álitamál, hvernig að því skuli nánar staðið, og það getur í því sambandi e. t. v. þurft að sýna nokkra þolinmæði.

Í þessari ályktunartill. er gert ráð fyrir að Alþingi feli ríkisstj. að láta nú þegar á það reyna hvort samkomulag geti náðst við Færeyinga um sameiginlega réttargæslu á Rockall-svæðinu. Þetta þarf nú þegar e. t. v. athugunar við og einmitt í ljósi þess sem ég hef rakið varðandi undirbúning þessa máls. Það verður að sjálfsögðu líka athugað í utanrmn., sem fær málið til meðferðar, og ég skal ekki tefja tímann með því að ræða nánar um það. En það var kannske okkar styrkur líka í Jan Mayen-málinu að það var undirbúið þannig að hægt var að festa hönd á vissum rökum sem hægt var að bera fram. Það er ákaflega þýðingarmikið í svona máli, að mínum dómi, að það séu ekki teknar ákvarðanir sem gætu kannske knúið fram alveg neikvæð svör, heldur getur þurft að beita þarna nokkurri lipurð samfara festu. Ég vil segja það sem mína skoðun, að í svona stórmáli, sem hér er um að tefla, varðar það meira máli eða varðar jafnvel mestu að það gangi, eins og segir í gömlum málshætti að ég held, að nógu fljótt skilar ef vel skilar. Það er höfuðatriðið í þessu máli að haldið sé þannig á því að að lokum verðum við sigursælir.

Eins og ég hef tekið fram get ég náttúrlega ekki á þessum vettvangi farið út í að rekja það sem komið hefur fram í þessum viðræðum, en auðvitað er það svo, að viðræðuaðilar okkar líta öðrum augum á málið en við og telja sýnilega ýmis rök sem þeir benda á haldbær.

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að þessi till. fari í nefnd og sé þar athuguð og ég er algerlega sammála þeim anda sem í henni felst, en með fyrirvara um viss atriði sem þyrfti að athuga nánar í n. En ég tek vissulega undir það með hv. flm. að hér er um stórmál að tefla. Og það skiptir ekki höfuðmáli hvort við náum okkar máli fram í ár eða á næsta ári, heldur hitt, að við náum því fram sem við getum að athuguðu máli talið okkar rökstuddan rétt í því. Þá getum við sagt, sjálfsagt með fullum rétti: Við skulum spyrja að leikslokum, en ekki að vopnaviðskiptum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef líklega ekki burði til að ræða efnislega mikið um þetta mál, en ég lýsi yfir ánægju minni með að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson dregur þetta mál fram. Hann hefur lengi sýnt mikinn áhuga á því og einnig öðrum réttindamálum Íslendinga út á við, Jan Mayen-máli, landhelgismáli og fleirum, og lagt sig mjög fram um að kynna sér þessi málefni rækilega. Ég verð að viðurkenna að í þessu efni hef ég ekki þekkingu við að styðjast, því miður, og er skömm frá að segja, en strax verður maður nokkru fróðari með því að lesa grg. með þáltill. og rifja þá það upp sem maður hefur heyrt um þessa hluti áður.

Hér eru allmargir flm. Ég verð að segja það, eins og hv. 1. flm. leggur mikla áherslu á hversu mikilvægt þetta mál sé, að ég hefði talið að málið fengi kannske meiri þunga á bak við till. ef hv. 1. flm. hefði tekið með sér menn úr öðrum þingflokkum en Sjálfstfl., því það veit hann að þar eru mjög duglegir menn og áhugasamir í þessum efnum og meira að segja hjá okkur Alþb.-mönnum, því að þar var mjög hart barist í Jan Mayen-málinu, og þó að það hafi nú orðið svo á þeim tíma að ég hefði nokkra sérstöðu við lok þess máls hér í þinginu og væri óþekkur einu sinni enn við þá ágætu menn held ég að það hefði orðið betra að virkja einhverja fleiri núna eins og til þess að aðeins fleiri þm. vissu þá eitthvað um málið og væru kannske búnir af þeim sökum að setja sig ofurlítið inn í það, því að það er auðvitað aðalatriðið.

Ég fagna því að unnið hefur verið að þessu máli í utanrrn. og að því er mér finnst á sannfærandi hátt. Þarna er verið að kanna málin. Þetta gengur auðvitað dálítið hægt, en ég er sammála hæstv. utanrrh. í því að einmitt mál af þessu tagi þurfa að vinnast frekar hægt heldur en of hratt. Eins og hæstv. utanrrh. sagði getur verið vafasamt að flýta sér svo í viðkvæmum efnum eins og þessum og að sumu leyti nýjum viðfangsefnum að það geti kallað fram neikvæða svörun, sem erfitt yrði þá að breyta. Hins vegar megum við ekki vera svo rólegir að við reynum ekki að setja þetta mál dálítið meira af stað og jafnvel kalla til fleiri sérfræðinga en þann ágæta fræðing Guðmund Eiríksson. Einhvern veginn finnst mér að þegar mikið liggur við á þessu sviði væri skynsamlegt, að mínu mati, að hafa samband við og jafnvel kalla til okkar ágæta þjóðréttarfræðing, Hans G. Andersen, sem hefur mikla reynslu og kunnáttu í þessum efnum öllum og hefur sýnt að hann er mjög fær í málum af þessu tagi og vanur við þau að eiga.

Það getur auðvitað verið spurning, hvenær sé tímabært að setja niður þessa nefnd. En í mínum huga sýnist mér að menn þurfi ekki að velta því lengi fyrir sér, þeim mun fyrr sem við setjum þessa nefnd á laggirnar, þeim mun betra. Þó að það hraði kannske ekki meðferð málsins verður það til þess að fleiri menn fari að vinna að málinu en aðeins menn innan þingsins, og á ég auðvitað ekki við utanrrn. sem vinnur að þessu máli, og fleiri menn innan þingsins komist inn í þetta mál og fari þá að vinna að því, enda segir hér að þessi nefnd komi til með að eiga að vinna með ríkisstj. Svo slæmir eru hv. þm. ekki orðnir enn þá að það hljóti ekki að vera nokkur styrkur í því að fá þá til liðs við ríkisstj. í máli eins og þessu og fyrrum alþm.

Herra forseti. Þarna er um allmikið hafsvæði að ræða og ef við — ég þori ekki annað en segja ef — höfum rétt á þessu svæði, þó ekki væri nema að hluta til, tel ég nauðsynlegt að viðræðum verði haldið áfram við Dani og síðan við Englendinga og Íra í sambandi við þetta mál. Ég teldi það mjög farsælt ef við gætum vísað til samningsins um Jan Mayen og leyst þetta mál þá á svipuðum grundvelli, en ég treysti mér ekki til þess að ræða þetta á neinn fræðilegan hátt vegna vankunnáttu.

Herra forseti. Ég kom aðallega upp í stólinn til að lýsa yfir mínum stuðningi, og ég tel nokkuð víst að það sé ekki aðeins um minn stuðning að ræða í mínum þingflokki, heldur að okkar þingflokkur standi að baki þeirri hugsun sem í till. felst.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál, eins og hv. 1. flm. þess gat réttilega, og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum þann dugnað og áhuga, sem hann hefur sýnt, ekki bara þessu máli heldur fleiri málum sem tengjast réttindum Ís-

lendinga í hafréttarlegum skilningi. Ég vil ennfremur þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans svör og greinargerð um það hvernig mál standa, bæði gagnvart Írum, Bretum og Dönum fyrir Færeyinga hönd, og fagna því auðvitað að Bretar og Danir hafa tekið svo jákvætt í málaleitanir okkar Íslendinga um að sérfræðingar vinni að könnun þessa máls, að það verði þá fyrsta skrefið sem stigið verði.

Af þeim umr. sem hér hafa farið fram verður öllum mönnum ljóst að hér er að nokkru leyti spurning um starfsaðferðir að ræða, þ. e. hvort beri að taka þetta mál upp af einhverri meiri hörku á stjórnmálasviðinu á milli stjórnmálamanna eða hvort vinna eigi að því í rólegheitum, eins og hæstv. utanrrh. nefndi, með sérfræðingum og embættismönnum utanrrn. þessara landa.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að Alþingi kaus, að mig minnir á síðasta ári frekar en á síðasta þingi, nefnd til að starfa að málefnum Íslands, Grænlands og Færeyja sérstaklega. Þessi nefnd hefur haldið einn fund. Á þeim fundi kom fram margt merkilegt sem fréttnæmt gæti talist ef frá yrði skýrt. Nefndin heldur næsta fund sinn 13. des. n. k. og þá munu Grænlendingar taka þátt í nefndarstörfum, en þeir gátu því miður ekki verið með á fyrsta fundi nefndarinnar. Ég verð að segja það hreint út að ég þóttist finna það á Færeyingum, að þeir teldu að danska utanrrn. flýtti sér stundum ekki allt of mikið vegna mála sem það fengi í hendur frá Færeyingum, en ekki kann ég að meta það eða dæma hvort þarna er um að ræða ummæli manna, sem hafa út á sambandið við Dani að setja, eða annarra.

Þetta mál er að vissu leyti af svipuðum toga spunnið og önnur mál, sem við þurfum mjög nauðsynlega að fara að taka upp viðræður um við þá nágranna okkar sem við Norður-Atlatnshaf búa. Ég er t. d. þeirrar skoðunar að mjög skjótlega þurfi, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur að vissu leyti bent á með flutningi á þáltill. að taka upp viðræður um veiðar Færeyinga á laxi. Svo sérkennilega vill til að það málefni heyrir undir landbrn. hér á landi. Mér finnst að þegar svo er komið sem nú er orðið hljóti það að heyra að einhverju leyti undir utanrrn., utanrrn. þyrfti að hafa það á sinni könnu. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel að í því máli verðum við að stórefla allar rannsóknir. Það gæti m. a. orðið til þess að við öðluðumst einhverja vitneskju um laxastofninn yfirleitt, en vitneskja vísindamanna og annarra um hann er sáralítil.

Í tengslum við þessa umræðu vil ég geta þess að ég tel það ekkert síður framtíðarmál, þegar við erum að tala um málefni sem tengjast hafinu í kringum okkur, að við færum að huga betur að því sem gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir lífsafkomu okkar og nágrannaþjóða okkar á næstu árum. Það eru mál sem snerta mengun sjávarins í kringum okkur og mál sem snerta ferðir kjarnorkuknúinna skipa í nágrenni við okkur og fleira af því tagi. Ég held að brýna nauðsyn beri til að það verði athugað mjög nákvæmlega hvernig t. d. nágrannaþjóðir okkar fara að þegar þær sigla út á hafið, m. a. milli Íslands og Grænlands, með efni, sem sökkt er í sæ, efni sem menn eru að reyna að koma fyrir kattarnef, eiturefni og kannske geislavirk efni. Við vitum lítið um það.

Ég vil láta þess getið að á fundinum með Færeyingunum kom fram mjög mikill ótti hjá Færeyingum vegna þess að þeir töldu að slík mengun sjávarins færi fram ákaflega eftirlitslítið. Ég vil í þessu sambandi beina þeim orðum til hæstv. utanrrh. hvort hann gæti á þessari stundu eða síðar sagt okkur frá því, hvernig Íslendingar fylgjast með þegar t. d. skip fara frá Hollandi, Þýskalandi og öðrum ríkjum á meginlandi Evrópu með varning af þessu tagi út á Norður-Atlantshaf og varpa honum þar í sjóinn. Mér er ekki kunnugt um hvaða eftirlit við getum haft með þessu eða hvaða skýrslur við fáum um þetta. Ég vil bara minna menn á að oft verða óhöpp og slys í sambandi við það þegar verið er að koma efnum fyrir á þennan hátt. Ég vil spyrja hv. þm. hvað við gerðum hér ef svo illa tækist nú til að eitthvað af þessu færi út í hafið þar sem væru viðkvæmar hrygningarstöðvar þeirra sjávarfiska sem við lifum á. Ég get ekki heldur látið hjá líða, eftir að hafa fengið upplýsingar um þau mál sem ég tel nokkuð öruggar, að lýsa vaxandi áhyggjum mínum af ferðum kjarnorkuknúinna skipa um hafið í nágrenni lands okkar.

Menn svara því oft til að það sé engin hætta af kjarnorkuvopnum sem flutt eru. Þetta er auðvitað alveg hárrétt. Það er engin hætta af þeim. Það er hins vegar hætta af kjarnorkuknúnum skipum. Því neitar enginn. Það hafa orðið slys þegar kjarnorkuknúin skip, bæði kafbátar og ofansjávarskip, hafa misst út geislavirkt kælivatn. Ég vil í þessum umræðum einmitt benda á að þarna er á ferðinni mjög alvarleg hætta fyrir okkar fiskistofna. Ég er hér að tala um mál, sem er hluti af ennþá stærri heild, sem hv. flm. þessarar till. bendir á, að reyna að tryggja rétt og öryggi Íslands gagnvart þeim hafsvæðum, sem við teljum að okkur beri að gæta. Ég get ekki látið þessa umræðu fara fram hjá mér án þess að nefna þessi tvö atriði og spyrjast fyrir um hvað við raunverulega vitum um það hvar og hvernig og hvaða efnum er hent í hafið, sem tengist okkur, hvað við vitum um ferðir t. d. kjarnorkuknúinna skipa á hafsvæðum í nágrenni við okkur, hvaða tryggingu við höfum fyrir því að smáslys geti ekki valdið stórkostlegu tjóni, það miklu tjóni að vart verði lífvænlegt í þessu landi.

Ég held að hér sé á ferðinni mikið framtíðarmál, mál sem við þyrftum að beina sjónum okkar að mun betur en við höfum gert hingað til.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hér er á ferðinni hið merkasta mál. Hæstv. utanrrh. hefur svarað því og sýnt og staðfest að hann hefur áhuga á þessu máli og hefur gert ýmislegt til að ýta því áfram.

Ég hef tengt þessu máli tvö önnur atriði, sem ég tel að skipti okkur ekki minna máli en það sem hér um ræðir. Það er raunverulega spurning um lífsafkomu þjóðarinnar og ég held að hver einasti þm., sem um þetta hugsar, hljóti að gera sér grein fyrir því að slys af þeim toga spunnin, sem ég hef verið að ræða hér um, séu svo alvarleg að þau snerti alla lífsafkomu þjóðarinnar á einu bretti. Ég held að við ættum að reyna að gæta þessarar mestu matarkistu veraldar, sem við ráðum yfir, og fara vel með hana. Það gerum við auðvitað best með því að tryggja að hrygningarstofnar, hrygningarsvæði verði ekki eyðilögð af einhverri slysni. Ég vil sem sagt lýsa áhuga mínum á þessu máli, stuðningi við það, fullum stuðningi. Ég get tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, það má hugleiða með hvaða hætti sú nefndarskipun ætti að vera, sem hér er rætt um, en að endingu þetta, sem ég sagði í upphafi: Ég tel fyllstu ástæðu til að þakka 1. flm. fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt á þessu máli, svo og öðrum sem því líkjast.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir undirtektir hans og ekki síður fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið okkur um það hvað að undanförnu hefur verið að gerast í þessum málum. Fagna ég því að sjálfsögðu að hreyfing er komin á þetta mikla mál. Ég þakka ekki síður þeim tveim hv. þm. sem hér hafa talað og get raunar sagt að þeir fjórir sem hér hafa talað, hver frá sínum stjórnmálaflokki, séu nokkuð sammála um svo til öll efnisatriði, þó að kannske séu eitthvað mismunandi áhersluatriði.

Varðandi það að þessi till. er eingöngu flutt af þm. Sjálfstfl. þá held ég að það sé vegna þess að upphaflega till. 1978 var flutt af einum þm. Sjálfstfl. úr hverju kjördæmi. Ég hugsaði ekki út í það, satt að segja, hvort ég ætti að reyna að hafa menn úr fleiri flokkum. Og auðvitað skiptir það ekki meginmáli. Aðalatriðið er að alþingismenn geti sameinast um málið.

Ég get að sjálfsögðu tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hættan af eiturefnum og kjarnorku og öðru slíku er auðvitað geigvænleg og það þarf að gæta þess ekki síður en þeirra réttinda sem hér er sérstaklega um fjallað. Ég skal þó ekki fara lengra út í það. Það er mál út af fyrir sig.

Ég fagna mjög þeim upplýsingum, sem eru nýjar fyrir mér, að David Anderson þjóðréttarfræðingur skuli fjalla um þessi mál af Breta hálfu. Ég kynntist honum lítillega fyrst þegar ég fór á hafréttarráðstefnu. Þá áttum við í baráttu við Breta út af 200 mílunum. Við ræddum það mál töluvert ítarlega einslega og reyndar í hópi manna líka. Sá maður er áreiðanlega í hópi allra hæfustu lögfræðinga á sviði þjóðréttar. Hann gætti auðvitað hagsmuna síns ríkis og gerði það svo fimlega að erfitt var að finna á honum höggstað. Ég held að það sé saklaust að segja nú frá því til gamans að ég sagði honum þá að ef ég væri í hans sporum mundi ég herma eftir Íslendingum og taka 200 mílurnar áður en Bretar gengju í Efnahagsbandalagið. Hann andmælti því auðvitað og sagði að enginn þjóðarréttur leyfði slíkt o. s. frv. En einum til tveimur árum seinna, þegar ég minnti hann á þessi ummæli, sýndist mér hann brosa við og ekki mótmæla því eins harðneskjulega að það hefði getað verið klókt hjá Bretum að herma eftir okkur. En þetta er nú til gamans sagt.

Ég held að það sé mjög æskilegt líka, þó að það sé óformlega gert, að Írar hafi valið frk. Skinner sem sinn aðalmálsvara eða samningamann, eða hvað á að kalla það, til þessara umræðna. Hún er geysilega harður og fær lögfræðingur. Var erfitt við hana að kljást stundum á umræðufundunum sem við áttum saman. Hún hélt fast við það að þar sem Írar og Bretar hefðu ákveðið gerðardóm sín á milli þá væri ekkert við okkur að ræða á meðan. Ég man eftir að ég varpaði því fram eða einhver okkar hvað hún mundi þá gera ef Íslendingar og Færeyingar ákvæðu það sama, gerðardóm um sama svæðið. Það hafði nú ekki flögrað að þeim Írunum að við kynnum að grípa til þeirra úrræða.

Það er áreiðanlegt að þarna eru einhverjir hæfustu þjóðréttarfræðingar þessara tveggja ríkja komnir í spilið, svo ég noti lélegt málfar, og það bendir til þess að þeir ætli að fara að tala við okkur í alvöru. Og það gerist auðvitað vegna þess að þeir sjá að við erum að tala í alvöru. Meðan þeir héldu að svo væri ekki settu þeir ekki sína færustu sérfræðinga í þetta, nema þá í hálfkæringi. Nákvæmlega þetta sama gerðist í Jan Mayen-málinu. Fulltrúar Norðmanna á Hafréttarráðstefnunni hlógu að okkur fyrst og sögðu að við ættum lítil réttindi, og engin á Jan Mayen-svæðinu. En smám saman breyttist það, þegar þeir sáu að við vorum ákveðnir í að þrýsta á um málið.

Ég get út af fyrir sig fallist á að það sé kannske ekki jafn skaðvænlegt að okkar réttindabarátta að því er varðar Rockall-svæðið hefur dregist þetta, eins og það kynni að hafa verið ef við hefðum ekki fylgt mjög fast og hratt fram kröfum okkar á Jan Mayen-svæðinu, því að þar var um að ræða að sumu leyti réttlætiskröfur og sanngirniskröfur, sem ekki var beinlínis fjallað um í texta hafréttarsáttmálans og mátti um deila. Orðalagið þar var að sumu leyti okkur ekki sem hagstæðast að því er Jan Mayen-svæðið varðaði, heldur ýmis söguleg rök og þjóðernisleg sem við gátum þar beitt. Aftur á móti tel ég, eins og ég sagði raunar í minni frumræðu, að lagalegur réttur okkar sé ennþá sterkari á Rockall-svæðinu en hann var á Jan Mayen-svæðinu, og þess vegna hafi það kannske ekki sakað fram að þessu þó að ekki hafi verið þrýst meir á. En nú er tímabært að gera það svo um muni.

Að því er varðar Danina þá er ánægjulegt að það skuli vera komið á samkomulag um að halda áfram viðræðum. Og hvort sem það er kölluð viðræðunefnd eða viðræðuaðilar, eða hvað sem það nú heitir, þá er það ekki meginatriði, heldur hitt, að viðræðunum verði fram haldið. Það er auðvitað rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að þetta hljóti í fyrsta umgangi að vera könnunarviðræður. Þannig var það líka með Jan Mayen-málið. En samhliða könnunarviðræðum jukum við jafnt og þétt þrýstinginn á Jan Mayen-viðræðunum. Og það er einmitt það sem við þurfum að gera núna í sambandi við Rockall-svæðið.

Ég held að besta leiðin til að auka þennan þrýsting sé kannske að Alþingi samþykki einróma sem allra fyrst till., ekki endilega nákvæmlega orðrétta eins og hún er lögð hér fram, en samþykki till. um að stjórnmálamenn verði þátttakendur í þessum undirbúningi og knýi á um sem skjótastar og viðamestar viðræður, hvert sem nafn þeirra verður.

Einnig er nauðsynlegt að reyna að koma fram áróðri erlendis. Við sátum okkur aldrei úr færi, fulltrúar Íslands á Hafréttarráðstefnunni, að svara norskum blaðamönnum. Það birtist mjög mikið í norskum blöðum bæði frá utanrrn. og líka frá því sem var að gerast á Hafréttarráðstefnu. Ég hygg að þegar almenningur í Noregi sá að Íslendingar ætluðu að halda réttindum sínum til streitu, þá hafi fólk snúist á sveif með samningunum og gert sér grein fyrir að Íslendingum var þetta mikið í mun og það gæti skaðað vináttu þjóðanna ef þvergirðingsháttur yrði mikill af Norðmanna hálfu.

Allt þetta þurfum við að gera. Og eins og hv. þm. Árni Gunnarsson nefndi eigum við, þegar við hittum Færeyinga af öðru tilefni, Dani og jafnvel Grænlendinga, og svo auðvitað Breta og Íra, að nota hvert tækifæri til að ræða málið, helst niður í kjölinn.

Það er ekki miklu meira efnislega sem ég þarf um þetta að segja. Ég lýsi þakklæti mínu aftur og ánægju yfir því sem utanrrn. hefur gert, einnig yfir því að hæstv. utanrrh. skuli taka því með þökkum að fá liðsauka úr þinginu. Ég held að það hljóti að verða til góðs, því að einhvern veginn er það nú svo að það eru stjórnmálamennirnir sem ábyrgðina bera, og þegar þeir fara að ræða málin þá skýrast þau fyrir almenningi bæði hér innanlands og erlendis. Embættismennirnir vinna hins vegar meira í

kyrrþey, og er ég þá ekki að segja að þeirra starf þurfi endilega að vera minna virði, en málið verður að fara að komast í umræður, bæði hérlendis og erlendis, og því þarf að þrýsta fram. Ég endurtek mínar þakkir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 82). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 82 flyt ég mál um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Aðalefni þessa frv. kemur fram í 1. gr., þar sem farið er fram á að sjútvrh. megi fella niður útflutningsgjald af kolmunnaafurðum til manneldis.

Tilraunir hafa verið gerðar undanfarin ár til að auka kolmunnaveiðar okkar Íslendinga og hefur verið varið til þess því fjármagni sem Alþingi hefur veitt til tilrauna á slíku sviði, bæði með nýja markaði og um veiðar. Á árunum 1980 og 1981 var mjög miklu af því fjármagni varið til að styrkja loðnuskip til kolmunnaveiða í bræðslu. Í fáum orðum sagt varð niðurstaðan af því ekki jákvæð. Það sýndi sig að styrkur þessi þurfti að nema um það bil helmingi af aflaverðmæti skipanna til þess að veiðarnar væru arðbærar fyrir þau.

Um svipað leyti og á sama tíma hófst samstarf á vegum Rannsóknaráðs Norðurlanda fyrir milligöngu Rannsóknaráðs ríkisins og með þátttöku Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Samstarf það beindist að tilraunum með veiðar og vinnslu á kolmunnaafurðum. Í því samstarfi kom fljótlega í ljós að grundvöllur til þess að veiða kolmunna og nýta í bræðslu er mjög bágborinn. Sama reynsla er fengin hjá bæði Færeyingum og Norðmönnum, sem einkum hafa stundað þessar veiðar af þeim þjóðum sem tóku þátt í þessari athugun. Athugunin beindist því fyrst og fremst að veiðum á kolmunna til manneldis. Það kom í ljós að einna arðbærust virðist veiði á kolmunna til manneldis og til þurrkunar, þannig að á síðasta ári var veitt nokkur aðstoð til að koma á fót þurrkstöðvum hér, þar sem jarðvarmi er nýttur í þessu skyni. Því miður er jarðvarmi ekki tiltækur nálægt kolmunnamiðum, þannig að um töluverðan flutningskostnað er að ræða. Engu að síður virðist sú vinnsla álitleg.

Færeyingar héldu á nýjar brautir á s. l. ári þegar þeir keyptu stórt verksmiðjuskip og breyttu því til vinnslu á kolmunna. Skip þetta er með vinnslurásum til flökunar og vinnslu á marningi og öðrum afurðum úr kolmunna. Í tengslum við hinar sameiginlegu rannsóknir höfum við fengið mjög gott tækifæri til að fylgjast með þessari tilraun. Menn frá okkur hafa verið um borð og ítarleg skýrsla og niðurstöður birtar af sérfræðingum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Einnig hefur Magni Kristjánsson skipstjóri verið með í ráðum og fylgst með þessum veiðum og liggja fyrir álitsgerðir frá honum á þessum tilraunum.

Að þessu fengnu varð niðurstaðan að verja öllu því fjármagni sem sjútvrn. hefur tiltækt nú til að hjálpa íslenskum skipum þannig að þeim megi breyta til að fara á kolmunnaveiðar til flökunar og frystingar fyrst og fremst.

Þrjú skip hafa sótt um aðstoð í þessu skyni. Þau eru: Eldborgin frá Hafnarfirði, Víkingur frá Akranesi og skip þeirra Strandamanna Hólmadrangur, sem svo hefur verið nefndur, sem er ennþá í smíðum. Sjútvrn. og Fiskimálasjóður hafa veitt lán til þessara breytinga, en að sjálfsögðu hafa einnig eigendur þessara skipa varið í því skyni verulegu fjármagni.

Eitt af þessum skipum hefur nú hafið kolmunnaveiðar, Eldborgin, og þær fréttir sem hafa borist lofa góðu. Hér er hins vegar um tilraun að ræða og verður að leggja á það áherslu. Sumir hafa dregið í efa að skip þessi væru nægilega stór. Hið færeyska skip, sem veiðarnar hefur stundað, er töluvert stærra. Þó hefur það sýnt sig að afli t. d. Eldborgarinnar er ekki langt frá því sem er hjá Færeyingum, en vera má að vinnsluaðstaða um borð sé þrengri og takmarkaðri fyrir bragðið.

Við þessar tilraunir eru bundnar töluverðar vonir. Þessi tilraun er engu að síður áhættusöm, því þó að þessir aðilar hafi hlotið hagkvæm lán frá bæði Fiskimálasjóði og sjútvrn. og sömuleiðis erlend lán, sem eru þá að sjálfsögðu með fullri greiðslubyrði og gengistryggingu, hafa þeir einnig lagt fram verulegt eigið fjármagn og alls ekki er séð fyrir endann á þessari tilraun þannig að unnt sé að fullyrða að veiðarnar verði reknar af hagkvæmni þótt við þær séu eftir fyrstu fréttum bundnar töluverðar vonir.

Með tilliti til þess, að hér er um að ræða einna viðamestu tilraun sem við höfum gert til að hasla okkur völl í kolmunnaveiðum tel ég mjög eðlilegt að þessar afurðir verði undanþegnar útflutningsgjaldi og er því, eins og ég sagði áðan, í 1. gr. farið fram á að ráðh. verði heimilt að ákveða að útflutningsgjald af kolmunnaafurðum verði fellt niður.

Í 2. gr. þessa frv. er lagt til að lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum verði gefin út að nýju með þeim breytingum sem á þeim hafa verið gerðar. Þessar breytingar eru mjög margar frá 1976 og nauðsynlegt að sameinað verði í einn lagabálk.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengri framsögu, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja örfá orð í tilefni þessa frv. og þeirrar ræðu sem hæstv. sjútvrh. flutti hér áðan. Sannleikurinn er sá, að tilraunin með Eldborgina og ekki síður hversu góðan stuðning það mál hefur fengið er sannarlega ánægju- og þakkarvert og vænta má þess einnig að framhald verði þar á, eins og hæstv. ráðh. kom inn á.

Hann minnti á þann ágæta skipstjóra Magna Kristjánsson, sem hefur verið óþreytandi að benda á möguleika okkar í kolmunnaveiðum og vinnslu þeirra afurða. Hann hefur manna skýrast bent á hvílík búbót öðrum hefur reynst þessi fisktegund. Annar ágætur Norðfirðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Sigurjón Arason, hefur svo, m. a. í samstarfi við Magna, bent á möguleikana í vinnslu þessara afurða sérstaklega til manneldis og sameiginlega hafa þeir hvatt til þess, eins og hæstv. ráðh. kom reyndar inn á, að átak yrði gert til að fá úr réttmæti þessara fullyrðinga skorið. Þeir hafa með réttu bent á reynslu annarra og markaðsmöguleika fyrir

kolmunnamarning, bæði til manneldis og til gæludýrafóðurs einnig, samhliða því að þeir hafa bent á aðrar verkunaraðferðir til herslu og frystingar. Á undanförnum þingum hef ég að þeirra áeggjan og með þeirra rökum flutt um það þáltill. að vinnslustöð yrði reist eða komið á fót eystra með þessa hagnýtingu í huga.

Í erindi, sem Björn Dagbjartsson flutti á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í fyrra í Neskaupstað, benti hann réttilega á, að sú eina fiskafurð sem við gætum vænst af verulegrar aukningar í verðmætum í framtíðinni væri kolmunninn og þar lagði hann einmitt aðaláherslu á svipaða vinnslu og verið er að gera tilraun með á Eldborginni nú, þó að hann reiknaði auðvitað með að ef sú reynsla yrði góð yrði þar verulegt framhald á.

Tilraunaveiðar til bræðslu hafa ekki, eins og komið var inn á, gefið þá raun er menn höfðu vænst, en nú er aðeins að vænta þess að betri árangur verði af þessari tilraun og aðgerðum í kjölfar hennar, ef vel tekst til.

Ég hef satt að segja oft undrast tómlætið í kringum þetta mál hér á þingi og litla áherslu annarra á þessu máli úti í þjóðfélaginu, einkum meðal útvegsmanna, en vonandi er þar úr að rætast. Ég bendi á að miðað við reynslu Færeyinga, að ekki sé nú minnst á Rússa, hljótum við með markvissum aðgerðum að geta náð árangri sem gerir hvoru tveggja að skapa einhverjum hluta flotans ný og aukin verkefni, svo sem fram hefur komið hér reyndar, og um leið afla dýrmætra gjaldeyristekna.

Ég veit að það er margt ógert í þessu máli og margt sem á eftir að koma betur í ljós. Þar er t. d. um að ræða markaðsmálin, sem auðvitað eru í nokkurri óvissu, markaðsöflun, vegna þess að aðrar þjóðir hafa þegar haslað sér þar duglega völl, ef þessi tilraun heppnast og ef af fullri alvöru verður unnt að ganga til þess að veiða kolmunnann í stórum stíl svo sem aðrar þjóðir hafa gert. Og þá vona ég svo sannarlega, að til viðbótar við þá aðstöðu, sem sköpuð verður til vinnslu í skipunum og ég geri ekki lítið úr, verði þess ekki langt að bíða að einnig verði full þörf á þeirri vinnslustöð eystra sem gæti alhliða sinnt hvers konar tiltækri meðferð þessarar afurðar. Verði svo hafa þeir Magni og Sigurjón og fleiri góðir menn, sem þarna hafa að starfað, ekki til einskis barist. Þess vegna hlýt ég að lýsa því yfir hér, að ég met sérstaklega og þakka stuðning ráðuneytisins, því að hvort sem líður lengri eða skemmri tími þar til vonir þeirra verða að raunveruleika, sem þeir telja fyllilega raunhæfan og studdan gildum rökum, þá er eitt víst, að þarna eru möguleikar sem verður að huga að eins myndarlega og kostur er.

Þetta skref á aðeins að vera hið fyrsta, ef vel tekst til, því eins og þeir trúi ég staðfastlega á að hér sé um mikinn framtíðarauð að ræða, sem við eigum svo sannarlega ekki að láta aðra hirða frá okkur rétt við okkar eigin fiskveiðilögsögumörk. Þess vegna segi ég það enn og aftur, að það ber að fagna þessu frumkvæði. Það ber að styðja þetta frv., sem auðveldar þessa tilraun, og sækja svo markvisst fram í framhaldinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef að þessu máli verður vel staðið heppnast þetta. Þá getur það varla annað en heppnast miðað við reynslu annarra.

Eins og hæstv. ráðh. kom inn á kemur svo Magni Kristjánsson skipstjóri vonandi enn inn í myndina rækilega með nýtt og gott skip, sem vonandi reynist farsælt til þessara veiða og verkunar þessarar dýrmætu afurðar sem við verðum að reyna að ná tökum á.

En ég gat ekki stillt mig um að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir mikinn stuðning í þessu máli og sérstakan velvilja, og er greinilegt að hann hefur gert sér fulla grein fyrir því að þarna er um framtíðarmál að ræða, sem varðar miklu að vel takist til um og við eigum sem allra fyrst að taka þátt í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 74). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64 frá 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þegar lög þessi voru sett mörkuðu þau tímamót í rannsóknum í þágu íslenskra atvinnuvega. Þær rannsóknir höfðu um árabil fyrst og fremst þróast hjá Atvinnudeild Háskólans, sem sett var á stofn í tengslum við Háskólann 1937, en var síðan undir yfirstjórn Rannsóknaráðs ríkisins sem sett var á fót 1939. Deildir þær sem þar þróuðust sprengdu fljótlega af sér bæði það húsnæði og fleira, sem þeim var ætlað á háskólalóðinni, og dreifðust þá um bæinn. Því þótti nauðsynlegt árið 1965 að athuga það skipulag frá grunni, og alveg sérstaklega var markmiðið með lagasetningunni 1965 að tengja þessar stofnanir viðkomandi atvinnuvegum langtum betur en áður var.

Þá voru deildir Atvinnudeildar Háskólans gerðar að sjálfstæðum stofnunum og sömuleiðis rannsóknastofa Fiskifélags Íslands. Þessar stofnanir hafa síðan þróast á þennan veg í samstarfi við Rannsóknaráð ríkisins, sem hefur síðan haft meira með heildarskipulagningu, áætlanagerð og samræmingu á rannsóknastarfseminni að gera.

Ein af þeim stofnunum sem þá var breytt úr deild við Atvinnudeild Háskólans í sjálfstæða stofnun er Hafrannsóknastofnunin. Hafrannsóknastofnunin hefur síðan eflst mjög. M. a. er gert ráð fyrir í frv. til fjárlaga í ár að verja til starfsemi hennar 60 millj. kr. Hafrannsóknastofnunin er eins og að líkum lætur langsamlega stærsta og umfangsmesta rannsóknastofnun landsins.

Undanfarin ár hafa verið nokkrar umræður um nauðsyn þess að breyta lögum um Hafrannsóknastofnun og taka þá mið af þeirri reynslu sem fengin er á tímabilinu frá 1965, taka einnig tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur í sjávarútvegi og skipuleggja stofnunina í samræmi við vöxt hennar og viðgang. Þess vegna skipaði ég í ágúst s. l. nefnd til að athuga rekstur og skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar. Frv. það sem hér liggur fyrir er samið af nefndinni. Í nefndinni eiga sæti Jón L. Arnalds ráðuneytisstjóri, sem er formaður, Geir Gunnarsson formaður fjvn. Alþingis, Jón Jónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Magnús Pétursson hagsýslustjóri, Már Elísson fiskimálastjóri og Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Nefndin gerði till. um þær lagabreytingar sem hér eru lagðar fyrir og eru þær fluttar einróma af nefndinni.

Helstu nýmæli í þessu frv. eru þau sem nú skal talið:

Í frv. er ákveðið að við stofnunina skuli starfa tveir

aðstoðarforstjórar. Þetta ákvæði á sér nokkra sögu. Þegar á árinu 1975 var rætt um að gera breytingar á stofnuninni í þessa átt, með því að setja á stofn starf útgerðarstjóra, sem hefði á hendi daglega stjórn fjármála vegna reksturs rannsóknar- og leitarskipa. Þá var hugmyndin að starfslið stofnunarinnar, sem vinnur að útgerð og rekstri skipanna, þar með taldar áhafnir skipanna, heyrðu undir útgerðarstjóra. Þessi hugmynd var mikið rædd m. a. af stjórn stofnunarinnar og sérfræðingum og gerð voru drög að frv. til laga í þessa átt. Ekkert varð meira úr þessari hugmynd þá, en þó var þegar á árinu 1975 ráðinn sérstakur maður til að annast ráðningu skipshafna og hafa á hendi umsjón og varðveislu tækja. Starfar sá maður enn að þeim viðfangsefnum.

Fyrir nokkrum árum voru svo ráðnir með ráðherra — bréfi tveir aðstoðarmenn forstjórans, sem jafnframt voru deildarstjórar ákveðinna rannsóknadeilda stofnunarinnar. Þessir aðstoðarmenn forstjóra hafa sjálfkrafa tekið við störfum forstjóra í fjarveru hans og annast þá rekstur og stjórn stofnunarinnar, að svo miklu leyti sem forstjóri hefur falið þeim það. Þeir eru því í raun og veru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur.

Nú er í þessu frv. gert ráð fyrir því að lögfesta þessar stöður, en þó þannig að einungis annar aðstoðarforstjórinn sé vísindamaður á sviði hafrannsókna, en hinn aðstoðarforstjórinn verði fjármála- og rekstrarstjóri stofnunarinnar.

Ég sagði áðan að Hafrannsóknastofnun hefði vaxið fiskur um hrygg. Er ætlað til hennar verulegt fjármagn. Hér er orðið um rekstur á stóru fyrirtæki að ræða. Því er talið nauðsynlegt að ráða sérstakan mann með menntun og sérþekkingu á sviði stjórnunar og rekstrar. Hér er m. a. um að ræða umfangsmikinn skiparekstur og mikla veltu fjármagns. Ég nefndi að á frv. til fjárlaga nú er áætlað að stofnunin fái 60 millj. kr. Stofnunin gerir út fjögur rannsóknaskip auk leiguskipa. Meira en helmingur af fjármagni stofnunarinnar rennur til skipareksturs-ins. Þessum manni er einnig ætlað, auk þess sem hann fjallar um þennan rekstur, að annast gerð fjárveitingabeiðna stofnunarinnar, útgjaldaáætlana, kostnaðaráætlana rannsóknarleiðangra í samvinnu við forstjóra og samræma starfsemi deilda og útibúa með tilliti til sem bestrar hagkvæmni og nýtingar. Þá er eðlilegt að fjármálalegur forstjóri annist starfsmannahald stofnunarinnar, uppáskrift reikninga og annað reikningshald og fjárreiður sem ekki er í verkahring Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Allar beiðnir um meiri háttar útgjöld þurfa samt að samþykkjast fyrir fram af forstjóra.

Það er mikill ábyrgðarhluti að ekki sé til staðar á stofnuninni maður, sem alfarið helgar sig fjármálum hennar, sérstaklega rekstri skipanna, og hafi til þess þekkingu og menntun. Með þessu er ekki verið að kasta nokkurri rýrð á þau störf sem vísindamenn hafa unnið við rekstur þessara skipa. Aðeins er um það að ræða að talið er eðlilegt að vísindamenn beini kröftum sínum að og helgi sig einvörðungu vísindastörfum og létti að sama skapi af sér fjármálarekstrarvafstri, enda má segja að þessi tvö störf séu um margt ólík og fari ekki vel saman.

Þá er rétt að nefna í þessu sambandi að nefnd, sem samgrn. setti á fót í október 1981 til að endurskoða reglur um rekstrardeild ríkisskipa, hefur nú skilað áliti. Nefndin leggur til að rekstrardeildin verði afnumin og lögð niður. Það er lagt til að fjárvarsla og bókhald Hafrannsóknastofnunar verði að öllu leyti hjá Skrifstofu rannsóknastofnunar atvinnuveganna. Eftirlit með viðhaldi og viðgerðum skipa Hafrannsóknastofnunar verði framkvæmt undir yfirstjórn stofnunarinnar sjálfrar. Jafnframt tekur nefndin fram að hún telji að stefna beri að samstarfi milli Hafrannsóknastofnunar og Skipaútgerðar ríkisins um skipaeftirlit, m. a. með ráðningu sameiginlegs starfsmanns. Ef þetta nál. verður framkvæmt, þ. e. rekstrardeildin lögð niður og ný reglugerð þar að lútandi gefin út, þá flyst að sjálfsögðu hluti af starfi rekstrardeildarinnar til Hafrannsóknastofnunar. Verður þá enn meiri nauðsyn á því að þar sé sérstakur aðstoðarmaður forstjóra sem annast fjármál og rekstur. Ég tek það fram í þessu sambandi að hvort sem verður, þá er þörfin þar mikil. Ég get skotið því hér inn að ég hef lagt umrædda skýrslu fyrir ríkisstj. til meðferðar og verður fjallað um hana þar á næstunni.

Það skal tekið fram að um þetta frv. hafa verið haldnir fundir með starfsfólki Hafrannsóknastofnunar. Þar hefur komið fram að margir á stofnuninni eru andvígir hinni nýju stöðu aðstoðarforstjóra. Í því sambandi er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir að þessi staða aðstoðarforstjóra, sem annast skal fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þar á meðal skiparekstur og starfsmannahald, heyri alfarið undir aðalforstjóra. Nú er fjármálastjóra ætlað að aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar, eins og aðstoðarforstjórar gera, en þá að sjálfsögðu á sviði fjármálastjórnar.

Það er líka skýrt tekið fram í 14. gr. að forstjóri hafi á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með reksti hennar, þannig að þar er ekkert af forstjóra tekið í þessu sambandi. Og það er tekið fram að forstjóri ákveði starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs. Það er því alls ekki verið að taka ráðin af vísindamönnum heldur aðeins að tryggja að umsjón með fjármálum og rekstri stofnunarinnar sé fyrir komið með ábyrgum og forsvaranlegum hætti.

Þá skal tekið fram að lagt er til í frv. að forstjóri og aðstoðarforstjórar verði skipaðir til fimm ára í senn.

Í frv. er að sjálfsögðu fjallað um stjórn stofnunarinnar og gert ráð fyrir því að skipun hennar verði óbreytt en hún fái aukið hlutverk. Eins og ég gat um áðan var ekki síst að því stefnt með lögunum frá 1965 að tengja rekstur rannsóknastofnananna viðkomandi atvinnuvegi, m. a. með skipun stjórnar sem í sitja fulltrúar frá atvinnugreininni. Þetta hefur að ýmsu leyti tekist vel. Engu að síður er það skoðun mín að ástæða sé til að endurskoða verkefni stjórnarinnar, einmitt til að tryggja enn betur en verið hefur þetta samstarf. M. a. er stjórninni ætlað að taka ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi stofnunarinnar og gera tillögur um starfs- og fjárhagsáætlanir og tillögur til ráðh. um skipun ráðgjafarnefndar og deildaskiptingu stofnunarinnar. Ennfremur er gert ráð fyrir að stjórnin staðfesti skipaáætlun stofnunarinnar svo og reikninga hennar. Stjórninni er þannig veitt aukin hlutdeild í mótun skipulagsins, sérstaklega deildaskipulagsins og skipun ráðgjafarnefndar, og verður vikið að því.

Í 18. gr. gildandi laga er kveðið á um að til að framkvæma verkefni stofnunarinnar skuli skipta starfseminni í fjögur verksvið. Nú starfar stofnunin hins vegar í níu mismunandi deildum auk fjögurra útibúa, skiparekstur og skrifstofuhalds. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að stofnuninni skuli skipta í deildir með ákvörðun ráðh., að

fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Með þessu er leitast við að tryggja frekari sveigjanleika í starfsemi stofnunarinnar, betri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármunum í stað þess að deildir myndist í tengslum við áhuga og sérsvið einstakra vísindamanna. Að frumkvæði nefndarinnar hafa þegar farið fram umræður með sérfræðingum stofnunarinnar um núverandi deildafyrirkomulag og framtíðarskipan þessara mála. Þessar umræður eru á byrjunarstigi, en verði frv. að lögum má gera ráð fyrir nokkurri breytingu á deildaskipulagi frá því sem nú er.

Eins og ég nefndi áðan er stjórninni ætlað að gera tillögur um skipan ráðgjafanefndar sem frv. gerir ráð fyrir að ekki verið bundið í lögum eins og nú er. Ráðgjafarnefndin var sett á fót til þess að skapa enn betri tengsl og á breiðari grundvelli við hinar ýmsu hagsmunagreinar í sjávarútvegi. Það verður að segjast eins og er að þetta hefur ekki tekist sem skyldi. Starfsemi ráðgjafarnefndarinnar hefur oft þótt vera nokkuð handahófskennd, eða við skulum segja ekki nægilega markviss og í nægilega miklum tengslum við starfsemi stofnunarinnar annars vegar, áætlanagerð, leiðangra og þess háttar, og hins vegar óskir og vilja atvinnugreinarinnar. Með þeim ákvæðum, sem hér er lagt til að sett verði í lög, er ætlunin að ráða bót á þessu. Ég er þeirrar skoðunar að ráðgjafarnefndin geti sinnt og eigi að sinna mjög mikilvægu hlutverki.

Eins og ég nefndi, þá er stjórninni ætlað að gera tillögur til ráðh. um skipun nefndar hverju sinni. Sem fskj. með frv. eru birt drög að erindisbréfi fyrir ráðgjafarnefnd stofnunarinnar, þar sem er að finna tillögu að lista yfir þá sem tilnefna skulu fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn. Það skal tekið fram að til þessa bréfs hefur út af fyrir sig ekki verið tekin endanleg afstaða. En tillagan er sett hér fram til athugunar fyrir hv. sjútvn.

Þegar hafa komið fram ábendingar um fleiri aðila í þessa nefnd og verður ákvörðun um skipun hennar tekin á sinni tíð, ef frv. verður að lögum. Ráðgjafarnefndinni mundi verða falið langtum víðtækara starfsvið en áður, t. d. að fjalla um starfsáætlanir og rannsóknarverkefni stofnunarinnar og gera tillögur um verkefnaval og starfshætti. Samkv. erindisbréfinu skal hún koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust, en oftar eftir þörfum. Að vori skal nefndin fjalla um starfsáætlun stofnunarinnar og skulu einstök verkefni hennar vera lögð fyrir nefndina til umsagnar. Að hausti skulu helstu niðurstöður af starfi stofnunarinnar skýrðar og sagt frá verkefnunum sem lokið er. Lögð skulu fyrir drög að nýjum verkefnum og leitað ábendinga eða tillagna nefndarinnar um ný verkefni, sem tekin verði upp í starfsáætlun og lögð fyrir til umsagnar að vori. Nefndin getur rætt og gert tillögur til stjórnar stofnunarinnar um allt er lýtur að stefnumótun, starfsháttum og verkefnavali stofnunarinnar, svo og samskiptum hennar út á við. Þessi verkefni ráðgjafarnefndarinnar verða, svo sem áður gat, sett í erindisbréf.

Gert er ráð fyrir að skipunartími núverandi ráðgjafarnefndar renni út í árslok 1983, þannig að í ársbyrjun 1984 verði skipuð ný ráðgjafarnefnd svo sem hér hefur verið lýst. Eins og heyra má af þessari upptalningu minni er ráðgjafarnefndinni ætlað miklu víðtækara svið heldur en núverandi ráðgjafarnefnd hefur fengið í raun, þó að segja megi að núverandi ráðgjafarnefnd hafi verið frjálst að skoða hver þau mál sem hún óskaði. En ætlunin er að ná með þessu langtum betri tengslum við atvinnuvegina.

Þá er rétt að geta þess að markmið Hafrannsóknastofnunar, sem eru skilgreind í 7. gr., eru nokkuð breytt frá því sem nú er. Það er ekki óeðlilegt þegar þess er minnst, að hlutverk Hafrannsóknastofnunar hefur breyst mjög mikið á undanförnum árum. Á fyrri árum var það eitt meginhlutverk stofnunarinnar að finna fiskstofnana og beina flotanum til veiða, en á síðari árum hefur hlutverkið langtum meira færst í það sem við getum kallað að vernda fiskstofnana gegn ofveiði, þ. e. rannsóknir og athuganir sem lagðar eru til grundvallar þeim tillögum sem stofnunin síðan gerir til stjórnvalda um fiskveiðistefnu á hinum ýmsu sviðum.

Í 7. gr. er tekið fram hvaða verkefni stofnunin skuli hafa á hendi. Um þessi verkefni hefur verið mjög ítarlega fjallað, m. a. í sambandi við gerð langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins, og að sjálfsögðu hafa sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar komið þar mjög við sögu. Um markmiðin, eins og þau eru skilgreind nú, er því breið samstaða.

Þá er gert ráð fyrir í 16. gr. frv. að sett verði sérstök ákvæði um útibú stofnunarinnar og er það nýmæli. Lögð er áhersla á að útibúin geti nýst fleirum en Hafrannsóknastofnuninni einni, t. d. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og öðrum rannsókna- og eftirlitsstofnunum, eftir því sem tækifæri gefst. Forstöðumenn útibúa heyra samkv. frv. beint undir forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ég vil taka það fram að mér sýnist rétt að þegar hv. sjútvn. fær frv. til umfjöllunar sendi hún það starfsmannafélagi Hafrannsóknastofnunar, forstjóra og stjórn hennar til umsagnar. Nefnd sú sem frv. samdi hefur að vísu, eins og fram hefur komið, haft umræðufundi um efni frv. með sérfræðingum stofnunarinnar. Enn fremur er formaður stjórnar og forstjóri stofnunarinnar í nefndinni, en ég tel þó eðlilegt að fá formlega umsögn þessara aðila svo og annarra hagsmunaaðila í sjávarútveginum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður, frv. (þskj. 91). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það sem nú er til umr. fjallar um þrjú atriði í lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Í 1. gr. er lagt til að 7. gr. laga nr. 4 frá 1980 verði breytt og orðist eingöngu þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi". Þessi lög frá 1980 fjalla um ýmis atriði Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, m. a. um verðjöfnunardeild hans, og í 7. gr. laganna segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til afla sem landað er á árunum 1980 og 1981." M. ö. o., þótt lögin séu í fullu gildi, þá er í raun og veru fallin niður heimild fyrir verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs til að greiða á afla sem landað er eftir 1981.

Það verður að segjast eins og er að þetta hefur farið fram hjá mönnum bæði í stjórn Aflatryggingasjóðs og í

sjútvrn. Er nauðsynlegt að leiðrétta þetta, enda hefur enginn aðili gert ráð fyrir því að inn í deildina streymdu tekjur en ekki væri heimilt að greiða úr henni, eins og þetta er í raun og veru nú. Lagt er til að úr þessu verði bætt með því að fella niður síðari hluta 7. gr., sem ég vísaði til áðan og fjallaði um að ákvæði laganna taki til afla er landað var á árunum 1980 og 1981.

2. gr. frv. fjallar um breytingu á lögum, sem sett voru í fyrra, eftir að hér var fjallað um það á tveimur þingum, og er um greiðslu bóta til grásleppuveiðimanna þegar um aflabrest verður að ræða. Í 2. gr. laganna frá 1982, 1. mgr., segir svo: „Ef afli grásleppubáts er minni en 10 tunnur eða tilsvarandi samanlagt andvirði grásleppuafurða, verður ekki um bótaskyldu að ræða.“ Ég vil geta þess, að þetta var að sjálfsögðu sett til að koma í veg fyrir að bótaskylt yrði til aðila er stunda grásleppuveiðar nánast sem gaman. Nú er hins vegar komið í ljós að aflabrestur er svo mikill fyrir Norðurlandi mest öllu, að fjölmargir grásleppukarlar, sem stunda grásleppuveiðar jafnvel sem aðalbúgrein eða a. m. k. aukabúgrein, fá ekki bætur ef þetta ákvæði stendur óbreytt.

Ég get getið þess sem dæmis, að grásleppukarl einn á Skagaströnd, sem stundað hefur þessar veiðar árum saman, fékk í sumar 29 grásleppur í 29 róðrum. Svo mikill var þessi aflabrestur.

Því er lagt til að greinin hljóði þannig: „Ef afli grásleppubáts er minni en 10 tunnur eða tilsvarandi samanlagt andvirði grásleppuafurða, verður ekki um bótaskyldu að ræða, nema um mjög alvarlegan aflabrest á bótasvæði sé að ræða, og sannað sé að viðkomandi hafi stundað veiðarnar sem aðalstarf eða aukabúgrein.“ Um þetta er fullt samkomulag við Félag grásleppuframleiðenda og sömuleiðis við formann stjórnar Aflatryggingasjóðs.

Þess skal getið í þessu sambandi, að ákveðið er að bæta aflabrest þann sem varð í sumar á þessu svæði. Ekki liggja fyrir endanlegar upplýsingar um hve mikill þessi aflabrestur er í krónum talið, en líklega gæti það numið um það bil 1 millj. kr.

Þá er í 3. gr. frv. lagt til að fella saman hin fjölmörgu lög, sem samþykkt hafa verið sem breytingar á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gefa þau út þannig breytt í einum lagabálki. Það er orðið mjög tímabært og hefði reyndar þurft að gerast fyrr.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja um þetta frv. og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Tollskrá, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Rétt í lok síðasta Alþingis flutti ég þetta frv. og er það raunar lítið breytt frá því sem þá var nema að því er varðar 2. gr. frv., þar sem tekin eru upp tvö ný tollnúmer.

Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt um kemur það greinilega fram í skýrslu starfsskilyrðanefndar að landbúnaðurinn býr að sumu leyti við verri viðskiptakjör er varðar tollamál en aðrir atvinnuvegir og raunar líka fleiri gjöld af sama toga spunnin. Þetta frv. miðar að því að gera aðstöðu landbúnaðarins sambærilega við aðra atvinnuvegi að því er þetta varðar.

Meginárif þessa frv., ef að lögum yrði, kæmu fram í því að hafa áhrif til lækkunar á fjármagns- og framleiðslukostnaði búvara og þannig yrðu þau áhrif jafnframt jákvæð fyrir hina almennu verðlagsþróun í landinu. Að vísu eru þessi áhrif smá í sniðum, því að hér er ekki um stórar upphæðir að ræða. Það er hins vegar athyglisvert, þegar litið er yfir tollskrárnúmerin og þau síðan borin saman við þær upphæðir sem gefnar eru upp við hvert og eitt þeirra í grg. frv., að það eru vissir liðir sem þarna eru langstærstir í sniðum og þá einkum þeir sem lúta að innflutningi á heyvinnutækjum, rakstrarvélum, múgavélum, áburðardreifurum, dráttarvélum og öðrum slíkum, sem bændunum eru alveg lífsnauðsyn til að geta endurnýjað tækjabúnað sinn svo að hann haldist í eðlilegu horfi. Þar af leiðandi mundu þær breytingar sem leiddu af samþykt þessa frv. hafa einnig að því leyti jákvæð áhrif að það auðveldaði bændum að endurnýja sinn tækjabúnað og það mundi hafa nokkur áhrif til jöfnunar innan bændastéttarinnar að því er þessi mál varðar líka.

Málið er svo auðskilið að ég sé ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð að þessu sinni. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að gera tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og þá væntanlega fjh.- og viðskn., þótt ég geri mér reyndar ljóst að það hefði verið betur komið í landbn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af frv. þessu.

Mér þykir það fullrar athygli vert og vænti góðrar skoðunar þess í nefnd, jafnvel þó fjh.- og viðskn. sé, og jákvæðrar afgreiðslu þar, því þó að landbn. sé ágætis nefnd er fjh.- og viðskn. það ekki síður, þó hún fái kannske öllu flóknari mál og viðameiri til meðferðar.

Raunar vildi ég taka það fram í sambandi við þetta, að það er fjölmargt í tollalögum okkar sem þyrfti að endurskoða. Það er nú einu sinni svo, að ef maður fer að glugga í þau mál eitthvað er þar slíkur frumskógur á ferðinni að engu tali tekur. Sannast sagna rekur maður sig þar oft á margt undarlegt, sem áreiðanlega er í miklu innbyrðis ósamræmi og mótsagnakennt í hvívetna, þar sem hlið við hlið eru vörur, sem eru miklar nauðsynjavörur, undir sama tollskrárnúmeri og svo aftur vörur, sem hreinlega hljóta að teljast lúxusvörur. Ég geri mér grein fyrir því, að það er mikið verk og vandasamt að endurskoða þessi tollalög og það er erfitt að fullnægja öllu réttlæti þar þegar svo viðkvæm mál eru á ferðinni.

Hér í þinginu koma öðru hvoru upp mál af þessu tagi og þá er það kannske hending ein sem ræður því hvar niður er borið. Oftast nær held ég að ástæðan sé sú, að menn hafa rekið sig óþyrmilega á þetta, annaðhvort sjálfir eða fengið um það ábendingar frá ákveðnum félagasamtökum eða aðilum er hafa rekið sig þar á óhæfu. Ég bendi t. d. á, þó að það sé óskylt mál þessu út af fyrir sig, snertir það tollskrána, tolla á ýmis þau bráðnauðsynlegu tæki sem öryrkjar og eldra fólk þurfa sér í lagi á að halda. Þar hefur verið á mörgum sviðum um hátollavörur að ræða, sem auðvitað er óhæfa með öllu, en mál sem hafa komið inn á það hafa runnið í gegnum þingið og tollskráin fengið sína leiðréttingu sem betur fer því að

þm. eru réttsýnir þegar á þetta er beinlínis bent og menn sjá þarna hrópandi ósamræmi.

Varðandi þetta sérstaka mál, sem hér er flutt og snertir eina atvinnugrein, er það auðvitað mála sannast að milli atvinnugreina er talsverður mismunur í tollamálum. Reyndar er líka oft illskiljanlegt ósamræmi innan sömu atvinnugreinar og sums staðar þannig ranglæti að illt er við að una og menn hafa á bent.

Hv. flm. er nú öðrum betur kunnugur þessu úr sínu starfi hvað landbúnaðinn varðar og ég vil gjarnan leggja honum lið með ákveðna leiðréttingu á þessu og mun leita eftir stuðningi ráðuneytis og ráðh. við að úrbætur fáist svo sem frekast er unnt. Ég ræddi þetta mál um svipað leyti og það kom fram á Alþingi í fyrra við hæstv. fjmrh., sem var nú rétt í lok þingsins þá eins og hv. flm. kom inn á, og þykist mega fullyrða að hann hefur á þessu fullan skilning, þó að ekki hafi verið þarna úr bætt. Ég vænti þess því, að fjh.- og viðskn., sú ágæta nefnd, fái nokkurt liðsinni til leiðréttinga, ef svo sýnist þeim góðu mönnum sem þangað koma frá fjmrn. við umfjöllun um málið, þó ég vilji ekki á þessu stigi fullyrða þar um of.

Ég get hins vegar tekið undir rökstuðninginn sem fylgir þessu máli og vænti þess að málið fái á einhvern hátt sem farsælastar lyktir, því að tekjutapið, eins og réttilega er á bent, er svo hverfandi að ekki ætti það að standa í vegi. Að vísu getur það verið nokkurt mál fyrir bændur að lagfæring verði gerð, en fyrst og fremst veldur þetta tollamál mönnum vissri gremju, því að bæði er tekjutapið fyrir ríkissjóð og eins flestir aðrir þættir málsins svo lítið mál að það er í raun og veru sjálfsagt að fá á því nauðsynlega leiðréttingu.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir með flm. þessa frv., að það er æskilegt og nauðsynlegt að reyna að létta gjöldum af atvinnurekstrinum. Það var einmitt þetta sjónarmið sem hafði þau áhrif, þegar frv. um tollskrá var hér til umr. í Ed. árið 1976, að við meðferð málsins í fjh.- og viðskn. þessarar deildar voru gerðar mjög miklar breytingar á tolli á margvísleg landbúnaðartæki, eins og m. a. þau sem hér eru upp talin. Þegar frv. var lagt fram hér fyrir þessa hv. deild þá var gert ráð fyrir miklu hærri tolli á margvíslegar rekstrarvörur landbúnaðarins, en við meðferð málsins í fjh.- og viðskn. var fallist á þau rök sem borin voru fram um að nauðsyn væri að lækka þetta og það fékkst niður í það mark sem hér er talið upp, en lengra var þá ekki hægt að komast. Eins og sést á útreikningi í grg. frv. er þarna ekki orðið um stóra upphæð að ræða, skiptir ríkissjóð ekki miklu, og miðað við þann mikla mun sem varð á þessu við breytingarnar þá er ekki heldur um háar upphæðir að ræða fyrir landbúnaðinn, en þrátt fyrir það vil ég taka undir að að þessu þarf að stefna.

Ég vil einnig benda á að það getur farið svo, að rekstrarvörur, sérstaklega ef það er um nýjar tegundir að ræða, lendi í miklu hærri tolli en þó hér er upp talið. Mér dettur aðeins í hug, því ég hef fengið nýlegt dæmi um það, nýtt íblöndunarefni við votheysgerð, sem ekki hefur verið flutt áður inn í því skyni. Það lendir í mjög háum tollflokki vegna þess að það hefur ekki áður verið talið þarna koma til greina og hefur því ekki verið sett annars staðar. Vitanlega erum við alltaf að fá ýmsar nýjar rekstrarvörur og þá verður að gæta þess að þar verði breytt til svo að tollur verði ekki óeðlilega hár.

Ég vil sem sagt taka undir þá stefnu, sem fram kemur í þessu frv., að létta gjöldum af rekstrarvörum landbúnaðarins og vænti þess að viðhorfið sé enn óbreytt í fjh.- og viðskn. þessarar deildar frá því sem var 1976, þegar hún gerði stórfellt átak til að breyta í betra horf.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hefði e. t. v. getað sparað mér sporin í þennan ræðustól. Hins vegar taldi ég mér skylt að koma hingað þegar þráfaldlega var minnst á fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, en svo vill til að ég á sæti í þeirri ágætu nefnd.

Ég held að ég megi fullyrða að fjh.- og viðskn. muni taka þetta frumvarp, sem hér er til umræðu, til vinsamlegrar athugunar. Mín skoðun er sú, og hún fellur nákvæmlega saman við þá skoðun sem hér hefur verið látin uppi af hv. ræðumönnum, að það er alltaf af hinu góða að létta af atvinnurekstrinum ýmsum gjöldum, sem á hann eru lögð, og ekki síst þegar um er að ræða álagningu tolla. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, ég er þeirrar skoðunar enn, að við eigum eftir því sem frekast eru tök á að lækka rekstrarkostnað, ekki aðeins með lækkun tolla heldur með margvíslegu öðru móti.

Það er ekki tími hér til þess að fara út í að ræða eða gera samanburð á starfsskilyrðum atvinnuvega. Það er rétt, sem hér er vikið að í frv., að landbúnaðurinn keppir ekki við innfluttar vörur beint, samkynja vörur. Að vísu eru landbúnaðarvörurnar að sjálfsögðu í óbeinni samkeppni við ýmsar innfluttar vörur, því að neyslusviðið færist mjög mikið út, ekki síst hin síðari ár.

Við umfjöllun um frv. í nefndinni geri ég ráð fyrir að við njótum upplýsinga frá fjmrn. Það kann að vera að það séu einhverjir fleiri vöruflokkar sem eðlilegt væri að taka hér með ef til kemur afgreiðsla á þessu frv. Hins vegar er það venjan, að nefndir skoða frv. einar og sér og í mörgum tilfellum án sérstaks atfylgis eða stuðnings hinna margvíslegu rn. þannig að frv. mun fá skoðun.

Sem betur fer hafa átt sér stað viturlegar leiðréttingar á tollskránni á undanförnum árum og alltaf eru að koma fram þreifingar í þá átt og er það af hinu góða.

Tekjutap ríkissjóðs eins og hér kemur fram og ég vonast til að sé rétt með farið er mjög óverulegt. Ég held því að menn hljóti að verða sammála um að ríkissjóðurinn fari ekki á hvolf þótt menn gengju til þess verks að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég á ekki annað erindi hingað upp í þennan virðulega ræðustól en þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur hér fengið, sem ég met ákaflega mikils, og þann stuðning og fyrirheit sem menn hafa hér gefið um, að um málið verði fjallað í fyllstu alvöru í fjh.- og viðskn.

Ég held að ég segi ykkur það, sem flaug í huga minn áðan, þegar ég hlýddi á þessa þrjá íslensku bændur, sem gengu hver á eftir öðrum upp í ræðustólinn, að kannske mundi þessu Alþingi ekki ljúka svo að menn gætu ekki sameinast um að koma einhverju gagnlegu máli í framkvæmd fyrir íslenskan landbúnað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Flm. (Níels Á. Lund): Herra forseti. Á þskj. 73 hef ég leyft mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. að leggja fram frv. um breyt. á lögum nr. 53 frá 1966, með síðari breytingum, um vernd barna og ungmenna. Hér er lagt til að lögunum verði breytt á þann hátt að ungmennum fæddum á sama ári verði ekki mismunað hvað varðar aðgang að opinberum skemmtunum. Frv. er svohljóðandi:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:

Með börnum er samkv. lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára, sbr. ákvæði 1. mgr. 43. gr. þessara laga.

2. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. þessara sömu laga komi eftirfarandi viðbót:

„Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag."

Þessu lagafrv. vil ég leyfa mér að fylgja nokkuð eftir með eftirfarandi grg.:

Frá því að lögin voru samþykkt á Alþingi 1966 hefur aðgangur að opinberum skemmtunum verið miðaður við fæðingardag viðkomandi, en ekki fæðingarár svo sem nú er lagt til að gert verði. Þessi viðmiðun er ákaflega ranglát og erfið í framkvæmd, auk þess sem hún hefur oft kallað á tilraunir til þess að komast inn á þessar skemmtanir á ólöglegan hátt.

Rétt er að benda á eftirfarandi í því sambandi:

Löggjafinn gerir m. a. ráð fyrir því í lögum nr. 63 frá 1974, grunnskólalögunum, að þessir unglingar eigi sama rétt og sömu skyldur, og er skólanum skylt að leggja fyrir þá sama námsefni hvort sem viðkomandi er fæddur fyrst í jan. eða síðast í des. Þar af leiðir að lögin hljóta líka að gera ráð fyrir að þeir hafi líkan þroska, bæði andlegan og líkamlegan. Að sjálfsögðu eru á þessu undantekningar, svo sem hv. þdm. vita, en almenna reglan er sú, að aldursárgangur séu samhópa í skóla.

Af þessu leiðir m. a. að unglingar hafa í flestum tilvikum valið sér félaga innan síns bekkjar eða hóps án tillits til þess, hvenær árs þeir eru fæddir, og með því að miða við fæðingardag þegar um skemmtanir er að ræða er verið að sundra félagshópum, sem ekki er æskilegt.

Þessi aðskilnaður er mjög óæskilegur og geta afleiðingar hans verið ófyrirsjáanlegar, og dæmi eru um að þeir unglingar, sem fyrir utan samkomuhúsin eru og hafa verið skildir frá hópum, leiðist til meiri óreglu og séu jafnvel verr á sig komnir en þeir sem komast inn. Þessi sundrun félagshópa er því mjög varhugaverð, að mínum dómi, og hlýtur að skapa fleiri vandamál en hún leysir.

Mjög erfitt er fyrir forráðamenn skemmtana að framfylgja núgildandi reglum þar sem ásókn jafnaldra er mikil í að sækja skemmtanir saman, og hefur þetta misræmi á aldursgreiningu orðið þess valdandi, að unglingar hafa reynt að komast inn á skemmtanir á ólöglegan hátt, m. a. með fölsun á nafnskírteinum. Af þessu hefur það svo leitt, að á mörgum stöðum hefur í reynd verið farið eftir fæðingarári en ekki fæðingardegi þegar aldur er metinn.

Við gerðum nokkra könnum á þessu máli og hvernig þessu er hagað í framkvæmd víðs vegar á landinu. Ég hafði samband við sýslumannsembættin á landinu og í svörum þeirra kemur fram að mjög er mismunandi hvernig lögin eru í framkvæmd hvað þetta atriði varðar. Í þremur sýslum er alfarið miðað við fæðingarárið þegar aldur er metinn, þ. e. ungmenni fædd 1966, svo að tekið sé dæmi, hafa verið talin 16 ára frá ársbyrjun 1982, hvenær svo sem ársins þau eru fædd. Í fjórum sýslum er undantekningarlaust aftur á móti miðað við fæðingardag viðkomandi. Hefur því unglingum fæddum í byrjun ársins 1966 verið heimilt að sækja skemmtanir, sem hafa verið bannaðar yngri en 16 ára á þessu ári, en þeim sem aftur á móti verða ekki 16 ára fyrr en seinna á þessu ári hefur verið meinaður aðgangur að sömu skemmtunum. Á öðrum stöðum var nokkuð óvíst hvernig farið hefur verið að, en öllu fremur hefur þó verið miðað við fæðingardag svo sem gert er ráð fyrir samkv. núgildandi lögum. Í einu lögsagnarumdæmi er lögreglusamþykktin á þann veg, að miðað er við fæðingardag til 1. maí, en eftir það er miðað við fæðingarárið. Af þessu má glöggt sjá, herra forseti, að framkvæmd þessara laga er mismunandi í landinu, sem ekki er eðlilegt, en stafar af því hversu núgildandi lög um þetta atriði eru erfið í framkvæmd og oft og tíðum ranglát.

Herra forseti. Með þessari lagabreytingu er ætlunin að einfalda og leiðrétta lögin sem um þetta mál fjalla. Það er álit flm., að sú breyting sem lagt er til að gerð verði á þeim eigi fullkomlega rétt á sér og vona ég að hv. þdm. séu sama sinnis og hraði afgreiðslu þessara mála.

Að loknum þessum umr. óska ég þess, að málinu verði vísað til hv. menntmn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa stuðningi við þetta mál. Það lætur lítið yfir sér, en það getur valdið því að þeir menn sem þurfa að gæta samkomuhúsa verði ekki fyrir því ónæði og þeim erfiðleikum sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum vegna þess fyrirkomulags sem nú ríkir með aðgang barna og unglinga að opinberum stöðum, m. a. félagsheimilum, kvikmyndahúsum og öðrum slíkum stöðum. Þessi brtt., sem hér liggur fyrir í lagafrv., er mjög mikils virði og getur komið þessu máli í mun skárra horf en það var. Ég styð þessa till.

Flm. (Níels Á. Lund): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Gunnarssyni fyrir þær undirtektir sem þessi brtt. fékk hjá honum og vil ég aðeins bæta því við að þetta mun ekki leiða til aukins kostnaðar fyrir hið opinbera og vil enn undirstrika þá ósk mína að máli þessu verði hraðað í gegnum nefnd og verði afgreitt frá hv. Alþingi sem fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Lokunartími sölubúða, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir 4. máli á 105. löggjafarþingi, frv. til l. um lokunartíma sölubúða. Flm. eru auk mín hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Magnús H. Magnússon, Jón Baldvin Hannibalsson, Árni Gunnarsson, Sighvatur Björgvinsson og Karvel Pálmason. Þetta frv. hefur efnislega shlj. verið flutt einu sinni áður, þ. e. á síðasta þingi. Þá féll það og þá voru flm. auk mín hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Árni Gunnarsson.

Þetta frv., herra forseti, er ákaflega einfalt í sniðum. Þannig er, að í lögum sem standa frá 1936 og standa raunar allar götur síðan 1917 að efni og stofni eru ákvæði sem heimila sveitarstjórnum að setja boð og bönn um hvernig verslanir skuli vera opnar eða lokaðar. Í raun hefur þetta komið þannig út, að sveitarstjórnir, — ég nefni sveitarstjórnir í mínu kjördæmi Reykjavík, sem hefur verið með einni undantekningu, eitt kjörtímabil, um áratuga skeið skipuð meiri hl. eins stjórnmálaflokks, þ. e. Sjálfstfl., — hafa sett mjög skýr og hamlandi ákvæði um það, með hverjum hætti verslanir skuli vera lokaðar. Ég þarf ekki að segja það neytendum t. d. á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Við þurfum ekki annað en horfa á bílastrauminn frá Reykjavík og út á Seltjarnarnes, a. m. k. á hverjum laugardegi, þar sem fólk er að versla sem af einhverjum ástæðum hefur ekki komið því við fyrr, en er auðvitað í sínum fulla rétti með það og öðrum kemur það ekkert við.

Það er, herra forseti, staðreynd um það þjóðfélag sem við lifum í að á munstri þess hafa verið að eiga sér stað verulegar breytingar. Við einhver ákveðin aldursmörk, ég vil ekki segja hvar nákvæmlega, er það svo, m. a. vegna efnahagsástæðna, — það er auðvitað hver maður í sínum fulla rétti að dæma og meta hvað hann vill og hvers hann getur aflað sér og sínum, — að það þykja ekki mannsæmandi kjör nema bæði hjóna eða fólk í sambýli vinni utan heimilis, sé um slíkt að ræða. Þetta hefur auðvitað gerbreytt háttum í samfélaginu og þessi staðreynd, þó ekki kæmi annað til, æpir á nauðsyn þess að þessari heimild til þvingunarreglna settum af sveitarstjórnum sé aflétt. Fyrir þessu má hafa mörg fleiri rök.

Það hlýtur þó að vekja pólitíska athygli með hverjum hætti atkv. skiptust hér á 104. löggjafarþingi, þegar atkv. um þetta voru greidd. En í grófum dráttum, þó svo menn hafi hagsmuni verslunarfólks sífellt á orði í þessum efnum, greiða þeir atkv. með frv. af þessu tagi sem skilgreindir eru til vinstri vítt og breitt á sviðinu, og ég hef alla fyrirvara á því að öðru leyti. Þeir sem skilgreindir eru til hægri, og ég hef enn alla fyrirvara á þessari orðanotkun, sem auðvitað er að mörgu leyti mjög villandi, greiða atkv. á móti. Þeir vilja þvinganir, þeir vilja boð og bönn. Frelsishetjurnar í héraði eru boða- og bannamenn á Alþingi. Og hverju skyldi það sæta?

Sem fskj. nr. 2 með þessu frv. er birt greinargerð sem Kaupmannasamtök Íslands sendu þeirri hv. nefnd sem um málið fjallaði á s. l. þingi, þ. e. allshn. Nd. Hún óskaði auðvitað eftir umsögnum hagsmunaaðila, svo sem henni er bæði rétt og skylt, og Kaupmannasamtökin sendu álit sitt. Nú er ekki frelsisviljanum fyrir að fara. Þeir segja m. a.:

„Eins og aðrar starfsstéttir á það fólk, sem vinnur verslunarstörf, fullan rétt á að skynsamleg löggjöf sé í gildi um atvinnu þess.“

Þetta er auðvitað rangt, út í hött. Vitaskuld mun öll almenn löggjöf eftir sem áður — og margt er í löggjöf; orlofsmál, eitt og annað, — eiga við um verslunarfólk eins og allar aðrar starfsstéttir. Það sem verið er að leggja til er að sérlög um verslunarfólk séu afmunin.

Það er einkennilegt, að þeir sem mótmæla þessu af mestri hörku eru Kaupmannasamtök Íslands með hagsmuni starfsfólksins á vör. En er það nú víst að þeir tali satt og rétt, að það séu raunverulega hagsmunir starfsfólksins sem þeir eru að tala um?

Þeir segja áfram, frelsishetjurnar í Kaupmannasamtökunum: „Í öllum nágrannalöndum okkar eru í gildi lög um afgreiðslutíma verslana sem koma í veg fyrir vinnuþrælkun“ — Ég bið herra forseta og þá hv. alþm. sem á mig hlýða að taka eftir hinni marxísku orðanotkun Kaupmannasamtaka Íslands. — „og mismunun á opnunartíma verslana eftir sveitarfélögum.“ En í fskj. nr. 1 er hins vegar samantekt sem gerð hefur verið af Kaupmannasamtökum Íslands um afgreiðslutíma verslana í nokkrum löndum. Kjarni málsins er sá, að þetta er rangt hjá þeim. Í fleiri löndum en ekki eru engin lög. Ég nefni Frakkland, ég nefni jafnaðarmenn í Svíþjóð, sem afnámu þessi haftalög, sem auðvitað kunna að hafa verið sjálfsögð, góð og gild á kreppuárunum, árið 1972. Ég nefni aðeins tvö lönd, en hv. þm. geta kynnt sér fskj. nr. 1. Aths. Kaupmannasamtaka Íslands er því alveg út í hött. Þetta er ekki svona. Og ég ítreka og undirstrika: Jafnaðarmenn í Svíþjóð afnámu lög af þessu tagi 1972 og er augljóst hvernig hin stjórnmálalega skipting er þar í landi og af ástæðum sem auðvitað blasa við hverju barni.

Og þeir halda áfram að segja:

„Kaupmannasamtök Íslands beina því eindregið þeim tilmælum til hv. Alþingis, að sett verði nú þegar lög um afgreiðslutíma verslana, þar sem verslunarfólk verði tryggt gegn óhóflegum vinnutíma og verslun gegn stórauknum kostnaði, sem óhjákvæmilega kæmi fram í hærra vöruverði.“

M. ö. o. eru þeir að tala fyrir hagsmunum verslunarfólksins fyrst og fremst. Og síðan biðja þeir um löggjöf, ekki bara reglugerðarheimildir til sveitarstjórna, sem nú er ótæpilega beitt og nú eru í lögum, heldur um löggjöf, um miklu harðari reglur um hvernig verslunin skuli hegða sér.

Ég vil í framhaldi af þessu, herra forseti, segja nokkur orð um Sjálfstfl. og heimspeki hans.

Sjálfstfl. er auðvitað ekki frjálslyndur flokkur í neinum skilningi þess orðs, og veit ég að hv. 3. þm. Sjálfstfl. í Reykjavík mun koma hér í ræðustól á eftir og viðurkenna það karlmannlega. Sjálfstfl. er auðvitað ekki frjálslyndur flokkur. Sjálfstfl. er hagsmunabandalag hafta hvenær sem þau eiga við. Sjálfstfl. stóð auðvitað ekki að afnámi haftanna í upphafi viðreisnar. Halda menn að stórkaupmennirnir í Reykjavík, fjölskyldurnar sem höfðu höftin og innflutningsleyfin, hafi viljað afnema þau? Vitaskuld er sú saga með allt öðrum hætti og miklu flóknari. Sama á við í málum eins og vaxtamálum og sama á við mál eins og opnunartíma sölubúða.

Þetta hagsmunabandalag gengur auðvitað blint erinda hinna stærri kaupmanna. Það er svo augljóst að það blasir við hverju barni að hér er verið að flytja mál sem er um hagsmuni kaupmannsins á horninu, sem kallað er, gegn hinum stærri kaupmönnum og mér er það mætavel ljóst og dreg á það enga dul. Vitaskuld stenst hinn smái

kaupmaður ekki samkeppni í þjóðfélagi sem stöðugt verður hraðara og tæknivæddara. Hann býður annars konar þjónustu og sumpart er hún dýrari, það er alveg rétt, þessi litlu fjölskyldufyrirtæki t. d. Svarið er þá, að þeir geta veitt þjónustu á öðrum tímum, sem einnig hentar neytendum. — Ég endurtek og undirstrika: sem einnig hentar neytendum. Það er þetta sem er kjarni málsins. Og ég veit að hv. þm. Sjálfstfl. munu, sem venjulega þegar svona mál ber á góma, setja hausinn ofan í bringu og hendur upp í loft og greiða atkv. á móti og fella frv. Það eru þeirra ær og kýr og þeirra regla. (Gripið fram í.) Nei, og ég á eftir að koma að ykkur, hv. þm.

Kjarni málsins er sá í máli sem þessu, að þetta haftabandalag í hugarins málum og í stjórnmálum gengur vitaskuld erinda hinna stærri kaupmanna og vitaskuld er frelsi þeirra hvergi orðað nema heima í héraði og í forustugreinum í Morgunblaðinu. Þau fjögur ár sem ég hef starfað hér á Alþingi hef ég séð þessa sveit birtast sem óvini frelsis hins smáa í hverju málinu á fætur öðru. Þetta er táknrænt mál um það hvernig Sjálfstfl. er í raun og veru sem klassískur frjálslyndur flokkur, eins og hann var að hluta til um skeið, handónýtur, liðónýtur, vegna þess að hann er auðvitað hagsmunabandalag þeirra sem yfir miklu kapítali ráða. Það er svo einfalt. **(Gripið fram í:** Hvenær varð hann frjálslyndur?) Hvenær? Sumpart á tíð Jóns Þorlákssonar. (Gripið fram í.) Já, svoleiðis.

Það er þetta sem er kjarni málsins. Ef við hönnuðum betra fjölmiðlakerfi, ekki svona niðurnjörvað flokksblaðakerfi, endurtökum ekki þá hörmungarsögu sem gerðist með sameiningu síðdegisblaðanna og höfum ekki svona valdnjörvað ríkisfjölmiðlakerfi, sem auðvitað eltir valdið í hvaða mynd sem það birtist, mundi þjóðin vita meira um hvers konar flokkur Sjálfstfl. er, t. d. í smærri málum af því tagi sem hér er verið að reifa. En valdhlýðnin sem hér lekur um salina, sem lekur út yfir fjölmiðlakerfið allt, heldur blekkingunum uppi um að þetta sé frjálslyndur flokkur almennra leikreglna fyrst og fremst, sem auðvitað er ekki og hefur aldrei verið.

Þetta litla mál, sem auðvitað er lítið samanborið við það að sérhvert barn í landinu skuldar 4 þús. Bandaríkjadali, það skal viðurkennt að það er lítið andspænis slíkum málum, segir mikla sögu. Það er það sem er kjarni málsins að það segir fyrst og síðast söguna af hinu ónýta hagsmunabandalagi kapítalmannanna í landinu, sem aldrei hefur beðið um almennar leikreglur nokkrum manni til handa, heldur berst um á hæl og hnakka í hagsmunaskyni fyrir örfáa aðila, einokun hér, einokun þar, kröfuna um að hlýtt sé örfáum stærri kaupmönnum og stórmörkuðum þegar minni maðurinn í þessum viðskiptum óskar eftir frelsi sér til handa.

Jónas Kristjánsson, leiðarahöfundur Dagblaðsins, skrifaði ágætan leiðara um svona mál eitthvert vorið, þegar þjóðfélagið var að fara á aðra röndina í deilum um hvernig í þessum efnum ætti að hegða sér, og hann sagði: Þetta eru deilur milli lata kaupmannsins og duglega kaupmannsins. — Ég vil taka undir það. Af hverju má sá sem nennir að hafa opið ekki hafa opið? Af hverju má sá sem nennir að versla til kl. 11 ekki versla kl. 11? Af hverju má sá sem er að vinna til miðnættis og vill versla það ekki? Leyfum fólkinu að velja sjálft, ef það vill. Ef kaupmaðurinn vill versla, þá versli hann. Ef ég vil versla við hann má ég versla við hann. Ég vil ekki að hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, eða hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, eða hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, segi mér hvenær ég á að versla. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Annar kapítuli þessarar sorgarsögu, herra forseti, er framkoma þeirra sem stundum hafa réttilega verið kallaðir verkalýðsrekendur í þessu máli. Þannig er, herra forseti, að stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem er að minni hyggju ameríska reifaraverkalýðsfélag, hefur ályktað á móti þessu máli. Ég vil, herra forseti, að embætti forseta geti glöggvað sig á hvað er stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Það er nefnilega þannig, að til þess að bjóða fram í stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur þarf að leggja fram lista með 262 nöfnum. Félagið, segir mér hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, telur rúmlega 8 þúsund manns. Ég hélt að það væru 11, en látum það vera. Eins og sést eru þetta ekki beinlínis aðferðir sem stuðla að því að litli maðurinn geti haft áhrif, enda er það svo í stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur að þar hefur verið sjálfkjörið í 30 ár og lái hver litla manninum sem vill.

Það hefur alltaf verið mikill vinskapur, hvernig sem á því stendur, milli stjórnar Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Kaupmannasamtakanna. — Ég tel mig hafa rétt til að tala um þau því að þau hafa heldur betur svarað mér í blöðum og annars staðar. Þetta á að heita níð og rógur og við skulum láta það heita það. — En þetta demókratískasta af öllum demókratískum félögum er á móti þessu líka og segist vera að ganga erinda verslunarfólks. Af einhverjum ástæðum notar þetta félag lífeyrissjóði sína — það tekur 1% af launafólki á mánuði í félagsgjöld í samvinnu við Kaupmannasamtök Íslands — til þess að byggja í Reykjavík einhverja glæsilegustu höll sem þar sést. Í Ameríku þætti þettta þó nokkuð vel af sér vikið og þekkja þeir þó sögurnar tvennar og þrennar.

Það er þetta sem átt er við. Ég leyfi mér því að segja við hv. alþm. að ég tek ekki hið minnsta mark á hvað stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur hefur um þetta mál að ályktа, þar eð ég sjálfur þekki fullt af fólki sem vinnur í verslunum.

Til undirstrikunar því hvílíkt grín þessi ályktun er minni ég á að fleiri eru í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur en fólk sem vinnur í verslunum. Hvað með svokallaðar sjoppur í Reykjavík? Þar er fólk að vinna til kl. hálftólf. Af hverju er þeim ekki lokað kl. 6 með lögum? Þetta held ég að séu hagsmunir einhverra annarra en verslunarfólksins. Hér er fólk að vinna á símum í fyrirtækjum langt fram á nótt í stórum stíl. Af hverju er það ekki bannað? Af hverju heitir það ekki vinnuþrælkun? Fólk vinnur skrifstofustörf og hvað eina.

Nei. Leiðin er auðvitað ekki að setja lög eða reglugerðir sem banna fólki að vinna. Leiðin er sú, að sterkt gott og vandað verkalýðsfélag semji svo vel fyrir sitt fólk að ef það vinnur meira en 8 stunda vinnudag, sem það á auðvitað helst ekki að gera, þá fái það þeim mun betri laun. Þá hugsa báðir aðilar sig tvisvar um. Auðvitað á þetta að gerast í frjálsum samningum frjálsra manna á milli. En málið er sennilega það að ég held að hegðan verkalýðsforustunnar, og þegar ég segi þetta vísa ég í hina dæmalausu ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, sem flutt verður hér á eftir, af því að ég hef heyrt hana margoft áður, að hegðan heiðarlegs verkalýðsforingja, eins og 7. þm. Reykv. vissulega er, stafi af því að hann veit hversu veikt félag Verslunarmannafélagið er og hann treystir því ekki til að semja fyrir sína

umbjóðendur. Þess vegna kýs hann að vernda fólk með löggjöf, jafnvel þó að það sé beinlínis gegn hagsmunum þess, því að það hendir á öllum heimilum að stundum vantar fólk peninga og vill gjarnan vinna yfirvinnu af því að það er að fjárfesta í einhverju fyrir sig, börn sín eða einhvern. Af hverju eigum við að banna slíkt? Menn eiga að vera frjálsir að því sem þeir segja og þeir eiga að vera frjálsir að því sem þeir gera. Og af hverju rýkur allt í einu verkalýðsforustan upp, drengilega studd af Kaupmannasamtökum Íslands, og heimtar sérstök lög fyrir það fólk eitt sem afgreiðir í ákveðnum tegundum verslana, hefur ákveðnar tegundir verslana? Svokallaðar sjoppur eru líka verslanir — eða af hverju kemur þá ekki hv. 7. þm. Reykv. og flytur um það frv. að sjoppum skuli lokað kl. 6 til að vernda fólkið? Það er þetta, herra forseti, sem mér finnast vera aðalatriði þessa máls.

Í röksemdum mínum hef ég annars vegar verið að svara hinum dæmigerðu röksemdafærslum hv. þm. Sjálfstfl. gegn svona máli og að hinu leytinu til hef ég verið að svara dæmigerðum röksemdafærslum sjálfskipaðra eigenda virðulegustu félagsmálahreyfingar í landinu. Ég fullyrði, herra forseti, að að þessu leytinu til eru þeir ekki að tala í nafni fólks. Röksemdafærslu svokallaðra verkalýðsforingja í þessu máli má rekja til þess, að félagskerfið í hreyfingunni er ægilega skakkt og það hefur valdið þessu samfélagi vonbrigðunum mörgum og óþægindunum mörgum, og þegar forustuíhaldið í verkalýðshreyfingunni stendur upp og flytur sömu ræðurnar ár eftir ár um þetta mál fullyrði ég að hér sé skakkt félagskerfi að þvælast fyrir framförum eina ferðina enn.

Ég nefni enn og aftur, herra forseti, að jafnaðarmenn í Svíþjóð ákváðu árið 1972 að verslunartími skyldi vera frjáls og margt hefur þeim verið brugðið um, en að þeir gangi gegn hagsmunum launafólks mun ég þó ekki hafa heyrt fyrr en nú.

Um þetta mál, herra forseti, mætti auðvitað hafa miklu lengra mál og ég segi enn og aftur að mér er það ljóst, að á þeim tímum sem við lifum á telst þetta mál ekki vera alvörumál af því tagi sem mörg önnur eru, en þetta er hins vegar gífurlegt prinsipmál af þeirri ástæðu einni að menn eiga að vera frjálsir. Samtök manna eiga líka að vera frjáls. Menn og samtök þeirra eiga síðan að semja sín á milli um leikreglur. Þeir eiga sjálfir að bera ábyrgð á því sem samið er um og þeir eiga sjálfir að bera ábyrgð á niðurstöðunum. Ef niðurstöðurnar teljast til mistaka fyrir annan hvorn aðilann semja þeir betur næst. Aðeins þannig myndum við frjálst og gott þjóðfélag. En frjálst og gott þjóðfélag myndum við ekki þannig að hv. þm. meira og minna úr tengslum við það sem þeir eru að gera setji reglur og fyrirskipi eitt og annað, hvernig menn skuli ekki hegða sér, hvernig þeir skuli hegða sér, hvað má og hvað má ekki, hvenær það má og hvenær það má ekki.

Veit ég að menn munu skjóta sér á bak við að þessi lög séu aðeins heimildarákvæði sem heimili sveitarstjórnum. Reynslan er sú, að sveitarstjórnir verða býsna djarfar. Vegna þess að um er að ræða hugmyndir eða löggjöf sem gangi í átt til rýmkunar eða frelsis er betra að sá aðilinn sem er fjær ákvarðanasviðinu taki slíkar ákvarðanir. Þegar menn eru komnir nær, þegar menn eru komnir í sveitarstjórnirnar sjálfar, er málum öðruvísi farið. Þá er auðvitað líklegra að menn láti undan nánum hagsmunum. Og hvað hefur gerst í borgarstjórn Reykjavíkur? Vitaskuld hefur borgarstjórnar-Sjálfstfl. látið undan umbjóðendum sínum, stærri kaupmönnum, og sett strangar reglur. Það er málið. Samtrygging verkalýðsforingjanna og Sjálfstfl. í þessu máli er svo dæmigerð.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, vegna þess að hér er rætt um einkaleyfi, um höft og pólitíska misbeitingu, segja hv. alþm. dæmisögu. Árið 1978 voru borgarstjórnarkosningar í Reykjavík, og guði sé lof að þá komst að vinstri meirihluti í Reykjavík. Vita menn að borgarstjórnarfrelsishetjurnar sem áður höfðu starfað neituðu nema einum manni um leyfi til að selja pylsur í miðbænum? Það var einokun á pylsusölu í miðbænum í Reykjavík og það þurfti vinstrimeirihl. til að verða við því sjálfsagða réttlætis- og frelsismáli að fleiri aðilar fengju að selja pylsur. Frjáls verslun í litlum einingum fór fyrst að blómstra í miðborg Reykjavíkur þegar vinstri menn komust til valda. Þetta segir sögu um einokun. Þetta segir sögu um valdbeitingu, þetta segir sögu um höft, þetta segir sögu um hugmyndir, sem eru andstæðar frelsi, en í þágu hagsmuna fárra aðila. Þannig flokkur, herra forseti, er Sjálfstfl. Þannig koma fram of margir forustumenn í verkalýðshreyfingunni, því er nú verr og miður, herra forseti.

Þetta frv. er tilraun til að gera uppreisn gegn slíkri valdbeitingu, til að undirstrika að fólkið, hvort sem það á litlar verslanir eða þarf að versla, fái að ráða því sjálft hvenær það fær að versla. Og það, herra forseti, er allt og sumt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Vilmundur Gylfason kveðst kunna mína ræðu utanbókar, sem ég mun flytja hér á eftir. Ég held að ég hafi sagt nokkur orð um þetta mál í fyrra, en er enga samantekt með í því efni.

Ég ætla ekki að fara út í umr. um Sjálfstfl., hvenær hann hafi verið frjálslyndur og hvenær hann hafi ekki verið frjálslyndur, hvort hann hafi verið frjálslyndur 1920—1926 eða sé það nú o. s. frv. Það er allt annað mál á dagskrá. Það getur þó vel verið að við séum nokkuð sammála um Sjálfstfl., ég og hv. þm. Að vísu held ég að við séum ekki sammála um tímabilið 1920—1926. En sleppum því.

Hér er til umr. að afnema þá heimild sem sveitarstjórnir hafa haft til að setja reglugerð um lokunartíma sölubúða. Sveitarstjórnir hafa haft heimild til að setja reglugerð um lokunartíma sölubúða. Nú er alltaf verið að tala um að dreifa valdi. Af hverju eiga þm. að fjalla um slík ákvæði? Af hverju ekki að láta lokunartíma sölubúða vera á valdi viðkomandi sveitarfélaga? Hver veit nema hv. þm. heimti þrjár pylsusölur á Lækjartorg einhvern tíma á næstunni. Á að fara að eyða tíma Alþingis í þetta? Það er endemis rugl sem þessi hv. þm. tekur upp í sig.

Hvað er það raunverulega sem hér er deilt um? Það er deilt um hvort sveitarfélög eigi að hafa vald til reglugerðarbreytinga, (Gripið fram í.) afnema reglugerð um heimild til að setja reglugerð um lokun. Það kom fram í umr. á síðasta vetri að í Vestmannaeyjum t. d., það upplýsti hv. þm. Suðurl. Magnús H. Magnússon, væri frjáls opnunar- og lokunartími. Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar notfærði sér ekki heimild til lokunar. Við því er ekkert að segja. Það hafa engin mótmæli komið fram frá Vestmannaeyjum og sjálfsagt er atvinnulíf þar þannig að það er eining um þetta. Ekki dettur mér til hugar að fara að skipta mér af því. Hitt veit ég og hef reynslu fyrir

og tel mig hafa töluverða þekkingu á, að þegar það voru fyrir nokkuð mörgum árum, sennilega svona 10 árum, afnumin í Reykjavík heimildarákvæði um lokunartíma verslana, þá voru verslanir opnar meira og minna til miðnættis og vinnudagur verslunarfólks varð óhóflegur.

Þó að hv. þm. hafi sín orð, sem hann má hafa eins og honum sæmir, um Verslunarmannafélag Reykjavíkur, þá segir í greinargerð þess frá því þegar þetta var til umr. hér á þinginu í fyrra: „Upphafið að þessum heimildarlögum, sem fyrst voru sett 1917, var óhóflega langur vinnutími afgreiðslufólks, sem fór eftir opnunartíma verslana." Eðli þessara starfsgreina er þannig, að ef ein verslun fer að hafa opið lengur en aðrar opna aðrir kaupmenn til að tryggja rekstursgrundvöll sinna verslana. Þetta verður keðjuverkandi og leiðir til lengri vinnutíma starfsfólks. Þetta lögmál hefur ekkert breyst síðan fyrstu lögin voru sett. Þetta sannaðist þennan tíma, sem ég nefndi. Það var ekki aðeins hið almenna afgreiðslufólk í stórmörkuðunum, samvinnuverslunum, sem var sprungið á þessu. Það var kaupmaðurinn á horninu líka. Einn hafði opið til 8, næsti hafði opið til 9. Það voru þeir sem voru sjálfir gersamlega að springa því að vinnutími þeirra var í mörgum tilfellum orðinn 16 tímar á dag. Segjum gróft reiknað að það séu um 3000 manns sem vinni við 600—700 verslanir í Reykjavík og þær færu að taka upp vaktaskipti á þessu. Mér finnst 3000 manns nægur fjöldi og fer ekki að setja hann upp í 6 þús. eða við skulum segja 4—5 þús.

Hitt er hins vegar annað mál, að það þarf út af fyrir sig að skoða betur hvort ekki sé þörf á að þessi ákvæði verði rýmkuð frá því sem nú er og það kemur frá þessum frægu Kaupmannasamtökum, sem ég er ekki að gerast talsmaður fyrir. (Gripið fram í.) Nei, ég þykist tala hér fyrir hönd almenns verslunarfólks í þessum efnum og þykist þekkja töluvert þar til. Það má vel vera og er sjálfsagt eðlilegt að þarna sé t. d. einhver sérstök kvöld opið, opnunartíminn sé eitthvað rýmri en er. En við skulum bara láta viðkomandi sveitarfélög sjá um það.

Hvað sem líður Sjálfstfl. og hvað sem líður afturhaldssömum verkalýðsforingjum, hafa flokkar klofnað þegar þetta hefur verið til umr. í borgarstjórn Reykjavíkur, bæði Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl. Út af fyrir sig er ég nokkuð undrandi að borgarfulltrúar Alþb. skuli ganga svona þvert gegn tillögum viðkomandi sveitarfélags.

Það má vel vera, og ég er ekkert að mæla á móti því, að þarna geti verið um einhverja breytingu á verslunartíma að ræða. En ég vil hafa þessi ákvæði í höndunum á viðkomandi sveitarfélögum. Ég vil ekki taka aftur upp það kerfi, sem gilti hér í um það bil þrjú ár, að flestar verslanir voru opnar fram undir miðnætti og jafnvel sumar yfir miðnætti. Það er ekki til bóta og leiðir fyrst og fremst til þess að álagningarkostnaður verður hækkaður, vaktaskipti tekin upp eða margföld yfirvinna verður sett á í hækkandi verðlagi. Ég held þess vegna að þessi lög, sem upphaflega eru frá 1917 og var breytt 1936, eigi fullan rétt á sér.

Ég ætla mér ekki að gerast dómari um hvað sé rétt í Vestmannaeyjum, hvað sé rangt í Vestmannaeyjum, hvað sé rétt á Ísafirði eða Hvammstanga. Viðkomandi aðilar koma sér saman um það. Ég bara veit að hér á Reykjavíkursvæðinu gaf þetta ákaflega slæma raun og lengdi vinnutíma óhóflega og varð m. a. til þess að kaupmenn komu með rökstuddar kröfur um hækkun á álagningu vegna lengri vinnutíma, vegna yfirvinnu og jafnvel vaktavinnu. Ég er algerlega á móti því. Hinu er ég hins vegar með, að lokunartíminn verði í samvinnu þessara aðila, verslunarsamtakanna og borgaryfirvalda, endurskoðaður og ég held að þar sé fullur vilji hjá Verslunarmannafélaginu að njörva hann ekki neitt ákaflega fast niður.

Hins vegar má geta þess, að verslanir eru þrátt fyrir allt með mun rýmri afgreiðslutíma en opinberar stofnanir. Opinberar stofnanir ganga nefnilega fyrir. Þær loka kl. 4 á daginn, jafnvel fyrr, sumar hverjar loka kl. 3. Ég held að það mætti setja einhverjar ákveðnar reglur um það.

Hvað um það. Ég skal ekki tefja umr. Ég skal hvorki fara út í umr. um Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Kaupmannasamtökin, Sjálfstfl. eða frelsið, sem hv. þm. berst fyrir, og ég skal ekki heldur fara út í það hvað marga menn þarf á lista til að bjóða fram í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Ég veit að hv. þm. þarf 24 til að bjóða fram í alþingiskosningum í Reykjavík. Ég vil aðeins segja það, að við skulum hafa þessar heimildir hjá viðkomandi sveitarstjórnum og við skulum ekki vera að þvarga hér um þetta svona, hvorki um einstaka staði, pylsusölur í Reykjavík, né annað þess háttar. Við skulum vísa því til viðkomandi sveitarstjórna.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég undrast þau ummæli hv. 7. þm. Reykv., sem hér talaði fyrir stuttu, að hann vill ekki að Alþingi skipti sér af lokunartíma sölubúða. Það er einmitt það sem það gerir. Það gerir það með því að hafa í gildi lög um lokunartíma sölubúða. Og heimild sveitarfélaga er auðvitað meiri og minni pólitísk afskipti, hvernig sem við viljum á það líta.

Það hefur óneitanlega valdið okkur nokkurri undrun, flm. þessa frv., hve talsmenn hinnar frjálsu samkeppni í landinu hafa brugðist ókvæða við frv. til l. um að leggja í hendur kaupmanna sjálfra og samtaka þeirra hvernig lokunartíma sölubúða skuli háttað. Umsögn Kaupmannasamtaka Íslands, sem hér er birt á þskj. 4, er svo full af mótsögnum að undrum sætir. Þar segir t. d. með leyfi forseta: „Eins og aðrar starfsstéttir á það fólk sem vinnur verslunarstörf fullan rétt á að skynsamleg löggjöf sé í gildi um atvinnu þess." Mér er ekki kunnugt um að aðrar starfsstéttir hafi um atvinnu sína lög sem banna þeim fyrirtækjum sem þær vinna hjá að hafa opið á ákveðnum tíma. Hins vegar eru í gildi lög nr. 46 frá 1980 fyrir allar starfsstéttir sem heita „Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað." Í IX. kafla þeirra laga, sem fjallar um hvíldartíma og frídaga, eru ákvæði um að launþegi skuli á hverjum sólarhring hafa 10 tíma samfelldan hvíldartíma með undantekningum sem þar er getið, svo sem við björgunarstörf o. fl. Það eru því í gildi lög í landinu sem vernda verslunarfólk sem aðra launþega gegn ósæmilegu vinnuálagi. En í umsögn Kaupmannasamtakanna segir með leyfi forseta: „Kaupmannasamtök Íslands beina því eindregið þeim tilmælum til hv. Alþingis að sett verði nú þegar lög um afgreiðslutíma verslana, þar sem verslunarfólk verði tryggt gegn óhóflegum vinnutíma" o. s. frv. Þessi beiðni Kaupmannasamtakanna um vernd til handa verslunarfólki gegn samtökunum sjálfum eru að nokkru óþörf. Þessi lög voru sett á hinu háa Alþingi árið 1980 og þau takmarka vinnutíma nokkuð. Því miður aðeins nokkuð.

Hitt er svo allt annað mál, að vinnutími verslunarfólks er óhóflega langur. Það er óhóflega langur vinnutími að vera á vinnustað frá kl. 8-9 á morgnana til kl. 7 á kvöldin.

Og launin fyrir það eru ósæmilega lág og það veit líka hv. 7. þm. Reykv., félagi minn. En vilji Kaupmannasamtökin leiðrétta þetta eru kjarasamningar verslunarfólks vettvangurinn til þess. Landslög um lokunartíma sölubúða koma því ekkert við.

Ég hygg að verslunarfólk eigi við þann vanda að stríða eins og aðrir launþegar í þessu landi, sem vinna allt of langan vinnudag vegna lágra launa og mikillar dýrtíðar, að komast aldrei í verslanir. Þjóðfélagið er orðið þannig, að velflestir foreldrar vinna utan heimilis og því getur annað þeirra ekki annast innkaup til heimilisins eins og áður var. Það kynni að vera að makar hv. þm. annist innkaup til sinna heimila, en það er í fæstum tilvikum.

Og því skal ekki gleymt, að það er kostnaðarsamt að versla ævinlega þar sem hendi er næst. Allur samanburður er þar með útilokaður og verðskyn neytenda eftir því. Menn hafa einfaldlega engan tíma til að bera saman verð. Og ekki er annað að sjá en það sé einmitt það sem talsmenn frjálsrar samkeppni dreymir um, enda dafnar verslunin án þess að augljós vilji sé á að nota gróða hennar til þess að bæta kjör verslunarfólks, sem þeir eru svo áhugasamir um að lögvernda. En því aðeins er frjáls samkeppni í verslun möguleg, að neytendur hafi aðgang að verslunum í frítíma sínum og geti verslað þar sem verð er sanngjarnast og varan best. Það hlýtur að vera krafa neytenda að sú þjónusta sé veitt.

Gróða sinn af því að vanrækja þessa sjálfsögðu þjónustu hefur verslunin ekki notað til að bæta kjör verslunarfólks, heldur til að byggja skýjakljúf úr steinsteypu til að festa fé, festa gróðafé sitt. Lífeyrissjóður verslunarmanna er einn eigenda þessa skýjakljúfs ásamt Kaupmannasamtökunum. Nær hefði verið að fjölga lítið eitt orlofshúsum þessa fjölmenna starfshóps, en þau munu nú vera innan við 10 talsins. Þess vegna þurfum við á að halda plaggi eins og þessu hérna, „Verðkynning Verðlagsstofnunar, blað 1", þar sem maður getur lesið að í einni búð kostar kg. af kjúklingi 89 kr., í annarri búð kostar það 127 kr. Ég skal játa það hér að ég hef ekki hugmynd um hvort ég kaupi mína kjúklinga á 127 kr. eða 89 kr. vegna þess að ég hef engan tíma til að fara í margar verslanir, vegna þess að ég er vinnandi í þjóðfélaginu og hef ekki tíma til að fara í verslanir. Þetta er bara eitt dæmi af þessu ágæta plaggi. Og mér þætti gaman að vita hve margar fjölskyldur verða að sætta sig við að kaupa vörur á verri kjörum þar sem verðmismunurinn er slíkur.

Þá segir í umsögn Kaupmannasamtakanna að í öllum nágrannalöndum okkar séu í gildi lög um lokunartíma verslana. Þessu vék reyndar 1. flm. að hér áðan. Þetta er ekki rétt, eins og hann sagði, fremur en svo margt annað í umsögn Kaupmannasamtakanna. Hvorki í Noregi, Svíþjóð eða Frakklandi eru nokkur lög í gildi um þetta og í Bandaríkjunum ekki heldur. Í þessum löndum hafa kaupmenn komið sér saman um verslunartíma eins og gerð er grein fyrir á þskj. 4. Meginatriðið í umsögn Kaupmannasamtakanna er þó líklegast það, að þeir vara við stórauknum kostnaði sem, eins og þeir segja, „kæmi fram í hærra vöruverði."

Í landi þar sem verðlagseftirlit er lítið sem ekkert er harla léttvægt að bera fram þessi rök. Punkturinn hefði auðvitað átt að koma á eftir „stórauknum kostnaði". Því að auðvitað yrði verslunin að greiða vaktavinnu, sem unnin væri eins og aðrir atvinnurekendur. Þeir sem ekki vildu veita þá þjónustu gætu náttúrlega lokað, því að hér er ekki verið að neyða neinn til að hafa verslanir sínar opnar. En þá kemur til skjalanna óttinn við samkeppni, sem alltaf skýtur upp kollinum. Óttinn við samkeppni er það sem Kaupmannasamtökunum er verst við af öllu, eins og sýndi sig þegar borgarstjórn Reykjavíkur leyfði þeim aðilum sem þess óskuðu að setja upp markað á Lækjartorgi. Það þurfti vinstri meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur til að leyfa það, eins og hv. 3. þm. Reykv. veit. Ekki hefur þó virst sem verslanirnar í nágrenninu hafi tapað á því nema síður sé.

Fjöldamargir, ekki síst þeir sem aðhyllast sósíalísk sjónarmið, eru fullir fordóma gagnvart hvers kyns viðskiptalífi. Þar er auðvitað á ferðinni slæmur misskilningur, sem viðskiptafólk á verulega sök á, vegna þess að í stað þess að leggja áherslu á tvo þætti viðskipta, þjónustu við samborgarana og auðvitað hagnað af henni, er einungis lögð áhersla á annan þáttinn, hagnaðinn. Það er heldur óskemmtileg atvinnugrein að reyna einungis að græða á náunganum. Auk þess er enginn vafi á að betri þjónusta hefði vitanlega í för með sér meiri hagnað og þegar á allt er litið skemmtilegri og vinsamlegri mannleg samskipti, sem geta haft góð áhrif á mannlífið í landinu, þar sem um væri að ræða gagnkvæmt traust. Á það vantar mikið og ekki að ástæðulausu.

Það er vissulega full ástæða til að virða einstaklinga sem reka fyrirtæki og taka þar með þá áhættu sem því fylgir. Er ekkert við því að segja að þeir beri eitthvað úr býtum fyrir það eins og aðra vinnu. En virðing manna fyrir athafnamönnum fer mjög dvínandi við sífellt rell þeirra í ríkisvaldinu, svo að áhættuþátturinn er orðinn harla léttvægur. Hversu aumt og illa rekið sem fyrirtæki er sýnist það vera yfirvöldum sáluhjálparatriði að halda í þeim tórunni. Sjóðir landsmanna eru tæmdir aftur og aftur til þess að hella peningum í vonlausan rekstur og kaupmannasamtök landsins eru ekki sjálfstæðari en svo, að þau verða að hafa landslög um hvenær kaupmenn megi hafa verslanir sínar opnar eða betla til sveitarfélaga og pólitískra stjórna þeirra um svo sjálfsögð atriði, með þeim afleiðingum að vinnandi fólk í landinu norpar við sjoppur bæjarins í biðröðum sem mest minna á frásagnir af verslunarháttum í Moskvu. Það er full ástæða til að undrast.

Ég vil líka minna hv. Alþingi á þær umsagnir sem hér er talað um. Það kom engin umsögn frá verslunarmönnum. Það kom umsögn frá stjórn Verslunarmannafélagsins. Og ég verð að að segja eins og hv. þm Vilmundur Gylfason, að ég er ekki alveg viss um að allir verslunarmenn séu sammála þeirri umsögn.

Að lokum þetta, herra forseti. Hið háa Alþingi ætti að huga nokkuð að því hvort ekki eru fullmörg lög samþykkt hér í sölum. Löggjöf á að setja um mikilvæga þætti í þjóðfélaginu og hún á að vera vel grunduð og vönduð. Löggjöf um það hvenær fólki leyfist að versla til heimila sinna er nánast hlægileg. Slíkt er samkomulagsatriði þeirra sem þjónustu við neytendur annast og um það þarf engin lög. Og það eru fleiri lög sem fella mætti niður að skaðlausu. Gæti slíkt ekki gert annað en gera útgáfu lagasafns, sem lengi hefur verið beðið eftir, ofurlítið auðveldari.

Í tilefni 65 ára afmælis Verslunarráðs Íslands, sem kaupmenn eru aðilar að, sagði formaður þess, Ragnar Halldórsson, í eins konar leiðara fyrir þessu riti hér, sem heitir Verslunarráð Íslands 65 ára, orðrétt með leyfi forseta:

„Tilgangurinn með stofnun og starfsemi Verslunar-

ráðsins var og er að gæta hagsmuna viðskiptalífsins gagnvart stjórnvöldum og efla skilning almennings á mikilvægi verslunar, viðskipta og annarrar atvinnustarfsemi. *Í starfi sínu hefur Verslunarráðið haft það að* leiðarljósi að viðskiptalífinu sé best borgið með frjálsri samkeppni, þannig að kostir einkarekstrar og einkaframtaks fái að njóta sín. Verslunarráðið berst ekki fyrir þröngum hagsmunum fáeinna fyrirtækja, heldur vill það koma á því fyrirkomulagi í efnahagslífinu sem gætir *fyllstu hagkvæmni og jafnréttis og eykur þau efnahags*legu gæði sem koma til skipta í þjóðfélaginu, öllum landsmönnum til heilla. Í því er styrkur Verslunarráðs Íslands fólginn."

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að skora á hið háa Alþingi að samþykkja það frv. sem hér er til *umr. og treysta með því verslunarfólki og samtökum* þess til að ráða vinnutíma sínum sjálft í samráði við neytendur. Kaupmannasamtökin eru fullfær um að axla þá ábyrgð sjálf og sinna þannig þeirri þjónustu, sem þeim hefur verið falin, í stað þess að hlaupa í skjól til ríkisvaldsins um hin smæstu atriði.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætti að taka undir erindi þeirra sem flytja hér frv. til l. um lokunartíma sölubúða, vegna þess að hagsmunir hv. síðasta ræðumanns, borgarfulltrúa og alþm. Guðrúnar Helgadóttur, og mínir fara nokkuð saman. Við höfum bæði ákveðna vöru að selja og við lifum af ágóðanum af því sem við seljum. Það ætti því að vera minn hagur ekki síður en hennar og umboðslaunin yrðu kannske svolítið meiri ef sölubúðir væru lengur opnar og starfsfólkið hefði minni svefntíma og hvíldartíma heldur en það hefur þó í dag. Ég hefði ekki búist við því að úr ræðustól á hv. Alþingi talaði fulltrúi fólksins, fulltrúi litla fólksins, eins og þeir kalla sig, fulltrúi verkamanna, fulltrúi þeirra sem eru þó meðlimir í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur sem verkafólk, og prédikaði styttri svefntíma, styttri hvíldartíma. Ég hefði ekki trúað því. En hér er verið að leggja það til að verslanir verði helst eins lengi opnar og hentar viðkomandi hv. alþm.

Hv. 4. þm. Reykv. tók fram að hann vildi ekki láta pólitíska flokka, og umfram allt ekki Sjálfstfl., ráða því hvenær hann verslar. En hann vill ekki heldur láta frjálsa samninga ráða því hvenær fólkið í landinu verslar. Hann vill ráða því sjálfur hvað lengi fólkið vinnur og hve lítið það sefur og hve lítið það fær að hvílast. (**VG:** Þetta er bull.) (**Forseti:** Ekki samtal.) (**VG:** Þetta er rökleysa.) Af því að vitnað er í það að Sjálfstfl. stæði fyrir þessu og Sjálfstfl. stæði fyrir hinu vil ég minna á að ég veit ekki betur en þær reglur sem nú eru í gildi um lokunartíma verslana í Reykjavík — og fara alls ekki að lögum, fara að reglugerðum sem Alþingi hefur falið sveitarfélögum að starfa eftir — hafi verið samþykktar af borgarfulltrúum vinstri meiri hluta. Hv. alþm. Guðrún Helgadóttir var þá í þeim meiri hl. og það var nefnd á vegum þess meiri hl. sem samdi þær reglur sem í gildi eru í dag um lokunartíma verslunarmanna. Þetta er innanhússmál þessara hv. þm.

Og þó að hv. 4. þm. Reykv. *berji á Sjálfstfl. þá veit ég* ekki betur en allir flokkar, sem eiga fulltrúa á Alþingi og í borgarstjórn, séu hans andstæðingar, allir með tölu að hann segir. En þetta er flokkarnir sem settu reglurnar um lokunartíma verslana. Og lokunartími verslana er samþykktur af Sjálfstfl. vegna þess að hann er til kominn í frjálsum samningum milli starfsfólks og atvinnurekenda, í frjálsum samningum fyrir milligöngu borgarstjórnar Reykjavíkur, undir vinstri meiri hl. en þó samþykktur af *flestum borgarfulltrúum Sjálfstfl.*, vegna þess að það ríkti friður um þessa ráðstöfun.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason, 4. þm. Reykv. ennþá, hefur hvað eftir annað komið hér upp í þennan virðulega ræðustól og reynt á sinn máta að brjóta niður samtök vinnandi fólks. Það er hann einnig að gera með mál*flutningi sínum hér og nú. Hann deilir á menn til hægri* og vinstri og flokka líka, (**VG:** Sérstaklega á þá.) og sérstaklega á þá sem eru fjarstaddir. Formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur er ekki hér á Alþingi og ég frábið því að á hann sé deilt hér. Það eru nógir aðrir vettvangar til þess. Þetta er starfsfélagi minn á öðrum vettvangi og ég veit ekki betur en hann hafi gegnt sínu hlutverki með miklum sóma. En hv. 4. þm. Reykv. getur bókstaflega ekki upp í þennan ræðustól komið eða úr honum farið án þess að reyna að sverta mannorð eins eða annars, bæði nærstaddra og fjarstaddra. Það er kominn tími til að annað og meira komi hér á dagskrá en slíkur málflutningur. Þetta er átakanleg staðreynd. Þetta er orðið leiðindatal á hverjum einasta þingfundi.

Það er styrkur afreksmanna og það er styrkur þeirra sem skara fram úr — og af því skara þeir fram úr — að þeir þola að eiga baráttuglaða og sterka andstæðinga. Það sannast á Sjálfstfl. Hann er sterkur og stór og samanstendur af fólki úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Þess vegna tökum við því með þökkum að á okkur sé deilt. Þið megið skamma okkur eins mikið og þið getið. En haldið ykkur að öðru en pylsusölu. Haldið ykkur að þjóðmálum almennt. Við erum málefnalegir og við skulum mæta ykkur á hvaða málasviði sem er. Í Sjálfstfl. býr sá vilji og sá kraftur sem þarf til þess að ráða við hvern ykkar sem er. Ég tala nú ekki um hv. 4. þm. Reykv., sem mér skilst að dingli svona í lausu lofti og berjist á móti öllum flokkum.

En hvaða tal er þetta? Er verslunarfólk eitt og neytendur eitthvað annað? Geta menn ekki litið á fólkið í landinu í einu samhengi, sem eina heild? Þarf að vera að hólfa fólkið í þetta eða hitt? Þetta eru allt neytendur, hvort sem þeir vinna hér eða þar. Það er alveg rétt sem kom hér fram hjá hv. 7. þm. Reykv. Verslunarmenn eiga að standa og þjóna, það á jafnvel núna að ganga enn meira á hvíldartíma, allt að því svefntíma þeirra, en opinberar stofnanir eiga að geta lokað á miðjum degi og opnað á miðjum morgni. Það er ekki talað um að breyta skuli opnunartíma eða lokunartíma hjá þeim. Verslunarfólk á að fara úr sínum störfum, það á að ganga út úr fyrirtækjunum á daginn á þeim tíma sem opinberum aðilum þóknast að taka við því, það á að ganga út — á kostnað hins frjálsa verslunarrekanda skulum við segja — og greiða sín gjöld, að öðrum kosti liggja undir hamrinum. Nei, þetta er ekki góður málflutningur.

Ég óska Alþb. til hamingju ennþá einu sinni með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í baráttuliði fyrir litla manninn, en nú með öðrum baráttumönnum vinstri hreyfingarinnar, ég veit ekki hvaða flokk ég á að tala um í *bili, en alla vega baráttumönnum vinstri hreyfingarinnar* á Alþingi, að gera nú till. um það að fólkið, sem verður að fara úr vinnu, ef það á ekki að fara undir hamarinn, til að standa í skilum við opinbera aðila, það skuli nú ganga enn frekar á sinn hvíldartíma og svefntíma. (Gripið fram í.) Ég er að segja það vegna þess að þið eruð að tala um

að lengja vinnutíma þessa fólks.

Og ég vil segja alveg eins og er að menn hljóta að ganga blindir um borgina ef þeir sjá ekki að sá ágóði, sem er af verslun og viðskiptum í Reykjavíkurborg, hefur svo sannarlega farið til þess að bæta aðstöðu fólksins á vinnustöðunum. Á mörgum stöðum hér, mörgum sinnum fleiri en áður var þegar best gekk, eru vinnustaðir orðnir hreint til fyrirmyndar, bæði í sjávarútvegi, landbúnaði og versluninni almennt. Allur þessi málflutningur er því ofan garðs og neðan, enda hafa þeir sem hingað til hafa talað hér alls enga reynslu frá þessu sviði atvinnulífsins í landinu.

Það er verið að tala um að þurft hafi vinstri meiri hluta til þess að markaður kæmi í Reykjavík. Ég hélt að háskólapróf í sögu næði yfir lengra tímabil en daginn í gær. Þegar ég var hér á unga aldri voru markaðir hér á torgum, selt bæði grænmeti og fiskafurðir. Það var á Óðinstorgi, það var á Vitatorgi, það var hingað og þangað, það var hér niður við Ellingsentorgið sem kallað var, Ellingsenplanið. Þetta var um allt þrátt fyrir það að Sjálfstfl. hafi verið við stjórn í borginni. En hvað skeður svo? Það er borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstfl. sem breytir Austurstræti eða hluta af því í göngugötu og gerbreytir Lækjartorgi — þar sem áður keyrðu strætisvagnar í hring fyrir minni hv. þm. sem hér hafa tekið til máls í þessu máli — sem breytir þessu í göngutorg og göngugötu. Og þá skeður það að komin er umsókn um torgsölu. Það er því ekki vinstri meiri hlutinn sem skapaði þann möguleika. Það var Sjálfstfl. sem það gerði.

En ég vil undirstrika að það er ekki samkv. lögum, Reykjavíkurborg semur ekki nein lög, heldur er það borgarstjórn sem setur reglur að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Og í þessu tilfelli eru reglur settar með fullu samkomulagi við bæði atvinnurekendur og verslunareigendur og starfsfólk verslana. Það er ekki Geir Hallgrímsson, það er ekki Albert Guðmundsson, það er ekki Guðmundur J. Guðmundsson, sem ráða því hvenær Vilmundur Gylfason verslar í Reykjavík.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að taka hér sérstaklega upp hanskann, ef svo mætti að orði kveða, fyrir Sjálfstfl. Inn í umr. sem þessar eiga flokkarnir ekki að koma sem slíkir. Á dagskrá er ekki málefni flokkanna sem slíkra. Aftur á móti er kannske kominn tími til — ef hv. 4. þm. Reykv. vill taka það sérstaklega á dagskrá, flytja um það frv. eða flytja það á annan hátt inn á hv. Alþingi — að ræða um stjórnmálaflokkana. Og þá getur hann verið þess fullviss, að Sjálfstfl. er hvergi í vörn, hann er hvergi í vörn í neinum málflutningi þessara hv. þm. vinstri fylkingar, sem hér hefur verið að veikjast, að hrynja í sundur frá einum degi til annars. Ég á von á frekari fréttum í þá átt á sama tíma sem Sjálfstfl. er daglega að styrkjast. (**VG:** Ertu með eða á móti Framkvæmdastofnun?) Ég hef verið á móti Framkvæmdastofnun frá upphafi. (**VG:** En Sjálfstfl.?) Það hefur aldrei nokkurn tíma verið neinn vafi á því. (**Forseti:** Það er einn í ræðustól.) Herra forseti. Ég er tilbúinn til að víkja úr ræðustól augnablik ef hv. þm ... (**Forseti:** Ég vænti þess að þm. virði þingsköp.) Mér finnst nú, miðað við samsetningu á Alþingi, að það sé of langt gengið af forseta að ætlast til þess að allir þm. virði þingsköp. En ég skal a. m. k. gera það hér eftir sem hingað til.

Ég hef ekki meira um þetta mál að segja. Ég vona að ég þurfi ekki að gefnu tilefni að koma hingað upp í ræðustól aftur í þessu máli, sem er ekkert mál.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Málið sem á dagskrá er er um lokunartíma sölubúða, ætti kannske fremur að heita um opnunartíma sölubúða. Af þessu hafa spunnist óvenjulegar hugmyndafræðilegar umr. á hv. Alþingi milli hv. 4. þm. Reykv. og 3. þm. Reykv. um hugmyndafræði, frjálshyggju og ríkisafskipti og um stöðu Sjálfstfl. í litrófi þeirrar hugmyndafræði.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði og lagði þunga áherslu á orð sín: Rauður minn er sterkur og stór, stinnur mjög til ferðalags. Sjálfstfl. er stór og sterkur. Þetta rifjaði upp fyrir mér að ekki fyrir löngu síðan las ég ritstjórnargrein í tímaritinu Stefni eftir einn af ungum frjálshyggju- og markaðshyggjupostulum Sjálfstfl., þar sem flokknum var lýst á þann veg að maður kannast varla við hann fyrir sama flokkinn og hv. þm. Albert var að lýsa. Þessi ungi leiðarahöfundur Stefnis sagði: Sjálfstfl. er of blauður til að berjast en of feitur til að flýja. Og að ýmsu leyti finnst mér þessi lýsing dálítið raunsannari í veruleikanum.

Menn spyrja: Er Sjálfstfl. flokkur hv. þm. Friðriks Sophussonar, sem vill „Báknið burt", eða er Sjálfstfl. flokkur hv. þm. Sverris Hermannssonar kommissars, Ögurvíkings, forseta og sómamanns sem vill báknið kjurt? Er Sjálfstfl. með Framkvæmdastofnun ríkisins eða er Sjálfstfl. á móti Framkvæmdastofnun ríkisins? Gaf Sjálfstfl. loforð um að það pólitíska kommissaraskömmtunarkerfi skyldi lagt niður? Efndi Sjálfstfl. það loforð? Nei, það gerði hann ekki.

Er Sjálfstfl. fylgjandi stefnu hinna ungu frjálshyggjumanna um frjálsa vexti? Nei, Sjálfstfl. hefur alltaf í verki boðað sérstaka niðurgreidda atvinnurekendavexti. Tekur Sjálfstfl. undir kröfur neytenda í þéttbýli um að þeir beri ekki lengur skattpíningu í þágu landbúnaðarkerfisins, 1.1 milljarð kr. í fjárlögum, tíundu hverja krónu, — ég endurtek, tíundu hverja krónu í fjárlögum, sem fara í sjálfvirka styrki, framlög, niðurgreiðslur og útflutningsbætur? Endurtek, tíundu hverja krónu. Mér þætti fróðlegt líka að heyra hvort hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar, formaður Verkamannasambands Íslands, sem hefur að gefnu tilefni tekið það fram að afstaða hans til brbl. sé kannske ekki alveg skýr að sinni vegna þess að það vanti viðbitið, 21 fylgifrv., (**Forseti:** Ég vil minna herra ræðumanninn á það, að á dagskrá er 4. mál, um lokunartíma sölubúða.) Herra forseti. Ég minni á í staðinn að þá hefði verið þarft að benda bæði 1. flm. og hv. 3. þm. Reykv. á það, að þetta frv. er til umr. Af þessu tilefni hafa spunnist umræður um stefnu flokka. Ég skal reyna að taka tillit til aths. forseta innan þess ramma.

Ég spyr aftur, ég er forvitinn að heyra það, hvort hv. þm., formaður Dagsbrúnar og formaður Verkamannasambandsins, ætlar ekki að krefjast þess, og setja nú sinn stóra hramm á borðið, að boðaðar hugmyndir ríkisstj. um afnám matargjafa og útflutningsbóta í áföngum verði a. m. k. skilyrði. Þær verða að koma hér fram og fást samþykktar áður en til þess er ætlast af launþegum og okkur að við samþykkjum að 400 millj. verði teknar úr launaumslögunum á næstu þremur árum á næsta vísitölutímabili.

Með hliðsjón af aths. forseta skal ég ekki lengja þennan spurningaleik. En það má spyrja: Hver er stefna Sjálfstfl.? Ekki aðeins gagnvart sjónarmiðum neytenda í þéttbýli, gagnstætt hagsmunum framleiðenda í dreifbýli.

Sjálfstfl. er að sönnu mjög merkilegur flokkur og hefur að baki glæsilega sögu. Hann mun vera einsdæmi í stjórnmálasögu Vestur-Evrópu þessi seinustu misserin. Hann er í stjórn og hann er utan stjórnar. Hann leggur til forsrh. í stjórn og hann leggur til mann sem gerir tilkall til þess að vera leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Hann leggur til menn, sem komu ríkisstj. á laggirnar með yfirlýsingu um að þeir muni firra hana vantrausti, og hann leggur til sama manninn, sem núna væntanlega, ég treysti því, mun sannanlega og dyggilega greiða atkv. með vantrausti á þessa einu og sömu ríkisstj. Hann leggur til ráðh. í þessa ríkisstj. og hann er á móti þessari ríkisstj. Þetta er alveg frábærlega fjölhæfur flokkur.

Umræðuefnið um opnunartíma sölubúða, svo að við *víkjum aðeins ögn að því aftur, (Gripið fram í.)* jú, er það ekki? Þetta er nú ekki stórt mál. Þetta er ákaflega einfalt mál. Í raun og veru er það svo, að í þeim ágæta stíl sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti hér áðan var sagt það sem segja þurfti um málið í mjög góðu og lipru máli. Málið er ákaflega einfalt. Það snýst ekki um svefntíma og samkeppni. Það er verið að spyrja um það hvort mönnum sé ekki sama hvenær þeir hafi sínar krambúðir opnar. Mér er alveg nákvæmlega sama fyrir mína parta, og tek þó fram að það er ekki alltaf sem minn maki annast innkaup. Ég reyni stundum að gera það sjálfur. Þetta er ekkert löggjafarmálefni.

Það hefur verið til þess vitnað, að með öðrum þjóðum er þessum málum ekki fyrir komið með lögum. Auðvitað er þetta einfaldur og sjálfsagður hlutur, sem á að vera frjáls hverjum þeim sem í hlut á. Og það er ekkert um að ræða að þetta sé mál sem snýst um vinnutíma og svefntíma. Ég tek ekki undir gífuryrði um Verslunarmannafélag Reykjavíkur, þó að margt megi finna að verkalýðshreyfingunni. Ég treysti því félagi fyllilega til þess að ganga svo frá kjarasamningum, að vinnutími sé hæfilegur og nauðsynlegum svefntíma starfsmanna sé ekki misboðið eða ofboðið. Þetta kemur því máli bara hreinlega ekkert við.

Það skal að vísu játað að samkeppni á markaði, það að leyfa mönnum að leggja fram sína starfskrafta eins og þeim þóknast, í von um umbun í samræmi við erfiði sitt, kostar venjulega mikla vinnu. Og það er alkunna að kaupmaðurinn á horninu leggi á sig langan vinnudag. Stundum starfa þeir sjálfir, stundum án aðstoðar. Það er verkalýðsfélagsins og kjarasamningamál að sjá til þess að það fólk sem hjá þeim vinnur, vinni hæfilegan vinnutíma. *Það þýðir þá með öðrum orðum, að vinnutíma yrði* þannig fyrir komið að menn ynnu á vöktum eða ólíkum tíma dags og það hentar ýmsum. En það er ekki þar með sagt að einn og sami starfsmaðurinn eigi af þessum ástæðum að vinna 14 tíma á sólarhring.

Samkeppni kostar mikla vinnu. Hún kallar á frumkvæði, hún kallar á dugnað. Kenningin á bak við hana er sú, að þeir sem eru reiðubúnir til þess að leggja á sig mikla vinnu eiga sjálfir að bera einhverja umbun erfiðis síns og það á að koma þeim og öðrum sem njóta þeirra dugnaðar og þeirra þjónustu til góða. Þetta hélt ég að allir góðir sjálfstæðismenn skildu og vissu. Svo einfalt er það.

Sá mikli uppfinningamaður Thomas Alva Edison lýsti þessu fyrirbæri á mjög einfaldan máta. Uppfinningamaðurinn er merkisberi hinnar frjálsu samkeppni. Hann er frjáls, skapandi hugsuður. Hann leggur mikið á sig. Hann sagði ósköp einfaldlega: Starf uppfinningamannsins er 10% „inspiration" en það er 90% „perspiration". Svo einfalt er það. Þetta er samkeppnin.

Það er hægt að gera alla menn að „pensionistum" hjá ríkinu ef menn aðhyllast þann sósíalismaandskota sem ég fyrirlít manna mest. Gerðar hafa verið þjóðfélagstilraunir til að koma þeim sósíalsimaandskota á og hann endar í sveltandi sósíalisma. Frægasta dæmið um það er Tékkóslóvakía, sem var ríki sem var hvað lífskjör snertir á Norðurlanda„standard", áður en þessi sósíalismaandskoti var þar innleiddur og Tékkóslóvakar gerðir að „pensionistum" ríkisins. Kerfið var þannig að menn skyldu samkv. lögum og reglum ekki leggja fram áræði, frumkvæði, dugnað, og ekki bera ábyrgð verka sinna. Það voru allir á svo til sömu „pensioninni" hjá ríkinu. *Niðurstaðan varð sú, að þessari gáfuðu, duglegu þjóð var* hrundið niður á örbirgðarstig í nafni fólskulegrar og heimskulegrar hugmyndafræði. Ráðherrasósíalistarnir íslensku kunna enga aðra hugmyndafræði en þessa og eru á góðum vegi með að koma okkur niður á pólskt ástand. Ég vona að því ljúki sem fyrst.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. heldur áfram að kenna okkur hinum mannasiði. Nú er mannasiðakennslan fólgin í því að ekki megi nefna menn sem eru fjarstaddir. Þetta er sami þm. og í fyrradag sagði þinginu að hv. 4. þm. Reykv., sá er hér stendur, væri alinn upp í baksæti á ráðherrabíl. Ég verð nú að segja það að ráðherrabílstjórinn var fjarstaddur þegar þessi dónalega aths. féll. Þetta er sami þm. og flutti rannsóknartillögu um Samband ísl. samvinnufélaga. Hvar voru þeir þá? Sannleikurinn er sá, að í þessari mannasiðakennslu hv. þm. Alberts Guðmundssonar stendur auðvitað ekki steinn yfir steini og hefur aldrei gert, eins og árásir á þann opinbera starfsmann sem ég nefndi hér fyrst eru gleggst dæmi um.

Í þessum umræðum, herra forseti, er kjarni málsins sá, að allur rökflutningur hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar og hv. þm. Alberts Guðmundssonar — sem, þó furðu sæti, mynda bandalag, og sýnir samstaða þeirra í þessu máli hvað hugtök eins og hægri og vinstri lýsa mikilli pólitískri orðfæð — allur rökflutningur þeirra er endileysa, hrein endileysa af þeirri einföldu ástæðu að það gilda almenn lög um launafólk í landinu, lög sem við getum breytt hvenær sem er. Það gilda lög um vinnutíma. Þau gilda jafnt um alla launamenn, í verslun, í verkamannavinnu, í iðnaði. Það gilda lög um orlof og þau gilda *jafnt fyrir alla.* Það verður að gera greinarmun á altækum lögum og sértækum. Þann greinarmun veit ég að hv. þm. Eyjólfur Konráð þekkir. Þann greinarmun veit ég að hv. þm. Geir Hallgrímsson þekkir. En svo er það upptalið með þingflokk Sjálfstfl. Og það er hans pólitíski harmleikur.

Það þarf að gera greinarmun á altækum lögum og sértækum lögum. Það er kjarni málsins, sá kjarni málsins sem ég t. d. fulltingi, að um launafólk eigi að gilda altæk lög, sem gilda þá um alla launamenn, hvað sem þeir vinna, þrifaleg eða óþrifaleg störf. (Gripið fram í.) Það er þetta. Það eru altæk lög. En hér er ekki verið að tala um altæk lög. Hér er verið að tala um sértæk lög. Lög sem gilda um verslunarmenn sem vinna við eina ákveðna tegund verslunar. Af hverju sér hv. þm. Albert Guðmundsson þetta ekki og Guðmundur J. Guðmundsson, séu þeir slíkir pólitískir englar, manndómsmenn og guðdómsmenn sem þeir hér lýsa sjálfum sér? **(Gripið fram í:**

Umfram allt.) Umfram allt. Af hverju líða þeir að skólakrakkar vinni hér í sjoppum um alla Reykjavík til hálftólf á kvöldin og hreinsi og geri upp til hálfeitt á nóttunni, 17, 16 ára duglegir unglingar til að auka tekjur sínar? Hvar er manndómurinn þá? Hvar er guðdómurinn þá? Hvar er manngæskan þá? Því að vitaskuld eru þeir ekki að tala um verslunarfólkið og hafa aldrei verið að því. Þeir eru að tala um hagsmuni stærri verslanaeigenda. Og vil ég þó undanskilja einn sem hefur verið brautryðjandi hér að mörgu leyti. Það er Pálmi Jónsson í Hagkaup. Hann talaði ekki eins og þessir tveir heiðursmenn. Hann er sammála því frv. sem hér er verið að flytja.

Sannleikurinn er sá að þessi löggjöf, þessi heimildarlöggjöf, sem flytur reglugerðarvaldið nálægt þeim sem valdinu eiga að beita, sem er alltaf hættulegt í sjálfu sér, þetta eru sértæk lög sem eru til valdbeitingar á ákveðna hópa launafólks. Og ég segi þér, hv. 7. þm. Reykv., að í þessu máli ert þú ekki að ganga erinda neinna launamanna. Það eina sem þarf að fara fram á er sterkt og gott verkalýðsfélag, sem semur djarflega og vel við sína viðsemjendur. Vitaskuld á fólk, sem vinnur meira en 8 stundir og meira en 7 stundir á hverjum degi, að fá tvöfalt eða þrefalt borgað eða fimmfalt, því að menn eiga að geta lifað af 8 stunda vinnudegi. En þetta á að gerast í frjálsum samningum þar sem annars vegar samtök launamannanna semja og bera ábyrgð og hins vegar samtök í þessu tilfelli verslunareigenda. Er þetta ekki augljóst? Þessi síðustu tvö orð segja auðvitað það eitt varðandi hv. þm. sem réðist á ráðherrabílstjórann, að það stendur ekki steinn yfir steini í málflutningi hans.

Það sem menn eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson eru að tala um er að þessi lög hafa verið sett 1917 og þá hafi nú verið erfitt að lifa á Íslandi. Þetta er röksemdafærsla verkalýðsrekendanna í hnotskurn. Vitaskuld var erfitt að lifa á Íslandi 1917 og erfiðara en í dag. (**Gripið fram í:** Ekki allra.) Nei, það er rétt og ég leiðrétti það. Þetta á ekki við um alla verkalýðsrekendur, ekki þann sem hér gekk fram hjá ræðustólnum. Vitaskuld var afar erfitt að lifa á Íslandi árið 1917. Þá var ókomin heimskreppa. Það var enn erfiðara að lifa þegar hún gekk yfir og vitaskuld giltu ákveðin lögmál þá, sem að sumu leyti gilda enn þann dag í dag og að sumu leyti ekki. En að halda að hægt sé að reka hugmyndafræði og málflutning á rómantík kreppuáranna einni saman, og halda að verið sé að gera gagn þegar verið er að gera hið stakasta ógagn, það er hið ranga í málflutningi þessa fólks.

Ég skal fúslega fallast á að þegar þessi lög voru endurnýjuð árið 1936 kunni þau að hafa átt við mikil rök að styðjast, hreinlega af því að verkalýðssamtökin voru veikari en þau eru í dag og einnig af þeirri ástæðu að þá lá vofa atvinnuleysis yfir landinu og vofa vinnuþrælkunar einnig. Það verður allt að segjast eins og er. En að halda að hægt sé að flytja sömu rök til réttlætingar sömu gjörðum nú 40 árum síðar eða meira, það er það sem er rangt. Fólkið hefur breyst, hugmyndir þess hafa breyst. En hér rökfæra menn eins og frystikistur væru, eins og hugarins frystikistur væru, og það er það sem er vandinn.

Það er beðið um það eitt að lög, sem sett voru raunverulega árið 1917, að formi til 1936, séu afnumin. Það er beðið um það eitt að fólk fái að semja sem frjálsir menn væru. Við viljum í hverfinu heima hjá mér, hverfunum í Breiðholti, í hverfunum uppi í Árbæ semja um það við þá sem verslanirnar reka hvenær þær verði opnar. Það er ekki nóg að hafa opið til kl. 10 eitt kvöld í viku. En semja menn í valddreifðu þjóðfélagi sem frjálsir menn væru? Hér segja þeir félagar, bandalag forstokkunarinnar, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og Albert Guðmundsson, að þeta sé ekki alþingismál því að sveitarstjórnir sjái um þetta. Af hverju ekki að ganga skrefinu lengra, láta bara fólkið sjálft ráða þessu? Launafólkið auðvitað fyrst og fremst. Ef það hefur sterkt félag ræður það miklu. Síðan kaupmennina. Þeir smáu eru fleiri þar. Í þriðja lagi þá sem við verslanirnar versla. Það eru þeirra hagsmunir. Auðvitað er þetta hárrétt lýsing hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Við vitum að hún er einn af þeim einstaklingum í þjóðfélaginu sem vinna mikið. Fyrir vikið, vegna þessara þvingunarreglna hefur slíkur neytandi ekki aðstöðu til að kanna hvar er dýrt og hvar er ódýrt.

Þessir kerfiskarlar, þessir kreppumenn eru að eyðileggja forsendurnar fyrir okkur hin. Þeir hafa getað valið og hafnað. Það er þetta sem er hinn mikli vandi þessa máls. Þetta eru sömu mennirnir og í raun voru á móti frjálsum innflutningi, eins og auðvitað stór blokk í Sjálfstfl. var árið 1960, einkaleyfishafarnir, þrátt fyrir þá goðsögn Morgunblaðsins að það væri Sjálfstfl. sem stóð að þessu, sem er ósatt. Þetta er sama fólkið og vill niðurgreidd bankastjórastýrð lán. Það er sama fólkið og vill ekki leyfa okkur sjálfum að ráða því hvort við verslum í gömlu Reykjavík, uppi í Breiðholti, uppi á Akranesi, á Ísafirði þegar við viljum. Hvaða hagsmuni er verið að vernda? Þeir segja: launafólksins. Þeir segja það ekki satt, vegna þess að það eru í gildi lög sem banna vinnuþrælkun. Það eru í gildi lög, sem eru altæk, ná til allra launamanna. Af hverju heimta þeir þessi sértæku lög um verslunarfólkið?

Það eina sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gæti sagt heiðarlegt máli sínu til varnar væri það að Verslunarmannafélag Reykjavíkur er raunverulega ónýtt hagsmunafélag og getur ekki samið og þess vegna þarf sérstök lög um þetta fólk. Ef hann segði þetta, þá ber að taka ofan fyrir honum. En þetta þorir hann ekki að segja. (**GJG:** Nei, nei.) Nei, nei, segir hann og er rétt. Þetta þorir hann ekki að segja. En þetta mundi þó mynda heila brú í málflutningi hans.

Ég vil spyrja hv. þm. Guðmund J. og aðra þá sem á mál mitt kunna að hlýða: Hvernig stendur á þessari einlægu, drengilegu, samtryggðu samstöðu Kaupmannasamtakanna annars vegar og stjórnarinnar í VR hins vegar, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti auðvitað rétt hér áðan, í þessu máli? Getur verið samhengi á milli samstöðunnar í málinu og svo hins að vera að byggja saman eitthvert mesta stórhýsi í Reykjavík? Peningar úr lífeyrissjóðum félagsins renna í stórhýsið, það fer saman, og að reka skrifstofur eins og „union"inn fyrir vestan. Getur verið þar samhengi? Þeir sem lásu Alþýðublaðið s. l. sumar sáu að þar voru dag eftir dag nákvæmar lýsingar á hegðaninni í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Ég viðurkenni að í mínum gamla flokki var ekki alltaf ánægja. Um sinn var svo, að verkalýðsforustan gerði sínar kröfur um höft og boð og bönn. Það er rétt og sama hugarfarið og það sem nú býr að baki, að ætla að ráða fyrir fólkið, að hv. þm. Guðmundur J. sé hæfari til að ákvarða hvenær Sigurður eða Jón eða Sveinn eða Soffía í Breiðholtinu í Reykjavík versla, hann sé hæfari til þess heldur en þau sjálf eða hinn sem litlu verslunina kann að eiga.

Auðvitað er það rétt, sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv. o. fl., að ástæðan fyrir því að fólkið í landinu veit ekki nógsamlega hvers konar flokkur Sjálfstfl. er í raun og veru — og ég vil, herra forseti, skjóta því að innan sviga að ég er sannfærður um það, — er að það eru aðeins tveir þm. í þingflokki Sjálfstfl. — og þá er ég að tala um prinsippin sem að baki búa hér — sem hafa lesið Adam Smith og vita hver hann var. Það eru hv. þm. Eyjólfur Konráð og hv. þm. Geir Hallgrímsson. Hitt er allt meira og minna eins og Albert. Það er sannleikur málsins. Svo eru menn hissa á því þó að þetta bandalag hrynji, þótt hagsmunabandalag hrynji, sem gengur hér erinda örfárra stórkaupmanna í Reykjavík gegn fólkinu og gegn smákaupmönnunum. Menn skyldu ekki vera hissa á því. Þetta er allt svona. Hvað eru þeir að gera uppi í Framkvæmdastofnun? Skammta fjármagn. Hvað eru þeir að gera hér? Skammta opnunartíma. Hvað voru þeir að gera, þorri þeirra, þegar upplýstir jafnaðarmenn brutu þá til baka 1960? Skammta innflutning. Þetta eru skömmtunarmenn eins og dæmið sannar um síðustu valdbeitinguna. Þó að ég viðurkenni að málið sé smátt, þá er prinsippið stórt? Valdbeiting í þágu hinna stóru og ríku. Það er það sem er svo slæmt. Og þá undanskil ég þó stóran brautryðjanda í alvöruverslun á Íslandi, sem eru þeir sem reka Hagkaup, því að þeir mundu ekki taka undir. Svo mikið veit ég, því ég hef rætt við ráðgjafa þar um það hverjir séu hagsmunir beggja aðila í þessum efnum, eins og þm. gerir þegar hann vandar vel til málatilbúnaðar.

En í landinu er valdakerfi sem heldur í lifandi goðsögn. Það er flokksblaðakerfið, sem hv. þm. Albert var að verja hér áðan, ríkisfjölmiðlarnir og í broddi fylkingar, stjórnandi almenningsálitinu, er Morgunblaðið. Morgunblaðið hefur í málum af þessu tagi aðeins eitt hlutverk: Að halda gangandi goðsögnum. Og goðsagnirnar eru þær að þetta séu klassískir, frjálslyndir menn altækra leikreglna. Eru þeir það í þessu máli? Eru þeir það í vaxtamálum? Eru þeir það varðandi Framkvæmdastofnun? Eru þeir það varðandi landbúnað? Nei, ekkert af þessu og miklu fleira eru þeir ekki.

Það á að vera hlutverk upplýsts afls að fara um samfélagið allt og segja því frá hvernig ræður hv. þm. Albert Guðmundsson heldur á Alþingi. Ekki um hina opinberu starfsmenn sem hann gerði árás á í gær. Það er smámál. Heldur hvernig þeir heimta sértækar reglur fyrir sitt fólk í nafni almenns velsæmis. Það er þetta sem er svo alvarlegt. Þess vegna riðar þetta hagsmunabandalag hinna ríku til falls, að þessari goðsögn hefur verið haldið lifandi í krafti þess að fjármagn hefur getað drottnað yfir fjölmiðlum, sem allt of víða hafa varið hið pólitíska vald, haldið ríkisfjölmiðlum valdhlýðnum og haldið fram alröngum upplýsingum, t. d. í máli eins og þessu. Þeir leika þann leik að halda sig allir saman, nema Albert — þó að hinir voni nú held ég að hann muni gera það oftar — aðrir halda sig saman, eru helst fjarstaddir. Svona gengur þetta fram hjá og enginn veit neitt. Svo koma þeir fram, segjast vera frjálslyndir, klassískir. Altækar leikreglur, sem fyrir alla gildi, eru auðvitað lög fyrir stóru kaupmennina á móti litlu kaupmönnunum, á móti fólkinu, á móti neytendum.

Þess vegna, herra forseti, hef ég haft um þetta svona langt mál, að fræðilega talað, sem „prinsip"mál í þjóðfélaginu er þetta mál býsna alvarlegt, ekki kannske málsins sjálfs vegna heldur vegna þess hvernig valdinu er beitt, hvernig þeir hegða sér. Sannleikurinn er sá, að ræða sú sem hv. 3. þm. Reykv. hélt hér áðan og hefur margflutt áður, þar sem hann vefur einhverju tilfinningaþrungnu bulli inn í málflutning sinn, ræðan er að efnisinntaki aðeins þetta: ég er betri en þið hinir. Það er allt og sumt ef menn draga saman. Og ég var svo fátækur og allt þetta, ræður sem margoft hafa verið fluttar hér áður og eru náttúrlega langt fyrir neðan alla virðingu. Látum vera að hann skírskoti til æsku okkar hinna. Verra er t. d. að skírskota til æsku sjálfs sín hér úr þessum ræðustól. En þjóðin skal fá að vita — ég skal segja ykkur, herra mínir, — þjóðin skal fá að vita með hverjum hætti þessir hlutir gerast hér.

Við erum að biðja um altækar leikreglur, ekki minni rétt fyrir fólk við verslunarstörf, sama rétt og aðrir hafa. Við vitum að frelsi á þessu sviði eru hagsmunir minni kaupmanna og ekki hinna stærri. Við vitum jafnvel að einhvers staðar kynni vöruverð að hækka lítið eitt. Er það ekki það sem við greiðum fyrir betri þjónustu? Við ákveðum það sjálf. Ef menn eftir sem áður vilja fara í stóru markaðina milli 9 og 5, þá gera þeir það. En þeir eiga að geta valið. Og auðvitað er það grín, það er pólitískur brandari hvernig Sjálfstfl. hegðar sér í þessu máli. En það segir langa, langa sögu. Það er þetta sem hann er í raun og veru. Ég skil ekki hvers vegna hv. 3. þm. Reykv. ræðst að okkur hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og segir að við höfum kallað okkur þm. litla fólksins. Auðvitað höfum við aldrei gert það. En í öðru lagi: Það eina sem ég sagði hér í minni framsöguræðu var að það væru augljóslega hagsmunir kaupmannsins á horninu að fá að ráða þessu sjálfur. Og ég vísaði í leiðara í Dagblaðinu eftir Jónas Kristjánsson og tók undir með honum, að sumpart er þetta spurningin um lata kaupmanninn og duglega kaupmanninn. Sem löggjafi á maður að hafa almenna samúð með duglega kaupmanninum og ef lati kaupmaðurinn knýr fram einhver lög, sem banna hinum að versla, eigum við að hafna slíkum lögum.

Frelsi getur auðvitað, t. d. frelsi fjármagns, verið hættulegt og snúist í andhverfu sína. Við því eigum við að hafa löggjöf eins og auðhringalöggjöf, sem vantar á Íslandi, það er rétt. En frelsi í þágu hins litla, í þágu lítilla eininga, lítilla eininga í atvinnurekstri, fólks með lág laun, skammarlega lág laun oft, það frelsi á rétt á sér. Þetta er frv. um slíkt frelsi.

Hv. þm. Albert Guðmundsson og Guðmundur J. Guðmundsson, hagsmunabandalag forstokkunarinnar, voru hér afar hneykslaðir á þeim orðum sem ég — og raunar á eftir mér hv. þm. Guðrún Helgadóttir — lét falla um VR. Það er regla hér á Alþingi að það er oft nefnt fólk sem er utan húss. Hér eru fáir sem hlusta. Ef frá því er greint í blöðum, þá á viðkomandi auðvitað allan rétt til að koma vörunum við og ég neita því, að hér sé verið að brjóta nokkra jafnræðisreglu. En ég tek eftir því að það eru alltaf sömu þm. sem standa upp og þykjast vera að verja eitthvert almennt velsæmi, að það megi ekki tala um menn fyrir utan húsið ef það er í þeirra þágu. Forustumaður um slíkt velsæmi er af einhverjum ástæðum ævinlega hv. þm. Albert Guðmundsson.

Það er til löggjöf um íslenska verkalýðshreyfingu. Hér kemur okkur við allt sem löggjöf snertir. Það er okkar starfi. Við störfum hér fyrir opnum tjöldum. Hér getur hver hlýtt á sem vill. Hv. þm. vita báðir mætavel að ég er þeirrar skoðunar að þessi löggjöf sé úrelt. Ég er þeirrar

skoðunar að íslensk verkalýðshreyfing sé ekki fulltrúi fyrir íslenskt verkafólk. Þar komi til atvinnulegir hagsmunir svokallaðra forustumanna, starfsmanna á skrifstofum og annarra slíkra. Félagskerfið sé orðið rammskakkt og þeir gangi ekki erinda þess. Það er þetta sem ég hef leitast við að leiðrétta m. a. með flutningi frv. Dæmigerð fyrir þessar skekkjur, sem til eru orðnar í atvinnuskyni og hafa oft leitt til furðulegra niðurstaðna, er einmitt sú álitsgerð stjórnar Verslunarmannafélags Reykjavíkur, stjórnarinnar sem er að byggja með Kaupmannasamtökunum hér úti í mýrum, sem hún sendi frá sér í fyrra. Ég segi bara blátt áfram, eins og hv. 8. landsk. þm. sagði líka hér áðan: Ég dreg mjög í efa að verslunarfólk hafi þessar skoðanir. Og þegar ég starfa hér sem þm., þá er það þó þetta fólk sem greiðir atkv. Það þarf ekki að fara í gegnum hið flókna pýramídakerfi sem búið er að búa til og hefur orðið að varðhundum valdsins.

Ég er að flytja þetta frv. fram hjá þessu kerfi og ég er sannfærður um að það hlýtur stuðning t. d. hér vítt og breitt um höfuðborgina, meðal neytenda, meðal húsmæðra, meðal ungs fólks í sambýli þar sem bæði vinna utan heimilis, meðal smærri kaupmanna. Og ef svo er, um hvað eru menn þá að tala? Leggi menn plögg á borðið um að þetta sé öðruvísi. Hvað eru menn að tala um? En þetta lokaða þjóðfélag, þetta lokaða fjölmiðlakerfi, þetta ríkisrekna valdbeitingarkerfi spyr ekki um þetta. Það spyr ekki þetta fólk og hefur aldrei gert. Útvarpið náði bara í hv. þm. Guðmund J. og spurði: Hvað segja verkamenn í Reykjavík? Hvað veit hann um það? Oft ekki neitt. Þeir ná í Magnús L. Sveinsson og spyrja: Hvað segja verslunarmenn um það? Hvað veit hann um það? Ennþá minna, ég fullyrði það, ennþá minna, þeir sjálfkjörnu heiðursmenn til áratuga. (**Gripið fram í:** Og hvað mundi Pétur segja?) Ja, hann er nú í skárri kantinum, vil ég segja, hann er nú í skárri kantinum, hv. þm. Pétur Sigurðsson. Það skal viðurkennt.

Það er þetta sem er vandinn, þessar félagsmálaskekkjur sem liggja út um þjóðfélagið allt. Í Alþfl., mínum gamla flokki, þurfti ég að lúta því með frv. um vinnustaði, sem ég veit að á geysilegan stuðning um alla höfuðborgina, að verkalýðsmálanefnd flokksins, 25 manna apparat, allt verkalýðsforingjar og starfsmenn á verkalýðsskrifstofunum, greiddi atkv. um hvort það væri flokksmál eða ekki flokksmál. Og þeir felldu það með 16:4. Halda menn að það sé lýðræði? Þetta er grín, þetta er nákvæmlega sama klúðrið. Það sem við erum að reyna að gera er að skírskota fram hjá þessu skakka félagskerfi og þetta frv. um opnunartíma verslana er alveg dæmigert fyrir þetta.

Auðvitað hef ég ekki neitt vísindalegt í höndunum um stuðning við þetta mál. Ég reyni að fara eftir tilfinningu minni og því hvað ég hef lært hér á mínum slóðum þar sem ég þekki best til og er sannfærður um. Þetta er mál fyrir fólk og slík mál reynir maður að flytja. Hér kemur hv. þm. Albert Guðmundsson. Hann er meira en hv. þm., hann er í Verslunarráði Íslands. (**AG:** Í stjórn þess.) Í stjórn þess, hugsið þið ykkur, í stjórn þess, bætir hann við bljúgur og roðnar ekki. Hann roðnaði nú að vísu. Hinn er í stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þar sem samtryggða valdið lekur í gegnum verkamannafélagið inn í Verslunarmannafélagið. (**GJG:** Kaskótryggt allt.) Já, allt kaskótryggt, það er þetta. Fyrir hverja eru þeir að tala? Velti menn því fyrir sér. Hagsmunir fólksins? Þetta eru hagsmunir gegn fólkinu. En þetta kerfi er að brotna, og það skal brotna af því að það er svo ófugsnúið og ranglátt.

Ég segi enn, herra forseti, að þetta langa mál um frv. af þessu tagi á kannske ekki rétt á sér nema að því leyti sem það er lýsing á „prinsip"máli. Þetta sýnir hvernig þessir varðhundar valdsins, varðhundar hagsmunanna eru. Blygðunarlaust segjast þeir vera í stjórn Verslunarráðs og í stjórn Dagsbrúnar. Auðvitað eru þeir kallaðir til af hinum valdbeitingarfjölmiðlunum, útvarpinu, sjónvarpinu, Morgunblaðinu og hvað þetta fína fólk heitir allt saman. (**Gripið fram í:** Alþýðublaðinu.) Já, jafnvel af Alþýðublaðinu. Og þeir svara og þykjast tala í nafni einhvers fólks, þessar fölsku goðsagnir. Þess vegna er nú komið eins og komið er. Það er þetta falska félagskerfi, þetta í raun ólýðræðislega félagskerfi, þar sem skoðanir manna fá ekki að brjótast út. Ef meiri hlutinn í Reykjavík vill hafa frjálsan opnunartíma verslana, þá á auðvitað að vera frjáls opnunartími verslana. Ef meiri hlutinn í Reykjavík vill reglur, þá eiga auðvitað að vera reglur. En þetta kerfi er óhæft. Við verðum að leggja mat á hvað meiri hlutinn vill og hvað minni hlutinn vill. Og þess utan á það að gilda að frelsi eigi rétt á sér þegar það er í þágu hins smáa. En Sjálfstfl. hefur aldrei verið þeirrar skoðunar. Hann hefur viljað frelsi þegar það var í þágu þeirra stóru. Alltaf og ævinlega. Ég harma það að hv. þm. Eyjólfur Konráð skuli vera í Ed., svo að hann getur ekki komið og tekið undir með mér, því að ég veit að í þeirri skilgreiningu eigum við samleið.

Það er þetta sem er kjarni málsins. Hagsmunabandalagið er að brotna. Þetta ósamstæða hagsmunabandalag er að brotna. Og þetta litla mál sýnir ákaflega greinilega hvernig hagsmunavarslan snýst gegn fólkinu. Í þessu sambandi skiptir nokkru máli að maður eins og sá sem hér stendur er á ákveðnum aldri. Fyrir vikið veit hann vel um þá breytingu sem er orðin á þjóðfélaginu. Foreldrar í sambúð vinna yfirleitt báðir utan heimilis. Þetta er gagnger breyting frá því sem áður var. Þessi breyting útheimtir frjálsari opnunartíma sölubúða. Þetta fólk er með ung börn, borgar stórfé fyrir gæslu á þeim og þarf að sækja þau áður en það verslar. Núgildandi reglur eru of þröngar. Það eru hinir beinu hagsmunir sem máli skipta fyrir okkur. Hagsmunir hinna eru hagsmunir stóru kaupmannanna sem halda að þeir tapi. Það á okkur ekkert að koma við. Þessar tilfinningaþrungnu ræður um ekki neitt, sem Verslunarráðið flutti hér, sem Verkamannafélagið svokallaða flutti hér, eru einskis virði og fluttar í hagsmunavörsluskyni einu. Þær segja ekki neitt, segja ekkert um vilja fólksins, segja ekkert um vilja þess fólks sem þarf á þessu að halda. Og mín spá er sú, að þar komi að æ fleiri sjái í gegnum skekkjurnar í þessu kerfi og þá er vel.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 19. fundur.

Fimmtudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„18. nóvember 1982.

Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum utan til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Norðurl. e., Jón Árm. Héðinsson deildarstjóri í Kópavogi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt samkv. ósk um að fram fari rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Alexander Stefánsson,
forseti Nd."

Eins og fram kemur í þessu bréfi þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi Jóns Ármanns Héðinssonar. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Verður gefið fundarhlé á meðan kjörbréfanefnd lýkur störfum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Jóns Árm. Héðinssonar deildarstjóra, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Norðurl. e. Kjörbréfanefnd gerir engar aths. við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Ég býð Jón Ármann Héðinsson velkominn til starfa á Alþingi, en hann hefur áður átt hér sæti og þá undirritað eiðstaf.

Málefni El Salvador, þáltill. (þskj. 89). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vantraust á ríkisstjórnina, (þskj. 90). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Forseti (Jón Helgason): Óskað hefur verið að útvarpsumr. fari fram um till. og er ákveðið að hún fari fram n. k. þriðjudag, 23. þ. m., og hefjist kl. 8.30. Gert er ráð fyrir að umr. ljúki með útvarpsumr. og atkvgr. fari fram þegar að henni lokinni.

Í sambandi við útvarpsumr. þarf að leita afbrigða frá þingsköpum. Útvarpsráð hefur óskað eftir að sjónvarpa beint frá umr. um till. samkv. 60. gr. þingskapa og legg ég til að það verði samþykkt. Ennfremur legg ég til að ráðherrar úr Sjálfstfl. fái 30 mínútna ræðutíma. Þess hefur verið óskað að atkvgr. um þessi afbrigði fari fram sitt í hvoru lagi.

Um þingsköp.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði farið fram á að það færi fram, eins og hæstv. forseti sagði, atkvgr. um hvort efni fyrir sig, annars vegar um tilmæli sjónvarpsins til að sjónvarpa umr. um vantraustið og hins vegar um ákvörðun um ræðutíma sjálfstæðismanna í ríkisstj. Ég vil láta það koma hér fram, að Sjálfstfl. lagði til við hæstv. forseta að ræðutími sjálfstæðismanna í ríkisstj. yrði sá sami og verið hefur í almennum útvarpsumr., eða 20 mínútur, en samkomulag var um það gert á sínum tíma milli þingflokkanna og sjálfstæðismanna í ríkisstj. Hins vegar skilur flokkurinn að sjálfstæðismönnum í ríkisstj. muni ekki veita af lengri tíma til að verja sig gegn vantrausti og mun því ekki greiða atkv. gegn afbrigðunum, heldur sitja hjá við atkvgr. til að leggja áherslu á þessi mótmæli sín.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. hefur og rætt þessi tilmæli forseta. Það segir í fundarsköpum, að menn utan þingflokka eigi kost á að tala í 15 mínútur. Þykir þingflokki Alþfl. sem við það mætti notast í þessu tilviki, þ. e. varðandi sjálfstæðismenn í ríkisstj. Til er samkomulag um að þeir fái 20 mín. og viljum við standa að slíku samkomulagi, en munum ekki greiða því atkv. að þeir fái 30 mínútur. Að vísu hefðum við aðeins gaman af því að heyra þá sjálfstæðismenn tala lengur til að sýna hversu ósamstæður og sundurleitur hópur þingflokkur sjálfstæðismanna er, en af því hér er um prinsipástæður að ræða teljum við rétt að halda við fyrra samkomulag.

ATKVGR.

Afbrigði um að heimilt verði að sjónvarpa beint frá þingfundi samþ. með 38 shlj. atkv.

Afbrigði um að ráðherrar úr Sjálfstfl. fái 30 mínútna ræðutíma í útvarpsumr. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GJG, GGÞ, GHelg, JK, HS, SvJ, IGuðn, IGísl, ME, ÓLJ, HBald, SkA, StefG, SoG, NL, StH, TÁ, VG, DA, FÞ, JH.

GeirH, GK, HBl, JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, MHM, MB, PS, SalÞ, SteinG, ÞK, AG, JÁH, BÍG, EH, EJ, EKJ, FrS greiddu ekki atkv.

16 þm. (GeirG, GB, GTh, LJ, MÁM, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, SvG, SvH, ÞS, AS, EG) voru fjarstaddir.

Mótmæli gegn hvalveiðibanni, þáltill. (þskj. 93). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosning varamanns í stjórn Kísilmálmverksmiðjunnar á Reyðarfirði í stað Sverris Hermannssonar.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri menn en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Bogi Nílsson sýslumaður, Eskifirði.

Vélhjólaslys, þáltill. (þskj. 52). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, þáltill. (þskj. 32). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það munu vera þinglegir siðir að láta forseta Sþ. og hv. alþm. um það vita, að ég, 4. þm. Reykv., hef með bréfi, dags. 18. nóv. 1982, til hv. 2. þm. Reykn., Kjartans Jóhannssonar, sagt skilið við minn gamla stjórnmálaflokk, Alþfl., og telst því ekki lengur til þingflokks þess flokks. Að því er séð verður hefur þessi tilfærsla engin áhrif á stöðu ríkisstj. Ég hef verið og verð í stjórnarandstöðu og hygg að svo sé einnig farið með minn gamla flokk. Það er, herra forseti, ævinlega sárt að skilja við samtök sem maður hefur tekið þátt í af lífi og áhuga, ekki vegna flokks heldur vegna fólks. En vindar lífsins munu áfram velta um þrátt fyrir þessa daga og þrátt fyrir allt.

Jafnframt, herra forseti, hefur í dag verið lögð fram þáltill. um aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds og beina kosningu forsrh. Þetta þskj. verður eitt af stefnumálum samtaka sem eru í undirbúningi og munu nefnast Bandalag jafnaðarmanna. Ég vil þó skýrt taka fram, að hér er ekki um að ræða klofning af einu eða neinu tagi, eins og hv. 2. þm. Reykn. gat réttilega um í sjónvarpi í fyrrakvöld, þó ekki væri nema þegar af þeirri ástæðu að við munum eiga samherja úr gamla flokkskerfinu þveru og endilöngu. Við myndum bandalag gegn flokkunum. Þetta er tilraun sem kannske heppnast, kannske misheppnast. Það verður að koma í ljós. Innan tíðar verður lögð fram málaskrá og nafnalisti miðstjórnar og enn síðar verða framboð kynnt.

Herra forseti. Í þskj. með þáltill. þeirri, sem lögð hefur verið fram í dag, eru ritgerðir eftir tvo fræðimenn, hvorn í sinni grein, þá dr. Gylfa Þ. Gíslason og Ólaf Jóhannesson núv. hæstv. utanrrh. Það þarf auðvitað ekki að taka fram, að birting þessara ritgerða, sem birtust í einhverju ágætasta og umbótasinnaðasta tímariti sinnar tíðar, tímaritinu Helgafelli, árið 1945, hefur engar frekari pólitískar meiningar, heldur er hér leitast við að afla málstað fylgis með fræðilegum rökum. Vitaskuld skiptir máli, að inntak þessara ritgerða fer mjög saman við hugmyndir í ályktunargreinunum. Meira máli skiptir þó, að báðir hinir ungu háskólakennarar lögðu á það áherslu hvor með sínum hætti, en með áherslu á þjóðkjör, að lýðræði stafaði hætta af óeðlilegu flokkavaldi. Einmitt þetta verður snar þáttur í heimspeki Bandalags jafnaðarmanna, bandalagsins gegn flokkunum. Flokkavaldið, hið þrönga vald, hið fáa fólk, hefur gert þessari þjóð og þessu landi of mikið illt.

Hafsbotnsréttindi á Reykjaneshrygg, þáltill. (þskj. 34). — Ein umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég ásamt hv. 5. landsk. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni flyt á þskj. 34, fjallar um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjaneshrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkv. 76. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna."

Þegar börn okkar og aðrir afkomendur líta til baka til þess tímabils sem liðið er frá stofnun lýðveldis á Íslandi og einangra sig við þann þátt þeirra framfara og þeirra sigra sem íslenska þjóðin hefur stærsta unnið mun eitt hið athyglisverðasta vera þeir merku áfangar og sigrar sem þjóðin hefur unnið í sambandi við stækkun fiskveiðilögsögunnar á liðnum áratugum. Allt frá fyrstu friðunaraðgerðum okkar, lokun flóa, útfærslu grunnlína, útfærslu í 12 mílur, í 50 mílur og svo stökkið stóra og síðasta í 200 mílur með fiskveiðilögsöguna. Þetta hefði þótt með nokkrum ólíkindum á fyrstu árum þessarar aldar, þegar verið var að berjast við erlenda landhelgisbrjóta, sem beittu veiðarfærum sínum upp í fjöruborð eins og það var kallað. Ég leyfi mér að fullyrða, að enn einn áfangi sem teljast verður til þeirra sigra, sé samþykkt Sameinuðu þjóðanna á hafréttarsáttmálanum, sem við Íslendingar höfum með marga af okkar bestu mönnum í fararbroddi staðið að að fá samþykktan.

Það má vera, að almenningur geri sér ekki fulla grein fyrir þýðingu þessa sáttmála, því að oft hafa þm. og reyndar þjóðin öll ekki horft lengra í sambandi við fiskveiðilögsögumálið en til þess sem út úr áunnum réttindum mætti hafa á líðandi stund, hve mikið gagnið yrði í krónum talið, hve afraksturinn yrði svo standa mætti undir kröfum þess þjóðfélags sem við búum í, þeim kröfum sem velferðarþjóðfélagið gerir. Í þessu sambandi er raunar skylt að minnast á öll þau hrakyrði sem Alþingi og alþm. hafa verið búin á liðnum áratug fyrir að halda úti sendinefnd til að gæta þegar fenginna réttinda og vinna okkur ný réttindi á þessum vettvangi. Ég tel að Jan Mayen sé fyrsta raunverulega sporið sem við stígum til þess að tryggja ókomnum kynslóðum á Íslandi hugsanlegan afrakstur af auðæfum sem á hafsbotni og undir honum eru, og minnist ég þess, að þegar þessi samningur var til umr. í mínum þingflokki, þingflokki Sjálfstfl., var einmitt þessi skoðun undirstrikuð mjög sterklega. Ég minni á í þessu sambandi að það hefur ekki fyrr en nú á allra síðustu tímum hvarflað að okkur að undir hafsbotni innan okkar fiskveiðilögsögu væru nýtanleg verðmæti. Má vera að það sé af meðfæddri tortryggni á allt sem nýtt er og varðar þau þýðingarmiklu hafsvæði sem hið næsta okkur eru og hafa fætt og klætt íslenska þjóð frá alda öðli.

Fyrir nokkrum dögum urðu gagnmerkar umr. hér á hv. Alþingi þegar meðflm. minn að þessari þáltill. mælti fyrir annarri till., um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, sem hann er 1. flm. að og flytur ásamt nokkrum þm. Sjálfstfl. Í þeirri umr. töluðu fulltrúar allra flokka hér á Alþingi og tóku undir þáltill. En í sambandi við umr. um till., semég hér vitna til, kom fram hjá hæstv. utanrrh. að þar væri um að ræða mjög stórt mál og hann sagði í sinni ræðu þá, að

það væri um tvö réttindasvæði okkar að ræða, sem við ættum að kanna gaumgæfilega á næstunni, Rockall-svæðið, sem þá var til umr., og svo Reykjanessvæðið, sem er til umr. nú vegna tillögunnar sem hér er á dagskrá.

Á því er enginn vafi og enda vitað, að strandþjóðir víða um heim eru nú að tryggja sér hafsbotnsréttindi utan 200 mílna efnahagslögsögu sinnar í framhaldi af hinum nýja hafréttarsáttmála. Ef vitna á til og vinna á grundvelli 76. gr. hafréttarsáttmálans er beinna aðgerða þörf af hálfu strandríkisins sem á þessu hefur áhuga og vill að þessu vinna. *Á þetta hefur verið bent hér á hv.* Alþingi, enda hafa verið samþykktar gagnmerkar tillögur, t. d. frá 22. des. 1978, þegar þáltill. um rannsókn landgrunns Íslands var samþykkt. Hún er þess efnis, að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að ráða þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns nálægra ríkja. Ennfremur má benda á þáltill. sem samþykkt var hér á hv. Alþingi 19. maí 1980 um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri og samvinnu við Færeyinga. Segja má, að till. sem mælt var fyrir um daginn hér á hv. Alþingi sé frekari áréttíng þeirrar till. Fleira hefur verið gert og hefur till. verið vísað til ríkisstj., m. a. till. um landgrunnsmörk Íslands til suðurs, sem var á þá leið að Alþingi lýsti því yfir að ytri landgrunnsmörk Íslands verði ákveðin án tillits til klettsins Rockall og að samvinna yrði höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 sjómílna marka landanna. Undir þessa till. skrifuðu allir nm. utanrmn. og henni var vísað til ríkisstj. með shlj. atkv.

Ég vænti þess að þessari till., sem ég mæli fyrir, sem ég flyt ásamt hv. 5. landsk. þm., verði tekið jafnvel og ekki síður en þeim sem ég hef hér drepið á. Grundvöllinn að réttindakröfu okkar Íslendinga samkv. þessari þáltill. er að finna í 76. gr. hafréttarsáttmálans, en þar er að finna mjög flóknar reglur um rétt strandríkis til hafsbotnsins utan 200 mílnanna, þar sem m. a. er miðað við þykkt setlaga, 2500 metra dýptarlínu, 350 mílna víðáttu frá grunnlínum o. s. frv. En meginátriði er lögð á það sem kallað er *eðlileg framlenging landsins eða „natural prolongation“*. Nákvæma skilgreiningu þess hugtaks er þó hvergi að finna, en almennt viðurkennt að þar geti bæði verið um að ræða lögun hafsbotnsins eða landslagið og eiginlega jarðfræði, þ. e. að uppruni og efni botnsins séu sömu gerðar og landsins. Er þá gjarnan talað um tvær megingerðir, þ. e. úthafsbotn eða basalt eða meginlandsgerð gamals bergs eða setlaga.

Nú er ljóst, eins og segir í sjálfri þáltill. sem við ræðum hér, að réttindi okkar til hafsbotnsins yfir Reykjaneshrygg eru ótvíræð samkv. hafréttarsáttmálanum og það gerir okkur málið auðveldara að fá þessi réttindi formlega tryggð og viðurkennd að önnur ríki munu ekki geta gert neina kröfu til slíkra réttinda á þessu hafsvæði. Því þurfum við hvorki að beita sömu rökum né aðferðum og við höfum beitt í sambandi við viðræður okkar, sem eru þó óformlegar enn þá, en hafa átt sér stað í sambandi við svæðið fyrir sunnan okkar, og ekki sömu rökum og beitt var í sambandi við Jan Mayen-samkomulagið, en það samkomulag hefur efalaust markað tímamót því að það samkomulag var gert á grundvelli uppkastsins að hafréttarsáttmálanum og var því strax skoðað sem þýðingarmikið framlag við þróun þessara mála.

Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna veitir, eins og ég hef þegar sagt, Íslendingum réttindi yfir hafsbotninum á Reykjaneshrygg og auðæfum hans allt út í 350 mílur frá grunnlínum. Samkv. 76. gr. sáttmálans verða strandríkin sjálf að gangast í því að tryggja sér þau *réttindi sem* sáttmálinn heimilar þeim. Okkur flm. er ekki kunnugt um að íslensk stjórnvöld hafi fram að þessu hafist handa í þessum efnum, þótt strandríki víða um heim vinni nú að því að tryggja sér réttindi yfir hafsbotni utan 200 mílna efnahagslögsögu sinnar. Hafsbotnsréttindi taka til allra auðæfa sem í jarðlögum botnsins finnast, svo og allra lífvera sem ekki hreyfa sig án snertingar við botninn. Þannig á jarðhiti á Reykjaneshrygg að tilheyra Íslandi, svo og hugsanlegir málmar, sem m. a. geta myndast við neðansjávarumbrot og samþjöppun við mikinn hita. Þar að auki er líklegt að þar sé að finna skel- og krabbadýr, sem eftir skilgreiningu hafréttarsáttmálans tilheyra botninum. En jafnvel þó að ekki sé vissa fyrir því að þessi verðmæti séu nýtanleg í náinni framtíð ber að tryggja Íslandi yfirráðin þó ekki væri til annars en að hindra jarðrask annarra og eyðileggingu hafsvæða og ennfremur, eins og ég hef þegar bent á, að tryggja óbornum kynslóðum á Íslandi þessi hugsanlegu verðmæti. Þar að auki er ljóst að yfirráðaréttur yfir botninum eykur áhrifin á stjórnun fiskveiða yfir honum bæði beint og óbeint þegar í stað og þróunin á vafalaust eftir að verða sú, að áhrif þessi aukast. Þykir mér hér einmitt vera komið að einu meginmáli þess að við hefjumst þegar handa um að tryggja okkur þessi réttindi.

Það er ekki ýkjalangt síðan fréttir bárust um að Rússar stunduðu gegndarlausa rányrkju á karfamiðunum á Reykjaneshrygg og það er vitað að Vestur-Þjóðverjar hafa verið þar stórtækir einnig, en þessi karfamið eru hin mikilvægustu fyrir íslenska togaraútgerð. Þegar hafður er í huga samningurinn um reglur um fiskveiðar á Norður-Atlantshafi frá 19. maí 1969, sem undirritaður hefur verið af nær öllum Vestur-Evrópuþjóðum, þar á meðal Vestur-Þjóðverjum og Rússum, en hann heimilar eftirlitsskipum okkar m. a. eftirlit með veiðarfærum, má ljóst vera að slíkt eftirlit á hafsvæði sem er yfir hafsbotni sem er okkar verður áhrifameira en utan þess. Ég ætla ekki að tíunda frekar hversu áhrifaríkt slíkt eftirlit getur orðið, en ég fullyrði að úr gegndarlausri ásókn má draga verulega.

Að síðustu vil ég, herra forseti, taka undir með þeim hv. þm. sem töluðu hér um hið skylda mál í fyrradag, um þáltill. um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, og undir þau ummæli þm. að það er einn ávinningur réttinda eins og þáltill. þessi fjallar um að þau heimila okkur skilyrðislaust bann við losun úrgangsefna sem til botns falla á þessu hafsvæði.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þegar þessari umr. lýkur verði umr. frestað og málinu vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það hefur nú verið gerð till. um að vísa þessari þáltill. til utanrmn. og þar verður hún að sjálfsögðu athuguð og þar hef ég tækifæri til að koma á framfæri þeim skýringum og ábendingum sem ég kynni að geta látið í té. Þess vegna get ég verið stuttorðari hér en ella, en tel samt rétt við 1. umr. þessa máls að koma fram með nokkrar ábendingar.

Það er rétt, eins og fram kom hjá hv. flm., að landgrunn strandríkis er skilgreint í 76. gr. væntanlegs hafréttarsáttmála, og það er sömuleiðis rétt, eins og kom fram hjá honum, að meginreglan er sett fram í 1. tölulið, þar sem segir að það nái utan 200 mílna að ytri mörkum landgrunnssvæðisins þegar um er að ræða náttúrlega eða eðlilega framlengingu á því. En það eru margar frekari skýringar gefnar í framhaldi greinarinnar á þessu þannig að það kann að verða svo, að það verði deilt um sitthvað í túlkun á þessari grein.

Það er enn fremur rétt, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég lét þess getið við umr. hér í fyrradag, að eftir að samið hefur verið við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið kæmu aðeins til greina tvö svæði sem gætu talist til íslenska landgrunnsins samkv. 1. tölul. 76. gr. og nánari skilyrðum sem í greininni segir, þ. e. Rockall-svæðið svokallaða og Reykjaneshryggurinn. Í 4. tölul. 76. gr. væntanlegs hafréttarsáttmála eru sett ytri mörk landgrunnsins og er þá miðað við 4 a—i við þykkt setlaga í 4 a2—i við 60 sjómílna fjarlægð frá brekkufæti landgrunnsins eða „foot of the continental slope". Í 5. tölul. eru sett frekari skilyrði um hámarksfjarlægð frá landi og eins og hv. flm. drap á 350 sjómílur, þ. e. 250 sjómílur frá miðlínum, en 100 sjómílur frá 2500 metra dýptarlínu. Á hafréttarráðstefnunni var fulltrúum ljóst að með því að beita þessum lið, sem ég nefndi, 4 2—i, og 2500 metra dýptarlínu + 100 mílur á hryggnum, gæti lögsaga náð langt á haf út. Sérstaklega munu hafa verið hafðir í huga við þetta ákvæði hryggur í Indlandshafi og Mið-Atlantshafshryggur svokallaður. Þess vegna var einmitt sett þetta skilyrði í 6. tölul., að á hryggnum yrðu ytri mörk væntanlega 350 sjómílur frá landi, og svo er nú í síðari setningu 6. tölul. ákvæði um að jarðmyndanir, sem þar eru fram teknar, teljist til landgrunnssvæðanna, en séu undanteknar. Þessi ákvæði 76. gr. eru því talsvert flókin og eins og ég drap á má vel vera að menn vilji túlka þau með mismunandi hætti.

Í umr. um þetta mál á ráðstefnunni samþykkti Hans G. Andersen þetta ákvæði fyrir Íslands hönd og lýsti því jafnframt yfir að lögsaga Íslands á Reykjaneshrygg næði að 350 sjómílum. Engar sendinefndir mótmæltu þessu opinberlega, þannig að þessi yfirlýsing er að mínum dómi mjög þýðingarmikil. Hins vegar er vitað mál að t. d. bandarískir sérfræðingar telja eðlilega framlengingu Íslands á Reykjaneshrygg ekki ná upp í 350 sjómílur frá landi, heldur miða þeir við 150 sjómílna fjarlægð frá landi, þannig að eftir þeirri skýringu ættu réttindi Íslands á hryggnum ekki að ná út í 200 sjómílur. Það er vitað mál að stórveldum er kappsmál að takmarka réttindi strandríkja á svona hryggjum sem mest og kemur þar til viss herfræðilegur hugsunarháttur, sem ég skal ekki fara út í.

Ég skal ekki fara nánar út í 76. gr. Það er eins og ég sagði dálítið flókið að gera sér grein fyrir því og rekja það, en hins vegar má benda á að svipað ákvæði og er að þessu leyti í hinum væntanlega hafréttarsáttmála var og er í Genfarsamningnum frá 1958 um landgrunnið. Samningurinn frá 1958 gerði ráð fyrir réttindum eins langt frá landi og hægt væri að nýta auðlindir. Þó hefur nú verið deilt um áhrif ákvæðisins sem skilgreinir landgrunnið sem aðliggjandi svæði. Að mati sumra a. m. k. er nýi samningurinn þrátt fyrir allt öllu gleggri og takmarkaðri að vísu en samningurinn frá 1958.

Það er ekki beint skilyrði fyrir réttindum þessum, að það komi til neinar aðgerðir fyrr en samningurinn öðlast fullt gildi. En hafréttarsátmálinn er, eins og ég sagði, væntanlegur vegna þess að enn hefur hann ekki verið undirritaður. Hann verður undirritaður 10. des. n. k. af mjög mörgum ríkjum, en þó standa utan við og munu þá ekki undirrita líka nokkur ríki og það þýðingarmikil ríki í þessu sambandi. Hann öðlast auðvitað ekki gildi við undirskriftina eina frekar en aðrir milliríkjasamningar, heldur þarf að koma fullgilding til, og það verður auðvitað ekki fullyrt um hvenær slík fullgilding verður komin þannig að samningurinn taki endanlegt gildi, en auðvitað er það von okkar allra að það verði sem fyrst. Þá þarf að sjálfsögðu að huga að því að gefa út einhverja yfirlýsingu varðandi það efni sem hér er um rætt vegna þess að þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 77. gr. hafréttarsáttmála um að yfirlýsingar af hálfu strandríkis sé ekki þörf er í 8. tölul. 76. gr. gert ráð fyrir alþjóðlegri nefnd til að fjalla um kröfur strandríkja til réttinda utan 200 mílna. Hún á að starfa samkv. heimildarlögum í samningi. Þar segir í 4. gr., að strandríki er hyggst setja ytri mörk landgrunnsins utan 200 mílna beri að koma upplýsingum um mörkin, þar á meðal vísindalegum og tæknilegum gögnum, til nefndarinnar svo fljótt sem auðið er og allavega innan 10 ára frá gildistöku samningsins.

Ég taldi rétt að taka þetta fram núna í 1. umr. að það er ekki um það að ræða að við höfum týnt niður neinum rétti í þessu sambandi af því að það hefur engin þörf verið á því hingað til að gefa út yfirlýsingu varðandi yfirráðin og þess verður fyrst þörf innan þeirra tímamarka sem ég nefndi, en það verður að sjálfsögðu að vera á verði í þessu máli og fylgjast með og gæta þess að gera þær ráðstafanir sem þarf í tíma. Eins og ég hef tekið fram verða þetta út af fyrir sig dálítið flókin lögfræðileg atriði sem þarna þurfa skýringar við. Ég tel út af fyrir sig mjög mikilsverða þá yfirlýsingu sem Hans G. Andersen gaf á sínum tíma á sjálfri ráðstefnunni og ekki var mótmælt. Samt sem áður þurfum við sjálfsagt að búa okkur undir að leggja grundvöll að ítarlegri rökum undir okkar mál og undir þá stefnu í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti teldi ekki óeðlilegt að utanrmn. t. d. færi fram á að Hans G. Andersen, sem er nú þekktur og virtur þjóðréttarfræðingur, léti í té álit um þetta efni og jafnvel mætti hugsa sér til öryggis að leita til erlendra sérfræðinga í þessu sambandi. Mér kemur í hug á stundinni t. d. Norðmaðurinn Jens Evensen, sem er mjög þekktur þjóðréttarfræðingur. Það er auðvitað gott, þegar að því kemur að við gefum slíka yfirlýsingu sem gert er ráð fyrir í sáttmálanum að gera verði innan 10 ára frá gildistöku hans, að þá höfum við sem styrkastar stoðir og sterkust rök fyrir okkar yfirlýsingu.

Um Reykjaneshrygg og ýmis atriði þar hefur verið skrifuð ágæt ritgerð, sem Karl Gunnarsson hefur gert og ég sé að hv. meðflm. að till. þessari, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, hefur í höndunum.

Herra forseti. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þessa till. á þessu stigi. Hún hlýtur sína athugun í utanrmn. og það er sjálfsagt að sú athugun sé rækileg. Við erum ekki að missa neinn tíma í þessu efni þannig að við getum gefið okkur góðan tíma til að athuga allt þetta mál. Og það tel ég alveg sjálfsagt að gera.

Það er auðvitað æskilegt og nauðsynlegt að a. m. k. eins mikil samstaða og unnt er myndist á meðal þjóðarinnar um mál eins og þetta. Þess vegna ætla ég að leiða alveg hjá mér þær hnútur, sem er að finna í grg. með þessari þáltill., en ég tel vera óþarfar.

Það er alveg laukrétt, eins og fram kom hjá hv. flm., að það stendur öðruvísi á að ýmsu leyti varðandi þetta svæði, sem hér er um að ræða, Reykjaneshrygginn, en Rockall-svæðið, þar sem fleiri aðilar gera tilkall til þess svæðis, en ég held að því geti varla verið til að dreifa að nokkur annar aðili geti gert tilkall til þess að gera Reykjaneshrygginn að sínu sérstaka yfirráðasvæði. Að þessu leyti til stendur þarna talsvert ólíkt á.

Hv. flm. minntist á fiskveiðarnar, en það er annað mál og ég ræði það ekki í þessu sambandi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að bæta miklu við þá ágætu ræðu, sem hv. 1. flm. flutti hér áðan, og þær ítarlegu skýringar, sem hann gaf, en þó eru kannske nokkrar fyllri skýringar, sem mættu gjarnan fram koma því að hér er vissulega um stórmál að ræða.

Það er rétt, sem hæstv. utanrrh. gat um áðan, að Karl Gunnarsson jarðfræðingur hefur skrifað um landgrunn Íslands hina merkustu ritgerð og Guðmundur Pálmason sömuleiðis gefið fulltrúum Hafréttarráðstefnu margháttaðar upplýsingar.

Það má gjarnan rifja upp einstök atriði í þessu máli. Þannig t. d. heldur Karl Gunnarsson því fram og er raunar vitað, að allnokkur setlög séu í hlíðum Reykjaneshryggjar, en eitt af þeim atriðum sem talin eru upp í 76. gr. og styrkir réttindi til landgrunnsins eru einmitt setlögin. Hann bendir á að hlaðist hafi upp miklir setlagaskaflar á svokölluðum Garðarshrygg, sem raunar er kenndur við Garðar Svavarsson og liggur meðfram Reykjaneshryggnum endilöngum neðarlega í hlíðunum, og það er auðvitað okkur til styrktar í þessu máli.

En Guðmundur Pálmason hefur raunar enn meira um þetta mál að segja. Hann bendir á að setframburður frá Íslandi hafi borist alla leið suður í Biskayaflóa einmitt um þessar slóðir og sitji þar eftir svo og svo mikið af þeim setlögum. Hann bendir á að Reykjaneshryggur sé fjallgarður, sem er flatur að ofan og 50 km breiður, og síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Vel má líta svo á, að þessi fjallgarður sé hluti af landgrunni Íslands og hlíðar hans landgrunnsbrekka." Og hann bætir við: „Með góðum rökum má líta svo á, að Reykjaneshryggurinn sé „natural prolongation" frá Íslandi talsvert lengra suður eftir." Enn segir Guðmundur Pálmason og það tel ég rétt að hér komi fram því að *menn halda kannske að þarna geti ekki verið um mjög* mikla hagsmuni að ræða. Þó að ég telji að hv. frsm. hafi sýnt fram á þá hagsmuni má enn bæta við því sem Guðmundur Pálmason segir um þetta mál:

„Þótt líkur séu fyrir fram ekki miklar á verðmætum jarðefnum á Reykjaneshrygg er þó að lítt rannsökuðu máli ekki rétt að útiloka slíkt. Miklar líkur eru á að jarðhitasvæði séu þar svipuð og í gosbeltinu á Íslandi. Sjór getur sigið djúpt niður í jarðskorpuna, hitnað upp og komið upp aftur sem heitur jarðsjór. En efnaskipti verða milli jarðsjávarins og bergsins væntanlega eitthvað svipað og á sér stað á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi, sem hefur verið rannsakað talsvert. Margir telja að til slíkra fyrirbæra megi rekja söfnun verðmætra málmefna á ákveðna staði í jarðarskorpunni. Hér skal engu um það spáð hversu raunhæfar slíkar hugmyndir reynast, en ástæðulaust virðist annað en að reyna að ná þeim réttindum á Reykjaneshrygg sem hægt er. Hryggurinn er óumdeilanlega „natural prolongation" af Íslandi, en á ekkert skylt jarðfræðilega við landgrunn Grænlands eða Evrópu."

Hér tekur Guðmundur Pálmason, okkar helsti sérfræðingur á þessu sviði, það alveg ótvírætt fram að hryggurinn sé eðlilegt framhald Íslands eins og „natural prolongation" hefur verið skýrt, sem raunar er þó harla lítið skilgreint að öðru leyti eins og frsm. raunar gat um og skýrði alveg réttilega.

En þá kemur að því hvernig ætti að afmarka nákvæmlega þessi hafsbotnsréttindi og einmitt þess vegna er nú till. þessi flutt að það er ástæða til að hraða þeirri rannsókn. Það er ekki endilega alveg einfalt mál hvernig það eigi að gerast. Ég veit ekki satt að segja hvað hæstv. utanrrh. átti við með að hnútur væru í grg. Ég held það *gæti þá varla verið annað en það sem sagt er í sambandi* við efnahagssamninginn, sem er kannske aukaatriði þessa máls. (Gripið fram í.) Það er kannske aukaatriði þessa máls.

Við skulum reyna að halda okkur að aðalefninu, sem er hvernig afmarka eigi þetta svæði. Þá held ég að við getum með mjög miklum rétti haldið því fram að það eigi að afmarkast alveg frá efnahagslögsögu Grænlands að vestanverðu og alveg yfir undir Rockall-svæðið að austanverðu, þannig að þegar við næðum réttindum á Rockall-svæðinu, annaðhvort einir eða með öðrum, yrði þetta samtengt hafsbotnssvæði: það yrði eignarréttur á hafsbotninum alveg frá grænlensku efnahagslögsögunni og yfir á Rockall-svæðið og svo suður með því að svo miklu leyti sem við náum þar réttindum. Ég held að við eigum að reyna að rökstyðja þetta og ég geri mér miklar vonir um að hægt sé að rökstyðja það.

Það er rétt að 76. gr. hafréttarsáttmálans er mjög flókin. Ég efast um að nokkur treysti sér til að fullyrða út í hörgul nákvæmlega hvernig skilja beri hvert einstaka atriði þar, enda hefur mikið verið um skilninginn deilt einmitt á Hafréttarráðstefnunni. Greinin er sem sagt í mótun þrátt fyrir orðalagið, þ. e. framkvæmdin er í mótun, og þess vegna ríður á miklu að við túlkum hvert einstakt atriði á þann veg sem okkur er hagstæðast, auðvitað með rökstuðningi, en það verða áreiðanlega nægir til að koma með gagnrökin og þess vegna þurfum við ekki að draga þau fram. Að því er sérstaklega varðar Reykjaneshrygginn er það að vísu svo, að ég á ekki von á að neinir reyni að koma þar fram með gagnrök, því að við eigum þar enga andstæðinga. Það eru engir aðrir sem geta gert tilkall til hafsbotnsins þar, eins og Guðmundur Pálmason leggur áherslu á. Það getur ekki með neinu móti talist um að ræða neina framlengingu frá Grænlandi og þess vegna ættum við einir að sitja að þessu.

Það er rétt, sem hæstv. utanrrh. gat um, að Hans G. Andersen gaf um það yfirlýsingu, þegar við samþykktum orðalag í 76. gr., sem um þetta fjallar, að við ætluðum að helga okkur Reykjaneshrygg og teldum að það rúmaðist innan ákvæðis þess sem þá var verið að ganga frá. En það gerðist miklu meira og kannske merkilegra. Það var að það voru Rússar sem beittu sér fyrir þessu breytta orðalagi. Við áttum með þeim fundi, rússnesku sendinefndarmönnunum, og þeir beinlínis lýstu því yfir í ræðu að Íslendingar hefðu rétt til 150 mílna á Reykjaneshrygg. Það er hrein yfirlýsing flm. sjálfra. Það sem Hans G. Andersen sagði var aðeins áréttting til að undirstrika enn frekar að flm. sjálfir hefðu lýst þessu yfir og engir andmæltu því. Við héldum sem sagt tvo eða þrjá fundi með rússnesku sendinefndarmönnunum því að við vorum satt

að segja mjög uggandi um að þetta orðalag kynni að verða skýrt í framtíðinni okkur í óhag. En ég held að alveg sé sett undir þann leka einmitt með því að fá Rússana sjálfa til að gefa þessa yfirlýsingu. Ég tek svo vissulega undir þá skoðun hæstv. utanrrh. að ástæða sé til að fá álit Hans G. Andersens á þessu efni og gjarnan Evensens eða einhverra annarra líka. Síst mundi ég harma það.

Ég held að það hljóti hins vegar að byggjast á einhverjum misskilningi að bandarískir sérfræðingar telji að réttindin þarna nái einungis 150 mílur frá grunnlínu. Það hlýtur að byggjast á einhverjum misskilningi í upplýsingum sem hæstv. ráðh. hefur fengið, því að það er alveg ljóst að eignarrétturinn á hafsbotninum tilheyri 200 mílna efnahagslögsögunni svo langt sem hún nær. Það þarf ekkert að tala um það sem er fyrir innan 200 mílurnar. Ég held að misskilningurinn hljóti að byggjast á því, að bandarískir sérfræðingar vilja einskorða framlenginguna utan við 200 mílurnar við 150 mílur, þ. e. 350 mílurnar, og það er ekki heldur meira sem við förum fram á en þessar 350 mílur. Hitt held ég að hljóti að vera alger misskilningur. Þetta byggist líklega á því, að þeir vilja einskorða framlengingu á hryggnum við 150 sjómílur út fyrir efnahagslögsöguna eða 350 mílur alls. Um þetta stóðu einmitt deilurnar. Iðnríkin vildu sum hver takmarka þessi réttindi. Rússar fluttu upphaflega till. um að þarna yrðu 300 mílur eða 100 mílur út fyrir 200, en síðan var gert allsherjar samkomulag um að miða við 150 mílna mörkin og það er nákvæmlega það sem við höldum okkur að í þessari tillögugerð.

En ástæðan til þess að þessi till. er flutt núna í tengslum við till. um Rockall-svæðið er auðvitað tvíþætt: Annars vegar væri æskilegast að ákveða þessi mörk sameiginlega og tengja þau svæði saman þannig að þar yrði ekkert bil á milli, og full rök virðast mér hníga að því að gera það. Hins vegar er svo hitt, að ríkin þurfa að gera reka að því að ná sínum réttindum meðal annars með því að tilkynna það til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna og þau þurfa að leggja fram kort og annað slíkt og miklar upplýsingar til að rökstyðja þetta. Þess vegna er ekki seinna vænna en reyna að afla álitsgerðarinnar sem hæstv. ráðh. gat um og einnig jarðfræðilegra álitsgerða og alls þess rökstuðnings sem við þurfum að hafa í höndum. En ég á von á að um þetta, nákvæmlega eins og Rockall-till., hljóti að verða fullt samkomulag og allir sameinist um að halda fram hinum íslenska rétti og draga í engu úr honum, því að saman hljótum við að standa um þetta eins og önnur hafréttarmálefni.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir undirtektir hans og reyndar ábendingar líka, sem fram komu í ræðu hans áðan. Hins vegar verð ég að segja það, að ég harma að helst mátti heyra á tali hans að hann drægi nokkuð í efa að samningurinn næði sínu lögformlega gildi með undirskriftum og svo löggildingu á eftir. Ég er í góðri trú eftir það sem á undan er gengið, og hef þar fyrir mér m. a. ummæli þeirra sem hafa setið þessa ráðstefnufundi á undanförnum árum, ég hef þeirra trú á málinu fyrir mér, þegar ég segi hiklaust að þessi samningur sé orðinn að veruleika eftir hið mikla þref og þau miklu fundahöld, sem við öll sem hér sitjum þekkjum, þótt nokkuð sé til leiðarloka. Ég sé ekki annað í sambandi við þetta mál og hitt málið, sem nokkuð hefur komið inn í þessa umr., en gamla máltækið, að ekki sé ráð nema í tíma sé tekið, eigi fullkomlega hér við.

Hæstv. ráðh. sagði „við erum ekki að missa tíma", en ég vil leyfa mér að benda á að hvernig sem vantraustsstill. verður afgreidd hér n. k. þriðjudag gæti verið að við værum að missa hæstv. utanrrh. Ég hef mikla trú á honum sem utanrrh. og ég hefði helst viljað að að málinu væri gengið meðan hann gegndi því embætti. Að öðru leyti tel ég ekki að líf þessarar ríkisstj. sé mjög vænlegt á næstu misserum, svo ekki sé meira sagt.

Mér þykir vænt um að heyra það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði hér um yfirlýsingu Rússa í sambandi við Reykjaneshrygginn. Ég hafði áður heyrt um yfirlýsingu Hans G. Andersens í sambandi við þessa grein og þennan tölul. í 76. gr., sem hann gaf um rétt okkar til hafsbotnssvæðisins á Reykjaneshrygg, en ég hafði ekki heyrt að hún hefði komið í kjölfar yfirlýsingar rússneskra sendinefndarmanna. Ég gleðst mjög yfir því.

Við eigum ekki bara að hugsa okkur að leita bæði til Hans G. Andersens að fá álit hans og til Evensens og jafnvel fleiri erlendra sérfræðinga á þessu sviði. Ég hefði talið að við ættum þegar að hafa hafist handa þar um, samanber þáltill. sem samþykkt var 22. desember 1978 og hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að ráða nú þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns nálægra ríkja."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Laxveiðar Færeyinga í sjó, þáltill. (þskj. 36). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Eins og að líkum lætur hafa orðið allmiklar umræður um hinar gegndarlausu laxveiðar Færeyinga í sjó, sem þeir hafa nú stundað um tveggja eða þriggja ára skeið, að vísu nokkru lengur í miklu, miklu minna mæli, og afleiðingar þær sem það hefur fyrir Atlantshafslaxastofninn bæði hér á Íslandi og í öðrum ríkjum. Þetta athæfi get ég varla kallað annað en bæði siðlaust og löglaust. Þess vegna er till. sú til þál. sem hér liggur fyrir flutt af okkur hv. þm. Albert Guðmundssyni. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að stöðva rányrkju Færeyinga við veiðar Atlantshafslaxins í efnahagslögsögu sinni og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins ef nauðsynlegt reynist."

Í 66. gr. hafréttarsáttmálans er tekið fram í 1. tölul. að upprunaríki laxastofna og þeirra fiska sem hrygna í fersku vatni hafi bæði réttindi og skyldur til að varðveita þessa fiskstofna og eigi beinlínis að tryggja það. Það eru í mjög veigamiklum atriðum alllt aðrar reglur um þessa fiskstofna en alla aðra. Það má nánast segja að andi greinarinnar sé sá, að upprunaríkið eigi þessa fiskstofna og geti hindrað ofveiðar a. m. k., og jafnvel allar veiðar hvar sem þessi stofn fer, hvort heldur er innan efnahagslögsögu eða utan. Það eru að vísu örlítil frávik frá þessu í ákveðnum greinum sem ég skal koma að nánar.

Það gerðist hér í vetur að samþykktur var samningur um verndun lax á Norður-Atlantshafi, eins og það er kallað. Þessi samningur kom að sjálfsögðu fyrir utanrmn. Ég á þar sæti og verð að játa það, að mér kom það allmikið á óvart að lesa þann samning. Engu að síður

gerði ég þar enga athugasemd heldur mælti með því, að samningurinn yrði staðfestur af Alþingi, þar sem hann hafði verið undirritaður af okkur Íslendingum. Og raunar hafði Ísland boðað til þeirrar ráðstefnu sem samning þennan gerði. Í umr. um samninginn gerði ég þó fyrirvara, sem ég hygg að geti komið okkur að notum síðar meir, og vil þess vegna með leyfi forseta árétta það sem þar sagði. Þennan fyrirvara gerði ég áður en gengið var til atkvæða um samninginn, því að mér þótti hann því lakari sem ég las hann betur — og þykir hann enn lakari nú heldur en þegar ég þó sagði það sem nú skal greina:

Enda þótt ég eins og aðrir nefndarmenn í utanrmn. mæli með samþykkt þessarar þáltill. tel ég óhjákvæmilegt að við þessa umr. komi fram nokkrar athugasemdir og ábendingar. Það er að mínu mati eðlilegt að staðfesta þennan samning einungis af einni ástæðu, eða fyrst og fremst af einni ástæðu, þ. e. þeirri að samkvæmt honum er algjört bann lagt við laxveiðum utan efnahagslögsögu, utan 200 mílnanna. Að öðru leyti er samningur þessi heldur lítilfjörlegur og hefði mátt búast við að hann yrði okkur hagstæðari en raun ber vitni. Sérstaklega verður að vekja á því athygli að í 2. gr. samningsins er gert ráð fyrir að Færeyingar megi veiða á svæði Norður-Atlantshafsnefndarinnar, eins og það er nefnt, innan fiskveiðilögsögu Færeyja og ekki takmarkað hve mikið svæði innan fiskveiðilögsögunnar hér er um að ræða. Hins vegar eru í greininni þar sem fjallað er um Vestur-Grænlandsnefndina einungis tilgreindar 40 sjómílur frá grunnlínum.

Ég vil vekja athygli á því og vona að ummæli mín fái staðist ómótmælt af öllum hv. þm. að samkvæmt 66. gr. uppkastsins að hafréttarsáttmála eiga upprunaríki slíkra fiska eins og laxins miklu meiri réttindi en í þessum samningi eru tilgreind. Ég vil leyfa mér að fullyrða að 66. gr. uppkastsins að hafréttarsáttmála sé nú þegar orðin alþjóðalög, það hafi skapast þar venjuréttur, að greinin sé lög „de facto" eða í raun þó að kannske megi segja að hún sé ekki orðin að alþjóðalögum „de jure" þar sem samningurinn hefur ekki verið samþykktur formlega eða staðfestur. Ég styð þetta þeim rökum að a. m. k. þann tíma sem ég hef setið fundi Hafréttarráðstefnu hefur engin þjóð reynt að hreyfa við ákvæðum þessarar greinar. Hafa allir með þögninni samþykkt að hún skyldi standa eins og hún væri.

Það má segja um aðrar greinar hafréttarsáttmálans, eins og t. d. þau hafsbotnsréttindi sem verið er að deila um, að ekki sé kannske hægt að halda því fram að þær séu orðnar alþjóðalög í raun eða venjuréttur, en að því er þessa grein varðar er það alveg ótvírætt að mínu mati. Í þessari grein er það beinlínis tekið fram að það sé ekki einungis réttur upprunaríkis að vernda slíka fiskstofna heldur er það skylda þess. Það skal gera það bæði innan eigin lögsögu og eins utan hennar. Réttindi yfir þessum fiskstofnum eru miklu meiri og víðtækari en yfir nokkrum öðrum, sem byggist auðvitað á eðli málsins, að það er upprunaríkið sem á þessi réttindi og á að gæta þeirra."

Undanþágur frá þessu eru mjög veigalitlar. Upprunaríkið getur t. d. ákveðið heildarafla á þessum fisktegundum og eins og ég sagði áðan ber því að tryggja að ekki sé gengið á þessa stofna, það er skylda þess samkv. þessum alþjóðalögum. En á þeim tíma sem þessi grein hefur staðið óbreytt í uppkastinu að hafréttarsáttmála hafa Færeyingar stöðugt verið að auka afla sinn á laxi í hafinu. Ég held að það sé varla hægt að nota um þetta framferði vægara orð en að það sé siðlaust athæfi og lögbrot að auki. Það er brot á alþjóðalögum. Mér finnst raunar furðulegt að við — og ekki síður kannske Norðmenn, Svíar, Írar, Bretar, og aðrir þeir sem þarna hafa hagsmuna að gæta — skulum ekki taka fastar á þessum málum og fylgja fram þeim skýlausa rétti sem þessar þjóðir hafa samkv. þessari nefndu grein í hafréttarsáttmálanum. Og ekki einungis rétti heldur líka skyldu.

Síðar segir: Því er stundum haldið fram að engar sannanir séu fyrir því að lax frá Íslandi veiðist við Færeyjar. Þetta er fásinna. Fyrir 1½ áratug eða svo vissi ég til þess að Snorri heitinn Hallgrímsson prófessor merkti örfáa laxa og sleppti þeim á Skaftár-svæðinu. Eina merkið, sem til baka kom, kom einmitt frá Færeyjum. Það þarf enginn að segja manni að Færeyingar, sem stunda þessa rányrkju, séu sérstaklega áfjáðir í að halda til haga merkjum úr fiski sem þeir veiða með þessum hætti. Það er íslenskur lax á þessum slóðum og hann er veiddur af Færeyingum.

Þá hefur því verið haldið fram að ekki væri óeðlilegt að Færeyingar fengju það sem kallað hefur verið beitartollur, vegna þess að laxinn fer þarna um skamman tíma úr ári. Ég veit ekki hver hefur fundið þessa endaleysu upp, hvort það er íslensk framleiðsla eða komið frá Færeyjum. Auðvitað er lífið í sjónum ekkert síður komið frá Íslandi inn á Færeyjamið heldur en öfugt. Ætli það sé ekki meira um það að ýmiss konar fæðutegundir fiskistofna berist af okkar miðum inn á þau færeysku heldur en öfugt? En hvað sem um það er þá er þetta fávíslegt tal og réttlætir rányrkjuna með engum hætti.

Ég vildi koma þessum athugasemdum hér að, herra forseti, nú við þessa umræðu, áður en til atkvæða er gengið. Ég vænti þess að allir hv. þm. séu mér sammála um að eðlilegt sé að þær komi hér fram og að enginn muni andmæla því sem ég hef hér sagt, að þarna sé um lögbrot af hálfu Færeyinga að ræða og rányrkju, og að Alþingi muni halda til haga íslenskum réttindum í þessu efni og þetta fáist fest í þingskjöl sem samdóma álit allra hv. alþm.

Enginn alþm. andmælti þessum skoðunum og allir viðstaddir greiddu atkvæði með samningnum, að vísu eftir að þessi orð höfðu verið rædd. Ég skal játa að það hefði sjálfsagt verið heppilegra og traustara að gera slíka athugasemd í nefndaráliti utanrmn., og ber ég sök á því að hafa ekki áttað mig á að gera það, því að samningurinn sem hér um ræðir er því miður meingallaður.

Í fyrsta lagi það sem þegar hefur komið fram, að heimila Færeyingum að veiða lax í allri sinni fiskveiðilögsögu, en það er þó takmarkað að því er Vestur-Grænlandsnefndina varðar, þ. e. veiðarnar við Grænland, við 40 sjómílur frá grunnlínum.

Í öðru lagi sýnist mér alveg ástæðulaust að nefna 12 mílur sérstaklega í þessu sambandi. Sannleikurinn er sá að í 66. gr. er 12 mílnanna hvergi getið. Réttur strandríkisins til að vernda sinn stofn nær inn í efnahagslögsögu annarra ríkja, hann nær alveg upp að landsteinum ef því er að skipta. En við vitum að vísu að sum ríki, eins og t. d. Noregur, hafa leyft laxveiðar í sjó og þess vegna hafa þeir kannske miðað við 12 mílur. Við höfum bannað allar laxveiðar í sjó og hefðum auðvitað átt að leggja á það áherslu að miðað væri við allt hafsvæðið en engar 12 mílur sérstaklega undanskildar, og síðan mjög rúmar heimildir þar fyrir utan. Og auðvitað hljótum við að

halda því til haga.

Í laxveiðilaganefndinni, endurskoðunarnefndinni sem nú starfar, hefur orðið samkomulag um að leggja það til að upp verði teknar síðustu fjórar eða fimm laxalagnirnar á landinu, sem ennþá eru í sjó og veiða að vísu ekki nema nokkra fiska kannske á ári, til þess að við getum með sanni sagt að engar laxveiðar af neinu tagi megi tíðkast í sjó við Ísland. Verði þá bætur greiddar til þess að afnema þetta.

Því miður tókst svo slysalega til með gerð þessa samnings að ég fyrir mitt leyti hafði t. d. enga hugmynd um fyrirhugaða samningsgerð fyrr en örfáum dögum áður en ráðstefnan var haldin, og þá í fréttum, og mér er sagt að ekkert samráð hafi verið haft við Fiskifélag Íslands, sjútvrn. og Hans G. Andersen ambassador. Utanrmn. vissi ekki um samningsgerðina fyrr en hún var um garð gengin, eða a. m. k. ekki ég. Mig hefur þá vantað á fundi ef svo hefur verið. Ég er ekki að tíunda þetta til þess að ásaka einn eða neinn. Þarna tókst, eins og ég sagði, slysalega til og það má segja að ég beri fulla ábyrgð á því, því að það var auðvitað fært að koma fram frekari athugasemdum í utanrmn. en þeim sem ég gat komið hér fram í minni ræðu. En það má segja að það sé allt í lagi að þessi samningur gengi í gildi. Hann tryggði þó þetta, eins og ég hef áður sagt, að allar veiðar utan 200 mílna efnahagslögsögu eru bannaðar. Auðvitað væri alveg eins hægt að ná því fram með ákvæðum 66. gr. hafréttarsáttmálans, en það er þó gott að það er frá og samkomulag um það. Samningurinn er sem betur fer uppsegjanlegur með hálfs árs fyrirvara um sérhver áramót. Og auðvitað ber að starfa samkv. honum og hittast árlega og ræða málin og fylgja fram ákvæðum 66. gr. hafréttarsáttmálans með miklu ákveðnari hætti heldur en þessi samningur gerir ráð fyrir.

Færeyingar halda áfram þessari rányrkju, munu að vísu hafa gefið fyrirheit um að draga eitthvað úr henni, en ekki þó meira en svo að þeir veiði kannske 4—5 sinnum meiri lax í sjónum heldur en veiðist úr öllum ám á Íslandi. Sannleikurinn er sá, að menn telja jafnvel að laxastofninn, Norður-Atlantshafsstofninn sé svo mikið rányrktur, einkum af þessari sjávarveiði, að hann geti hreinlega horfið, hvorki meira né minna. Og miðað við afgreiðslu mála t. d. um veiði hvala, sem ekki eru í nándar nærri jafnmikilli hættu, sést hve fáránlegt er að láta Færeyinga komast upp með það að hefja þessar veiðar eftir að alþjóðasamningur eða uppkast að alþjóðasamningi hefur verið í gildi árum saman, þar sem slíkt háttalag er með öllu bannað og upprunaríki laxins veitt miklu meiri réttindi.

Ég skal taka á mig aðra sök í sambandi við þessa umræddu grein og þessa samningsgerð. Við fulltrúarnir á hafréttarráðstefnunni sáum auðvitað þessa grein, þegar hún var mótuð fyrir fjöldamörgum árum, og vorum ánægðir með hana. Við sáum að hún var mjög ítarleg og tryggði réttindi upprunaríkis þessara fiskistofna, og það var aldrei nokkur maður sem í alvöru hreyfði við þessari grein. Við töldum hana þess vegna orðna alþjóðalög og hugsuðum ekki allt of mikið um hana. Við vorum með hugann við aðrar greinar og mikilvægari um þær mundir í sambandi við fiskveiðilandhelgina, efnahagslögsögu, hafsbotnsréttindi o. s. frv. Þess vegna héldum við ekki mikið á loft þessari grein og flögguðum ekki mikið með þann fullnaðarsigur sem þar hafði unnist. Hún var komin inn orðrétt eins og hún er áður en ég kom á þessa ráðstefnu. Ég veit ekki hvað okkar fulltrúar áttu mikinn þátt í samningu hennar, veit þó að hann var nokkur, og þar mun fiskimálastjórinn, Már Elísson, sérstaklega hafa unnið að málum. En þessu máli var stolið úr huga okkar vegna þess að við héldum að aldrei gæti til þess komið að neinir mundu reyna að þverbrjóta þá hugsun sem þarna hafði staðið árum saman og var að mínu mati orðin alþjóðalög.

Svo koma frændur okkar og vinir, Færeyingar og veiða fyrst óátalið, að mér er sagt, 1200—1400 tonn eða sjö- til tífalt það magn sem veiðist úr íslenskum ám. Það er auðvitað ekki allt íslenskur lax, en lax sem upprunninn er í strandríkjunum hér við Atlantshafið. Og síðan er samið um það að þeir megi halda þessum veiðum áfram. Það gerist á ráðstefnu sem boðað er til á Íslandi og að íslensku frumkvæði. Ég veit ekki hvernig á því stendur, hvort aðrar ríkisstjórnir hafa ekki viljað halda þessa ráðstefnu eða hvort einhver sérstök ástæða önnur liggur þar að baki. En við skulum bara gleyma því. Það er búið sem búið er. Og ég tek á mig mína sök á því sinnuleysi, sem ég sýndi, að fylgjast ekki með þessu máli.

Till. þessi er flutt til að styrkja þá sem þurfa að fylgja fram réttindum okkar gagnvart Færeyingum, til að sýna að Alþingi sé einhuga, sem ég vona að það sé, um að þessar veiðar verði að stöðva helst með öllu, eða þá a. m. k. svo að Færeyingar veiði ekki meira en þeir gerðu fyrir örfáum árum, því að það eru mörg ákvæði í 66. gr. sem undirstrika það að menn geti a. m. k. ekki vænst þess að auka slíkar veiðar. Þar er víðar en á einum stað talað um að það sé einungis þar sem um meiri háttar efnahagslega röskun eða „economic dislocation" fyrir annað ríki en upprunaríki sé að ræða, sem skylt sé eða sanngjarnt að veita einhver réttindi og draga hægt úr veiðunum. Að því er Færeyinga varðar kemur þetta alls ekki til því að þeir hófu þessar veiðar fyrir örfáum árum, og þessu ákvæði var auðvitað hægt að beita gagnvart svæðinu utan 200 mílnanna. Það var auðvelt að beita því þar og auðvelt að beita því gagnvart Færeyingum.

Ég á von á og treysti því raunar að Færeyingar muni semja við okkur um að hætta þessum veiðum. Kannske ekki öllum á sama árinu, en a. m. k. þannig að þær verði ekki stundaðar lengur en 1—2 ár í viðbót. Við hljótum að krefjast þess. Ef ekki tekst að gera það með góðu, þá verðum við auðvitað að segja upp þessum samningi, sem gerður var á s. l. vetri, og halda okkur við réttindin samkv. hafréttarsáttmálanum sem nú verður væntanlega samþykktur og staðfestur.

Í öðru lagi hljótum við auðvitað að verða að taka þetta upp í vinsamlegum samræðum við Færeyinga út af fiskveiðiréttindum þeirra hér við land. En ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég held að allir sem kynni sér þetta tvennt, samninginn og 66. gr. hafréttarsáttmálans, sannfærist um það að 66. gr. veitir okkur miklu, miklu víðtækari, meiri og betri réttindi heldur en samningurinn. Það er alveg skaðlaust að hann sé í gildi ef samkomulag næst. Ella verðum við sjálfsagt að segja honum upp samkv. 20. gr. sem veitir réttindi til þess. En málið má alls ekki kyrrt liggja því að Færeyingar hafa sjálfsagt verið í þeirri trú þegar þeir undirrituðu þennan samning — eða Danir fyrir þeirra hönd — að þetta sé allt í lagi, þrátt fyrir ákvæði hafréttarsáttmálans, úr því að þjóðirnar undirskrifi þetta.

Við eigum að leita samstöðu með öðrum þeim sem hagsmuna hafa að gæta, þ. e. Efnahagsbandalagsríkjun-

um og Noregi, til að vinna að þessu máli. Auðvitað í fullkominni vináttu, eftir því sem hægt er, en þó að halda fram þessum réttindum. Þar er auðvitað bæði náttúruverndarsjónarmiða að gæta og líka hagsmuna. Ef svo færi gæti ég jafnvel hugsað mér að Færeyingum væri um eitthvert tímabil ívilnað að einhverju öðru leyti. Þessi rányrkja verður að hætta. Hún er engum til sóma. Hafa margir aðrir en ég vakið á þessu athygli. Menn eru að gera sér í vaxandi mæli grein fyrir því nú, hvert slys þessi samningur var. En hann er ekki stórslys því hann er, eins og ég sagði, uppsegjanlegur og verður til endurskoðunar.

Einn þeirra sem sérstaklega hafa vakið athygli á þessu atriði máls er hv. þm. Albert Guðmundsson, sem einmitt er meðflm. minn að þessari till. Hún kemur auðvitað til umr. í hv. utanrmn., sem ég legg til að henni verði vísað til að lokinni þessari umr., og ég á von á því að þar geti náðst samkomulag um hvert orðalag kynni að verða á hinni endanlegu till. Þessi till. er flutt í þeim tilgangi einum að bæta aðstöðu íslenskra stjórnvalda, bæði utanrrn. og sjútvrn., þegar næst verður rætt við Færeyinga um sameiginleg hagsmunaréttindi á sviði fiskveiða.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á síðustu árum hafa áhyggjur yfir vaxandi veiðum Færeyinga á laxi í úthafinu farið mjög í aukana hjá okkur Íslendingum. Samtímis því að um mikla aukningu laxveiða hefur verið að ræða af hálfu Færeyinga hefur það gerst að laxveiði í íslenskum veiðiám hefur farið mjög minnkandi, einkum á tilteknum svæðum landsins, þ. e. fyrst og fremst á Austurlandi og Norðausturlandi. Menn greinir að vísu á um hvort þarna sé ótvírætt samhengi á milli og ýmsir sérfræðingar í laxveiðimálum okkar Íslendinga hafa haldið því fram að rekja mætti þverrandi laxveiði til veðurfarsáhrifa og annarra lífsskilyrða fyrir lax í sjónum og jafnvel í ánum sjálfum, en hitt liggur fyrir, að það hefur gerst í sama mund að laxveiðar Færeyinga hafa farið mjög í aukana og laxveiði í íslenskum ám þorrið.

Svo litið sé á það sem fyrir liggur um þessi efni, þá er það svo, að árið 1978 töldu Færeyingar að þeir hefðu veitt um 50 lestir af laxi í úthafinu, árið 1979 um 200 lestir, árið 1980 um 700 lestir og árið 1981 rúmlega 1000 lestir. Þessi mikla aukning laxveiða hlýtur því óhjákvæmilega að valda okkur miklum áhyggjum og verða tilefni til þess að reynt sé að spyrna við fótum og fá Færeyinga til þess með þeim ráðum sem tiltæk eru að draga úr þessum veiðum.

Með þessum veiðum hefur verið nokkuð fylgst af hálfu okkar Íslendinga og hefur það eftirlit verið fyrst og fremst í höndum Veiðimálastofnunarinnar. Á s. l. vetri var veitt fjármagni til þess að auka þetta eftirlit, þar á meðal var sendur sérstakur maður til þess að fylgjast með veiðum Færeyinga um borð í bátum á veiðisvæðinu og var sá maður fenginn frá Hafrannsóknastofnuninni.

Það verður að segjast eins og er, að það eftirlit sem fram hefur farið og könnun á laxi sem veiðst hefur í Færeyjum hefur ekki fært okkur verulegar sönnur um að um íslenskan lax sé að ræða. Til þess að það sé nokkuð óyggjandi þurfa auðvitað að vera til sannanir og þær sannanir finnast ekki nema með merkingum laxa.

Þrátt fyrir að íslensk merki á laxi hafi ekki fundist nema í mjög óverulegum mæli í afla Færeyinga kann sú að vera skýringin, að merkingar á laxi eða laxaseiðum hafa verið mjög litlar og nánast engar í veiðiám í sumum landshlutum hér á landi og þá fyrst og fremst á Austurlandi og Norðausturlandi, þar sem merkingar hafa ýmist engar verið eða mjög litlar, þannig að út af fyrir sig er ekki hægt að líta á það sem sönnun eða afsönnun þó að fátt hafi fundist af laxi í afla Færeyinga með íslenskum merkjum.

Í sambandi við þetta mál hef ég lagt á það áherslu við Veiðimálastofnun, að merkingar á laxaseiðum væru auknar og til þess hefur verið varið nokkru fé af opinberri hálfu að gera það mögulegt. Á þessu ári voru merkt um 140 þús. seiði, sem var sleppt víðs vegar um landið, en þó voru þessar merkingar fyrst og fremst auknar á seiðum sem sleppt var í ár á Austurlandi og Norðausturlandi. Hér er því auðvitað um verulegt grundvallaratriði að ræða til að geta fært sönnur á hvort hér er um íslenskan lax að ræða eða ekki, sem okkur Íslendingum býður mjög í grun að sé. Það er okkur auðvitað mjög nauðsynlegt vopn í þeirri baráttu, sem við þurfum að heyja um þetta mál við frændur okkar og vini Færeyinga, að geta sýnt fram á einhver sönnunargögn.

Ég hjó eftir því í máli hv. frsm., að hann taldi að Reykjavíkursamningurinn, sem gerður var á öndverðu þessu ári og undirritaður í Reykjavík 2. mars s. l., hefði í raun verið slys. Ég vil ekki um það dæma, en þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri rödd í þessa átt. Það var hins vegar skoðun þeirra sem tóku þátt í þeirri samningagerð, bæði beinna þátttakenda og þeirra sem fylgdust með þeim samningi og áttu nokkurn hlut að, að af þeim samningi væri mjög mikill ávinningur. Þessi skoðun hv. flm. kemur mér því á óvart.

Ég minni á að á síðasta ári skipaði ég nefnd til að fjalla um þessi mál, svokallaða könnunarnefnd úthafsveiða á laxi. Sú nefnd var skipuð leikmönnum á þessu sviði, þ. e. áhugamönnum um þessi mál. Það voru ekki embættismenn í nefndinni, heldur menn sem höfðu aflað sér víðtækrar þekkingar, ýmist með reynslu sinni eða langvarandi könnun á þessum málum, og þeir áttu aukaaðild að ráðstefnu sem haldin var hér í Reykjavík til undirbúnings áðurnefndri samningagerð. Það var skoðun þessara manna allra, að samningurinn sem slíkur væri mikill ávinningur í þeirri baráttu sem við eigum í fyrir verndun Atlantshafslaxins. Ég hef staðið í þeirri meiningu að þetta sé rétt og ég vona að a. m. k. mörg ákvæði þessa samnings verði til þess að gera okkur Íslendingum mögulegt að vinna smám saman bug á þeirri starfsemi Færeyinga sem í svo miklum mæli dregur Atlantshafslaxinn úr sjó.

Ég vil minna á að á síðasta veiðitímabili Færeyinga gerðist þó það, að um samdrátt var að ræða í þessum veiðum. Sá samdráttur í laxveiðum Færeyinga á sér rætur í samkomulagi sem Færeyingar gerðu við Efnahagsbandalag Evrópu. Ef það samkomulag hefur verið haldið mætti segja mér að þeir hafi veitt um 850 tonn á síðasta veiðitímabili. Jafnframt kveður það samkomulag á um að Færeyingar veiði á næsta veiðitímabili að hámarki 650 tonn, en þá er jafnframt líka gert ráð fyrir að veiðitíminn verði styttri, hann byrji um mánuði seinna og hann hætti hálfum mánuði fyrr. Jafnframt er gert ráð fyrir að færri skip fái heimild til að stunda þessar veiðar á næsta tímabili en leyft hefur verið hingað til. Þetta haggar auðvitað ekki því, þó að þarna séu stigin veruleg spor í áttina, að þessar úthafsveiðar eru of miklar og það er afar nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga og aðrar laxveiðiþjóðir við Atlantshaf að úr þessum veiðum verði dregið að veru-

legu marki frá því sem nú er.

Ég skal ekki fjalla um þetta mál í miklu lengra máli. Ég vil aðeins segja það, að ég tek undir og lýsi fylgi mínu við allar skynsamlegar aðgerðir til að ná samkomulagi við Færeyinga um þessi mál og lýsi fylgi mínu við þær leiðir sem mögulegt er að fara til að úr úthafsveiðum dragi.

Sömu sögu er raunar að segja um veiðarnar við Vestur-Grænland, sem ýmsir telja að einnig séu laxastofni okkar Íslendinga hættulegar. Við Íslendingar hljótum auðvitað að vinna því fylgi, eftir því sem mögulegt er, að aðrar þjóðir taki upp okkar stefnu og hætti laxveiðum í sjó.

Ég mun einnig fara þess á leit að fengið verði fjármagn til að halda áfram eftirliti bæði um borð í færeyskum laxabátum og eins í Færeyjum, þannig að við Íslendingar tökum þátt í því eftirliti sem nauðsynlegt er að sé með þessum veiðum og reynum að leita að sönnunum fyrir því hvaðan þessi lax er upp runninn.

Ég vil hins vegar ekki fara út í að ræða lagalega hlið þessa máls, sem mjög kemur fram í grg. till. þeirrar sem er á dagskrá, þar sem sagt er að það sé „skýlaust brot á hafréttarsáttmálanum ef Færeyingar stráðrepa Atlantshafslaxinn með þeim hætti sem þeir hafa gert. Þar er bæði um að ræða siðlaust athæfi og eins er þessi grein hafréttarsáttmálans, 66. gr., þverbrotin." Ef hér er um skýlaus lagabrot að ræða auðveldar það okkur Íslendingum sóknina, það er ekkert vafamál. Ég ætla hins vegar ekki að fara út í neinar lagaskýringar, enda þarf ég gleggri upplýsingar um þau mál en ég hef þegar undir höndum, en það er víst, að ef hér er um skýlaus lagabrot að ræða auðveldar það okkur Íslendingum að fást við þessi mál.

Ég vil gjarnan taka undir það með hv. 5. landsk. þm., sem ég tel mikils virði, að við höldum á þessu máli svo lengi sem fært er, eins og hann orðaði það, í fullkominni vináttu við frændur okkar Færeyinga, en það er þó jafnljóst að við þurfum að sækja þessi mál af fullri einurð og festu. Þetta er mál sem hefur gífurlega þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Laxveiðar okkar eru slíkt mál fyrir okkar þjóð að við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda laxastofn okkar og auka og rækta þessa perlu, sem land okkar býr yfir. Þess vegna tek ég heils hugar undir þann tilgang sem í þessari till. felst.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef fáu við að bæta það sem hæstv. landbrh. hefur sagt. Hann hefur gert grein fyrir hvernig laxveiðum Færeyinga hefur verið háttað á undanförnum árum. Það er auðvitað svo, að við teljum þær veiðar allt of miklar. Við teljum aukninguna sem átt hefur sér stað alveg úr hófi. Þær tölur sem hann nefndi sýna gleggst hver aukningin hefur orðið frá 1978 til 1981.

Hann gerði ennfremur grein fyrir þeim samningum sem náðst hafa milli Færeyinga og Efnahagsbandalagsins um samdrátt í þessum veiðum, bæði 1982, þetta ár, þar sem þeir veiddu 850 lestir, og á næsta veiðitímabili, sem byrjaði 15. nóv. í ár í stað þess að veiðitímabilið var í upphafi miðað við 15. okt. og fram til 15. maí, þegar veiðarnar færast niður í 625 lestir. Ennfremur gerði hann grein fyrir þeirri fækkun skipa sem þarna er um að ræða. Það ættu að vera færri skip, bæði færri og í rauninni smærri, en áður voru við þetta. Þannig hefur náttúrlega orðið umtalsverður samdráttur frá þeim toppi sem var 1981. Þrátt fyrir það teljum við þessar veiðar enn allt of miklar og það er auðvitað mat allra upprunaríkja að hér sé gengið allt of langt.

Hagsmunasamtök veiðimanna, Atlantic Salmon Trust, hafa sent fulltrúa til Færeyja til að fylgjast með þessu. Þeir hafa gefið skýrslu og telja veiðarnar að sjálfsögðu allt of miklar, en telja að það sé sæmileg aðstaða til eftirlits.

Þess er líka getið í þessu sambandi, að á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins hefur verið fjallað um þessi mál. Starfshópur innan þess ræddi um Norður-Atlantshafslax og um tillögur um rannsóknir á veiðum Færeyinga á fundi sínum 13. — 16. apríl 1982. Hann gerði tillögur um viðtækar rannsóknir næsta veiðitímabil. Þar verður um samvinnu að ræða á milli hinna ýmsu upprunaríkja og Færeyinga. M. a. verður einmitt haft eftirlit með veiðum um borð í færeysku skipunum.

Íslendingar vilja auðvitað taka þátt í þessum rannsóknum. Til þess að fjármagna þátt Íslendinga í þessum rannsóknum gerði veiðimálastjórn tillögu um fjárveitingu að upphæð 250 þús. kr., en í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir er aðeins gert ráð fyrir 140 þús. Veiðimálastjórn hefur eftir því sem mér er kunnugt sent fjvn. beiðni um 110 þús. kr. hækkun á þessari fjárveitingu. Þá reynir nú á það hjá hv. fjvn. hvern skilning hún sýnir á þessu máli og hver áhuginn er í reynd á þessu, sem menn hafa nú mikil orð um.

Ennfremur kom það fram hjá hæstv. landbrh., að merkingar á seiðum í íslenskum ám voru stóraukna á s. l. sumri. Þess vegna ætti það að koma fram nú betur en áður við laxveiðar Færeyinga ef um íslenskan lax er að ræða, sem ég dreg reyndar ekkert í efa. En merkingarnar hafa ekki verið þannig að það hafi verið hægt að byggja mikið á þeim í því sambandi.

Hv. flm. gerði heldur lítið úr hinum svokallaða Reykjavíkursamningi um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Sá samningur var undirritaður hér í Reykjavík á s. l. vetri, en hefur ekki verið fullgiltur ennþá nema af fáum a. m. k. þeirra ríkja sem undirrituðu hann. Undirbúningur er þó hafinn í sumum þeirra landa a. m. k., svo þess er að vænta að samningurinn verði nú fullgiltur og geti tekið gildi á næsta ári eða a. m. k. verði kominn í gagnið 1984.

Hv. flm. gerði eiginlega, að mér fannst, ekki mikið úr þeim ávinningi sem hefði náðst með þeim samningi. Að sjálfsögðu geta menn haft skiptar skoðanir á því og hver og einn getur haft sínar skoðanir á samningnum. Að mínu mati er umtalsvert skref stigið til verndunar laxi í Norður-Atlantshafi með þessum samningi. Það má því til sönnunar bara vitna í samninginn og lesa upp þau ákvæði hans sem þar er um að tefla. Þar er að vísu ekki svo mikið af efnisatriðum beinlínis um takmarkanir, en það sem er þýðingarmikið er að það eru settar upp stofnanir sem eiga að vinna að þessum málum í framtíðinni og þeim eru sett viss boðorð, sem þær eiga að vinna eftir, og það getur ekki leikið á tveimur tungum um tilgang þann sem samningurinn byggist á. Hann kemur einkar glöggt fram í inngangi að samningnum, þar sem segir:

„Aðilar að samningi þessum", með leyfi forseta, „sem gera sér ljóst að lax sem kemur upphaflega úr ám í ýmsum ríkjum kemur saman á ákveðnum svæðum í Norður-Atlantshafi, sem taka tillit til þjóðaréttar, ákvæða í samningsdrögum þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fiskstofna sem leita aftur upp í ár og annarra þróunar á alþjóðavettvangi varðandi fiskstofna sem leita aftur upp í ár, sem óska að stuðla að öflun, greiningu og dreifingu vísindalegra upplýsinga um

laxastofna í Norður-Atlantshafi, sem óska að stuðla að verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlegri nýtingu laxastofna í Norður-Atlantshafi með alþjóðasamvinnu, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi". Og síðan kemur samningurinn.

Ég vil segja að það eru hreint ekki þýðingarlítil ákvæði að setja upp þá stofnun sem á að taka til starfa eftir samningnum og þær svæðisnefndir, þrjár að tölu, sem eiga að starfa eftir þessum samningi. Það er tekið býsna skýrt fram hvaða sjónarmið þessar nefndir eiga að hafa í huga við sínar ákvarðanir og till., t. d. í 7. og 8. gr. samningsins. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að þessi samningur sé fullkominn, vafalaust mætti gera enn betri samning um þetta, en ég held því hiklaust fram að hann sé spor í rétta átt og það mjög gott spor.

Hitt er svo vitað mál, að þar sem samningurinn er byggður upp eins og hann er byggður upp er um rammasamning að ræða og stofnanir sem fyrst og fremst er ætlað með samstarfi, samræmi og samvinnu að setja vissar efnisreglur um þetta. Þess vegna fer það auðvitað mjög eftir því hver framkvæmdin verður í þessu efni hvert raunverulegt gagn verður af þessum samningi eða ekki. En ég hef enga ástæðu til þess að efast um að þjóðirnar sem að þessum samningi standa muni vera einlægar í því að vinna á grundvelli þeirrar hugsunar sem er í þessum samningi. Það er auðvitað ekkert smáræði, að það eru þó dregin þau mörk að úthafsveiðar utan 200 mílnanna, það er aðalreglan, eru alveg bannaðar. Það er ennfremur aðalreglan, að veiðar á laxi eru bannaðar utan 12 mílna. Frá því eru aðeins tvær undantekningar í samningnum, þ. e. varðandi Færeyjar og varðandi Grænland, og það er auðvitað frá okkar sjónarmiði ekki hægt að vera ánægður með þær undantekningar, en það fékkst nú ekki með öðrum hætti að þessu sinni.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þegar aðilar setjast niður og hafa við að styðjast vísindalegar rannsóknir sem völ er á verður starf þeirra þessum málum til mikils framdráttar, en því miður tekur það sinn tíma. Það tekur t. d. nokkurn tíma að fá samninginn fullgiltan og voru vissir fyrirvarar varðandi það. En um leið og þessi samningur gengur í gildi verður sá árangur af honum að laxveiðar Dana, sem þeir hafa stundað í Noregshafi og sem hafa verið umtalsverðar, — það hefur verið talað um 100—250 lestir á ári, þær gætu hafa verið eitthvað meira, — falla niður þar. Því lýsa Danir yfir, að þær falli niður um leið og samningurinn gengur í gildi og verður fullgiltur. Það er víst ekki ánægja með það á meðal þeirra manna í Danmörku sem hafa stundað þessar veiðar.

Þetta er viðkvæmt mál og þetta er mjög viðkvæmt mál fyrir Færeyinga. Það vitum við, sem höfum rætt við þá. Nýlega hélt þingmannanefnd fund í Kaupmannahöfn með Færeyingum. Hv. þm. Árni Gunnarsson drap á þetta í umr. hér í fyrradag. Þar voru einmitt þessi mál rædd og ég held að það sé ekkert launungarmál að það kom greinilega fram á þeim fundi, og ég held að þeir þm. sem sóttu þann fund hafi heyrt það og þeir séu ekki í neinum vafa um það, að þetta er Færeyingum mjög viðkvæmt mál. En þetta er auðvitað hagsmunamál mikið fyrir Íslendinga, sem hér er um að tefla, og sjálfsagt að vinna að því á allan skynsamlegan hátt, eins og landbrh. tók fram, en undir hann heyra þessi mál.

Þessi þáltill. er þannig, að ég held að hún hljóti að taka einhverjum breytingum hvað orðalag varðar í meðferð nefndar. Það er nokkuð mikið sagt í þessari ályktun, eins og hún hljóðar, þar sem ályktað er að fela ríkisstj. o. s. frv. Já, mikið traust hafa menn á ríkisstj., það má nú segja. (Gripið fram í.) Það er alveg óstöðvandi traust. Það skal fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að stöðva rányrkju — Færeyingar kalla það ekki rányrkju, en það er nú sama, við getum kallað það því nafni — Færeyinga við veiðar Atlantshafslaxins í efnahagslögsögu sinni, þ. e. í Færeyjum. Ja, ég vil fá nánar útskýrt hvernig Íslendingar eiga að gera þetta og hvernig íslenska ríkisstj., þó sögð sé öflug, eigi að ráða við það viðfangsefni. Þetta getur náttúrlega lagast í meðferð nefndar og sú hugsun sem vakir fyrir flm. getur sjálfsagt komist í þann búning sem eðlilegt er.

Þessi mál heyra ekki undir mig, heldur undir landbrh., og þess vegna skal ég ekki fara fleiri orðum um það, en ég stóð að þessari samningagerð og hverjum þykir sinn fugl fagur eins og gengur. Þetta er fyrsti alþjóðasamningurinn, held ég, sem gerður er í Reykjavík svo að það er ekki nema von að manni sé dálítið sárt um hann. En ég held að það sé alveg óþarfi að gera lítið úr honum. Ég sé í blöðum að það hefur komið fram gagnrýni, en mér þótti ekki mikið koma til þeirrar gagnrýni.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. báðum, hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh., fyrir jákvæðar undirtektir, þó að ég sé ekki sammála öllu því sem fram hefur komið, t. d. því síðasta sem hæstv. utanrrh. vék að, að orðalagið á tillgr. sé nokkuð fjarstæðukennt. Það hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir" þetta á við komandi ríkisstj. jafnt og núv. „til að stöðva rányrkju Færeyinga við veiðar Atlantshafslaxins í efnahagslögsögu sinni."

Að gera nú þegar ráðstafanir, stendur þar. Þessi ríkisstj., ef hún verður ekki fallin þegar till. er samþykkt, mundi byrja þessar undirbúningsráðstafanir til að stöðva rányrkju Færeyinga við veiðar Atlantshafslaxins „í efnahagslögsögu sinni", efnahagslögsögu Færeyja, það er rétt skilið, stöðva veiðar Færeyinga í efnahagslögsögu Færeyja í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans. Þeir hafa enga heimild til að veiða lax í sinni efnahagslögsögu með þeim hætti sem þeir gera nema með stoð í þeim samningi sem gerður var hér í Reykjavík. Þeir hafa enga stoð í 66. gr. Þvert á móti er það upprunariki laxstofnsins sem hefur leyfi til að ákveða aflamagn. Það getur bannað og stöðvað þessar veiðar.

Hitt er svo aftur rétt, að það er kannske eitthvað erfitt um vik að sanna hvaðan hver einstakur lax er kominn. Þess vegna er í till. lagt til samstarf Efnahagsbandalagsríkjanna Íslands og Noregs — og kannske einhverra fleiri ríkja við Norður-Atlantshaf, að þau sameiginlega knýi Færeyinga til að hætta þessum veiðum, hætta lögbrotunum. Ef þeir geta það ekki með öðrum hætti, þá á að stefna þeim fyrir dóm. Það er ósköp einfalt. Það er gert ráð fyrir því í 66. gr. að sjálfsögðu. Fyrst á að reyna samningaumleitanir, síðan á að fara eftir ákvæðum greinarinnar, sem m. a. segja það að strandríki geti ákveðið hámarksaflamagn. Það er eingöngu í þeim tilfellum þar sem um meiri háttar efnahagslega röskun er að ræða sem ekki er hægt að stöðva þetta með öllu og strax. Það getur ekki átt við Færeyinga að því er varðar svæðið utan við 200 mílurnar. Þeir hafa aldrei veitt þar lax svo ég viti. Þess vegna var hægt að stöðva það. Það er

eina ákvæðið sem er jákvætt í þessum samningi. Það var hægt að stöðva það án samnings. En það er gott að hafa ákvæði þar. Ekkert ákvæði annað get ég fundið í þessum samningi sem sé til hagsbóta. Öll eru þau nokkru hagstæðari og rýmri fyrir þá sem vilja veiða fisk annarra þjóða en ákvæði 66. gr., því miður.

Þessi inngangur sem hæstv. utanrrh. gat um, hann er ágætur. En hann segir nákvæmlega ekki neitt, hann er almenn viljayfirlýsing. Og varðandi það að setja upp allar þessar stofnanir er mér svo sem sama þó að eytt verði nokkrum krónum í þessar stofnanir og kannske fjölgi mannskapnum álíka mikið og lögsagan stækkar Ég held að það geri ekkert gagn að vera að setja upp einhverja fasta stofnun í þessu efni. Það sem er aðalatriðið er að þetta er allt of seinvirkt, enda væri búið að drepa allan laxinn þegar þetta verður komið í gagnið eftir 5—10 ár. Það sem þarf að gera er að stöðva þessar veiðar og stöðva þær strax á grundvelli gildandi alþjóðalaga. Og ég efast ekkert um að þegar Færeyingar hafa lesið þessar greinar og þegar allir Íslendingar taka sig saman um að skýra þær rétt, þá verði þeir til í það að hætta þessum veiðum kannske öllum strax, eða fara þá strax niður í þessi 100 tonn sem þeir veiddu fyrir þrem árum. Þeir hafa gert allt núna eftir að þetta er allt saman komið í hafréttarsáttmálann. Við skulum segja að leyft verði að veiða þessi 100 tonn — til þess að ekki sé hægt að segja að um væri að ræða meiri háttar efnahagslega röskun. Enda þótt það væri engin meiri háttar efnahagsleg röskun á atvinnulífi Færeyinga þó að þeim yrði líka bannað að veiða þessi 100 tonn. En það er sérstaklega getið um það í b-lið 3. gr. að þarna eigi að miða við það sem hafi verið eðlilegur afli, sem hefur verið stundaður. Þá sé miðað við það sem var í fyrra og hitteðfyrra. Það er þetta gamla, sem við þekkjum Íslendingar, þegar Bretar og aðrir hafa áunnið sér einhvern hefðbundinn rétt um áratugi eða aldir, svona rétt til þess að hafa réttindin. Færeyingar vinna sér þessi réttindi núna á 2—3 árum. Svo segja menn bara að þetta sé allt í lagi. Ekki hæstv. ráðh., ég tek það fram. En ég hef heyrt menn segja: Er þetta ekki bara della?

Við erum allir sammála um það, sem hér höfum talað, að auðvitað verði að taka fast á þessum málum. Kannske tek ég of djúpt í árinni, en ég geri það í þeim eina tilgangi að styrkja þá sem í samningum við Færeyinga verða að standa á næstu árum, til þess að þeir sem að þeim samningagerðum standa og viðræðum við Færeyinga viti að þeir hafa einróma Alþingi á bak við sig, sem ætlar sér að framfylgja ákvæðum 66. gr. hafréttarsáttmálans og þeim ákvæðum sem finnast kunna í þessum samningi sem gerður var okkur til styrktar. Ég finn ekkert því miður. Samningurinn er kannske skaðlaus í bili. Það er, eins og ég sagði áðan, hægt að segja honum upp ef Færeyingar ætla að hengja sig í þetta ákvæði 2. gr., sem er auðvitað furðulegt, að þeim skuli vera þar heimiluð veiði innan allra sinna 200 mílna.

Þetta með merkingarnar er auðvitað gott líka en það tekur allt sinn tíma. Og ég endurtek að það er ekki meginatriðið að vita hvaða þjóð á hvaða lax — ég segi á samkv. 66. gr. — af því að upprunaríkið á fiskinn og á að setja aflatakmörk og ráða því hvar hann er veiddur og hvenær hann er veiddur, en stöðva rányrkju hvar sem er. Þetta er svo afdráttarlaus grein. Hún er svo gersamlega allt annars eðlis en um allar aðrar fisktegundir, að við höfum eignarrétt á þessum fiski. En þar sem sönnunina skortir auðvitað um frá hvaða landi hver fiskur sé — þar sem Atlantshafslaxinn er vissulega einn og sami stofn þó að hann sé nokkuð misjafn að útliti og kannske að gæðum að einhverju leyti líka — þá er ekki hægt að segja til um nákvæmlega í hvaða á eða í hvaða landi hann er veiddur. Þess vegna þurfa allar þessar þjóðir að taka sig saman um það að sækja rétt sinn og banna hreinlega allar laxveiðar í sjó. Það er okkar takmark. Það höfum við Íslendingar gert, að því ber að stefna og það má ekki dragast í mörg ár, því að þá er hætta á að hinn villti Atlantshafslax verði hreinlega strádrepinn.

Umr. frestað.

Hagnýting surtarbrands, þáltill. (þskj. 69). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þessa till. til þál. um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum. Meðflm. mínir eru þm. Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Karvel Pálmason.

Þessi þáltill. fjallar um það, að ríkisstj. feli Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins rannsókn á surtarbrandi á Vestfjörðum og könnun leiða til hagnýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar. Það er gert ráð fyrir að þessu verkefni verði hraðað svo sem kostur er og að haft verði samráð við Orkubú Vestfjarða um þessar aðgerðir.

Allt frá því að olía hækkaði í verði í okt. 1973, sem minnisstætt er, hafa flest lönd heimsins reynt að finna eldsneyti sem gæti komið í staðinn fyrir olíu. Augu manna hafa æ meir beinst í þessu sambandi að kolum. Til er gífurlega mikið af kolum í heiminum, en þar sem olía var mjög ódýr hafði ekki verið lögð nein veruleg áhersla á þróun tækni til þess að nýta kol.

Nágrannar okkar, Danir, voru með þeim fyrstu sem fóru að nota kol í stað olíu, enda var löng hefð hjá þeim í notkun kola. Fyrstu viðbrögð þeirra voru að breyta öllum sementsverksmiðjum í kolakyndingu. Nú standa yfir miklar breytingar í Danmörku á þeim rafstöðvum sem ekki voru kolakyntar. Það er verið að breyta þeim í kolakyndingu. Einnig hafa verið gerðar miklar ráðstafanir til þess að tryggja innflutning kola þar í landi.

Aðrar Norðurlandaþjóðir leggja mikla áherslu á þróun kolanýtingar. Einkum eru það Finnar, sem hafa þó stór kjarnorkuver. Liður í þessari viðleitni var ráðstefna sem var haldin í Finnlandi í okt. 1981 á vegum NORDEL um „Fluidizedbed" kolakyndingu, sem mætti kalla á íslensku svifbruna-kyndingu.

Þessi tækni er ekki ný af nálinni og hefur verið notuð síðan 1922 í iðnaði, en eftir olíuverðshækkunina var fyrir alvöru farið að þróa þessa tækni. Þessi tækni felst í því, að lofti er blásið inn í ofninn að neðan og eldsneytinu haldið svífandi inni í eldholinu þannig að mjög góður bruni fæst. Saman við er blandað kalksteini sem dregur í sig brennistein úr kolunum, og er þá reykurinn laus við brennistein, sem annars er mjög erfitt og dýrt að losna við með venjulegri kyndingu.

Með „Fluidized bed" tækninni opnaðist ný og áður óþekkt aðferð til þess að nýta eldsneyti með lægra brunagildi en venjuleg kol, svo sem brúnkol eða surtarbrand, eins og t. d. Finnar gera. Nú þegar er hægt að fá keypta á almennum markaði ofna, sem gerðir eru til að

nýta þessa nýju tækni.

Í Þýskalandi á þessi tækni sér merka sögu og miklar tilraunir eru gerðar víða um lönd, svo sem í Englandi og í Bandaríkjunum.

Athygli vekur að í Kína voru þegar árið 1981 komnir 60 gufukatlar með þessari tækni og eru nú um 10 tæknir í notkun árlega. Í Kína eru notuð kol með lágu brennslugildi. En surtarbrandurinn hjá okkur er með hærra brennslugildi en þau kol sem eru nú hagnýtt í Kína.

Það er stefna okkar Íslendinga að gera okkur sem óháðasta innflutningi orkugjafa. Þess vegna viljum við hagnýta eigin orkulindir. Það gerum við með því að virkja fallvötnin og jarðvarmann. En orkan, sem fæst eftir þessum leiðum, verður ekki af tækni- og hagkvæmnisástæðum notuð til allra þarfa. Þannig verður rafmagn ekki enn hagnýtt til rekstrar þurrkara fiskmjöls- og loðnuverksmiðja og Sementsverksmiðjunnar, þó að slík notkun sé nú á rannsóknarstigi. Þess vegna á Sementsverksmiðjan ekki annars úrkosta en taka upp kolanotkun þegar horfið er frá notkun olíu, eins og nú er ákveðið. En með þessari breytingu hjá Sementsverksmiðjunni er ekki um að ræða að hagnýta innlendan orkugjafa í stað erlends. Það er verið að breyta um erlenda orkugjafa, þegar innflutt kol eru tekin í stað olíu.

Það hlýtur að vera eitt af okkar stóru verkefnum í framkvæmd orkumálastefnu okkar að hagnýta innlenda orkugjafa sem eldsneyti. Þar er um að ræða hagnýtingu surtarbrandsins.

Gísli Júlíusson verkfræðingur flutti erindi á Orkuþingi árið 1981, þar sem hann vakti athygli á því, hvernig rannsóknum á surtarbrandi hefur verið háttað hér á landi. Rannsóknir þessar hófust þegar um síðustu aldamót. Rannsóknir hafa aðallega beinst að því að finna hvar surtarbrandslög eru og að efnasamsetningu brandsins og brennslugildi, en ekki hversu mikill hann er. Þó eru til ágiskanir sem gerðar hafa verið eftir aðstæðum á þeim stöðum þar sem surtarbrandslög hafa fundist.

Vestfirðir hafa sérstöðu í þessum efnum. Þar fyrirfinnast surtarbrandslög víðs vegar. Má þar nefna surtarbrandslögin á Barðaströnd, á Patreksfirði, Arnarfirði, Súgandafirði, Bolungarvík, Steingrímsfirði, Hrútafirði og Kollafirði í Strandasýslu, svo að nokkrir helstu staðirnir séu nefndir. En sá staður sem athyglin hefur beinst helst að er Stálfjall í Vestur-Barðastrandarsýslu. Þar hefur farið fram lauslegt mat og var það gert árið 1917 af sænska verkfræðingnum Ivar Svendberg, sem áleit að þar væru um 180 millj. tonna af surtarbrandi og mundi það nægja 600 mw. rafstöð í 60 ár. Hér er um að ræða álíka mikið uppsett afl og nú er samtals í öllum vatnsaflsvirkjunum landsins.

Það var sagt um þennan surtarbrand í Stálfjalli á sínum tíma, að þar væri svo mikil orka að mundi nægja Íslendingum til eilífðar. Þetta var sagt árið 1917. Nú lítum við að sjálfsögðu öðruvísi á málin en þá var gert, en þetta sýnir hvað menn þá þegar bundu miklar vonir við þá möguleika sem kynnu að felast í hagnýtingu surtarbrands á Íslandi.

Áður fyrr, og einkum á heimsstyrjaldarárunum fyrri og raunar síðari líka, var surtarbrandur nokkuð unninn á Vestfjörðum, svo sem í Súgandafirði, Bolungarvík, Dufansdal og á Stálfjalli. Með þeirri tækni sem þá viðgekkst þótti þetta eldsneyti of dýrt og erfitt að nálgast það. Með nútímaaðferðum við námugröft og flutningatækni og endurbættum brennsluaðferðum eru viðhorf nú gerbreytt. Vinnsla surtarbrands gæti nú orðið arðvænleg.

Með tilliti til þessa er þáltill. þessi fram borin. Vinda verður bráðan bug að því að kanna hverjir möguleikar kunna að vera hér ónotaðir. Svo miklir hagsmunir eru í húfi að vinna verður markvisst og skipulagsbundið í máli þessu. Þess vegna er lagt til að Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins verði falin rannsókn á surtarbrandi á Vestfjörðum og könnun leiða til nýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar. Nú liggur þegar fyrir mikil vitneskja um staðsetningu surtarbrandslaga og brennslugildi surtarbrandsins. Hins vegar er lítið vitað með vissu um magn surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum. Ekki hefur heldur verið rannsökuð aðstaða til vinnslu surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum miðað við nútímaaðferðir við námugröft og flutningatækni. Þá hefur arðsemi af vinnslu surtarbrands ekki verið metin miðað við þær endurbættu brennsluaðferðir sem nú eru fyrir hendi. Allt eru þetta verkefni sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir að unnin verði af Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins. Svo mikils er um vert, að verk þetta verði unnið með þeim hraða sem frekast er unnt, að lagt er til að þessar stofnanir fái sérstaka fjárveitingu úr ríkissjóði til að standa undir kostnaði við þetta viðfangsefni.

Jafnframt því að á Vestfjörðum eru aðalsurtarbrandssvæði landsins hafa Vestfirðir einnig þá sérstöðu að hafa yfir að ráða minni orkulindum en aðrir landshlutar í formi vatnsafls og jarðhita. Er því tvöföld ástæða til að leggja sérstaka áherslu á vinnslu surtarbrands á Vestfjörðum. Árangurinn af því gæti líka orðið tvíþættur. Annars vegar væri skapaður möguleiki, sem nú er ekki fyrir hendi, til þess að leysa olíuna af hólmi með innlendum orkugjafa í mjög þýðingarmiklum og orkufrekum iðnaði. Hér dugar ekki að auka raforkuframleiðslu í landinu vegna þess að raforka verður ekki hagnýtt í þessu skyni. Til þess þarf að koma nýr orkugjafi, sem við nú ráðum ekki yfir, en gætum fengið með hagnýtingu surtarbrandsins. Hagnýting slíks nýs orkugjafa hefði í för með sér ómetanlegan hag fyrir efnahag landsins í heild. Hins vegar væri skapaður möguleiki með hagnýtingu surtarbrandsins, til stórátaks til eflingar byggð á Vestfjörðum. Grundvöllur fengist fyrir þeirri fjölbreytni í atvinnulífinu sem þar skortir mjög á. Þessi hagnýting orkulinda getur skapað beinlínis mjög mikla atvinnu við námugröftinn og flutninga, auk þeirrar almennu atvinnuuppbyggingar sem óbeinlínis hlýtur að leiða af þessari vinnslu. Með slíkri þróun gæti staða Vestfjarða í orkumálum landsins gerbreyst frá því sem nú er. Í stað þess að hafa lítið gildi fyrir orkubúskap þjóðarinnar í heild, þegar einungis er litið á vatnsafl og jarðhita, væru Vestfirðir þýðingarmikill aðili í orkuvinnslu landsins, auk þess að vera með hagnýtanlega orkulind, sem ómissandi er, en ekki annars staðar að hafa í landinu eða í miklu minna mæli.

Hér er ekki um neitt hégómamál að ræða. Það má vera ljóst, þegar haft er í huga hve mikil sú orka er sem þarf til þess rekstrar er notar eldsneyti sem orkugjafa. Hér er um að ræða þann rekstur sem nú notar olíu, en surtarbrandur gæti leyst af hólmi. Á árinu 1980 voru flutt inn 171 þús. tonn af svartolíu. Þar af munu hafa farið um 100 þús. tonn til fiskmjölsverksmiðja, Sementsverksmiðjunnar og Hvalstöðvarinnar. Ef þessir aðilar notuðu surtarbrand yrði gjaldeyrir sparaður að upphæð um 21 millj. dollara eða um 210 millj. kr., en þá er reiknað með að

útsöluverð væri um 240 millj. kr. Af surtarbrandi samsvarandi að orkugildi mundi þurfa um 230 þús. tonn. Þetta mundi svara til um 900 gígavattstunda á ári í rafmagni eða sem svaraði 210 mw. í uppsettu afli, sem er jafnmikið og Hrauneyjafossvirkjun fullbúin.

Ég vil taka það fram, að þær tölur sem ég nefndi í þessu sambandi varðandi upphæð þess gjaldeyris sem sparast mundi eru ekki miðaðar við gengi dagsins í dag, heldur eins og gengið var snemma á þessu ári. Því verða menn að hafa í huga að allar þær tölur sem ég nefndi varðandi sparnað í erlendum gjaldeyri eru nú í íslenskum krónum verulega hærri en ég greindi frá.

Hér hefur einungis verið talað um hagnýtingu surtarbrandsins sem eldsneytis. Slík notkun surtarbrands kemur þó til greina í ýmsum fleiri tilvikum en hér hefur verið getið, svo sem til kyndingar hitaveitna sem ekki hafa jarðvarma sem orkugjafa. Þá kann og að geta verið hagkvæmt að framleiða rafmagn með surtarbrandi í raforkuverum á námustað. En auk þess getur surtarbrandurinn orðið hagnýttur til margs konar efnaiðnaðar. Af þessu má marka hve þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum hagnýting surtarbrandsins gæti orðið fyrir landið í heild og Vestfirði sérstaklega.

Þessi till. til þál., sem ég hef nú verið að ræða um, var flutt á síðasta þingi síðla þings, en náði þá ekki afgreiðslu. Málið vakti samt mikla athygli og hreyfing komst á það. Í till. var gert ráð fyrir að Orkustofnun ynni að málinu. En þó að till. væri ekki afgreidd á síðasta þingi beið Orkustofnun ekki boðanna. Nú þegar vinnur Orkustofnun að því að láta gera frumúttekt á vinnsluhæfni og vinnsluhagkvæmni surtarbrands á grundvelli þeirrar vitneskju sem nú er fyrir hendi um það. Leitað hefur verið aðstoðar aðila erlendis, sem reynslu hafa í kolavinnslu, þ. á m. í vinnslu brúnkola. Samið hefur verið við National Coal Board í London um að sú stofnun taki að sér frumúttekt á vinnsluhagkvæmni surtarbrands á Vestfjörðum. Er þá gert ráð fyrir að þessi stofnun byggi á upplýsingum þeim sem þegar eru fyrir hendi hér á landi, sérfræðingar stofnunarinnar ásamt íslenskum sérfræðingum skoði þá surtarbrandsstaði sem einna álitlegastir þykja til vinnslu og höfð verði hliðsjón af reynslu National Coal Board af vinnslu brúnkola eða surtarbrands. Er gert ráð fyrir að National Coal Board sendi hingað næsta sumar, líklega í ágúst eða september, einn námaverkfræðing og einn námajarðfræðing, sem skoði ásamt íslenskum sérfræðingum nokkra surtarbrandsstaði á Vestfjörðum.

Þá er þess að geta, að tveir sérfræðingar á Orkustofnun vinna nú að því að taka saman yfirlit um það sem vitað er um surtarbrand á Íslandi. Þetta yfirlit verður sent National Coal Board snemma á þessum vetri.

Þar sem þess er að vænta að vinnsluhagkvæmni surtarbrandsins sé talsvert háð því hve mikið er unnið af honum árlega, — ég sagði talsvert háð því, en er auðvitað mikið háð því, — þá verða National Coal Board gefnar upp þrjár mismunandi forsendur um árlegt vinnslumagn. Þær verða að sjálfsögðu að taka mið af hugsanlegum markaði fyrir surtabrand hér á landi. Það er nú unnið að því að kanna það mál nánar. Hugsanlegir surtarbrandsnotendur eru kyndistöðvar hitaveitna, Sementsverksmiðjan og annar iðnaður sem nú notar svartolíu, svo sem fiskmjölsverksmiðjur og heykögglaverksmiðjur. Þá kann að geta verið hagkvæmt að framleiða rafmagn með surtarbrandi í raforkuverum á námustað, eins og ég vék að áður.

Til að meta hagkvæmni surtarbrandsvinnslu er samanburður við svartolíu ófullnægjandi einn sér. Samanburður við innflutt kol verður einnig að koma til.

Samkvæmt því sem Orkustofnun tjáir mér nú er þess vænst að frumúttekt á þessum málum geti legið fyrir eftir u. þ. b. eitt ár. Þegar þessi frumúttekt liggur fyrir er tímabært að ákveða frekari skref í málinu.

Ég hef gefið hér, að ég hygg, töluverðar upplýsingar og forvitnilegar um það mál sem ég er hér að ræða og þá á ég ekki síst við það sem ég hef sagt frá aðgerðum Orkustofnunar. Ég vil láta þess getið, að allt sem ég hef hér sagt um aðgerðir Orkustofnunar er samkvæmt bréfi sem orkumálastjóri ritaði mér 5. þessa mánaðar.

Það er vissulega ánægjulegt að Orkustofnun skuli hafa brugðist svo skjótt og vel við í máli þessu sem raun ber vitni um. Samt sem áður er nauðsynlegt að fá till. okkar til þál. um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum samþykkta. Þess vegna höfum við á ný lagt till. þessa fram á þessu þingi.

Það ber að hafa í huga, að samkvæmt till. er gert ráð fyrir að ekki einungis Orkustofnun vinni að þessum málum, heldur og Rannsóknaráð ríkisins. Það má segja að verkaskiptingin milli Orkustofnunar og Rannsóknaráðs ríkisins varðandi þetta mál sé sú, að Orkustofnun vinnur að því sem lýtur að vinnsluþættinum, en Rannsóknastofnun ríkisins vinnur að því er lýtur að nýtingarþættinum. Nýtingarþátturinn er ekki síður mikilvægur því að hann lýtur að því að skapa markað fyrir surtarbrandinn. Ber þá ekki einungis að hafa í huga hagnýtingu surtarbrandsins sem eldsneytis, heldur og að surtarbrandurinn getur orðið hagnýttur til margskonar efnaiðnaðar, eins og ég áður gat um.

Herra forseti. Við flm. þessarar till., sem allir erum þm. Vestfjarða, bindum miklar vonir við þetta mál. Við getum ekki sagt nú að það sé öruggt að vinnsla surtarbands á Vestfjörðum sé hagkvæm eins og stendur. Við fullyrðum ekki um það. Þvert á móti göngum við út frá því að þetta þurfi að rannsakast. Um það fjallar einmitt till. okkar. En við teljum að þetta mál sé mikilvægt og svo mikið sé í húfi, ekki einungis fyrir þjóðarbúskap okkar í heild heldur fyrir atvinnulíf, uppbyggingu og framtíð byggða á Vestfjörðum, að einskis megi láta ófreistað til að ganga úr skugga um hvort nú sé tímabært að hefja vinnslu á surtarbrandi á Vestfjörðum. Með tilliti til þessa, herra forseti, væntum við að till. þessi verði afgreidd á þessu þingi. Ég trúi raunar ekki öðru en það verði gert. Í því sambandi skírskota ég til þess, sem ég hef hér greint frá, að þetta starf er þegar hafið, eins og glöggt kom fram í þeim upplýsingum sem ég gaf um aðgerðir Orkustofnunar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að till. verði vísað til hv. atvmn að lokinni þessari umr.

Umr. frestað.

Röðun jarða til tölvuvinnslu, þáltill. (þskj. 67). — Ein umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu. Till. þessa er að finna á þskj. 67. Flm. ásamt mér er hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson. Seint á síðasta þingi, 104. löggjafarþinginu

fluttum við þessa till. og varð hún ekki útrædd. Því höfum við leyft okkur að flytja hana að nýju. Er till. á þessa leið með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd sjö manna til þess að gera tillögur um samræmt númerakerfi yfir bújarðir í landinu með það að markmiði að gera tölvuvinnslu margs konar þátta landbúnaðarins og upplýsingamiðlun á því sviði fljótvirkari og öruggari.

Eftirgreindir aðilar skulu skipa fulltrúa í nefndina: Hagstofa Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Fasteignamat ríkisins, Landnám ríkisins og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Landbrh. skipar einn mann í nefndina og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum til landbrh. fyrir 1. janúar 1984."

Þegar þessi till. var flutt á síðasta þingi gerði ég grein fyrir efni hennar og þýðingu. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fara um hana mörgum orðum, og ekki í eins löngu máli og þá, en ég vil þó taka fram nokkur atriði sérstaklega nú.

Landbúnaðurinn hefur nú þegar tekið tölvunotkun í ýmsum greinum atvinnuvegarins í sína þjónustu. Hjá Búnaðarfélagi Íslands hefur búfjárræktin verið unnin í tölvu mörg undangengin ár og ég ætla að skýrslur nautgriparæktarfélaga og sauðfjárræktarfélaga hafi verið teknar í tölvuvinnslu nokkru áður en tölvunotkun var almennt í gangi. Tölvufræðingur búfjárræktarinnar mátti því setja upp sérstakt kerfi. Síðan hefur hliðstæð úrvinnslu orðið almenn, en ýmsir algengustu lyklar kerfanna hafa ekki verið samræmdir, enda hefur enginn opinber aðili beitt sér fyrir samræmingu svo mér sé vitanlegt.

Sú till. sem ég ræði hér varðar aðeins einn takmarkaðan þátt þessara mála, en engan veginn þýðingarlítinn þátt að mínum dómi. Ég gat þess áðan að búfjárrækt Búnaðarfélags Íslands hefði unnið í tölvu skýrslur bænda um allmörg undangengin ár, skýrslur þeirra bænda sem hafa haldið skýrslur yfir kynbótagripi sína. Fleiri og fleiri þættir eru teknir í vinnslu með sama hætti.

Ég hef kosið að taka með þessari till. sérstaklega til umfjöllunar röðun bújarða í tölvukerfi til flýtisauka við upplýsingamiðlun sem allmargar stofnanir í landinu ættu að hafa í sem fyllstu samræmi. Má í því sambandi nefna þjóðskrána, Fasteignamat ríkisins, Stéttarsamband bænda, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands, Landnám ríkisins, veðbókarskráningu, markaskrár og merkingu stórgripa, sem nýlega eru uppteknar hér á landi og felldar eru inn í alþjóðlegt merkjakerfi. Þær eru þess eðlis að merkingarnar mást ekki út og eru því nýtanlegar sem eins konar nafnnúmer gripanna. En þau fengju ríkara gildi ef einnig væri hægt að fella inn í það kerfi viðurkennt númer þeirrar jarðar sem viðkomandi gripur væri fæddur á og mundi því fylgja gripunum meðan hans nyti við.

Þegar þessi till. var flutt á síðasta þingi var henni vísað til allshn. sem tók till. til athugunar og sendi hana ýmsum aðilum til umsagnar. Þær umsagnir bárust ekki fyrr en í sumar eða eftir að þing lauk störfum og var farið heim. Þegar komið er til þings hér aftur þá kemur það í ljós að ýmsir aðilar hafa sent umsögn um till. Þegar gengið var frá till. til endurflutnings hafði ég ekki veitt athygli nema einni umsögn frá Fasteignamati ríkisins. Er sú umsögn að hluta til prentuð hér sem fskj. með till. Einnig barst umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands og vil ég með leyfi hæstv. forseta skýra frá örstuttum kafla úr þeirri umsögn. Hann er á þessa leið:

„Búfjárræktarskýrslur eru í fyrsta lagi skýrslur nautgriparæktarfélaganna og skýrslur um sæðingar. Í þessum skýrslum er sameiginlegt númerakerfi. Grunnur þess er kerfi Hagstofunnar. Vegna félagsuppbyggingar í þessum félögum verður aftur á móti að leyfa sér veruleg frávik frá þessu. Vinnsla á skýrslum fjárræktarfélaganna hófst nokkru fyrr en önnur tölvuvinnsla. Númerakerfi það sem þar er notað er því annað en sem síðar kom á vegum Hagstofunnar.

Á það er ástæða að benda að slík númerakerfi verður ætíð að aðlaga þeim verkefnum sem unnin eru, m. a. af hagkvæmniástæðum. Flutningur upplýsinga á milli ólíkra númerakerfa er aftur á móti í öllum þeim tölvukerfum sem í notkun eru í dag mjög einfalt mál að leysa. Í þessu sambandi ber einnig að hugleiða hversu langt réttlætanlegt sé að ganga í fullri samræmingu á númerakerfum vegna þess að sumar upplýsingar, sem verið er að skrá, eiga ekki að vera aðgengilegar beint í tölvukerfunum fyrir hvern sem er."

Það sem hér kemur fram sýnist mér benda til þess að fullkomin ástæða sé til að aðilar hafi samráð um það með einhverjum hætti hvernig slíkt númerakerfi verður byggt upp og, eins og tekið er fram hér í umsögn Búnaðarfélagsins, í hve ríkum mæli sé réttlætanlegt að það sé alsamræmt. En slíkt verður ekki fundið út nema aðilar talist við.

Ég vil svo aðeins lesa hér stuttan kafla úr umsögn Fasteignamats ríkisins sem ég tel styðja mjög að því einnig að lagt verði til þessa starfs að samræma númerakerfið. Í bréfi Fasteignamats ríkisins segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Við hjá Fasteignamati ríkisins teljum að hér sé á ferðinni merk tillaga sem gæti markað tímamót ef takast mætti að koma á fót samstarfsnefnd þeirra aðila er tillagan gerir ráð fyrir. Með aukinni tölvunotkun hefur áhugi sveitarfélaganna á gerð staðgreinikerfa vaxið, a. m. k. fyrir þau stærri. Reykjavík er þó eina sveitarfélagið þar sem fullkomið staðgreinikerfi er í notkun, en vinnslu er langt komið í nokkrum af stærri kaupstöðunum. Samþykkt þessarar þáltill. gefur vissulega fyrirheit um að lagður yrði grunnur að réttri uppbyggingu fyrir tölvuvinnslu þess þáttar sem till. fjallar um, og gæti orðið til eftirbreytni um aðra þætti á sviði fasteignamála og mála þeim tengdum."

Ég tel engan vafa á því að það væri mikið til hagræðis bæði í vinnslu og upplýsingamiðlun til bænda að þetta númerakerfi væri samræmt í öllum þessum stofnunum. Þær gætu frekar leitað hver til annarrar um vissa upplýsingaþætti ef það væri samræmt. Samræming á þessu sviði er að mínu viti alger forsenda þess að tölvunotkun verði hagnýtt til hlítar fyrir landbúnaðinn í heild. Fleiri aðilar munu hafa gagn af slíkri kerfisbindingu bújarða við tölvuvinnslu, svo sem skráning eigna við þinglýsingar, eins og aðeins hefur verið vikið að áður, sem með þeim hætti tengdist fasteignaskrá til tryggingar því að eignir séu skráðar á rétta eigendur. Ég er sannfærður um að slík kerfisbinding gæti og leitt til hraðari afgreiðslu veðbókarvottorða til hins almenna notanda og á því er að mínu mati fullkomin þörf.

Ég á að vísu von á því að ýmsir séu þeir til sem líta á þetta mál smáum augum og telja ekki neina höfuðnauð-

syn að flytja það fram eða vinna í því. Ég er þar á annarri skoðun. Mér er ljóst að það er aðkallandi verkefni að gera hér samræmingu á og þess vegna ástæða til að kippa því út úr og vinna það strax til frekari afnota fyrir tölvuvinnsluna almennt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till. að sinni. Ég óska eftir því að þegar þessari umr. lýkur verði till. vísað til allshn.

Jón Helgason: Herra forseti. Mig langaði með örfáum orðum að lýsa yfir stuðningi við tilgang þessarar till. Það kom fram í máli framsögumanns að hér væri að vísu um takmarkað svið að ræða. En ég er sannfærður um að þarna er hægt að vinna að hagræðingu sem gæti orðið til hagsbóta á þessu sviði.

Mig langaði þó sérstaklega til þess að nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á hversu nauðsynlegt það er að við reynum að vinna að aukinni hagræðingu á öllum sviðum. Það er talað um að tölvuöldin geti haft í för með sér mikla byltingu fyrir okkur, en hún kemur því aðeins a. m. k. að fullum notum að henni sé þá beitt með eins mikilli hagkvæmni og kostur er. Á mörgum sviðum sjáum við að verið er að vinna sama verkið af mörgum aðilum. Mér dettur t. d. í hug mat fasteigna, sem margir aðilar vinna að. Augljóst virðist vera að miklu væri ódýrara og heppilegra að það verk væri unnið af einum aðila. Allir sem á því þyrftu að halda gætu síðan hagnýtt sér það. Þetta er að vísu miklu meira mál en felst í þessari till., en ég held að hún sé jákvætt spor í rétta átt.

Níels Á. Lund: Herra forseti. Mig langar til að lýsa yfir stuðningi mínum við framkomna till., sem hv. þm. Steinþór Gestsson mælti fyrir áðan. Ég þykist vita að þetta sé eitt málið af mörgum þar sem megi nota þá nýju tækni sem tölvan býr yfir. Það hlýtur að vera markmið okkar að nýta þá tækni og eflaust mætti finna mörg önnur slík mál. Ég vil sem sagt lýsa yfir þeirri skoðun minni að þetta sé eitt af þeim. Ég þykist vita að þetta komi til með að geta auðveldað allar skráningar á jörðum. Það mætti skrá hlunnindi jarðanna, jarðlýsingar, eignarráð á jörðunum o. fl. Þetta mundi ennfremur, að mínum dómi, geta auðveldað þeim sem vildu fá upplýsingar um viðkomandi jarðir, t. d. með sölu í huga eða kaup, og mætti þá með einfaldri útskrift á viðkomandi jörð fá mat á henni og lýsingu á henni, gögnum hennar og gæðum.

Ég vil, herra forseti, lýsa yfir stuðningi mínum við framkomið mál og vonast til þess að það verði afgreitt frá hv. Alþingi sem fyrst.

Umr. frestað.

Efri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 87). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv. til laga um efnahagsaðgerðir, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er til staðfestingar á brbl. sem sett voru 21. ágúst s. l. Frv. fylgir yfirlýsing ríkisstj. sama dag vegna aðgerða í efnahagsmálum. Þar er gerð grein fyrir aðdraganda og ástæðum efnahagsaðgerðanna. Í stefnuræðu 25. okt. á Alþingi var einnig gerð grein fyrir þessum málum og sömuleiðis í þjóðhagsáætlun, sem lögð var fram á Alþingi um svipað leyti og stefnuræðan var flutt.

Í þjóðhagsáætlun segir m. a. á þessa leið:

„Sjaldan hafa orðið meiri og óvæntari breytingar á efnahagslegum skilyrðum þjóðarbúsins en á árinu 1982. Þegar þjóðhagsáætlun var lögð fyrir Alþingi í okt. í fyrra [1981] var því spáð, að þjóðarframleiðslan ykist um 1% á þessu ári, viðskipti við önnur lönd yrðu hallalaus og verðbólga færi minnkandi. Stefna ríkisstj. í efnahagsmálum, eins og hún var kynnt í þjóðhagsáætlun, mótaðist af þessum forsendum. En á skammri stund skipast veður í lofti. Ýmsar af meginforsendum þjóðhagsáætlunar brustu af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Þegar í nóv. varð ljóst að loðnuafli yrði lítill sem enginn á þessu ári. Jafnframt hefur orðið alvarlegur samdráttur í þorskafla. Nú er talið líklegt að framleiðsla sjávarafurða dragist saman um 16% á árinu af þessum völdum. Einnig hafa vonir manna um batnandi ástand í efnahagsmálum umheimsins ekki reynst á rökum reistar. Lægðin í heimsbúskapnum hefur valdið verulegum þrengingum á mikilvægum útflutningsmörkuðum Íslendinga, bæði fyrir iðnaðarvörur og sjávarafurðir.

Þessi óheillavænlega þróun veldur því, að nú stefnir í halla á viðskiptum við önnur lönd á árinu 1982 er nemur um 10% af þjóðarframleiðslu og 5% samdrátt þjóðartekna á mann."

Þessi orð eru úr þjóðhagsáætlun þeirri sem lögð var fyrir Alþingi seinni hluta okt. s. l.

Þegar brbl. voru sett í ágúst var stefna ríkisstj. mörkuð á þessa lund í yfirlýsingu ríkisstj.:

„Aðgerðir ríkisstj. mótast af eftirfarandi fjórum meginmarkmiðum:

1. Að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd.

2. Að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

3. Að verja lægstu laun, eins og unnt er, fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í þjóðartekjum.

4. Að veita viðnám gegn verðbólgu.

Til þess að ná þessum markmiðum hefur ríkisstj. sett brbl. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Aðalefni brbl. er eftirfarandi:

1. Dregið er úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags með helmingslækkun verðbóta á laun 1. des. n. k.

2. Aflað er tekna á þann hátt að dregið er úr viðskiptahalla. Tekjunum verður ráðstafað til jöfnunar lífskjara.

3. Um leið og gengi krónunnar er breytt til að styrkja stöðu atvinnuveganna og draga úr innflutningi er helmingi gengismunar varið til sérstakra ráðstafana í þágu sjávarútvegs, einkum vegna erfiðleika í togaraútgerð.

Auk þeirra aðgerða, sem ákveðnar hafa verið með brbl., hefur ríkisstj. ákveðið að standa að eftirfarandi." Er síðan í 21 lið birt stefna ríkisstj. í fjölmörgum mikilvægum málum og er sá málalisti birtur á bls. 10—11 í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Samkv. 1. gr. frv. hefur verið ákveðið að fella niður helming verðbóta á laun 1. des. n. k. miðað við þær verðbætur sem annars hefðu reiknast á laun á þeim degi. Samsvarandi ákvæði tekur til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvöru. Jafnframt er ákveðið í þessari grein að almennt fiskverð hækki ekki meira en nemi hækkun verðbóta á laun á umræddu tímabili.

Ástæðan fyrir því að nú varð að takmarka verðbætur á laun er sú, að þjóðarbúið hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum á þessu ári. Eins og fram hefur komið munu þjóðartekjur að líkindum dragast saman um 5% á mann á árinu 1982, en einnig eru horfur á verulegum samdrætti á næsta ári. Slík minnkun þjóðartekna hefur óhjákvæmilega í för með sér minni tekjur fólks, minna er til skiptanna en áður. Með brbl. í ágúst og þeim efnahagsráðstöfunum, sem samhliða voru boðaðar, var ákveðið að taka á vandanum með samræmdum hætti og dreifa byrðum efnahagsáfallanna með skipulegum aðgerðum.

Eitt fyrsta einkenni efnahagssamdráttar er oftast nær vaxandi atvinnuleysi. Þrátt fyrir þessi áföll og samdrátt í efnahagslífinu, meiri samdrátt á skemmri tíma en yfirleitt þekkist í vestrænum löndum, hefur tekist að forðast atvinnuleysi. Til þess að ná þeim árangri er nauðsynlegt að beita fjölmörgum aðgerðum til að aðlaga efnahagsstarfsemina að samdrættinum á sem skemmstum tíma án þess að þeim mun alvarlegri hliðarverkanir fylgi í kjölfarið. Það felur í sér að draga verður úr þjóðarútgjöldum um leið og þess er gætt að hlúa að tækifærum til framleiðsluaukningar, er skilað gætu þjóðarbúinu á vaxtarbraut aftur. Sá kostur sem ríkisstj. valdi í þessum vanda byggist á því að samræma aðgerðir á sem flestum sviðum efnahagslífsins með það fyrir augum að komast hjá þeim fórnum sem einhliða aðhaldsaðgerðir í peninga- og ríkisfjármálum hafa haft í för með sér og reynslan sýnir hjá ýmsum öðrum þjóðum. 1. gr. frv. er þáttur í þessari heildarstefnu. Hún miðar að hvoru tveggja í senn, annars vegar að minnka útgjöld þjóðarbúsins og draga þannig úr viðskiptahalla og hins vegar að lækka kostnað atvinnuveganna og styrkja þar með stöðu þeirra.

Samkv. 2. gr. frv. er ríkisstj. heimilt að ákveða sérstakar bætur, allt að 50 millj. kr., úr ríkissjóði til láglaunafólks á árinu 1982. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sá að draga úr tekjuskerðingu þess launafólks sem minnst ber úr býtum. Það er verið að milda áhrif efnahagsörðugleikanna á þá sem lægstu launin hafa í þjóðfélaginu. Það er unnið að því að útfæra bótareglur í þessu skyni í samráði við samtök launafólks. Í þessu sambandi er rétt að minna á 16. lið — á bls. 11 í þessu frv. — í aðgerðum ríkisstj., en þar er gert ráð fyrir því, að auk þess sem hér er getið um, þær 50 millj. sem varið verður til launabóta, verði samtals 175 millj. kr. varið á þessu og næsta ári til láglaunabóta og skattendurgreiðslna og enn fremur 85 millj. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins.

Í 3., 4. og 5. gr. frv. er að finna ýmis ákvæði sem varða gengismál. Til að treysta stöðu atvinnuveganna, einkum útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina innflutnings á heimamarkaði, reyndist nauðsynlegt að breyta gengi krónunnar. Samhliða gengisbreytingunni var ákveðið að leggja gengishagnað í sérstakan gengismunarsjóð, sem síðan skyldi varið í þágu sjávarútvegsins, sem ber þungann af framleiðslusamdrættinum. Samkv. frv. er þessum gengishagnaði varið í meginatriðum á eftirfarandi hátt:

1. 80 millj. kr. er varið til styrktar togaraútgerð til að bæta rekstrarafkomu hennar vegna aflabrests á árinu.

2. 15 millj. kr. renna til loðnuvinnslustöðva.

3. 10 millj. kr. renna til Fiskimálasjóðs, sem varið verði til orkusparandi aðgerða í útgerð og fiskvinnslu og til fræðslu um gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi.

4. 5 millj. kr. renna í Lífeyrissjóð sjómanna.

5. Eftirstöðvar renna í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum eða fjármagnskostnaði fiskiskipa.

6. gr. frv. varðar verslunarálagningu. Þar er ákveðið að beita svonefndri 30% reglu, en hún felur í sér að lækkaður er sá hundraðshluti verslunarálagningar sem samsvarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins sem leiddi af hækkun á verði erlends gjaldeyris. Með þessum hætti axlar verslunin hluta af þeim byrðum sem efnahagssamdrátturinn hefur í för með sér. Næstu mánuði á undan og reyndar misseri hafði velta verið óvenjulega mikil í verslun og afkoma góð, eins og reyndar hafði komið fram skömmu áður, m. a. í skýrslu frá Verslunarráði Íslands.

7., 8., 9. og 10. gr. varða allar vörugjald. Í gildi hefur verið um nokkurra ára skeið vörugjald, annars vegar 24% gjald og hins vegar 30% gjald, mismunandi eftir vöruflokkum. Þessi lög um tímabundið vörugjald voru sett fyrst í júlímánuði 1975 með brbl., en hafa síðan verið framlengd frá ári til árs með nokkrum breytingum á prósentutölu. Um áramótin þarf að framlengja þessi lög með sama hætti og áður. Þessar lagagreinar fela annars vegar í sér nauðsynlega framlengingu og hins vegar er ákveðið að hækka þessi vörugjöld fyrir tímabilið 23. ágúst 1982 til og með 28. febr. 1983, þannig að 24% gjaldið er hækkað á þessu tímabili í 32% og 30% gjaldið er hækkað í 40% fyrir sama tímabil. Þessari hækkun var ætlað annars vegar að draga úr innflutningi og þar með viðskiptahalla, en hins vegar að afla tekna vegna launabóta og húsnæðismála.

Í 10. gr. frv. er gerð tæknileg breyting á tollskrá er varðar viðmiðun á gengi við tollafgreiðslu vara.

11. gr. varðar samræmingu á verðbótahækkun launa 1. sept. 1982. Á s. l. sumri var svo um samið í kjarasamningum milli verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda, að 1. des. skyldu dregin frá verðbótahækkun launa 2.9%. Til þess að þessi skerðing á verðbótum, sem þannig væri um samið á hinum almenna launamarkaði, næði jafnt til allra launamanna var þetta ákvæði sett í brbl.

Herra forseti. Ég hef gert hér grein fyrir einstökum liðum þessa frv. Þetta mál hefur fengið meiri umfjöllun á undanförnum vikum og mánuðum en flest önnur mál. Ítarleg grein var gerð fyrir málinu í þeirri yfirlýsingu sem fylgdi af hálfu ríkisstj., enn fremur í stefnuræðu og þjóðhagsáætlun, og er því ekki ástæða til að hafa þessa framsögu lengri, en ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Formaður Alþb. hefur sagt þjóðinni að hún sé að glata efnahagslegu sjálfstæði sínu og flokksmenn hans krefjast hver um annan þveran fórna á fórnir ofan, kjaraskerðinga á kjaraskerðingar ofan. Formaður Framsfl. segir að við séum komnir fram á ystu nöf í efnahagsmálum og fjöldaatvinnuleysi muni dynja yfir á næstu vikum. Liðsmenn hans segja, að ákvæði frv. þess sem hér er til umr. séu ekki nándar nærri nógu róttæk, kjaraskerðingin þyrfti að vera miklu meiri og skattaálögurnar enn þá þyngri. En hæstv. forsrh., blessaður, bjargar þessu öllu saman. Frá hans bæjardyrum horfir þetta allt öðruvísi við. Þar er allt í sómanum, eins og ævinlega þar sem hann kemur nálægt málum. Ekkert nema einingin og bróðernið, virðingin fyrir Alþingi og elskusemin einskær. Það er hreint ekki ónýtt fyrir hnípna þjóð í vanda að eiga svona einingartákn.

Allt væri þetta sprenghlægilegt ef það væri ekki svona skelfilega alvarlegt. Auðvitað er vandinn geigvænlegur. Hann byggist að langmestu leyti á rangri stjórnarstefnu. Við höfum verið að sökkva í skuldafen á mestu uppgripaárum í allri Íslandssögunni. Þó er sjálfsagt að játa að ytri aðstæður hafa að sumu leyti verið samverkandi stjórnarstefnunni. Þannig er t. d. varla hægt að kenna ríkisstj. um það, að skreiðin er líka maðksmogin og Ítalir allt of matvandir. Við uppskerum nú illgresi það sem til var sáð með stjórnarmynduninni.

Þegar brbl. þau, sem nú fyrst eru lögð fram fyrir Alþingi, góðum mánuði eftir að það kemur saman, voru útgefin 21. ágúst s. l. lýsti þingflokkur Sjálfstfl. fyllstu andstöðu við þau og krafðist þess að þing yrði kvatt saman, enda lá þá fyrir að ríkisstj. hafði ekki starfhæfan meiri hl. Á því þingi hefði kjördæmamálið verið til lykta leitt, síðan rofið þing og kosið nýtt. Þær kosningar hefðu þá væntanlega farið fram fyrir nokkrum vikum í blíðskaparveðri um land allt og vonir hefðu a. m. k. til þess staðið að starfhæfur meiri hl. gæti myndast á Alþingi að þeim loknum þannig að sú ógnvænlega mynd íslenskra þjóðmála, sem nú blasir við hverju heimili og hverju atvinnufyrirtæki, væri einungis martröð, sem menn hefðu vaknað upp frá, en ekki blákaldur veruleiki. Og nú segir formaður Framsfl. í fjölmiðlum, að eftir á að hyggja hefði verið besta lausnin, sú sem Sjálfstfl. benti á, að kjósa strax í haust. Hann hefði mátt hugsa fyrr, sá góði maður.

Alþfl. gerði sömu kröfu og formaður þingflokks hans, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sagði þá: Engin stjórn á samningskröfu á hendur stjórnarandstöðu. Kannske segir hann það enn eða hvað?

Ef hæstv. forsrh. hefði orðið við þessari ósk Sjálfstfl. hefði hann unnið langmerkasta verk í langri sögu sinni og baráttu innan Sjálfstfl. og fyrir hann. Þá hefði það leitt af sjálfu sér að Sjálfstfl. hefði gengið heill og óskiptur til kosninga. Þær kosningar væru afstaðnar og Sjálfstfl. vafalítið kominn í einhverja aðstöðu til að taka þátt í björgunaraðgerðum út úr því öngþveiti sem allir sjá nú fyrir augum og stjórnarherrarnir lýsa hvað skýrustum dráttum.

Ekki veit ég hvað hæstv. forsrh. gengur til að halda enn saman þessari vonlausustu stjórn allra stjórna, en ég veit hvað kommúnistum gengur til. Þó er kannske líka ljóst hvað vakir fyrir Gunnari Thoroddsen, hæstv. forsrh. Það væri raunar skrýtið ef svar við því vefðist fyrir mönnum, a. m. k. nú eftir að hann hefur slitið tengsl við flokks-

starfið í Reykjavík með skætingsbréfi, sem hann sendir fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna að tilefnislausu, annaðhvort af því að hann vill ekki eða þorir ekki að sækjast eftir framboði á vegum flokksins. Og hvers vegna halda menn að hann ljái aldrei máls á því að stjórnin segi af sér og ráðherrar kommúnista og Framsfl. styðji hann dyggilega í þeirri afstöðu, þótt allir tali þeir nú um að til greina geti komið að flýta kosningum? Svarið er svo augljóst að menn hafa ekki komið auga á það. Auðvitað hafa þessir herrar samið um að halda stjórnarsamstarfinu áfram næsta kjörtímabil, ef nokkur lífsins leið er. Höfuðpaurinn, sjálfur formaður kommúnistaflokksins, fer heldur ekkert dult með þetta. Hann krafðist á flokksráðsfundi um helgina kosninga sem fyrst og segir svo: „Í þeim kosningum þyrftum við að leggja áherslu á að núv. ríkisstj. fengi aukinn meiri hluta á Alþingi þannig að unnt væri að stýra eftir meginstefnu hennar áfram.“ Þess vegna lætur formaður Framsfl. líka samþykkja enn þrælslegri ofstjórnarstefnu en áður á þingi flokks síns til að girða fyrir samstarf við frjálslynd öfl að kosningum afstöðnum, eins og nánar verður vikið að síðar. Og þess vegna andmæla kommúnistar varla einu sinni að nafninu til þessari nýju og þrælmögnuðu afturhaldsstefnu Framsfl., heldur þvert á móti, og þriðji aðili ríkisstj. andmælir auðvitað engu.

Nú virðast allir hafa gleymt því, að Gunnar Thoroddsen, hæstv. forsrh., hefur frá stjórnarmyndun og til þessa dags sagt það hverjum sem heyra vildi að hann ætlaði að sitja út kjörtímabilið. Hann segist ætla að vera forsrh. þegar talningu lýkur í von um að núverandi aðilar að ríkisstj. fái styrkleika til að starfa áfram, en ella auðvitað að bera víurnar í þær leifar Alþfl. sem eftir kynnu að verða. Og hann er ekki einn til vitnis um þetta, þvert á móti. Allir aðilar stjórnarsamstarfsins hafa æ ofan í æ gælt við það, meira að segja síðustu vikur og daga, að efna til kosninga til að reyna að auka þingstyrk sinn svo að þeir geti áfram verið í stjórn eða stjórnað til næsta hausts með tilskipunum. Enginn hefur sýnt þar minnsta bilbug né fengist til að lýsa neinu öðru yfir. Þetta er sú óhugnanlega mynd sem við blasir í íslensku þjóðlífi. Atvinnan, lífskjörin, efnahagslegt sjálfstæði og allt það sem nú er ógnað með verður að víkja fyrir metnaði og trúnaðarheitum þeirra sem völd tóku á Íslandi í ársbyrjun 1980.

Ljóst er hvað fyrir kommúnistum vakir. Þeim er ástandið ekki eins leitt og þeir láta. Þeim hefur tekist það ætlunarverk sitt að koma meginatvinnuvegum landsins á vonarvöl. Þeim hefur tekist að brenna upp öllu fjármagni í einka- og félagsrekstri í sjávarútvegi, hneppa landbúnaðinn í lénsviðjar og sverfa svo að iðnaði að þar er stöðugur samdráttur og í besta falli stöðnun. Og nú boðar formaður flokks þeirra, að ætlunarverkið sé að ná gróðanum af versluninni og þjónustu, þar hafi verið heldur lífvænlegra en í undirstöðuatvinnuvegunum svokölluðu. Þar verður því að láta greipar sópa svo að hvarvetna sé sviðin jörð. Það segja þeir a. m. k., þó að reynslan sé sú, þegar þeir ráða, að þeir vilja gjarnan láta braskið blífa ef meginstoðir atvinnulífsins hrynja. Þetta ástand er auðvitað óskastaða kommúnista í baráttu á komandi árum fyrir því að lengur þurfi ekki að spyrja: Sovét-Ísland, óskalandið, hvenær kemur þú?

Þetta er raunar bara önnur hlið málanna. Kommúnistar hafa líka náð öðrum markmiðum ekki síður mikilvægum. Þeim hefur tekist að koma á meira misrétti í íslensku þjóðfélagi en tíðkast hefur í marga áratugi og þeim hefur tekist að sverfa svo að eignarrétti hins almenna borgara að naumast er nokkur kostur fyrir ungt fólk, hversu duglegt sem það er, að byggja eigin íbúðarhúsnæði og standa undir árlegum greiðslum af þeim kostnaði eða þá að ráðast í atvinnurekstur. Þess vegna verður þetta allt saman á félagslegum grundvelli í framtíðinni og fólkið verður náðarsamlegast að búa undir því þaki sem kommissararnir úthluta því. Svo hefur þeim tekist að hreiðra um sig hvarvetna í þjóðlífinu. Og síðast en ekki síst hefur forustumaður úr aðallýðræðisflokki landsins boðið þeim kverkatök á sér. Slíku hafa þrælskólaðir kommúnistaforingar hingað til hvergi fúlsað við.

En hvað þá með Framsókn, hvað segir hún? Ég er sannfærður um að fjöldi framsóknarmanna fyrirverður sig fyrir það að taka þátt í þeim ljóta leik sem nú er leikinn. Þeir gera sér grein fyrir hvert stefnir til sjávar og sveita. Þeir gera sér grein fyrir að fjöldi ungra og dugmikilla bænda er að kikna undan drápsklyfjum okurvaxta og elskusemi SÍS-valdsins og unga fólkið í bæjunum er að missa íbúðir sínar. Og þeir vita að niðurtalningin svokallaða er farin veg allrar veraldar, enda eintómt bull. Þeir vita að landið er stjórnlaust og allt er byggt á óheilindum. Þeir vitu að það er illt verk sem flokkur þeirra vinnur þegar hann hangir áfram við völd, ef völd skyldi kalla. En þeim er skipað að stíga Hrunadansinn til enda. Það veit formaður Framsfl. manna best þótt hann segi nú að kannske væri betra að rjúfa þing og kjósa um hávetur.

Með leyfi forseta læt ég nú varaþm. Framsfl., Harald Ólafsson, lýsa þessu ástandi. Hann segir í grein í Tímanum 20. okt. s. l.

„Undarleg eru örlög þessarar þjóðar. Mitt í einhverri mestu velsæld sem þekkist á byggðu bóli blikna harðnaðar stjórnmálahetjur gagnvart „ægilegasta vanda“ sem um getur í sögunni. Og ungir menn og hraustir taka undir þennan harmþrungna óð og bjóðast til að hætta „snakkinu“ og fara að „gera eitthvað“. Það mætti ætla, að yfir væri skollið tímabil áþjánar, pesta, illviðra og nauða. Landsmönnum er sagt, að fiskurinn sé horfinn úr sjónum, enginn vilji kaupa skinnkápur, skreiðin heldur áfram að hrannast upp og Afríkumenn fá ekki að kaupa hana og skuldasúpan þykknar stöðugt. Söngurinn er langur og tilbreytingarlaus og lausnarorðið er eitt og hið sama: ráðstafanir.

Ekki þætti mér ólíklegt, að rannsóknir leiddu í ljós að fá orð vektu fólki lengri og ámátlegri geispa en orðin „ráðstafanir“ og „aðgerðir“. Fyrst voru aðgerðir til að hamla gegn dýrtíðinni í tísku um árabil. Svo var dýrtíðinni breytt í verðbólgu og frá þeirri stundu hafa „aðgerðir“ margfaldast ár frá ári.

Mér stendur þó öllu meiri stuggur af barlómnum og svartsýnisrausinu en öllum þeim aragrúa aðgerða, sem sífellt er verið að gera og hafa allar eitt og sama markmið: að búa í haginn fyrir nýjar aðgerðir og ráðstafanir.

Það eru engir sem halda því fram, að ástandið gæti ekki verið betra. En þrátt fyrir samdrátt í þorskveiðum hefur afli sjaldan verið meiri í sögu landsins. Heyfengur er bærilegur og fallþungi dilka ekki lakari en gengur og gerist. Utanlandsferðir, bílainnflutningur og brennivínsdrykkja er í hámarki. Gífurlegt magn peninga er í umferð. Þjóðin eyðir meiru en hún aflar.

Það sem skiptir mesta máli nú er að gera sér ljóst, að

hér ríkir pólitísk kreppa, ekki efnahagsleg, eða réttara sagt: efnahagsörðugleikarnir margumtöluðu eiga sér stjórnmálalegar rætur ... Í rúmt ár hefur verið næsta erfitt að sjá hvaða efnahagsstefnu ríkisstj. hefur fylgt eða hvort hún yfirleitt hefur haft nokkra stefnu í þeim efnum. Nú er ákaflega auðvelt að lifa við verðbólgu, ef fólk aðeins hættir að gera áætlanir, heldur reynir að eyða hverri krónu eins fljótt og mögulegt er. Þetta getur orðið vani eins og annað, en þá er ekki lengur um neina stjórn á efnahagsmálum að ræða, heldur bjargar sér hver sem betur getur og heimtar af ríkinu það sem á vantar til að endar nái saman.

Sú pólitíska kreppa, sem hér ríkir, er sú, að ríkisstj. hefur ekki samræmda stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum. Hún er afgreiðslustjórn og sem slík getur hún auðvitað setið svo lengi sem stuðningsmenn hennar sætta sig við slíkt stjórnarform."

Og að lokum segir Haraldur Ólafsson: „Mesti vandi þessarar ríkisstj. er að hún er reist yfir sprungu í stærsta stjórnmálaflokki landsins. Þess vegna er hún næm fyrir hverjum minnsta titringi. Það er í rauninni ekki nema tímaspursmál hvenær þessi stjórn lýkur störfum."

Það er í rauninni ekki nema tímaspursmál hvenær þessi stjórn lýkur störfum, segir varaþm. Framsfl. og það er rétt, en því miður verður það dýrkeypt að hún hyggst enn hanga í nær hálft ár þótt helsti forustumaður hennar, hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, lýsi því yfir að fjöldaatvinnuleysi sé fram undan á næstu vikum og við séum komnir fram á ystu nöf í efnahagsmálum. Hefði hann mátt minnast þess, hvað annar stjórnmálaforingi gerði í hans sporum þessa sömu daga fyrir 24 árum. Hann viðhafði sömu orðin um ástand efnahagsmála og dró réttar ályktanir. Hann sagði af sér fyrir sína hönd og stjórnar sinnar. Hermann Jónasson óx af þeirri virðingu sem hann síðan nýtur og aðrir tóku við að reisa úr rústum það sem aflaga hafði farið. Steingrímur Hermannsson, hæstv. sjútvrh., segir bara: Það verður eitthvað að gera. En hann gerir ekki neitt og situr sem fastast.

Haraldur Ólafsson segir réttilega, að ríkisstj. sé afgreiðslustjórn. Sumir gætu ályktað að afgreiðslustjórn kynni að vera jafnábyrg eða jafngóð og t. d. minnihlutastjórn eða utanþingsstjórn. En því fer víðs fjarri. Haraldur Ólafsson gerir sér glögga grein fyrir þeim reginmun, sem þarna er á, þegar hann segir stjórnina auðvitað geta setið svo lengi sem stuðningsmenn hennar sætta sig við slíkt stjórnarform. Hún verður sem sagt ekki felld af þeim sem telja stefnu hennar og starfsaðferðir svo uggvænlegar að hagur lands og þjóðar krefjist þess að hún víki svo að svigrúm skapist a. m. k. til að reyna aðrar leiðir og leyfa öðrum mönnum að glíma við vandann. Bæði minnihlutastjórn og utanþingsstjórn væru ábyrgar gerða sinna, en samkv. laukréttri skilgreiningu Haraldar Ólafssonar er núverandi afgreiðslustjórn gersamlega ábyrgðarlaus og getur farið öllu sínu fram eða engu sínu fram svo lengi sem stuðningsmenn hennar sætta sig við slíkt stjórnarform, svo að enn sé vitnað til Haralds.

Haraldur segir svo margt fleira spaklegt í örstuttri grein sinni að ég get þar litlu við bætt. Hann segir stjórnina næma fyrir hverjum minnsta titringi, þar sem hún sé reist yfir sprungu í stærsta stjórnmálaflokki landsins. Hann gerir sér grein fyrir því nú, og hefur kannske gert það frá upphafi, að aðferðirnar við stjórnarmyndunina voru ósæmilegar og gátu ekki leitt til heilbrigðs og trausts stjórnarforms, heldur hlutu þær að leiða til óeiningar og upplausnar, og því spyr hann, eins og ég og meginþorri flokksbræðra okkar beggja, hvenær í ósköpunum linni, hvenær tímaspursmálinu verði svarað.

Það er margt fleira sem ég er sammála þessum varaþm. Framsfl. um, t. d. skoðunum hans á barlóminum og svartsýnisrausinu þrátt fyrir allt og svo auðvitað hinu, að erfitt sé að sjá hvaða efnahagsstefnu ríkisstj. hefur fylgt eða hvort hún yfirleitt hefur haft nokkra stefnu í þeim efnum, svo að enn sé vitnað í þessa merku grein hans. Aðeins vildi ég setja orðið ógerlegt í staðinn fyrir erfitt. Ráðherrarnir sitja valdalausir, áhrifalausir og stefnulausir í illa fengnum stólum. Enn eru þeir líka ábyrgðarlausir, en hindra samt aðra í því að axla ábyrgðina og bjarga því sem bjargað verður. En þjóðin mun draga þá til ábyrgðar í fyllingu tímans.

Annars er sjaldgæft í þeirri lágkúru, sem pólitískum poturum hefur tekist að innleiða í íslensk stjórnmál, að maður sem að forminu til a. m. k. styður þessi öfl skuli segja sannleikann um þau. Í því er í öllu falli fólginn vonarneisti. Á meðan fleiri eða færri aðstandendur stjórnarinnar gera sér grein fyrir því eitraða andrúmslofti sem stafar frá þessari stjórn og þeim skaðvænlegu áhrifum sem það hefur á heilbrigð samskipti manna á meðal er von til þess að af braut óheilindanna verði snúið. Atlögunni var beint að Sjálfstfl., kjölfestu íslensks þjóðfélags. Enn hefur aðförin ekki tekist og eitrið situr fast í þeim sem henni stjórnuðu og við því tóku til millifærslu. Enn reyna þeir að auka glundroðann og skjóta sér undan dómi kjósenda. Á meðan eykst mengunin í þjóðlífinu og stjórnmálaflokkunum öllum nema Sjálfstfl., sem þegar hefur gengið í gegnum sína eldskírn. Þar er mannvígum lokið, enda nóg að gert.

Óeirðirnar í Alþb. mega mér að meinalausu magnast. En það er ekkert gleðiefni, þegar lýðræðissinnar berast á banaspjótum í samtökum sínum, hvort heldur er í Alþfl. eða Framsfl. Á stjórnleysið og stefnuleysið er svo sannarlega ekki bætandi og þó er alltaf verið að því. Einingartáknið óttast ekkert, það bíður reiðubúið til áframhaldandi björgunarstarfa, ástsælt eins og Þórarinn Þórarinsson segir.

Öllum er nú ljóst orðið að brbl., sem hér eru til umr., bjarga engu. Það er að vísu rétt, að raunveruleg verðbólga verður kannske ekki meiri en 70—80% næstu vikurnar í stað 100% eða svo, en það skiptir sáralitlu máli. Hvort tveggja er jafnvonlaust. Ég sagði raunveruleg verðbólga, því að þær tölur sem fólkinu eru upp gefnar eru alltaf falsaðar vísitölur. Vörur þær sem inn í þá útreikninga ekki ganga eru hækkaðar miklu meira en annað. Þetta gera stjórnarherrarnir vísvitandi, m. a. með þessum brbl. þar sem hið svokallaða tímabundna vörugjald er stórlega hækkað, því að þar eru tíndar til þær vörutegundir sem yfirleitt falla ekki inn í gamla vísitöluútreikninginn. Vinstri stefnunni, sem mörkuð var haustið 1978, er nákvæmlega framfylgt og stöðugt hert á svindlinu. Ásælni er aukin í vasa skattborgaranna samhliða kjaraskerðingum, blekkingum og fölsunum. Kjörorð stjórnarherranna er: Fjármagnið frá fólkinu.

Alveg er ljóst, að ríkisstj. ætlast ekki til þess að brbl. fái venjulega þinglega meðferð. Þau eru nú fyrst rædd þegar aðeins lifir vika nóvembermánaðar og kjaraskerðingin tekur gildi 1. des. Lofað hafði verið að þessi umr. færi fram s. l. miðvikudag, en það var auðvitað svikið. Raunar vissu allir frá upphafi að þessi mundu verða vinnu-

brögð stjórnar Gunnars Thoroddsens eða gátu vitað. Hann hefur í nærfellt hálfa öld verið með stjórnarskrána á samviskunni og nauðsynina á að breyta henni. Þess vegna túlkar hann orðin „brýn nauðsyn" enn sem áður þannig, að óþarft sé að leita álits Alþingis þó að rúmlega hálfur annar mánuður sé til þess á reglulegu Alþingi. Hann hefur sérstaka nautn af því að níðast á stjórnarskránni. Í því sést stjórnviskan og manndómurinn best.

Við sjálfstæðismenn höfum, eins og áður segir, lýst mjög eindreginni andstöðu okkar við þessi lög, þar sem þau eru beint framhald og fullkomnun þeirrar efnahagsendaleysu sem fylgt hefur verið í fjögur ár með alkunnum afleiðingum.

Við höfum verið ásakaðir fyrir ábyrgðarleysi vegna þess að við vildum ekki leggja lið 10—12% kjaraskerðingu. Þessar ásakanir hefði að sjálfsögðu mátt ræða í alvöru, ef þessi gífurlega kjaraskerðing hefði einhverju bjargað. En yfirlýst er af ráðherrunum sjálfum að hún bjargi engu, verðbólgan æði áfram og bullandi atvinnuleysi muni skella yfir á næstu vikum, eins og hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson segir. Þetta gerist allt hvort sem sjálfstæðismenn eru með eða móti brbl., enda er það margyfirlýst að þau eigi ekkert að koma til atkv., heldur taka að fullu gildi nú eftir viku. Þetta áréttaði hæstv. forsrh. í aðalmálgagni sínu, Þjóðviljanum, í síðustu viku. Það sem eftir stendur er því að brbl. bjarga engu, enda eru framsóknarmenn byrjaðir að kalla á enn frekari kjaraskerðingar.

Í annan stað er í brbl. um að ræða tvöfalda kjaraskerðingu, í fyrsta lagi þá sem lítt er dulbúin og hins vegar mikla hækkun vörugjaldsins, sem leggst ofan á þá nauðsynjavöru, sem lítið eða ekkert hefur verið í vísitölunni. Af þessum ástæðum höfum við sjálfstæðismenn brugðist hart við. En fleira kemur til. Sérstaklega höfum við bent á að rétt sé að fresta því að lengja orlof og eðlilegra hefði verið að hafa kjaraskerðinguna þeim mun minni, því að vissulega veitir fólki ekki af aurunum sínum og raunar vandséð að menn geti samhliða stórfelldri kjaraskerðingu tekið sér lengri frí, ef atvinna verður þá fyrir fólkið í landinu, en formaður Framsfl. gerir raunar ekki ráð fyrir því. Kannske sé því sama hvort launin séu nokkrum hundraðshlutum hærri eða lægri, þau verði hvort sem er engin nema þá atvinnuleysisbætur, ef þær verður hægt að greiða, en hjá Atvinnuleysistryggingasjóði er víst allt uppurið og innansleikt eins og öðrum sjóðum.

Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli, að breyting orlofs þýðir minni fiskverðshækkun og þar með beina kjaraskerðingu fyrir sjómenn, enda hafa kjör þeirra rýrnað einna mest og því talið sjálfsagt að plata þá áfram.

Við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu vinna að máli þessu í fjh.- og viðskn. Ed., ef það verður þá einhvern tíma tekið þar fyrir, sem fer nú að verða ástæðulítið, enda í samræmi við nefndarstörfin almennt, því að enginn fundur mun enn hafa verið haldinn í neinni nefnd í Ed. nema fundir til að skipta verkum með nefndarmönnum. Þannig eru nú vinnubrögðin á heimilinu því og þannig er komið forustunni í íslenskum þjóðmálum og virðingunni sem stjórnarherrarnir bera fyrir Alþingi. Hvað ætli sé þá um aðra?

En ef málið fær nú fyrir náð að koma til 2. umr. munum við sjálfstæðismenn að sjálfsögðu leitast við að ná fram einhverjum breytingum og sérstaklega munum við reyna að fá fram lækkanir á vörugjaldinu til að lina eitthvað á óðaverðbólgunni og knýja á um frekari skattalækkanir, þótt við gerum okkur að vísu ekki vonir um mikinn árangur.

Við umr. um önnur brbl. hér í hv. Ed. fyrir tæpum tveim árum eða nánar tiltekið 2. febr. 1981 gerðum við sjálfstæðismenn rækilega grein fyrir stefnu okkar með gjörbreyttum stjórnarháttum, þar sem linað yrði á skattáþján og ríkið tæki þátt í óhjákvæmilegum ráðstöfunum til að kveða verðbólguna niður. Við kröfðumst þess þá að ríkið slakaði á klónni. En stjórnarherrarnir töldu sig hafa ráð undir hverju rifi og væru nú búnir að ná slíkum tökum á verðbólgunni að hún mundi bókstaflega gufa upp. Ríkið, það er ég, sögðu þeir, og fólkið er í umsjá okkar. Þeir virtust trúa því að auknar álögur á vöruverð mundu lækka það og allt væri í himnalagi bara ef ríkissjóður rambaði á núllinu, sem hann raunar hefur ekki gert árum saman því að við hlið fjárlaganna er lánsfjáráætlun sem erlent eyðslufé streymir í gegnum.

Á landsfundi Sjálfstfl. í fyrra voru samþykktar ítarlegar ályktanir um efnhags- og atvinnumál, þar sem áréttuð eru sjónarmið frjálslynds fólks og úrræði þess í baráttunni við stjórnleysisöflin. Fjölmargir hafa þannig unnið að stefnumörkun, sem þó hefur stöðugt þurft að aðlaga þeim breyttu og versnandi aðstæðum sem framkvæmd ofstjórnarstefnunnar hefur leitt yfir þjóðlífið. Við sjálfstæðismenn vitnum hér til þessara umr. og ályktana og áréttum þá meginskoðun okkar að ríkið verði að lina á skattheimtu sinni til þess að unnt verði að kljást við verðbólguvandann. Ríkið eigi raunar að ganga á undan, því að nægilega hafi þegar verið sorfið að landslýðnum. Við teljum að skattalækkanir verði að vera svo ríflegar að verðlagshækkanir stöðvist um sinn eða svo verulega dragi a. m. k. úr þeim að vextir verði jákvæðir þótt þeir lækki stórlega eins og þeir verða að gera. Koma þar til greina lækkanir söluskatts, launaskatts, tímabundna vörugjaldsins og bensínskatta — eða hvaða vit er í því að ríkið taki alltaf sama hundraðshlutann af olíuvörunum þó að þær margfaldist í innkaupsverði og stórgræði þannig á olíuverðshækkunum? Tekjuskattsstigar mundu svo auðvitað lækka, a. m. k. sem næmi verðhjöðnuninni.

Mikilvægasta úrræðið til þess að brjótast út úr vítahringnum er að ná verðbólgunni niður fyrir vaxtafótinn. Þá þrýstir hann henni niður í stað þess að sparka henni stanslaust upp. Þetta má auðveldlega gera, en allt annað er að okkar mati vonlaust eins og nú er komið. Vöxtum verður ekki komið upp fyrir verðbólgu. Þess vegna verður að koma henni niður fyrir vaxtafótinn.

Umræðurnar um vaxtamálin að undanförnu ættu að hafa fært mönnum heim sanninn um hve núverandi peningamálastefna er vonlaus. Bankakerfið er hrunið. Vextirnir æða upp, en ná þó aldrei verðbólguhraðanum. Þvert á móti keyra þeir verðbólguna áfram með sívaxandi hraða. Hin raunalega vaxtapólitík kratanna, sem þeir kölluðu raunvaxtastefnu, var fólgin í því að lögbinda að vextir skyldu elta verðbólguna um langt skeið án þess að ná henni nokkurn tíma. Þó ætla ég þeim ekki að hafa viljað það sem þeir sögðu og gerðu. Þeim gekk áreiðanlega gott til, þótt hvorki þeir né aðrir skildu hvað þeir voru að fara og hvernig dæmið yfirleitt gæti gengið upp. Það gat verið vit í því að ákveða 45% vexti þegar verðbólgan var 40%, en það er ekkert vit í 60% vöxtum þegar verðbólgan er 80%. Menn verða að fara að gera

sér grein fyrir að raunvöxtum verður ekki náð við núverandi verðbólgustig, hvað þá þegar verðbólgan æðir stjórnlaust áfram í stjórnlausu landi. Menn ná ekki vöxtunum upp fyrir verðbólguna nema með þeim hætti að setja allt atvinnulíf á hausinn og svipta menn yfirráðum yfir íbúðum og bújörðum. Einasta leiðin út úr vítahringnum er sú að ná verðbólgunni niður fyrir vextina, en ekki gagnstætt. Þetta getur sterk og samhent ríkisstj. auðveldlega gert með því að gefa eftir á hinum ógnvænlegu neysluskattum, sem hér eru hærri en þekkist á nokkru byggðu bóli. Núv. ríkisstj. getur hins vegar ekkert gert og vill heldur ekkert gera nema hanga og eitra allt þjóðlífið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Því er að vísu haldið fram, að verulegur halli kynni að verða á ríkissjóði ef eitthvað yrði linað á skattaáþjáninni. Vel kann að vera að einhver halli yrði um skeið, en hann mætti auðveldlega greiða með innlendu lánsfé, sem streyma mundi inn í bankakerfið þegar sæmilegir raunvextir væru á komnir, enda yrði verðtryggingu sparifjár haldið áfram á meðan menn væru að sannfærast um að aðgerðirnar tækjust. Hitt er svo annað mál, að alls ekki er víst að um verulegan halla yrði að ræða á ríkissjóði þó að neysluskattarnir yrðu lækkaðir. Í öllu falli er það ljóst að það eru ekki bara tekjur ríkisins sem minnka þegar gefið er eftir á neyslusköttum til að lækka verðlag, heldur líka útgjöldin, þegar launahækkanir og gengisbreytingar verða minni, enda er meginhluti ríkisútgjaldanna auðvitað launagreiðslur annars vegar og gjaldeyrisnotkun hins vegar.

Auðvitað væri einhver áhætta því samfara að gera slíka tilraun og kannske yrði hallinn á fjárlögum það mikill að einhverja nýja skatta þyrfti að taka upp eftir eitt eða tvö ár, þegar verðbólgan hefði verið kveðin í kútinn og hagur atvinnuvega og einstaklinga hefði batnað svo að undir yrði risið.

Þótt við sjálfstæðismenn lofum að sjálfsögðu ekki neinu um fullnaðarárangur af aðgerð á borð við það sem að framan er um rætt verða menn að gera sér grein fyrir því, að við vandann verður ekki ráðið nema ríkið slaki á klónni gagnstætt því, sem vinstri menn hafa nú gert í fjögur ár, að herða sífellt á henni. Mergurinn málsins er sá, að útgjöld ríkisins lækka auðvitað stórlega alveg eins og tekjurnar þegar að verðbólgu er vegið með skattalækkunum þannig að launagreiðslum er haldið í skefjum án kjaraskerðinga og verð gjaldeyris helst nokkuð stöðugt.

Þingflokkur Sjálfstfl. hefur unnið mikið starf við margháttaða útreikninga varðandi verðbólguvandann og notið til þess aðstoðar fjölmargra áhugamanna. Á tugum funda og í stöðugum einkaviðræðum fjölda manna höfum við verið að leita nýrra leiða, því að allir vita víst nú orðið að þær gömlu duga ekki, nauðsynlegt er að brjótast úr gömlum viðjum. Meginniðurstaðan er sú, að um langt skeið hafi stjórnmálamenn með hjálp embættismanna gengið svo freklega fram í hvers kyns fölsunum og kjaraskerðingum að fullkominn trúnaðarbrestur hafi skapast milli stjórnvalda og alþýðu og um þverbak hafi keyrt í störfum núv. ríkisstj. Þess vegna verði að leita gerólíkra lausna, þar sem allt sé fyrir opnum tjöldum og engin tilraun gerð til að blekkja fólk og falsa tölur. Við höfum sannfærst um að vísitölufalsanir margra ríkisstjórna og lögboðnar kjaraskerðingar eru ekki einungis gagnslausar, þegar þær eru orðnar vanabundnar, heldur beinlínis skaðlegar.

Við sjálfstæðismenn viljum opið heiðarlegt þjóðfélag frjálslyndis — andstæðu hins lokaða og maðksmogna samfélags stjórnhyggju og svikráða sem við nú búum við. Við munum setja fram heilsteypta stefnu í efnahagsmálum og fylgja henni fram án þess að lofa gulli og grænum skógum. Í meginefnum má kannske segja að í skattamálum, peningamálum og efnahagsstjórn almennt viljum við gera flesta hluti þveröfugt við það sem vinstri menn hafa nú framkvæmt um fjögurra ára skeið með augljósum afleiðingum.

Vinstri stefna hefur gengið sér til húðar og það hlýtur að verða kappsmál okkar sjálfstæðismanna að ná í komandi kosningum svo miklum áhrifum að við getum gerbreytt efnahagsstefnu landsins og reist við fjármálakerfið og atvinnulífið í heild. Hitt er því miður ljóst, að enn örlar ekki á því að þeir sem að núv. hæstv. ríkisstj. standa hyggist breyta til. Þvert á móti vilja þeir halda líftórunni í stjórninni og stjórnarstefnunni eins lengi og nokkur kostur er og því miður eru Alþfl.-menn líka veikir fyrir, eins og viðbrögð þeirra síðustu dagana hafa sýnt. Þess vegna ríður nú á miklu að allir frjálslyndir menn geri sér glögga grein fyrir því að eina leiðin til að snúa af braut stjórnlyndis og ofstjórnar er að efla Sjálfstfl. verulega.

Einn liðurinn í efnahagslegri endurreisn er auðvitað að taka upp nýjan og réttan vísitölugrundvöll og hætta öllu vísitölusvindli. Ríkisstj. hafði raunar boðað að pólitísk samstaða væri um að tekið yrði upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, eins og hæstv. viðskrh. orðaði það í viðtali við Morgunblaðið 24. ágúst s. l., en þar mun nú hver höndin upp á móti annarri, eins og raunar í flestum eða öllum málum öðrum. En þegar það er hugleitt, að fólk hefur kannske ekki nema fjórðung tekna sinna til ráðstöfunar, þar sem meginhlutinn er bundinn í sköttum, húsnæðisútgjöldum, rafmagni, hita, síma, sjónvarpi, útvarpi, bifreiðum o. s. frv., þá spyrja menn: Getur fólk greitt tíundina?

Ríkisstj. hagaði því þannig, að verðlagshækkunum var dengt yfir í októbermánuði til þess að þær kæmu sem mest inn í vísitöluna 1. des. og verðbæturnar yrðu skertar um helming og þó liðlega það. Þannig á fólk nú að missa meira en tíunda hluta tekna sinna eða hartnær helming þess fjár sem það hefur í reiðufé til matarkaupa og fatnaðar ásamt öðrum daglegum útgjöldum og þessu er svo snilldarlega fyrir komið að skerðingin á að skella á í jólamánuðinum, væntanlega til heiðurs hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni.

Það er hreint ekki út í bláinn að spyrja spurningarinnar: Getur fólk greitt tíundina, hina nýju, til valdhafanna og vill fólkið greiða tíund til að halda þeim við völd sem sjálfir segja að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé að glatast? Já, vill fólk greiða tíundina og getur fólk greitt tíundina? Getur nokkur ætlast til þess að einhver stjórnarandstöðuþm. greiði tíundinni atkv. sitt og framlengi þar með lífdaga ríkisstj. og kolvitlausrar stjórnarstefnu kannske heilt kjörtímabil, kannske heilan áratug? Á enginn í þessu landi að standa upp gegn ofstjórnarstefnunni, sem þegar hefur sýnt að hún leiðir til glötunar? Svari hver fyrir sig.

Nú vitna ég enn til Haralds Ólafssonar. Ég er nefnilega svo innilega sammála honum um að Ísland á mikinn auð og hann er hægt að nýta ef rétt er á málum haldið. Fjárlög ársins 1983 eiga að verða síðustu kreppufjárlögin, eins og hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds nefnir þau réttilega, og

fer vel á því að Alþb. ber ábyrgð á þeim.

Víst er það rétt að hver einasti sjóður er þurrausinn og í bullandi vanskilum, víst er það rétt að lánstraust er á *þrotum erlendis, bankakerfið hrunið og heimilin* og fyrirtækin á hausnum, en sem betur fer er þetta mestmegnis heimatilbúinn vandi og því í okkar valdi að snúa blaðinu við. Það getur stórhuga og samhent ríkisstj. gert á örskömmum tíma.

Sú stjórn verður auðvitað að beita sér fyrir orkunýtingu og iðnvæðingu í stað þess að þvælast fyrir framförunum, eins og núv. ríkisstj. hefur gert með iðnrh. í broddi fylkingar, sem nærri hafði tekist að koma í veg fyrir Blönduvirkjun þannig að Alþingi varð á liðnu vori að taka ráðin af honum og ríkisstj. til að tryggja framgang þess stórmáls. Samt þvældist hann fyrir í allt sumar og framfylgdi ekki ákvörðunum Alþingis um að fela Landsvirkjun framkvæmdir fyrr en komið var fram á haust.

Ný stjórn verður að gæta hagsmuna okkar í hafréttarmálum í stað þess að láta allt reka á reiðanum. Hún á ekki að líða kommúnistum að ráða ferðinni eins og t. d. í flugstöðvarmálinu.

Ný stjórn verður að eftirláta borgurunum meira af aflafé sínu þannig að þeir geti ekki einungis risið undir íbúðarbyggingum og minni háttar eða meðalstórum atvinnurekstri til sjávar og sveita, heldur líka bundist samtökum um stofnun og starfrækslu meiri háttar fyrirtækja, almenningshlutafélaga, til að stórauka þjóðarauð og bæta lífskjör. Þar kemur fiskræktin m. a. til. Dæmi þess skal ég nefna:

Í Lónum í Kelduhverfi hafa nú í tvö ár staðið tilraunir við laxeldi í samvinnu við Norðmenn. Þær hafa borið þann árangur, að varla fer lengur milli mála að á Íslandi eru allar aðstæður hinar ákjósanlegustu til stórreksturs á þessu sviði. Gerð hefur verið frumáætlun um sjóeldi á Reykjanesi, þar sem ræktuð yrðu 1—2 þús. tonn af laxi árlega, og eru þær athuganir nú í endurskoðun með það fyrir augum að rækta allt að 10 þús. tonn af laxi árlega eða álíka mikið og Norðmenn flytja nú út. Þessi atvinnugrein getur tiltölulega fljótt skilað gjaldeyri og arði. Tækifæri eru ótæmandi, þegar ofstjórninni og óstjórninni linnir og frjálslynt fólk tekur við af stjórnhyggjumönnunum.

Eftir fjögurra ára vinstri stefnu, ofstjórnarstefnu, hefði mátt ætla að foringjar lýðræðisflokks gerðu sér grein fyrir nauðsyn stefnubreytingar. En því er nú ekki að heilsa í boðskap formanns Framsfl. á flokksþingi. Hann er að vísu hættur að tala um niðurtalningu, en talar nú um að setja allt niður frá 1983 til miðs árs 1984 með lögbindingu í bak og fyrir, þar sem markmiðið yrði að verðbólgan færi ekki yfir 30%: Lögboðið verði 30% þak á verðbætur, sömuleiðis á launahækkanir bænda og á tekjuaukningu sjómanna í gegnum fiskverð. Verðtrygging inn- og útlána verði í eitt ár bundin við 30% og vextir í samræmi við það. Hámark á hækkun vöruverðs og þjónustu verði bundið 30% nema vegna hækkana erlendis. Grunnkaupshækkanir verði engar, en kaupmáttur lægri launa varinn eftir mætti.

Þessi nýja speki þeirra framsóknarmanna, þar sem boðað er að allt eigi að setja niður, er auðvitað enn þá haldlausari og vitlausari en niðurtalningin, sem um þetta leyti átti að hafa gengið af verðbólgu dauðri. Þessi niðursetningur Framsfl. kemst aldrei á legg, enda hefði hann þá orðið þeim baldinn hvernig sem hann hefði verið barinn.

Til viðbótar niðursetningnum boðar flokksþing Framsóknar stórfelldar tollahækkanir á þær vörur sem ekki teljast til nauðsynja. Hver skyldi nú eiga að ákveða *hvort t. d. tannkrem eða appelsínur yrðu í lúxusflokki nr.* 2 eða nr. 3? Það er óskiljanlegt hvernig mönnum, sem ættu að vera reynslunni ríkari, getur hugkvæmst það snjallræði að stórhækka enn neysluskatta — og að því er helst verður skilið að taka nú langstærstu skrefin — þegar meginátherslu á að leggja á að draga úr dýrtíð. Ráðleysið er sorglegt — þráinn við að hanga valdalaust í „virðingarstöðum" grátlegur.

Við höfum gengið veg vinstri stefnunnar, ofstjórnarstefnunnar, á enda. Auðvitað hefur afleiðingin orðið sú sem frjálslyndir menn spáðu frá upphafi og þó kannske enn þá alvarlegri. En þótt við höfum glatað gullnum tækifærum er engin ástæða til að örvænta. Veturinn verður heimilunum og atvinnuvegunum auðvitað erfiður og ábyrgð þeirra er mikil sem því valda, en með vorinu kjósum við nýtt sumar í íslensku þjóðlífi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við heyrðum hér einn þm. Sjálfstfl. formæla ýmsum flokksbræðrum sínum og væntanlegum meðframbjóðendum á sama tíma og hann ber fram áskorun um að menn kysu þennan flokk, Sjálfstfl. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umr., en hvað eru þeir menn að kjósa sem kjósa Sjálfstfl. við þessar aðstæður? Eru þeir að kjósa áframhald þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt og ýmsir sjálfstæðismenn hafa stutt, eða eru þeir að kjósa einhverja aðra stefnu, sem hér var lýst áðan?

Ég skal ekki fjölyrða um þetta. En það frv. sem hér liggur fyrir til umr. felur í sér tvo þætti sem skipta máli. Í *fyrsta lagi verulega hækkun vörugjalds* og í öðru lagi sérstaka kaupskerðingu núna hinn 1. des., í jólamánuðinum sjálfum, sem nemur um 8%. Þessi kaupskerðing er fyrst og fremst reikningur ríkisstj. fyrir óstjórn næstliðins árs og liðinna ára. Þetta er hár reikningur. En takið eftir því að hann er einungis lagður á launafólk og engan annan.

Ríkisstj. og Þjóðhagsstofnun gera ráð fyrir að þessi kaupskerðing muni skila því að verðbólga verði um 8% lægri á næsta ári en ella að öllu óbreyttu. En engu að síður verði verðbólgan á bilinu 60—65%. Þetta er mikil fórn fyrir launafólk í jólamánuðinum fyrir svo lítinn árangur, ef árangur skyldi kalla.

Afstaða Alþfl. til þessa frv. liggur fyrir. Hann er andvígur þessu frv. Þegar í ágúst lýsti Alþfl. andstöðu sinni við þetta frv. og lagði til að þing yrði kvatt saman og síðan yrði efnt til nýrra kosninga. Við munum hins vegar að sjálfsögðu greiða fyrir því að þetta frv. fái skjóta og þinglega meðferð eins og því ber.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns benda á það meginatriði, að hér er verið að ræða frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem eru á margan hátt ákaflega svipaðar þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru veturinn 1978, þegar Sjálfstfl. hafði stjórnarforustu. Nú beitir Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu sér gegn ráðstöfunum, sem eru nauðsynlegar og sem munu forða vildi ég segja, frá bráðum voða í efnahagsmálum, þótt hann hafi áður hagað sér á gagnstæðan hátt við svipaðar aðstæður.

Ég vil minna á að á árinu 1959 hagaði svo til í þessari

hv. þd. að það var verið að ræða ráðstafanir í efnahagsmálum sem voru til skamms tíma en voru nauðsynlegt viðnám gegn verðbólgu á þeim tíma. Þá var við völd minnihlutastjórn Alþfl., studd af Sjálfstfl. og Alþfl., og Sjálfstfl. studdi þessar ráðstafanir. Framsfl. hafði þá aðstöðu til að stöðva það lagafrv. hér í þessari þd. á sama hátt og Sjálfstfl. hefur nú aðstöðu til að stöðva málið í Nd. Alþingis. Framsfl. valdi þann kost 1959 að sitja hjá og hleypa málinu í gegn vegna þess að hann sá ekki fram á að hann hefði möguleika á því að standa að myndun meiri hl. um aðrar ráðstafanir sem kæmu að sama haldi um sinn eins og þær sem þá var verið að ræða. Hér er ólíkt aðhafst. Vil ég í upphafi máls míns benda á þetta, sem ég tel vera nokkurt meginatriði í sambandi við þetta frv. og afstöðu flokka til þess.

Eins og eðlilegt er hafa umr. um frv. orðið nokkuð almennar. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti nokkuð almenna ræðu um stjórnmál, stjórnmálastöðuna, aðdraganda og framtíðarhorfur frá sínum bæjardyrum séð. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Ég hafði því hugsað mér að gera nokkuð almennt grein fyrir því í stuttu máli sem hefur verið að ske í efnahagsmálunum s. l. 3—4 ár og rekja þráðinn í þeim efnum.

Eftir að Sjálfstfl. hafði farið með stjórnarforustu í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, sem Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu að á árunum 1974—1978, var ástandið þannig í efnahagsmálum, m. a. verðbólgumálum, að verðbólgan var yfir 50% þegar stjórnin lét af völdum seinast í ágústmánuði 1978. Það segir þó ekki alla söguna vegna þess að þá höfðu verið gerðar ráðstafanir, það hafði verið tekin ríkisábyrgð á vissum þáttum undirstöðuatvinnuveganna, t. d. frystihúsaframleiðslunni að vissu marki. Og það var geymdur vandi í kerfinu, sem þýddi auðvitað að þá var í raun og veru meiri verðbólga heldur en þetta í efnahagskerfinu. Ég held því að ekkert sé ofsagt og ekkert fullyrt, sem ekki fær sæmilega staðist, þótt staðhæft sé að þá hafi verðbólga í landinu verið nálægt 60% í raun og veru þegar allt er skoðað. Svo kom árið 1979 — (**Gripið fram í:** Svo kom niðurtalningin.) Ég kem síðar að henni, hv. þm., þú skalt ekki hafa áhyggjur af því. Ég kem síðar að henni og bið menn að hlusta þá.

Svo kom árið 1979 og þá skall olíukreppan hin síðari yfir og jók verðbólgu hér á landi að því er talið er um allt að 10%. Verðlag á olíuvörum þrefaldaðist þá og leiddi það til stórfelldrar verðhækkunar á mörgum lífsnauðsynlegum rekstrarvörum og öðrum vörum sem við þurfum að flytja til landsins.

Segja má að það hafi aðallega verið þrjár ástæður sem urðu þess valdandi, að áform ríkisstj. í verðbólgumálum fóru úrskeiðis á fyrsta starfsári hennar, árinu 1980. Í fyrsta lagi var geymdi vandinn, sem hafði hlaðist upp meðan verið var að rjúfa þing, kjósa og mynda nýja stjórn og sem þurfti að taka á, miklu meiri en menn höfðu gert ráð fyrir. Í öðru lagi höfðu viðskiptakjör þjóðarinnar versnað á árunum 1979—1980 um 15% samanlagt, sem stafaði fyrst og fremst af olíukreppunni. Í þriðja lagi urðu almennar grunnkaupshækkanir, sem námu 11% að meðaltali, seinast á því ári þó að enginn raunverulegur grundvöllur væri fyrir slíkum hækkunum. Þess vegna var ekki von að ríkisstj. hefði aðstöðu til að minnka verðbólguna á sínu fyrsta starfsári 1980.

Laust fyrir áramótin 1980/1981 var það álit Þjóðhagsstofnunar að ef ekkert yrði að gert í verðbólgumálum mundi verðbólgan vaxa á árinu 1981 upp í a. m. k. 70—75%. Eftir talsverð átök innan ríkisstj. tókst samkomulag á gamlársdag um efnahagsaðgerðir. Þessar aðgerðir voru í fyrsta lagi fólgnar í aðhaldi í verðlagsmálum vöru og þjónustu, í skerðingu verðbóta á laun um 7% 1. mars 1981 — það var meiri skerðing á hærri launum en lægri eins og menn muna — samsvarandi lækkun fiskverðs og landbúnaðarvara, lækkun vaxta og lækkun skatta á lægri tekjum og lækkun aðflutningsgjalda ásamt miklu aðhaldi í peningamálum, gengismálum og fjármálum ríkisins. (**Gripið fram í:** Niðurtalning í gang.) Já, þá fór niðurtalningin í gang og nú skulum við fylgja henni eftir næstu mánuðina. (Gripið fram í.)

Framsfl. lagði í öndverðu áherslu á að þessar aðgerðir væru fyrsta skerfið til raunhæfrar niðurtalningar verðbólgu. Í viðtölum sem ég átti við fjölmiðla strax 3. jan. lagði ég áherslu á að nauðsynlegt væri að þessar aðgerðir væru fyrsta skrefið í þeim efnum. Og í útvarpsumr. frá Alþingi hinn 19. maí sagði ég orðrétt: „Framsfl. leggur ríka áherslu á að þessum ráðstöfunum verði fylgt eftir með aðgerðum síðar á árinu 1981 til að tryggja áfram hjöðnun verðbólgu.“ Því miður, segi ég, var það ekki gert og þess vegna jókst verðbólga á nýjan leik í árslokin í fyrra.

Tímabilið frá áramótum til haustsins 1981 er í raun inni eina samfellda tímabil niðurtalningar verðbólgu, þó sú niðurtalning hafi ekki verið útfærð nákvæmlega eins og við framsóknarmenn hefðum kosið. Og hver varð árangurinn þennan tíma? Árangurinn varð sá, að í stað þess að spáð hafði verið 70—80% verðbólgu þegar kæmi fram á mitt ár og upp úr miðju ári, þá lækkaði verðbólgan sannanlega niður í 40% í ágústmánuði. Það var enginn ágreiningur um það. Það var álit Seðlabanka, það var álit Þjóðhagsstofnunar, það var ekki umdeilt. Af þessu mega hv. þm. Sjálfstfl. sjá það, að ef niðurtalning er í gangi tekst að vinna gegn verðbólgunni. En hún verður að vera í gangi, hún verður að halda áfram til þess að svo verði. Vegna þess að niðurtalningu var ekki fylgt nægilega eftir haustið 1981 jókst verðbólga seinast á síðasta ári, þótt hún yrði rúmlega 41% frá upphafi til loka árs.

Í janúarmánuði á þessu ári gerði ríkisstj. síðan skammtíma ráðstafanir til að hamla gegn verðbólgu og reyna að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuvega og kaupmátt launa. Í skýrslu ríkisstj. til Alþingis voru ýmsar yfirlýsingar eins og menn muna. Sú langsamlega merkasta að mínu mati var um nýtt viðmiðunarkerfi á þessa leið:

„Ríkisstj. mun nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis sem nú gildir. M. a. verði reynt að finna leið til þess að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu.

Þá mun ríkisstj. hefja viðræður við aðila að verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu, en tryggt um leið afkomu í þessum greinum.“

Þá var einnig athyglisverð yfirlýsing um verðlagsmál, svohljóðandi:

„Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu, samkv. frv. sem lagt verð-

ur fram á Alþingi á næstu dögum. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða. Stuðlað verði að hagkvæmari innkaupum til landsins."

Í raun og veru hefur ekki enn orðið önnur breyting á störfum verðlagsráðs um verðlagsákvarðanir en sú, að ákvarðanir verðlagsráðs eða samþykktir þurfa ekki lengur staðfestingu ríkisstj. Áætlun var gerð um það í ágústmánuði s. l. hver framfærsluvísitalan mundi verða 1. nóv. Því var spáð, að hún mundi verða 17%. Nú er komið á daginn að hún er 17.51%, aðeins hærri en spáð var í ágúst. En það stafar ekki af því að verðlagsráð hafi tekið ákvarðanir sem settu þessa áætlun að neinu leyti úr skorðum. Hún hækkaði aðeins um 0.51% og ástæðurnar fyrir hækkuninni voru tvær: Í fyrsta lagi að dollarinn hækkaði meira í verði gagnvart íslensku krónunni en gert hafði verið ráð fyrir. Menn höfðu reiknað með því að hann mundi fremur fara lækkandi heldur en hitt á þessu tímabili, en í stað þess hélt hann áfram að styrkjast og það hafði þau áhrif að framfærsluvísitalan hækkaði um 0.4% á þessu tímabili. Síðan hafa verðákvarðanir á opinberri þjónustu valdið því, að þessi áætlun hækkaði um 0.1%. Í þessu efni er það því ekki rétt að ákvarðanir verðlagsráðs á þessum tíma hafi haft áhrif umfram það sem gert var ráð fyrir þegar áætlunin var gerð um þetta mál í ágústmánuði.

Að öðru leyti voru ráðstafanir ríkisstj. fólgnar í stórauknum niðurgreiðslum til að hamla gegn hækkandi verðbólgu, lækkun aðflutningsgjalda, lækkun launaskatts í iðnaði og ennfremur lækkun stimpilgjalda í atvinnulífinu. Jafnframt voru áætluð útgjöld ríkissjóðs á árinu 1982 lækkuð um 120 millj. kr. með ýmiss konar sparnaði og aðhaldsaðgerðum.

Frá mínum bæjardyrum séð var hér um að ræða bjóleik, sem ég játa að var heldur veikur og aðeins til stutts tíma. En með tilliti til yfirlýsinga, sérstaklega um nýtt viðmiðunarkerfi, töldum við í Framsfl. rétt að standa að þessum aðgerðum.

Um það leyti sem þessi skýrsla var lögð fram í janúarmánuði s. l. var áfram verið að fjalla um nýja kjarasamninga í landinu og 30. júní 1982 tókust samningar í kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Samningar voru framlengdir til 31. ágúst 1983 þannig, að grunnlaun hækkuðu um 4% auk starfsaldurshækkana og flokkatilfærslna. Að meðtöldum samningum byggingarmanna frá 15. júní 1982 eru laun talin hafa hækkað um 6.3% í fyrsta áfanga samninganna. Jafnframt var samið um frekari starfsaldurshækkanir og flokkatilfærslur á samningstímanum. Er áætlað að samanlögð hækkun nemi um 9.3% á tímabilinu og er ég þá að tala um grunnlaunin. Hins vegar skyldi draga frá verðbótum 2.9% þann 1. sept. eins og gert var. Það er í sjálfu sér athyglisvert að aðilar vinnumarkaðarins skuli hafa viðurkennt í verki að sjálfvirknin í kerfinu væri orðin of mikil með því að samþykkja þennan frádrátt 1. sept.

Þegar samningar um launamálin hafa nú verið gegnumfærðir í öllu launakerfinu stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að heildarlaunin í landinu hafa hækkað um. a. m. k. 10%. Sumir segja meira, sumir segja 12% eða jafnvel meira. Ég skal ekki leggja á það dóm. En á sama tíma sem samið er um að hækka grunnlaun í landinu um a. m. k. 10% stöndum við frammi fyrir því að þjóðartekjur á mann munu minnka á samningstímabilinu einhvers staðar á bilinu 5—10%. M. ö. o., það vantar 15—20% til að brúa þetta bil. Þetta er augljóst hverjum manni, sem skoðar málið, og ég held að ekki verði um það deilt nú að atvinnuvegirnir eru ekki aflögufærir. Ég held að það verði ekki deilt um það. Þá kemur þessi spurning: Hvernig er hægt að standa að því að minnka verðbólgu í landinu á sama tíma sem slíkt gerist? Ég held að það muni standa í fleirum en núv. ríkisstj.

Á þessu ári hafa orðið ákaflega skjót umskipti í okkar þjóðarbúskap. Sú heimskreppa í efnahags- og atvinnumálum, sem herjar á efnahagslíf flestra þjóða, ekki síst nágrannaþjóðanna, hefur lagst með fullum þunga á okkar atvinnu- og efnahagslíf. Stjórnarandstaðan og þá alveg sérstaklega Morgunblaðið hefur reynt að gera lítið úr því, að það væri mikill samdráttur, sölutregða og stórfelldir erfiðleikar í alþjóðaviðskiptum, verðlækkanir o. s. frv.

Fríverslunarbandalag Evrópu, EFTA, hefur sent frá sér skýrslu um framvindu efnahagsmála á alþjóðavettvangi. Hún er nokkuð fróðleg og ástæða til að gera grein fyrir henni. Skal ég gera grein fyrir helstu niðurstöðum þeirrar skýrslu. Hún er dags. 22. sept. s. l.

Þar segir að sá samdráttur og sú kreppa, sem ríkt hefur í alþjóðlegum efnahagsmálum, haldi áfram þrátt fyrir gagnstæða spá og hafi reynst hin lengsta og alvarlegasta kreppa eða samdráttur í efnahagsmálum síðan í heimskreppunni 1930.

Þar segir áfram: Eftir áfallið af fyrstu olíukreppunni árið 1973 varð stöðnun meðal þeirra þjóða, sem eru meðlimir Efnahags- og framfarastofnunarinnar, um tveggja ára skeið, árin 1974 og 1975, þar til hagvöxtur fór að aukast á nýjan leik.

Eftir aðra olíukreppuna á árinu 1979 varð ekki eins skarpur samdráttur og 1974, en batinn hefur látið á sér standa. Þegar nú nálgast árslok 1982 virðist þriðja ár samdráttar og kreppu blasa við. Það eru fá merki á lofti um að samdrátturinn og lægðin líði fljótt hjá og ástandið rétti fljótlega við eins og eftir fyrstu olíukreppuna.

Það sem einkennt hefur framvindu efnahagsmála síðan 1978 er þreföldun olíuverðsins ásamt almennum samdrætti. Hin fyrstu áhrif olíuverðshækkananna eru nú liðin hjá. Olíuverð hefur jafnvel staðið í stað eða lækkað og OPEC-ríkin hafa misst niður hagstæðan viðskiptajöfnuð. En stefnumörkunin er hin sama. Samhliða veikri framþróun efnahagsmála hefur atvinnuleysi farið vaxandi. Nú eru 30 millj. manna atvinnulausar innan OECD-landanna og jafnvel er talið að atvinnuleysi muni fara vaxandi á þessu og næsta ári.

Horfur varðandi verðbólguna eru betri. Hún hefur lækkað úr 11% 1980 í 9.6% árið 1981 í OECD-löndunum og er spáð 7.5—8% á þessu og næsta ári. Þá yrði hún svipuð og hún var fyrir fyrri olíukreppuna. Enn er þó mikill munur á verðbólgu. Hún er meiri í Frakklandi, Ítalíu, Kanada og í fleiri Evrópulöndum. Mikil breyting hefur átt sér stað hvað snertir viðskiptajöfnuð. Hagstæður viðskiptajöfnuður OPEC-ríkjanna um ca. 100 milljarða dollara hefur horfið og OECD-ríkin hafa sæmilegan jöfnuð en ákaflega misjafnan.

Fyrsta árið eftir olíukreppuna 1979 vegnaði EFTA-ríkjunum sæmilega nema Svíum. Full áhrif kreppunnar komu þó fram á árinu 1981, sérstaklega seinni hluta þess. Hagvöxtur hefur stöðvast og verður sáralítill á næsta ári eða yfirleitt innan við 2%. Atvinnuleysi fer

vaxandi í EFTA-löndunum nema á Íslandi og er hlutfallslega um það bil helmingur af því sem er hjá OECD-ríkjum, nema hjá Portúgal, þar sem atvinnuleysi er svipað.

Þetta er dálítill útdráttur úr þessari skýrslu sem um margt er mjög fróðleg og ítarleg. Ég taldi ástæðu til að rekja þetta hér þegar verið er að ræða um þessi mál.

Við stöndum frammi fyrir miklum vandamálum og verðbólgan er auðvitað eitt af þeim. En það eru fleiri þjóðir en við sem standa frammi fyrir erfiðum vandamálum, í löndum þar sem atvinnuleysi tröllríður þjóðfélögum. 30 milljónir manna, 10% af öllum vinnukrafti, öllum vinnandi mönnum í OECD-löndunum, eru atvinnulausar. Við erum því engan veginn einir á báti — og skal ég þó ekkert gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem við eigum við að stríða, og þeim vanda sem fylgir því að leysa úr þeim málum. En fyrsta skilyrðið til að leysa málin er að viðurkenna vandann og jafnframt að viðurkenna það, að fleiri þjóðir eiga við stórfelldan vanda að etja en við Íslendingar.

Eins og ég vék að áður stuttlega hefur öll framvinda efnahagsmála hér á Íslandi versnað mjög snögglega á þessu ári. Veldur auðvitað mestu að sjávarafli, sem var 76—77% af heildarútflutningi okkar á síðasta ári, hefur stórlega dregist saman. Og loðnuaflinn, sem var fyrir fjórum árum um 20% af heildarútflutningsverðmætum okkar er enginn á þessu ári. Á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur þorskafli verið nærri 25% minni en hann var í fyrra. Til viðbótar við þetta höfum við orðið fyrir gífurlegum skakkaföllum á Nígeríumarkaðnum, en Nígería var á síðasta ári þriðja mesta útflutningsland Íslendinga. Sama er að segja um álframleiðsluna. Hún hefur vaxið en verðið hefur stórkostlega lækkað. Núna mun verðið vera um helmingi lægra en það var fyrir nokkrum árum og þar að auki er mikil sölutregða.

Það sem hér hefur skeð og ekki verður með neinni sanngirni skrifað á reikning ríkisstj. er aðallega tvennt: annars vegar alvarleg efnahagskreppa í okkar viðskiptalöndum, með fallandi verði á útflutningsvörum og sölutregðu á mörkuðum, og hins vegar alvarlegur samdráttur í sjávarafla og horfur á að verðmæti sjávarafurða verði a. m. k. 16% minna á þessu ári heldur en var í fyrra. Þetta hvort tveggja ásamt verðbólgunni veldur 10—11% greiðsluhalla á viðskiptum við útlönd, sem er auðvitað gífurlega mikill greiðsluhalli. Þó höfum við staðið frammi fyrir meiri greiðsluhalla eða svipuðum. Það eru þó ekki öll kurl komin til grafar, þannig að þetta kann að breytast þegar upp verður gert. En árin 1974 og 1975 var greiðsluhalli við útlönd um 11% hvort ár um sig, eftir olíukreppuna 1973.

Eins og komið hefur fram hér áður í umr. og vitað er munu þjóðartekjur á mann lækka stórlega. Þess vegna er að sjálfsögðu meiri ástæða til að gæta hófs í kröfugerð, þar sem þjóðarframleiðslan dregst svo mjög saman. Það verður að viðurkenna að það dróst úr hófi fram að ná samkomulagi innan ríkisstj. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Eftir verulegar sviptingar í vor og sumar tókst að lokum samkomulag í ríkisstj. um þær ráðstafanir. Ráðstafanirnar voru tilkynntar, eins og menn muna, 21. ágúst í sumar. Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir þeirri yfirlýsingu sem þá var gefin út af hálfu ríkisstj.

Að mínu mati voru eftirtalin atriði þýðingarmest: 1. Gengislækkun til að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla. 2. Skerðing verðbóta á laun 1. des. til þess að draga úr víxlgangi verðlags og launa og forða allt að 80% verðbólgu á næsta ári og þar með algerri upplausn og atvinnuleysi að mínu mati. 3. Að verja lægstu laun eins og unnt er fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í þjóðartekjum. 4. Að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkv. nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. des. 1982. 5. Hægja á fjárfestingu í landinu og auka sparnað hjá ríkinu. 6. Halda uppi aðhaldsstefnu í peningamálum, fjármálum ríkisins og gengismálum.

Ég tel að þessi atriði hafi verið þýðingarmest í sambandi við viðleitni til að sporna gegn frekari verðbólgu og tryggja áframhaldandi rekstur útflutningsatvinnuveganna.

Ég álít að það teljist til verulegra tíðinda í stjórnmálunum að viðurkenning hefur fengist á því með aðilum að ríkisstj. að hið mjög svo verðbólguhvetjandi og gallaða vísitölukerfi skuli endurskoðað og nýtt viðmiðunarkerfi tekið upp. Nýtt og breytt viðmiðunarkerfi ásamt hliðarráðstöfunum til að verja kaupmátt launa, sérstaklega lægri launa, og samræmdari stefnu í efnahagsmálum að öðru leyti er að mínu mati alger forsenda þess að hægt sé að draga úr verðbólgu. Niðurtalningarstefna Framsfl. gerir ráð fyrir breyttu vísitölukerfi. Án þess er að mínu mati vonlaust að niðurtalning geti náð árangri. Áður en samkomulag náðist í ágústmánuði s. l. um efnahagsaðgerðir ríkisstj. var því spáð, að verðbólga stefndi í 75—80% á næsta ári ef ekkert væri að gert.

Það kann vel að vera að gera þurfi fleiri breytingar á hinni almennu stefnu í efnahagsmálum. En ég vil vekja athygli á því, sem ég nefndi meginatriði í upphafi máls míns, að með því að samþykkja og staðfesta þau brbl. sem hér eru til umr. er verið að stíga þýðingarmikið spor í þá átt að sporna gegn ennþá meiri, verulega meiri verðbólgu heldur en annars mundi ríkja. Mér finnst það mikið ábyrgðarleysi, ég verð að segja hróplegt ábyrgðarleysi af Sjálfstfl. að hann skuli lýsa því yfir, að þessari ráðstöfun geti hann ekki einu sinni fylgt. Sannleikurinn er auðvitað sá, að það breytir engu um það að ríkisstj. hefur ekki meiri hl. í Nd. Alþingis. Sú staðreynd verður eftir sem áður. En að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu skuli ganga fram fyrir þjóðina blákalt og segja: Við greiðum atkv. gegn þessu, það skiptir engu máli hvort verðbólgan verður 10, 15 eða 20% meiri eða minni, það skiptir engu máli. Það finnst mér vera langt gengið, svo að ég segi ekki meira. Ég held að það séu einhver annarleg sjónarmið, ekki málefnaleg sjónarmið, sem ráða þeirri afstöðu flokksins.

Ég held að þetta eigi í sjálfu sér ekkert skylt við það hvað núv. ríkisstj. lifir lengi. Þetta er spurning um aðgerðir á hættulegum tíma. Þetta er spurning um nauðsynlegar aðgerðir til viðnáms gegn verðbólgu á erfiðum tímum í efnahags- og atvinnumálum. Og þá kemur Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og segir: Okkur er alveg sama hvort verðbólgan verður 5, 10, 15 eða 20% hærri eða lægri, okkur er alveg sama. (**EKJ:** En hefur Sjálfstfl. sagt það?) Ja, hv. þm. talaði fyrir hönd Sjálfstfl. hér áðan. Ég man ekki hvaða tölu hann nefndi, 10% a. m. k. nefndi hann, ef það var ekki meira. Það er hægt að ganga úr skugga um það með því að lesa ræðu hans, en hann nefndi tölur í þessu efni, sem voru þannig, að manni

skildist að afstaða hv. þm. — og ég hygg að hann hafi talað fyrir hönd síns flokks — væri þessi: Ja, það skiptir nánast ekki máli hvort verðbólgan verður þarna meiri eða minni. Það kann að vera að það skipti ekki öllu máli. En það skiptir máli, það er ljóst. Og ég held að þetta verði ekki til þess að auka traust þjóðarinnar á ábyrgum vinnubrögðum Sjálfstfl.

Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt að ríkisstj. stendur frammi fyrir erfiðum vanda og hún hefur ekki meiri hl. á Alþingi, sem þarf til þess að takast á við þann vanda að mínu mati. (Gripið fram í.) Ég skal ekkert um það segja. A. m. k. sér maður ekki fram á það að stjórnarmyndun liggi á borðinu ef þessi ríkisstj. segði af sér t. d. í dag. (**Gripið fram í:** Eyjólfur Konráð var að bjóða Framsfl. að stjórna með honum.) Jafnvel þó að hv. þm. Eyjólfur Konráð bjóði stjórnarmyndun, þá er öllum viðræðum á milli þessara tveggja hv. þm. lokið. Það var mikið um það talað hér um daginn að miklar viðræður hafi verið m. a. á milli þessara hv. þm. Ég las það í einhverju blaði. En það er nú ekki allt rétt sem stendur í blöðum. Þeim er þá líklega lokið. Ég skoðaði þetta nú ekki þannig hjá hv. þm. að hann væri að gera tilboð um stjórnarmyndun. En án gamans, þá liggur það auðvitað alveg á borðinu að það verður ekki mynduð ríkisstj. í fljótheitum til að takast á við þessi mál þessar vikur. Og þörfin fyrir að staðfesta brbl. er fyrir hendi.

Ég álít að Sjálfstfl. hafi orðið sér til hreinnar skammar í afstöðunni til þessa máls, og ég veit að fjöldamargir sjálfstæðismenn um allt land eru gáttaðir á afstöðu flokksins til þess. (**SalÞ:** Er ráðh. í góðu sambandi við sjálfstæðismenn?) Ég er í nógu góðu sambandi við sjálfstæðismenn til þess, t. d. ýmsa sjálfstæðismenn í atvinnurekendastétt. (**EgJ:** Vill þm. ekki segja fréttir af landsþinginu hjá sér?) Það var nú allt opið í báða enda, landsþingið, þannig að þar gátu menn fylgst með öllu. Ég vil bara vísa til þess sem t. d. Morgunblaðið skrifaði um það. Les hv. þm. ekki Morgunblaðið? Ég hélt að hann læsi Morgunblaðið og tryði öllu sem í því stendur.

Ég taldi ástæðu til þess við 1. umr. þessa máls að ræða nokkuð almennt um efnahagsmálin og þróun þeirra s. l. 3—4 ár og gera síðan að umræðuefni það sem undrar mig mest í sambandi við þetta mál sérstaklega. Það er það að Sjálfstfl. skuli snúast gegn því.

Ég held að þingflokkur Alþfl. hafi ályktað í sumar, líklega seinni partinn í ágúst, eftir að ráðstafanirnar voru auglýstar, að þessar tillögur væru nákvæmlega þær sömu — formaður Alþfl. getur leiðrétt mig ef ég fer með rangt mál — væru nánast nákvæmlega þær sömu og ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hefði beitt sér fyrir 1978. Ég held að það hafi beinlínis verið tekið fram í ályktuninni. Þess vegna var þinglokkur Alþfl. undrandi á því og lét það í ljósi, að Sjálfstfl. snerist nú gegn frv. sem var nákvæmlega sama eðlis og ráðstafanir sem ríkisstjórn Sjálfstfl. beitti sér fyrir 1978.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er til staðfestingar á brbl. sem ríkisstj. gaf út í sumar og hafa verið mikið til umr. í þjóðfélaginu. Það er út af fyrir sig fróðlegt að hlýða á þær umr. sem hér hafa farið fram um þetta fræga mál. Hæstv. forsrh. las upp úr þjóðhagsáætlun, sem hann lagði fram í upphafi þings og rædd var ítarlega við umr. um stefnu eða stefnuleysi núv. hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. Tómas Árnason gerði þó tilraun til að verja ríkisstj. í þeirri stöðu sem hún er í nú. Hans meginniðurstaða er sú, að það sé ábyrgðarleysi af Sjálfstfl. að bregðast við þessu máli eins og alþjóð veit að hann hefur gert.

Hvað gerði nú Sjálfstfl.? Hann óskaði eftir því að þegar í stað yrði kvatt saman þing og þessi mál rædd þar þannig að það gæfist tækifæri fyrir 1. des. að gera aðrar og betri ráðstafanir en hæstv. ríkisstj. hefur gert. Hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson hefur viðurkennt opinberlega að Sjálfstfl. hafi haft rétt fyrir sér í þessu efni, það hefði átt að kveðja saman þing þegar í sumar í þeirri stöðu sem þjóðarbúið er nú í og hæstv. ráðherrar hafa málað dekkstum litum í þjóðfélaginu hvað sé hættulegt. Þeir segja í öðru orðinu: Við búum nú við hættulegasta ástand í efnahagsmálum og hættu á stórfelldasta atvinnuleysi sem komið hefur yfir þjóðina í áratugi. — Þetta er að vísu rangt, en þetta segja hæstv. ráðherrar. (**Viðskrh.:** Ekki sagði ég það.) Þetta hafa aðrir hæstv. ráðh. sagt. En þeir segja jafnframt: Ríkisstj. er komin að þrotum. Það sagði einn hæstv. ráðh., hæstv. menntmrh. Er það ábyrgð, hæstv. ráðh., að sitja áfram rólegur í stólnum vitandi að hættuástand er skollið yfir þjóðina og vitandi að hæstv. ráðherrar geta ekkert gert í málinu? Var það ábyrgðarleysi af Sjálfstfl. að krefjast þess að Alþingi kæmi saman í sumar? (**Gripið fram í:** Ekki segir Steingrímur það.) Ekki segir Steingrímur það, það er rétt.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að því sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Hann sagði, að þessar ráðstafanir væru svipaðar því sem ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar gerði í febr. 1978. Þetta er rangt hjá hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. veit þetta og á að vita það manna best því að hann stóð að þeim ráðstöfunum líka. 1978 var verðbótaskerðing miklu minni. Hún kom í kjölfar 20-30% grunnkaupshækkana í þjóðfélaginu. Verðbótaskerðing á laun var þann veg háttað, að hlíft var lægstu launum, hækkaðar voru bætur almannatrygginga og engir skattar á lagðir. Þvert á móti var gert ráð fyrir að ríkissjóður gengi á undan í sparnaði í þjóðfélaginu með því að draga saman seglin fremur en hitt. Getur hæstv. ráðh. staðið á því að þetta séu sambærilegar ráðstafanir? Það getur hann ekki. Hann sagði að verðbólga hefði þá verið komin í 50% í ágúst, og má vel vera að það sé rétt hjá hæstv. ráðh., en verðbólga var komin niður í 26% sumarið 1977. Þá voru gerðir kjarasamningar, svokallaðir sólstöðusamningar, sem hækkuðu kaup á einu bretti um á milli 20 og 30%, og af því stafaði sá verðbólguvandi, sem við var að etja fyrst á árinu 1978, fyrst og fremst.

Hæstv. ráðh. gerði mikið úr því að það hefðu náðst fram ýmsar ráðstafanir í ríkisstj., og raunar voru gerð sérstaklega að umtalsefni brbl. sem sett voru í sjónvarpi á gamlársdag 1980. Um það sagði hann, að það hefði verið eftir verulegar sviptingar sem það samkomulag hefði náðst. Og hann sagði að um ráðstafanirnar núna hefði náðst samkomulag eftir talsverð átök innan ríkisstj. Fram að þessu hafa hæstv. ráðherrar viljað halda því fram, að núv. ríkisstj. væri eitthvert sérstakt kærleiksheimili, (**Gripið fram í:** Hann sagði ekki innan ríkisstj.) þar sem ráðherrar Framsfl. og Alþb. hafa 10 ráðuneyti af 13 og hafa aldrei ráðið jafnmiklu á Íslandi, hvorki fyrr né síðar. Þeir hafa haldið því fram, að samkomulagið milli þeirra væri svo gott að það væri til sérstakrar fyrirmyndar. Það er því mjög athyglisvert að heyra þessar játningar hæstv. ráðh. nú, að það hafi orðið stórkostleg áflog innan ríkisstj. í þau einu skipti sem hún hefur gert eitthvað að

marki til að reyna að stjórna efnahagsmálum landsins, það hafi gerst eftir stórkostleg áflog, verulegar sviptingar, sagði hæstv. ráðh., og „talsverð átök" voru hans óbreyttu orð. (**Gripið fram í:** Hann átti við innan Framsfl.) Það má vel vera að það hafi líka verið.

Þetta frv., sem hér er til umr., ber yfirskriftina: Frumvarp til laga um efnahagsaðgerðir. Nú hefur hæstv. ráðh. sagt það, og ég spyr hann hvort það sé rétt skilið hjá mér, að Framsfl. hafi fallist á að styðja þetta frv. vegna þess að samtímis var gerð ályktun í ríkisstj. um að það yrði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi við laun. (**Gripið fram í:** Hann sagði það.) Er þetta rétt skilið? Hvar er þetta frv., hæstv. ráðh., um nýtt viðmiðunarkerfi? Liggur það á borði hv. þm. núna, þegar verið er að ræða hinar svokölluðu efnahagsráðstafanir, sem Framsfl. féllst á með því skilyrði að nýtt viðmiðunarkerfi næði fram að ganga? Hvar er þetta frv.? Hvar eru frumvörp um nýjar láglaunabætur á laun? Þetta frv. til staðfestingar brbl., sem bar að sjálfsögðu enga brýna nauðsyn að leiða í lög í ágúst, hefur ekki komið fram fyrr en nú á Alþingi og þá fá hv. þm. ekki að sjá þau frumvörp sem eru skilyrði einstakra ráðh. í ríkisstj. að nái fram að ganga með frv. sem hér er til umr.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur sagt: Mín afstaða til þessara brbl. fer eftir því hvort í gegn fari frv. um láglaunabætur og orlof. Hefur hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson tryggingu fyrir því að Framsfl. fylgi því án þess að fá í gegn frv. um breytt vísitölukerfi?

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Liggur fyrir að hæstv. ríkisstj. standi að því að afgreiða þessi brbl.? Hafa þau skilyrði, sem einstakir þm. sem styðja ríkisstj. og einstakir ráðh. hafa sett, verið uppfyllt?

Ég held að svarið liggi í augum uppi. Hæstv. ríkisstj. er alls ekkert einhuga um þetta mál. Þar eru augljóslega *mjög margir lausir endar. Ég fæ ekki séð* að hv. Alþingi geti afgreitt þetta mál öðruvísi en að fá þau frumvörp á borðið sem eiga að fylgja þessu frv. til staðfestingar brbl. og fái það á hreint hver afstaða hæstv. ríkisstj. er yfir höfuð í þessum málum. Á meðan slíkt er ekki kemur það úr hörðustu átt að menn ásaki Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu fyrir ábyrgðarleysi í þessum efnum, sérstaklega þegar á það er litið að hans tillaga var nr. 1, 2 og 3 að Alþingi yrði kvatt saman þegar í sumar, þegar það var ljóst í hvers konar skötulíki efnahagsráðstafanir ríkisstj. yrðu, sem þá voru afgreiddar. Auðvitað verður að ræða þessi atriði öll í samhengi, enda krafa einstakra ráðh. og hv. þm., sem styðja ríkisstj., að svo sé gert.

Ég vil þá aðeins víkja að því, hver áhrif þessara brbl. eru í raun og veru og hver sé stefna þeirra, ef stefnu skuli kalla. Það liggur ljóst fyrir, að kjaraskerðing samkv. þessum brbl. og svonefndum Ólafslögum verður nálægt 10% núna 1. des. Það liggur hins vegar líka ljóst fyrir, að verðbólga verður mjög svipuð og hún er nú á næsta ári ef ekki verða gerðar aðrar ráðstafanir. Meiri er árangurinn ekki af þessum brbl. Í þjóðhagsáætlun, sem hæstv. forsrh. lagði fyrir Alþingi, segir svo, með leyfi forseta:

„Venjubundinn framreikningur á ferli framfærsluvísitölu eftir þessar aðgerðir bendir til að heldur geti dregið úr ársfjórðungshækkun framfærsluvísitölunnar á fyrra hluta næsta árs, en hækkun hennar yrði þó enn svipuð og í lok þessa árs eða um 60%. Er þá miðað við að á næsta ári verði fylgt óbreyttu verðbótakerfi samkv. gildandi lögum og ekki reiknað með sérstökum efnahagsaðgerðum er hafi áhrif á verðlagsþróunina. Þá er gert ráð fyrir virku aðhaldi í peninga- og lánamálum og ríkisfjármálum."

Það er sem sagt reiknað með því — Þjóðhagsstofnun segir það í þeirri þjóðhagsáætlun sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram — að áhrif brbl. verði þau að það verði sama 60% verðbólgan á næsta ári og er í ár. Á öðrum stað í þessari þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að ríkisstj. stefni að því að verðbólga verði 40-45% og þar er talað um áhrif nýs viðmiðunarkerfis á laun. Nú þekki ég ekki þetta nýja viðmiðunarkerfi. Hv. Alþingi hefur ekki verið upplýst um með hvaða hætti eigi að breyta því gamla, en augljóslega er gert ráð fyrir að það dragi verulega úr verðbólgu, þ. e. það hafi þau áhrif á verðbætur á laun að úr verðbólgu dragi. En hvar er þetta merka mál statt? Mér sýnist að um það sé bullandi ágreiningur í ríkisstj. og það er alveg ljóst að þessi brbl. hafa ekki meiri áhrif en kemur fram í sjálfri þjóðhagsspá hæstv. forsrh.

Þá kemur fram í þessari þjóðhagsspá, að áhrif brbl. á viðskiptahallann verða ekki meiri en svo, að hann er talinn verða óhagstæður um 6% á næsta ári, en milli 10 og 11% á þessu ári, en þegar áætlaður er viðskiptahalli á næsta ári er gert ráð fyrir margháttuðum öðrum aðgerðum en brbl. *þannig að það er ljóst að brbl. hafa ekki meiri* áhrif á viðskiptajöfnuð en að draga kannske um 2% úr þeim gífurlega viðskiptahalla sem nú er og þá er ég að miða við hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Hæstv. ríkisstj. hefur talað mikið um að það sé höfuðmarkmið að draga mikið úr þessum viðskiptahalla og *erlendum lántökum. En hvaða áhrif hafa nú brbl. á* þetta? Í þjóðhagsáætlun segir svo um þetta:

„Erlendar skuldir nema nú um 45% af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði er 23% af útflutningstekjum. Jafnvel þótt viðskiptahallinn minnki verulega á næsta ári eru líkur á að þessi hlutföll hækki enn."

Þetta eru nú öll áhrifin, sem þetta frv. á að hafa á viðskiptahallann og erlendar skuldir.

Annars staðar kemur fram, í gögnum sem Seðlabankinn hefur látið í té, að greiðslubyrði fastra erlendra lána fari upp í 25% af útflutningstekjum á næsta ári. Eftir að brbl. eru komin fram er þetta áætlun Seðlabankans. Einnig er áætlað að erlendar nettóskuldir fari upp í það að vera 48,5% af þjóðarframleiðslu á næsta ári. Áhrif þessara merku efnahagsaðgerða eru nú ekki meiri en þetta. Það heldur áfram að stóraukast vandi okkar varðandi eyðsluskuldasöfnun erlendis og almenna skuldasöfnun.

Hver eru svo áhrif þessara brbl. á afkomu atvinnuveganna og aukið atvinnuöryggi? Það er ljóst, að atvinnurekstur í landinu er rekinn með bullandi halla þrátt fyrir þessi brbl. og stórfellt hrap gengisins. Mér skilst að dollarinn hafi hækkað í verði gagnvart íslenskri krónu um meira en 100% á einu ári. Samt sem áður er nú svo illa komið, að atvinnuvegirnir eru reknir með bullandi halla. Skipin sigldu í land eftir að þessi brbl. voru samþykkt vegna þess hve afkoma þeirra var slæm og enn syrtir þar í álinn.

Þessi brbl. hafa sem sagt þau áhrif, ef áhrif skyldi kalla, að verðbólgan verður áfram 60% á næsta ári, að viðskiptahallinn heldur áfram, verður kannske 1—2% minni eða kannske 3, viðskiptajöfnuður verður það óhagstæður að erlendar skuldir halda áfram að stórhækka, greiðslubyrðin að aukast og afkoma atvinnuveganna er svo slæm að ekki verður betur séð en að þeir stöðvist innan skamms. Þetta er í sem skemmstu máli sá árangur sem er af þessum efnahagsaðgerðum.

Herra forseti. Ef þú vilt gera hlé núna er ég reiðubúinn. (**Forseti:** Ef það hentar hv. þm. að gera hlé á sinni ræðu þætti mér það æskilegt.) — [Fundarhlé.]

Lárus Jónsson (frh.): Herra forseti. Ég hafði fjallað nokkuð um málflutning hæstv. ráðh. Tómasar Árnasonar og rætt um það sem fram kemur í gögnum um haldleysi ráðstafananna sem felast í þessum brbl. Meginatriðið í því er það, að svo stórfelld kjaraskerðing sem felst í þessum lögum, bæði með skerðingu verðbóta á laun og eins með gífurlegri skattahækkun, hefur ekki meiri áhrif en svo, að verðbólgan heldur áfram í sama fari á næsta ári, að viðskiptahallinn verður stórfelldur og skuldasöfnun erlendis heldur áfram. Þannig mætti lengi telja.

Ég skal ekki endurtaka það sem hér kom fram og skal stytta mjög mál mitt, þó að ástæða hafi verið til að tala um miklu fleira af því sem kom fram í máli hæstv. ráðh. Tómasar Árnasonar. Hann rakti raunar efnahagsráðstafanir ríkisstj. frá því að hún var mynduð og gaf mér mörg tilefni til að halda uppi langri og ítarlegri umr. um efnahagsmálin. Ég legg þó nokkuð upp úr því að þetta mál eigi greiðan aðgang til nefndar, geti komist þangað, þannig að hv. fjh.- og viðskn. fái tilefni til að gaumgæfa það.

Eitt atriði vildi ég þó koma hér inn á, sem var veigamikill þáttur í málflutningi bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., Tómasar Árnasonar. Það eru þær fullyrðingar, sem koma frá hæstv. ráðherrum og forráðamönnum ríkisstj., að allt sé hér í kalda koli, hættuástand hafi skapast hér í efnahagsmálum. Þeir hafa tekið misjafnlega djúpt í árinni við að lýsa ástandinu. Sumir hverjir hafa sagt að við höfum ekki horfst í augu við aðra eins efnahagserfiðleika í áratugi, aðrir hafa tekið heldur grynnra í árinni, en allir segja þeir: Meginástæðan fyrir þessu er sú, að afli hefur brugðist og það eru miklir erfiðleikar á okkar mörkuðum.

Ég skal út af fyrir sig ekki vefengja að snögg umskipti hafa orðið í þjóðarbúskapnum að þessu leyti. En það er athyglisvert, þegar um þetta er rætt, að það er eitt megineinkenni í íslenskum þjóðarbúskap síðustu árin hve afli og sjávarvöruframleiðsla hefur aukist gífurlega. Það er að sjálfsögðu vegna útfærslu landhelginnar í 200 mílur á sínum tíma. Sjávarvöruframleiðslan jókst um 27% að raungildi á árunum 1979 og 1980. Það eru auðvitað þessi gífurlegu uppgrip, sem við Íslendingar höfum notið vegna mikillar sjávarvöruframleiðslu undanfarin ár, og feiknalega miklar erlendar lántökur sem hafa valdið því að hér hefur verið full atvinna þrátt fyrir það stjórnleysi sem hér hefur ríkt.

Að vísu versnuðu viðskiptakjör á árinu 1979, eins og hæstv. ráðh. tók fram. Ég kannast nú ekki við þá tölu að viðskiptakjör hafi versnað um 15% á árunum 1979 og 1980. Það er sönnu nær að þau hafi versnað um 9%, en hitt er annað, að svo mikill var okkar búhnykkur vegna aukins afla og sjávarútvegsframleiðslu að þessi rýrnun viðskiptakjara var aðeins eins og dropi í hafið í því að draga úr þeim búhnykk og hefði ekki átt að valda okkur stórfelldum erfiðleikum.

Það er raunar svo, að frá 1980, þegar núv. hæstv. ríkisstj. settist að völdum, hafa viðskiptakjör haldist nokkuð í horfinu þangað til í ár. Þar kemur til gífurleg hækkun dollarans á alþjóðlegum markaði. Það má segja að viðskiptakjörin hafi haldist óbreytt þetta tímabil. Á það er einnig að líta að núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft verulega góðan byr, allavega getum við sagt að það er ólíkt með hvaða hætti alþýðusamtökin hafa fjallað um ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, verðbótaskerðingar á laun o. s. frv., eða ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og þær ráðstafanir sem hæstv. ráðh. Tómas Árnason talaði um áðan.

En upp úr stendur að þessi mikla framleiðsla úr sjávarafla, sem hefur verið undanfarin ár, kemur okkur ekki að meira gagni nú, þegar nokkur minnkun verður í afla frá því hann varð mestur í Íslandssögunni, árið 1981, en svo að við stöndum frammi fyrir hættuástandi, sem hæstv. ráðherrar hafa, eins og áður sagði, dregið dekkstum litum fyrir þjóðina.

Ef ég svo að lokum, herra forseti, fer yfir í örfáum orðum þær aðgerðir, í hverju þær hafa lýst sér, sem núv. hæstv. ríkisstj., og raunar vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, hefur beitt sér fyrir í efnahagsmálum síðustu ár, þá eru þær þessar í meginatriðum:

Þessar ríkisstjórnir, og núv. hæstv. ríkisstj. alveg sérstaklega, hafa beitt mjög hörðum verðlagshöftum og niðurtalningu. Menn brosa og hlæja að mönnum sem enn hafa þrek til að tala um niðurtalningu eins og hæstv. ráðh. gerði áðan, því að verðbólgan stefnir hærra en nokkru sinni fyrr.

Gengishöftum hafa þessar ríkisstjórnir beitt og alveg sérstaklega núv. hæstv. ríkisstj., sem hefur orðið til þess að atvinnuvegirnir eru á vonarvöl, en gengi hefur aldrei fallið meir en í tíð núv. ríkisstj. Krónan hefur hækkað í verði um 100% eða rúmlega það á einu ári.

Niðurgreiðslur og millifærslur hafa verið sérstakar uppáhaldsráðstafanir þessarar ríkisstj. Þær hafa leitt til þess að við stöndum frammi fyrir ógöngum í ríkisfjármálum. Landbúnaðinum er hætta búin af slíkum niðurgreiðslum, en verðbólgan æðir áfram.

Verðbótaskerðingar á laun hafa verið sérstakt uppáhaldsbjargráð þessara ríkisstjórna. Þær hafa skert verðbætur á laun 13 sinnum. Það er athyglisvert að flokkarnir sem unnu kosningasigur 1978 með því að beita fyrir sig slagorðunum „samningana í gildi", „kaupráni" og „kosningar eru kjarabarátta" hafa staðið að þessum 13 verðbótaskerðingum á laun á þessum tíma. En þessar verðbótaskerðingar á laun, sem nema kannske eitthvað nálægt 50%, hafa ekki skilað meiri árangri en við stöndum nú frammi fyrir.

Skattar hafa hækkað svo gífurlega að einungis í tíð núv. ríkisstj. ganga 3.1% af þjóðarframleiðslu í hækkun skatta. 3.1% af þjóðarframleiðslu jafngildir því, að núverandi ríkisstj. sendi hverri fjölskyldu í landinu 28 þús. kr. aukaskattreikning í ár á verðlagi ársins í ár. Þannig hefur skattheimtan aukist.

Við þurfum ekki að minnast á eyðslu og óreiðuskuldasöfnun erlendis, eins og búið er að margbenda á, en öll þessi afturhaldsstefna hefur valdið taprekstri og minnkandi framleiðslu í atvinnulífinu, stöðnun þjóðarframleiðslu og rýrnandi kaupmætti heimilanna. Meira að segja á metaflaárunum 1980 og 1981 átt sér þessi þróun stað.

Herra forseti. Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðh.: Getur það verið tilviljun að árin 1980 og 1981, þegar mestur afli barst á land af Íslandsmiðum og mest var sjávarvöruframleiðslan, varð stöðnun í þjóðarframleiðslu, lífskjör fóru versnandi og þá var farið út í mestu óreiðu- og eyðsluskuldasöfnun sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir, bæði hjá atvinnuvegunum og

eins hjá þjóðarbúinu, erlendis? Getur þetta verið tilviljun? Þá var áfallið, sem menn tala mest um núna 1982, ekki skollið á. Hverju var þá um að kenna, hæstv. ráðherrar?

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Enn á ný stöndum við frammi fyrir einum af hinum svokölluðu efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstj. Aðgerðir þær, sem frv. það sem við nú ræðum fjallar um, eru með sama marki brenndar og fyrri aðgerðir hæstv. ríkisstj. Hér er um að ræða stefnulausar kákaðgerðir eins og áður. Sum efnisatriði þessa frv. stefna í öfuga átt, en önnur gætu verið til bóta ef þau væru liður í heildarstefnu í efnahagsmálunum.

Efnahagsaðgerðirnar samkv. þessu frv. eru því í heild vitagagnslausar og til frambúðar raunar til tjóns, eins og allar kákaðgerðir reynast í þessum efnum. Þetta sjá allir sem sjá vilja. En öllu má nafn gefa. Hæstv. utanrrh. gefur þessum efnahagsaðgerðum einkunnina: Of seint, of lítið.

Það er nú borin von að núv. ríkisstj. ráði nokkra bót á verðbólguvandanum. Meðan ríkisstj. var kokhraust juku allar aðgerðir hennar til lengdar á glundroða og óvissu í efnahagsmálunum. Á þessu verður engin breyting nú, þegar ríkisstj. er að falli komin, en meðan ríkisstj. situr ber hún ábyrgðina. Öllu máli skiptir því, hvað við tekur.

Það er engin skyndilausn til eða töfrabrögð sem beitt verði til lausnar verðbólguvandanum. Það væri óraunhæft og ábyrgðarlaust að halda slíku fram. Hins vegar þýðir það ekki að stjórnvöld eigi að draga fæturna í efnahagsmálunum til lausnar vandanum. Þvert á móti þarf að láta hendur standa fram úr ermum og skjótra viðbragða er þörf.

Fyrst af öllu þurfa stjórnvöld að fóta sig á verðbólgufluginu sjálfu. Það verður að vera umþóttunartími til aðgerða. Skammtímaráðstafanir þurfa því að koma til svo að verðlag hækki ekki né kaupgjald svo og lánskjaravísitala og vextir og ennfremur fiskverð, svo að nokkrir veigamiklir þættir í slíkri verðstöðvun séu nefndir. Með slíkum skammtímaráðstöfunum væri kostnaði atvinnurekstrarins haldið í skefjum. Hins vegar yrði að viðhalda kaupmætti launa með lækkun eða afnámi vörugjalds og lækkun sölu- og innflutningsgjalda eftir því sem með þyrfti. Á móti slíkum tekjumissi ríkissjóðs kæmi lækkun á útgjöldum ríkissjóðs. Þá er nauðsynlegt að útlán banka og sparisjóða verði takmörkuð eftir því sem þarf til stuðnings aðgerðum til þess að halda verðlagi stöðugu.

En hversu vel sem slíkar skammtímaráðstafanir væru hugsaðar og hversu vel sem þær væru framkvæmdar væru þær vitagagnslausar ef þær væru ekki liður í síðari ráðstöfunum eða langtímaaðgerðum, sem lúta að þeim þáttum þjóðarbúskaparins þar sem er að finna frumorsakir verðbólguvandans, verðbólguþróunarinnar, sem stjórnvöld hafa á valdi sínu að ráða bót á.

Það er ekki hægt að stöðva verðbólguna með lagaboðum eða reglugerðarákvæðum nema um skamman tíma eða í nokkra mánuði. Slíkur varnargarður getur ekki verið nema til bráðabirgða. Ef honum er ætlað að standa lengri tíma fer svo, að þrýstingurinn af hinni uppsöfnuðu verðbólgu á stöðvunartímabilinu verður svo mikill að flóðalda verðbólgunnar sópar burt varnargarðinum og æðir áfram óstöðvandi svo að vandinn verður meiri en nokkru sinni fyrr. Það er þetta sem skeður við framkvæmd á hinni svokölluðu niðurtalningaraðferð, sem ríkisstj. beitir sem viðnámi gegn verðbólgu og framsóknarmenn telja sig vera höfunda að. Við höfum séð árangurinn af niðurtalningu verðbólgunnar svo að ekki verður um villst.

Það er ekki hægt að setja lög sem fyrirskipa að verðbólgan skuli lækka frekar en að fyrirskipa að þjóðarframleiðslan skuli aukast, þjóðartekjurnar vaxa og hagsæld aukast.

Mér kemur í þessu sambandi í hug atvik sem skeði fyrir allmörgum árum. Það var komið langt fram á vetur og fram undir vor og steinbíturinn var tregur fyrir vestan. Það var alvara á ferðum þegar þessi bjargvættur Vestfirðinga gekk ekki á miðin sem skyldi. Gárungi á Þingeyri sendi mér svohljóðandi hraðskeyti:

„Viltu flytja þegar í stað þáltill. sem fyrirskipar steinbítnum að ganga strax á miðin."

Hér var á ferðinni maður með gott skopskyn. En framsóknarmönnum er fyrirmunaður sá eiginleiki. Í því er fólginn mismunurinn á niðurtalningaraðferðinni og steinbítsaðferðinni.

Skammtímaráðstafanir verða að vera sniðnar að langtímaráðstöfunum sem á eftir fara. Meginatriðið er því fólgið í langtímaráðstöfunum. Þær miða að kerfisbreytingu til að fjarlægja það sem vandanum veldur. Þetta þarf að gerast með víðtækum aðgerðum, svo sem með nýrri skipan ríkisfjármála, nýrri skipan launamála og eflingu frjáls markaðskerfis.

Ekki er það fátítt að eyðslunni sé kennt um þann vanda sem steðjar að í efnahagsmálunum. Það er talað um að einstaklingarnir eyði of miklu, stéttirnar og hagsmunahóparnir eyði of miklu, og þjóðin eyði of miklu. En það er sjaldnar talað um þann aðila í þessu sambandi sem mestu eyðir, eða ríkið sjálft. Að vísu er talað um skattalækkanir eða þörfina á því að lækka skatta, en við það situr. Skattarnir hafa svo sannarlega ekki lækkað þrátt fyrir allt talið um þörfina á því.

Meðan ekki er skapaður grundvöllur fyrir skattalækkun verður ekki af því að hún verði framkvæmd. Að vísu tala menn um sparnað í ríkisrekstrinum og það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, en frómar óskir í þeim efnum stoða lítt nema gagngerð endurskipulagning og kerfisbreyting eigi sér stað. Það verður að draga úr útgjöldum ríkisins með því að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga og einstaklinga og með auknu aðhaldi í ríkisfjármálum almennt. Þar munar mest um fjárfrekustu málaflokkana, svo sem annars vegar heilbrigðis- og tryggingamál og hins vegar menntamál. Það er svo, að heilsufar þjóðarinnar er fyrir öllu og að allir hafi öryggi við að búa og ekkert er mikilvægara einni þjóð en menntun þegnanna. Ekki á þetta síst við um okkur Íslendinga, sem eigum allt undir atgervi hvers og eins einstaklings til þess að geta haldið uppi okkar sjálfstæðu tilveru sem þjóðar. Allir vilja gera allt sem mögulegt er fyrir þessi málefni. En einmitt vegna eðlis þessara mála erum við í sérstakri hættu á að ofgera þar í einstökum efnum og sjást ekki fyrir án þess að viljinn til góðs skili árangri sem skyldi. Viðfangsefnið er að koma á þeirri skipan sem minnkar útgjöldin án þess að gengið sé á þá þjónustu sem raunverulega er veitt.

Það stoðar ekki lengur að verðbætur á laun séu þeim eiginleikum gæddar að þær hækki því meir sem kostnaður aðfanga í þjóðarbúið eykst og minna verður til skiptanna að öðru jöfnu. Í stað þess verður að virða þá staðreynd, að afrakstur þjóðarbúsins segir til um hvað til skiptanna er á hverjum tíma og verðbætur á laun verði

því að taka mið af þjóðartekjum.

Ekki má lengur láta reka á reiðanum alla viðleitni til mótvægis við verðlagssveiflur sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Undanbragðalaust verður að ráðstafa hluta verðlagshækkana til að mæta verðlagslækkunum eftir því sem með þarf til þess að jafna sveiflur á verði sjávarafurða. Vegna mikilvægis sjávarútvegsins sem undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar er hér ekki einungis um að ræða nauðsyn þessarar atvinnugreinar sjálfrar, heldur líka skilyrði þess að viðunandi stöðugleiki fáist í hagkerfi landsins í heild. Þess vegna verður að tryggja að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins geti leyst það hlutverk sem honum var upphaflega ætlað eða aðrar ráðstafanir verði gerðar að jafngildi þess.

Tími er að linni aðferðinni sem við höfum búið okkur til við ákvörðun fiskverðs. Það gengur ekki lengur og hefur raunar aldrei verið vit í að ákveða fiskverð án tillits til markaðsverðs afurðanna, en kalla jafnframt á gengislækkun til þess að gera verðlagsákvörðunina að forminu til raunhæfa. Gengislækkun hefur síðan leitt af sér verðlagshækkanir, sem lagðar hafa verið til grundvallar kauphækkunum launafólks, sem gert hafa fiskverðshækkun óhjákvæmilega til jöfnunar kjara sjómanna og landverkafólks. Og þannig hefur mátt taka hvern hringdansinn af öðrum. Kerfið hefur verið býsna haglega gert til slíkra nota, en nú er komið að leiðarenda. Verðákvörðunar- og sölukerfi sjávarafla og fiskafurða verður að endurskipuleggja.

Ég hef hér vikið að nokkrum þýðingarmiklum og dæmigerðum langtímaráðstöfunum án neinnar tæmandi upptalningar. En þannig verður að ráðast að orsökum verðbólgunnar einni af annarri. Það ætti að vera hægt að ná víðtækari samstöðu um ýmsar slíkar grundvallaraðgerðir, sem höfða til rökréttrar hugsunar en ekki endilega pólitískrar gerviafstöðu, ef mönnum er alvara að veita verðbólgunni viðnám.

En það blæs ekki byrlega í þeim efnum um þessar mundir. Blikur eru á nú víða á lofti og áhyggjuefnin mörg. Afleiðingar verðbólgunnar koma æ berlegar fram. Mesta áhyggjuefni okkar Íslendinga í dag, er varðar efnahagsmálin, er annars vegar að þjóðarframleiðslan á mann fer stöðugt minnkandi. Það sem á að skapa grundvöll fyrir okkar efnahagslegu framförum verður stöðugt veikara. Hins vegar er mikið áhyggjuefni að stjórnvöld skuli mæta þessu með stöðugt aukinni erlendri skuldasöfnun. Gjaldeyrisbyrði þjóðarinnar er þegar of þung miðað við útflutningstekjur. Við megum vel hugleiða, Íslendingar, að staðan hjá okkur er nú þegar orðin miklu lakari í þessum efnum en hún var á Nýfundnalandi, þegar það land glataði efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði af þessum sökum.

Meðan þessu fer fram leggur hæstv. ríkisstj. meiri áherslu á að firra sjálfa sig ábyrgð á því hvernig málum er komið en leita að ráðum til úrbóta. Er þá margt tínt til, sem ætlað er að til varnar megi verða. Aflabrest ber þá einna hæst í syndakvittunarregistri hæstv. ríkisstj. Þá er þess að sjálfsögðu látið ógetið, að á síðasta ári, árinu 1981, barst svo mikill sjávarafli á land að það var fjórða mesta aflaár sem sögur fara af. Álíka haldbært er sumt annað sem fært er fram til afsökunar. Einskis er látið ófreistað til að villa mönnum sýn. En þrátt fyrir það verður sannleikanum ekki leynt, svo augljósar eru staðreyndir þessa máls.

Enginn neitar því að við ýmsa erfiðleika er nú að etja. En meginvandinn í viðureigninni við verðbólguna er sá, að ríkisstj. hefur enga heildarstefnu. Allar svokallaðar efnahagsráðstafanir ríkisstj. á þessu kjörtímabili hafa verið með sama markinu brenndar. Þar hefur ekki verið að finna neinar varanlegar ráðstafanir þar sem vegið hefur verið að rótum verðbólguvandans. Einungis hefur verið um að ræða sundurlausar bráðabirgðaráðstafanir, samhengislaust fálm án stefnu og markmiðs. Og sjaldan bregður mær vana sínum. Frv. það, sem við nú ræðum, ber þess glögglega vott.

Gráu ofan á svart bætti svo ríkisstj. á sínum tíma með því að skvetta olíu á verðbólgubálið. Það var gert með gjaldmiðilsbreytingunni. Tilgangur gjaldmiðilsbreytingarinnar átti að vera að búa í haginn fyrir viðureignina við verðbólguna og viðleitni til þess að koma á stöðugleika í efnahagslífinu. Þetta átti að vera fólgið í því, að gjaldmiðilsbreytingin hefði hagstæð sálræn áhrif með því að draga úr þeim verðbólguhugsunarhætti sem sílækkandi verðgildi íslensku krónunnar hafði valdið með því að grafa undan virðingu fyrir peningum og áhuga manna á að hamla gegn verðbólgunni. En forsenda þess að aukning verðgildis íslensku krónunnar hefði hin hagstæðu sálrænu áhrif sem ætlast var til hlaut að vera sú, að aðgerðin væri liður í víðtækri heildarstefnu og framkvæmd til þess að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar. Aukning verðgildis krónunnar gat þá orðið vottur þess að slík stefna hefði verið tekin upp í efnahagsmálunum og brýning til þess að takast á við vandann af meiri einurð en áður og hefði getað þannig orðið tákn nýs tímabils í stjórn efnahagsmálanna.

Það voru allir sammála um þennan yfirlýsta tilgang með gjaldmiðilsbreytingunni. En ekki nóg með það, heldur höfðu allir verið sammála um að gjaldmiðilsbreytingin væri betur ógerð en gerð ef þessar forsendur væru ekki fyrir hendi. Ef ekki væri víðtæk stefnumótun fyrir hendi væri ókleift að sjá fyrir sálræn áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar. Seðlabankinn hafði m. a. lýst því yfir, að svo gæti eins vel farið að gjaldmiðilsbreytingin yrði til þess að auka vantrú manna og tortryggni, ef hún væri ekki hluti af róttækri stefnubreytingu, því að almenningur væri þá vantrúaður á framtíðarverðgildi peninganna og getu stjórnvalda til að halda verðbólgunni í skefjum.

Ríkisstj. var margoft vöruð við gjaldmiðilsbreytingunni, ef ekki kæmi jafnframt til mótun heildarstefnu í efnahagsmálunum. En ríkisstj. skellti skollaeyrum við öllum aðvörunum. Anað var út í gjaldmiðilsbreytinguna í ársbyrjun 1981 án þess að skapaðar væru forsendur fyrir þeirri ráðstöfun með mótun heildarstefnu í efnahagsmálunum. Gjaldmiðilsbreytingin var því ekki liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til þess að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar. Gjaldmiðilsbreytingin varð til þess að auka á upplausnina og vantrú á gjaldmiðlinum í stað þess að treysta hann og stuðla að hjöðnun verðbólgunnar.

Það er vissulega ófagur ferill hæstv. ríkisstj. frá hvaða sjónarmiði sem á er litið. Þó væri ósanngjarnt gagnvart núv. ríkisstj. að halda því fram að ekki hafi stundum áður verið pottur brotinn í viðureigninni við verðbólguna. En áhyggjuefni er að nú skuli menn vera hættir að fyrirverða sig fyrir ávirðingar sínar, heldur þykjast menn að meiri, eins og hæstv. ríkisstj.

Það er þeim mun ömurlegra að horfa upp á ástandið í dag þar sem það er augljóst að almenningur í landinu, þjóðin sjálf, skilur og finnur að þykjustunni og sýndarmennskunni verður að linna. Fólkið veit að ekki verður ráðið fram úr vandanum nema með átaki og áreynslu. Almenningur er reiðubúinn að taka á sig byrðar, ef þær byrðar eru réttlátlega á lagðar og ef það er einhver möguleiki á að þær byrðar sem almenningur tekur á sig skili einhverjum árangri þegar fram í sækir, þ. e. að aðgerðirnar séu liður í einhverri heildarstefnu.

Með frv. því sem við nú ræðum er enn á ný höggvið í sama knérunn. Það eru lagðar byrðar á almenning óréttlátlega og án þess að von sé til að þær fórnir geti borið árangur. Það er í ljósi þessarar staðreyndar sem verður að taka á því frv. sem við ræðum hér. Það er borin von að það geti orðið fugl eða fiskur.

Það er nú fokið í flest skjól fyrir hæstv. ríkisstj. Á berangri svika og blekkinga er nú hana að finna afvelta og ráðvillta. Það eina sem ríkisstj. er í raun og veru fær um er að veita þjóðinni þá þjónustu sem nú er mest um vert, en það er að segja þegar í stað af sér.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Í dag er 22. dagur nóvembermánaðar. Fyrir þremur mánuðum, eða 21. ágúst s. l. gaf hæstv. ríkisstj. út brbl. um efnahagsaðgerðir. Þessi brbl. hafa orðið tilefni til mikillar umræðu, þó ekki hér á hinu háa Alþingi því að hæstv. ríkisstj. hefur komið í veg fyrir það með því að draga í lengstu lög að leggja frv. fram til þinglegrar umfjöllunar. Þetta leiðir hugann að því með hvaða hætti brbl. eru yfirleitt sett. Það virðist nefnilega vera að þróast í það, að ríkisstjórnir, sem hafa ekki nægilegan þingstyrk til að koma málum sínum í gegnum þingið, sbr. núv. hæstv. ríkisstj., geti setið og stjórnað landinu með brbl. og sent þm. heim ef þeir eru til óþæginda eða með eitthvert múður. Þannig hefur þetta verið í raun í tíð hæstv. ríkisstj.

Þegar brbl. voru sett í ágúst s. l. gerði stjórnarandstaðan kröfu um að fá að koma til þings strax og ræða málin. Því var ekki sinnt. Í þess stað lýstu hæstv. ráðherrar furðu sinni á andstöðu stjórnarandstöðunnar við brbl. og töldu það óábyrga afstöðu. Ekki nóg með það. Hér í dag talaði hæstv. viðskrh. Tómas Árnason og í tilraunum sínum við að réttlæta aðgerðarleysi hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum reyndi hann einnig að beina athyglinni að Sjálfstfl. og sagði það Sjálfstfl. til skammar að taka afstöðu á móti brbl. Betra hefði verið að taka Framsfl. til fyrirmyndar. Þetta var stórmerkilegt að hlýða á.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. upplýsti hæstv. ráðh. um muninn á efnahagsaðgerðunum 1978 og þeim sem hér eru til umr. Ég ætla því ekki að endurtaka þær efnislega til að tefja ekki þessar umr. frekar. En ég get fullvissað hæstv. viðskrh. um að jafnvel þó að honum gangi gott eitt til með ráðleggingum sínum þarf Sjálfstfl. ekki á ráðgjöf Framsfl. að halda um það hvernig hann skuli haga sér í afstöðu til einstakra mála, enda hafa yfirlýsingar einstakra ráðh. Framsfl. að undanförnu gefið til kynna að þeir teldu málum betur komið nú ef þeir hefðu farið að okkar ráðum í ágúst s. l.

Ef ég man rétt var ein ástæðan fyrir því að ekki mætti kalla þing saman strax sú, að það væri allt of kostnaðarsamt. Ég hef aldrei heyrt nánari skýringu á því hver þessi mikli kostnaðarauki hefði orðið. Mér sýnist að það sé ekki alltaf verið að hugsa um kostnaðinn hjá ríkisstj., að ég ekki tali um einstök rn.

Það voru vissulega aðrar aðstæður í þjóðfélaginu þegar heimild til útgáfu brbl. var sett í stjórnarskrána árið 1874. Þá kom Alþingi saman annað hvert ár og sat í tvo mánuði, og þá var það konungur sem stjórnaði með útgáfu brbl., ef nauðsyn bauð svo, á milli þinga. Nú er öldin önnur, sú tuttugasta. Þingið situr árlega 7-8 mánuði. Samgöngur eru með ólíkum hætti, menn geta komið til þings með stuttum fyrirvara þeirra vegna. Menn skjótast á fundi milli landshluta og jafnvel milli landa í eina dagstund eða svo. Þm. eru á launum allt árið og eru því ekkert of góðir til að koma til þings á afbrigðilegum tíma eða með stuttum fyrirvara, þegar svo mikið liggur við eins og útgáfa þessara brbl. gaf tilefni til. Ég er hrædd um að það þurfi betri rökstuðning en þann, að kostnaðarauki hafi ráðið þarna ferðinni.

Brbl. hafa vissulega orðið tilefni til mikillar umr. manna á meðal, ekki síst vegna þeirrar yfirlýsingar hæstv. ráðh. ríkisstj. að stjórnarandstaðan sé óábyrg í afstöðu sinni. Það lá meira að segja við borð að um tíma hafi tekist að fá fólk til að trúa þessum áróðri. En það hefur nú breyst sem betur fer. Menn hafa áttað sig á að hér er um áróður að ræða, sem átti að beina athyglinni frá innbyrðis sundurlyndi á stjórnarheimilinu, þar sem hver höndin er upp á móti annarri, ekki á milli flokka eingöngu um fyrirhugaðar aðgerðir, heldur einnig innbyrðis hjá bæði Framsfl. og Alþb.

Það væri e. t. v. ekki úr vegi að rifja upp aðdragandann, þegar hæstv. ríkisstj. sat á fundum nótt og dag á s. l. sumri til að reyna að bræða saman einhver úrræði sem allir gætu sætt sig við. Niðurstöðuna höfum við hér á borðum, hálfkák. Á meðan urðu bankar að loka á öll gjaldeyrisviðskipti og bíða í fleiri daga eftir því að Alþb.-ráðherrunum tækist að koma vitinu fyrir sína menn, sem ekki voru alveg tilbúnir að éta allt ofan í sig sem sagt og gert var 1978 undir svipuðum kringumstæðum. Þá var það kallað af þessum sömu mönnum „kauprán". Nú eru það „nauðsynlegar efnahagsaðgerðir", eins og hæstv. ráðh. og formaður Alþb. sagði í gærkvöldi í sjónvarpsviðtali, og bætti við að enginn gerði að gamni sínu að skerða kjör launþega, en þetta væru nauðsynlegar ráðstafanir.

Já, þau eru vissulega byggð víða glerhúsin þessa síðustu daga og oft hefur maður heyrt brothljóð við steinkast hér undanfarið á hinu háa Alþingi. Skemmst er að minnast s. l. fimmtudags í atkvgr. um ræðutíma í væntanlegum útvarpsumræðum í Sþ., þegar hv. þm. Karl Steinar Guðnason talaði um að þm. Alþfl. vildu gjarnan heyra ráðh. ríkisstj., sem tilheyra Sjálfstfl., tala sem lengst til að fá sem best fram sundurlyndið innan þess flokks. Þá buldi við brestur. Næstur steig svo í ræðustól utan dagskrár einn af þm. Alþfl. og tilkynnti úrsögn úr Alþfl. (**Gripið fram í:** Hann var ekki þm. ...) Hann var þm. Alþfl. en tilkynnti úrsögn sína á þessum umræddu fundi í Sþ. En þar er að sjálfsögðu ekkert ósamkomulag eða klofningur, allt í sátt og samlyndi eða hvað? Það hefur legið alveg á hreinu frá upphafi þessa stjórnarsamstarfs að Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu, að undanskildum þremur þm. og núv. ráðherrum, sem voru með í að mynda þá hæstv. ríkisstj. sem nú situr. Þetta eru hreinar línur og þetta veit alþjóð.

Herra forseti. Það mætti tala lengi um þessi mál. En bæði er það að hv. þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað á undan mér, hafa gert ítarlega grein fyrir okkar afstöðu og svo hitt, að ég vil ekki tefja tímann með því að endurtaka

það sem þeir hafa sagt. En ég vil þó minna á það að bestu rökin fyrir því að afstaða okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu var rétt og skynsamleg, þegar við gerðum kröfu um að þing yrði kvatt saman strax í ágúst og málin rædd hér á hv. Alþingi, eru þau að sjálfir hæstv. ráðh. ríkisstj. hafa viðurkennt að það voru mistök ríkisstj. sjálfrar að fara ekki eftir þessum kröfum stjórnarandstöðunnar á sínum tíma. Varla getur það talist óábyrgt þegar hæstv. ráðherrar innan ríkisstj. segja að eftirmæli þessarar ríkisstj. verði þau að hún hafi gert of lítið — of seint. Þarf frekar vitnanna við? Þetta eru ekki orð stjórnarandstöðunnar. Þetta eru þeirra eigin orð sem í hæstv. ríkisstj. sitja.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég mun ekki verða langorður fremur en vant er. Það er búið að ræða mikið um þessi brbl. og þau eru reyndar búin að vera í umræðu meðal landsmanna í allt sumar eða frá því að ríkisstj. sýndi Alþingi þá óvirðingu að setja þessi lög sem hún þurfti ekki að setja þá. Hún átti þess kost að kalla saman þm. og láta reyna á það hvort vilji væri til að setja þessi lög. Það hefði verið eðlilegast að gera svo, og reyndar sér formaður Framsfl. nú eftir því að svo skyldi ekki hafa verið gert.

Í þessum umr. situr það eitt eftir, sem er reyndar kjarni málsins, að það er ráðist á launþega, það er klipið af launum verkafólks. Er það í þrettánda sinn sem svo er gert í tíð þessarar ríkisstj. Verkamannasambandið hefur komið saman, rætt þessi mál og mótmælt þessari kjaraskerðingu. Alþýðusambandið hefur og gert það. Hvergi hjá launþegasamtökunum hefur ríkisstj. fengið samþykki við þessum árásum sínum á laun láglaunafólks.

Það er alveg hrikalegt hversu gengið er í það að taka af launum fólks hvað eftir annað án þess að gera nokkuð annað. Þess vegna koma þessi lög ekki til með að leysa neitt. Þau munu skapa sprengingu þegar frá líður, erfiðleika, því að menn munu ekki una því að það eitt sé gert að ráðast á launin.

Þessum lögum fylgdu hástemmdar yfirlýsingar, og reyndar munu ýmsir stjórnarsinnar hafa sett ýmis skilyrði og hótað að fylgja ekki lögunum nema þau væru uppfyllt. Það bólar ekki á frumvörpum um þau mál sem lofað hefur verið. Mér dettur í hug t. d. 10. liður og spyr forsrh. um hann. Þar segir: „Undirbúin verði löggjöf um að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til fimm ára í senn.“ Hefur eitthvað verið í þessu gert? (Gripið fram í.) Það er ekki komið fram frv. og þess vegna spyrjum við, enda á líka eftir að tryggja það að ríkisstj. sé samþykk því frv. ef það er tilbúið. Í 17. lið segir: „Ríkisstj. mun efna til viðræðna við viðskiptabanka og sparisjóði um lengingu lána til atvinnuvega og húsbyggjenda.“ Hefur eitthvað verið í þessu gert? Hvar standa þau mál? Og 18. liður: „Stefna skal að aukinni hlutdeild starfsmanna og meðábyrgð í stjórnum fyrirtækja og stofnana.“ Hvað hefur verið í því gert? Auðvitað hefur ekkert verið í þessu gert. En gaman væri að fá að vita þó hvernig þetta stæði og hvort menn hugsa sér að gera eitthvað í þessu.

Svo langar mig til þess að spyrja hvort það sé meining ríkisstj. að afgreiða þetta frv. fyrir 1. des. eða láta það ógert. Það er alveg greinilegt að hér í Ed. verður ekki staðið í vegi fyrir því að málið fái þá afgreiðslu sem eðlileg er. Við Alþfl.-menn erum á móti þessu frv. og munum að sjálfsögðu greiða atkv. gegn því. Hugsanlegt er að allir sjálfstæðismenn, sem eru utan ríkisstj. muni einnig gera það, en það er svo sem ekki ljóst. En þegar málið kemur til Nd. verður kannske nokkrum erfiðleikum bundið fyrir ríkisstj. að fá þetta samþykkt. Eftir því sem stendur í dagblöðum hafa sumir stuðningsmenn stjórnarinnar hlaupist á brott og þykjast ekki styðja þetta frv. Það er því nauðsynlegt að láta á það reyna hvort svo verður eða ekki.

Hv. 4. landsk. þm. vék að því að óeining væri í Alþfl. Ég get glatt hana með því að svo er ekki. Það hefur einn þm. okkar ákveðið að fara aðrar leiðir. Hann er ekki í þingflokknum, hefur sagt sig úr honum. Hins vegar eru hvers konar óróabelgir inni í þingflokki Sjálfstfl. og það er ekkert um það vitað enn hvernig fer í atkvgr. um þetta frv. Ég get sagt frá því að fyrir nokkru var ég að ræða við mann suður með sjó. Við ræddum um þessi brbl. og hugsanleg úrslit í atkvgr. Þá sagði maðurinn: „Ja, það er ekkert um það að vita hvernig það fer, því að spurningin er hvaða íhaldsmaður verður keyptur næst.“ Maðurinn hefur sjálfsagt þessa skoðun vegna þess að hrossakaup hafa allmikið verið stunduð meðal þessara flokksmanna. Og væntanlega verða þau gerð áfram.

Þau lög sem hér eru til umr. eru mjög svipuð því sem gert var 1978. Þess vegna ætti Sjálfstfl. að geta samþykkt þau eins og hæstv. viðskrh. nefndi hér áðan. Það er ástæða til að velta því fyrir sér hvort menn, sem standa í atvinnurekstri og telja allt vera á hausnum hjá sér og eru jafnframt þm., muni greiða þessu atkv. eða ekki. Þetta er spurning sem ástæða er til að velta fyrir sér þegar þetta frv. er nú til umr. En forsrh. spyr ég að því, hvort meiningin sé að afgreiða þessi lög fyrir 1. des. og svo hvenær sé að vænta þeirra frumvarpa sem heitið er í loforðalista ríkisstj.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. beindi til mín nokkrum fsp. út af framkvæmd á yfirlýsingu ríkisstj. frá 21. ágúst í 21 lið, hvað þeim liði. Öll þau atriði sem þar greinir frá eru í vinnslu. Sumu er lokið eða langt komið, öðru skemmra á veg komið, en frá þessu verður væntanlega skýrt í heild áður en langt um líður. Varðandi fsp. hans um það hvort ætlunin sé að ljúka meðferð þessa frv. fyrir 1. des. í þinginu, þá geri ég ráð fyrir að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. Einn nm. lét í ljós hér áðan að það þyrfti að gaumgæfa vel málið og fá margvíslegar upplýsingar þar. Hversu langan tíma fjh.- og viðskn. telur sér nauðsynlegt að taka get ég ekkert um sagt.

Í þeim mörgu ræðum sem hér hafa verið fluttar er náttúrlega margt sem ástæða væri til að svara. En ég ætla að draga aðeins hér saman í örfáum orðum svör við nokkrum liðum, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. ræddi um, sem á nú sæti í fjh.- og viðskn. og er oft frsm. nefndarhluta þar. Hann setti fram nokkrar fullyrðingar í sinni ræðu til rökstuðnings því að efnahagsaðgerðirnar frá því í ágúst væru tilgangslausar og gagnslausar. Fyrsta fullyrðing hans var þessi: Þrátt fyrir efnahagsaðgerðir eru allir atvinnuvegir reknir með bullandi tapi og komnir á vonarvöl, svo að ég noti orðalag hv. þm. Hver er sannleikurinn í þessu? Hann er sá samkv. nýjustu skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá því fyrir örfáum dögum, að fiskvinnslan og þar með frystingin sé nú rekin með nokkrum afgangi. En eftir 1. des., þegar komin er til framkvæmda sú verðbótahækkun sem þegar er ákveðin, þ. e. 7.7% hækkun og tilsvarandi hækkun fiskverðs, þá er það mat

Þjóðhagsstofnunar að frystingin, sem er aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, beri sig eða sé rekin hallalaust, en vinnslan í heild með nokkrum afgangi. Fullyrðingin um að allir atvinnuvegir landsins séu þrátt fyrir efnahagsaðgerðir reknir með bullandi tapi og komnir á vonarvöl er því aðeins staðhæfing út í bláinn og hefur við ekkert að styðjast.

Önnur fullyrðing sama hv. þm. var sú, að samkv. spá í þjóðhagsáætlun mundi verðbólgan á næsta ári — hann talaði nú sérstaklega um fyrri hluta ársins að vísu — vera í sama fari og hún væri nú eða um 60%. Þessi frásögn er ekki rétt vegna þess að það kemur skýrt fram í þjóðhagsáætlun að spá Þjóðhagsstofnunar er sú, að verðbólgan frá upphafi til loka næsta árs verði um 50% ef ekki koma frekari aðgerðir til. Í annan stað stenst það ekki heldur að verðbólgan haldi áfram í sama fari, því að 1. nóv. hækkaði framfærsluvísitalan um 17.5%. En þegar hún verður næst mæld, þá eru allar horfur á að hún verði verulega lægri. Það held ég að enginn dragi í efa. Af þessum tveimur tölum má því ráða að fullyrðingar hv. þm. standast ekki.

Í þriðja lagi hélt hv. þm. því fram að lífskjörin hefðu farið versnandi síðan ríkisstj., sem nú situr, tók við. Það kom ekki glöggt fram hvort hann átti við árið 1980, 1981 eða hvað. En þegar litið er á síðasta ár, árið 1981, þá liggur það fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna ók á því ári um 4.3%. Ef hins vegar eru tekin bæði árin 1980 og 1981 saman, þá hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna yfir þetta tímabil vaxið um rúm 3%. Það er því röng staðhæfing að lífskjör hafi versnað á þessu tímabili.

Í fjórða lagi sagði hv. þm. að efnahagsaðgerðirnar virtust lítil sem engin áhrif hafa á viðskiptahallann, hann mundi halda áfram eða kannske lækka eitthvað smávægilega. Það liggur fyrir í spám Þjóðhagsstofnunar — og raunar að ég ætla Seðlabanka líka að í stað þess að viðskiptahallinn verði um 10% á þessu ári, þá verði hann, ekki síst vegna efnahagsaðgerða ríkisstj., um 6% á næsta ári.

Í fimmta lagi hélt hv. þm. því fram að erlend skuldasöfnun yrði ekki minni á næsta ári en verið hefði. Efnahagsaðgerðir hefðu þar engin áhrif. Þetta er einnig rangt vegna þess að það er ljóst að efnahagsaðgerðirnar draga verulega úr þörf á erlendum lántökum með því að draga úr þjóðarútgjöldum í fyrsta lagi. Og í annan stað: með því að þær munu draga úr viðskiptahalla, þá er þar með um leið dregið úr þörf á erlendum lántökum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Mér þykir vænt um að heyra það að hæstv. forsrh. telur að staða atvinnuveganna sé nokkuð þolanleg um þessar mundir. En það er sjálfsagt að fá upplýsingar um það frá Þjóðhagsstofnun í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég býst við að ýmsum, sem eru kunnugir atvinnuvegunum og hér sitja inni í þessari hv. deild, blöskri þessar fullyrðingar hæstv. ráðh. Ég skal þó ekki fjölyrða um þær, aðeins benda á að núna fyrir örskömmu síðan hækkaði olía verulega til fiskiskipa. Það er talið að sú hækkun kosti útgerðina 180—200 millj. yfir árið. Menn vita að það hefur orðið lítil fiskverðshækkun. Það er því alveg ljóst að t. d. fiskveiðarnar eru reknar með mjög miklum halla og hafa verið síðustu mánuði og ár. Það er kannske hægt að benda á það að fiskvinnslan eða einhverjir þættir hennar hafi einhverja daga, rétt áður en skellur á hækkun á hinum og þessum aðföngum o. s. frv., verið rekin rétt yfir núllinu, en það vita allir menn sem vilja vita að atvinnuvegirnir hafa verið reknir með bullandi halla undanfarin misseri. Ég skal ekki elta frekar ólar við þær fullyrðingar hæstv. ráðh. að svo hafi ekki verið. En það er sjálfsagt að óska eftir upplýsingum þar til bærra aðila um það.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði farið rangt með þegar ég hefði haldið því fram að verðbólga yrði samkv. mati Þjóðhagsstofnunar 60% yfir árið 1983 ef ekkert yrði frekar að gert en nú með þessum brbl. Ég skal endurtaka það sem ég las hér. Það stendur hér á bls. 29 í þjóðhagsáætlun hæstv. forsrh.: „Venjubundinn framreikningur á ferli framfærsluvísitölu eftir þessar aðgerðir bendir til að heldur geti dregið úr ársfjórðungshækkun framfærsluvísitölunnar á fyrri hluta næsta árs, en hækkun hennar yrði þó enn svipuð og í lok þessa árs eða um 60%.“ Þetta er tekið orðrétt, herra forseti, upp úr sjálfri þjóðhagsáætlun hæstv. forsrh.

Fleira sem hann taldi hér að ég hefði fullyrt og væri rangt var í sama dúr. Ég sagði ekki að erlendar skuldir *mundu aukast meira en þær hefðu gert í ár, heldur* að greiðslubyrði mundi aukast á næsta ári vegna þess að viðskiptahallinn yrði þrátt fyrir allt mjög verulegur. Hann mundi ekki vegna þessara ráðstafana minnka nema um kannske 1—3% eftir öðrum aðstæðum í þjóðfélaginu. Það er nefnilega talað um alls konar aðgerðir, sem enginn veit í hverju eru fólgnar, sem eiga að ná honum niður í 6% af þjóðarframleiðslu. En þótt það markmið náist, þá eykst greiðslubyrðin á næsta ári. Og ég vona að hæstv. ráðh. taki rétt eftir því sem ég er að segja, að það er greiðslubyrðin sem ég á við. Seðlabankinn áætlar að greiðslubyrðin aukist úr 23% af útflutningsverðmæti á þessu ári í 25% á næsta ári og að nettóskuldastaða okkar fari versnandi á næsta ári, enda þótt gefið sé í þessu dæmi að viðskiptahallinn náist niður í 6%, sem er alls útilokað að sjá með hvaða hætti eigi að gerast, nema til komi einhverjar allt aðrar ráðstafanir á næsta ári heldur en við erum að fjalla um hér nú.

Eins og ég sagði áðan tel ég brýna nauðsyn bera til að þetta mál gangi sem allra fyrst til nefndar. Ég ætla þess vegna ekki að orðlengja hér um þetta nú, enda gefst tækifæri til að skoða það í nefnd og hér þá síðar við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Alþingi, 22. nóv. 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðmundur Gíslason kaupfélagsstjóri á Stöðvarfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Tómas Árnason,
1. þm. Austurl.“

Guðmundur Gíslason hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því eigi að rannsaka kjörbréf hans. Ég býð hann velkominn til þingstarfa.

Neðri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1982.

Þar sem ég er á förum utan til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson endurskoðandi í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Þ. Þórðarson,
5. þm. Vestf."

Sigurgeir Bóasson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Kjörbréf hans þarfnast því ekki athugunar. Býð ég hann velkominn til starfa.

Mér hefur ennfremur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Garðar Sigurðsson,
4. þm. Suðurl."

Baldur Óskarsson hefur áður átt sæti á þessu þingi. Þarfnast kjörbréf hans því ekki athugunar. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur mér og borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 22. nóv. 1982.

Samkvæmt beiðni Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf., sem vegna veikinda getur ekki sótt fundi Alþingis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Sigurlaug Bjarnadóttir hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Kjörbréf hennar þarfnast því ekki athugunar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Lokunartími sölubúða, frv. (þskj. 4). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, Sighvati Björgvinssyni og Magnúsi H. Magnússyni að flytja frv. um breytingu á lögum um ríkisbankana, þ. e. lögum um Útvegsbanka Íslands, lögum um Búnaðarbanka Íslands, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um Landsbanka Íslands. Þar sem þær breytingar sem lagðar eru til á lögum þessum eru að efni til nákvæmlega þær sömu vil ég, með leyfi forseta, fá að mæla fyrir þeim öllum í einu í þessari umr. um breytingu á lögum um Útvegsbanka Íslands. Það eru frv. á þskj. 5, 6, 7 og 8.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þar var lagt til að ríkisreikningi fylgdi fylgirit með ýmsum upplýsingum er snertu ríkisútgjöld og sem áhrif hefðu á niðurstöðu ríkisreiknings, svo sem yfirlit yfir aukafjárveitingar, greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um forsendur fjárlagaársins og breytingar á þeim forsendum, svo eitthvað sé nefnt. Einnig var þar lagt til að ríkisreikningi skyldi fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnað og skyldu þessir rekstrarþættir sundurliðast hjá einstökum rn. og ríkisstofnunum. Forsenda þess, að sérstaklega var lögð til sundurliðun á þessum rekstrarútgjöldum, var að slíkt væri mikilvægur þáttur í öllu aðhaldi í ríkisrekstri, þar sem hér var um að ræða rekstrarútgjöld sem væru snar þáttur í ríkisútgjöldum bæði stofnana og rn. Var þar t. d. bent á að meta þyrfti hagkvæmni þess í ríkisrekstrinum, hvort aðhald í stöðuveitingum skapi óeðlilega mikla yfirvinnu hjá einstökum stofnunum eða rn., og bent á nauðsyn þess að fá fram hve föst yfirvinna er ákvarðandi þáttur í launakerfi ríkisins. Einnig að liður í aðhaldi og eftirliti með ríkisútgjöldum væri samanburður á hagkvæmni í rekstri ríkisbifreiða á móti greiðslum fyrir notkun bílaleigubifreiða og leigubifreiða og greiðslum fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna, auk þess sem fullt eftirlit þyrfti að vera með ferða- og risnukostnaði.

Þær breytingar sem hér hefur verið lýst, þ. e. að fá fram sundurliðun á launagreiðslum, bifreiðakostnaði, risnu- og ferðakostnaði, og samþykktar voru á s. l. Alþingi ná ekki til ríkisbankanna. Það er skoðun flm. þessa frv. að nauðsynlegt sé að slík ákvæði nái til ríkisbankanna einnig, ekki síður en til rn. eða annarra ríkisstofnana. Í lögum um reikningsskil ríkisbankanna eru ekki önnur ákvæði en um birtingu ársreiknings í Stjórnartíðindum og um skyldu þeirra að birta um hver mánaðamót yfirlit um efnahag bankans, auk ákvæða um að endurskoðun reikninga skuli gerð af tveim endurskoðendum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Í lögum um Seðlabanka Íslands er einnig ákvæði um bankaeftirlit og skyldu innlánsstofnana til að láta bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er. Einnig að bankaeftirlitinu sé heimilt að rannsaka bók-

hald og eignir innlánsstofnana hvenær sem ástæða þykir til.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er nokkuð mismunandi í ársreikningum bankanna hvernig sundurliðun þeirra þátta er háttað sem lagt er til að lögfest verði að sérstaklega beri að gera grein fyrir. Í ársskýrslum bankanna virðast þeir fjórir rekstrarþættir sem lagt er til að sundurliðaðir verði sérstaklega, þ. e. launagreiðslurnar, bifreiða-, risnu- og ferðakostnaður, koma fram aðeins undir einum lið — rekstrarkostnaður — án nokkurrar frekari sundurliðunar. Undanskilja ber þó Útvegsbanka Íslands þar sem um ítarlegri sundurliðun er að ræða. Þar kemur sérstaklega fram kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda og hins vegar annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Það er auðvitað ljóst að slík reikningsskil gefa ekki glögga mynd af rekstrarútgjöldum bankanna þegar aðeins kemur fram ein heildarupphæð um rekstrarkostnað án nokkurrar skýringar eða sundurliðunar.

Ef ég tek Landsbanka Íslands sem dæmi þá kemur fram í rekstrarreikningi hans fyrir árið 1981 undir liðnum rekstrarkostnaður upphæðin 157 millj. 908 þús. kr. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að fá frekari skýringar á hvernig slík upphæð sundurliðast á einstaka rekstrarþætti til þess að virkt eftirlit og aðhald sé með rekstri bankanna.

Vel má vera að endurskoðendur, bankaráð og ráðh., sem úrskurða reikninga bankans, fái fram frekari sundurliðun en kemur fram í ársreikningi. Ég tel engu síður brýnt að aðrir, svo sem alþm., sem áhuga hafa á að kynna sér árstekjur bankanna og hag og rekstur þeirra hafi að því greiðan aðgang hvernig rekstrarkostnaður bankanna skiptist eftir einstökum rekstrarþáttum. Það er ljóst að alþm. hafa margir hverjir áhuga á að fylgjast með rekstri bankanna. Má marka það af því að á hverju ári eru bornar fram fyrirspurnir hér á Alþingi þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum varðandi reikningsskil bankanna. Mig minnir að núna liggi fyrir fsp. varðandi þetta atriði, enda eru slíkar upplýsingar nauðsynlegur liður í aðhaldi og eftirliti ekki síður hjá bönkum en öðrum ríkisstofnunum.

Í þessum frv. um ríkisbankana er einnig lagt til að sundurliðuð verði og samræmd reikningsskil hjá bönkunum að því er eignabreytingu varðar. Lagt er til að efnislegir fjármunir verði sundurliðaðir þannig:

a) Húseignir, lóðir og lendur.
b) Vélar, áhöld, húsgögn l. fl.
c) Bifreiðar.
d) Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

Varðandi reikningsskil á fjármunamyndun kemur ekki nægilega skýrt fram sundurliðun á lausum og föstum fjármunum, þó nokkuð sé það misjafnt eftir bönkum. Uppgjör bankanna gefur því ekki nægilega glögga mynd af áhrifum einstakra þátta í eignabreytingu á reikningsskil og hag bankanna, svo sem sundurliðun afskrifta eða endurmats á þá þætti efnislegra fjármuna sem í frv. er lagt til að sundurliðaðir verði, en þannig fást einnig fram samræmd reikningsskil hjá bönkunum hvað efnislega fjármunamyndun varðar.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska eftir að þessum fjórum frv., á þskj. 5, 6, 7 og 8, verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson: Virðulegi forseti. Ég vil fagna framkomnu frv. til l. um breytingar á lögum um Útvegsbanka Íslands nr. 12/1961. Það er fyllilega tímabært að lög um Útvegsbanka Íslands séu endurskoðuð. Ekki bara að því leyti sem fram kemur í þessu frv., eins og 1. flm., hv. 10. landsk. þm. hefur kynnt það, heldur er full ástæða til að endurskoða lög um banka, bæði þennan banka og alla hina bankana, og gera þær breytingar sem telja verður nauðsynlegar miðað við breytta tíma.

Ég vil taka vel undir þær breytingar sem hér er farið fram á að gerðar verði. Eins og kom fram hjá hv. 1. flm. þá liggja þessir liðir nokkuð ljóst fyrir, það er hægt fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust að gefa upplýsingar um þá alla og sundurliðun á þeim í Útvegsbanka Íslands, eftir því sem ég best veit, svo að það á ekki að vera neitt vandamál. En það er annað, sem kemur hér fram í 1. gr., sem ég vil gera athugasemd við. Það er starfsár Útvegsbankans og starfsár bankanna almennt. Það er löngu úrelt að miða það við almanaksárið. Almanaksárið er ekki rétt viðmiðun og skapar óeðlilegt ástand um áramót og í desembermánuði þegar viðskipti eru hvað mest og umsvif í þjóðfélaginu. Auðvitað ætti starfsárið að miðast við mitt ár, 30. júní eða eitthvað slíkt, en alls ekki við það reikningstímabil sem nú er miðað við.

Þá er annað atriði í máli hv. 1. flm. sem er rétt að nefna. Það er Seðlabankinn og bankaeftirlitið. Að sjálfsögðu á að aðskilja bankaeftirlitið og Seðlabankann. Bankaeftirlitið á að sjálfsögðu að vera eftirlit með Seðlabankanum eins og öllum öðrum bönkum, sér í lagi þegar Seðlabankinn er nú orðinn einn stærsti viðskiptabankinn, og má segja eini viðskiptabankinn þó hann noti hina ríkisbankana sem einhvers konar útibú. Þá er ennþá meiri ástæða til þess að bankaeftirlitið sé sjálfstæð stofnun. Að því leyti vil ég líka taka undir með 1. flm. frv.

Ég fagna framkomu þessa frv. og mun áskilja mér rétt til að gera frekari breytingar á lögum um Útvegsbanka Íslands en hér eru tilgreindar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 6). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Landsbanki Íslands, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 21). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, sem hér liggur fyrir á þskj. 21 og er 21. mál þingsins.

Frv. hef ég lagt fram ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni, Magnúsi H. Magnússyni og Guðmundi G. Þórarinssyni. Í því felst breyting á 34. gr. laga um almannatryggingar sem varðar bætur vegna örorku sem orsakast hefur af slysi. Í fyrri gr. frv. er um að ræða lagfæringu sem hefði átt að vera búið að gera fyrr, en það er að breyta aldursmarkinu 16 ára sem enn stendur í lögunum, í 18 ára, og er það einungis leiðrétting til samræmis við barnalög nr. 9/1981 sem voru samþykkt hér í fyrra.

En meginatriði þessa frv. er fyrst og fremst það, að samkv. núgildandi lögum fær maður sem metinn er 75% öryrki af völdum slyss, sem er bótaskylt samkv. ákvæðum um slysatryggingar almannatrygginganna, aðeins greiddan barnalífeyri með þeim börnum sem hann átti þegar slysið varð. En þau börn sem fæðast eftir þann tíma njóta ekki barnalífeyris eins og börn annarra öryrkja. Þetta fyrirkomulag mun eiga rætur sínar að rekja til þess, að slysatryggingar bera einkenni skaðabótaréttar og því skyldi aðeins bætt það tjón sem tjónþegi varð fyrir á þeirri stundu sem slys átti sér stað. Þetta skaðabótasjónarmið á þó fyrst og fremst við um þær bætur slysatrygginga sem greiddar eru í einu lagi. Allt öðru máli gegnir um slysabætur sem greiddar eru mánaðarlega eins og annar örorkulífeyrir.

Það verður ekki annað séð en að örorkulífeyrir slysatrygginga gegni í stórum dráttum sams konar hlutverki og annar örorkulífeyrir vegna veikinda. Því þykir okkur eðlilegt að sams konar reglur gildi um greiðslu barnalífeyris til allra örorkulífeyrisþega í landinu, hvort sem örorkan er til komin vegna slysa eða almennra veikinda.

Ég held að hér sé óþarfi að halda langa ræðu. Grg. sem hér liggur fyrir með frv. skýrir sig sjálf. Ég treysti því að hv. þm. fallist á réttmæti þessa litla frv. og veiti því brautargengi. Ég legg til að þetta mál fari til meðferðar hjá hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Stjórn efnahagsmála, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 15 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni og Karvel Pálmasyni að flytja frv. til l. um breytingu á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála.

Þetta frv. hefur nú verið á dagskrá þessarar deildar síðan 12. okt. s. l., en við Alþýðuflokksmenn höfum lagt mikla áherslu á að fá þetta mál til umr. og afgreiðslu, sérstaklega vegna þeirra umr. sem fram fóru hér á dögunum um vaxtamál. Í þeirri umr. kom fram að tveir þingflokkar, Alþb. og Framsfl., hafa ályktað um það efni sem felst í þessu frv. og í þeim ályktunum kom fram jákvæð afstaða til þeirra hugmynda um meðferð mismunar á verðtryggingarviðmiðun og kaupgjaldi sem lagt er til í þessu frv. að fara eftir. Fjmrh. hefur lýst yfir, gerði það við umr. um vaxtamál, að þetta sé helsta áhyggjuefni Alþb.-manna í vaxtamálum og í ályktun Alþb. kemur fram að brýnt sé að finna lausn á þessum málum vegna kjaraskerðingarinnar 1. des., en þá mun mismunur enn aukast um 10%. Einnig má benda á í þessu sambandi, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur margbent á nauðsyn þess að fá þá leiðréttingu fram á þessu máli sem fram kemur í þessu frv. Fram kemur í Þjóðviljanum 8. sept. s. l., að framgangur þessa máls, að fá leiðréttingu á lánskjaravísitölunni og kaupgjaldsvísitölunni, sé eitt af þeim skilyrðum sem hann setur fyrir samþykkt við brbl. Reyndar hefur það komið fram hjá honum í umr. á Alþingi. Því gerum við Alþfl.-menn okkur vonir um skjótan framgang þessa máls hér á þingi.

Í þessu frv. felast tvær meginbreytingar. Í fyrsta lagi að aðeins verði notuð ein vísitala, það er lánskjaravísitala, í útlánakjörum til einstaklinga, en ekki jöfnum höndum notaðar lánskjara- og byggingavísitala. Í annan stað er lögð til sú breyting, að sé greiðslubyrði lána á einhverjum tíma frá lántökudegi til greiðsludags meiri en sem nemur viðmiðun við ákveðna kaupgreiðsluvísitölu skuli sá mismunur sem myndast á verðtryggingarviðmiðun og áhrifum í kaupgreiðsluvísitölu mynda sérstakan viðauka höfuðstóls sem greiðist á framlengdum lánstíma og byrjar fyrst að gjaldfalla er upphaflegum lánstíma lýkur.

Í 3. gr. frv. er síðan kveðið á um skyldu Seðlabankans til að birta reglulega þá kaupgreiðsluvísitölu sem notuð verður til viðmiðunar greiðslu hverju sinni.

Í ákv. til brb. er síðan fjallað um meðferð eldri lánveitinga vegna ákvæða frv., verði þau að lögum, en þar er lagt til að ákvæði frv. nái einnig til eldri lánveitinga.

Eins og segir í grg. með þessu frv. er markmið þess að fyrirbyggja að versnandi lífskjör auki greiðslubyrði verðtryggðra lána langt umfram eðlilega greiðslugetu fólks, m. ö. o. að tillit sé tekið til þess við útreikninga verðtryggðra lána þegar lífskjör fara versnandi og verðmæti vinnulauna fylgja ekki verðgildi annarra verðmæta í þjóðfélaginu.

Nú er það svo, eins og allir vita, að fífelldar kjaraskerðingar undanfarinna ára hafa gert að verkum að

kauptaxtar launþega hafa í kjölfar þeirra kjaraskerðinga stöðugt dregist aftur úr verðtryggingarviðmiðun með þeim afleiðingum að lántakendur eiga erfitt með að standa í skilum og greiðslubyrði lána fer sífellt vaxandi. Þegar launþegar hafa almennt ekki önnur úrræði til að standa undir fjárskuldbindingum sínum en verðmæti vinnu sinnar er ljóst að haldist þessi þróun áfram muni hún hreinlega kollvarpa getu lántakenda til að standa í skilum, þá sérstaklega húsbyggjenda sem þurfa að taka á sig miklar verðtryggðar skuldbindingar.

Með *tilkomu verðtryggingarákvæðanna, sem tóku* gildi með lögum um stjórn efnahagsmála árið 1979, voru fyrirsjáanlegir ýmsir aðlögunarerfiðleikar almennings á lánsfjármarkaði. Vegna mjög neikvæðra vaxta og takmarkaðrar verðtryggingar greiddu lántakendur aldrei til baka raunvirði þeirra peninga sem þeir fengu að láni og treystu mjög á hjálp verðbólgunnar til að létta á skuldum sínum.

Í raun var það svo, að hin nýju verðtryggingarákvæði, sem tóku gildi 1979, höfðu ekki að marki þau áhrif að draga úr eftirspurn eftir lánsfé nema kannske fyrst í stað. Skýringin á þessu var m. a. sú, að í kjölfar verðtryggingarákvæðanna jókst verulega framboð á lánsfé og lánastofnanir kynntu verðtryggðu lánin með lægri afborgunarkjörum og vaxtagreiðslum fyrstu árin en fylgdu gömlu lánunum. Einnig var sú viðmiðun, sem lánastofnanirnar gáfu svo sem lífeyrissjóðir, að launin héldust í hendur við verðtryggingarvísitölu, sem allir vita að ekki hefur orðið reyndin síðustu árin.

Samkv. lögum frá 1979 átti samhliða verðtryggingu almennt að lengja lánstíma til að mæta greiðslubyrðum sem af verðtryggingunni leiddi. Þetta ákvæði hafa *stjórnvöld að verulegu leyti heykst á að framkvæma þótt* einstakir lífeyrissjóðir hafi lengt lánstímann eitthvað.

Þótt afborgunarkjörin séu hagstæð allra fyrstu árin frá lántöku þyngjast þau stöðugt og er nú einmitt að koma í ljós að margir hafa reist sér hurðarás um öxl og ekki nógsamlega áttað sig á áhrifum verðtryggingarákvæðanna til lengri tíma litið, auk þess sem kaupgreiðsluvísitalan hefur ekki haldist í hendur við lánskjara- eða byggingarvísitöluna, með þeim afleiðingum að stöðugt eykst greiðslubyrðin.

Í lögum um stjórn efnahagsmála eru í 39. gr. talin upp nokkur skilyrði verðtryggingar, en að öðru leyti er Seðlabankanum falið að ákveða lánskjör verðtryggðra lána þar með talið að ákveða vísitölu eða vísitölur þær sem nota skal til viðmiðunar. Gerð var ný lánskjaravísitala samsett úr tveim eldri vísitölum, vísitölu framfærslukostnaðar að $^2/_3$ hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að $^1/_3$ hluta. Seðlabankinn hefur jafnframt heimilað notkun byggingarvísitölu sem grundvallar verðtryggingar. Þó lánskjaravísitala sé að mestu notuð sem verðtryggingarviðmiðun í lánum til einstaklinga í dag er enn einnig notuð byggingarvísitala og notar t. d. Lífeyrissjóður verslunarmanna byggingarvísitölu, en til að mynda Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna og SAL-sjóðirnir lánskjaravísitölu. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk hjá veðdeild og Húsnæðismálastofnun í sept. s. l. var mér tjáð að notuð væri byggingarvísitala sem verðtryggingarviðmiðun, og kemur það fram í grg. með þessu frv. Nú hef ég verið upplýst um að ég hafi ekki fengið réttar upplýsingar þarna, — þessu hafi verið breytt 1. apríl s. l. og Húsnæðismálastofnun styðjist nú við lánskjaravísitölu.

Ef bornar eru saman lánskjaravísitala og byggingarvísitala og meðalvísitala launa frá 1. júní 1979 til 1. okt. 1982 kemur eftirfarandi í ljós: Lánskjaravísitala hefur hækkað um 323%, byggingarvísitala um 375%, áætluð meðallaun verkamanna hafa hækkað um 291%, verkakvenna um 285%, iðnaðarmanna um 302%, verslunarmanna um 261%, landverkafólks um 286% og opinberra starfsmanna um 255%. Samtals hafa því meðallaun þessara starfshópa, sem ég hef hér rakið, hækkað um 277% á móti því að lánskjaravísitalan hækkar um 323% og byggingarvísitala um 375% á þessum tíma. Það er því alveg ljóst að launahækkanir á undanförnum árum hafa dregist verulega aftur úr hækkun lánskjara- og byggingarvísitölu og launþegar þurfa því almennt að leggja á sig mun meiri vinnu til að standa undir sínum fjárskuldbindingum.

Í grg. hef ég tekið dæmi um greiðslubyrði. Þar er gert ráð fyrir að ákvæði þessa frv. hefðu gilt 1. júní 1979 eða þegar lánskjaravísitalan var fyrst reiknuð út. Þá er tekið dæmi um lán sem tekið var 1. júní 1979 að upphæð 120 þús. kr. til 20 ára með 2% vöxtum. Helmingur þessa láns hafði verið tryggður með lánskjaravísitölu og helmingur með byggingarvísitölu. Miðað við þá þróun sem verið hefur síðan 1. júní 1979 eru áhrif ákvæðisins í frv. á lengingu lánsins fimm mánuðir þessi fyrstu þrjú ár, frá 1979 til 1982, eða að raungildi er mismunurinn um 14 600 kr., sem þá mundi frestast og mynda viðauka höfuðstóls. Ef við gefum okkur að sama þróun haldist áfram út allan lánstímann þýddi það í þessu dæmi alls 2.7 ára framlengingu lánsins.

Einnig er í töflu V í grg. tekið dæmi um 150 þús. kr. lán sem tekið er til 25 ára með lánskjaravísitölu. Dæmið byggist á að lánskjara- og launaþróun næstu 25 árin verði með sama hætti og tímabilið júlí 1979 til júlí 1981. Miðað við að sama þróun haldist áfram mundi lánstíminn lengjast um 3 ár vegna þessarar lántöku, en það verður að teljast ólíklegt að sú þróun haldist áfram til margra ára.

Nú er eðlilegt að spurt sé: Hvaða áhrif hefur þessi breyting á lánastofnanir og getu þeirra til að standa undir lengingu lánstímans sem af henni gæti leitt? Á það vil ég leggja áherslu að á engan hátt er um tekjutap að ræða hjá lánastofnunum samkvæmt ákvæðum þessa frv., þar sem viðauki höfuðstóls er verðtryggður samkv. lánskjaravísitölu allan tímann. Þó ekki sé nein breyting sýnileg fram undan á þeirri þróun sem verið hefur, heldur þvert á móti, verður almennt að gera ráð fyrir að lífskjör fari batnandi, a. m. k. þegar til lengri tíma er litið, og áhrifa þessa frv. gæti því ekki nema tímabundið.

Hvað lífeyrissjóðina snertir eru innlánsskuldbindingar þeirra í raun verðtryggðar samkv. kaupgreiðsluvísitölu og því ætti frv. ekki að hafa nein afgerandi áhrif á greiðslugetu þeirra við útborgun lífeyrisgreiðslna.

Fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna er með svo margvíslegum hætti að erfitt er að gera sér glögga grein fyrir áhrifum þessara breytinga á útlánagetu þeirra.

Þó mikill munur hafi verið á verðtryggingarviðmiðunum og kaupgreiðsluvísitölu undanfarin þrjú ár, og eins og áður er getið þýddi slík áframhaldandi þróun á lánstímabili, t. d. lána úr Byggingarsjóði ríkisins, um þriggja ára framlengingu lána, þá er, eins og ég hef hér nefnt, harla ólíklegt að slík þróun haldist jafnlengi. Miklu líklegra er að kjararýrnun vari tímabundið, en geti þó hugs-

anlega orðið mun meiri en undanfarin þróun sýnir. Það verður því að teljast sennilegt að slík lagabreyting, sem frv. gerir ráð fyrir, komi sér vel fyrir fólk þegar kjaraskerðingar skella á fyrirvaralaust í stuttan tíma, en þýði þó í reynd skamma lengingu lánstímans.

Andstætt byggingarsjóðunum lána bankarnir einstaklingum aðallega skammtímalán, a. m. k. enn sem komið er. Greiðslutilfærslan er því miklu styttri hjá bönkunum og ætti því litlu máli að skipta, þar sem ekki er um neitt tekjutap að ræða því að höfuðstólsviðauki er að fullu verðtryggður. Þá má benda á að innlánsskuldbindingar bankanna eru ekki nærri allar verðtryggðar, heldur ráða bankarnir yfir verulegu fé sem er ekki verðtryggt, t. d. fé sem er á ávísana- eða hlaupareikningi. Af framansögðu verður því ekki séð að ákvæði þessa frv. muni skerða útlánagetu lánastofnana eða möguleika þeirra til fullverðtryggðra innlána.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að kaupgreiðsluvísitala sú, sem valin hefur verið sem viðmiðun, skuli leidd af taxta verkamanna í fiskvinnslu, efsta starfsaldursþrepi. Eðlilegt er að spurt sé hvers vegna sú viðmiðun sé notuð.

Ástæða þess er, að í fyrsta lagi er þessi viðmiðun notuð við ákvörðun atvinnuleysisbóta og við ákvörðun fæðingarorlofsgreiðslna. Verður því að ætla að þessi viðmiðunargrundvöllur hafi verið talinn nokkuð eðlilegur sem viðmiðun meðaltaxtakaups í landinu. Eini munurinn er sá, að atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsgreiðslur fylgja hækkun 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands, en kaupgreiðsluvísitala frv. fylgir launahækkunum starfsheitisins „verkamenn í fiskvinnu". Þetta starfsheiti er nú í 8. launaflokki.

Í öðru lagi felur þessi viðmiðun í sér starfsaldurshækkun og launaflokkatilfærslur, þar sem hún er bundin við starfsheiti, en ekki launaflokk. Þetta tel ég mjög mikilvægt því að alltaf er nokkur launahækkun bundin við starfsaldurshækkanir og launaflokkatilfærslur sem grunnkaupshækkanir mæla ekki.

Í þriðja lagi er ein launaviðmiðun miklu auðveldari í útreikningi en meðallaun þar sem tillit þarf að taka til fjölda í hverjum launaflokki og áætla vægi starfsaldurshækkana og launaflokkatilfærslna. Á það verður þó að benda, að því fylgir nokkur áhætta að miða eingöngu við eitt starfsheiti þar sem engan veginn er víst að launahækkanir verkamanna í fiskvinnu endurspegli alltaf almenna launaþróun í landinu. Af töflu II í grg. má þó sjá að í dag er um rúmlega meðaltaxta launa að ræða. Í frv. er því gert ráð fyrir að þennan viðmiðunargrunn á kaupgreiðsluvísitölu verði að endurskoða reglulega með tilliti til þess hve vel þessi viðmiðun reynist.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli reynt að gera grein fyrir þessu frv. Ég vil endurtaka að við Alþfl.-menn leggjum mikla áherslu á framgang þessa frv. og að það fái skjóta afgreiðslu hér á þingi. Ég vil minna á að munurinn eykst mjög mikið núna 1. des. á lánskjaravísitölu og kaupgjaldi, eða um 10%. Því er nauðsynlegt að þetta frv. fái hér skjótan framgang til þess að hægt sé að leiðrétta þetta mál.

Ég vil að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Altvinnulýðræði, frv. (þskj. 9). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 9 er flutt af þm. Alþfl. í þessari hv. deild. Efni frv. varðar einn mikilvægasta þáttinn í stefnu okkar Alþfl.-manna um virkara lýðræði og aukna valddreifingu. Með því er lagt til að launþegar öðlist beina stjórnunaraðild að atvinnulífinu og meðákvörðunarrétt um allar ákvarðanir sem þar eru teknar á vegum einstakra fyrirtækja. Nái meginefni þessa frv. fram að ganga á Alþingi yrði stigið stærsta skref í átt til virkara lýðræðis og aukinnar valddreifingar í þjóðfélaginu sem stigið hefur verið um margra ára skeið. Þetta eina mál gæti gerbreytt öllum aðstæðum í atvinnu- og félagsmálum landsmanna og stóraukið virka þátttöku fólks í ákvörðunum sem varða hag hvers og eins og samfélagsins í heild.

Það er ekki nýtt mál hér í sölum Alþingis að Alþingi fjalli með einhverjum hætti um atvinnulýðræði. Fyrst mun till. til þál., um að Alþingi skipi nefnd til að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn fyrirtækja, hafa verið flutt af Ragnari Arnalds þegar árið 1965. Till. fékkst ekki afgreidd á því þingi, né heldur þegar hún var endurflutt árið eftir. Allt frá því að sú till. var á dagskrá árið 1965 og 1966 hafa þm. Alþfl. haft hér á þinginu alla forgöngu málsins á hendi.

Fyrsta þingmál Alþfl.-manna um þetta efni kom þannig fram á Alþingi árið 1967 er Benedikt Gröndal, þáv. alþm., flutti till. um breyt. á lögum um Sementsverksmiðju ríkisins þess efnis að til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af Alþingi skyldu starfsmenn verksmiðjunnar kjósa tvo úr sínum hópi. Það frv. fékkst ekki afgreitt og ekki heldur er það hefur verið endurflutt síðan.

Næsta þingmál Alþfl. var frv. til l. um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja sem þáv. þm. Alþfl., þeir Jón Þorsteinsson og Jón Árm. Héðinsson, fluttu í Ed. Alþingis árið 1970. Þetta frv. fékk jákvæðar viðtökur og því var vísað til ríkisstj. að fengnum umsögnum Alþýðusambandsins og Sambands ísl. samvinnufélaga sem voru jákvæðar en umsögnin frá Vinnuveitendasambandi Íslands var neikvæð. Ríkisstj. aðhafðist hins vegar ekkert í málinu, þó svo að þessu frv. hafi verið vel tekið á Alþingi.

Það varð svo til þess að árið 1973 fluttu allir þingmenn Alþfl. undir forustu Benedikts Gröndals till. til þál. um að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði þar sem launþegum yrðu tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra. Þessi till. var samþykkt á Alþingi. Þannig liggur nú fyrir samþykkt Alþingis þar sem hæstv. félmrh. er falið að sjá til þess að umrætt frv. verði samið á vegum ríkisstj. Páv. félmrh. Björn Jónsson skipaði þann 10. ágúst 1973 nefnd þá sem fjallað var um í samþykkt þingsins að skipuð skyldi til þess að vinna að þessari frumvarpssmíð.

Nefndina rak hins vegar fljótlega í strand. Hún hélt aðeins tvo bókaða fundi, auk óbókaðra viðræðufunda og í októbermánuði árið 1973, aðeins skömmu eftir að nefndinni hafði verið komið á fót ákvað hún raunar með

formlegum hætti að leggja sig niður og hefur ekki verið endurreist.

Ég spurðist fyrir um það á Alþingi í fyrra hjá hæstv. félmrh. Svavari Gestssyni hvort tekist hefði að vekja nefndina eða málið í heild. Svo virtist ekki vera. Og aðalástæðan er nú sem fyrr tregða vinnuveitenda sem vilja alfarið gera þetta mál um meðákvörðunarrétt launþega í atvinnulífi að samningsatriði í tengslum við kaup og kjör. En einnig virðist því miður áhugi landssamtaka launþega á málinu lengi vel hafa verið meiri í orði en á borði.

Reynsla okkar Íslendinga staðfestir sem sé reynslu flestra annarra þjóða sem hafa með einhverjum hætti fjallað um skyld málefni. Það kemur m. a. fram í ítarlegri skýrslu um atvinnulýðræði sem lögð var fyrir breska þingið árið 1977 og ég hef í mínum fórum. Þar kemur fram sú reynsla allra þjóða þar sem launþegar hafa með einhverjum hætti öðlast meðákvörðunarrétt í atvinnulífi, að slíkt hefur ekki gerst fyrir tilverknað frjálsra samninga í tengslum við kaup og kjör, heldur hefur ávallt þurft að koma til atbeini löggjafarvalds.

Um atvinnulýðræði hefur aldrei verið hægt að semja. Um það hefur alltaf þurft að setja lög eins og um svo fjölmörg önnur mannréttindamál. Það er ekki samið milli aðila vinnumarkaðarins um kosningarrétt og kjörgengi. Það er ekki samið á milli aðila vinnumarkaðarins um ýmis mannréttindi sem menn telja rétt að þegnar þjóðfélagsins hafi. Það er hlutverk Alþingis að veita slík réttindi en ekki hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um þau. Og með sama hætti er það hlutverk Alþingis að taka ákvörðun um hvort rétt sé að veita íslenskum launþegum þennan meðákvörðunarrétt. Þann rétt eiga þeir ekki að þurfa að kaupa fyrir einhverjar prósentur í kaupgjaldi í samningum um kaup og kjör við viðsemjendur sína.

Í skýrslunni, sem lögð var fyrir breska þingið árið 1977 og er mjög ítarleg eins og ég sagði áðan, er einmitt tekið fram að þetta sé reynsla allra þeirra þjóða sem hafa tekið með einhverjum hætti upp meðákvörðunarrétt í atvinnulífinu. Um það hefur ávallt orðið að setja löggjöf. En það er einnig mjög athyglisvert að í þessari skýrslu er einnig rætt við forustumenn vinnumarkaðar, launþega og atvinnurekendur í þeim ríkjum þar sem upp hefur verið tekinn meðákvörðunarréttur með einhverjum hætti, þar sem upp hefur verið tekið atvinnulýðræði af einhverjum toga. Og það undarlega er að samkv. þessari skýrslu er það samdóma álit forsvarsmanna bæði atvinnufyrirtækja og launafólks að þessi breyting, meðákvörðunarréttur í málefnum atvinnulífsins, hafi reynst til mikilla bóta, bæði fyrir atvinnulífið í heild, fyrir launþega og starfsfólk og fyrir fyrirtækin sjálf. Þeir atvinnurekendur t. d., sem voru andvígir því þegar rætt var um málið á frjálsum samningsgrundvelli að meðákvörðunarréttur yrði veittur í atvinnulífinu, virðast hafa sannfærst um það, eftir að löggjafinn hafði tekið þá ákvörðun að veita slík réttindi, að hann hafi orðið þeim og fyrirtækjum þeirra til góðs. Í þessari skýrslu frá 1977, sem ég hef gert hér að umræðuefni þar sem fjallað er um öll þau lönd og allar þær aðstæður þar sem meðákvörðunarréttturinn hefur verið tekinn upp, er athyglisvert að það er samdóma álit allra aðila vinnumarkaðarins sem leitað er til í öllum þessum löndum að þessi breyting hafi orðið til mikilla bóta og bæði atvinnurekendur og launþegar eru sammála um þann rétt beri ekki að afnema.

Er vakin sérstök athygli á því að þetta er einnig álit stjórnenda atvinnufyrirtækja. Vegna þessarar stöðu, sem raunar var orðin ljós fyrir allmörgum árum, að ekki væri hægt fremur hér á landi en annars staðar að semja um mál af þessu tagi, brugðu þm. Alþfl. á það ráð árið 1977 að flytja mjög ítarlegt frv. til l. um atvinnulýðræði. Það frv. var mjög svipað því sem hér er flutt en miklum mun ítarlegra og nákvæmara í smáatriðum um hvernig framkvæma skyldi, t. d. var mun ítarlegar fjallað um það í frv. hvernig standa skyldi að kosningum fulltrúa starfsfólks á vinnustöðum.

Með því frv. fylgdi mjög yfirgripsmikil grg. um stöðu þessara mála í nálægum löndum eins og hún var árið 1977 svo og samantekt um rök með og móti atvinnulýðræði og um sögu málsins hér á landi. Við höfum ekki valið þann kostinn að endurprenta allar þessar upplýsingar í grg. með frv. því sem hér er flutt en látum okkur nægja að vísa til frv. á þskj. 315 sem flutt var árið 1977 til frekari upplýsinga um þessi mál. Flestar upplýsingar, sem þar eru gefnar, eiga við enn, þó svo að nokkur ár séu liðin frá því að sú samantekt var gerð. Meginefni þessa frv. var endurflutt árið eftir, árið 1978, af sömu flm. en hver kafli þess þá sem sjálfstætt þingmál. Ekkert þeirra frv. hlaut hins vegar afgreiðslu.

Frv. það, sem hér er flutt, er að meginefni hið sama og frv. frá 1977. Það hefur þó verið aðlagað nýrri hlutafélagalöggjöf sem samþykkt var á Alþingi 12. maí 1978, þ. e. lög nr. 32, auk þess, eins og ég sagði áðan, sem hið upphaflega frv. hefur verið stytt og einfaldað. Ástæðan fyrir endurflutningi málsins nú er m. a. sú að Alþb., sem á umliðnum árum hefur verið á báðum áttum í afstöðu til aðildar starfsfólks að stjórn atvinnufyrirtækja, hefur nú lýst sig fylgjandi málinu og í yfirlýsingu ríkisstj., sem fylgdi brbl. frá því í ágúst s. l., er m. a. vikið að því að ríkisstj. muni athuga um framgang slíks máls. Ég tel að tími slíkra athugana sé raunar löngu liðinn og kominn tími framkvæmda. Það er því rétt og eðlilegt að þingmál um framkvæmd atvinnulýðræðis sé lagt fram á Alþingi og látið reyna á raunverulegan vilja þm. og þingflokka í því að koma málinu frá með því að afgreiða frv. breytt eða óbreytt. Það kostar ákaflega lítið að gefa almennar yfirlýsingar um góðan hug og góðan vilja. Á þær almennu yfirlýsingar verður að reyna hér á þingi með flutningi ákveðinna mála um hvernig þessum góða vilja eigi að koma í framkvæmd.

Við flm. þessa frv. látum okkur að sjálfsögðu ekki til hugar koma að menn eigi aðeins um það eitt að velja að annaðhvort samþykkja eða hafna þeim till. sem við gerum í frv. þessu. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir til samkomulags við þá, sem hugmyndina vilja styðja, um hvers konar breytingar á okkar till. um framkvæmd atvinnulýðræðis sem samkomulag gæti náðst um. Það er ekki mergurinn málsins hvaða breytingar gerðar eru í þessu efni heldur hitt að á það sé látið reyna hér á Alþingi hvort ekki sé vilji til þess að færa íslenskum launþegum mannréttindi sem launþegar í ýmsum nálægum löndum hafa löngu hlotið. Ef sá vilji er fyrir hendi hlýtur að nást samkomulag á milli þm. um framkvæmd málsins. Það á að vera minna atriði. Hitt á að vera meira atriði að vilji manna um slík mál nái fram að ganga. Til þess að láta reyna á það er þetta frv. flutt.

Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til að fjalla mjög ítarlega um frv., ekki frekar en hér hefur þegar verið gert. Frv. skýrir sig sjálft að verulegu leyti. Ég vil þó

aðeins fara örfáum orðum um annan kapítula frv. sem fjallar um samstarfsnefndir.

Sá vandi er okkur á höndum í sambandi við löggjöf af þessu tagi að hér á landi eru aðeins gildandi sjálfstæð lög um tvö félagaform, þ. e. atvinnurekstur sem annars vegar er rekinn af samvinnufélögum og hins vegar atvinnurekstur sem rekinn er af hlutafélögum. Það eru engin lagaákvæði til nema í skattalögum um fyrirtæki eða atvinnurekstur sem t. d. er rekinn af einstaklingum eða sameignarfélögum. Einu lagaákvæðin, sem finnanleg eru um slík fyrirtæki, eru mjög takmörkuð ákvæði í skattalögum. Að öðru leyti hefur löggjafinn ekki skipt sér af starfrækslu slíkra fyrirtækja. Þau fyrirtæki geta þó verið mjög stór og umfangsmikil og dæmi um eitt slíkt er t. d. stórfyrirtækið Hagkaup í Reykjavík. Það er fyrirtæki sem rekið er af einkaaðila og um fyrirtæki af slíku tagi gilda raunar engin lög nema takmörkuð lagaákvæði í skattalögum. Þetta er auðvitað atriði sem þarf að skoða sérstaklega hvort ekki sé ástæða til að setja sérstök lög um atvinnufyrirtæki af þessu tagi til að veita þeim sem við þau skipta og hjá þeim starfa svipaða lagavernd og veitt er þessum aðilum hjá annars vegar samvinnufélögum og hins vegar hlutafélögum.

Þessi skortur á lagasetningu um önnur rekstrarform en hlutafélagsrekstur og samvinnurekstur gerir það að verkum að mjög erfitt er að koma því við að veita starfsfólki slíkra fyrirtækja sambærileg réttindi og frv. þetta fjallar um að veitt skuli starfsmönnum hlutafélaga og samvinnufélaga. Eina leiðin virðist vera sú að stofna samstarfsnefndir með tilteknu verksviði við þessi fyrirtæki, þ. e. fyrirtæki, sem rekin eru t. d. af einkaaðilum, af sameignarfélögum, af sveitarfélögum og ríkinu og ekki lúta sérstakri kjörinni eða skipaðri stjórn. Það er sú leið sem valin hefur verið í þessu frv. og II. kafla fjallar um. Ég skal fúslega viðurkenna að ég er alls ekki ánægður með hvernig málum er fyrir komið í þeim kafla og vænti þess að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, skoði þann kafla sérstaklega ef komið gætu fram einhverjar nýjar hugmyndir um lausn málsins. Vegna þessara takmarkana, sem ég ræddi um hér áðan, á íslenskri löggjöf um slík fyrirtæki þá er þetta eina hugmyndin að lausn sem við flm. frv. duttum ofan á ef svo má segja.

Ég vil aðeins í þessu sambandi taka það fram að í febrúarmánuði s. l. gaf hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds út reglugerð um samstarfsnefndir í opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Sú reglugerð er mjög lofsvert og þarft nýmæli sem samið var um milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Er vissulega ástæða til að fagna því að slík reglugerð hafi loks verið gefin út um að veita opinberum starfsmönnum tiltekinn meðákvörðunarrétt á vinnustað.

Sú reglugerð gerir því miður samt ekki þennan kafla laganna óþarfan, m. a. vegna þess að reglugerðin nær ekki til annarra fyrirtækja og stofnana en þeirra sem eru í eigu ríkisins. Hún nær t. d. ekki til fyrirtækja og stofnana í eigu sveitarfélaga og hún nær heldur ekki til fyrirtækja og stofnana sem rekin eru af einstaklingum eða sameignarfélögum. Ég hef borið reglugerðina saman við þennan kafla, II. kafla frv., og í reglugerðinni eru ekki nein ákvæði sem stangast á við þær greinar sem í kaflanum eru. En ég bið sem sé þá nefnd — sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar ef hún er fáanleg til þess að reyna að afgreiða málið, sem ég hvet mjög til — að skoða sérstaklega II. kafla frv. og reglugerðina sem gefin var út í febrúar s. l. um samstarfsnefndir í opinberum fyrirtækjum og stofnunum.

III. kafli frv. fjallar síðan um þá breytingu á lögum um hlutafélög sem gera þarf til þess að starfsfólk hlutafélaga öðlist meðákvörðunarrétt í atvinnulífi og er lagt til að sérstakur kafli, IX. kafli, komi nýr í þau lög og fjalli eingöngu um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga. Eins og frá frv. þessu er gengið er aðeins um það að ræða að starfsfólk slíkra fyrirtækja sem í lögunum er fjallað um þ. e. starfsfólk fyrirtækja sem rekin eru af hlutafélögum eða samvinnufélögum og telja 50 starfsmenn eða fleiri, fái ákveðinn rétt. Þeir öðlist rétt til þess að geta kosið fulltrúa sína með fullum réttindum í stjórn þessara fyrirtækja á móti þeim fulltrúum sem kjörnir eru af svokölluðum eignaraðilum. Það er hins vegar mál tveggja hópa að ákvarða hvort þessi réttindi verða notuð. Það er annars vegar starfsmannanna sjálfra — ef þeir kjósa að nota þennan rétt þá geta þeir tekið sér hann og hins vegar þeirra verkalýðsfélaga sem eiga trúnaðarmenn á viðkomandi vinnustöð. Ef þau verkalýðsfélög óska eftir að rétturinn til að kjósa fulltrúa í stjórnir viðkomandi fyrirtækja sé nýttur þá ber að nýta hann.

Ákvæðin, sem eru sett í þetta frv. um sjálfa framkvæmd málsins, eru hins vegar frekar opin þannig að hægt er að koma við og svara sérþörfum hvers fyrirtækis og hvaða vinnustaðar sem er, innan þess víða ramma sem markaður er í frv. Hins vegar er lagt til að félmrh. geti í reglugerð sett nánari fyrirmæli um hvernig að kjöri starfsmannafulltrúa í stjórnir fyrirtækjanna sé staðið og rísi ágreiningur innan fyrirtækis um slík mál þá sé félmrh. veitt vald til að skera þar úr. Sama má segja um IV. kafla frv. sem fjallar um sambærilegar breytingar á lögum um samvinnufélög.

Að lokum eru svo tveir kaflar frv. sem fjalla sérstaklega um Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðjuna sem hafa séraðstöðu sem ríkisfyrirtæki. Þar er gert ráð fyrir því að starfsmenn fái stjórnaraðild að þeim verksmiðjum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara mjög ítarlega út í þetta mál þar sem þegar hefur verið mjög mikið um sambærileg málefni fjallað og ætla ekki að gera í því sambandi annað en að ítreka tvennt.

Í fyrsta lagi: Það liggur nú þegar fyrir viljayfirlýsing frá Alþingi sem hefur falið hæstv. félmrh., að vísu ekki núv. félmrh. heldur félmrh. almennt hver sem því starfi gegnir, að láta semja frv. um atvinnulýðræði. Hæstv. félmrh. Svavar Gestsson hefur sem sé vald til þess samkv. samþykkt Alþingis að gera nákvæmlega það sama og félmrh. í stjórn Harold Wilsons á Bretlandi gerði. Hann hefur vald til þess að fela nefnd, sem hann ræður hvernig skipuð er, ekki að ná samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um eitthvert tiltekið frv. heldur að semja frv. um atvinnulýðræði. Hann getur gert það að verkefni nefndarinnar, falið nefndinni í krafti samþykktar Alþingis að semja frv. um atvinnulýðræði. Náist ekki samkomulag í nefndinni um slíkt frv. þá klofnar hún að sjálfsögðu og skilar meirihluta- og minnihlutaáliti og hæstv. félmrh. getur ráðið því með skipun nefndarinnar hvort sjónarmiðið verður þar ofan á. Þetta gerði félmrh. í ríkisstj. Harold Wilsons árið 1977 varðandi þessa margfrægu Bulloch-skýrslu sem ég hef oft vikið að. Sá félmrh. fól stjórnskipaðri nefnd ekki að leita samkomulags um mál af þessu tagi heldur að semja frv. til l. um atvinnulýðræði. Sú nefnd var skipuð fulltrúum bæði frá

verkalýðshreyfingunni og vinnuveitendum en félmrh. breski skipaði sjálfur sinn oddamann sem skapaði meirihluta í nefndinni með sjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar. Nefndin klofnaði síðan að sjálfsögðu og skilaði tveimur álitum, meirihlutaáliti og minnihlutaáliti. Meirihlutaálitið var frv. sem lagt var fyrir breska þingið en náði því miður ekki samþykki vegna þess að stjórnarskipti fylgdu í kjölfarið.

Annað atriði, sem ég ætla sérstaklega að leggja áherslu á, og hið síðara er að Alþýðusamband Íslands hefur nú tekið við sér í málum af þessu tagi og nú er starfandi nefnd á vegum Alþýðusambandsins sem er að vinna að því að koma saman stefnu, einhverri afdráttarlausri stefnu Alþýðusambandsins um framkvæmd atvinnulýðræðis. Ég vara mjög við því að sú staðreynd sé notuð til að tefja framgang máls af þessu tagi því hluturinn er sá að íslensk verkalýðshreyfing hefur haft ákaflega rúman tíma til að koma sér niður á einhverja tiltekna tillögugerð í þessum efnum. Verkalýðshreyfingin hefur haft mjög rúman tíma til þess en hefur því miður ekki á öllum þeim tíma enn getað gert upp við sig hvort hún er fylgjandi eða andvíg atvinnulýðræði.

Auðvitað ber okkur hér á Alþingi að hafa hliðsjón af vilja og niðurstöðum fjölmennra almannasamtaka í okkar landi en ef við erum sannfærðir um það, meirihluti alþm., að rétt sé og nauðsynlegt að veita þegnum landsins einhver tiltekin mannréttindi, sem þeir hafa ekki haft, getum við ekki notað það sem afsökun fyrir aðgerðaleysi að aðili í þjóðfélaginu, sem er búinn að fjalla um málið í bráðum tvo áratugi, hafi ekki ennþá komið sér niður á hvernig hann ætlar að leysa það. Það er auðvitað okkar hlutverk sem hér erum, sem eigum að setja landinu lög, að sýna vilja okkar í verki með lagasetningu og það er sem tilraun til þess sem frv. þetta er flutt. Ég vænti þess fastlega að fá stuðning frá áhugamönnum um þetta mál, um framkvæmd frv., með einhverjum hætti á þinginu í vetur. Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er hreyft æði stóru máli sem hefur verið á dagskrá hér á hv. Alþingi af og til í 17 ár, í raun og veru frá því fyrst að núv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, flutti till. til þál. um atvinnulýðræði, þar sem gert var ráð fyrir að Alþingi fæli 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launamanna á stjórn fyrirtækja. Sú till. var ekki afgreidd á því þingi og var endurflutt 1968. Svo flutti hv. þm. Benedikt Gröndal frv. til l. um breytingu á lögum um Áburðarverksmiðjuna árið 1967 og síðan hefur þetta mál, atvinnulýðræði, af og til verið hér á döfinni, annaðhvort í frv.-búningi eða till., þannig að þetta er orðið æði þekkt hér í þinginu.

Það er rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér áðan, að þeir sem kallaðir eru aðilar vinnumarkaðarins hafa hins vegar ekki rætt jafnmikið um þetta mál á liðnum árum. Þar hefur verið tregða, að ég segi ekki andstaða, við þetta mál m. a. af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands. Sú tregða hefur m. a. birst í starfsleysi nefndar, sem skipuð var 1973, og hún birtist einnig í svari Vinnuveitendasambands Íslands við bréfi sem ég skrifaði þeim 20. apríl s. l. Í svarinu kemur fram að Vinnuveitendasambandið telur að þetta mál eigi að vera samningsmál, samningsatriði á milli aðila vinnumarkaðarins. Í svarbréfi Alþýðusambands Íslands um þetta mál kom það hins vegar fram að Alþýðusambandið taldi æskilegt að hefja sem fyrst undirbúning að samningu frv. til l. um atvinnulýðræði og lýsti sig reiðubúið að tilnefna menn til að vinna að undirbúningi slíks frv. Það liggur því fyrir bréflega að verkalýðshreyfingin er í sjálfu sér tilbúin til að taka á þessu máli. M. a. hefur það reyndar gerst með formlegum hætti hjá æðstu stofnun alþýðusamtakanna, á Alþýðusambandsþingi, þar sem 34. þing ASÍ lagði áherslu á þá kröfu að á næstu árum verði knúið á um aukin áhrif og völd verkafólks í atvinnulífinu.

Í því sambandi minnti þingið á fjöldamörg atriði m. a. þetta: „Að verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað fái skilyrðislausan aðgang að öllum upplýsingum um stöðu fyrirtækja og framtíðaráform þeirra. Að verkalýðssamtökunum og starfsfólkinu á hverjum vinnustað verði tryggð aðstaða til áhrifa á þær ákvarðanir sem teknar eru í fyrirtækjunum um breytingar á starfsfyrirkomulagi og rekstri fyrirtækjanna og uppbyggingu nýrra vinnustaða. Að verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað fái aðstöðu til áhrifa á stefnu fyrirtækjanna varðandi starfsmannahald og atvinnuöryggi, einkum eldri starfsmanna, og öryggi eldri starfsmanna verði betur tryggt en nú er."

Það er augljóst að ASÍ, stærstu samtök verkafólks í landinu, hefur á vegum sinnar æðstu stofnunar þ. e. á Alþýðusambandsþingi, þegar tekið alveg af skarið í þessu efni og ASÍ talar fyrir ekki lítinn hóp manna þegar þing þess kemur saman. Sú ályktun 34. þings ASÍ, sem ég vitnaði hér til, var gerð með samhljóða atkv.

Þrátt fyrir þetta viðhorf alþýðusamtakanna hefur talsverður hópur manna í áhrifamiklum stöðum innan verkalýðssamtakanna þó ekki talið rétt að fara út á hefðbundnar leiðir við að koma á svokölluðu atvinnulýðræði, fyrst og fremst vegna þess að menn hafa óttast að þetta yrði notað sem aðferð til að ánetja verkafólkið hagsmunum þeirra sem eiga fyrirtækin á hverjum stað. Þarna væri m. ö. o. verið að draga verkafólkið inn í ábyrgð á öllum rekstri fyrirtækjanna og þar með í rauninni líka á hagsmunum þeirra sem verkafólkið á að berjast við, þ. e. þeirra sem eiga framleiðslutækin. Þetta sjónarmið er gott og gilt og ber að virða það og taka tillit til þess þegar ákvarðanir eru teknar á næstu árum, vonandi fyrr en seinna, um atvinnulýðræðið. Það ber auðvitað að haga ákvörðunum um atvinnulýðræði þannig að verkafólkið hafi betri möguleika til að hafa áhrif á allt sitt starfsumhverfi og betri möguleika til baráttu, þegar því býður svo við að horfa, en ekki lakari. Atvinnulýðræði, sem er notað til þess að keyra niður baráttuvilja verkalýðsstéttarinnar, er ekki sú tegund atvinnulýðræðis sem menn vilja hér stuðla að.

Þessi mál hafa verið til umr. víðar en á hv. Alþingi og hjá Alþýðusambandinu. Á undanförnum árum hefur verið gerð mjög athyglisverð tilraun í þá átt að ýta undir atvinnulýðræði í ákveðnu rekstrarformi alveg sérstaklega. Þar á ég við framleiðslusamvinnufélögin. Ég tel að framleiðslusamvinnufélögin, sem hafa verið stofnuð hér á liðnum áratug, séu ákaflega merkileg nýjung og merkilegt innlegg í þessa umr. og athyglisverð tilraun með rekstrar- og starfsform, einkum fyrir samvinnufélögin í landinu. Það er nokkuð merkilegt að þó samvinnuhreyfingin, sem er 100 ára á þessu ári, hafi í rauninni verið brautryðjandi í þessum málum, brautryðjandi með mjög afgerandi og myndarlegum hætti á liðinni öld,

þá hafa nýmæli varðandi þessi atriði ekki verið fyrst og fremst þar á ferð, heldur hafa þau sprottið upp annars staðar á vegum starfsmannanna sjálfra, t. d. í svokölluðum framleiðslusamvinnufélögum. Mér finnst í raun og veru ekki hægt að ræða þessar hugmyndir um atvinnulýðræði öðruvísi en fjallað sé um leið um framleiðslusamvinnufélögin og þá athyglisverðu tilraun sem þar er gerð til að fá alla starfsmennina, sem vinna að tilteknu verki, til þátttöku á hverjum tíma.

Á síðasta hv. Alþingi, 104. löggjafarþinginu, voru þessi mál til umr. hér í fsp.-tíma og einnig trúi ég að þeir Alþfl.-menn hafi þá flutt þetta frv. (**Gripið fram í:** Ekki þá.) Ekki á síðasta þingi, nei. En að minnsta kosti kom þetta mál til umr. hér í Sþ. þegar flutt var till. til þál. um aukin áhrif starfsmanna á málefni vinnustaða af hv. þm. Skúla Alexanderssyni og hv. þm. Guðrúnu Hallgrímsdóttur. Till. var á þessa leið: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja viðræður við samtök launafólks um aukin áhrif starfsmanna og samtaka þeirra á málefni vinnustaðar. Jafnframt verði í framhaldi af samningum ríkisins við BSRB og BHM um starfsmannaráð í ríkisstofnunum könnuð viðhorf þeirra samtaka og ASÍ til lögbindingar á rétti starfsmanna til að tilnefna fulltrúa í stjórnir ríkisfyrirtækja."

Eins og menn heyra á þessari till., sem flutt er af tveimur þm. Alþb., þá miðar hún í raun og veru við að þetta frumkvæði komi í fyrstu svo að segja einvörðungu frá samtökum launamanna, málinu sé í raun og veru vísað þangað í mjög veigamiklum atriðum, vegna þess að það eru auðvitað þeir sem hafa þarna mestra hagsmuna að gæta. Ég er þeirrar skoðunar að enda þótt verkalýðssamtökin hljóti auðvitað að hafa mest um þetta mál að segja eigi einnig flokkarnir á Alþingi að fjalla um það og ríkisstj. á hverjum tíma. Og það var af þeirri ástæðu, sem við beittum okkur fyrir því þegar ríkisstj. gaf út efnahagsyfirlýsingu sína í ágústmánuði s. l., að þar yrði sett inn ákvæði um ákvörðunarrétt starfsmanna, þátttöku starfsmanna í stjórn fyrirtækjanna. Það var fallist á þetta sjónarmið og þar er inni sá liður sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vitnaði til um þessi efni.

Ég hef í framhaldi af þessari ákvörðun lagt til í ríkisstj., það hefur verið rætt þar og mér heyrist að menn séu um það sammála, að það verði farið þannig með þetta mál, að það verði til nefnd allra flokka, það verði kallaðir til fulltrúar þingflokkanna og aðilar vinnumarkaðarins, til þess að semja frv. í þessu skyni. Skipunarbréf hugsanlegrar nefndar í þessu efni verði ekki opið, þannig að hún eigi að kanna þetta mál sérstaklega heldur verði henni beinlínis falið að semja frv. í þessu skyni. Og þá er auðvitað mikilvægt að þeir Alþfl.-menn hafa lagt þetta frv. hér fram. Ég veit að þeir ætlast ekki til að það verði samþykkt óbreytt í öllum atriðum eins og það lítur út hér. Það verður að reyna að ná um það víðtækara samkomulagi. Og sérstaklega verður verkalýðshreyfingin að koma þar til. Nú hefur ekki verið mjög mikið fjallað um þessi mál sérstaklega á vettvangi ASÍ fyrir utan það að rætt var um þau á Alþýðusambandsþingi. Ég hygg að ekki hafi mjög miklar umr. verið um þetta annars staðar, t. d. hafi menn ekki gert upp við sig hvernig hugsanlegt frv. ætti að líta út. Engu að síður þykist ég þess fullviss að Alþýðusambandið sé tilbúið til þess að tilnefna menn í vinnu um þessi mál, vinnu sem mundi leiða til þess að samið yrði frv. Ég vil sem sagt skýra frá því hér að við gerum ráð fyrir að það verði til nefnd frá ríkisstj. með aðild stjórnarandstöðuflokkanna líka, sem er auðvitað eðlilegt af öllum ástæðum, og aðila vinnumarkaðarins, og þessi nefnd hafi það hlutverk að semja frv.

Það er tvennt í sambandi við það frv. og þessi mál sem ég vil nefna hér efnislega án þess að fara mjög ítarlega út í frv. sem slíkt. Í fyrsta lagi að frv. taki mjög glöggt mið af hvernig megi verja verkafólk í landinu fyrir svokallaðri örtölvubyltingu. Þar er greinilega um að ræða vandamál sem verður að taka á með lögum. Það er nauðsynlegt að verja verkafólk fyrir hugsanlegum áhrifum örtölvubyltingarinnar með lögum. Auðvitað getur þessi örtölvubylting og mun vonandi skila okkur bættum lífskjörum í framtíðinni. Þessi breyting má ekki komast á með þeim hætti að hún leiði til þess að verkafólki verði í stórum stíl hent út á atvinnuleysisskrá. Hér þarf að taka alveg sérstaklega með í reikninginn tæknilegar breytingar í fyrirtækjunum á hverjum tíma. Hitt atriðið, sem ég vil leggja mikla áherslu á að þurfi að vera í svona löggjöf, er um aðgang verkafólksins og fulltrúa þess að bókhaldi fyrirtækjanna, að þar verði mjög ákveðin og ströng krafa í lögum á þann veg að menn geti krafist þess að fá grundvallarupplýsingar um rekstur fyrirtækjanna.

Á flokksráðsfundi Alþb., sem var haldinn um síðustu helgi, voru þessi mál til umr. og þar var lögð mjög mikil áhersla á það atriði sem ég nefndi hér síðast.

Þó að umræðan um þetta mál hafi verið löng, og ekki ennþá orðin til lög um atvinnulýðræði, þá er ekki svo að skilja að ekkert hafi gerst í þessum efnum á liðnum árum annað en það að menn hafi haldið ræður á Alþingi og flutt hér inn þingmál. Það sem hefur gerst og skiptir máli efnislega er náttúrlega í fyrsta lagi sú reglugerð um rétt opinberra starfsmanna sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gat hér um, reglugerð sem hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds gaf út í febrúarmánuði s. l. Í öðru lagi tel ég að það sé beint innlegg í þessa umr. að sett voru lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 46 frá 1980, þar sem kveðið er mjög skýrt á um rétt verkafólksins til að hafa áhrif á öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækjanna. Í þessum lögum, sem eru mjög ítarleg, er heill kafli um samskipti atvinnurekenda og starfsmanna og þar eru verkafólkinu tryggð viðbótarréttindi við það sem áður var í þeim efnum. Ég tel að þessi lög og sú nefndaskipun sem þar er gert ráð fyrir, öryggisnefndir og slíkt hljóti að ýta undir áhuga hjá starfsmönnunum að hafa áhrif á sitt daglega starfsumhverfi. Ég er raunar þeirrar skoðunar að það sé eitt það mikilvægasta í sambandi við atvinnulýðræðismálin að okkur takist að skapa þann hug meðal starfsmannanna að þeir sjálfir séu brennandi í andanum við að hafa áhrif á starfsumhverfið, rekstur og eignarform fyrirtækjanna. Ég tel að slíkur áhugi hjá verkafólki almennt í landinu sé kannske einn besti hornsteinn lýðræðisins þegar allt kemur til alls. Það er m. a. af þeim ástæðum sem Alþb. leggur mikla áherslu á mál af þessum toga.

Ég vil að lokum, herra forseti, óska eftir því að hv. þingnefnd kanni hvort hún getur ekki fengið efnislegar umsagnir um það frv. sem hér liggur fyrir. Að ekki verði einvörðungu um það að ræða að frv. verði sent út til umsagnar svo komi einhverjar stuttaralegar umsagnir, almennt jákvæðar kannske, heldur verði óskað eftir því að menn sendi inn efnislegar umsagnir um einstakar greinar og ábendingar um það sem betur mætti fara eða mætti fella niður eða bæta við. Þá hefðu menn í höndunum dálítið efni eftir að aðilar vinnumarkaðarins hefðu

fjallað um málið og ekki látið sér nægja að senda inn almennar athugasemdir, sem eru ekki mikið annað en almenn viljayfirlýsing.

Baldur Óskarsson: *Herra forseti. Ég fagna því að* sjálfsögðu að atvinnulýðræðismál og réttur starfsfólks í fyrirtækjum sé hér til umr. Sannleikurinn er sá, eins og hér hefur komið fram, að mjög lítil umræða hefur átt sér stað í íslenska þjóðfélaginu um þessi mál. Sérstaklega ber að harma að verkalýðshreyfingin skuli ekki hafa tekið þetta mál upp á sína arma af meiri þrótti en við *höfum orðið vör við undanfarið.*

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í fyrirtækjum hér, bæði hlutafélögum og samvinnufélögum. Í kaupfélögunum flestum kjósa starfsmenn í stjórnir félaganna, sömuleiðis í ríkisverksmiðjunum, til að tryggja meðákvörðunarrétt verkafólksins, þrátt fyrir það hygg ég að ekki hafi orðið ýkja mikil breyting á stjórnun fyrirtækjanna. *Sannleikurinn er sá, að íslenskt atvinnulíf er líka* þannig að það er að ýmsu leyti erfiðara að koma þessu við hér en t. d. í nágrannalöndunum. En hjá nágrönnum okkar hafa lög um meðákvörðunarrétt verið í gildi um mjög langan tíma og af því verið nokkuð góð reynsla þar. Fyrirtækin hér eru aftur á móti mjög smá og mörg og þess vegna að ýmsu leyti erfiðara að koma þessu fyrir í atvinnulífinu hér en á Norðurlöndum. Sannleikurinn er líka sá, að verkalýðshreyfingin í nágrannalöndunum beinir augum sínum nú fremur að því sem kallast mætti efnahagslýðræði. Það eru mjög athyglisverðar tilraunir sem verið er að gera í Svíþjóð með hina svokölluðu launþegasjóði og ég er sannfærður um að það er einmitt sú hlið málsins sem verkalýðshreyfingin hér mun hafa áhuga fyrir.

Ég tel að það sé mjög vænlegt að fara að með þeim hætti sem hæstv. félmrh. Svavar Gestsson var að gera grein fyrir áðan, að leitað yrði til verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins um það með hvaða hætti þeir óska að skipa þessum málum og þau skref sem stigin verði í löggjafarátt hér varðandi þetta taki mið af vilja þessara aðila, og þá auðvitað sérstaklega sjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem hæstv. ráðh. Svavar Gestsson sagði um örtölvubyltinguna og þá hættu sem launamönnum getur verið búin af því að hún haldi innreið sína í íslenskt atvinnulíf, að hún leiði það af sér að mönnum verði sagt upp störfum í stórum stíl. Ef við innleiðum þessar nefndir sem hér er verið að gera till. um, samstarfsnefndir í fyrirtækjum, þá er eitt það þýðingarmesta sem þessar samstarfsnefndir ættu að fjalla um einmitt uppsagnir starfsfólks. Ég held að ef lög verða innleidd um þessi mál á annað borð þá sé nauðsynlegt að veita þessum nefndum sérstakan rétt til að fjalla um allar uppsagnir í fyrirtækjunum áður en þær koma til framkvæmda. Ég held sömuleiðis að ekki væri óeðlilegt að samstarfsnefndirnar fengju líka rétt til að fjalla um ráðningu forstjóra fyrirtækjanna. Það er áreiðanlega mikið hagsmunaatriði fyrir hvert fyrirtæki að það séu góðir menn sem stjórni þeim og þeir stjórni í samvinnu við fólkið og gott samstarf sé milli stjórnenda fyrirtækjanna og starfsfólksins. Það er fyllilega eðlilegt að starfsfólkið fái að ræða um og hafa áhrif á hverjir ráðast til að stjórna fyrirtækjunum. En auðvitað er meginatriðið að þessar nefndir verði settar á laggirnar og eins og hér er gert ráð fyrir þá fjalli þær sérstaklega um uppsagnir starfsfólks. Það mætti hugsa sér að óheimilt væri að segja fólki upp störfum nema um það hafi verið fjallað í þessum samstarfsnefndum.

Mér sýnist full ástæða til að löggjafarvaldið láti atvinnulýðræði til sína taka og beini því sérstaklega til verkalýðshreyfingarinnar að samstarf náist milli hennar og löggjafarvaldsins um að skipa þessum málum þannig að verkalýðshreyfingin telji sér hag af því. En ég vil sérstaklega undirstrika varðandi umræðu um atvinnulýðræði og meðákvörðunarrétt að það þarf að leggja ríka áherslu á að verkafólkið sjálft eignist fyrirtækin. Ég held að við eigum að stíga stórt skref í þessum efnum á næstu árum og mér finnst sérstaklega athugandi að kanna þá þessa sjóðaleið sem nú er stefnt að í Svíþjóð.

Í sumum fyrirtækjum þar sem starfsfólkið hefur rétt til þess að kjósa menn í stjórn hefur það sannarlega haft ýmislegt gott í för með sér. En því miður hefur reynslan af því, t. d. í kaupfélögunum og annars staðar, og eins af *þeim samstarfsnefndum*, sem þegar hafa verið settar á fót í fyrirtækjum á Íslandi, verið sú að það hefur verið heldur lítið gagn af þeim. Og ég hygg að ástæðan sé einmitt sú sem hæstv. ráðh. Svavar Gestsson benti hér á áðan, að það hefur ekki farið fram nógu mikil umræða í verkalýðshreyfingunni á vinnustöðunum og í þjóðfélaginu um þessi mál og alls ekki nægilega mikil fræðsla. Við skulum gera okkur alveg grein fyrir því að þau réttindi sem verkafólkið fengi með því sem hér er lagt til eru harla lítils virði ef ekki fylgir í kjölfarið mjög mikil fræðslustarfsemi um fyrirtækin og það jafnframt, að fólkið hafi aðgang að öllum upplýsingum sem varða rekstur fyrirtækjanna.

Flm.(Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og síðasti ræðumaður sagði snýst umræðan á Norðurlöndum, þar sem menn hafa haft meðákvörðunarréttinn í mörg ár, nú mjög um með hvaða hætti megi tryggja launþegum aukin efnahagsleg áhrif. Auðvitað er þetta ekki nýtt mál. Þetta er mál jafngamalt sósíalismanum þ. e. með hvaða hætti eigi að tryggja það að fyrirtæki séu rekin í þágu almannaheilla og að launþegarnir njóti réttmæts arðs af vinnu sinni. Fyrst var niðurstaðan sú, eins og menn muna, að þessi réttindi ættu menn að öðlast með þjóðnýtingu atvinnufyrirtækjanna. Frá því hefur almennt verið horfið m. a. út frá þeirri einföldu staðreynd að það er í raun svo um flest fyrirtæki að það eru ekki hinir skráðu eigendur, sem raunverulega skipta öllu máli, heldur þeir sem með stjórnina fara. Það eru stjórnendur fyrirtækjanna sem raunverulega ráða ferðinni og þeir þurfa ekki endilega að vera um leið eigendur fyrirtækjanna. Dæmi um þetta eru t. d. almenningshlutafélögin í öllum hinum vestræna heimi, þar sem almenningur er kannske skráður eigandi að 50—70% hlutafjár, en það eru hinir raunverulegu stjórnendur fyrirtækjanna sem ráða ferðinni en ekki skráðir eigendur þeirra. Slík dæmi þekkjum við að sjálfsögðu líka úr íslenskum rekstri, bæði hlutafélagarekstri og samvinnufélagarekstri. Þó viðkomandi félög séu formlega skráð eign jafnvel þjóðarinnar eins og oft er sagt, þá eru það ekki eigendurnir sem endilega ráða ferðinni, heldur stjórnendurnir sem e. t. v. eru ekki stærri eigendur en Jón Jónsson á götunni sem fær þó aldrei nálægt viðkomandi fyrirtæki að koma.

Hugmyndirnar um launþegasjóð og efnahagslýðræði eru gamlar. Þetta eru hugmyndir sem fyrst komu upp og

voru settar fram í tillöguformi af danska málmiðnaðarsambandinu. Voru þá kenndar við Viggo Kampman. Um þetta var mjög fjallað í Danmörku á síðustu árum sjöunda áratugarins. Ég man eftir að ég skrifaði greinaflokk í Alþýðublaðið veturinn 1970—1971 þar sem ég reyndi að gera grein fyrir tillögum um efnahagslýðræði og launþegasjóði sem þá voru kenndar við Kampman og danska málmiðnaðarsambandið. Tillögurnar sem nú eru væntanlegar í framkvæmd í Svíþjóð eru byggðar á þessum hugmyndum. Um þessar hugmyndir er einnig fjallað í þeirri ítarlegu skýrslu, þeirri bláu bók sem gefin var út á vegum breska þingsins árið 1977.

Framkvæmd hins svokallaða efnahagslýðræðis er aðallega með tvennum hætti. Í Þýskalandi er framkvæmdin á þann veg að starfsmenn fyrirtækja fá hlutdeild í arði þeirra. Sú framkvæmd hefur ekki reynst nægilega vel og m. a. var tekin afstaða gegn henni af öllum aðilum sem um málið fjölluðu á vegum breska þingsins. Skýringin var sú, að starfsmenn, sem eiga langan starfsaldur að baki t. d við stóriðnfyrirtæki, eru farnir að hafa mjög verulegan hluta tekna sinna í formi arðgreiðslna af hlutabréfum sem þeir hafa fengið í áranna rás. Þessir starfsmenn hafa oft og tíðum tekið afstöðu í kaup- og kjaramálum gegn yngri starfsmönnum sem hafa minni fjárhagsleg tengsl við fyrirtækið, þannig að hægt hefur verið að tefla eldri starfsmönnunum gegn kauphækkunarkröfum hinna yngri út frá þeim forsendum að verði látið eftir kröfum yngra fólksins um hækkuð laun, þá skerðist arðgreiðslur hinna eldri starfsmanna. Þannig er raunverulega hægt að tefla einum starfsmannai gegn öðrum. Þetta var ástæðan fyrir því að t. d. í fyrrnefndri skýrslu frá breska þinginu er lagst gegn því að efnahagslýðræði af þessu tagi verði tekið upp í Bretlandi með löggjöf.

Hin hugmyndin er sú sem menn eru nú að framkvæma í Svíþjóð varðandi launþegasjóðina. En á henni er líka ákveðinn galli. Á henni er t. d. sá galli að með því er ekki endilega verið að veita hinum almenna launþega nein aukin réttindi. Með því er fyrst og fremst verið að styrkja verkalýðshreyfinguna sem stofnun og þá e. t. v. stjórnendur hennar. Menn geta út af fyrir sig velt vöngum yfir því frá sjónarmiði vinstra fólks, sem vill auka almenn mannréttindi í þjóðfélaginu, hvort það sé líkleg leið til að auka hin almennu mannréttindi að fela hinum fáu útvöldu í verkalýðshreyfingunni, sem þar hafa forustuhlutverk með höndum, hversu góðir sem þeir nú eru, þau stórauknu völd sem felast í launþegasjóðunum sem Svíarnir eru að tala um. Á yfirborðinu virðist þetta vera mjög mikil aukning á réttindum hins almenna manns, en það er ekki víst að svo verði í framkvæmdinni. Málin eru að snúast þannig í Svíþjóð, t. d. í sambandi við meðákvörðunarréttinn og hugmyndirnar um stjórnaraðild almennings, að verkalýðshreyfingin í Svíþjóð er að koma sér upp atvinnustjórnarmönnum, þ. e. mönnum sem bókstaflega fást við að sitja í stjórnum atvinnufyrirtækja, kjörnir þangað af verkalýðshreyfingunni. Og þá fer nú að muna ákaflega litlu á því fyrirkomulagi og því sem fyrir var út frá sjónarmiði hins almenna launþega. Hann stendur e. t. v. ekkert nær þeim atvinnustjórnarmönnum verkalýðshreyfingarinnar, sem á þann hátt eru settir inn í stjórnir atvinnufyrirtækja, heldur en þeim stjórnunarmönnum sem kjörnir eru af viðkomandi eigendum. Allt þetta þarf því að sjálfsögðu að athuga. Markmið okkar flutningsmanna þessa frv. er að reyna að tryggja að þau auknu mannréttindi, sem í frv. er lagt til að veitt verði, skili sér til almennings en stöðvist ekki á leiðinni hjá einhverjum stofnunum, t. d. verkalýðsfélögum, sem vissulega eru þarfar og góðar stofnanir. Menn skyldu gæta þess að gera greinarmun á því annars vegar að styrkja völd og aðstöðu þeirra stofnana og hins vegar að styrkja réttindi almenna launafólksins. Það þarf ekki alltaf endilega að fylgjast að þó að það gerist oft og tíðum. Sem sé, ég vísa mönnum á þá ítarlegu og greinargóðu skýrslu sem var sérstaklega útgefin af breska þinginu nákvæmlega um efnahags- og atvinnulýðræði. Hún er mjög forvitnileg til íhugunar því að þar koma fram bæði kostir og gallar allra þeirra framkvæmdaatriða sem ég hef hér nefnt.

Hæstv. ráðh. ræddi um framleiðslusamvinnufélögin. Það er alveg rétt, þau eru þörf nýbreytni í íslensku atvinnulífi og í íslenskum atvinnurekstri. En það er aðeins nýtt eignarform á atvinnufyrirtækjum. Það lagfærir ekkert stöðu þeirra launþega sem fyrir eru í öðrum tegundum atvinnurekstrar. Framleiðslusamvinnufélögin eru góð út af fyrir sig gagnvart þeim sem þar starfa. En þau hafa engu breytt varðandi aðstöðu þess fólks t. d. sem starfar hjá einkafyrirtækjum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða öðrum slíkum. Þá hefur samvinnuhreyfingin t. d. veitt starfsmönnum sínum réttindi til að kjósa að mig minnir tvo starfsmenn samvinnufélagsskaparins til setu í stjórn SÍS. En þessir fulltrúar sitja þar við takmörkuð réttindi. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Þeir sitja þar ekki jafn réttháir og aðrir stjórnarmenn.

Hæstv. ráðh. kom einnig sérstaklega inn á það með réttu að ASÍ hefði ekki rætt þessi mál nægilega. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Hins vegar hefur Alþýðusambandið sett á stofn nefnd innan sinna vébanda til að fjalla um atvinnulýðræðismálin og stefnu Alþýðusambandsins í þeim efnum, í kjölfar þeirrar samþykktar 34. þings ASÍ sem hæstv. ráðh. vitnaði í hér áðan og er raunar prentuð sem fylgiskjal með frv. mínu. Ég hef rætt við nokkra fulltrúa í þeirri nefnd og komið á framfæri þeim upplýsingum sem ég hef um þessi mál. Eftir viðræður mínar við þá veit ég að a. m. k. þeir fulltrúar eru allir af vilja gerðir til þess að fá fram ákvarðanir fyrir hönd Alþýðusambandsins í því máli. Því það er einnig rétt hjá hæstv. félmrh. að nokkur ágreiningur er uppi innan Alþýðusambandsins um hvort rétt sé að leggja jafnmikla áherslu á atvinnulýðræðismálið og t. d. við Alþfl.-menn viljum gera.

Þá minntist hæstv. félmrh. á örtölvubyltinguna sem allt of lítil umræða hefur orðið um í samfélaginu. Ég vil taka undir þau viðvörunarorð sem hann lét falla í sambandi við þau mál. Ég óttast að menn fljóti sofandi að feigðarósi í þeim efnum. Þegar menn tala um tölvubyltingu hér á Íslandi er sú bylting í flestra hugum eitthvað í sambandi við almenn skrifstofustörf, bankastörf og annað þess háttar, vinnusparandi tæki á þeim vettvangi. Mesta byltingin í örtölvugerð hefur hins vegar úti í heimi orðið í sambandi við rekstur stórfyrirtækja, við stóriðju og alls konar fjöldaframleiðslu. Við höfum stóriðju hér á Íslandi þar sem er okkar fiskiðnaður. Það skyldi nú ekki vera að það yrðu ekki ýkja mörg ár þangað til örtölvubyltingin heldur innreið sína í íslenska stóriðju. Menn, sem eru fróðir um þessi mál, hafa gengið á fund þingflokks Alþfl. til að ræða sérstaklega við okkur um þessi mál og vara okkur við þeirri þróun sem þeir telja að sé á

næsta leiti. Þeir töldu að það væri e. t. v. ekki miklu lengra en 5—6 ár þangað til örtölvur tækju við ýmsum viðfangsefnum í fiskiðnaði, sem mannshöndin vinnur nú, t. d. við úrskurð á fiskflökum. Þeir töldu að ekki mundi líða á löngu þar til það gæti gerst. Og ég óttast að verkalýðshreyfingin og samfélagið í heild séu alls ekki við því búin að mæta þeirri fyrirsjáanlegu þróun, hvort sem sú umrædda bylting verður eftir 5 ár, 4 ár eða 6 ár. Hins vegar held ég að það sé svo stórt mál sem hæstv. félmrh. kom inn á að mjög vafasamt sé að það geti átt heima í þeirri löggjöf sem við erum að ræða um og takmarkast við meðákvörðunarrétt starfsfólks. Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því að menn fari að hugleiða viðbrögð okkar Íslendinga við þeim gífurlegu breytingum sem eru í aðsigi vegna örtölvubyltingarinnar. En ég er ekki sannfærður um að það stóra mál eigi að verða til að tefja frumvarpssmíði um meðákvörðunarrétt starfsfólks í fyrirtækjum. Þar er um að ræða málefni sem liggur nokkuð ljóst fyrir og hefur fengið mikla umfjöllun í samfélaginu og ætti ekki að taka mikinn tíma að ganga þannig frá að Alþingi geti lagt blessun sína yfir það.

Að lokum herra forseti, vil ég aðeins leyfa mér að þakka hæstv. félmrh. sérstaklega fyrir mjög jákvæðar undirtektir hans við þetta frv. Ég hygg að ég geti lýst því yfir fyrir hönd míns flokks að við séum mjög ánægð með það, ef hæstv. ráðh. vill verða við þeirri áskorun okkar að beita sér fyrir því að fela nefnd, eins og hann sagði sjálfur, ekki bara að fjalla um atvinnulýðræðismálin og reyna að ná samkomulagi um lausn þeirra, heldur að semja frumvarp um þau efni til að leggja fyrir hv. Alþingi.

Ég fagna því mjög að hæstv. félmrh. skuli fallast á þá niðurstöðu sem við óskuðum eftir í umræðum um málið á Alþingi hér í fyrra. Ég held að mér sé óhætt að lýsa því yfir fyrir hönd míns flokks að Alþfl. er reiðubúinn til samstarfs um slíka lausn á málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Alexander Stefánsson): Mér hefur borist bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varam. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Tryggvi Gunnarsson, skipstjóri á Vopnafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Sverrir Hermannsson,
4. þm. Austurl.

Til forseta Nd."

Tryggvi Gunnarsson hefur átt sæti á Alþingi og þarf ekki að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Söluskattur, frv. (þskj. 80). — 1. umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. til l. á þskj. 80 um breytingu á lögum nr. 10 frá 1960, um söluskatt, með síðari breytingum, en frv. þetta flytjum við Ingólfur Guðnason. Það hljóðar þannig:

„Við 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og tiltekur gögn er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. því þetta er gamall kunningi, en þó í nokkuð breyttri mynd. Það verður ekki deilt um að það er mjög óeðlilegt að ríkið hagnist á söluskatti af þeim kostnaði sem sveitarfélög verða fyrir vegna snjómoksturs eða annarra óþæginda af náttúruöflunum. Þessi skattheimta kemur mjög ójafnt niður á sveitarfélögin. Það verður ekki séð að það sé sæmandi að nota erfiðleika einstakra sveitarfélaga, sem skapast vegna ótíðar, sem tekjustofn fyrir ríkissjóð. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er nokkuð reynt að jafna ýmis skilyrði til búsetu hvar sem er á landinu.

Ég sagði að þetta frv. væri með nokkrum hætti gamall kunningi. Þetta mál hefur verið til umr. hvað eftir annað hér í þinginu. Á 104. löggjafarþingi kom fram frv. um endurgreiðslu söluskatts af snjómokstri af götum í þéttbýli. Flm. þess voru hv. þm. Hannes Baldvinsson og Skúli Alexandersson. Það frv. náði ekki fram að ganga, m. a. vegna þess að mönnum sýndist það ganga of skammt þar sem einungis var fjallað um snjómoksturinn í þéttbýlinu. Hv. þm. Þorvaldur Garðar hefur flutt frv. svipaðs eðlis og margir hafa komið auga á þennan vanda. Hér er sem sagt lagt til að þetta verði leyst í einni lotu og þessi heimild fengin fyrir snjómokstur sveitarfélaga hvar sem er á landinu. Ég tel að það sé engin goðgá að fara fram á að sveitarfélögin öll sitji við sama borð.

Ég vil geta þess að ég tel að hæstv. fjmrh. sé málinu hlynntur, a. m. k. vildi hann kenna mér um það í fyrra að málið náði ekki fram að ganga. Það er mesti misskilningur því ég get vitnað til umr. um að mér þótti málið gott og nauðsynlegt, þó að ég liti hins vegar svo á að í þeim búningi sem málið er í núna sé það ennþá betra. Ég vona bara að menn geti, bæði allir flm. svipaðra mála og svo þeirra flokksbræður, sameinast um þetta sanngirnismál.

Hannes Baldvinsson: Herra forseti. Mér er það nokkurt ánægjuefni að eiga þess kost hér að lýsa yfir stuðningi við þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. Það munu líklega vera orðin ein 7 ár síðan ég fyrst hreyfði við þessu máli á Alþingi og vakti athygli á því misrétti sem gerð er tilraun til að leiðrétta með þessu frv. Er þetta kannske sýnishorn af því að afgreiðsla góðra mála getur oft og tíðum tekið nokkuð langan tíma í þessari stofnun.

Mér sýnist að þó muni komið að nokkrum málalokum með því að nú hefur það gerst, að þeir tveir menn sem raunverulega hindruðu að þetta mál fengi endanlega afgreiðslu á síðasta löggjafarþingi hafa nú tekið málið upp á arma sína og gerst flm. að því. Hv. 1. flm. Páll Pétursson lagðist gegn þessu frv. einn manna í umr. sem fram fóru um hliðstætt frv. á Alþingi fyrir tæpu ári og síðan gerðist það, að félagi hans úr kjördæminu, sem sæti átti í þeirri nefnd sem fjallaði um frv., hindraði að frv. fengi endanlega afgreiðslu eins og það var þá flutt af mér og Skúla Alexanderssyni. Það er reyndar rétt, að fleiri þm. hafi látið í ljós áhuga á að þessi leiðrétting næði fram að ganga, m. a. hv. þm. Þorvaldur Garðar, sem hafði

einnig tekið þetta mál hér upp, en eins og ég segi eru 7 ár síðan ég hreyfði fyrst við þessu máli hér á þinginu og vakti athygli á að þarna væri nauðsynlegt að fram færi lagfæring.

Fyrirsláttur framsögumanns um að þetta frv. sé gjörólíkt því sem hér var flutt fyrir tæpu ári er auðvitað ekki marktækur, því að sú breyting sem hann hefur gert á frv. sem þá var flutt er að fella niður eina forsetningu, eitt atviksorð og tvö nafnorð. Það er nú öll stóra breytingin sem Páll hefur gert. Síðan kemur hann hér og flytur þetta frv. sem sitt málefni ásamt þeim manni sem aðstoðaði hann við að hindra framgang þess í fyrra.

Mér er að vísu ekki svo kunnugt um vinnubrögð á hv. þingi að ég geti um það dæmt hvort hér sé um algengar aðferðir að ræða. Mér er þó nær að halda að svo sé ekki. Ég á t. d. ekki von á að aðrir þm. úr kjördæmi okkar Páls taki nú upp þann hátt að leggjast gegn framgangi þessa máls til þess að taka það upp í sínu eigin nafni og reyna að koma því svoleiðis í gegn. Ég efast um að þau vinnubrögð tíðkist hér þó að hv. þm. Páll Pétursson hafi nú notað þessa aðferð. Mér er reyndar nær að halda að þetta hugmyndahnupl hv. þm. stafi af málefnafátækt og athafnaleysi þm., sem núna er að reyna að verma sitt grey við annan eld. En ef sú tilgáta mín er rétt vil ég leyfa mér að nota þetta tækifæri, af því að ég mun hverfa af þingi eftir að þessum fundi er lokið, til að vekja athygli hv. þm. á verkefni sem vissulega bíður hans og félaga hans úr kjördæminu fyrir norðan og reyndar úr eystra kjördæminu líka.

Ég hef lagt fram á þinginu fyrirspurn, sem mér gefst ekki kostur á að fylgja eftir, og ég vil fela Páli það verkefni að fylgja eftir þessari fsp., sem nú liggur fyrir, og það er algjörlega reiðilaust af minni hendi að hann leggi sig allan fram um að vinna að úrlausn þeirra vandamála sem þar er fjallað um. Þessi fsp. mín fjallar um hugsanlegan bótarétt þeirra aðila á Siglufirði sem hvað eftir annað hafa orðið fyrir verulegu tjóni af völdum náttúruhamfara og veðragangs — og reyndar miklu víðar en á Siglufirði í síðasta veðraham, sem gekk yfir landið þann 16. nóv. s. l.

Rannsóknir og athuganir hafa leitt í ljós að varðandi tjón það sem varð í Siglufirði 16.—18. ág. s. l. af völdum aurskriðufalla, tjón sem varð í Siglufirði 26. okt. af völdum óveðurs og tjón sem varð á Siglufirði og miklu víðar í því kjördæmi og einnig í Norðurlandskjördæmi eystra, það gildir það sama um þessi tjón, að það eru ákaflega hæpnar líkur á að þeir aðilar, hvort heldur einstaklingar, félög eða bæjarfélög, sem þarna hafa orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni, eigi nokkurn bótarétt samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru í landinu.

Alþingi hefur að vísu fjallað um þessi vandamál. M. a. voru á síðasta þingi samþykkt lög um Viðlagatryggingu Íslands þar sem gert er ráð fyrir að tjón af því tagi, sem hafa orðið að undanförnu, verði gerð bótaskyld. En það er sá hængur á þessum lögum að þau taka ekki gildi fyrr en um næstu áramót, þannig að tjón sem verða á því tímabili, sem líður frá því að lögin voru samþykkt og þangað til þau taka gildi, falla að öllum líkindum niður sem bótaskyld. Ef í ljós kemur, og það mun koma í ljós í svari hæstv. félmrh., að þessi tjón séu ekki bótaskyld, þá verður hv. þm. Páll Pétursson og væntanlega Alþingi allt að taka ákvörðun um hvernig með þessi mál skuli fara. Það liggur fyrir viljayfirlýsing um að bæta þessi tjón í framtíðinni, en á þeim tíma sem líður frá því að lögin voru samþykkt og þangað til þau öðlast gildi geta orðið tjón og ekkert liggur fyrir um hvernig með þau tjón skuli farið. Mér sýnist að þarna muni hugsanlega verða ærið verk fyrir hv. þm. Pál Pétursson að vinna og ég vil sem sagt nota þetta tækifæri til að gefa honum leyfi og biðja hann um að fylgja eftir því máli sem ég hef hreyft með fyrirspurn minni til hæstv. félmrh.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að lýsa þeirri skoðun minni, að tjón þau sem ég hef gert hér að umræðuefni og sem minnst er á í margnefndri fsp. minni eru ef til vill sá skattur sem við Íslendingar verðum að greiða fyrir að búa í harðbýlu, en gjöfulu landi. Þennan skatt á þjóðin öll að sameinast um að greiða, en ekki þeir einstaklingar, bæjarfélög eða fyrirtæki sem verða fyrir barðinu á veðurguðunum og náttúruhamförum hverju sinni samkvæmt ófyrirsjáanlegum tilviljunum.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna hinnar einkennilegu ræðu sem hv. þm. Hannes Baldvinsson var að enda við að flytja áðan.

Ég vil byrja á að þakka honum stuðning við málið, en ég vil hins vegar benda honum á að hann fer með rangt mál er hann segir að ég hafi hindrað framgang þess í fyrra. Ég verð, með leyfi forseta, að fá að lesa örfáar línur úr ræðu sem ég flutti í umr. í fyrra. Þá sagði ég, herra forseti:

„Ég held að hér sé um gott og réttmætt mál að ræða. Það er bágt að afla ríkistekna með þeim hætti að einbeita sér að harðindaplássum sem verða fyrir sérstökum útgjöldum vegna snjóþyngsla.“ Síðar í sömu ræðu sagði ég: „En allt um það. Ég held að þetta sé gott mál, og ég vil gjarnan fyrir mitt leyti stuðla að því að þetta mál nái fram að ganga, svo framarlega sem hæstv. fjmrh. leggur ekki stein í götu frv.“

En ég hafði í millitíðinni bent á að þarna væri ennþá eðlilegra að hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds flytti málið sem stjórnarfrumvarp en varamaður hans flytti það.

Frumvarpið var hins vegar ekki í hinum fullkomnasta búningi hjá hv. þm. Hannesi Baldvinssyni og þó að hann segi að ég hafi ekki fellt út úr sínu frv. nema eitthvað af forsetningum, atviksorðum og nafnorðum, þá geta þau skipt máli því það skiptir dálitlu í texta hvernig orðunum er raðað og hversu mörg þau eru.

Ég læt mér í léttu rúmi liggja tal hans um ónytjungshátt minn eða hugmyndahnupl. Mér hefur hins vegar tekist að endurbæta stórgáfulega hugmynd frá sjálfum Hannesi Baldvinssyni og er bara stoltur af.

Ég þakka jafnframt hv. þm. Hannesi Baldvinssyni fyrir að hreyfa réttmætu nauðsynjamáli á Alþingi varðandi viðlagatrygginguna. Við vorum að enda við að ræða við forráðamenn sveitarfélaga að norðan, sem greinilega höfðu fengið sömu hugmynd og hv. þm. Hannes Baldvinsson. Veit ég ekkert hver stal af hverjum eða hvort menn eru almennt svona vel vakandi, en ég skal styðja að því að þessi hugmynd nái fram að ganga því hún er réttmæt líka og raunar sjálfsögð. Að vísu þykist ég eiga nokkuð undir mér hér á hv. Alþingi, en ég hefði haldið að ennþá öflugra væri ef hv. þm. Hannes Baldvinsson hefði beðið hæstv. fjmrh. að leggjast á eina sveif með mér. Ég þakka honum það traust sem hann sýnir mér er hann biður mig að fylgja eftir fsp. sinni, en vil jafnframt biðja hann að tryggja stuðning hæstv. fjmrh. við málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 22. nóv.

Undanþágur til skipstjórnar.

Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um undanþágur til skipstjórnar, á þskj. 71, sent fyrirspyrjanda 16. nóv., útbýtt 22. nóv.

Veittar undanþágur til skipstjórnar á tímabilinu 1. janúar 1981 — 10. nóvember 1982.

Vesturlandskjördæmi: 39 undanþágur til 21 manns á 21 bát.
Vestfjarðakjördæmi: 45 undanþágur til 27 manna á 23 bátum.
Norðurlandskjördæmi vestra: 11 undanþágur til 7 manna á 6 bátum.
Norðurlandskjördæmi eystra: 36 undanþágur til 20 manna á 20 bátum.
Austurlandskjördæmi: 7 undanþágur til 7 manna á 7 bátum.
Suðurlandskjördæmi: 29 undanþágur til 20 manna á 18 bátum.
Reykjaneskjördæmi: 55 undanþágur til 32 manna á 37 bátum.
Reykjavíkurkjördæmi: 7 undanþágur til 7 manna á 7 bátum.

Vesturlandskjördæmi.

Frá ársbyrjun 1981 til 10. nóvember 1982 voru 21 einstaklingi veittar 39 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu.

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 2
Bátar 51—100 BRL voru talsins 12
Bátar 101—200 BRL voru talsins 6
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 1

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Sigurður Valdimarsson Ólafsvík	Sigurvík SH-117	66/62/21	08.01.81—01.06.81
Jón Dalbú Ágústsson Stykkishólmi	Baldur	193/140/102	12.01.81—31.12.82
Víkingur Halldórsson Ólafsvík	Jón Jónsson SK-187	141/130/56	13.01.81—01.06.81
Ríkharð Magnússon Ólafsvík	Gunnar Bjarnason SH-25	177/154/73	13.01.81—01.10.81
Óli Björn Gunnarsson Ólafsvík	Fróði SH-15	143/125/52	13.01.81—01.06.81
Gísli Jónsson Stykkishólmi	Smári SH-221	63/58/16	14.01.81—01.07.81
Sigurjón Helgason Stykkishólmi	Örn SH-248	88/80/33	14.01.81—31.12.81
Pétur F. Karlsson Ólafsvík	Jói á Nesi SH-150	57/52/18	26.01.81—01.01.82
Þorgrímur Benjamínsson Ólafsvík	Skálavík SH-208	45/39/14	03.02.81—01.07.81
Brynjar Ólafsson Grundarfirði	Framfari SH-42	101/89/30	05.02.81—31.12.81
Haraldur Guðmundsson Ólafsvík	Hringur SH-277	71/63/24	06.02.81—31.12.81
Ríkharður Magnússon Ólafsvík	Gunnar Bjarnason SH-25	177/154/73	23.02.81—31.12.81
Gísli Jónsson Stykkishólmi	Andri SH-21	64/57/19	05.05.81—31.12.81
Sigurjón Helgason Stykkishólmi	Haförn SH-122	88/80/33	05.05.81—31.12.81
Jóhannes Jóhannesson Ólafsvík	Greipur SH-7	74/65/22	20.05.81—01.10.81
Guðmundur Jóhannsson Grundarfirði	Lundi SH-1	52/48/16	29.05.81—31.07.81
Þorgrímur M. Benjamínsson Ólafsvík	Skálavík SH-208	45/39/14	04.09.81—01.06.82

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Jóhannes Jóhannesson Ólafsvík	Greipur SH-7	74/65/22	11.11.81—31.12.82
Eggert Björnsson Stykkishólmi	Gísli Gunnarsson SH-5	12/9/8	23.11.81—31.12.81
Ríkharður Magnússon Ólafsvík	Gunnar Bjarnason SH-25	177/154/73	13.01.82—01.07.82
Jóhannes Jóhannesson Ólafsvík	Greipur SH-7	74/65/22	13.01.82—31.12.82
Bergsveinn Jóhannesson Ólafsvík	Sigurvík SH-117	66/62/21	14.01.82—01.07.82
Pétur F. Karlsson Ólafsvík	Jói á Nesi SH-159	57/52/18	19.01.82—01.07.82
Jón Snorrason Grundarfirði	Grundfirðingur II SH-124	54/49/14	19.02.82—01.06.82
Jón Dalbú Ágústsson Stykkishólmi	Baldur	193/140/102	24.02.82—31.12.82
Haraldur Guðmundsson Ólafsvík	Hringur SH-277	71/63/24	06.05.82—31.12.82
Steinþór Guðlaugsson Ólafsvík	Guðlaugur Guðmundsson SH-97	160/124/57	14.05.82—31.12.82
Óli Björn Gunnarsson Ólafsvík	Haffari SH-275	230/204/73	17.05.82—01.10.82
Bergsveinn Jóhannesson Ólafsvík	Sigurvík SH-117	66/62/21	21.05.82—31.12.82
Jóhannes Jóhannesson Ólafsvík	Greipur SH-7	74/65/22	09.06.82—31.12.82
Óðinn Kristmundsson Ólafsvík	Greipur SH-7	74/65/22	13.07.82—31.12.82
Gísli Berg Jónsson Stykkishólmi	Smári SH-221	63/58/16	19.08.82—31.12.82
Sigurður B. Jónsson Ólafsvík	Jói á Nesi SH-159	57/52/18	07.09.82—20.09.82
Guðmundur Svavarsson Ólafsvík	(Lómur SH-177) (Sif HU-39)	69/65/20	22.09.82—01.07.83
Sigurjón Helgason Stykkishólmi	Haförn SH-122	88/80/33	09.09.82—31.12.82
Jón Dalbú Ágústsson Stykkishólmi	Baldur	193/140/102	30.09.82—01.07.83
Óli Björn Gunnarsson Grundarfirði	Haffari SH-275	230/204/73	27.10.82—31.12.82
Sólbjartur Júlíusson Ólafsvík	Fróði SH-15	143/125/52	08.11.82—11.06.83
Gísli B. Jónsson Stykkishólmi	Smári SH-221	63/58/16	20.01.82—01.07.82

Vestfjarðakjördæmi.

Frá ársbyrjun 1981 til 10. nóvember 1982 voru 27 einstaklingum veittar 45 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu.

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 7
Bátar 51—100 BRL voru talsins 11
Bátar 101—200 BRL voru talsins 3
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 2

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Ástvaldur Pétursson Hólmavík	Jón Pétur ST-21	63/57/16	02.01.81—01.07.81
Sigurður Vilhjálmsson Hólmavík	Skagaröst ST-34	69/65/18	02.01.81—01.07.81

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Benedikt S. Pétursson Hólmavík	Ásbjörg ST-9	47/43/15	02.01.81—01.07.81
Svavar Pétursson Hólmavík	Freydís ÓF-60	51/47/15	02.01.81—01.07.81
Jón G. Pétursson Ísafirði	Guðný ÍS-226	75/62/23	07.01.81—01.06.82
Sigurhjörtur Jónsson Ísafirði	Víkingur III ÍS-280	149/132/59	07.01.81—01.06.82
Guðmundur Njálsson Flateyri	Sif ÍS-225	83/72/30	13.01.81—01.06.82
Jón B. Andrésson Þingeyri	Framnes ÍS-608	137/122/46	13.01.81—01.06.82
Óskar Pétursson Ísafirði	Eiríkur Finnsson ÍS-26	61/53/18	13.01.81—01.06.82
Hörður S. Bjarnason Hólmavík	Guðbjörg ST-17	68/58/19	13.01.81—01.06.82
Reynir Gunnarsson Þingeyri	Hamraborg GK-35	39/36/13	16.01.81—01.06.81
Guðmundur Rúnar Einarsson Bíldudal	Snæberg BA-35	45/40/14	28.01.81—31.12.81
Benedikt S. Pétursson Hólmavík	Ásbjörg ST-9	47/43/15	13.05.81—01.10.81
Svavar Pétursson Hólmavík	Sigurbjörg KE-14	65/61/26	18.05.81—31.12.81
Ingvar Pétursson Hólmavík	Skagaröst ST-34	69/65/18	09.09.81—01.06.82
Óskar Pétursson Ísafirði	Morgunstjarnan ÍS-87	61/53/18	07.10.81—15.05.82
Benedikt S. Pétursson Hólmavík	Ásbjörg ST-9	47/43/15	27.10.81—01.06.82
Eggert Jónsson Flateyri	Ásgeir Torfason ÍS-916	87/78/26	27.10.81—01.06.82
Jón B. Andrésson Þingeyri	Framnes ÍS-608	137/122/46	29.10.81—31.12.81
Kristinn Guðjónsson Patreksfirði	Vestri BA-63	204/186/84	02.11.81—01.10.82
Guðmundur Rúnar Einarsson Bíldudal	Snæberg BA-35	45/40/14	03.11.81—31.12.82
Guðjón Indriðason Tálknafirði	Núpur BA-4	182/134/65	28.12.81—01.10.82
Þórður Sigurðsson Þingeyri	Hamraborg GK-35	39/36/13	28.12.81—01.06.82
Ástvaldur Pétursson Hólmavík	Jón Pétur ST-21	63/57/16	29.12.81—01.06.82
Ingvar Pétursson Hólmavík	Skagaröst ST-34	69/65/18	11.01.82—01.07.82
Sveinbjörn Ragnarsson Bolungarvík	Halldóra Jónsdóttir ÍS-99	51/49/18	11.01.82—11.07.82
Theódór R. Theódórsson Ísafirði	Guðrún Jónsdóttir ÍS-267	34/33/16	11.01.82—01.07.82
Sigurhjörtur Jónsson Ísafirði	Víkingur III ÍS-280	149/132/59	11.01.82—01.07.82
Jón G. Pétursson Ísafirði	Guðný ÍS-266	75/62/23	11.01.82—01.07.82
Árni Þorgilsson Súðavík	Sigrún ÍS-113	38/37/12	12.01.82—01.07.82
Jón B. Andrésson Þingeyri	Framnes ÍS-608	137/122/46	15.01.82—01.07.82
Óðinn Vermundsson Hólmavíkurhreppi	Sigurbjörg KE-14	65/61/26	11.02.82—01.07.82
Arnar Guðmundsson Bíldudal	Sæberg BA-35	45/40/14	04.03.82—01.06.82

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Ingvar Pétursson Hólmavík	Skagaröst ST-34	69/65/18	05.05.82—31.12.82
Benedikt S. Pétursson Hólmavík	Ásbjörg ST-9	47/43/15	14.05.82—31.12.82
Árni Þorgilsson Súðavík	Sigrún ÍS-113	38/37/12	21.05.82—31.12.82
Svavar Pétursson Hólmavík	Sigrún KE-14	65/62/26	25.05.82—31.12.82
Jón G. Guðmundsson Ísafirði	Hamraborg GK-35	39/36/13	02.06.82—01.10.82
Theódór Magnússon Hólmavík	Stefnir ST-150	36/34/12	03.06.82—31.12.82
Guðmundur Sigurðsson Ísafirði	Sigurður Þorkelsson ÍS-200	23/21/9	28.06.82—01.10.83
Kristinn J. Guðjónsson Patreksfirði	Vestri BA-63	204/186/84	14.07.82—13.07.83
Jón B. Andrésson Þingeyri	Framnes ÍS-708	407/276/175	16.07.82—31.12.82
Guðjón Indriðason Tálknafirði	Núpur BA-4	182/134/65	20.08.82—01.07.83
Gísli Skarphéðinsson Ísafirði	Víkingur III ÍS-280	149/132/59	27.08.82—31.12.82
Ástvaldur Pétursson Hólmavík	Jón Pétur ST-21	63/57/16	29.09.82—01.07.83

Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá ársbyrjun 1981 til 10. nóvember 1982 voru 7 einstaklingum veittar 11 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu.

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 3
Bátar 51—100 BRL voru talsins 2
Bátar 101—200 BRL voru talsins 1
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 0

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Daníel Pétursson Hvammstanga	Glaður HU-67	43/36/11	05.01.81—31.12.81
Oddgeir Þorsteinsson Hvammstanga	Sif HU-39	69/65/20	07.01.81—31.12.81
Guðmundur Svavarsson Hofsósi	Hafsúlan RE-77	37/31/12	12.05.81—01.12.81
Oddgeir Þorsteinsson Hvammstanga	Siglunes SH-22	101/85/31	25.05.81—31.12.81
Ólafur Gunnarsson Siglufirði	Guðrún Jónsdóttir SI-155	48/44/11	16.09.81—31.12.81
Oddgeir Þorsteinsson Hvammstanga	Siglunes SH-22	101/85/31	07.01.82—31.12.82
Daníel Pétursson Hvammstanga	Glaður HU-67	43/36/11	08.01.82—01.07.82
Haukur Jónsson Siglufirði	Guðrún Jónsdóttir SI-155	48/44/11	18.01.82—31.12.82
Bergur Garðarsson Siglufirði	Gissur hvíti ÓF-50	71/67/18	27.08.82—31.12.82
Haukur Jónsson Siglufirði	Guðrún Jónsdóttir SI-155	48/44/11	07.09.82—31.12.82
Páll Kristjánsson Siglufirði	Gissur hvíti ÓF-50	71/67/18	10.11.82—01.07.83

Norðurlandskjördæmi eystra.

Frá ársbyrjun 1981 til 10. nóvember 1982 voru 20 einstaklingum veittar 36 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu.

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 9
Bátar 51—100 BRL voru talsins 8
Bátar 101—200 voru talsins 2
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 1

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Hreiðar Olgeirsson Húsavík	Kristbjörg ÞH-44	45/43/15	02.01.81—01.06.82
Aðalgeir Olgeirsson Húsavík	Skálaberg ÞH-244	37/31/11	02.01.81—01.06.82
Ingvar Guðmundsson Litla-Árskógssandi	Arnþór EA-16	53/48/22	06.01.81—01.06.81
Valdimar Kjartansson Hauganesi	Auðbjörg EA-22	47/43/15	06.01.81—31.12.81
Björgvin Gunnlaugsson Dalvík	Otur EA-162	23/21/7	13.01.81—01.06.81
Anton Guðlaugsson Dalvík	Haraldur EA-62	64/55/18	13.01.81—01.06.81
Guðmundur Hólm Svavarsson Sauðárkróki	Hafsúlan RE-77	37/31/12	16.01.81—01.01.81
Snorri Snorrason Dalvík	Dalborg EA-317	262/197/109	23.02.81—31.12.81
Guðjón Jóhannesson Grenivík	Áskell ÞH-48	73/66/18	21.05.81—31.12.81
Sigurður Tryggvi Konráðsson Árskógssandi	Gullfaxi SH-125	73/59/21	22.05.81—01.10.81
Sævar Sigurðsson Akureyri	Brimnes EA-14	149/131/56	05.08.81—31.12.81
Marinó Jónsson Þórshöfn	Valur ÍS-89	9/7/3	28.09.81—31.12.81
Einar Ingi Einarsson Akureyri	Drangur	176/123/100	15.12.81—01.05.82
Guðmundur Hólm Svavarsson Sauðárkróki	Richard SK-77	91/88/29	04.01.82—31.12.82
Ármann Stefánsson Akureyri	Rán AK-34	58/51/20	05.01.82—31.12.82
Anton Gunnlaugsson Dalvík	Haraldur EA-62	64/55/18	08.01.82—01.07.82
Sævar Sigurðsson Akureyri	Brimnes EA-14	149/131/56	08.01.82—01.07.82
Árni Björnsson Dalvík	Otur EA-162	23/21/7	08.01.82—01.07.82
Snorri Snorrason Dalvík	Dalborg EA-317	262/197/109	08.01.82—01.07.82
Marinó Jónsson Þórshöfn	Valur ÍS-89	9/7/3	28.09.82—31.12.82
Ingvar Guðmundsson Árskógssandi	Arnþór EA-16	53/48/22	11.01.82—01.07.82
Guðjón Jóhannesson Grenivík	Áskell ÞH-48	73/66/18	14.01.82—01.07.82
Aðalgeir Olgeirsson Húsavík	Skálaberg ÞH-244	37/31/11	14.01.82—01.07.82
Hreiðar Olgeirsson Húsavík	Kristbjörg ÞH-44	45/43/15	15.01.82—01.07.82
Valdimar Kjartansson Dalvík	Auðbjörg EA-22	47/43/15	19.01.82—01.07.82
Sævar Steingrímsson Sauðárkróki	Týr SK-33	37/34/12	04.03.82—01.10.82

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Einar Ingi Einarsson Akureyri	Drangur	176/123/100	13.05.82—01.08.82
Agnar Indriðason Raufarhöfn	Richard SK-77	91/80/29	21.05.82—01.10.82
Guðjón Jóhannesson Grenivík	Áskell ÞH-48	73/66/18	24.05.82—31.12.82
Aðalgeir Bjarnason Húsavík	Björg Jónsdóttir ÞH-321	76/70/20	01.06.82—01.09.82
Sigurjón Sigurbjörnsson Húsavík	Fanney ÞH-130	22/20/7	03.06.82—06.08.82
Sævar Sigurðsson Akureyri	Brimnes EA-14	149/131/56	14.06.82—31.12.82
Sveinn Gunnlaugsson Árskógssandi	Sæþór EA-101	45/42/15	15.06.82—01.10.82
Björgvin Gunnlaugsson Dalvík	Otur EA-162	23/21/7	15.05.82—31.12.82
Anton Guðlaugsson Dalvík	Haraldur EA-62	64/55/18	10.09.82—31.12.82
Agnar Indriðason Akureyri	Sænes EA-26	91/80/29	18.10.82—31.12.82

Austurlandskjördæmi.

Frá ársbyrjun 1981 til 10. nóvember 1982 voru 7 einstaklingum veittar 7 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu.

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 3
Bátar 51—100 BRL voru talsins 1
Bátar 101—200 BRL voru talsins 1
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 2

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Jóhann Árnason Fáskrúðsfirði	Tjaldur SU-115	17/15/5	07.01.81—31.12.81
Birgir Ingvarsson Bakkafirði	Þorkell Björn ÞH-66	15/13/4	07.04.81—01.10.81
Njáll Torfason Tálknafirði	Freydís ÓF-60	51/47/15	11.05.81—31.12.81
Kristján Garðarsson Fáskrúðsfirði	Guðmundur Kristinn SU-404	229/194/89	08.03.82—01.07.82
Eiður Sveinsson Fáskrúðsfirði	Sunnutindur SU-59	298/210/109	11.05.82—01.10.82
Skafti Ottesen Breiðdalsvík	Andey SU-150	123/106/43	12.05.82—01.10.82
Kristinn Pétursson Bakkafirði	Fálkinn NS-325	30/27/8	10.09.82—31.12.82

Suðurlandskjördæmi.

Frá ársbyrjun 1981 til 10. nóvember 1982 voru 20 einstaklingum veittar 29 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu:

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 4
Bátar 51—100 BRL voru talsins 3
Bátar 101—200 BRL voru talsins 8
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 3

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Jón Ólafsson Þorlákshöfn	Jóhann Friðrik ÁR-17	126/119/56	06.01.81—31.05.81
Ragnar Jónsson Eyrarbakka	Skálavík ÁR-185	45/44/21	08.01.81—31.12.81
Einar Ólafsson Vestmannaeyjum	Kap. 2. VE-4	335/286/179	13.01.81—31.06.81

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Þorvaldur Garðarsson Þorlákshöfn	Sæunn Sæmundsdóttir ÁR-60	148/134/64	14.08.81—aðeins í sigl. til Esbjerg
Gylfi Jónsson Selfossi	Ögmundur ÁR-3	157/142/64	24.01.81—01.06.81
Hafsteinn Sigurðsson Vestmannaeyjum	Jökull VE-15	35/32/10	28.01.81—01.06.81
Einar Axelsson Selfossi	Arnar ÁR-55	187/163/77	13.02.81—01.05.81
Einar Pálsson Vestmannaeyjum	Draupnir VE-550	73/64/24	27.02.81—01.06.81
Haraldur Traustason Vestmannaeyjum	Sjöstjarnan VE-92	54/53/22	09.09.81—01.06.81
Matthías Ingibergsson Vestmannaeyjum	Þórir VE-16	68/62/26	25.03.81—01.06.81
Baldur Birgisson Stokkseyri	Jósef Geir ÁR-36	47/43/15	18.08.81—31.12.81
Þorvaldur Garðarsson Þorlákshöfn	Sæunn Sæmundsdóttir ÁR-60	148/134/64	28.12.81—01.07.82
Bjarnfinnur Ragnar Jónsson, Eyrarbakka	Skálavík ÁR-185	45/44/21	30.12.81—31.12.82
Kári Böðvarsson Þorlákshöfn	Klængur ÁR-2	184/159/76	11.01.82—01.07.82
Einar Ólafsson Vestmannaeyjum	Kap VE-4	335/286/179	11.01.82—01.07.82
Helgi Ingvarsson Eyrarbakka	Ögmundur ÁR-3	157/142/64	13.01.82—01.07.82
Baldur Birgisson Stokkseyri	Jósef Geir ÁR-36	47/43/15	03.02.82—01.07.82
Tómas Karlsson Stokkseyri	Hólmsteinn ÁR-27	54/49/14	09.02.82—01.06.82
Hafsteinn Sigurðsson Vestmannaeyjum	Jökull VE-15	35/32/10	11.02.82—01.06.82
Einar Pálsson Vestmannaeyjum	Draupnir VE-550	73/64/24	16.02.82—01.06.82
Haraldur Traustason Vestmannaeyjum	Sjöstjarnan VE-92	54/53/22	16.02.82—01.06.82
Baldur Birgisson Stokkseyri	Jósef Geir ÁR-36	47/43/15	21.05.82—31.12.82
Tómas Karlsson Stokkseyri	Njörður ÁR-38	105/96/40	21.05.82—31.12.82
Halldór Rafn Ottósson Þorlákshöfn	Jón á Hofi ÁR-62	276/210/100	24.05.82—31.12.82
Guðmundur Hjaltason Höfn	Bjarni Gíslason SF-90	101/87/42	03.06.82—01.08.82
Esjar Stefánsson Höfn	Kári VE-95	101/87/40	28.06.82—01.10.82
Einar Ólafsson Vestmannaeyjum	Kap VE-4	335/286/179	03.08.82—01.01.83
Jóhann Alfreðsson Þorlákshöfn	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/204/98	10.09.82—01.06.83
Sigurður Bjarnason Þorlákshöfn	Jóhann Friðrik Ár-17	126/119/56	14.09.82—31.12.82

Reykjaneskjördæmi.

Frá ársbyrjun 1981 til 10 nóvember 1982 voru 32 einstaklingum veittar 55 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu.

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 10
Bátar 51—100 BRL voru talsins 13
Bátar 101—200 BRL voru talsins 9
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 5

Undanþágur:

Nafn:	**Bátur:**	**Stærð:**	**Tímabil:**
Pétur Guðjónsson Grindavík	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	194/132/83	21.01.81—01.06.81
Guðmundur I. Ágústsson Vogum	Ágúst Guðmundsson GK-95	100/94/34	21.01.81—31.01.81
Þórhallur Frímannsson Garði	Þorkell Árnason GK-21	65/51/20	20.01.81—01.06.81
Jón Ásgeirsson Grindavík	Þórkatla GK-197	198/171/75	05.01.81—30.05.81
Eiríkur Ólafsson Hafnarfirði	Edda HU-35	38/33/11	07.01.81—01.06.81
Magnús H. Guðmundsson Garði	Keilir GK-24	56/52/18	12.01.81—31.12.81
Örn Einarsson Njarðvík	Pétur Ingi KE-32	207/183/80	13.01.81—01.06.81
Þórlindur Jóhannesson Keflavík	Hafborg KE-99	54/50/21	26.01.81—01.01.82
Valur Gunnarsson Höfnum	Arnarborg KE-26	71/67/20	28.01.81—01.06.81
Guðmundur Haraldsson Grindavík	Búðanes GK-101	146/134/61	29.01.81—01.07.81
Georg Valentínusson Keflavík	Jóhannes Jónsson KE-79	56/56/25	03.02.81—31.12.81
Jón Sigvaldason Njarðvík	Reynir GK-177	104/93/49	09.02.81—31.12.81
Guðjón Gíslason Sandgerði	Elliði GK-445	147/128/59	09.02.81—31.12.81
Birgir Vigfússon Seltjarnarnesi	Tollbáturinn Valur	23/19/15	20.02.81—31.12.81
Sigurpáll Aðalgeirsson Grindavík	Ólafur GK-33	36/36/14	02.03.81—31.12.81
Guðni Pálsson Keflavík	Seifur ÞH-265	22/19/7	03.03.81—15.04.81
Björn Sigtryggsson Hafnarfirði	Björn í Vík SH-45	62/56/19	04.03.81—31.12.81
Jón Ásgeirsson Grindavík	Þórkatla GK-197	198/171/75	21.05.81—31.12.81
Garðar Kjartansson Keflavík	Bergþór KE-5	56/51/17	22.05.81—01.10.82
Gerðar Þórðarson Keflavík	Keilir GK-24	56/52/18	29.05.81—01.09.81
Pétur Guðjónsson Grindavík	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	194/132/83	29.05.81—01.06.82
Kristbjörn Þórarinsson Garðabæ	Arnarborg KE-26	71/67/20	21.09.81—01.06.82
Jón Oddgeir Baldursson Grindavík	Þorbjörn GK-540	74/68/20	30.09.81—31.12.82
Þórlindur Jóhannsson Keflavík	Hafborg KE-99	54/50/21	14.10.81—01.06.82
Steinþór Þorleifsson Grindavík	Sigurþór GK-43	35/34/12	28.12.81—31.12.82
Örn Einarsson Njarðvík	Pétur Ingi KE-32	207/183/80	14.01.82—31.12.82

Undanþágur:

Nafn:	Bátur:	Stærð:	Tímabil:
Jón Ásgeirsson Grindavík	Þórkatla GK-97	198/171/75	15.01.82—31.12.82
Þórlindur Jóhannsson Keflavík	Hafborg KE-99	54/50/21	18.01.82—31.12.82
Pétur Pálsson Grindavík	Fjölnir GK-17	152/135/60	20.01.82—01.06.82
Guðjón Gíslason Sandgerði	Elliði GK-445	147/128/59	20.01.82—01.07.82
Gísli Guðmundsson Kópavogi	Jóhanna Magnúsdóttir RE-74	62/54/18	21.01.82—31.12.82
Sigurpáll Aðalgeirsson Grindavík	Ólafur GK-33	36/36/14	21.01.82—31.12.82
Helgi Friðgeirsson Grindavík	Friðgeir Trausti GK-400	38/33/10	21.01.82—31.12.82
Þórhallur Frímannsson Garði	Þorkell Árnason SK-21	65/57/20	22.01.82—31.12.82
Valur Gunnarsson Höfnum	Keilir GK-24	56/52/18	25.01.82—01.07.82
Ragnar Alfreðsson Grindavík	Sigfús Bergmann GK—38	154/138/62	09.02.82—01.06.82
Guðmundur Eggertsson Grindavík	Baldur KE-97	40/35/11	10.01.82—01.05.82
Gerðar Þórðarson Keflavík	Mánatindur GK-240	228/204/73	12.02.82—01.07.82
Guðmundu I. Ágústsson Vogum	Jakob SF-66	107/92/31	15.02.82—01.06.82
Magnús Jóhannesson Keflavík	Björn í Vík SH-45	62/56/19	21.04.82—31.12.82
Guðmundur I. Ágústsson Vogum	Ágúst Guðmundsson GK-95	100/94/34	12.05.82—15.05.83
Einar Hannesson Keflavík	Brimnes SH-257	247/224/110	24.05.82—01.09.82
Jóhannes Karlsson Grindavík	Sæþór KE-70	49/44/13	28.05.82—31.12.82
Helgi Friðgeirsson Grindavík	Friðgeir Trausti GK-400	38/33/10	29.06.82—31.12.82
Gísli Guðmundsson Kópavogi	Hafborg KE-99	54/50/21	09.06.82—20.08.82
Pétur Guðjónsson Grindavík	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	194/132/83	10.06.82—31.12.82
Óskar Ingibergsson Keflavík	Albert Ólafsson KE-39	47/43/11	06.07.82—31.12.82
Guðmundur Rúnar Hallgrímsson Keflavík	Happasæll KE-94	60/54/22	03.08.82—01.07.83
Gerðar Þórðarson Keflavík	Mánatindur GK-240	228/204/73	17.08.82—31.12.82
Guðmundur Haraldsson Grindavík	Búðanes GK-101	62/58/16	18.08.82—31.12.82
Örn Einarsson Y-Njarðvík	Örn KE-13	298/250/155	23.08.82—01.10.82
Valur Gunnarsson Höfnum	Boði GK-24	208/183/78	23.08.82—01.06.83
Gísli Guðmundsson Kópavogi	Merkúr EA-24	63/58/18	27.08.82—31.12.82
Guðni Rúnar Pálsson Keflavík	Hafsúlan RE-77	37/31/12	13.09.82—01.07.83
Gunnlaugur Karlsson Keflavík	Vonin KE-2	160/142/56	19.10.82—31.12.82

Reykjavík.

Frá ársbyrjun 1981 til 10. nóvember 1982 voru 7 einstaklingum veittar 7 undanþágur til skipstjórnar í kjördæminu.

Bátar 50 BRL og minni voru talsins 2
Bátar 51—100 BRL voru talsins 1
Bátar 101—200 BRL voru talsins 0
Bátar 201 BRL og stærri voru talsins 3.

Undanþágur:

Nafn:	**Bátur:**	**Stærð:**	**Tímabil:**
Gísli Guðmundsson Reykjavík	Jóhanna Magnúsdóttir RE-74	62/54/18	29.01.81—31.12.81
Jóhann Halldórsson Reykjavík	Fiskines GK-264	33/29/9	19.08.81—31.12.81
Steinþór Örn Óskarsson Reykjavík	Fossberg RE-31	17/15/7	13.01.81—01.06.82
Ari Magnússon Reykjavík	Ýmir HF-343	449/297/154	01.03.82—01.06.82
Jón Kr. Kristinsson Reykjavík	*(Jón Ingi EA-313)		16.03.82—15.05.82
Vilhjálmur Vilhjálmsson Reykjavík	Hvalur 7	427/388/161	10.06.82—01.11.82
Jónas Hrólfsson Reykjavík	Júpíter RE-161	747/628/346	03.08.82—01.01.83

*Báturinn hefur ekki verið löglega skráður undir þessu nafni enn þá, 12.11.82.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 23. nóv., kl. 8.30 síðdegis.

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. (þskj. 90). — Ein umr. (útvarpsumræða).

Forseti (Jón Helgason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur er skiptast í tvær umferðir, 15—20 mínútur í þeirri fyrri og 10—15 mínútur í þeirri síðari. Sjálfstæðismenn í ríkisstj. fá jafnlangan tíma og þingflokkar, en Vilmundur Gylfason fær 15 mínútur til umráða í samræmi við ákvæði 53. gr. þingskapa.

Röðin verður þessi í fyrri umferð: Alþýðuflokkur, sjálfstæðismenn í ríkisstj., Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Vilmundur Gylfason. Í síðari umferð verður röðin: Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur, sjálfstæðismenn í ríkisstj. og Sjálfstæðisflokkur.

Ræðumenn verða: Fyrir Alþýðuflokkinn í fyrri umferð Kjartan Jóhannsson 2. þm. Reykn. og Jóhanna Sigurðardóttir 10. landsk. þm., en í síðari umferð Jón Baldvin Hannibalsson 9. þm. Reykv. og Sighvatur Björgvinsson 3. þm. Vestf. Af hálfu sjálfstæðismanna í ríkisstj. talar Gunnar Thoroddsen forsrh. í fyrri umferð, en Friðjón Þórðarson dómsmrh. og Pálmi Jónsson landbrh. í síðari umferð. Ræðumenn Sjálfstæðisflokksins verða í fyrri umferð Geir Hallgrímsson 1. þm. Reykv. og Egill Jónsson 11. landsk. þm., en í síðari umferð Pétur Sigurðsson 1. landsk. þm. Af hálfu Alþýðubandalagsins tala í fyrri umferð Svavar Gestsson félmrh. og Hjörleifur Guttormsson iðnrh., en í síðari umferð Ragnar Arnalds fjmrh. Ræðumenn Framsóknarflokksins verða í fyrri umferð Ingvar Gíslason menntmrh. og Alexander Stefánsson 1. þm. Vesturl., en í síðari umferð Steingrímur Hermannsson sjútvrh.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 1. flm. Kjartan Jóhannsson 2. þm. Reykn., og talar af hálfu Alþýðuflokksins.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fyrir hönd þm. Alþfl. mæli ég hér fyrir svofelldri till.:

„Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina — ríkisstjórn sjálfstæðismanna, Framsfl. og Alþb."

Eins og kunnugt er ríkir stjórnmálaleg kreppa á Íslandi. Það sjáum við greinilega hér á Alþingi. Hér er kyrrstaða og mál ekki afgreidd. Stjórnarsinnar segja gjarnan að það sé ábyrgðarleysi hjá stjórnarandstöðunni að samþykkja ekki frv. frá ríkisstj., en ég spyr: Ef þú vantreystir einhverjum manni í peningamálum, er þá hægt að ætlast til þess að þú látir einmitt þennan mann fara með fjárráð fyrir þig? Svarið er auðvitað nei, — og það sem meira er: það væri í meira lagi ábyrgðarlaust af þér gagnvart sjálfum þér og fjölskyldu þinni ef þú færir þannig að ráði þínu. Nákvæmlega það sama gildir um mat okkar Alþfl.-manna á ríkisstj. Við treystum ekki ríkisstj., við trúum henni ekki fyrir peningamálum þjóðarinnar eða fyrir þjóðarbúskapnum og höfum ærnar ástæður til. Hitt er staðreynd, að það er ríkisstj. sem sýnir mikið ábyrgðarleysi með þrásetu sinni, vegna þess að með þrásetunni kemur hún í veg fyrir að sættir takist um

úrlausn mála. Ríkisstj. hefur misst traustið til þess að fara með völdin. Þess vegna mundi samþykkt þessarar vantrauststill. leysa yfirstandandi stjórnarkreppu.

Ráðh. í ríkisstj. segja sjálfir að henni hafi mistekist að ná markmiðum sínum, að hún sé komin í þrot og að þjóðin sé að sökkva í skuldir. Hvað eru mennirnir að gera í félagsskap sem þeir lýsa svona? Við hljótum öll að spyrja hvað við gerðum sjálf ef við sæjum að árangurinn af félagsskap sem við værum í væri mistök á mistök ofan og framhaldið þýddi að við værum að sökkva okkur og fjölskyldum okkar í skuldir. Ég er ekki í vafa um að við mundum losa okkur úr slíkum félagsskap og okkur þætti ábyrgðarleysi að halda þessu áfram. Þetta er í rauninni kjarni málsins. Það sama á auðvitað að gilda um stjórnarsamstarf og gildir í daglega lífinu.

Þótt samþykkt þessarar vantrauststillögu okkar væri þannig rökrétt af hálfu margra stjórnarsinna og það vita þeir, þá verður að telja eins líklegt eða líklegra að handjárnin haldi. En till. stendur samt fyrir sínu. Atkvgr. mun t. d. sýna ótvírætt hverjir bera ábyrgð á núv. ríkisstj. og þá um leið því ábyrgðarleysi að hún haldi málum í hnút með þrásetu sinni.

Alþfl. hefur verið ábyrgur og heilsteyptur í stjórnarandstöðunni. Sjálfstfl. hefur á hinn bóginn verið sundurlaus og það eru sjálfstæðismenn sem bera ábyrgð á núv. ríkisstj. Nú gerðist það nýverið, að einn af þm. Alþfl. sagði skilið við flokkinn. Sjálfsagt munu andstæðingar okkar segja hér á eftir af þessu tilefni að flokkurinn sé þverklofinn. Þessu skyldi enginn trúa, og þeir vita í rauninni betur. Flokksfólkið stendur þétt saman og við höldum okkar striki. Við höfum verk að vinna.

Hin ytri áföll þjóðarbúsins eru mikið rædd þessa dagana. Þau eru veruleg, ég skal ekki draga úr því. Það sem er þó verst er að viðráðanleg skakkaföll hafa verið mögnuð með röngum stjórnarathöfnum. Stjórnin sinnti ekki aðvörunum okkar Alþfl.-manna um að svona mundi fara og nú blasa staðreyndirnar við. Viðskiptahallinn og erlenda skuldasöfnunin eru vitaskuld alvarlegust. Engu okkar mundi detta í hug að halda þannig á málum fjölskyldu okkar að safna skuldum sem við ætluðum börnunum að greiða. Nákvæmlega það sama ætti að gilda í þjóðarbúskapnum, en þetta hugsar ríkisstj. ekki um. Hún hefur einmitt safnað skuldum sem börnum okkar er beinlínis ætlað að greiða. Með þessu áframhaldi er þess varla langt að bíða að Alþjóðabankinn verði að taka okkur upp á arma sína, sem Alþb.-menn hafa þó margsagt að sé hámark niðurlægingarinnar.

Sú stefna sem ríkisstj. hefur fylgt hefur leitt okkur í ógöngur. Hér þarf önnur tök. Alþfl. hefur flutt tillögur um það. Ég ætla að rekja nokkrar þeirra. Þetta er stefna Alþýðuflokksins:

Í fyrsta lagi viljum við að tekin verði upp ný vísitala, sem mæli rétt afkomu heimilanna. Í því fælist trygging launafólks fyrir því að hætt yrði að spila með vísitöluna eins og gert hefur verið.

Í öðru lagi viljum við að tekin verði upp afkomutrygging fyrir þá sem við lökust kjör búa, sem yrði greidd því launafólki sem ekki nær tilteknum lágmarkstekjum. Með þessum hætti kæmi samfélagið til móts við þá sem verst eru settir og stuðlað yrði að auknum jöfnuði í þjóðfélaginu.

Í þriðja lagi viljum við að allt sparifé sé verðtryggt — ég segi allt sparifé — þannig að bankar hafi ekki fjármuni af sparifjáreigendum, heldur skili þeim raunvirði til baka og skuldakóngar hætti að græða. Með þessu eykst sparnaður og það dregi stórlega úr viðskiptahalla.

Í fjórða lagi, að greiðslubyrði af lánum fari ekki fram úr kaupgjaldi, þannig að vinnutíminn sem þarf til að standa undir afborgunum fari ekki sívaxandi, eins og nú er.

Í fimmta lagi, að lán til íbúðakaupa og íbúðabygginga miðist við eðlilega greiðslubyrði, en ekki manndrápsklyfjar eins og núna. Í því skyni verði bankakerfinu gert að veita sérstök viðbótarlán til 20 ára, allt að 300 þús. kr. á íbúð.

Í sjötta lagi: Sett verði þak á erlendar lántökur.

Og sjöunda: Þegar í stað verði stigið fyrsta skrefið í að afnema útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir og framlög til þess á fjárlögum skorin niður.

Það er ekki eftir neinu að bíða með þessar ákvarðanir. Um nær öll þessi atriði hefur Alþfl. þegar flutt lagafrv. eða gert till.

Samþykkt þessarar stefnumörkunar væri skref inn í nýtt tímaskeið. Sá tími á ekki að einkennast af bölsýni, eins og ráðh. boða nú, eða neyðaráætlunum með höftum og bönnum, eins og Alþb. vill. Þeirra till. eru í rauninni leiftursókn svartnættisins.

Í kjölfar þessara fyrstu aðgerða ætti að fylgja uppstokkun í ríkisfjármálum og skattamálum til þess að draga úr skattsvikum og óréttlæti. Tolla og aðflutningsgjöld á að jafna og virðisaukaskattur á að koma í stað úrelts söluskatts. Jafnframt verður að gerbreyta fjárfestingarstefnunni, þannig að hún skapi lífvænlega atvinnuvegi sem veita góð lífskjör. Það á að beina fé í vaxtabrodda, en ekki í óarðbæra fjárfestingu.

Þriðji áfanginn yrði sá, að ráðast gegn því samtryggingarkerfi ábyrgðarleysis sem hér ríkir og núv. ríkisstj. hefur alið á. Menn kaupa t. d. togara sem þeir ætla aldrei að borga, en reikningurinn er framseldur á skattgreiðendur. Sumir græða stórfé með opinberri blessun, en aðrir ávísa tapinu á ríkið. Ef fiskverð er ákveðið hærra en útflutningsverð þolir er gengið bara fellt eftir pöntun. Það ber sem sagt enginn ábyrgð, hver vísar á annan, en launafólkið borgar brúsann á endanum. Þetta þarf ekki að vera svona og þetta á ekki að vera svona. Fjötrar vanans hafa í rauninni gert menn blinda. Árangur í efnahagsstjórn byggist á því að ábyrgð og ákvörðun fylgist að. Allir verða að bera ábyrgð á eigin gerðum, atvinnurekendur, einstaklingar, samtök þeirra, sveitarfélögin og ríkið sjálft. Þetta þýðir m. a. að finna verður nýtt form fyrir verðmyndunarkerfið í landbúnaði, iðnaði og sjávarútvegi sem ætlar hverjum aðila að bera ábyrgð á eigin gerðum.

Með því að framfylgja þessum tillögum Alþfl. í þremur áföngum, sem ég hef nú lýst, mundi framleiðsla og framleiðni aukast, efnahagslífið kæmist loks aftur á heilbrigðan grunn. Við mundum vinna okkur út úr núverandi ástandi í stað þess að einblína á svartnættið og sjá ekkert nema neyðaráætlanir og lögbindingar eins og þeir gera nú Alþb.- og framsóknarmenn. Við viljum hvorki leiftursókn íhaldsins né þá leiftursókn svartnættisins sem Alþb.-menn boða nú.

Alþfl. hafði forustu um uppstokkun og kaflaskipti í efnahagsmálum þegar höft voru afnumin og viðskipti gefin frjáls. Í kjölfarið fylgdi blómaskeið. Nú er komið að nýjum kaflaskiptum. Enn og aftur ryðjum við brautina fyrir nýjum hugmyndum og erum reiðubúnir að knýja á um breytingar og hafa forustu fyrir þeim. Núv. ríkisstj. er

komin í þrot og er brátt minnisvarði um úrelta stefnu. Kosningar þurfa að fara fram við fyrsta tækifæri. Ríkisstj. gerði mest gagn með því að segja nú af sér, svo að þessari stjórnmálalegu kreppu linni og unnt sé að taka til höndum við þau verk sem þarf að vinna. Þess vegna lýsum við vantrausti á ríkisstjórn sjálfstæðismanna, Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ósýnileg hönd hefur hrifsað tíundu hverja krónu úr þjóðarbúinu, sagði félmrh. í sjónvarpi og lætur sem hann viti ekki að á þrem bestu aflaárum í sögu þjóðarinnar hafa skuldir vaxið meira en nokkru sinni, þannig að fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stafar ógnun af. Veit ráðh. ekki að þessi ósýnilega hönd er stefna ríkisstj.? Það er ekki ósýnileg hönd sem safnað hefur skuldum í stað þess að safna sjóði á góðæristímum eða haldið ríkissjóði á floti með erlendum lántökum og með gengisstefnu sem leitt hefur til hömlulauss innflutnings. Þetta er ekki ósýnileg hönd, hæstv. félmrh. Þetta er að mestu heimatilbúinn vandi sem þessi ríkisstj. hefur leitt yfir atvinnuvegina og heimilin í landinu. Nei það er engin furða þó flokkur þinn, hæstv. félmrh., boði nú neyðaráætlun í efnahagsmálum eftir fjögurra ára valdasetu.

Í stjórnarsáttmálanum lofaði ríkisstj. að verðbólgan skyldi verða á þessu ári undir 10%. Hún er a. m. k. sex sinnum meiri og það eftir þrjú bestu aflaár í sögu þjóðarinnar. Greiðslubyrði af erlendum lánum er tíu þús. kr. meiri á þessu ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu en stjórnarsáttmáli ríkisstj. lofaði.

Í stað þess að afnema útflutningsuppbætur í áföngum og hætta að greiða með kjöti ofan í útlendinga, eins og Alþfl. hefur marglagt til, eru framlög til þess aukin verulega umfram verðbólguspá á næsta ári og verða 263 millj. fyrir utan lántökukostnað vegna útflutningsuppbóta frá fyrra ári um 60 millj. kr. Þarna á að spara í ríkisútgjöldunum. Hver fjögurra manna fjölskylda greiðir vegna þessa 5 400 kr. í skatt á næsta ári. Það sem við greiðum með kjötinu á borð útlendinga til viðbótar verðbólguspá fjárlaga eru 35 millj. kr. eða svipuð upphæð og ætluð er í Framkvæmdasjóð öryrkja til byggingarframkvæmda í þágu fatlaðra og þroskaheftra. 35 millj. greiðum við aukalega með útflutningsuppbótum meðan Námsgagnastofnun fær 15 millj. kr. á næsta ári og getur ekki skilað nauðsynlegum námsgögnum til kennslu í skólum landsins. Í stað þess að draga úr niðurgreiðslum landbúnaðarafurða, eins og Alþfl. hefur lagt til, eru þær stórauknar, eða um 80% milli ára, og verða á næsta ári 806 millj. kr. Þarna á að spara í ríkisútgjöldunum. Þetta er helmingi hærri upphæð en rennur til allra félagsmála og húsnæðismála á næsta ári. Þetta er helmingi hærri upphæð en fer til greiðslu elli- og örorkulífeyris á þessu ári. Og síðan eru þessar niðurgreiðslur notaðar til að halda niðri kaupgjaldi. Það lætur nærri að í þeim vísitöluleik sé skilað aftur einni krónu af hverjum tveim sem verðbætur til launþega lækka um.

Árangurinn af niðurtalningu Framsóknar er að verðbólguhraðinn mælist nú 100% 1. des. Við þær aðstæður eru launin ein talin niður og verðbætur verða rúm 7%. Á sama tíma eykst greiðslubyrði lána um 17% og verðlag í landinu rýkur upp um 20%. Ríkisstj. sem þannig leikur heimilin í landinu bjargar sjálfri sér á erlendum lántökum á kostnað framtíðarinnar, framleiðslufyrirtækin bjargast á niðurgreiddum lánum á kostnað sparifjáreigenda, en hvað bjargar heimilum sem lifa þurfa á 8 til 10 þús. kr. hungurtöxtum eða 5 þús. kr. elli- og örorkulífeyri? Hver bjargar heimilum þegar endar ná ekki saman viku eftir viku fyrir brýnustu nauðsynjum vegna öngþveitis í verðlagsmálum, þegar greiðslubyrði lána er að sliga heimilin og eykst stöðugt vegna versnandi lífskjara og rangrar húsnæðisstefnu, þegar launþegar fórna umsömdum verðbótum hvað eftir annað, en sjá samt engan árangur fórna sinna, þegar fjárhagserfiðleikar heimilanna leiða til félagslegra vandamála af margvíslegum toga? Nei, þessi ríkisstj. er ekki bjargvættur heimilanna í landinu, því hennar úrræði leysa vandamálin á kostnað heimilanna, en ekki fyrir þau.

Þó efnahagsvandinn sé nú mikill þarf ekki að vera tómt svartnætti fram undan því við getum sigrast á erfiðleikunum og skapað atvinnuöryggi og betri lífskjör í þessu landi. Við verðum að hefja nýja framfarasókn í efnahags- og atvinnumálum. Nokkur atriði úr tillögum Alþfl. skulu hér nefnd.

Við viljum að tekin verði upp raunhæf afkomutrygging til þess að verja kjör hinna lakast settu. Við viljum að atvinnurekstrinum verði gert að axla fulla ábyrgð á eigin gerðum, en hann geti ekki treyst á að bakreikningur verði greiddur af ríkissjóði og skattgreiðendum. Með sama hætti viljum við endurskoða verðmyndunarkerfið í landbúnaði, iðnaði og sjávarútvegi. Við viljum að fjárfestingarstefnunni verði gerbreytt og leggjum áherslu á að fjárfesta í tækninýjungum í útflutningsiðnaði og orkuframkvæmdum. Við viljum ennfremur efla almennan iðnað og nýjar búgreinar um land allt til að koma í veg fyrir byggðaröskun. Við viljum að greiðslubyrði lána sé ekki meiri en nemur hækkun launa, eins og fram kemur í frv. okkar Alþfl.-manna sem nú liggur fyrir Alþingi. Við viljum að Framkvæmdastofnunin verði lögð niður í núverandi mynd. Við viljum samræmd lánakjör allra atvinnuveganna. Við viljum takmarka umsvif ríkisins. Og við viljum að tekjur fjárlaga verði ákveðnar fyrst, svo útgjöldin þannig að ekki sé eytt meira en aflað er. Við viljum að tekjuskattur verði afnuminn af almennum launatekjum. Við viljum að þegar verði komið á samræmdu lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn. Við viljum að strangt eftirlit verði haft með innkaupsverði erlendis frá og stóraukið verði aðhald með allri verðlagsþróun.

Efnahagsúrræði núverandi stjórnarflokka felast í bráðabirgðalögunum. Þessum íhaldsúrræðum hafnaði Alþfl. 1979 og gerir áfram. Engar efnahagstillögur hefur Sjálfstfl. látið fara frá sér síðan leiftursókninni var veifað 1979.

Það er alvarlegt að við þær aðstæður sem nú eru í íslensku efnahagslífi, sem sjaldan hefur eins ógnað atvinnuöryggi og lífskjörum í landinu, skuli sitja að völdum ríkisstj. sem ekki hefur starfhæfan meiri hluta á Alþingi — ríkisstj. sem engin úrræði hefur við vandanum, en tregðast samt við að rísa úr sessi. Það er furðuleg óskammfeilni hæstv. ríkisstj. að réttlæta setu sína með atvinnuleysisdraugnum og þakka sér að ekki skuli skollið á bullandi atvinnuleysi eins og í nágrannalöndunum. Atvinnulíf okkar er ekki sambærilegt við háþróuð iðnaðarríki milljónaþjóða sem búa við þrönga landkosti.

Hér á landi eru óþrjótandi verkefni fyrir þessa þjóð. Hún þarf ekki að óttast atvinnuleysi, ef skynsemi ræður ferðinni í atvinnuuppbyggingu í framtíðinni, þó stefna

ríkisstj. sé að leiða yfir okkur tímabundið atvinnuleysi nú, sem falið er í erlendum lántökum.

Ragnar Arnalds fjmrh. sagði í umr. um vantraust árið 1975: „Ekki þarf að efast um að hvaða ný stjórn sem tæki að sér að stjórna landinu til bráðabirgða, hvort sem það yrði embættismannastjórn eða einhver önnur bráðabirgðastjórn, þá yrði hún a. m. k. skömminni til skárri en núv. stjórn.“ Þessi orð eiga vel við núna, þegar við ræðum vantraust á þessa ríkisstj., sem er að þrotum komin. Ég vil að lokum gera þessi orð fjmrh. að mínum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Svipull er sjávarafli, segir gamalt íslenskt máltæki, og saga okkar Íslendinga hefur sýnt okkur það áþreifanlega. Það hafa skipst á góðæri og harðæri og í ár hafa Íslendingar átakanlega fengið að reyna sannindi þessa gamla máltækis. Þorskafli hefur í ár orðið verulega minni en gert var ráð fyrir og horfur því miður ískyggilegar. Loðnan, sem fyrir fáum árum var 20% af útflutningsverðmæti sjávarafurða, hefur horfið á þessu ári, a. m. k. um sinn. Úti í heimi geisar kreppa sem hefur haft það í för með sér að markaðir hafa lokast fyrir sumar afurðir okkar, sums staðar sölutregða, sums staðar verðfall. Það þarf ekki að nefna annað en skreið, lýsi, mjöl, skinnavörur, ál og kísiljárn til þess að skýra þetta. Nú hefur það gerst, þau alvarlegu tíðindi fyrir íslenska þjóðarbúið, að þetta hvort tveggja hefur skollið yfir þjóðina samtímis og afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Í stað þess að fyrir ári um þetta leyti var því spáð af öllum sérfræðingum að í ár mundu viðskipti við útlönd verða í jafnvægi, eins og vera þarf, verður verulegur viðskiptahalli í ár eða líklega um 10%. Þá var gert ráð fyrir að verðbólga mundi enn lækka á þessu ári, en vegna þessara áfalla stefnir hún upp á við.

Þegar þetta allt saman blasir við er í fyrsta lagi nauðsynlegt að gera sér grein fyrir ástandinu, horfast í augu við staðreyndirnar og reyna að finna leiðir til bóta. Hitt er engum til góðs, sem stjórnarandstæðingar hafa ástundað, að fara með ýkjur um að allt sé að farast. Það var seinast í gær sem einn af talsmönnum stjórnarandstæðinga lýsti því yfir að allir atvinnuvegir á Íslandi væru reknir með bullandi tapi og komnir á vonarvöl. Þetta er fullyrt á sama tíma sem það liggur fyrir í fárra daga gamalli skýrslu frá Þjóðhagsstofnun að aðalatvinnugrein landsmanna, sem er fiskvinnslan, hefur að undanförnu verið rekin með nokkrum afgangi og eftir 1. desember, þegar verðbótahækkun er komin til framkvæmda og hækkun fiskverðs, muni frystingin vera rekin hallalaus, en fiskvinnslan í heild með væntanlegum 4% afgangi. Það er vitað hins vegar að útgerðin á í miklum erfiðleikum, en aðrar eins ýkjur og þessar eru náttúrlega engum til góðs og síst þeim til sóma sem hafa þær í frammi.

Til þess að reyna ráða bót á þeim vanda sem þjóðin glímir við er það auðvitað á hverjum tíma ríkisstj. sem þarf að hafa þar forustu um og á s. l. vori og sumri vann ríkisstj. að því að safna upplýsingum og leita leiða til að ráða hér bót á. Allt tekur það sinn tíma og eins og allir vita tekur það líka tíma í samsteypustjórnum að ná samstöðu, en það tókst. 21. ágúst s. l. voru gefin út brbl. um efnahagsaðgerðir og þeim fylgdi yfirlýsing í 21 lið um margvíslegar aðgerðir sem ákveðnar væru. Þegar ríkisstj. hafði þannig gert sitt í þessum efnum kom til kasta þjóðarinnar. Það reyndist svo, að þjóðin tók þessum aðgerðum vel. Það vita allir sem eitthvað fylgjast með í þjóðfélaginu. Þetta var staðfest af skoðanakönnunum sem fram fóru, sem sýndu að meiri hluti manna væri fylgjandi þessum aðgerðum, þó þær kæmu hart við ýmsa, og að sú ríkisstj. sem hafði framkvæmt og ákvarðað þessar aðgerðir nyti trausts 60% þeirra, sem tóku afstöðu, á móti 40%. Þannig hafði ríkisstj. gert sitt og þjóðin tekið þessu með skilningi og þroska.

Þá kom til kasta stjórnarandstöðunnar, sem hefur vissulega skyldum, og það miklum skyldum, að gegna, en hún brást. Stjórnarandstaðan reyndist ósanngjörn, óábyrg og úrræðalaus. Hún reyndist ósanngjörn að því leyti að hún vildi kenna ríkisstj. um áföllin, a. m. k. að langsamlega mestu leyti. Hún reyndist óábyrg að því leyti, að hún lýsti því yfir þá þegar að hún mundi misnota þá aðstöðu sem hún hefur í Nd. Alþingis vegna úreltrar deildaskiptingar til þess að fella brbl. um efnahagsaðgerðir. Og stjórnarandstaðan reyndist vera úrræðalaus og neikvæð.

Ef við lítum á og reynum að lesa úr þeirri gagnrýni sem stjórnarandstaðan hefur haft uppi, þá lýsir hún því yfir í fyrsta lagi, um leið og hún ásakar ríkisstj. fyrir allt of mikla verðbólgu, að gengið sé of hátt skráð vegna atvinnuveganna. M. ö. o.: það þarf að lækka gengið verulega sem þýðir aukna verðbólgu. Í öðru lagi hefur stjórnarandstaðan haldið því fram og heldur því fram, að þú, hlustandi góður, eigir að greiða hærri rafmagnsreikning en þú færð; rafmagnsreikningurinn sé allt of lágur, hann þurfi að hækka. Það eykur auðvitað verðbólguna. Í þriðja lagi hefur stjórnarandstaðan haldið því fram og heldur því fram, að hitaveitureikningarnir séu allt of lágir, þá þurfi að hækka. Fyrir utan að íþyngja neytendum eykur þetta náttúrlega verðbólguna. Og í fjórða lagi hótar hún því að fella brbl. um efnahagsaðgerðir, sem mundi auka verðbólguna stórlega. Af þessu sjá menn nú heilindin og samkvæmnina í því sem stjórnarandstaðan er að halda fram.

En lítum nú á þann flokkinn sem flytur þessa till. um vantraust. Það var fyrir fáum dögum að formaður Alþfl. var tekinn til yfirheyrslu í sjónvarpi og var spurður um það m. a. margsinnis hvaða tillögur og úrræði hann og hans flokkur hefðu fram að leggja í þeim efnahagsvanda sem þjóðin nú glímir við. Svör fengust engin. Það var farið undan í flæmingi, ýmist leitað til fortíðarinnar og sagt að það hefði ekki átt að smíða á undanförnum áratug svona mörg fiskiskip fyrir Íslendinga eða var litið til framtíðarinnar. Það er ágætt að hafa framtíðarsýn, eins og hann sagði. Það var nú fyrst og fremst að hann vildi afvopna risaveldin og að hann boðaði frið á jörðu. Ég held að allir sem sitja í þessum sal og þið öll, hlustendur góðir, séuð sammála þessu og fylgjandi friði og afvopnun. Honum gekk hins vegar hálferfiðlega að skýra hvernig þessi ágætu mál mundu draga úr viðskiptahalla eða verðbólgu á Íslandi á þessu og næsta ári. Í rauninni fékkst aðeins eitt svar frá formanni Alþfl. í þessum athyglisverðu umræðum, — friðarboðinn gaf eitt svar: Það á að drepa brbl.

Í gegnum allar þær aðgerðir sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir skín eitt meginmarkmið. Það er full atvinna, það er að forðast atvinnuleysi. Stjórnarandstæðingar segja: Það er nú ekki mikið að státa af, það var full atvinna á Íslandi þegar þeir tóku við. En lítum á löndin umhverfis okkur. Hvað hefur gerst þar á þessum þremur árum sem núv. ríkisstj. hefur verið við völd? Í Danmörku hefur

atvinnuleysið aukist á þessum þremur árum um 100 þús. manns. Það samsvarar öllum vinnandi mannafla á Íslandi. Í Bretlandi hefur atvinnuleysið á þessum þremur árum aukist um 2 millj. manna og nálgast 3.5 millj. Það samsvarar því að hér á Íslandi væru að staðaldri 14 þús. manns atvinnulaus.

Við erum ásakaðir fyrir að hafa ekki ráðið við verðbólguna. Á árinu 1981, í fyrra, tókst þó að koma verðbólgunni úr 60% niður í 40%. Við vonuðumst til þess fyrir ári að það tækist að koma henni lengra niður, en þau áföll sem við höfum orðið fyrir hafa komið í veg fyrir það og verðbólgan tekið á rás upp á við aftur. Áföllunum að kenna? Ja, við skulum nefna eitt dæmi til skýringar. Aflatregða fiskiskipanna okkar á þessu ári, miklu minni þorskafli en áður, hefur gert það að verkum að fiskverð þurfti að hækka miklu meira en gert hafði verið ráð fyrir. Til þess að fiskvinnslan gæti borgað þetta hærra fiskverð þurfti að lækka gengið miklu meira en gert var ráð fyrir. Gengislækkunin veldur aukinni verðbólgu. Þetta er keðjan sem íslenska þjóðfélagið býr við og þarna er auðvitað ein meginskýringin á þessari breyttu þróun.

Hins vegar eru efnahagsaðgerðirnar miðaðar við að draga úr þeirri verðbólgu sem leit út fyrir að kynni að verða ef ekki yrði í taumana gripið. 1. nóv. hækkaði framfærsluvísitalan um 17.5 stig, næst hækkar hún verulega minna en þá. Efnahagsaðgerðirnar miða að því að draga úr viðskiptahallanum og þær miða að því að erlendar skuldir verði minni en þær ella hefðu orðið.

Herra forseti. Fyrir þessu þingi liggja og munu verða lögð mörg merk mál, meðal þeirra frv. til nýrrar stjórnarskrár sem m. a. mun fela í sér leiðréttingu á kjördæmaskipuninni. Þessi mál útheimta öll vinnu og tíma. Eins og nú horfir tel ég líklegt að kosið verði til Alþingis með vorinu, skömmu eftir sumardaginn fyrsta, í lok apríl.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstj. hefur gert sitt og mun reyna að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að glíma við þann mikla vanda sem þjóðin býr nú við. Stjórnarandstaðan, sem ég lýsti hér nokkrum orðum hvernig farið hefði að ráði sínu, nýtur þess m. a. kannske að það er ekki siður á Alþingi að flutt sé og samþykkt vantraust á stjórnarandstöðuna. Í rauninni er þó fullt tilefni til þess þegar hún sannarlega, eins og nú, hefur brugðist skyldum sínum. Það væri vissulega maklegt og mátulegt nú að slíkt væri gert. Aldrei hefur nokkur stjórnarandstaða sem mér er kunnugt um verðskuldað fremur vantraust en þessi. En ég vil um leið taka það fram, að það eru ekki allir þm. stjórnarandstöðunnar sem bera sömu ábyrgð og forustan. Það eru einstakir þm. sem eru ósammála forustunni og sem bera kinnroða fyrir þetta ofstæki, eins og raunar fjöldi flokksmanna Alþfl. og Sjálfstfl.

Ríkisstj. mun gera það sem í hennar valdi stendur í þessum mikla vanda og við heitum á ykkur, hlustendur góðir, að veita okkur til þess liðsinni og samstarf. Við heitum á ykkur að vera ekki neikvæðir eins og stjórnarandstaðan gegn því sem gert er og reynt að gera til bóta og bjargar. Við heitum á ykkur að vera jákvæðir í viðhorfum og viðbrögðum. Þá mun senn linna því éli sem nú gengur yfir þetta land.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Síðasta ræðumanni varð tíðrætt um þau áföll sem við höfum orðið fyrir á yfirstandandi ári. Ég geri ekki lítið úr þeim, en minni á að verðmæti sjávarafla á yfirstandandi ári er eitthvert það mesta sem við höfum öðlast, Íslendingar, jafnvel þriðja eða fjórða mesta.

Síðasti ræðumaður minntist heldur ekkert á að árin 1980 og 1981 voru alhæstu ár í verðmæti sjávarafurða sem við Íslendingar höfum notið. Hvar er afraksturinn eftir þessi ár? Hann er horfinn í eyðsluhít núverandi ríkisstjórnar, í ráðleysi hennar og stefnuleysi og getuleysi.

Síðasti ræðumaður minntist ekki á að ríkisstjórn hans á Íslandsmet í verðbólgu og nú er jafnvel verið að lýsa verðbólgunni með þriggja stafa tölu.

Síðasti ræðumaður minntist heldur ekkert á það, að ríkisstjórn hans hefur fellt gengi íslensku krónunnar hraðar, oftar og meira en nokkur ríkisstjórn önnur á Íslandi — og ég verð að játa að þá er langt til jafnað.

Síðasti ræðumaður hrósaði sér af því, að hér væri full atvinna, en hann gat ekki um að hér er leynt atvinnuleysi og hann gat ekki um að samkv. umsögn Seðlabankans byggist full atvinna hér á landi meðal annars á því, að við höfum safnað erlendum skuldum svo mjög að við skuldum 50% af árlegri þjóðarframleiðslu í erlendum bönkum og lánastofnunum og þurfum að borga þriðju hverja krónu, sem við öðlumst í gjaldeyristekjur, í afborganir og vexti. Þetta er sá arfur sem ríkisstjórn síðasta ræðumanns skilur eftir sig.

Núverandi ríkisstjórn er að renna skeið sitt á enda. Engum sem til upphafsins þekkir kemur á óvart að endalokin verða með þeim hætti sem nú blasir við. Við sjálfstæðismenn höfum hins vegar ekki flutt vantraust einfaldlega vegna þess að það hefur ekki verið ástæða til að ætla að það nái fram að ganga. Við munum þó greiða vantrauststill. Alþfl. atkvæði og vissulega má segja að þessi vantrauststill. þjóni þó þeim tilgangi að undirstrika ömurlega stöðu ríkisstjórnarinnar.

Heyrst hefur að það sé traustsyfirlýsing á núverandi ríkisstjórn þó hún skrimti eftir atkvæðagreiðslu um vantraustið, en það er mikill misskilningur. Vitað er að margir stjórnarsinnar vilja í raun ríkisstjórnina feiga og vildu gjarnan greiða vantrauststill. atkvæði. Í þeim efnum er nærtækast að leiða formenn Framsfl. og Alþb. til vitnis. Er unnt að tala mæðulegar um frammistöðu ríkisstjórnarinnar en Steingrímur Hermannsson, sem harmar á flokksþingi Framsfl. að á þremur árum hafi aðeins tvisvar náðst samstaða um raunhæfar aðgerðir til hjöðnunar verðbólgu? Er hægt að sýna ríkisstjórninni meira vantraust en Svavar Gestsson formaður Alþb. á nýafstöðnum flokksráðsfundi þess? Hann sagði: „Það sem blasir við í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir er upplausn. Á sama tíma æðir verðbólgan áfram, verðhækkanir eru hrikalegar, verðlagsstjórn úr böndum, peningamálastjórn í landinu er ekki sem skyldi, viðskiptahallinn hefur aukið erlendar skuldir gífurlega á þessu ári og þannig mætti lengi telja.“ Þetta voru orð Svavars Gestssonar. Er til gleggra dæmi um afleiðingar fjögurra ára stjórnarsetu kommúnista en ályktun þeirra sjálfra um nauðsyn fjögurra ára neyðaráætlunar í efnahags- og atvinnumálum?

Báðir þessir formenn, Steingrímur og Svavar, höfnuðu tillögum Sjálfstfl. í ágústmánuði um nýjar kosningar, en segja nú að betur hefði farið ef kosningar væru um garð gengnar. Báðir þessir formenn segja núverandi ríkisstjórn of veika til að fást við þau vandamál sem við er að etja, en sitja þó báðir sem fastast. Þær siðferðilegu for-

sendur, sem stjórnarmyndunin var byggð á, að bjarga ætti virðingu Alþingis, hafa brostið. Sjaldan hefur virðing Alþingis verið minni en einmitt nú, þegar ríkisstjórn sem misst hefur starfhæfan meiri hluta á Alþingi neitar að viðurkenna staðreyndir og rígheldur í ráðherrastólana hvað sem það kostar. Ummæli Steingríms Hermannssonar, að aðeins tvisvar hafi verið gerðar efnahagsaðgerðir, sýna að við stjórnarmyndunina sjálfa var ekki samkomulag um neinar þær aðgerðir sem áhrif kynnu að hafa til hjöðnunar verðbólgu, sem þó var látið í veðri vaka. Á því varð a. m. k. heils árs bið og stjórnarkreppan, sem myndun núverandi ríkisstjórnar átti að leysa, hefur aldrei verið leyst, ávallt verið til staðar, nú í þrjú ár, og komið með reglubundnum hætti fram á þriggja mánaða fresti.

Forsætisráðherra hefur sagt að stjórnskipuleg sjálfhelda væri á Alþingi, en ríkisstjórn sem hefur ekki lengur starfhæfan meiri hluta á Alþingi og þrjóskast við að segja af sér skapar þessa sjálfheldu. Velji þm. stjórnarflokkanna og ráðh. þann kost að sitja meðan sætt er, hvað sem líður þjóðarhag, er það þeirra mál og á þeirra ábyrgð. Stjórnarandstaðan ber ekki ábyrgð á því.

Það var fyrst í gær sem bráðabirgðalögin voru tekin til meðferðar á Alþingi og enn hefur ekki sést bóla á þeim fylgifrv. sem boðuð voru, eins og frumvarp um viðmiðun við nýja vísitölu og frumvarp um láglaunabætur, hvað þá heldur að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hafi séð dagsins ljós.

Við sjálfstæðismenn erum andvígir bráðabirgðalögunum. Þau eru ekki liður í samræmdum efnahagsaðgerðum og þar af leiðandi nær verðbótaskerðing launa ekki tilgangi sínum til hjöðnunar verðbólgu. Skattahækkun ofan á auknar skattbyrðar vinstri stjórnar síðustu fjögur árin kyndir undir verðbólgunni. Til þess hefur verið vitnað að sjálfstæðismenn hafi staðið að samsvarandi ráðstöfunum með febrúarlögunum 1978, en þar er ólíku saman að jafna. Þá voru verðbætur greiddar samkv. framfærsluvísitölu að frádregnum launalið búvöru og verði áfengis og tóbaks, en því til viðbótar var þá í fullu gildi svokallaður verðbótaviðauki, sem bætti launþegum þá töf sem varð á því að verðhækkanir vöru og þjónustu kæmu fram í framfærsluvísitölunni á þriggja mánaða verðbótatímabili. Nú er enginn verðbótaauki og í gildi eru skerðingarákvæði Ólafslaga auk verðbótaskerðingar sem núverandi stjórn hefur staðið að. Þá var ekki um neina verðbótaskerðingu að ræða hjá þeim sem höfðu tekjur er svöruðu til Dagsbrúnarlauna í *dagvinnu og full helmingsskerðing á verðbætur og verðbótaauka* kom ekki fram fyrr en við tvöföld Dagsbrúnarlaun í dagvinnu. Nú er láglaunafólki ekki sinnt með öðru en sparðatíningi, svokölluðum láglaunabótum, sem enn hafa ekki fengist upplýsingar um hvernig háttað verður þegar vika er til mánaðamóta, og sjálfur fjmrh. ýjar að að láglaunabæturnar verði teknar upp í skatta til ríkissjóðs. Þá voru ákveðnar hækkaðar barnabætur og tekjutryggingar, sem ekki er gerð grein fyrir í þessum ráðstöfunum með sama hætti. Þá voru skattar lækkaðir eins og vörugjaldið. Nú er vörugjaldið hækkað og skattar þyngdir. Þá voru ríkisútgjöld lækkuð, en nú eru ríkisútgjöld aukin. 1978 voru áfangahækkanir launa, sem vógu upp á móti verðbótaskerðingunni, en því er ekki með sama hætti til að dreifa nú. 1978 hafði verðbótaskerðingin ekki í för með sér kaupmáttarrýrnun miðað við árið áður, en boðuð er 6% kaupmáttarrýrnun á næsta ári í kjölfar bráðabirgðalaganna. Þannig var að öllu þessu leyti ólíku saman að jafna 1978 og nú. Þess vegna er Sjálfstæðisflokkurinn samkvæmur sjálfum sér þegar hann er á móti þessum bráðabirgðalögum og bendir á að þau eru skýrt dæmi um vinstristjórnarstefnu.

Nú hafa formenn allra fjögurra stjórnmálaflokkanna á Alþingi kveðið upp úr með það í umboði flokka sinna, að ekki komi til mála að draga kosningar til Alþingis lengur en í síðasta lagi til aprílmánaðar n. k. og síðasti ræðumaður sá sig nauðbeygðan til að taka undir þessar yfirlýsingar, sem betur fer. Næstu alþingiskosningar hljóta að snúast um atvinnu- og efnahagsmál öðru fremur, slíkar blikur sem eru á lofti í þeim efnum. En áður en til kosninga er gengið er ljóst að það er þjóðarkrafa að jafnað verði vægi atkvæða eftir kjördæmum og tryggt að þingmannatala flokka verði í samræmi við fylgi kjósenda.

Þegar rætt er um vægi atkvæða eftir kjördæmum eru tvö meginsjónarmið uppi. Sumir segja að sérhver kjósandi eigi að hafa sama atkvæðisrétt, það sé hið eina og sanna lýðræði. Um það verður út af fyrir sig ekki deilt. *Hitt er ljóst, að því marki höfum við aldrei náð.* Aðrir segja að áhrif íbúa strjálbýlis á stjórn landsins og löggjafarsamkomu séu minni en þéttbýlisbúa, sem nær búa, og það réttlæti misvægi atkvæða. Samkomulag þarf að takast á milli talsmanna þessara tveggja meginsjónarmiða svo að þeir sætti sig við. Hið fullkomna lýðræði dugar okkur skammt ef það verður til þess að sundra þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar, þeirra sem búa í þéttbýli á suðvesturhorninu og hinna sem búa í hinum dreifðari byggðum, einmitt þegar okkur er svo mikill vandi á höndum. En jafnljóst er að Alþingi er ekki fært um að takast á við vanda þjóðarbúsins ef það endurspeglar ekki með viðunandi hætti vilja þjóðarinnar. Það er að mínu mati ekki ofmælt að umbætur á þessu sviði séu forsenda þess að við getum brotið í blað í efnahags- og atvinnumálum með svipuðum hætti og gerðist eftir kjördæmabreytinguna 1959 með viðreisninni.

Góðir áheyrendur. Af liðnum áratug getum við dregið þann lærdóm að við verðbólguna og efnahagsvandann verður ekki ráðið með þeim aðferðum sem beitt hefur verið á þessu tímabili. Þær hafa gengið sér til húðar. Það er *tími til kominn að brjóta í blað. Á næstu misserum* þurfum við að einbeita okkur að tvíþættu verkefni: Í fyrsta lagi að móta langtímastefnu í efnahags- og atvinnumálum fram til aldamóta og skapa skilyrði fyrir þá vaxtarbrodda í íslensku atvinnulífi sem leysa vandann með vaxandi framleiðslu og framleiðni, í öðru lagi að gera okkur grein fyrir hvernig við getum best aðlagað okkur erfiðari aðstæðum í efnahagsmálum viðskiptalanda okkar en ríkt hafa um nokkurt árabil. Í þeim efnum er eitt víst. Það gerum við ekki með haftakerfi eins og nýgerðar samþykktir Alþb. og Framsfl. gefa í skyn. Ég hef trú á að nú sé betri jarðvegur til átaka í efnahagsmálum okkar meðal alls almennings og meiri skilningur á þörf slíkra ráðstafana en verið hefur um langt skeið. En því ber ekki að neita að mikill vandi er fólginn í því pólitíska sundurlyndi og almennri þjóðfélagslegri upplausn sem því miður er fylgjandi í kjölfar óðaverðbólgu.

Sjálfstæðisflokkurinn hvatti til þjóðarsamstöðu við stjórnarmyndun fyrir þremur árum. Því miður var þeirri hvatningu ekki sinnt. Framsfl. og Alþb. kusu þá heldur að gera tilraun til að kljúfa Sjálfstfl. Þessir flokkar hafa uppskorið eins og þeir hafa sáð, með vaxandi ágreiningi

og átökum innan eigin flokka. Alvarlegur ágreiningur er kominn upp í Alþfl.

Óheilindi í stjórnmálabaráttu verða að víkja, en ábyrgð og heilindi að ríkja. Sjálfstæðismenn hafa á þessum þrem árum sýnt að þeir hafa staðið af sér klofningsstarfsemi annarra flokka. Það sýndi landsfundur fyrir ári og sigurinn í sveitarstjórnarkosningunum. Sjálfstfl. er enn sem fyrr kjölfesta og frumkvæðisafl, sem þjóðinni er nauðsynlegt til að tryggja frelsi sitt, lýðræði og öryggi, efnahagslegt sjálfstæði og framfarir, félagslegt öryggi og mannúð í samskiptum manna og stjórnvalda.

Hver sem úrslitin verða í atkvæðagreiðslu um þessa vantrauststill. er ljóst að þáttaskil eru fram undan og á alþingismönnum og öðrum landsmönnum hvílir sú skylda að sýna þann manndóm og þá reisn sem þarf til að brjótast út úr þeim vítahring efnahagslegra vandamála og stjórnmálalegrar upplausnar sem nú herjar á þjóð okkar. Við væntum þess að komandi alþingiskosningar skipti sköpum í þeim efnum og hreinsi andrúmsloftið. — Ég þakka áheyrnina.

Egill Jónsson: Herra forseti. Skammt er nú stórra höggva á milli: Vantraust á ríkisstjórnina í raun samþ. á miðstjórnarfundi Framsfl., vantraust á ríkisstjórnina í raun samþ. á flokksráðsfundi Alþb., vantrauststill. flutt og rædd á Alþingi. Þetta gerist þótt skapadægur núverandi ríkisstjórnar séu löngu ráðin. Kosningaloforð Framsfl. um niðurtalningu verðlags og Alþb. um samninga í gildi og óskert kjör eru tæpast nothæf í almennri stjórnmálaumræðu, þótt jafngagnleg séu sem viðvörun til framtíðarinnar, sem aðvörun um hvaða aðferðum menn hafa beitt til að leiða blekkingarnar til valda á Íslandi.

Eitt af aðalmarkmiðun hverrar ríkisstjórnar er að móta þjóðfélagið, færa framtíðina til þess horfs sem stjórnarstefnu hvers tíma er geðfelldast. Árangur og áhrif núverandi stjórnarstefnu á atvinnuvegina eru í þessum efnum að skýrast.

Mér hefur nýlega borist í hendur nákvæmur samanburður á dreifingu bústofns um landið eftir sýslum og kjördæmum. Þar kemur í ljós, að frá þeim tíma sem landbúnaðarráðuneytið færðist úr höndum Ingólfs Jónssonar og Framsfl. tók þar við hefur bústofn í Vestfjarðakjördæmi minnkað um fjórðung, í Austfjarðakjördæmi um 1/5, en annars staðar er fækkunin minni. Með því að breyta möguleikum til framleiðslu breytist byggðin líka.

Það vakti athygli þegar formaður Framsfl. lýsti því yfir fyrir einu og hálfu ári og það í sjónvarpi, að það væri honum mikið gleðiefni að þeirri stefnu er hann hefði mótað sem landbúnaðarráðherra væri framfylgt af núverandi ríkisstjórn. Þetta mál er rétt, stjórnarstefnan er óbreytt. Haldið hefur verið áfram, eins og þá var upp tekið, að skerða lögboðið framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Nemur sú skerðing núna samtals á þessu tímabili rúmum 45 millj. króna. Hið svokallaða sparnaðarfé, sem breytt jarðræktarlög áttu að skila til stuðnings við ný viðfangsefni í landbúnaði, hefur farið síminnkandi og er hlutur hins opinbera samkv. því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir minni en ekki neitt.

En vinstri sporin liggja víðar. Talið er að til að unnt sé að gera út nýtt skip á Íslandi þurfi afli þess að verða fjór- eða fimmfaldur við það sem verið hefur. Við þær aðstæður geta framleiðslutæki ekki endurnýjast fyrir verðmæti eigin afla. Fjármagnið þarf að koma annars staðar frá og þá er komin röðin að ríki, sveitarfélögum eða öðrum aðilum sem möguleika hafa á að draga saman fé með öðrum rekstri eða braski. Þannig leiðir af stefnu núverandi ríkisstjórnar að þessi höfuðatvinnuvegur íslensku þjóðarinnar, sem nærst hefur á áræði íslenskra útvegs- og sjómanna, stefni í beina þjóðnýtingu, haldi svo fram sem nú horfir.

Fróðir menn segja að á háhitasvæðum Íslands sé eins mikla orku að fá og samanlagða þekkta nýtanlega orku í öllum olíuauðlindum heimsins. Aðrar stærðir orkuauðæfa eru einnig fyrir hendi þótt smærri séu í sniðum. Þessi auður er ævarandi. Þennan auð á íslensk þjóð. Skynsamleg og djörf áform um nýtingu í orku og iðju verða og eiga að leggja grundvöll að bættum kjörum íslensku þjóðarinnar.

Ég bið menn að athuga að þetta fjöregg okkar Íslendinga er í höndum kommúnista nú. Það skýrir stefnu núverandi ríkisstjórnar í þessum mikilvægu málaflokkum að framkvæmdir í orku- og iðnaðarmálum hafa á síðustu árum stórlega dregist saman. Þannig bregst ríkisstjórnin við þeirri miklu þörf að auka framleiðslu á Íslandi. Skyldi íslensk þjóð nokkru sinni hafa þurft að greiða eins stórt meðlag með embættisferli eins ráðherra og þess sem í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur farið með málefni orku og iðnaðar?

Þau dæmi sem ég hef nú tilgreint sýna svo ekki verður um deilt hver áhrif vinstri stefna hefur á málefni og stöðu atvinnulífsins í þessu landi.

Þegar samdráttur hefur átt sér stað í þjóðarframleiðslu og Sjálfstfl. hefur verið við völd, eins og t. d. síðustu ár sjöunda áratugarins, hefur verið lögð á það sérstök áhersla að treysta atvinnulífið og auka framleiðsluna. Árangurinn hefur svo komið fram í því, að erlendar skuldir hafa verið greiddar, viðskipti við útlönd hafa komist í eðlilegt form.

Nú sem fyrr er atvinnu- og framleiðslusókn grundvallarmarkmið Sjálfstfl. til lausnar þeim vanda, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, og til að treysta kjör hennar og hagsæld þegar til lengri tíma er litið.

Vinstri andstæðurnar eru skýrar. Þannig leggur miðstjórnarfundur Framsfl. til að lögbjóða samdrátt í þjóðfélaginu. Alþb. gerir tillögur um neyðarráðstafanir til fjögurra ára. Þeirra eigin dómur um eigin stjórnaraðhafnir er ótvíræður og skýr.

Mönnum hefur verið tíðrætt um ágreining eða klofning í Sjálfstfl., eins og sumir vilja haga orðum, og vissulega hefur mörg umræða átt sér stað af minna tilefni. En hvað þá um framtíðina? Hver verður styrkur og hlutur Sjálfstfl. í íslenskum stjórnmálum?

Ég segi við alla sjálfstæðismenn, ég segi við alla íslensku þjóðina: Er ekki nóg komið? Eru áfallnir reikningar og ógreiddir sem íslenska þjóðin verður að greiða vegna stjórnarsetu núverandi ríkisstjórnar, ekki orðnir nógu háir? Er sundrungin í þjóðfélaginu ekki nægileg, úrræðaleysið nógu augljóst? Er ekki mál að þeirri pólitísku martröð, sem grafið hefur um sig í þjóðlífinu á síðustu árum, linni? Við þessum spurningum gáfu kjósendur á Íslandi mikilvæg svör í kosningunum á s. l. vori.

Það styttist í alþingiskosningar. Með endurnýjuðu og auknu trausti á Sjálfstfl. mun svar íslensku þjóðarinnar verða enn skýrara og afdráttarlausara en nokkru sinni fyrr.

Sjálfstæðismenn. Snúum bökum saman, herðum

sóknina, leggjum grunn að hagsæld íslensku þjóðarinnar með sigri Sjálfstfl. í næstu alþingiskosningum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þegar alvarlegur vandi steðjar að er það háttur mannanna að þoka sér saman, að reyna að mynda skjól hver við annars hlið í eins þéttri fylkingu og kostur er á. Þessi viðbrögð mannanna mega heita eðlislæg og þau eru einkenni íslenskrar alþýðu til sjávar og sveita. Með þrautseigju, þolinmæði, yfirvegum og samstöðu hefur hún aftur og aftur sýnt að hún getur leyst erfiðustu vandamál og brotið braut til framtíðar. Þessi sigurbraut fólksins er reyndar svo sjálfsagt mál í Íslandssögunni að sumir taka því miður ekki eftir henni. Nú stendur íslenska þjóðin frammi fyrir stórfelldum vanda, sem steðjar að okkur erlendis frá. Gert er ráð fyrir að vandinn jafngildi því að nær tíunda hver króna hverfi út úr þjóðarbúinu á tveimur árum. Hér er um að ræða áfall sem jafna má til þess versta sem þjóðin hefur orðið fyrir frá því í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Svar okkar verður því að vera samstaða og jöfnuður, þannig að menn skipti byrðunum á sig, þannig að þeir sem mest hafa láti meira af hendi rakna til hinna sem minnst hafa.

Brbl. ríkisstjórnarinnar frá í sumar voru einmitt viðleitni í þessa átt, til þess að jafna lífskjörin. Þau höfðu m.a. þann tilgang að flytja fjármuni frá verslun til annarra greina í þjóðlífinu með lækkun verslunarálagningar og frá hátekjumönnum til láglaunafólks með því að greiða sérstakar launabætur, með því að hækka elli- og örorkulífeyri umfram almenn laun og með lengingu orlofs.

Sú kaupskerðing sem fólk verður fyrir er mörgum vafalaust erfið, en hún gerist ekki 1. desember eins og sumir vilja halda fram. Kaupskerðingin er einna alvarlegust í þessum mánuði, þegar verðhækkanaskriðan liggur á heimilum launafólksins. 1. desember fást nokkrar bætur fyrir þá verðhækkanaskriðu, en aðeins hluta hennar. Þá hækkar krónutala launa um 7.72%. Hins vegar hækkar tekjutrygging aldraðra og öryrkja um rúmlega 12%, grunnlífeyrir og tekjutrygging samanlagt um liðlega 10% og í næsta mánuði fá um 55 þúsund einstaklingar fyrsta hluta launabóta, sem nema samtals um 175 millj. króna. Þessar bætur leysa ekki allan vanda launafólksins, því fer víðs fjarri, en staða þess er áreiðanlega betri en í verðbólgu sem hefði annars nálgast 100%.

Ávinningurinn með þessum brbl. kemur hins vegar einkum fram í því, að erlendar skuldir þjóðarbúsins í lok næsta árs verða um 2000 millj. kr. minni en annars hefði orðið. Þannig er staða þeirra sem þurfa að glíma við vandamálin eftir eitt ár, tvö ár eða síðar, barna okkar, betri en ella hefði verið. Í þessum brbl. ríkisstj. felst því framsýni og fyrirhyggja, sem annars er átakanlegur skortur á í íslenskum stjórnmálum.

Stjórnarandstaðan þykist vera á móti verðbótaskerðingu brbl. Hver trúir því um Alþfl., sem var viðþolslaus í vinstri stjórninni af því að hann fékk ekki að lækka kaupið, eða hver trúir því um Sjálfstæðisflokkinn? Í öðru orðinu gagnrýnir Sjálfstfl. brbl., en í hinu leggst hann gegn lengingu orlofs láglaunafólksins. Það muni sliga atvinnuvegina að þeir allra lægstu í launum eiga að fá orlof eins og aðrir hafa þegar haft um skeið. Hvar eru heilindin, hvar er drengskapurinn? Svo mikið er víst að ekki hefur farið mikið fyrir þeim dyggðum í málflutningi þeirra vikadrengja Vinnuveitendasambandsins sem tala fyrir íhaldið hér á Alþingi.

Frá því að brbl. voru gefin út hefur komið fram að landsmenn styðja þau að yfirgnæfandi meiri hluta vegna þess að alþýða manna skilur nauðsyn þess að þjappa sér saman á erfiðum stundum, eins og nefnt var í upphafi. En þrátt fyrir þessi viðhorf meiri hluta Íslendinga hefur annað komið í ljós á þjóðþinginu sjálfu. Stjórnarandstaðan ætlar að fella brbl., en ekki til þess að koma fram einhverjum öðrum úrræðum því þau hefur stjórnarandstaðan engin. Stjórnarandstaðan vill fella brbl. til að koma ríkisstj. frá. Hún hikar ekki við að stofna efnahagslífi þjóðarinnar í stórfellda hættu með aukinni verðbólgu og erlendri skuldasöfnun. Þannig er stjórnarandstaðan slitin úr samhengi við allt líf fólksins í landinu. Hún er svo lífsfirrt að hún virðist ekki hafa svo mikið sem einn neista af þeirri glóð sem löngum hefur dugað þessari þjóð til sigurs á úrslitastundum.

Stjórnarandstaðan hefur ekki hug á neinu öðru en því að nota sér kreppu og hættu á atvinnuleysi til að koma ríkisstj. frá. Þannig er kreppan nýjasti bandamaður stjórnarandstöðunnar. Svo lítilsigld eru íslensk stjórnmál því miður oft, en ég held að eymdin hafi aldrei komið eins skýrt í ljós og einmitt á yfirstandandi þingi.

Þegar þessi afstaða stjórnarandstöðunnar lá fyrir í haust lagði Alþb. til að kosið yrði hið fyrsta, helst fyrir 1. des. þannig að ný stjórn gæti tekið á málum í samræmi við sína stefnu fyrir lok þessa mánaðar. Þessari hugmynd var hafnað. Hvorki hinir stjórnaraðilarnir né heldur, sem merkilegra var, stjórnarandstöðuflokkarnir höfðu áhuga á að fallast á þessa tillögu Alþýðubandalagsins. Við vildum í þessum kosningum sækja aukinn meiri hluta fyrir núv. ríkisstj. Þessa leið vildi meiri hluti Alþingis ekki fara og því fór sem fór. Alþingi situr þess vegna í sjálfheldu og vegur þess fer þar af leiðandi síst vaxandi. Var þó vart á bætandi eftir að stjórnarandstaðan hafði afhjúpað lágkúru sína á haustdögum, svo sem fyrr var lýst.

Þar sem þessari tillögu Alþb. um tafarlaust uppgjör var hafnað varð að leita enn nýrra leiða. Rætt var við stjórnarandstöðuna. Hún sleit þeim viðræðum án nokkurrar málefnalegrar ástæðu. Þannig brást stjórnarandstaðan lýðræðislegri skyldu. Ríkisstj. mun því höggva á hnútinn. Eins og forsrh. skýrði frá áðan er það ætlun ríkisstj. að ekki verði kosið síðar en í aprílmánuði, en fari svo að stjórnarandstaðan stöðvi hér lífsnauðsynleg mál á næstu dögum verður auðvitað að efna til kosninga fyrr. Nú er að nást samstaða flokkanna í kjördæmamálinu, þannig að niðurstaða í því ætti að geta legið fyrir svo fljótt að afgreiðsla kjördæmismálsins fáist, jafnvel þótt rjúfa verði þing með mjög litlum fyrirvara.

Góðir hlustendur. Alþb. hefur á flokksráðsfundi sínum nú um helgina samþykkt ítarlega stjórnmálaályktun, tillögur að fjögurra ára áætlun gegn kreppu og atvinnuleysi. Áætlunin er samsett úr nokkrum höfuðþáttum þar sem lögð er áhersla á að jafna viðskiptahallann á tveimur árum með því að takmarka innflutning og með því að auka framleiðslu íslenskra atvinnuvega samkv. hinni íslensku atvinnustefnu Alþýðubandalagsins. Flokksráðsfundurinn lagði til að stofnaður yrði kjarajöfnunarsjóður til að bæta stöðu láglaunafólks og þess var krafist að öll stjórn verðlagsmála og peninga- og vaxtamála yrði tekin til endurskoðunar.

Þegar þessar tillögur Alþb. lágu fyrir nú um helgina tók ég eftir því að þær vöktu jákvæða athygli meðal

almennings. Þarna voru loksins komnar raunsæjar tillögur sem gátu vísað veginn út úr þeim mikla vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir. En viðbrögð foringja hinna stjórnmálaflokkanna urðu á annan veg, eins og hefur komið fram í skætingi þeirra hér í kvöld. Foringjar stjórnarandstöðunnar eru úr öllum tengslum við það almenna viðhorf hér í landinu um þessar mundir að ábyrg viðbrögð og raunsæ afstaða hljóti að vera keppikefli. Ég á von á því, þrátt fyrir þetta, að tillögur Alþb. muni hljóta mikinn stuðning á næstu mánuðum. Við ætlum að fara með þær í kosningar og við skorum á kjósendur að velja einingu um íslenska leið.

Í annan stað samþykkti flokksráðsfundur Alþb. athyglisverða ályktun um flokksstarfið, þar sem boðuð er endurskoðun þess í heild í því skyni að ýmiss konar aðilum í þjóðfélaginu verði opnuð leið til samfylkingar með Alþb. um knýjandi málefni. Alþb. fer ekki fram á forræði, heldur samfylkingu og samstarf á jafnréttisgrundvelli. Með þessum tveimur ályktunum Alþb., annars vegar tillögunni um íslenska leið gegn kreppu og atvinnuleysi og hins vegar um einingu og samfylkingarstarf, á að skapast einstæður möguleiki fyrir alla íslenska vinstrimenn til að taka höndum saman á víðtækari grundvelli en nokkru sinni fyrr. Það á líka að vera öllum vinstrimönnum ljóst að einmitt nú er nauðsyn á samstöðu, einingu um íslenska leið. Einmitt nú þarf að standa saman um aðalatriðin. Það væri of seint að átta sig á því þegar alræðisvald íhaldsins hefði tekið við á Íslandi. Við skulum koma í veg fyrir að það gerist. Þar ræður Alþb. úrslitum, en ekki milliflokkarnir. Verði Alþb. sterkt í næstu kosningum þora milliflokkarnir ekki í stjórn með íhaldinu.

Það er táknrænt fyrir stjórnmálaumræðuna á Íslandi um þessar mundir að einmitt nú skuli vera flutt till. um vantraust á ríkisstj. Og það er ekki Sjálfstfl. sem flytur till. Það er athyglisvert að hann hefur aldrei þorað að flytja slíka till. í valdatíð núv. ríkisstj. Nei, það er Alþfl. sem flytur slíka till. Einmitt daginn áður en hann klofnaði formlega var slík till. lögð fram. Sama dag lýsti formaður Alþfl. því yfir í sjónvarpinu að hann væri klókur. Þau klókindi hafa birst þjóðinni með býsna sérkennilegum hætti að undanförnu og það er vafasamt að nokkur stjórnmálamaður, sem vill láta taka sig alvarlega um þessar mundir, geti stutt vantrauststill. frá Alþfl.

Alþfl. er orðinn eitt samfellt ófriðarfélag, þrátt fyrir klókindi Kjartans Jóhannssonar. Kjartan Jóhannsson flutti vantraust á ríkisstj. og daginn eftir lýsti Vilmundur vantrausti á Kjartan Jóhannsson. Það er dapurlegur endir á hávaðasömum ærslaleik Alþfl., sem hófst 1978, og hlýtur að renna mörgum góðum jafnaðarmanni til rifja að horfa upp á ósköpin.

Hvort sem menn kenna stjórnmálaástandið nú við upplausn eða sjálfheldu eða kjósa að nota einhver önnur orð er hitt ljóst, að það er kominn tími til að staldra við og íhuga hvað má til varnar verða. Það steðjar að okkur stórfelldur vandi utan frá. Til þess að ráða við hann verðum við að standa saman. Íslenskir vinstrimenn hljóta að sameinast um Alþb. eftir að Alþfl. er klofinn niður í rót og þegar Framsfl. er orðinn milliflokkur að eigin sögn.

Við skulum skapa víðtæka einingu um íslenska leið út úr vandanum, félagslega leið gegn fjármagnsöflunum í landinu.

Góðir hlustendur. Við skulum sameinast um það í næstu kosningum að snúa vörn í sókn. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hér er til umr. vantrauststill. á ríkisstj., borin fram af hv. þm. Alþfl., sem þó hefur fækkað um einn síðan hún var lögð hér fram. Ríkisstj. hefur ástæðu til að fagna þessum till.-flutningi og umr. um hana. Hér mun koma í ljós sundrung og úrræðaleysi stjórnarandstöðunnar og sú staðreynd að ríkisstj. styðst við meiri hl. hér á hv. Alþingi.

Vantrauststill. er, eins og alþjóð mun kunnugt, sprottin af þeim skruðningum og kvikuhlaupum sem nú eiga sér stað innan Alþfl., þar sem forustumenn berast nú á banaspjót í prófkjörum sem taka á sig hinar kynlegustu myndir. Höfundur hins nýja stíls frá 1978, hv. þm. Vilmundur Gylfason, er reyndar hlaupinn fyrir borð, en fyrrv. keppinautur hans um þingsæti í Reykjavík, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, brosir nú breitt með eiginkonunni upp á ameríska vísu á Broadway. Slík er eymd og umkomuleysi Alþfl. og hlýtur að renna þeim til rifja er minnast fyrri tíðar þess flokks, sem tók á móti kreppuboðum 4. áratugarins af myndugleik undir forustu Jóns Baldvinssonar, Héðins og Finnboga Rúts.

Sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu höfðu vit á að auglýsa ekki sundurlyndi sitt með jafnafdráttarlausum hætti og létu formanni Alþfl. eftir hlutverk Ketils skræks, sem hrökk frá viðræðum við ríkisstj. á hælana á Skugga-Sveini Sjálfstfl. En einnig hjá Íhaldinu geisar nú prófkjörsslagur ofan á allt annað sundurlyndi, sem upp tekur hugina og byrgir sýn til málefna. Það er vissulega alvöruefni þegar svo er komið hjá þeim sem ættu að veita ábyrga stjórnarandstöðu og engin ástæða er til þess fyrir okkur, sem aðild eigum að ríkisstj., að kætast yfir slíku, — síst nú þegar á reynir í þjóðmálum og við margháttaða og óvænta erfiðleika er að fást.

Hin sundurleita hjörð stjórnarandstöðunnar lætur svo sem hún vilji koma ríkisstj. frá. Ég held að það dyljist hins vegar engum að hér eru á ferðinni svokölluð látalæti. Stjórnarandstaðan vill forðast í lengstu lög að axla ábyrgð eða eiga hlutdeild í því að leysa erfiðleika sem við er að fást. Það hefur komið berlega í ljós síðustu vikur hér á hv. Alþingi og í þeim viðræðum sem ríkisstj. efndi til við forustumenn stjórnarandstöðunnar til að ræða um þinghald í vetur og afgreiðslu brýnustu mála. Hvernig brugðust forustumenn stjórnarandstöðunnar við? Þeir komu að vísu og létu mynda sig sem snöggvast, en strax og talið barst að því að taka sameiginlega á vandanum voru þeir hlaupnir á dyr, — fyrst Geir síðan Kjartan. Nauðsynlegt er að þjóðin átti sig á þessum loddaraleik stjórnarandstöðunnar, sem vafalítið verður framhald á næstu mánuði.

Á mörgum sviðum hefur ríkisstj. náð verulegum árangri, þrátt fyrir óhagstæðar ytri aðstæður. Fjölmörgum þýðingarmiklum málum, sem um var samið við myndun hennar, hefur verið komið í höfn og önnur eru í undirbúningi. Ef ekki hefðu komið til óviðráðanleg áföll, svo sem aflabrestur á loðnu og samdráttur þorskafla, svo og áhrif alþjóðlegrar kreppu með sölutregðu og verðfalli á þýðingarmiklum afurðum, væri hér bjart fram undan. Þau veðrabrigði urðu ekki séð fyrir, en nú þegar að herðir verða menn að horfast í augu við veruleikann og grípa til viðeigandi ráðstafana. Stjórnvöld landsins hljóta þar að hafa forustu eða víkja frá ella.

Ríkisstj. tók sínar ákvarðanir um nauðsynlegustu að-

gerðir í ágústmánuði og Alþb. átti sinn hlut að mótun þeirra. Það var mat Alþb., að með heildarhagsmuni í huga og hlut launamanna sérstaklega bæri flokknum að standa að þeirri málamiðlun, sem tókst milli ríkisstjórnaraðilanna, og Alþb. mun áfram taka afstöðu til mála út frá sömu forsendum.

Það er ekki líklegt til vinsælda í bráð að þurfa að draga saman segl og leggja á byrðar, en sé það óhjákvæmilegt skiptir mestu hvernig að slíku er staðið og þar sé gætt réttlætis og jafnaðar svo sem frekast er kostur. Það hefur ríkisstj. haft að leiðarljósi í efnahagsráðstöfunum fyrr og síðar, m. a. við setningu brbl. í ágúst s. l.

Alþb. ætlar hvorki að eigna sér alla ávinninga úr núverandi stjórnarsamstarfi né axla eitt ábyrgð á því sem miður hefur tekist. Slíkt væri í senn óraunsætt og ótrúverðugt þegar um samsteypustjórn þriggja ólíkra afla er að ræða. En Alþb. hefur farið með forustu í mikilvægum málaflokkum innan þessarar ríkisstj. og er á þeim sviðum ábyrgt öðrum fremur.

Á sviði félags- og heilbrigðismála hefur verið náð fram fjölmörgum réttindamálum og lögfest atriði almenningi til hagsbóta sem ekki verða auðveldlega aftur tekin. Frv. um lengingu orlofs er nýjasta dæmið um hvernig vinveitt stjórnvöld geta flýtt fyrir framgangi hagsmunamála almennings.

Meðferð ríkisfjármála hefur þótt takast með þeim ágætum undir forustu Ragnars Arnalds fjmrh. að andstæðingar eiga erfitt með að finna gagnrýni sinni stað. Með farsælli forustu í fjmrn. og fjvn. Alþingis um árabil hefur Alþb. sýnt og sannað að það getur axlað hvaða ábyrgð sem er í stjórn landsins, þannig að til fyrirmyndar má telja.

Um iðnaðar- og orkumál hefur ekki ríkt neinn friðafriður hér á hv. Alþingi undanfarin ár, a. m. k. ekki í orði. Mér hefur ýmist verið legið á hálsi fyrir kyrrstöðu og stöðnun, lokuð vinnubrögð, einstrenging og hroka eða þá of mikil umsvif, lagabálka og upplýsingar til Alþingis sem kennt hefur verið við pappírsflóð. Það væri skemmtilegt orðasafn, sem taka mætti saman úr ræðum hv. stjórnarandstæðinga um þau efni, og gæti sá listi eflaust enst hv. forseta Nd., sem því miður er hér ekki viðstaddur, til að vefja tungu mörgum sinnum um höfuð sér, og kallar hann þó ekki allt ömmu sína.

Ég hef kunnað þessum atgangi hv. stjórnarandstæðinga vel, því að á endanum hafa þeir flestir greitt atkv. með mikilvægum málum á sviði iðnaðar og orkumála og hamagangur þeirra því verið meira í orði en á borði.

Mörkuð hefur verið ný iðnaðarstefna og ný orkustefna. Erlenda stóriðjustefnan er á hröðu undanhaldi og menn átta sig nú á gildi þess að tryggja hér innlent forræði yfir öllum þáttum atvinnulífsins. Það er líklega þetta undanhald erlendu stóriðjustefnunnar sem farið hefur svo mjög fyrir brjóstið á hv. þm. Agli Jónssyni, eins og heyra mátti hér áðan, og sama neikvæða tóninn mátti lesa á síðum Morgunblaðsins fyrir réttri viku frá formanni Sambands ungra sjálfstæðismanna, Geir Haarde, varðandi íslenskt stóriðjuver, kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en hann á raunar sæti í stjórn þess fyrirtækis. Hann skyldi þó aldrei hafa fengið línuna frá hv. 11. landsk. þm.

Í þeirri iðnaðarstefnu sem mótuð hefur verið í tíð núv. ríkisstj. hefur sérstök áhersla verið lögð á fjölbreytta iðnþróun, bæði almennan iðnað þar sem reynir á frumkvæði og íslenskan stóriðnað, m. a. með orkulindir landsins að bakhjarli. Ástæða er hins vegar til að minna á, að til þess að slík fjölþætt iðnþróun verði að veruleika og nái til allra landshluta þarf mun víðtækari og öflugri pólitískan stuðning innan allra stjórnmálaflokka en hingað til til að tryggja vöxt og viðgang íslensks iðnaðar, og undanskil ég þá ekki úrvinnslu úr sjávarafla eða landbúnaðarafurðum.

Margt hefur tekist vel í sambandi við orkumál og m. a. að ná fram samningum um eina landsvirkjun, þrátt fyrir harðvítuga andstöðu íhaldsaflanna. Markvisst hefur verið unnið að verðjöfnun á orku. Mikill árangur hefur náðst í verðjöfnun á raforku til heimilisnota og með landsvirkjunarsamningnum s. l. sumar er tryggt sama heildsöluverð á raforku frá byggðalínukerfinu um land allt. Fjárhagsleg staða Landsvirkjunar er því miður afar bágborin, þrátt fyrir að fyrirtækið hafi fengið hækkanir á gjaldskrá til almenningsveitna langt umfram aðrar verðlagshækkanir á undanförnum árum. Hefur af þessum sökum orðið að grípa til þess að greiða niður raforku til húshitunar til að draga úr sárasta misrétti í upphitunarkostnaði. Sú staða er fyrst og fremst til komin vegna raforkusölusamningsins við álverið í Straumsvík, sem nú er knúið fast á um að fá breytt. Þau ánægjulegu umskipti hafa orðið síðustu mánuði, að allir stjórnmálaflokkar virðast nú loks einhuga um réttmæti kröfunnar um mikla hækkun á raforkuverði til ÍSALs. Sú afstaða ásamt niðurstöðum úr endurskoðun á verðlagningu á hráefnum til ÍSALs á drýgstan þátt í að nú reynir á hvort samningar geti tekist milli Alusuisse og íslenskra stjórnvalda. Hér eru hagsmunir í húfi sem varða hvert einasta mannsbarn í landinu.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Sú vantrauststill., sem hér er til umr., mun ekki auka traust manna eða stuðning við stjórnarandstöðuna. Ríkisstj. hefur brugðist við aðsteðjandi vanda með ábyrgum hætti og nýtur enn meirihlutastuðnings hér á hv. Alþingi og vafalaust meðal þjóðarinnar. Þótt við margvíslegan vanda sé að fást í íslenskum þjóðarbúskap og nokkuð dökkt sé í álinn fram undan er engin ástæða til að æðrast. Við búum við gjöfular auðlindir í sjó og á landi og umhverfi sem margir geta öfundað okkur af. Að þessum gæðum ber okkur að hlúa, vernda þau og hagnýta með skipulegri hætti en gerst hefur til þessa. Jafnframt er verkefnið að tryggja eðlileg og réttlát hlutaskipti í þjóðfélaginu til allra starfsstétta. Slíkt á ekki og getur ekki gerst með allsherjar miðstýringu eða valdboði, heldur verður að koma til lýðræðisleg samstilling áhrifaaðila og hagsmunaaðila í þjóðfélaginu. Hin pólitísku valdahlutföll í landinu skipta hins vegar sköpum um meginstrauma þjóðmálanna. Þar ætlar Alþb. sér mikinn og vaxandi hlut, sem aðeins fæst með atfylgi fjöldans. Hinn breiði fjöldi vinnandi fólks í landinu þarf nú á öflugri pólitískum málsvara að halda en nokkru sinni fyrr. Þann málsvara er aðeins að finna í sterku og víðsýnu Alþb.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Oft hefur það verið réttlætanlegt að sjálfsögðu að flytja vantraust á ríkisstjórnir. Hins vegar held ég að vantraust hitti ekki í mark eins og á stendur, ekki aðeins af því að það verður augljóslega fellt í Sþ. heldur af öðrum ástæðum.

Í fyrsta lagi hefur stjórnarandstaðan ekki getu til þess að mynda stjórn þótt núverandi stjórn félli. Stjórnar-

andstaðan hefur ekki upp á neitt sérstakt að bjóða, enda sjálfri sér sundurþykk.

Í öðru lagi stendur svo á, að núv. ríkisstj. gerir sér fulla grein fyrir breyttri stöðu sinni og mun ekki sitja lengur en eðlilegt getur talist. Það er gert ráð fyrir alþingiskosningum snemma á næsta ári, mörgum mánuðum áður en kjörtímabilinu lýkur í desember 1983.

Í þriðja lagi er vantraust ótímabært vegna þess að ríkisstj. og Alþingi hafa „brýn verk að vinna" svo ég noti orðalag Kjartans Jóhannssonar hér í kvöld, — verk sem allir hugsandi menn eru sammála um að ljúka verði áður en nýtt ár gengur í garð og áður en kosningar fara fram. Því verður ekki trúað fyrr en fullreynt er að stjórnarandstaðan sýni ekki fulla ábyrgðartilfinningu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og gildistöku brbl. Hvað þessi mál varðar eru svo miklir þjóðarhagsmunir í húfi og efniságreiningur svo óverulegur í raun og veru að þjóðin krefst þess af Alþingi, og þá fyrst og fremst af stjórnarandstöðunni, að Alþingi standi saman og láti ekki annarleg sjónarmið villa sér sýn.

Kjósendur ætlast til þess að Alþingi sýni ábyrgðartilfinningu. Þess vegna mun þjóðin krefjast þess að Alþingi ljúki helstu nauðsynjamálum sínum áður en gengið verður til kosningar, þ. e. fjárlögum fyrir árið 1983, vegáætlun og gildistöku brbl. ásamt ýmsum fylgifrv. þeirra, svo sem ákvæðum um nýtt vísitölukerfi, orlofslögum og ákvörðunum um láglaunabætur.

Herra forseti. Ég minni á að íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum á þessu ári. Þessi áföll komu óvænt. Þau skullu yfir án nokkurs fyrirvara. Sjávarafli hefur dregist stórkostlega saman og það á bæði við um þorskafla og loðnuafla, þjóðarframleiðslan mun minnka um a. m. k. 5% á árinu, markaðir hafa verið ótryggir, verðbólgan hefur farið vaxandi og viðskiptahalli orðið geigvænlegur. Fæst af þessu getur verið ríkisstj. að kenna, a. m. k. ekki samdráttur sjávaraflans eða versnandi markaðshorfur og viðskiptakjör. Þar er um að ræða áföll sem enginn ræður við né auðvelt var að sjá fyrir.

Hinu er ekki að neita, að virkar efnahagsaðgerðir drógust allt of lengi á þessu ári og það hafa framsóknarmenn gagnrýnt. Það var mikil þörf fyrir áhrifamiklar aðgerðir þegar á fyrri hluta ársins, þegar ljóst var að samdráttur var orðinn í þjóðarframleiðslu og að hann mundi halda áfram allt árið og á næsta ári.

Ég dreg ekki dul á að það er hægt að gagnrýna ríkisstj. fyrir seinlæti í efnahagsráðstöfunum. Þær hefðu þurft að koma miklu fyrr fram en þær gerðu, eins og ævinlega var tillaga okkar framsóknarmanna. Hins vegar legg ég áherslu á að efnahagsaðgerðirnar sem ákveðnar voru í ágúst voru nauðsynlegar og koma að miklu gagni, en munu þó fyrst gagnast fyrir alvöru ef ákvæði brbl. koma til framkvæmda 1. des. og ef ríkisstj. fær aðstöðu til að koma þeim málum fram sem hún vinnur að samkv. yfirlýsingu sinni um frekari aðgerðir í efnahags- og fjármálum og kjaramálum. Þar er lögð meginhersla á að draga úr viðskiptahalla og skuldasöfnun, m. a. með því að draga úr óhóflegum innflutningi, hamla gegn verðbólgu með virkum aðgerðum og vernda hagsmuni láglaunafólks, þótt ekki verði hjá því komist að viðurkenna að kjararýrnun sé óhjákvæmileg vegna minnkandi þjóðartekna. Það er auðvitað blekking ein að hægt sé að hækka kaup almennt talað og bæta lífskjör þegar afrakstur þjóðarbúsins dregst saman.

Miðað við þau efnahagsvandræði sem nú ríkja verður einnig að draga saman seglin í einkaneyslu og ýmsum útgjöldum. Við verðum að einbeita kröftum okkar að því að draga úr viðskiptahallanum og létta skuldabyrðina og hamla gegn verðbólgu, sem er að sliga atvinnuvegina og kippa með því grundvellinum undan eðlilegum atvinnurekstri. Sífelldur taprekstur fyrirtækja er þjóðarvoði, sem getur endað með því að þjóðin glati efnahagslegu sjálfstæði sínu. En það er ekki hægt að tryggja atvinnurekstrinum góða afkomu og fjármagn til vaxtar og endurnýjunar nema vinna bug á verðbólgunni. Hún er bölvaldur heilbrigðs atvinnurekstrar.

Höfuðmarkmið góðrar ríkisstj., og það leggja framsóknarmenn ríka áherslu á, hlýtur að vera að halda uppi nægri atvinnu í landinu. Þannig sjáum við hag heimilanna borgið. En til þess að það megi takast þarf að tryggja atvinnuvegunum og einstökum fyrirtækjum öruggan rekstrargrundvöll, auk þess sem atvinnulífið þarf að vera sem fjölbreyttast. Í því sambandi verður að gæta þess að mismuna ekki atvinnugreinum eða loka augunum fyrir sérstökum vandamálum einstakra atvinnugreina eða framleiðslufyrirtækja.

Fjölþættur iðnaður hefur verið að þróast í landinu síðustu áratugi og hefur tekið við sívaxandi fjölda fólks til starfa síðustu 40—50 ár. Útflutningsiðnaður hefur vaxið hröðum skrefum síðustu 10—12 ár og sér þúsundum manna fyrir atvinnu og afkomu og aflar dýrmæts gjaldeyris. Ullariðnaður er hér sérlega mikilvægur, einnig skinnaiðnaður. Framleiðsluvörur ullar- og skinnaiðnaðarins njóta álits á erlendum mörkuðum. M. a. eru íslenskar ullarvörur þekktar á vestrænum mörkuðum beggja vegna Atlantshafs. Þrátt fyrir það eru miklir erfiðleikar í rekstri ullar- og skinnaverksmiðja. Langvarandi verðbólga ræður þar mestu, en lánamál og gengisþróun varða einnig miklu.

Ekki verður hjá því komist að taka raunsætt á vanda iðnaðarins í heild og tryggja honum betri afkomu en nú er. Þetta á að sjálfsögðu við iðnaðinn allan, en þó ekki síst við útflutnings- og samkeppnisiðnaðinn.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég hef bent á að vantraust á ríkisstj. hefur ekki jákvætt gildi. Hvort tveggja er að stjórnarandstaðan hefur enga getu til þess að mynda ríkisstj. og hitt að ganga verður til alþingiskosninga svo fljótt sem verða má. Núv. ríkisstj. á ekki að sitja lengur en nauðsyn krefur, en hún á ekki heldur að fara frá í ótíma. Auk þess legg ég áherslu á að Alþingi standi saman um afgreiðslu tiltekinna nauðsynjamála, svo sem fjárlaga, vegáætlunar og brbl., áður en til kosninga kemur. Ég tel að þjóðin muni krefjast þess af Alþingi að það gangi eðlilega frá þessum málum. Verði það ekki mun stjórnarandstaðan fyrst og fremst verða kölluð til ábyrgðar.

Góðir hlustendur. Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ágætu áheyrendur. Hvar í veröldinni gæti það annars staðar gerst að heill þingflokkur ber fram vantraust á ríkisstj. og klofnar síðan sjálfur í sundur áður en vantrauststill. kemur til umr. á Alþingi? Það hefði mátt ætla að forusta Alþfl. hefði eitthvað lært af frumhlaupinu haustið 1979, þegar flokkurinn sleit stjórnarsamvinnunni og hljóp frá mikilvægum vandamálum óleystum á versta tíma, m. a. óafgreiddum fjárlögum. Kjósendur yfirgáfu flokkinn og eins mun fara nú þrátt fyrir broslegar tilraunir formanns

flokksins, sem segist vera klókur og líkir sér við fræga látna stjórnmálamenn á Norðurlöndum. Því miður fyrir Alþfl. hefur hann tapað trausti fólksins í landinu. Vilmundaræviníýrið nýja bætir þar ekki um og því síður vanhugsuð vantrauststill., sem hér er til umr.

Eins og alþjóð veit var núv. ríkisstj. mynduð að undangengnum vetrarkosningum eftir brotthlaupsævintýri Alþfl. Tilurð hennar bjargaði þingræðinu eftir margra vikna árangurslausar viðræður forustumanna allra stjórnmálaflokkanna. Stefna hennar tók fyrst og fremst mið af þeim þýðingarmestu efnahagsmarkmiðum fyrir þjóðfélagið að rétta við atvinnuvegina, sem komnir voru í þrot, og tryggja með því atvinnuöryggi um allt land, jafnframt því að hamla gegn verðbólgu og efla félagslega uppbyggingu í landinu.

Ég ætla ekki að ræða hér störf hæstv. ríkisstj., en allir landsmenn viðurkenna að henni hefur tekist að halda uppi fullri atvinnu. Félagslegar og efnahagslegar framfarir hafa orðið miklar og munu létta þá baráttu sem fram undan er til að tryggja áframhaldandi framfarir og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Við Íslendingar erum háðari utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir. Það er því mikil skammsýni og raunar þjóðarógæfa að stór hluti forustumanna og áhrifamanna þjóðarinnar virðist ekki gera sér grein fyrir né viðurkenna þá staðreynd, að kröfur um aukin lífsgæði verða að byggjast á þeirri verðmætasköpun, sem atvinnuvegir þjóðarinnar eru færir um að framleiða, og því markaðsverði, sem hægt er að fá fyrir framleiðsluna.

Um langt árabil hefur krafan um óheft frelsi í viðskiptum, fríverslun, átt miklu fylgi að fagna. Ísland er í EFTA og í viðskiptasamningum við Efnahagsbandalag Evrópu. Við njótum tollfrelsis fyrir okkar útflutningsvörur. Það er vissulega mikils virði. En í staðinn verðum við að brjóta niður tollmúra hjá okkur fyrir frjálsan innflutning frá þessum þjóðum með þeim afleiðingum að samkeppnisiðnaður okkar hefur í mikilli verðbólgu ekki viðráðanlegan rekstrargrundvöll. En margvísleg innflutningsverslun blómgast og gjaldeyriseyðslan er of mikil. Staða þessara mála er eitt hið mesta áhyggjuefni fyrir alla sem vilja hugsa í alvöru um þessi mál. Það fær engin þjóð staðist að auka innflutning um 6% á sama tíma og útflutningur dregst saman um 17%.

Öllum landsmönnum er ljóst að hér er alvara á ferðum. Það verður að spyrna við fótum um sinn, beita varnaraðgerðum. Viðnámsaðgerðir ríkisstj., sem felast í brbl. sem taka gildi 1. des. n. k., eru lífsnauðsyn í þessari stöðu. Þær ráðstafanir, sem í brbl. felast og þeim fylgifrv. sem þeim eiga að fylgja, gera mögulegt að afgreiða fjárlög 1983, hamla gegn vaxandi verðbólgu og byggja upp vörn gegn atvinnuleysi. Þjóðin vill að stjórnmálamenn láti þjóðarheill ganga fyrir persónulegum vígaferlum. Þjóðin þarfnast sterkrar samstöðu um róttæka viðnáms- og uppbyggingarstefnu. Það verður að bregðast hart við af ábyrgð og festu til að bægja frá atvinnuleysi. Við framsóknarmenn leggjum því áherslu á algeran forgang atvinnumála á næstu misserum undir kjörorðinu: Störf fyrir alla, Ísland án atvinnuleysis.

Í umr. hér á hv. Alþingi og í ýmsum fjölmiðlum hafa komið fram furðulegar kenningar gegn höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði. Það er rík ástæða til að standa sterkan vörð um þessa atvinnuvegi. Hver getur mótmælt því að íslenskur sjávarútvegur hefur verið er og verður meginforsenda þjóðartekna og góðra lífskjara? Afköst hans þarf því að auka og efla. Og hver vill mæla gegn því að íslenskur landbúnaður hefur verið og er grundvöllur byggðar í landinu og ómetanlegur fyrir afkomu þjóðarinnar? Hann skapar öryggi með því að framleiða mest af þeim matvælum sem þjóðin þarfnast. Það eitt er mikilvæg trygging fyrir sjálfstæði hennar. Hann sparar gjaldeyri og leggur til mikilvæg hráefni til iðnaðar og vinnsla úr vörum landbúnaðarins er ómissandi atvinnugjafi fjölmargra smærri og stærri byggðarlaga hér á landi. Þar fyrir utan hefur landbúnaður marghátttað félagslegt og menningarlegt gildi.

Um iðnaðaruppbyggingu hér á landi eru allir sammála sem betur fer. Það er framtíðin.

Stefna okkar framsóknarmanna hefur allt frá því að Framsfl. var stofnaður verið framfarir um landið allt. Af þessu hefur íslensk byggðastefna mótast og þróast. Samvinnuhreyfingin hefur verið eitt sterkasta aflið í að framfylgja þessari stefnu. Ég þarf ekki að ræða hér árangur. Um það talar skýru máli hin fjölþætta uppbygging um land allt. Fiskvinnslustöðvar, glæsileg fiskiskip, vinnslustöðvar landbúnaðarins og ýmis iðnfyrirtæki.

Öflug félagsmálauppbygging hefur fylgt þessari þróun. Skólar, heilbrigðisstofnanir, samgöngumannvirki. Við leggjum áherslu á framhald þessarar stefnu.

Við viljum tengja saman þéttbýli og dreifbýli og auka og efla samvinnu milli byggða, efla sjálfstæði byggðanna. Við leggjum sérstaka áherslu á vegamál og undirstrikum gildi þeirrar samstöðu sem náðist hér á Alþingi milli allra stjórnmálaflokkanna um langtímastefnu í vegamálum. Þetta er forgangsverkefni, eitt stærsta byggðamálið, sem þjóðin er öll sammála um og gerir kröfu til að fylgt verði fram með auknum framkvæmdum í varanlegri vegagerð.

Ég nefni lagningu sjálfvirks síma. Með lögum er tryggt að sjálfvirkur sími verði kominn til allra byggða landsins innan þriggja ára.

Stórstígar framfarir og uppbygging hafa átt sér stað í heilbrigðiskerfinu og á tiltölulega fáum árum hafa verið byggð sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Þessu ber að fagna um leið og leggja ber áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðismálum og aukna heilsuvernd. Þessi málaflokkur er fyrirferðarmestur í útgjöldum ríkis og sveitarfélaga. Taka þarf fjármögnunarkerfi sjúkrastofnana í landinu til gagngerðrar endurskoðunar og efla stórlega eftirlit og ráðgjöf í rekstri þeirra. Í dag er of mikil sjálfvirkni í þessum mikilvæga málaflokki.

Sem félagshyggjuflokkur leggjum við áherslu á skynsamlega lausn húsnæðismála, ekki síst vegna unga fólksins. Við viljum hærri lán og lengri lánstíma. Við viljum efla stuðning við málefni fatlaðra og aldraðra og taka upp sterka fjölskyldupólitík, fjölskylduvernd. Við leggjum áherslu á að innan fjölskyldunnar fer fram sá hluti uppeldisins sem hvað mestu máli skiptir. Þess vegna þarf til að koma umbótastefna sem skapar aðstæður fyrir fjölskylduna til að lifa í samræmi við nýtt og breytt gildismat.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Í örstuttu máli hef ég leitast við að draga upp viðhorf og skoðanir okkar framsóknarmanna til ástands í þjóðmálum og stefnumarkandi aðgerðir. Það sem í dag skiptir höfuðmáli er að ná víðtækari samstöðu um að ráðast gegn verðbólgunni og tryggja afkomu atvinnuveganna og um leið atvinnuöryggið í landinu. Við verðum að auka sparnað og draga úr ríkisútgjöldum. Við verðum um sinn að draga úr

óþarfa innflutningi. Við verðum að auka kaup á innlendum vörum og framleiðslu. Við verðum að vinna markvisst að því að auka og efla útflutningsframleiðslu og þar með útflutningstekjur. Við eigum óbeislaða orku til framfara í okkar landi. Mál dagsins er krafa þjóðarinnar til stjórnmálamanna og forustumanna hagsmunaaðila í landinu um að taka höndum saman um farsæla lausn þjóðmála á erfiðum tímum og tryggja þar með lífskjörin í landinu. Samþykkt brbl. og fylgifrumvarpa, er þeim eiga að fylgja, skynsamleg meðferð og afgreiðsla fjárl. er nærtækasta verkefnið sem bíður alþm.

Þessi till. um vantraust á þskj. 90 leysir engan vanda — ekki einu sinni Alþfl.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Væntanlegt Bandalag jafnaðarmanna verður andvígt núv. ríkisstj. Ég stend því að vantrausti því sem mælt hefur verið fyrir hér í kvöld.

Verðþensla í landinu nemur næstum 70%, erlendar skuldir landsmanna nema nær 4 þús. Bandaríkjadölum á hvert mannsbarn, stjórnkerfið er forspillt. Margir hv. alþm. hafa af því starfa að afla sér fylgismanna með setu t. d. í bankaráðum og Framkvæmdastofnun ríkisins. Á meðan blæðir landinu og hafið er ofnytjað.

Núv. ríkisstj. stendur fyrir frið. Hún stendur fyrir þær sögulegu sættir sem Morgunblaðið boðaði á sinni tíð. Þar eru Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl., þó að nokkrir þeirra séu að forminu til fyrir utan vegna persónulegrar styggðar. Og innan míns gamla flokks eru þau mörg, sem vilja fá að vera með, þrátt fyrir vantraustið í dag. Ég vísa í viðtal við hv. þm. Magnús H. Magnússon í Morgunblaðinu fyrir hálfum mánuði.

En friðurinn í núv. hæstv. ríkisstj. er friður gegn fólkinu í landinu, friður utan um ekki neitt. Þetta er friður hins þrönga og lokaða flokkavalds, friður til varnar völdum og hagsmunum. Þess vegna væri best að vantraustið væri samþykkt og ríkisstj. færi þegar frá. Hvað svo?

Alþingi er skylt að gera tvennt áður en næstu alþingiskosningar fara fram. Koma því skikki á efnahagsmál sem hægt er, þó það sé auðvitað þolinmæðisverk sem tekur tíma, og ganga frá frv. til nýrrar stjórnarskrár. Þetta væri pólitískt óhæfuverk að efna til kosninga í skyndingu áður en slíku verki er lokið. Þess vegna á að kjósa í vor, þó svo hið þrönga valdakerfi sé nú ótt og uppvægt að efna í skyndingu til kosninga þegar það finnur hina þungu undirstrauma samfélagsins, hina hljóðlátu og ábyrgu uppreisn gegn því sjálfu.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj., sem auðvitað hefur ekki aðeins glatað trausti samfélagsins heldur einnig sjálfstrausti og sjálfsvirðingu, hefur sagt af sér er það samt að fara úr ösku í eld, ef einhver ímyndar sér að hv. þm. Geir Hallgrímsson og Kjartan Jóhannsson ráði við þau verkefni sem hæstv. ráðherrar Gunnar Thoroddsen og Svavar Gestsson hafa ekki ráðið við. Slæmt er það, en verra getur það verið. Slíkt er auðvitað engin lausn, í besta lagi brosleg hugmynd.

Nei, lausnin verður að vera öðruvísi hugsuð. Við reynum fyrst meirihlutastjórn á Alþingi. En væntanlega mun það ekki reynast fær leið. Við reynum þá minnihluta stjórn. Það er einnig ólíklegt að það gangi, en þó ekki útilokað. Ef það bregst verðum við að mynda ríkisstjórn utanþingsmanna. Vitaskuld eru þeir hv. alþm. til, þverpólitískt talað, sem mundu sýna utanþingsstjórn fulla ábyrgð meðan verið væri að koma skikki á efnahagsmál, eftir því sem hægt er, og ganga frá drögum að nýrri stjórnarskrá.

Ég treysti til slíkra verka t. d. hv. þm. Geir Gunnarssyni, Sighvati Björgvinssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni. Á meðan þessu færi fram eru hv. þm. Matthías Bjarnason, Helgi Seljan, Stefán Valgeirsson og Jón Hannibalsson að dunda við atkvæðaöflun í Framkvæmdastofnun ríkisins, bankaráðum ríkisbankanna og rándýrum fjölskylduhátíðum í Broadway.

Menn spyrja: Hver ætti að veita slíkri utanþingsstjórn forstöðu? Ég treysti t. d. Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra til þess, manni sem hefur verið níddur sem ímynd kerfismennskunnar, en hefur nýverið gert heilli ríkisstj. og ónýtu valdakerfi skömm til með því að freista þess að halda uppi landslögum og réttum leikreglum í verðtryggingarmálum, meðan fyrirgreiðslukerfið hefur skolfið og titrað, nítt og nagað og reynst ófært um einföldustu stjórnarathafnir.

Þeir hv. alþm. eru til, meira að segja margir, sem mundu koma fram af fullri ábyrgð við slíkar aðstæður, þó svo flokkakerfið, hin þrönga lokaða lágkúra mundi auðvitað segja nei.

Þetta um ríkisstj. og vantraustið. Samandregið er svarið einfalt. Ríkisstj. er ónýt og á að fara frá. Og brbl., eignatilfærslan vegna hinnar heimatilbúnu kreppu hins ónýta stjórnkerfis, eiga auðvitað að falla. Ef menn og samtök þeirra hafa samið af sér, þá skulu stjórnvöld gefa samninga lausa. Það er einföld leið, ábyrgðin til fólksins.

Menn hljóta að sjá og skilja undirstrikun þeirrar staðreyndar að valdakerfið í landinu, hin þröngu og lokuðu flokksvöld, hin fölsku völd hafa brugðist, því að stjórnmálasamtök sem enn eru ekki formlega til þó undirbúningur sé vel á veg kominn, Bandalag jafnaðarmanna, hafa ein stjórnmálasamtaka sett fram skýrar tillögur um kjördæma- og stjórnarskrármál.

Síðan 1978 hefur setið stjórnarskrárnefnd undir forustu hæstv. forsrh. Það að hann skuli enn sitja þar, þrátt fyrir sitt virðulega embætti nú, lýsir miklum metnaði en lítilli dómgreind.

Nýlega hafa hv. alþm. séð vinnugögn stjórnarskrárnefndar. Vinnan er lítils, jafnvel einskis virði. Það er umskrift á nokkrum gömlum greinum stjórnarskrárinnar. Ekkert er komið um nútímaleg ákvæði eins og eignarréttarhugmyndir eða mannréttindi minnihlutahópa, ekkert um frelsi til tjáningar eða hagsmunasamtök. Og að því er kjördæmamálið sjálft varðar er nefndin í sömu sporum og hún var þegar hún byrjaði.

Með örfáum virðulegum undantekningum sitja þarna varðhundar valdsins, varðhundar hins þrönga flokksræðis og hugsa um sjálfa sig og völd sín, völdin gegn fólkinu í landinu. Væntanlegt Bandalag jafnaðarmanna hefur hins vegar flutt hér á Alþingi tillögur, sem ég veit að varla eiga enn mikinn hljómgrunn í þessu skelfilega húsi en ég er samt jafn sannfærður um að muni eiga fylgi að fagna út um hið víða og breiða land, ef tekst að brjótast fram hjá varðhundum valdsins og til fólksins sjálfs.

Við leggjum til að forsrh. sé kosinn beinni kosningu í tvöfaldri umferð ef ekki næst hreinn meiri hluti í þeirri fyrri. M. ö. o., að landið verði eitt kjördæmi að því er tekur til framkvæmdavaldsins.

Við leggjum til að að því er tekur til löggjafarvaldsins verði kjördæmaskipun óbreytt.

Við leggjum til að algerlega verði skilið milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, m. ö. o. að störf hv. alþm. verði að setja landinu almennar leikreglur og síðan að hafa eftirlit með því að þessum almennu leikreglum sé fylgt.

Við leggjum til að mörkun utanríkisstefnu, sem vitanlega er afar viðkvæm fyrir eyland í Atlantshafinu miðju, verði af hendi Alþingis, enda verði annað hættulegt.

Og við leggjum til að þingrofsréttur verði afnuminn, m. ö. o. að kosið sé reglulega á fjögurra ára fresti.

Þetta mun í senn leiða til styrkrar stjórnar og mikillar valddreifingar. Umfram allt eru þetta tillögur, þar sem hægt er að ná fullum og réttmætum sáttum milli þéttbýlis og dreifbýlis, í stað þess byggðastríðs sem gamla flokkakerfið ástundar um þessar mundir.

Vitaskuld eru að hluta til tvær þjóðir í landinu, sú sem byggir þétt og hin sem byggir dreift. Ekki má gera of mikið úr slíkri skiptingu, en það má heldur ekki líta fram hjá henni. Í þéttbýli er meiri þjónusta, erfiðara að komast úr og í vinnu, en samt um sumt meiri möguleikar. Í dreifbýli vítt hugsað er þessu öfugt farið. Við verðum að taka tillit til þessara staðreynda og umfram allt ná fullum sáttum. Forsvarsmenn gamla flokkakerfisins vilja ekki sættir. Þeir vilja ómerkilegt stríð. Þeir vilja stríð milli landshluta, aðstöðu til sinna eigin atkvæðaveiða.

Sú leið sem væntanlegt Bandalag jafnaðarmanna leggur til er fær. En hún felur miklu meira í sér. Hún felur það í sér að flokksvöldin, völd nokkurra hundraða karla og kvenna í svokölluðum stjórnmálaflokkum — þar sem menn eru auðvitað fyrst og fremst að vernda aðstöðu í verkalýðshreyfingu eða verslunarráði — á fjölmiðlum eða jafnvel í heimi lista og bókmennta verði brotin upp. Lýðræði verði gert virkt og beint. Ekki aðeins á þessu sviði heldur mun fylgja í kjölfarið virkt og raunverulegt lýðræði, ekki þröngt og lágkúrulegt flokksræði í hinum smærri einingum samfélagsins. Þetta eru m. ö. o. tillögur fyrir fólk, en ekki tillögur gegn fólki.

Hv. alþm. eiga ekki að sitja í Kröflunefndum neins konar, ekki bankaráðum, ekki Framkvæmdastofnun ríkisins. Þeir eiga ekki að sitja í útvarpsráði og ákveða hvaða varðhundur valdsins fær að tala um daginn og veginn eða stjórna valdhlýðnum umræðuþáttum í sjónvarpi. Þetta lokaða valdakerfi verður brotið upp. Nú á rismikið fólk, allt fólk að fá sitt tækifæri. Nú skal bælingin í hinu niðurnjörvaða flokkavaldi vera á burt.

Ég vil eindregið hvetja þá sem á mál mitt kunna að hlýða að kynna sér fyrsta þskj. væntanlegs Bandalags jafnaðarmanna, þskj. um hreinan aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds og beina kosningu forsrh., og þá sérstaklega klassískar ritgerðir þeirra Gylfa Þ. Gíslasonar og Ólafs Jóhannessonar. Þar er lýst með ljósum hætti hinum raunverulegu vandamálum íslenskrar stjórnmálasögu, hættum sem stafa af hagsmuna- og flokkavaldi.

Annað þingmál væntanlegs Bandalags jafnaðarmanna er um það bil að sjá dagsins ljós. Við viljum gefa fiskverð frjálst. Burt með oddamanninn, burt með ríkisvaldið. Samningar manna og samtaka þeirra eiga að vera frjálsir. Menn og samtök þeirra eiga að bera fulla ábyrgð á því sem þeir eru að gera og semja um. Ef húsin semja um hærra verð en þau geta greitt, þá eiga þau að fara á hausinn. En ríkið á ekki að greiða þeim bakreikninga með lækkuðu gengi, hækkuðu vöruverði fólksins í landinu. Við viljum frelsi, frelsi fyrir litlar einingar. Við viljum ábyrgð, ábyrgð fyrir einstaklinga og samtök þeirra. Við viljum að samningsgerð sé frjáls og við viljum að maðurinn sé frjáls.

Varðhundar valdsins eru víðar, varðhundar hins þrönga og lokaða flokkakerfis. Menn spyrja af hverju við í væntanlegu Bandalagi jafnaðarmanna tökum þá áhættu sem við gerum, því að ekki eigum við mikla peninga og ekki eigum við aðgang að stofnunum valdsins.

Ég vil segja pólitíska dæmisögu. Eitthvert veigamesta frv. sem við höfum staðið fyrir hér á Alþingi er frv. til l. um heimild til handa starfsfólki á stærri vinnustöðum að semja sjálft um kaup sitt og kjör eða hvað annað, þar með talin félagsmál og aðild að stjórn eða eignaraðild að fyrirtækjum. Þessi hugsjón hefur víða verið kynnt á vinnustöðum og er óhætt að segja að fólk hafi sýnt henni áhuga. Það veit að hér er verið að fjalla um aukin réttindi og aukin völd, að vísu dreifð, en þess sjálfs.

Við höfum þurft að sæta því, að í gamla flokknum er eitthvert appírat sem þeir kalla verkalýðsmálaráð. Þar sitja nokkrir tugir karla og kvenna sem meira og minna hafa atvinnu af störfum í þágu verkalýðshreyfingar. Aftur og aftur hefur þetta fólk kolfellt að gamli flokkurinn sem slíkur hafi nokkur afskipti af þessu máli, nú síðast fyrir nokkrum vikum. Við vitum hins vegar að þetta kerfi er rammfalskt. Þetta fólk er ekki fulltrúar fyrir neinn nema sjálft sig og hagsmuni sína. Nú verður auðvitað að álykta afar varlega og ekki vil ég gera þessu fólki eða yfir höfuð nokkrum manni upp illar hvatir. En hagsmunavarsla af þessu tagi er stórhættuleg. Og umfram allt stendur hún framförum og frelsi fyrir þrifum.

Þessi litla dæmisaga segir mikla pólitíska sögu. Hún er lýsing á hagsmunavörslu gamla flokkakerfisins eins og það leggur sig. Helsti talsmaður gegn þessu frv. á Alþingi hefur verið hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Í vaxtamálum gengur hann ekki erinda síns fólks, svo mikið er víst. Og ég vil bæta við, að þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir allt eru auðvitað góðar taugar í mínum gamla flokki. En þessi þrönga hagsmunavarsla er ekki aðeins ósæmileg, hún er beinlínis andlýðræðisleg. Hin þröngu flokksvöld teygja arma sína víða. Yfirstéttin hér á hinu háa Alþingi, dyggilega studd varðhundum valdsins, ekki síst á ríkisfjölmiðlum og flokksblöðum, hefur sína siði og sínar leikreglur. Og ég vil bæta því við að verið er að lýsa reglu þó svo að frá henni séu veigamiklar undantekningar.

Þið hafið heyrt þá hér í kvöld metast um það hver hafi skrökvað mest að þjóðinni á árum áður og hver minnst. Allir hafa þeir nokkuð til síns máls, satt er það. Svo koma þeir fjallhlaðnir skýrslum úr Þjóðhagsstofnun og lesa verðbólgutölurnar sínar. Þeir eru ekki ósammála um neitt sem máli skiptir. Í raun og veru eru þeir allir eins. Munurinn er aðeins sá, að sumir eru ráðherrar en aðrir vilja vera ráðherrar.

Ég vil segja sögu um hegðan valdakerfisins, aðferðirnar sem það hefur til þess að halda uppreisnarmönnum niðri, gagnrýni úti. Eftir myndun núv. ríkisstj. kom fljótlega 1. mars 1980. Þá átti að leiðrétta vexti samkv. lögum um efnahagsmál, Ólafslögum svokölluðum. Ég bað um orðið utan dagskrár til að spyrja hæstv. bankamálaráðh. Tómas Árnason hverju það sætti að það hefði ekki verið gert. Lögbrjóturinn kom í þennan ræðustól og hafði nánast það mikilvægast að segja, að umræður utan dagskrár væru hvimleiðar og spilltu fyrir eðlilegum þingstörfum, — eðlilegum þingstörfum, sagði lögbrjót-

urinn. Og uppistaðan í frétt Ríkisútvarpsins þá um kvöldið var svofelld:

„Alexander Stefánsson", sá sem var hér áðan, „sem gegndi starfi forseta Nd. í fjarvist Sverris Hermannssonar, sagði úr forsetastóli að þessi umræða sýndi nauðsyn þess að endurskoða reglur Alþingis við umræður utan dagskrár."

Þetta var þjóðinni sagt um umræður um lögbrot á hinu háa Alþingi. Svona dæmi má taka endalaust.

Annað dæmi er meðferð valdsins á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, þegar hún reyndi að halda á lofti mannréttindum erlends pilts sem hingað kom til lands sem gestur. Valdið, fjölmiðlarnir hafði engan áhuga á prinsippinu, rétti mannsins til að hlýða samvisku sinni. Þeir hundeltu hins vegar hv. þm. með sitt eina áhugamál: Hvaða áhrif hefur þetta upphlaup, þessi uppákoma á stöðu valdsins í landinu?

Þriðja dæmið um meðferð hins samtryggða valds á okkur, sem sjáum í gegnum þetta næfurþunna og brothætta kerfi, sem samanstendur af nokkrum hundruðum karla og kvenna: Sýslumaður einn lætur án heimildar og umboðs Ríkisútvarpið hafa eftir sér róg um nýlátna erlenda stúlku og særða systur hennar eftir harmleik erfiðari en tárum taki.

Spurt er á Alþingi hvort rn. hafi séð ástæðu til að gera athugasemd við þessa framkomu, en áður hafði Blaðamannafélag Íslands, ein valddruslan til, ályktað til varnar sýslumanni. Valdakerfið bannar þessa fsp. og ætlar ennfremur að brjóta landslög á spyrjanda með því að láta bannið ekki koma til atkv. samdægurs eins og landslög þó mæla skýrt fyrir um.

Þetta er aðferð sem ríkisfjölmiðlar og flokksblöð taka fullan þátt í til þess að láta gagnrýni líta út sem gífuryrði og upphlaup. Valdakerfinu tókst þó ekki atlagan að þessu sinni því að flokksbræður stóðu með, þó með hangandi haus væri, umfram allt Alþb. þó með. Það mun hafa verið verk hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds. Má upplýst fólk í landinu standa í þakkarskuld við hann fyrir það, að þessi atlaga valdakerfisins að einstaklingi geigaði. Tveir fyrrum flokksbræður stóðu hins vegar upp og þurftu endilega, um leið og þeir afsakandi tilkynntu að þeir væru meðmæltir, að flytja ástarjátningar til valdsins, segja að þeir væru nú samt á móti efni fsp., með rógi valdsins. Og eitt stórmennið sat þess utan hjá. Á þeim degi, þeirra sem ég þekki, var Alþfl. gamli lágkúrulegastur.

En hið þrönga flokksvald smýgur víðar. Meira að segja á bókmenntasviðinu vilja þeir taka af okkur ráðin, segja okkur hver er skáld og hver ekki. Og nú sný ég blaðinu við.

Á Morgunblaðinu, sem auðvitað er því miður óupplýst og þröngt flokksblað í vondum skilningi orðsins, hefur þó svona verið ort í síðustu bók höfundar:

Í svipnum hans sé ég æsku okkar
og eitthvað svo viðkvæman sumarstreng,
við skiljum vart þessi óblíðu örlög,
sem ætla sér, vinur, þinn góða dreng.

Við uxum úr grasi með glitrandi vonir
en gleymdum oftast að hyggja að því
að það er ekki sjálfsagt að sólin rísi
úr sæ hvern einasta dag eins og ný.

Og veröldin kom eins og vorbjört nóttin
með vinalegt bros og gleði til þín,
og lífið kom einnig með ótal drauma
í óvænta franska heimsókn til mín.

Nú bíðum við þess að bráðum komi
þessi broslausi dagur — og svo þetta högg.
Þegar líf okkar er að lokum aðeins
eitt lítið spor í morgundögg.

Svona yrkir ekki nema ljóðsnillingur, meðal þeirra fremstu á tungunni sem nú eru til. En þetta þrönga og lokaða flokkakerfi, — hafið þið hugsað um það? — hefur lagst á hann vegna stöðu hans. Við bjuggum meira að segja til orðið „sálmaskáld" sem háðsyrði. Jafnvel á þessu sviði láta þeir fólk ekki í friði. Það skal breytast, það verður að breytast. Við viljum gera uppreisn, en uppreisn innan þess ramma sem stjórnskipunin gerir ráð fyrir og aldrei öðruvísi. Við viljum gera uppreisn í grasrótinni úti á meðal fólks. Við treystum því að fólkið vilji. Við myndum ekki flokk, aldrei framar flokk, heldur laustengt bandalag laustengdra samtaka karla og kvenna, þar sem það ræður miðað við höfðatölu. Við vitum um okkar vanda. Hann er sá að þó að við séum ídealistar í dag, þá getum við verið orðin stofnun fyrr en varir. Engin hugsjón nær nema ákveðnum aldri, þá verður hún stofnun. Þess vegna verðum við alltaf að vita, væntanlegir þátttakendur í Bandalagi jafnaðarmanna, að þó sú þörf sé fyrir okkur í dag, þá er langt frá því að sú þörf vari til eilífðarnóns. Það kemur kannske fljótt og kannske seint, en það kemur að því að við förum að þvælast fyrir eins og gamla flokkakerfið gerir í dag. Þetta verðum við að vita.

Þeir munu ráðast að okkur með upphrópunum, með því að loka fjölmiðlunum. Þeir munu reyna að hæða okkur, reyna að láta allt líta út sem upphlaup eða gífuryrði. Ég nefni dæmi. Hæstv. ráðh. Svavar Gestsson segir á fundi flokks síns að fram séu að koma mörg aukaframboð. Ég endurtek, aukaframboð. Hugsið ykkur mannfyrirlitninguna, þá fyrirlitningu á skoðunum annarra sem felst í þessu litla orði. Og líklegt er að fjölmiðlakerfið kaupi þetta valdsins orð. Auðvitað vill Svavar Gestsson að aðeins hann sjálfur og Geir Hallgrímsson séu í aðalframboðum svo að þeir geti metist á um það hvor hafi skrökvað meira og þrasað svolítið um NATO. Þetta er þeirra kerfi og þeirra vald. Við hin erum aukapersónur, — kannske auka-Íslendingar.

Þeir mega kalla væntanlegt bandalag sérframboð. En við eigum von og kannske erum við von. Við treystum því að fólkið í landinu sjái í gegnum valdhrokann, hið niðurnjörvaða vald með sama hætti og við gerum sjálf. Við höfum nefnt lausnir, en þær lausnir snúast auðvitað einvörðungu um svokölluð stjórnmál. Eftir sem áður er það einstaklingurinn, gleði hans og sorgir sem mestu máli skiptir. Hann er sjálfur bærastur til að ráða fram úr eigin málum. Til þess þarf hann aðeins þolanlegar aðstæður, frelsi og frið.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þessi ríkisstj. skilur eftir sig stærsta þrotabú lýðveldissögunnar. Þess vegna verðskuldar hún vantraust. Erlendar skuldir nema nú 240 þús. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Viðskiptahallinn samsvarar 3 þús. þriggja her-

bergja íbúðum, byggingarverði kaupstaðar á borð við Kópavog. Þetta horfðu þeir á aðgerðarlausir allt s. l. ár.

Löngu eftir að þessi ríkisstj. verður gleymd og grafin verður þú, sem orð mín heyrir, enn minntur á hana af því að þú verður látinn borga vanskilaskuldirnar árum saman. Þessi ríkisstj. skilur ekkert eftir sig nema vanskilaskuldir handa bornum og óbornum.

Stjórnarliðar segjast enga ábyrgð bera á þrotabúinu. Það er að þeirra sögn öllum öðrum að kenna en sjálfum þeim. Við viðurkennum hins vegar vandann. Það hefur orðið samdráttur í afla og útflutningstekjum miðað við uppgangsárin 1980 og 1981. Það er hins vegar enginn aflabrestur og heimskreppan hefur enn ekki numið hér land nema að litlu leyti. Okkar vandi er því miður sjálfskaparvíti. Orsökin er óarðbær fjárfesting í atvinnugreinum, sem komnar eru yfir endimörk vaxtar og skila okkur því engum arði.

Ráðherrarnir hlaupast ekki frá ábyrgð, geta það ekki, á fjárfestingarmistökum, sem orðin eru að drápsklyfjum, óðaverðbólgu, sem nálgast að vera tífölduð á við viðskiptalönd, hallarekstri og skuldasöfnun atvinnuvega, jafnvel á uppgangsárum. Það eina sem hefur forðað okkur frá hruni atvinnulífs og atvinnuleysi er gífurleg aflaaukning í kjölfar 200 mílna útfærslunnar. Það er ekki þeim að þakka. Það er þorskinum að þakka.

Þessi ríkisstj. er að þrotum komin, það eru þeirra eigin orð. Samt boðar Tómas frá Hánefsstöðum enn niðurtalninguna sína, en nú á hún að byrja á miðju ári 1983. Þangað til ætlar Steingrímur að spila eftir eyranu. Það verður ljótur Framsóknarskottís.

Í fjögur ára hafa kommarnir rekið hér langtímaáætlun gegn lífskjörum þjóðarinnar. Nú boða þeir fjögurra ára neyðaráætlun, eftir að hafa komið hér á neyðarástandi á fjórum uppgangsárum. Svo segir hæstv. forsrh. að stjórnarandstaðan fari með ýkjur þegar hún lýsir afleiðingum stjórnarstefnunnar.

1. desember — dagur reiðinnar — er í nánd. Brbl. boða miðlungslaunamanni að vinna kauplaust einn orlofsmánuð á ári að mati ASÍ. Við vitum að það er verið að borga fyrir Kröflu, Steingrímstogarana, útflutningsbæturnar, viðskiptahallann og skuldasúpuna. En við spyrjum: Er byrðunum réttlátlega skipt? Eru fórnir færðar til einskis? Verður beðið um nýjar fórnir 1. mars, 1. júní og svo koll af kolli eins og venjulega? Vantar ekki viðbitið, sem á að gera formanni Dagsbrúnar kleift að kyngja þessum beiska bita?

Það er spurt um stefnu og afstöðu Alþfl. Ég endurtek: Við viðurkennum vandann, en við viljum ekki að launþegar einir færi fórnir. Við viljum ekki að þær fórnir verði færðar til einskis. Við segjum: Stöðvið togarainnflutninginn, afnemið útflutningsbæturnar, hættið að bruðla með fjárfestingarfé þjóðarinnar í arðlausa vitleysu, skilið húsnæðislánakerfinu tekjustofnum þess, hættið að láta ríkið eyða um efni fram.

Forsrh. Þér spurðuð. Hér eru svörin um afstöðu Alþfl. og skilyrði. Komið þið fram með fylgifrv. sem áttu að fylgja brbl. Er það til of mikils mælst? Félagi Dagsbrúnarformaður, hvar ertu?

Síðast en ekki síst krefjumst við afkomutryggingar þeirra fjölskyldna sem hafa eina fyrirvinnu, njóta engra yfirborgana, vinna enga yfirtíð og hafa ekkert til að lifa af nema hungurtaxta verkalýðsfélaganna. Þessar fjölskyldur hafa ekki haft efni á því að lifa um efni fram eins og ríkið. Þær bera ekki ábyrgð á skuldasöfnun, viðskiptahalla og fjárfestingarsukki ráðherra sósíalistanna. — Herra iðnrh. Þessar fjölskyldur fylltu Broadway á s. l. helgi, 1500 manns. Þær búa ekki við ameríska lífsstíl, því miður, og það er m. a. þér að kenna. Herra þingflokkur, Vilmundur Gylfason. Þetta fólk, þrátt fyrir að það er hart keyrt, borgar enn sjálft sinn aðgöngueyri.

Ég hef svarað því hvað við jafnaðarmenn viljum í stað brbl. En við viljum meira. Við viljum ekki að launþegar séu látnir færa fórnir án þess að það færi þeim von um bjartari framtíð. Bjartari framtíð felst í því að hætta að fjárfesta í fortíðinni, að fjárfesta í framtíðinni. Leggjum Framkvæmdastofnun niður. Sameinum fjárfestingarsjóði atvinnuveganna. Látum þá starfa með arðsemismat að leiðarljósi. Eflum innlendan sparnað. Tryggjum 30 þús. ungum Íslendingum arðbær störf í *framtíðargreinum íslensks iðnaðar. Stöðvum erlendar* lántökur í óarðbærar framkvæmdir. Nýtum erlent áhættufé í orkufrekum iðnaði. Látum stjórnmálamennina hætta að leika skömmtunarstjóra fjármagns og útlána. Þeim er ekki treystandi fyrir fé.

Þm. Alþfl. hafa á þingi flutt lagafrv. um 15 þessara mála. Á óskalista ríkisstj. er að finna 7. Þeim sem sjálfir eru fátækir í anda er ekki of gott að leita í smiðju annarra. En það virðist lítill hugur fylgja máli. Stjórnarliðar hafa ýmist fellt öll þessi mál eða svæft. Svo segja stjórnarliðar að Alþfl. geri sig sekan um ábyrgðarleysi og þeir lýsa eftir okkar tillögum. Mitt svar er: Þær eru á borðum ykkar. Lesið þið þskj.

Við Alþfl.-menn viljum að þm. þjóðarinnar hætti að vera vandamál. Þeir eiga að leysa vandamál. Þingið á að endurspegla þjóðarviljann. Þess vegna höfum við dr. Gylfi Þ. Gíslason, — ég endurtek: dr. Gylfi Þ. Gíslason, — fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd, lagt fram tillögur um jöfnun atkvæðisréttar án fjölgunar þm. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar styður þessar tillögur. Sá þjóðarvilji þarf að birtast í verki.

Styður Sjálfstfl. þessa kröfu okkar? Því miður hefur hann nú sett heimsmet í tvískinnungi. Sjálfstfl. ber fulla ábyrgð á þessari ríkisstj. Sjálfstæðismaður veitir ríkisstj. forstöðu. Sjálfstæðismenn sitja þar á ráðherrastóli. Sjálfstæðismenn hafa hingað til firrt ríkisstj. vantrausti. Stjórnarliðar jafnt sem stjórnarandstæðingar taka nú sameiginlega þátt í prófkjörum og hyggjast bjóða sig fram sameiginlega í nafni sama flokksins. Þetta kalla þeir að leiða einn flokk til ábyrgðar. Þetta minnir mig meira á bíómynd sem hét „Hin sjö andlit Evu."

Við höfum fengið nóg af flokkum og stjórnmálamönnum sem hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri. Kjörorðið er ekki Einn flokk til ábyrgðar. Það er: Ábyrgan flokk til valda.

En sýnir ekki liðhlaup Vilmundar að líkt sé komið fyrir Alþfl. og Sjálfstfl.? Svarið er nei. Á seinasta flokksþingi Alþfl. voru allar stefnuyfirlýsingar samþykktar shlj., enginn málefnaágreiningur. Vilmundur vildi bara vera varaformaður í flokknum sem hann var að lýsa hérna áðan. Flokkar klofna ekki út af engu. Brottför Vilmundar var einkaákvörðun hans. Hún er einkamál, ekki stjórnmál. Dögum saman hafa fjölmiðlar leitað dauðaleit að nafngreindum Alþfl.-mönnum, sem fylgi Vilmundi yfir í hið óstofnaða bandalag stjórnleysingja og Maóista, sem hann telst vera væntanlegur formaður fyrir. Sá Alþfl.-maður er ófundinn enn.

En það er ólíku saman að jafna brottför Vilmundar eða þrásetu sjálfstæðismannanna. Vilmundur er farinn,

en ráðherrar Sjálfstfl. eru bæði farnir og rétt ókomnir. Þeir sækjast eftir sameiginlegum framboðum stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga. Eiga kjósendur Sjálfstfl. virkilega að kjósa bæði með og móti þrotabúi Gunnars Thoroddsens, rétt eins og þeir væru bara réttir og sléttir framsóknarmenn? Þeir vita það ekki. Það veit það enginn. Það verður ekki vitað, vegna þess að það er ekki vitglóra í slíkum framboðum.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Alþfl. er ábyrgur í andstöðu, en hann mun verða róttækur í ríkisstj. Fram undan eru erfiðir tímar. Við sögðum ykkur það fyrir árið 1979. Nú dugar ekki lýðskrumið lengur. Þá þarf þjóðin á Alþfl. að halda.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hér er hvorki staður né stund til að deila við gamlan samherja. Í fjölmörgum málum höfum við Vilmundur Gylfason staðið saman og barist saman. Það er ekkert launungarmál að ég sé eftir Vilmundi úr Alþfl. og svo er um fleiri flokksbræður mína. En ákvörðun hans fékkst ekki breytt. Við gamlir samherjar hans í Alþfl. viljum kveðja hann án hnjóðsyrða og óskum honum góðs. Merkið stendur þótt maðurinn falli. Vilmundur hefur nú vikið sér undan merki Alþfl. Það er hlutverk okkar hinna að halda því á lofti. Það munum við líka gera.

Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er hraði verðbólgunnar nú sá hinn sami og var þegar ríkisstj. tók við völdum. Störf hennar, niðurtalning Framsfl., hafa nákvæmlega engum árangri skilað. Stöndum við þá í sömu sporum og fyrir tæpum þremur árum? Því miður ekki. Kaupmáttur umsaminna launa hefur lækkað um 5% í valdatíð stjórnarinnar. Gengi krónunnar hefur rýrnað um $^2/_3$ á sama tíma. Nýja krónan er nú 48 aura virði. 52 aurar af upphaflegu verðgildi hennar hafa horfið. Lausafjárstaða banka hefur versnað þrítugfalt í tíð ríkisstj. 10% ríkistekna fara nú í að halda uppi fölsku verði á landbúnaðarafurðum og útgjöld þjóðarinnar þess vegna nema sömu fjárhæð og varið er til allra heilbrigðismála í landinu. Erlendar skuldir hafa í tíð ríkisstj. aukist á föstu verðlagi úr 11 milljörðum í 17.5 milljarða kr. eða um 59%. Þessi stefna er rányrkjustefna.

Fyrir þremur árum varaði Alþfl. þjóðina við hvað gerast mundi ef slíkri stefnu yrði áfram fylgt. Nú hefur reynslan dæmt. Skammtímaráðstafanir, eins og þær sem brbl. ríkisstj. eru nýjasta dæmið um, eru haldlausar. Þess vegna er Alþfl. á móti brbl. Í stað þeirra krefjumst við kerfisbreytinga. Við viljum nýja stefnumótun í málefnum atvinnuveganna, svo að verðmætin, sem þjóðin lætur þeim í té, fari að skila sér til hennar aftur í bættum lífskjörum. Við viljum gerbreyta skattakerfinu, setja mörk á erlendar lántökur og gera þjóðarátak til þess að losa okkur út úr feni erlendra óreiðuskulda. Við viljum skipulega valddreifingu á öllum sviðum.

Breytingar af þessu tagi verða ekki fluttar í einu þingmáli. Til þess eru þær allt of víðfeðmar. Við Alþfl.-menn höfum þegar gengið frá umfangsmiklum tillögum okkar í veigamestu atriðum þessarar nýju stefnu og munum á næstunni leggja sérstakt kapp á að kynna þær fyrir almenningi. Við höfum smíðað vopnin. Við höfum trú á þeim. Við förum þess á leit að fá að sýna þá trú okkar í verki.

Góðir hlustendur. Stærsti vandi okkar er samt ekki af efnahagslegum rótum runninn. Íslenska þjóðfélagið er opið og frjálst, en frelsi má ekki misnota. Það gerist nú æ tíðara að einstakir hópar og ráðamenn telja sér ekki lengur skylt að fylgja leikreglum nema þeir sjái sér persónulegan hag í því. Slíkt er ekki frelsi, hæstv. forsrh., það er stjórnleysi. Þannig vinnubrögð, hæstv. ráðh., eru við það miðuð að aðrir axli ábyrgðina að leikslokum. Samskiptareglur okkar þurfa ávallt að vera í endurskoðun og þeim má vissulega breyta, en menn verða að virða þær leikreglur sem þeir sjálfir setja sér. Engin snilld er í því fólgin að brjóta það sem menn ætla öðrum að virða. Snilldin, sem margir halda að felist í því þegar valdsmenn brjóta leikreglur sjálfum sér til framdráttar, kemur á síðari stigum fram sem reikningur til aðdáendanna — reikningur sem menn borga fyrir með rýrnandi lífskjörum. Núv. ríkisstj. var mynduð á þessum grundvelli, ekki til þess að ná tilteknum árangri, heldur annars vegar til að færa ákveðnum einstaklingum upphefð og hins vegar til þess að reka fleyg í einn af flokkum þjóðarinnar.

Sumir hafa dáðst að þeim mönnum sem léku þessa leiki. Nú, hæstv. forsrh., ert þú að afhenda aðdáendum þínum reikninginn.

Góðir áheyrendur. Innan fárra mánaða verða nýjar kosningar. Ég vil hvetja ykkur til að gera ykkur ljóst hvaða afleiðingar það hefur að ýta þá enn frekar undir það los og ábyrgðarleysi sem orðið er þjóðarmein. Slíkur leikur er of dýru verði keyptur til þess að við höfum efni á að láta hann eftir okkur. Ábyrgðina verðum við aftur að leiða til öndvegis. Slíkt á að geta orðið sameiginlegt markmið okkar allra, hvaða stjórnmálaskoðun sem við höfum. Slíkt verður að vera takmark okkar og tilgangur að næstu kosningum loknum, á meðan við enn höfum til þess tíma. — Góða nótt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góðir hlustendur. Óneitanlega var það góð hugmynd hjá þingflokki Alþfl., að bera fram till. um vantraust á ríkisstj. Býsna góð hugmynd.

Að sjálfsögðu var fyrirfram vitað að till. yrði felld, enginn hefur efast um það. Með flutningi þessarar till. er því Alþfl. að tryggja á ótvíræðan hátt, að Alþingi lýsi yfir trausti á núverandi ríkisstj.

Þetta var flm. að sjálfsögðu fullljóst þegar þeir lögðu till. fram. Ríkisstj. hefur líka sannarlega þörf fyrir á erfiðum tímum að fá ótvírætt traust þingsins.

En kannske var það eitthvað annað, sem forustumenn Alþfl. sáu í þessum tillöguflutningi. Þeim var sem sé ljóst að ríkisstj., sem hlýtur formlegt traust Alþingis, rýfur varla þing strax á eftir og efnir til kosninga. Þetta er því í rauninni kænleg viðleitni til að draga kosningar á langinn.

En nú spyr kannske einhver: Er það ekki einmitt krafa Alþfl. að þing verði rofið og efnt verði til kosninga sem fyrst? Að vísu, en áreiðanlega er það ekki í fyrsta skipti nú að menn segja eitt og vona allt annað. Engir hafa jafn takmarkaðan áhuga á því um þessar mundir að kosningar fari fram eins og einmitt þm. Alþfl.

En hvers vegna er þá Alþfl. svo skelfilega hræddur við kosningar? Jú, svarið þekkja allir. Í skoðanakönnun, sem tvístirnið nýja á síðdegishimninum, Dagblaðið og Vísir, efndi nýlega til, bentu niðurstöður eindregið til þess að fylgi Alþfl. væri nú með því allra minnsta sem sá flokkur hefði nokkurn tíma haft. Síðan þetta var hefur það bæst við, að einn dugmesti slagorðasmiður flokksins

hefur yfirgefið skútuna með liði sínu og ætlar að skipta upp þeim stuðningsmönnum Alþfl. sem eftir eru og voru þó ekki til skiptanna.

Hlutskipti Alþfl. í íslenskum stjórnmálum er sannarlega athyglisvert. Á seinustu ellefu árum hefur flokkurinn haldið sig í stjórnarandstöðu alls í tíu ár og aðeins setið eitt ár í stjórn.

Í öðrum löndum Vestur-Evrópu eru flokkar sósíaldemókrata leiðandi afl, að vísu stundum í stjórnarandstöðu, eins og gengur, en miklu oftar í ríkisstjórn og yfirleitt forustuafl innan eða utan stjórnar.

En á Íslandi eru svokallaðir sósíaldemókratar afvelta og utangarðs í sjálfskipaðri útlegð, hvort sem hægri- eða vinstrisinnuð stjórn er við völd, svo að helst hlýtur að minna á óþægan krakka á stóru heimili.

Það er haft fyrir satt samkvæmt fyrrnefndri skoðanakönnun að rúmlega þriðjungur kjósenda Alþfl. styðji núverandi ríkisstj.

Hvernig á annað að vera? Hvorki Alþfl. né Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hafa komið fram með neinar till. til lausnar þeim gífurlega vanda sem þeir viðurkenna þó að við blasi. Samt sem áður ætla þeir að fella brbl. ríkisstj. af einskæru pólitísku ofstæki, þótt öllum sé ljóst að verðbólgan mundi æða upp úr öllu valdi ef það yrði gert og vandinn yrði nánast óviðráðanlegur.

Engum dettur þó í hug í fullri alvöru að þessir flokkar vilji valda slíkum ósköpum í efnahagslífi Íslendinga. Það er einmitt ofstæki af þessu tagi og ýkjukenndur áróður sem mest hefur grafið undan Alþfl.

Auðvitað er það ekki með glöðu geði, að við Alþb.-menn tökum þátt í þessum óhjákvæmilegu efnahagsaðgerðum. En við viðurkennum staðreyndir og lokum ekki augunum.

Þjóðartekjur landsmanna falla nú meira og örar en dæmi eru um í marga áratugi. Efnahagskreppan um víða veröld sækir að okkur í margvíslegum myndum.

Til að komast hjá hruni í útflutningsframleiðslu landsmanna og víðtæku atvinnuleysi um land allt höfum við m. a. orðið að fella gengi krónunnar mjög verulega á þessu hausti, en það er aftur ástæðan fyrir óvenjulega mikilli verðbólgu um þessar mundir.

Ég tek undir það, sem margir hafa nefnt hér á undan mér í þessum umr., að sannarlega er það áhyggjuefni að greiðslubyrði af erlendum lánum fer nú hækkandi. En ég bið ykkur, hlustendur góðir, að varast margvíslegar blekkingar, sem hafðar eru uppi í þessu sambandi, t. d. að ríkissjóður gleypi erlend lán í stórum stíl, eins og Jóhanna Sigurðardóttir leyfði sér að halda fram hér áðan. Það er alrangt, eins og hún sjálf veit. Ríkissjóður tekur sjálfur innlend lán, en hefur þó seinustu árin borgað miklu meira af gömlum lánum en nemur nýjum lántökum, enda rekinn með talsverðum afgangi.

Hitt er annað mál að ýmis opinber fyrirtæki hafa tekið erlend lán. Landsvirkjun tekur meiri lán en nokkur annar aðili, en leggur því miður ekkert til framkvæmda af eigin fé, þrátt fyrir gífurlegar hækkanir gjaldskrár. Hér erum við að gjalda fyrir misheppnaða stóriðjupólitík frá fyrri tíð og lágt raforkuverð til álversins í Straumsvík, sem nú kemur fram í stórfelldum erlendum lántökum í þágu Landsvirkjunar.

Hins vegar er almennt ástæðulaust að óttast erlend lán sem tekin hafa verið til raforku- og hitaveituframkvæmda víðs vegar um land. Það væri mikill aulaháttur, satt best að segja, að stöðva gjaldeyrissparandi framkvæmdir af þessu tagi, aðeins af því að við óttumst erlend lán.

Eins komust við ekki hjá því að taka lán í miklum mæli til að framlengja sjö og tíu ára lán, sem tekin voru um miðjan seinasta áratug til framkvæmda, en hljóta að greiðast niður á 20—30 árum, eins og gildir um orkuver. Sem dæmi má nefna að afborganir af Kröflulánum eru fyrst og fremst framlengingar lána sem frá upphafi var vitað að hlytu að eiga sér stað.

Fjarstæður eins og þær, að skattgreiðendur eigi að borga hundruð millj. kr. til Kröflu á næsta ári, eins og þeir Alþfl.-menn hafa verið að halda fram undanfarnar vikur, eru á svo lágu plani að þær eru ekki svara verðar.

Vel á minnst: Það er ánægjulegt til þess að vita að nú er loks að rofa til við Kröflu, og aldrei hafa boranir þar gengið jafn vel sem í sumar.

Nei, hitt er miklu alvarlegra mál þegar erlend lán eru tekin í miklum mæli til að fjármagna taprekstur fyrirtækja sem komin eru í fullan gang.

Langstærsta og alvarlegasta tilvikið af þessu tagi er rekstur Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, sem nú er rekin með gífurlegum halla, eins og margir óttuðust, m. a. við Alþb.-menn og vöruðum við á sínum tíma. Ríkið verður nú með fárra mánaða millibili að útvega tugi millj. í erlendum rekstrarlánum til að halda verksmiðjunni gangandi. Í september nam meðlagið frá ríkinu um 38 millj. kr. og næsta meðlagsgreiðsla, sem leggja þarf fram þegar í þessari viku, nemur um 26 millj. kr. — allt fengið að láni erlendis.

En þó er það allra lakast þegar þjóðarbúið sjálft er rekið með halla og mismunurinn er greiddur með erlendum gjaldeyrislánum.

Þegar við Íslendingar flytjum inn vörur frá öðrum löndum fyrir 10 dollara flytjum við vörur út á móti fyrir aðeins 9 dollara. Mismunurinn er tekinn að láni erlendis. Það er einmitt megintilgangur brbl. að draga verulega úr erlendri lántöku vegna þessa uggvænlega viðskiptahalla. Þeir sem þrástagast á því að brbl. breyti engu efnahagslega tala gegn betri vitund. Brbl. draga verulega úr verðbólgu, en þó framar öllu öðru draga þau stórlega úr erlendum lántökum á næsta ári. Þeir sem standa gegn brbl. axla því þyngri ábyrgð en allir aðrir á erlendum lántökum á næsta ári.

Góðir hlustendur. Við Alþb.-menn göngum til næstu kosninga í þeirri von að núv. ríkisstj. fái öflugra umboð frá þjóðinni en nú er fyrir hendi. Enginn efast um að ríkisstj. hafi mikinn meiri hl. þjóðarinnar að baki sér, en hún þarf að öðlast þingstyrk í samræmi við þjóðarvilja. Eins og leikar standa hefur hún aðeins hálfan mátt og getur ekki stjórnað af þeim skörungsskap sem nauðsyn kallar á.

Ef núv. ríkisstj. nær ekki meiri hluta í næstu kosningum er harla óljóst hvað við tekur.

Verður það stjórn sem mótuð er af íhaldssömustu öflum Sjálfstfl., spegilmynd af íhaldsstjórn Thatchers í Bretlandi og Reagans í Bandaríkjunum, eftirmynd þeirra ríkisstj. sem eiga meiri þátt í heimskreppu og atvinnuleysi vestan hafs og austan en nokkurt annað stjórnmálaafl? Eða mun forustuafl vinstri manna, Alþb., leggja þar hönd á plóg?

Er ykkur ljóst, góðir hlustendur, að samsvarandi atvinnuleysi á Íslandi eins og er í þessum löndum jafngildir því að allir þeir, sem hér vinna að sjávarafla samanlagt á sjó og landi, yrðu atvinnulausir?

Það er engin tilviljun að þetta ástand er ekki á Íslandi. Ef stefnu Thatchers og Reagans verður beitt hér á landi, þá skapast þetta ástand. Það er heldur engin tilviljun, að mesta atvinnuleysi frá stríðslokum var einmitt í valdatíð Sjálfstfl. og Alþfl. fyrir 13 árum síðan.

Það einkennir einmitt pólitískt ástand líðandi stundar að kjósendur hafa ekki hugmynd um, hvað stjórnarandstaðan vill eða hvað hún myndi gera, ef hún fengi völdin. Hitt veit fólk að fenginni reynslu, að ríkisstj. sem Alþb. á aðild að mun gera allt, sem unnt er að gera, til að milda áhrif heimskreppunnar á kjör hins almenna manns.

Við Alþb.-menn göngum til kjósenda og segjum af fullri hreinskilni: Við skulum draga úr eyðslu okkar — við skulum draga úr neyslu okkar meðan hríðin gengur yfir. Við skulum dreifa byrðunum á réttlátari hátt. En framar öllu öðru skulum við tryggja óskerta félagslega þjónustu og fulla atvinnu fyrir alla landsmenn. Og við skulum búa okkur undir að snúa vörn í sókn, um leið og færi gefst.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þið hafið nú heyrt Alþfl. flytja vantraust sitt. Þótti ykkur það ekki sannfærandi? Þið hafið séð að Alþfl. er klofinn, þótt formaður hans sjái það alls ekki að því er virðist.

Alþfl. var stofnaður sem jafnaðarflokkur og árum saman beitti Alþfl. sér vel fyrir auknum jöfnuði og velferð hjá þjóðinni. Og þegar litið er á árin fyrir síðustu heimsstyrjöld og samstarf Framsfl. og Alþfl. þá, er það satt að segja aðdáunarvert, hvað miklu varð framgengt, t. d. lagður grundvöllur að nýjum atvinnugreinum, auknar opinberar framkvæmdir og alls konar félagslegum umbótum hrundið fram, þrátt fyrir mikla andstöðu íhaldsaflanna í landinu.

En svo tók Alþfl. að klofna og það sem eftir varð hafnaði að lokum í náðarfaðmi Sjálfstfl. 1959. Í því stjórnarsamstarfi kynntumst við Íslendingar eina atvinnuleysinu, sem við höfum kynnst, frá því fyrir síðustu heimsstyrjöld. Við kynntumst landflótta. Við viljum ekki meira af slíku.

Nú flytur Alþfl. vantraust á ríkisstj. og Jón Baldvin Hannibalsson biður jafnframt þjóðina um að veita sér traust svo að hann geti tekið við stjórn og komið hér á amerískum lífsstíl, eins og hann orðaði það áðan.

Eins og alþjóð veit missti ríkisstj. meiri hluta sinn í neðri deild Alþingis í lok ágúst s. l. Þá börðu stjórnarandstæðingar sér á brjóst og lýstu því yfir að þeir mundu fella brbl. hvað sem það kostaði. Og það er alveg rétt hjá Geir Hallgrímssyni, að til baka litið, þá tel ég að rétt hefði verið að taka þá á orðinu, kveðja saman þing í september og láta þá standa fyrir stóru orðunum sínum.

En ýmsir töldu þetta þó ekki rétt og töldu ekki á það hættandi að felldar yrðu þær efnahagsráðstafanir sem tekið hafði alllangan tíma s. l. sumar að ná samstöðu um.

Við þessar aðstæður lagði ég til, að gengið yrði til viðræðna við stjórnarandstöðuna og reynt að ná samstöðu um framgang brýnustu efnahagsmála og jafnframt samið um kosningar. Þetta var að mínu áliti eina ábyrga leiðin í því ástandi sem var, og ég vildi ekki trúa því að stjórnarandstaðan snerist ekki ábyrg við slíkri viðleitni.

Ég get ekki neitað því að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með viðbrögð stjórnarandstöðunnar. Krafa Sjálfstfl. og Alþfl. um það að stjórnin segi af sér er ábyrgðarlaus. Það er krafa um stjórnleysi í skemmri eða lengri tíma. Því meiri ástæða var til að fagna því, er flokksþing Alþfl. sendi formanninn til baka og sagði honum að setjast niður aftur og taka upp viðræður um framgang brýnustu þingmála.

Það var að vísu heldur hvimleitt að taka við skilyrðum frá Alþfl., en þau voru þannig að nánast var útilokað annað en að uppfylla þau. Og reyndar næsta dag eftir að skilyrðin voru sett fram var fyrsta þeirra uppfyllt. Brbl. voru lögð fram í efri deild Alþingis. En þá bregður skyndilega svo við að Alþfl. samþykkir að flytja vantraust á ríkisstj. Ekki veit ég hvað breyttist svo skyndilega, en margir hyggja að þarna hafi átt að reyna að breiða yfir þá meinsemd í Alþfl. sem nú hefur brotist út. Hvað sem þessu ræður, þá vil ég halda því fram, að þessi framkoma sé vægast sagt mjög ámælisverð. Mér sýnist þarna vanta heilindi og drengskap.

Þeir fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hafa talið allar gerðir ríkisstj. í efnahagsmálum einskis nýtar og til hins verra. Það er þeirra síður. Þeir segja berum orðum að sjálfsagt sé að laun hækki um 18% 1. des. n. k., og svo að sjálfsögðu einnig búvöruverð og fiskverð. Þeir minnast ekki einu orði á að það mundi leiða til 80—90% verðbólgu. Þeir minnast ekki orði á þá staðreynd, að atvinnuvegunum er ókleift að greiða 18% hærri laun, án þess að fá þegar hækkun á sinni framleiðslu og tvímælalaust gengisfellingu sem næmi líklega um 15—20%. Og þannig væri enn ein kollsteypa verðbólgunnar skollin á.

Ég trú ekki að svo ábyrgðarlaust tal fái hljómgrunn hjá þjóðinni. Stjórnarandstaðan gæti hins vegar með nokkrum rétti gagnrýnt það, að ríkisstj. hafi gengið of skammt í efnahagsráðstöfunum sínum. Benda mætti á að efnahagsráðstafanir þessar hefðu þurft að koma til framkvæmda s. l. vor, einnig mætti gagnrýna að ekki hefði verið gripið til beinna aðgerða til að draga úr þeim innflutningi sem veldur nú verulegum greiðsluhalla hjá þjóðinni. Nei, því miður, ábyrgar tillögur stjórnarandstöðunnar finnast ekki.

Undanfarið hafa menn spurt stjórnarandstöðuna ítrekað, hvað hún vill. Lítil svör hafa fengist. Kjartan Jóhannsson og Alþfl. eru bara á móti. Og þegar Kjartan var spurður að því í sjónvarpinu nýlega, hvað ætti að gera í erfiðleikunum nú, sagði hann með fyrirlitningu: að menn ættu ekki að líta niður fyrir tærnar á sér. Hann kvaðst vera hinn klóki og framsýni maður.

Nú leyfði Kjartan okkur að heyra nokkuð af kosningaloforðum Alþfl. Einna athyglisverðust virtist mér sú hugmynd Alþfl. að greiða fullar verðbætur á öll innlán, en að veita verulegan afslátt af því sem lánað er út úr bönkunum. Það þarf satt að segja mjög klókan mann til að láta það dæmi ganga upp.

Það var ekki síður athyglisvert að heyra Kjartan Jóhannsson, þennan fyrrv. sjútvrh., fullyrða hér að útgerðin sendi þjóðinni og ríkissjóði reikninginn. Hvað ætli þeir séu margir reikningar sem sjávarútvegurinn íslenski hefur greitt fyrir íslenskt þjóðarbú? Þetta voru satt að segja heldur kaldar kveðjur til íslenskra útgerðarmanna og sjómanna.

Fulltrúar Sjálfstfl. fluttu hins vegar nokkuð áferðarfallegar ræður um hið frjálsa framtak. Undir frelsi einstaklingsins til athafna vil ég taka, það er hverri þjóð

nauðsynlegt. Hins vegar vísa ég því á bug að það lækni okkar efnahagsvanda að láta markaðinn ráða stefnunni. Smáþjóð sem á stórum sviðum er svo háð — ofurseld nánast — stórframleiðslu erlendra þjóða getur ekki hætt á slíkt. E. t. v. höfum við gengið of langt nú þegar.

Í málflutningi sjálfstæðismanna leynir sér ekki leiftursóknin og það leynir sér heldur ekki að þeir líta hýru auga vinkonu sína í Bretlandi, þar sem atvinnuleysi nú, ef borið er saman við okkur Íslendinga, jafngildir 14 þús. manns hér. Hið mátulega atvinnuleysi virðist því miður enn vera grundvallarstefna Sjálfstfl. í efnahagsmálum.

Við framsóknarmenn munum aldrei taka þátt í því að leiða atvinnuleysisbölið yfir íslensku þjóðina. Við fögnum því alveg sérstaklega að núv. ríkisstj. hefur tekist, þrátt fyrir gífurlegt atvinnuleysi í viðskiptalöndum okkar, að halda því böli frá. Við framsóknarmann vekjum athygli á því, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. á fyrri hluta ársins 1981, sönnuðu að ná má verðbólgu niður án þess að stofna til atvinnuleysis og jafnvel auka kaupmáttinn a. m. k. ef þjóðartekjur dragast ekki saman.

Við sjáum hins vegar enga ástæðu til þess að draga fjöður yfir það að í sumu hefur ríkisstj. ekki tekist sem skyldi. Í allri umr. um efnahagsmálin gleymist oft að þessi ríkisstj. hefur fengið miklu áorkað á fjölmörgum sviðum. Ég nefni vegamálin aðeins sem dæmi. Á því sviði má segja að bylting hafi orðið á undanförnum árum. Stórkostleg aukning á bundnu slitlagi er gleggsta dæmið um það. Langtímaáætlun í vegamálum og sú samstaða, sem náðst hefur á Alþingi um að binda framlag til vega við ákveðinn hundraðshluta af þjóðarframleiðslu, ætti að tryggja að því stórátaki, sem hafið er, verði haldið áfram. Fjárfesting í góðum vegum er vafalaust sú arðmesta sem við eigum kost á.

Góðir hlustendur, kosningar eru fram undan. Ekki er ólíklegt að þær verði seinni hluta aprílmánaðar, en þær gætu orðið fyrr. Ef stjórnarandstaðan stöðvar framgang mikilvægustu mála er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en að rjúfa þing og boða til kosninga sem gætu þá orðið jafnvel í febrúar. En út af fyrir sig skiptir það litlu máli hvort kosningar eru í febrúar, mars eða apríl, málefnið er aðalatriðið.

Undanfarin ár hefur mikið verið unnið að endurskoðun á stjórnarskránni. Hér sýnist mjög vafasamt, að takast megi að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar áður en þing er rofið og til kosninga gengið. Það harma ég því þörfin er brýn.

Við framsóknarmenn höfum þess vegna lagt til að kvatt verði saman sérstakt stjórnlagaþing sem fjalli eingöngu um breytingar á stjórnarskránni. Við teljum því réttast að breytingar á kosningum til Alþingis verði bundnar við breytingar á kosningalögunum einum. Með því móti er ekki þörf á að efna til tvennra kosninga á næsta ári, sem þjóðin hefur satt að segja ekki efni á, eins og nú er ástatt.

Með slíkum breytingum á kosningalögum mætti flytja uppbótarsætin öll til Reykjavíkur og á Reykjanessvæðið og þannig jafna verulega vægi atkvæða á milli kjördæma. Þannig yrði þm. heldur ekki fjölgað. Frekari breytingar á kosningum til Alþingis mundu þá bíða heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar. Náist ekki samstaða um slíkt, leggjum við höfuðáherslu á að fjölgun þm. verði sem allra minnst.

Efnahagsmálin verða vafalaust meginbaráttumál kosninganna. Engum getur dulist, að verðbólgan mundi ríða íslensku atvinnulífi að fullu, ef svo héldi fram sem horfir. Því verður ekki hjá því komist, að draga úr verðbólgunni og að því stefna þær aðgerðir sem ákveðnar eru 1. des. n. k. Vafalaust má brjóta verðbólguna á bak aftur með því að draga mjög úr öllum framkvæmdum og framboði fjármagns þannig að atvinnufyrirtækin stöðvist, atvinnuleysi hefjist og úr eftirspurn dragi. Þetta er leiðin sem farin er af íhaldsmönnum víðast um heim. Þá leið viljum við framsóknarmenn alls ekki fara.

Við framsóknarmenn leggjum áherslu á hjöðnun verðbólgu án atvinnuleysis. Við viljum byggja á þeirri reynslu, sem fengist hefur, því teljum við nauðsynlegt að lögbinda t. d. til tveggja ára aðgerðir í efnahagsmálum. Við teljum skynsamlegra og tvímælalaust sársaukaminna að setja hámark á hækkanir vöruverðs og þjónustu, búvöruverðs, fiskverðs, verðbætur á laun og hámark á fjármagnskostnað, allt í samræmi við það markmið sem menn setja sér um hjöðnun verðbólgunnar. Grunnkaupshækkunum verður jafnframt að fresta á slíku tímabili.

Hinn mikli viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun er stærsta vandamálið nú. Ekki verður komist hjá hörðum aðgerðum til þess að stöðva þá þróun. Óhjákvæmilegt kann að reynast að grípa til beinna aðgerða í því skyni. Geir Hallgrímsson kallaði slíkar aðgerðir hér áðan höft, það er mikill misskilningur. Þau eru höftin verst sem mundu leiða af aukinni erlendri skuldasöfnun.

Góðir Íslendingar. Vegna kreppu allt í kringum okkur og aflabrests eru erfiðir tímar nú. Yfir þá munum við komast, það efa ég ekki. Framtíðin byggist á því að grundvöllur atvinnulífsins sé traustur og framleiðslan aukist. Við framsóknarmenn munum leggja áherslu á markvissar og samræmdar aðgerðir til hjöðnunar verðbólgu án atvinnuleysis og aukna framleiðslu og hagvöxt á grundvelli framleiðslustefnunnar.

En góðir hlustendur. Í allri þessari umr. vill stundum það mikilvægasta gleymast. Mannlífið sjálft. Við verðum að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar og fá tóm til þess að njóta þess sem áunnist hefur, sem er gífurlega mikið satt að segja, njóta landsins, njóta fjölskyldunnar, njóta tómstundanna og njóta betra mannlífs. Við skuldum okkur sjálfum það og ekki síst ungu kynslóðinni. Við þyrftum sem flest að fylgja heilræði Stephans G. Stephanssonar: „að hugsa ekki í árum en öldum, að alheimta ei daglaun að kvöldum, því svo lengist mannsævin mest.“ Góða nótt.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er dálítið einkennilegt að standa hér og ræða till. til þál. um vantraust á ríkisstj. flutta af þingliði Alþfl. sem nú þjáist flokka mest af átökum og innanmeinum. Af eðlilegum ástæðum var talið að Alþfl. væri sá eini af stjórnmálaflokkunum sem stæði heill og óskiptur í stjórnarandstöðu. Svo er þó ekki, því að skoðanakannanir hafa hvað eftir annað leitt í ljós að ýmsir góðir Alþfl.-menn hafa stutt núv. ríkisstj. frá öndverðu og þau meginmarkmið sem hún hefur keppt að.

Það er nú ljóst orðið að sjaldan hefur orðið meiri og óvæntari efnahagssamdráttur í íslenskum þjóðarbúskap en á árinu 1982 sem nú er að líða. Fyrir aðeins einu ári voru þjóðhagshorfur taldar allgóðar. Búist var við 1% vexti í þjóðarframleiðslu, viðunandi jafnvægi í við-

skiptum við útlönd og minnkandi verðbólgu. Sú spá mætti lítilli gagnrýni. En margt fer öðruvísi en ætlað er, jafnvel þótt stuðst sé við bestu manna yfirsýn. Nú er talið líklegt að þjóðarframleiðsla dragist saman um 3,5%. Þetta er meiri samdráttur en orðið hefur síðan 1968. Ástæðuna má einkum rekja til tveggja þátta. Annars vegar mun minni sjávarafla og hins vegar óvenjulangvinnrar og alvarlegrar kreppu í alþjóðaefnahagsmálum sem valdið hefur ómældum þrengingum á útflutningsmörkuðum Íslendinga bæði fyrir sjávarafurðir og iðnaðarvörur. Horfur á næsta ári eru einnig dökkar og nýjustu spár benda til þess að þjóðartekjur á mann muni dragast saman um samtals 9% á árunum 1982 og 1983, það blæs því ekki byrlega um sinn. Hverju er um að kenna að ekki hefur betur til tekist en raun ber vitni? Þegar svo er spurt verða margir fljótir til svars, og skella allri skuldinni á stjórnarfarið í landinu. En skýringin er ekki svo einföld. Um þróun alþjóðamála fá Íslendingar litlu ráðið nú sem fyrr, þvert á móti erum við ofurháðir þeim svölu veðrum og vindum sem hingað blása utan af heimsbyggðinni. Á hverju sem gengur verðum við að leggja kapp á alþjóðleg viðskipti, að flytja út afurðir okkar og selja svo að við getum keypt til landsins margháttaðar nauðsynjar í þjóðarbúið.

Á hinn bóginn megum við aldrei gleyma því að margur vandinn er heimafenginn og hlutverk okkar er að sjálfsögðu að bregðast á þann veg við aðsteðjandi vanda að við getum séð fótum okkar forráð með sómasamlegum hætti.

Frá öndverðu hefur þessi ríkisstj. haft hin sömu höfuðmarkmið að leiðarljósi í efnahagsmálum, öflugt atvinnulíf og næga atvinnu fyrir alla landsmenn, hjöðnun verðbólgu, tryggingu kaupmáttar.

Þegar sýnt þótti að þjóðhagsáætlunin fyrir árið 1982 mundi ekki ná að rætast og erfiðleikar fóru ört vaxandi í íslensku efnahagslífi var reynt að hamla á móti og veita viðnám með ýmsum hætti svo sem segir m. a. í skýrslu ríkisstj. frá 27. janúar s. l. um aðgerðir í efnahagsmálum. Og þegar áfram þyngdi í lofti og syrti í álinn, gaf ríkisstj. út brbl. um efnahagsaðgerðir í ágústmánuði s. l., og boðaði samtímis ýmsar mikilvægar viðbótarráðstafanir í efnahagsmálum svo sem alkunna er.

Brbl. hafa nú verið lögð fram á Alþingi, svo sem lög og venjur segja til um. Efni þeirra er alþjóð kunnugt af langri umr. í fjölmiðlum og manna á meðal og skal ekki rakið hér, en þó að flest orki tvímælis þá gert er, þá er það mitt álit og sannfæring, að sá alþm., sem rís öndverður gegn þeirri lagasetningu án þess að benda á betri leiðir, skapi sér þunga ábyrgð að ekki sé meira sagt.

Stjórnarandstaðan hefur að vísu klifað á því seint og snemma, að brbl. leysi engan vanda. Þau muni jafnvel gera illt verra. Ríkisstj. beri að fara frá þegar í stað og efna til nýrra alþingiskosninga. Segja má auðvitað, að það sé auðveldasta og hægasta leiðin fyrir hverja ríkisstj. að hlaupast frá vandanum þegar á móti blæs hvernig sem á stendur. En það er hvorki mannlegt né stórmannlegt. Sá sem hefur tekið að sér að stjórna um skeið getur ekki kastað frá sér stýrinu og flúið frá allri ábyrgð eftir eigin geðþótta, hvenær sem honum þykir henta.

Alþingiskosningar eru á næsta leiti. Þær eiga að fara fram á næsta ári samkv. lögum. Ég tel ástæðulaust og óráðlegt að efna til þeirra fyrr en dag fer að lengja og sólin hækkar á lofti. Nefna mætti síðari hluta aprílmánaðar í fyrsta lagi úr þessu. Þeir sem óskað hafa eftir skammdegiskosningum í desember eða janúar t. d. hafa vart hugsað málið til enda. Hvað hefði þá orðið um fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir, viðnám gegn vanda og stjórnarskrármálið? En ekki dugar að láta deigan síga. Hvað sem öðru líður er þess að vænta að þjóðin og ráðamenn hennar eigi nægan þrótt og þor til að takast á við örðugleikana og sigrast á þeim.

Þegar horft er til baka yfir valdaskeið núv. ríkisstj. getur hver og einn rifjað upp og hugleitt hverju íslensk þjóð hefur komið í verk á þessum árum til sjávar og sveita. Það er ekki lítið sem áunnist hefur, það er margt stórvirkið sem hrundið hefur verið í framkvæmd. E. t. v. höfum við farið of geyst á sumum sviðum. Kapp er ævinlega best með forsjá.

Það hefur verið sagt að ríkisstj. hafi ekki sýnt nægа fyrirhyggju, gert of lítið og of seint til að ná árangri. Ég hygg að ráðh. sjálfir fari nærri um þetta og þá eins hitt, hvaða stjórnarflokki er um að kenna að ýmsar knýjandi aðgerðir hafa stundum dregist úr hófi fram í tíð stjórnarinnar.

Sé horft fram á veginn má sjá mörg skemmtileg verkefni sem við blasa og unnið er að. Ég nefni sem dæmi byggðamálin í allri sinni fjölbreytni, atvinnumálin til lands og sjávar, menntamál, orku- og samgöngumál, ræktun lýðs og lands. Þar er um að ræða ótalmörg áhugasvið og athafna sem einstaklingurinn á að geta fundið við sitt hæfi og fest við æviyndi án þess að leita langt yfir skammt.

Í því andstreymi sem við er að etja um þessar mundir er því engin ástæða til að láta hendur fallast, en það þarf að taka fast á, koma fram þeim óumflýjanlegu ráðstöfunum sem brbl. hafa að geyma og öllum verða til góðs þegar stundir líða, halda áfram að framfylgja þeim tillögum öðrum sem ráðgerðar voru jafnhliða brbl. frá í ágúst, svo sem nýju viðmiðunarkerfi sem alls ekki má dragast lengur, leggja frv. til nýrrar stjórnarskrár fyrir þingið nú þegar, fjalla um það og afgreiða snemma á næsta ári, svo framarlega sem þm. hafa jafn brennandi áhuga á því máli og þeir hafa látið í veðri vaka. Að því samþykktu yrði þing rofið og stjórnmálaflokkarnir gengju til reglulegra alþingiskosninga hver í sínu lagi, svo sem venjulegt er, með svipuðum hætti og í sama sameiningaranda, a. m. k. að því er varðar Sjálfstfl., og gengið var til sveitarstjórnarkosninga á liðnu vori, enda hefur í mínum huga aldrei komið til greina að framlengja núverandi stjórnarmynstur óbreytt eftir þingkosningar.

Í öllum flokkum eru uppi skiptar skoðanir og ólík sjónarmið, ekki síst í Sjálfstfl., en ég hef alltaf vonað og gengið út frá því að við sjálfstæðismenn gætum borið gæfu til samþykkis, til þess að jafna deilur og greiða úr málum nú eins og ævinlega hefur tekist í 50 ára sögu flokks okkar. Og eitt er víst, að það mundi verða landi og þjóð fyrir bestu. Lifið heilir, hlustendur góðir.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er hvorki nýstárlegt né frumlegt þótt flutt sé till. á Alþingi um vantraust á starfandi ríkisstj. Á hinn bóginn er atburðarásin, sem tengist þessari vantrauststillögu, með nokkrum sérkennum. Eftir að flokksþing Alþfl. hafði lýst stuðningi við framhald viðræðna milli Kjartans Jóhannssonar og ríkisstj. að uppfylltum tilteknum skilyrðum og forsrh. lýsir því yfir, að þau skilyrði fari saman við fyrirætlanir ríkisstj., gerist þrennt að heita má í senn. Kjartan Jóhannsson segist líta

svo á að forsrh. hafi slitið viðræðunum, að helst verður skilið með því að fallast á svokölluð skilyrði Alþfl., Alþfl. flytur vantraust á ríkisstj. og Alþfl. klofnar. Enn hefur því Alþfl. tekist að koma á óvart með sérkennilegu háttalagi. Hvort þetta háttalag hans er líklegt til þess að auka traust hans meðal þjóðarinnar skal hins vegar ósagt látið.

Þessi vantraustsumræða fer fram þegar skammt er til loka kjörtímabils og næstu kosninga. Umræðan gefur því ákjósanlegt tilefni til þess að krefja stjórnarandstöðuna um stefnu og úrræði í þeim vandamálum, sem við er að fást, ef þar væri einhverja stefnu að finna aðra en þá að ríkisstj. fari frá. Á sama hátt gefst hér heppilegt tækifæri til að skýra málefni ríkisstj. og rifja upp minnisverð atriði úr starfi hennar.

Í minni stuttu ræðu verð ég að láta við það sitja að drepa á nokkra þætti landbúnaðarmála. Ég nefni þó aðeins úr öðrum málaflokkum stórátök þessarar ríkisstj. í vegamálum. Ég nefni einnig að minnisstæð verður sú harða en sigursæla barátta, sem háð var fyrir virkjun Blöndu, fyrstu stórvirkjun utan eldvirkra svæða.

Ríkisstj. hefur lagt fram till. til þál. um stefnu sína í landbúnaðarmálum. Að ýmsu leyti er þar um að ræða staðfestingu á þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið frá því að ríkisstj. var mynduð, en þar er einnig um mörg nýmæli að ræða. Í samræmi við þessa stefnu hefur tekist að halda jafnvægi í framleiðslumálum, þannig að mjólkurframleiðslan hefur verið við hæfi innlenda markaðarins í þrjú ár. Til að ná þessu marki var óhjákvæmilegt að leggja gjald á innflutt kjarnfóður í júnímánuði 1980, sem jafnframt þjónaði þeim markmiðum að draga úr innflutningi á fóðurvörum og efla innlenda fóðurframleiðslu.

Þrátt fyrir markaðserfiðleika erlendis mun takast að greiða sem næst fullt verð fyrir kindakjötsframleiðsluna frá síðasta verðlagsári og er nauðsynlegt að það uppgjör fari fram nú alveg á næstunni. Til þess þurfum við ekki viðbót við 10% útflutningsbótaréttinn að þessu sinni. En útflutningsbótaréttinn er ekki einungis nauðsynlegt heldur einnig hyggilegt að verja, hvað sem líður kröfum Alþfl. eða upphrópunum Dagblaðsins.

Skipuð hefur verið nefnd til þess að endurskoða kvótakerfið og kanna hvort ekki sé réttara að skipta landinu í framleiðslusvæði, sem hvert um sig hafi rétt á fullu verði fyrir ákveðið framleiðslumagn mjólkur- og sauðfjárafurða, séu markaðir takmarkaðir. Með því mætti draga úr afskiptum af athafnafrelsi einstakra bænda. Mikið hefur verið unnið að markaðsmálum landbúnaðarins og er sú vinna enn í fullum gangi, bæði af hálfu búvörudeildar SÍS, markaðsnefndar og einnig af hálfu einstaklinga úr viðskiptaheimi, sem starfa að þessum málum í tengslum við landbrn. Sú vinna tekur tíma, en þegar hefur sannast að hægt er að flytja út stykkjað og hálfunnið kjöt fyrir mun betra verð en með heföbundnum hætti.

Í framhaldi af markaðskönnun þessara aðila var einmitt hér í dag staddur fulltrúi stærsta kjötsölufyrirtækis Hollendinga til að ræða möguleika á því að kaupa allt það dilkakjöt sem við getum nú af hendi látið. Þótt samningar takist nú um þessi viðskipti, sem vonandi verður, hefur þegar komið í ljós að áhugi þessa aðila til frambúðar beinist að sérskornu og stykkjuðu kjöti í þar til gerðum umbúðum, sem er enn ein sönnun þess, hvert við eigum að stefna í þessum málum.

Fjölbreytni hefur aukist í vinnslu landbúnaðarafurða fyrir innlendan markað og ný kjötvinnslufyrirtæki hafa risið á vegum einstaklinga, sem virðast geta lagt grunn að aukinni neyslu innanlands í hagkvæmari sölumöguleikum erlendis. Fjölbreytni hefur aukist í landbúnaðarframleiðslu og verulegum fjármunum verið varið á þremur árum til hagræðingar og nýjunga í fiskeldi og fiskirækt, fóðurframleiðslu og loðdýrarækt, auk annarra viðfangsefna. Auk stuðnings við nýjar fiskeldisstöðvar og fiskvegi hefur nokkru fé verið varið til rannsókna og merkingar á seiðum og var um 140 þús. merktum seiðum sleppt í veiðiár á liðnu sumri um land allt, en þó einkum á Austur- og Norðausturlandi, þar sem veiði hefur mjög minnkað á síðustu tveimur árum. Gætu þessar merkingar skorið úr um það hvort lax úr þessum veiðiám sé að einhverju marki í afla Færeyinga og orðið okkur nauðsynlegt vopn í baráttu gegn úthafsveiðum þeirra.

Unnið er að því að skipuleggja uppbyggingu fóðurstöðva fyrir loðdýrafóður, sjóðagjöld af loðdýraafurðum hafa verið lækkuð og aðflutnings- og sölugjöld af efni til loðdýrabúa felld niður. Möguleika í loðdýrarækt verða menn að meta af raunsæi og virðist nauðsynlegt að auka leiðbeiningar og eftirlit í þessari búgrein. Kennsla í þessari búgrein verður tekin upp við bændaskólana.

Stuðningur hefur verið aukinn við fóðurverkun og hafin er að nýju kornrækt á Suðurlandi til fóðurframleiðslu. Unnið er að eflingu fóðuriðnaðar og næsta sumar tekur ný fóðurverksmiðja væntanlega til starfa í Skagafirði. Unnið er að skipulagsbreytingum á rekstri tilraunastöðva landbúnaðarins, þannig að áhrif og ábyrgð bænda og samtaka þeirra verði aukin. Menntastofnanir landbúnaðarins starfa nú allar með myndarbrag og hefur tekist að reisa Hólaskóla úr þeirri lægð sem hann var í þegar ríkisstj. tók við.

Athugun er í þann veginn að hefjast á fjárhagsstöðu bænda, en hún er talin misjöfn, einkum vegna mikils fjármagnskostnaðar en einnig af völdum áfalla af árferðissveiflum. Afurðalán hafa að undanförnu verið hækkuð til samræmis við verðlagsbreytingar, en færð út til fleiri framleiðslugreina landbúnaðarins. Rekstrarlán landbúnaðarins voru hins vegar hækkuð á þessu ári um 96.2%, sem er þýðingarmikil breyting.

Lánveitingum Stofnlánadeildar til fjósa- og fjárhúsabygginga hefur fækkað og svara nú til um 2—4% af þeim byggingum sem fyrir eru eða tæplega eðlilegu viðhaldi og endurnýjun. Lán til hlöðubygginga hafa samsvarað eðlilegu viðhaldi.

Ég tel ástæðu til þess að vara við meiri samdrætti í búvöruframleiðslu bænda en þegar er orðinn. Að sjálfsögðu sníður markaðurinn framleiðslunni stakk, en með hagkvæmni og árvekni í markaðsmálum vænti ég að okkur takist að selja framleiðslu landbúnaðarins eins og hún er nú, og með nýjum vinnubrögðum má vera að betur rofi til.

Góðir hlustendur. Í þröngri stöðu efnahagsmála, sem nú stafar af ytri áföllum og langvarandi verðbólguþróun, er þjóðinni nauðsyn frekar en nokkru sinni að stjórnmálamenn sýni ábyrgð og festu. Það er ábyrgðarleysi að þjóna ímynduðum pólitískum hagsmunum með því að fella hin nauðsynlegustu mál, sem flutt eru til að draga úr afleiðingum þeirra alvarlegu áfalla sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir. Til slíkra mála, svo sem brbl. þarf Alþingi að taka afstöðu á næstu vikum. Þjóðin mun fylgjast með því hvort Alþingi sýnir þá ábyrgð eða bara ábyrgðarleysi. Ég efast ekki um vilja og óskir þjóðarinnar. Ég vona sann-

arlega að hún verði ekki fyrir vonbrigðum. Góða nótt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það hefði vissulega verið æskilegt að gefa sér nokkurn tíma til þess að fara yfir nokkuð af þeim fullyrðingum, sem hér hafa komið fram, ekki aðeins hjá hæstv. ráðh. heldur og einstökum hv. þm. í þeim umr. sem hér er að ljúka. Það hefði verið æskilegt að geta dregið fram það að hæstv. ráðh. Alþb. leyfa sér að koma hér fram fyrir alþjóð og segja ítrekað ósatt. Það er full ástæða til þess að benda sérstaklega hæstv. orkumálaráðh. á það að hvorki mér eða öðrum þm. er kunnugt um að neinn flokkur eða einstakir þm. hafi lagst gegn því að raforkuverð til álversins hækki.

Hins vegar er það staðreynd, sem okkur er öllum kunnugt um, að ekki hefur náðst fram hækkun á rafmagnsverði til álversins vegna einkaherferðar Hjörleifs Guttormssonar á hendur þessu fyrirtæki. Það er þess vegna sem rafmagnsverðið hefur ekki fengist upp ennþá. Það hefði líka verið full ástæða til að fara nokkrum frekari orðum um það sem hefur komið fram frá hæstv. formönnum þingflokkanna, sem setu eiga í ríkisstj., um þau þing sem þeir eru nýkomnir frá, annars vegar miðstjórnarfund Framsfl. og hins vegar flokksráðsfund Alþb. Að vísu höfðu hv. þm. og talsmenn Framsfl. ekki mörg orð um sinn miðstjórnarfund, enda má segja að þrjú meginatriðin sem þar komu fram og voru samþykkt hafi verið þessi: Í fyrsta lagi að nú væri Framsfl. óhætt að fara yfir á miðjuna, hann ætti að fara yfir á miðjuna. Hann ætti að fara til hægri til þess að vera þar staddur í næstu kosningum. Í öðru lagi samþykktu þeir að vegna þess að ekki hefði tekist að telja niður verðbólgupúkann, þá ætti nú að setja hann niður með lögum, líklega með brbl. Og þriðja og að mörgu leyti almerkilegasta tillagan sem þar var samþykkt var einróma samþykkt miðstjórnarfundar Framsfl. um að koma upp ógnarstórri styttu af Hriflu-Jónasi.

Hæstv. félmrh. gat um þá merku ályktun sem samþykkt var á flokksráðsfundi Alþb. gegn kreppu og atvinnuleysi, um fjögurra ára neyðaráætlun. Þetta er líklega neyðarlegasta stefna stjórnarflokks sem sögur fara af í lok kjörtímabils.

Ég læt því lokið að ræða um það sem hér hefur komið fram hjá aðilum sem styðja þessa ríkisstj. og sitja í henni. En ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um þau ummæli sem hafa komið fram hér hjá talsmönnum Alþfl. í kvöld.

Sú vantrauststillaga, sem hér er til umr. var flutt til að slíta viðræðu formanns Alþfl. við hæstv. ráðh., til þess að loka fyrir yfirlýsingargleði varaformannsins og verða á undan væntanlegum formanni væntanlegs Bandalags jafnaðarmanna með slíka tillögu. Í ræðum krata hér í kvöld hefur þeim orðið tíðrætt um þann klofning sem kom upp í Sjálfstfl. 1980. Þeim er tíðrætt um að Sjálfstfl. eigi aðild að þessari ríkisstj. Síðastur var hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson með þessa kenningu hér í umr. í kvöld. Þeir vita þó vel að allir þeir aðilar, sem samkv. lögum og reglum Sjálfstfl. hafa með myndun stjórnar að gera, hafa lýst andstöðu sinni við þá ríkisstj. sem nú situr og allan aðdraganda að myndun hennar. Þar eru að verki bæði miðstjórn Sjálfstfl., þingflokkur hans, flokksráð og síðasti landsfundur, sá fjölmennasti sem haldinn hefur verið í sögu Sjálfstfl. Allir þessir aðilar hafa lýst sig andvíga ríkisstjórninni. M. a. þess vegna munum við í þingflokki Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu greiða vantrauststillögunni atkvæði okkar.

En hver er staða Alþfl. sjálfs um þessar mundir, þegar hann leggur fram þessa vantrauststillögu til umræðu hér í Sþ.? Einn þm. hans hefur sagt sig úr Alþfl. og segist ætla að stofna nýtt pólitískt bandalag. Nú er það að vísu söguleg staðreynd hér á Íslandi, að Alþfl. klofnar öðru hverju, líklega á sama árabili og rjúpunni fjölgar. Fram til þessa hefur klofningsliðið hafnað í bóli kommúnista. En eftir ýmislegt sem á undan er gengið velta þm. því fyrir sér hvort annað tveggja þessara flokksbrota þeirra ætli að gefa Alþb. syndakvittun og bjarga því til lands úr sínu pólitíska strandi.

Við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til þess að axla þá byrði að taka við stjórn landsins. Við erum málefnalega sterkir. Það sýnir ítarleg samþykkt landsfundar og fjöldi frv. og till. hér á hv. Alþingi, sem þm. flokksins hafa flutt, ekki aðeins mótandi stefnumál í innanlandsmálum heldur einnig í utanríkismálum, sbr. till. okkar um hafsbotnsréttindi Íslendinga á Rockall-svæðinu og á Reykjaneshrygg og till. allra þm. okkar, sem lögð var fram í dag, um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Hinum einstöku ráðh. hæstv. ríkisstj. hefur orðið tíðrætt um hvað stjórnarandstaðan mundi gera þegar einstök vandamál hafa komið upp. Þeir spyrja: Hvað viljið þið, hvað vill stjórnarandstaðan gera? Það gleymist að það eru þeir, sem hafa tekið að sér stjórn landsins, en ekki við sem erum í stjórnarandstöðunni. Þeir bera hina stjórnarfarslegu ábyrgð. En hæstv. ráðh. hafa fengið till. og aðvaranir frá okkur sjálfstæðismönnum, en aldrei hlýtt þeim, því þær þýddu raunhæfa stjórnun. Síðan er bara sagt: Stjórnarandstaðan hefur engar till. fram að færa. En ég minni aðeins á eitt atriði. Við vöruðum við og komum með frestunartillögu á ákvörðun ríkisstj. um myntbreytinguna, nema samræmdar efnahagsráðstafanir fylgdu í kjölfarið. Þessu var ekki sinnt og á eftir fylgdu gífurlegar verðhækkanir og upp úr því hvarf verðskyn almennings á Íslandi endanlega.

Við sjálfstæðismenn sækjum eftir þeim þingstyrk til kjósenda að til annarra flokka þurfi ekki að leita um stjórn landsins. Ábyrgðin verði okkar einna og við dæmdir af eigin verkum. Með því mundi m. a. kaupskap Framsóknarstjórna ljúka.

Grundvallarstefna Sjálfstfl., samþykktir síðasta landsfundar ásamt þróun efnahags- og atvinnumála hér heima mun móta kosningastefnuskrá flokksins í næstu alþingiskosningum. Hún mun því óhjákvæmilega taka nokkrum breytingum frá því við gengum til kosninga í desember 1979.

Ólgan og missættið, sem nú ríkir í röðum ríkisstjórnarflokkanna, er þekkt. Alþfl. er klofinn og af stofni hans hefur fallið sprek. Þótt nokkrir félagar okkar sjálfstæðismanna hafi gert þessa ríkisstj. að veruleika til að bjarga virðingu Alþingis er sú virðing aldrei minni en í dag. Efnahagslíf landsins er í molum, vaxandi greiðsluhalli við útlönd og óðaverðbólgan æðir áfram. Við sjálfstæðismenn höfum staðið af okkur þá hríð, sem gerð var að flokki okkar, og ég vona að í næstu kosningum gangi Sjálfstfl. heill og óskiptur til kosninga. Sáttahönd okkar hefur verið rétt fram, en það vantar ennþá hönd á móti.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 31:29 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,

og sögðu

já: GK, HBl, JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, TG, VG, ÞK, AG, JÁH, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH.

nei: GGÞ, GHelg, GTh, JK, HS, SvJ, IGuðn, IGísl, ME, ÓRG, ÓlJ, SBó, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, GGísl, ÞS, AS, DA, FÞ, BÓ, GeirG, GB, GJG, JH.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ein af frumskyldum ríkisstjórnar í lýðræðis- og þingræðislandi, eins og við Íslendingar teljum okkur til, er að sjá farborða og koma fram hér á Alþingi þeim lagafrv. sem hún telur nauðsynleg og lúta að þeirri stefnu sem ríkisstj. hefur markað sér. Fyrir liggur að núv. ríkisstj. getur ekki fullnægt þessari sinni frumskyldu hér á Alþingi þar sem hún hefur misst meiri hl. í annarri þingdeildinni. Ríkisstj. er því í sjálfheldu, sem er þess valdandi að í stjórn landsins hrúgast vandamálin upp og valda þjóðarbúinu ómældu tjóni. Ríkisstj. má því líkja við strandgóss, ef strandgóss skal kalla, sem enn er á strandstað, en bíður þess að verða fjarlægt. Slík ríkisstj. á auðvitað að segja af sér. Að því gerðu er það eitt af verkefnum Alþingis að sjá þjóðinni fyrir starfhæfri ríkisstj., og til þess eru ýmsar leiðir, uns þjóðin getur við eðlilegar aðstæður og á eðlilegum tíma fellt sinn dóm við kjörborðið í almennum kosningum. Virði ríkisstj. að vettugi þessa frumskyldu þingræðisins og sitji áfram er hún vísvitandi að valda þjóðinni frekara tjóni en þegar er orðið. Verði svo er ábyrgð ríkisstj. meiri en hún fær undir risið. Ég segi já.

Efri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 99). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1874 var haldin þjóðhátíð á Íslandi af tilefni 1000 ára afmælis byggðar á Íslandi. 2. ágúst það ár gekk í gildi stjórnarskrá sú sem enn er gildandi að mestu leyti og þann sama dag var haldin hátíðarguðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík. Þar var fluttur í fyrsta sinn lofsöngurinn „Ó, guð vors lands" eftir séra Matthías Jochumsson við lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar tónskálds. Það leið nú alllangur tími þangað til „Ó, guð vors lands" hafði unnið sér hefð sem þjóðsöngur, en svo varð smám saman að það grópaðist æ dýpra í vitund þjóðarinnar að hér væri þjóðsöngur Íslendinga og sem slíkur eitt af táknum hins íslenska þjóðernis.

Það gerðist svo alllöngu síðar, eða á árunum 1948—1949, að íslensk stjórnvöld keyptu réttindi bæði að ljóði og lagi og árið 1959 var þjóðsöngurinn gefinn út í vandaðri útgáfu af hálfu forsrn., þar sem skýrt var tekið fram að „Ó, guð vors lands" væri þjóðsöngur Íslendinga.

Það er vissulega orðið tímabært að sett séu lög um þjóðsönginn eins og að sínu leyti sett voru á árinu 1944 lög um þjóðfána Íslendinga.

Í 1. gr. þessa frv. til l. um þjóðsöng Íslendinga segir: „Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó, guð vors lands", ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar."

Í 2. gr. segir: „Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar og fer forsrn. með umráð yfir útgáfurétti á honum."

Um vernd þjóðsöngsins segir svo nánar í næstu greinum. Í 3. gr.: „Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upphaflegu gerð höfunda hans. Á það jafnt við um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall þjóðsöngsins."

Nokkru nánari ákvæði eru svo um rétta notkun þjóðsöngsins í hinum næstu greinum.

Ég vænti þess að hv. alþm. verði sammála um að rétt sé og tímabært að setja lög um þjóðsöng Íslendinga og legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði að það væri tímabært að setja lög um þjóðsönginn hliðstætt því sem sett voru 1944 sérlög um þjóðfána Íslands. Það kann að vera að svo sé, sem hæstv. forsrh. segir, en mér þykir rétt að líta samt nokkru nánar á þetta mál en fram kom í ræðu hæstv. forsrh.

Það segir í grg. með þessu frv. að með því sé leitað staðfestingar á fyrri afstöðu stjórnvalda varðandi þjóðsönginn. Tekinn er af allur vafi í máli sem mestur hluti þjóðarinnar mun vera einhuga um. Ég hygg að það sé enginn vafi, ef það er átt við með vafa, hver sé þjóðsöngurinn. Það er þá spurning um vernd þjóðsöngsins og hvað á að gera í því efni. Hann er ekki verndarlaus nú sem stendur, en vera kann að það þurfi að vernda hann betur en er samkv. lögum nú. Þá er spurning hvort setja eigi sérlög um þjóðsönginn eins og gert er ráð fyrir með frv. því sem við nú ræðum.

Ég hygg að hjá þeim þjóðum sem okkur eru skyldastar og næstar sé ekki um slík sérlög að ræða. Ég hygg að það sé rétt, að á Norðurlöndum séu ekki sérlög um þjóðsöngva þeirra ríkja né í Bretlandi eða Þýskalandi, svo að eitthvað sé nefnt. En það þýðir ekki að þjóðsöngur þessara ríkja njóti ekki einhverrar verndar. Og hvar er þeirrar verndar að leita? Þeirrar verndar er að leita í hinum almennu höfundalögum hvers ríkis fyrir sig. Þar er líka hjá okkur að leita nokkurrar verndar, sem þjóðsöngurinn hefur í dag. Spurningin er, ef okkur þykir ekki þjóðsöngurinn nægilega verndaður samkv. höfundalögum eins og þau eru hjá okkur, hvort það eigi að bæta úr því með því að setja sérlög, eins og hér er gert ráð fyrir, eða hvort það eigi að bæta úr því með því að breyta höfundalögunum. Ég vil strax segja að mér þykir það eðlilegri leið, ef um er að ræða að setja sérstök ákvæði um þjóðsönginn, að setja þau ákvæði þá með sérlögum, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., en fara að breyta höfundalögum okkar í þeim tilgangi að veita þjóðsöngnum meiri vernd en þar er nú að hafa.

Þjóðsöngurinn nýtur samkv. lögum ekki verndar hins almenna höfundaréttar og er ekki háður höfundarétti. En í höfundalögunum er gert ráð fyrir, að þó að svo sé ástatt fyrir þjóðsöngnum eða öðrum verkum, sem verndar þurfa að njóta, njóti þau verndar samkv. ákvæðum í 4. gr. höfundalaganna. Þar er tekið fram að óheimilt sé að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Þjóðsöngurinn nýtur þessarar verndar. Í 53. gr. höfundalaganna er tekið fram, eins og ég hef raunar þegar sagt, að þetta ákvæði, sem ég tiltók, í 4. gr., gildi um bókmenntaverk og listaverk sem ekki eru háð höfundarétti. En hvernig á þá að snúast við ef sá réttur er skertur sem 4. gr. höfundalaganna gerir ráð fyrir? Um það höfum við ákvæði í 53. gr. höfundalaganna, þar sem segir að mál út af slíkum brotum skuli aðeins höfða eftir kröfu menntmrh., enda telji hann þess þörf vegna tillits til almennrar menningarverndar.

Mér þykir rétt að víkja að þessu og draga þá staðreynd fram að þjóðsöngurinn nýtur vissrar verndar samkv. lögum. Ég má segja að það sé svipað umbúið t. d. í höfundalögum á Norðurlöndum og hér er gert. Það mun vera í hliðstæðum ákvæðum í lögum á Norðurlöndum kveðið sterkara að orði um hvenær höfða skuli mál í þessu sambandi en hér er gert, og ákvæðin, sem eru í okkar höfundalögum, eru frekar um réttarfarsleg skilyrði en efnisástæður fyrir málshöfðun. En eftir því sem ég veit best er litið nokkuð frjálslega á Norðurlöndum á meiðingar eða misþyrmingar á mikilvægum listaverkum á þeirri forsendu, þ. e. talið að þau muni standa slíkt af sér og það sé ekki nema í undantekningartilfellum sem þurfi að beita löggjöfinni til verndar.

Með frv. því sem hér er lagt fram og við ræðum nú er gert ráð fyrir að veita þjóðsöngnum meiri vernd en hann nýtur nú og ef við eigum að gera það, sem ég tel ekki óeðlilegt að gert sé, er ég samþykkur því að fara þá leið, sem hér er gert ráð fyrir, að setja sérlög um þjóðsönginn en ekki að breyta höfundalögunum.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu, sem hér liggur fyrir. Í 3. gr. frv. er kveðið á um það efni, sem er meginatriði frv., að þjóðsönginn skuli ekki flytja eða birta í annarri mynd en í hinni upphaflegu gerð höfunda hans. Það er ennfremur tekið fram að það á jafnt við um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall þjóðsöngsins. Það er nokkur spurning hvernig á að orða ákvæði sem þetta og það vakna spurningar í því sambandi. Og það er spurning hvað á að taka stíft til orða í þessari grein. Þetta virðist eiga að hafa almennt gildi, t. d. gilda um hljómplötur og lifandi flutning, og það er spurning, sem ég vil vekja athygli á, hvort hér eru of þröng mörk sett. Það getur verkað spaugilega ef það er brot á lögum þegar menn í góðri meiningu syngja þjóðsönginn hver með sínu nefi og það megi telja að eitthvað skorti t. d. á hljóðfall eða annað slíkt í þeim flutningi.

Svo virðist sem það sé séð fyrir þessu með ákvæðum 5. gr. því að þar er gert ráð fyrir að ráðh., þ. e. forsrh., geti veitt undanþágu frá 3. gr. frv., sem ég var að lýsa, þegar sérstaklega stendur á. Það rísa líka spurningar í sambandi við þetta ákvæði um hversu raunhæft þetta er og hvernig framkvæmdir væru á ákvæðum um undanþágur. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu og ég dreg þá ályktun af þessum hugleiðingum að það kunni að vera að réttara sé að hafa ákvæðin í 3. gr. eitthvað rýmri en þar er gert ráð fyrir, en hins vegar gera ekki ráð fyrir neinum undantekningum, þ. e. engar undanþágur verði veittar. Ég held að ef hægt væri að koma frv. í það form — ég segi: ef það væri hægt — kynni það að vera betri lausn á þessu máli.

Herra forseti. Mér hefur þótt rétt nú þegar við 1. umr. að hreyfa þessum hugleiðingum með sérstöku tilliti til þess að ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem þetta frv. gengur til, allshn., en ég vænti þess að frv. fái þar góða meðferð.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég á þeim mun hægara um vik en hv. síðasti ræðumaður, Þorv. Garðar Kristjánsson, að ég á sæti í þeirri nefnd sem fjalla mun um þetta lagafrv., — á hægara um vik að fjalla nánar um það efnislega. Þó að ég hefði ekki átt sæti í n. hefði ég eigi að síður, eins og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, kvatt mér hljóðs um það þegar við 1. umr.

Ég vil hreint ekki fortaka að eðlilegt sé að setja sérstök lög um þjóðsöng okkar Íslendinga. Ég hefði hins vegar betur kunnað við að hinar raunverulegu ástæður fyrir þessari lagasmíð, kveikjan að þessari lagasmíð, hefðu komið fram af hálfu hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir frv. Það er á almannavitorði hvers vegna það þykir nú fyrst við hæfi að flytja frv. til l. um þjóðsöng okkar og meðferð hans, þ. e. ósmekklega meðferð á þjóðsöngnum, ljóði og lagi, á opinberum vettvangi. Ég skil það vel, þar sem við búum nú svo vel, Íslendingar, að hafa þann mann á forsætisráðherrastóli sem er ekki aðeins sjálfur músíkalskur maður, heldur einnig smekkmaður á ljóð, að efalítið hafa þessar staðreyndir heldur ýtt undir gerð þess lagafrv. sem hér liggur fyrir.

Lofsöngur Matthíasar, þetta upphafna dýrlega kvæði hins frjálslynda klerks og óðsnillings, ásamt lagi Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar hefur vissulega hlotið þann sess í vitund fólks, og þá fyrst á þeirri tíð sem ég hygg að lifandi kristin trú hafi átt ríkari sess í þjóðarsálinni en síðar hefur orðið, að þetta sé okkar þjóðsöngur, jafnframt því sem hér er á ferðinni upphafinn sálmur þrunginn frjálslyndri trúarjátningu. Ég get aftur á móti ekki orðið handgenginn þeirri staðföstu trú að það sé hin mesta nauðsyn að þessi lofsöngur sé fluttur á sama hátt sem þjóðsöngur og sem sálmur og að það hljóti að vera nauðsyn og liggi við þjóðarstolt okkar og metnaður að hann verði ávallt fluttur í hinni sömu mynd, hvort heldur um er að ræða ljóð, laggerð eða hljómsetningu og hljóðfall.

Ég minnist þess að hafa heyrt þjóðsönginn okkar fluttan í djassútsetningu, sunginn af íslenskri söngkonu og á þann hátt að hann snart mína fremur hrjúfu músíkölsku sál jafnvel ennþá dýpra en í hinni klassísku mynd. Það þóttu mér hvorki vera siðspjöll né óvirðing við lofsönginn og þjóðsöng Íslendinga eins og hann var þá fluttur. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt jafnvel hina heitustu meðal ameríska þjóðernissinna fetta fingur út í útsetningu „Stars and stripes" eins og Mahalia Jackson hefur sungið þjóðsöng þeirra Bandaríkjamanna. Ég hygg að við verðum að eiga það á hættu, vegna þess að þar er nokkurs til að vinna, að hægt verði að bæta þjóðsönginn okkar í flutningi, gera hann við hæfi hvers tíma, fella hann að gildandi og ríkjandi smekk fólksins í landinu á hverjum tíma og opna jafnvel þannig leið fyrir þjóðsönginn okkar að hjörtum fólksins með því að sníða flytjendum ekki svo þröngan stakk að þarna megi hvergi frá víkja.

Ég er þeirrar skoðunar, að það gæti orðið farsælla fyrir okkur að setja ekki lög af þessu tagi. Dæmin hafa sannað að afskipti löggjafans af listastefnum og túlkun á landi hér hafa þegar til lengdar lét orðið, í það minnsta stundum, til lítillar farsældar og hafi jafnvel átt það til að verða skopleg með aldrinum. Nægir að minna þar á t. d. afskipti Alþingis af því með hvaða hætti íslenskar bókmenntir skuli stafsettar.

Ef við víkjum aðeins að 5. gr., þá er ég uggandi um að svo muni verða lengstum, að við munum hafa þá menn

fyrir forsrh. sökum þá annarra dyggða sem hvergi nærri komist í jafnkvisti við hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, hvorki um músíkþekkingu né smekk á íslenskar bókmenntir og skáldskap, — ekki einu sinni víst að ráðuneytisstjóri hans verði liðtækur til ráðuneytis um hvort vikið sé frá geirnegldum lagaákvæðum um laggerð, hljómsetningu og hljóðfall.

Herra forseti. Mér er alls eki skop í hug, en ég óttast að það kunni enn um sinn að verða svo, að þjóðsöngur okkar verði sunginn vítt um byggðir landsins vegna skorts á músíkþekkingu og þjálfun, gersamlega svo sem verið hefur, án tillits til laggerðar, hljómsetningar eða hljómfalls. Oftar hygg ég að ég hafi heyrt þjóðsönginn okkar sunginn fram eftir ævi án tillits þess arna og þætti það mjög leitt ef við smíðuðum nú þau lög að þjóðelskir Íslendingar, einlægir íslenskir þjóðernissinnar, sem tilbiðja vilja guð síns lands, yrðu gerðir að lögbrjótum með þessum hætti eða yrðu að syngja þjóðsönginn til þess að forðast slík lagabrot á helgum dómum þjóðarinnar. Með þessu er ég ekki að segja að við eigum ekki að íhuga þetta frv. í allshn., þangað sem því er ætlað að ganga, það finnst mér sjálfsagt, en ég vildi koma þessum aths. mínum á framfæri nú þegar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál mun fjalla. Að þessari umræðu lokinni sé ég ekki ástæðu til að vera langorður, en örfáum orðum vildi ég þó bæta við þessa umr.

Ég efast satt að segja stórlega um nauðsyn laga af þessu tagi. Auðvitað nýtur þjóðsöngur okkar, eins og fram kom hér ágætlega hjá hv. 4. þm. Vestf., verndar samkv. höfundalögum. En ef menn telja alveg nauðsynlegt að staðfesta með löggjöf að þessi skuli vera þjóðsöngur okkar Íslendinga, þá held ég að e. t. v. væri nóg að í þeim lögum væri 1. gr. þessa frv., 2. gr. og 4. gr.

1. gr.: Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó guð vors lands" við ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

2. gr.: Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar og fer forsrn. með umráð yfir útgáfurétti á honum.

3. gr.: Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

Ég held að það sé, eins og hér hefur fram komið, ákaflega erfitt að binda í lög ákvæði eins og eru í 3. gr. þessa frv. Ég fæ ekki fellt mig við þá hugmynd að Alþingi beinlínis setji lög um listtúlkun. Alþingi getur ekki heldur sett lög um góðan smekk. Þetta getur ekki orðið löggjafaratriði. Hér verða skynsemi og góður smekkur að ráða. Að vísu er alltaf sú hætta fyrir hendi að einhverjum þyki tilfinningum sínum misboðið með flutningi þjóðsöngsins. En öðrum þykir það aftur gott, þannig að ég held að um þessi atriði sé ákaflega erfitt og í rauninni mjög hæpið að Alþingi setji löggjöf.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það er af ákveðnu tilefni sem þetta frv. til l. kemur hér fram. Ég verð að segja alveg eins og er, að eftir að hafa hlýtt á það tilefni finnst mér það ekki eins stórvægilegt eða stórt mál og upphaflega var úr gert. En um smekk er ekki hægt að deila. Það sem einum þykir gott í þesum efnum þykir öðrum miður og lengra komumst við ekki þar.

Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mína koma hér fram, herra forseti, en annars mun allshn. þessarar deildar taka þetta mál til meðferðar að þessari umr. lokinni.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er auðvitað fjallað um mikilsvert mál, þjóðsöng Íslendinga. Mér hefur ætíð fundist okkar ágæti þjóðsöngur erfiður í flutningi, þótt ég hafi sjálfur ekki oft staðið í því að flytja hann. Ég veit að það er erfitt mörgum kórum til að mynda og eins söngvurum að flytja lagið eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson við ljóð Matthíasar, Ó guð vors lands. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé að ýta undir að tónsvið lagsins sé að einhverju leyti skert, slíkt er ómögulegt, en ég vil taka undir þau orð, sem hér hafa komið fram, að það væri óeðlilegt að setja ákveðnar lögbundnar skorður um flutningsmáta þjóðsöngsins.

Samkv. 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að þjóðsönginn skuli ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upphaflegu gerð höfunda hans. Á það jafnt við um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall þjóðsöngsins. Ég geri ráð fyrir að þetta sé stílað af kunnáttusemi og taki til alls er varðar flutning þjóðsöngsins, eins og hér stendur. Ég gæti trúað þrátt fyrir allt, að enda þótt þetta standi hér felist í þessu eitthvert svigrúm. Ég geri ráð fyrir því. Það kann að koma fram síðar, kann að koma fram við umfjöllun málsins í nefndinni. Að vísu á ég ekki sæti í henni, en ég vildi mælast til þess að hv. allshn., sem mun fá þetta mál til meðferðar, gaumgæfi málið. Ég veit raunar að hún mun gera það.

Ef um það væri að ræða á annað borð að setja lög um þjóðsönginn, þá væri mér nóg að hafa fyrstu tvær greinar frv. 4. gr. tekur til þess að þjóðsöngurinn verði ekki notaður í viðskipta- og auglýsingaskyni. Ef við lítum aðeins á þetta nánar, þá hygg ég að það sé í sumum tilfellum e. t. v. erfitt að greina frá hvað er í raun og sannleika gert í auglýsingaskyni. Þá geri ég ráð fyrir að það sé átt við vegna auglýsinga á varningi eða einhverri þjónustu eða slíku. Hins vegar vil ég benda á að okkar ágæti þjóðsöngur er leikinn á stórum stundum á erlendum vettvangi, t. d. þegar okkar ágætu íþróttamenn hafa unnið afrek. Auðvitað eiga slíkar athafnir sér stað m. a. til þess og ekki síst til þess að vekja athygli á fulltrúum viðkomandi þjóðar og um leið á þjóðinni sjálfri. Ég vil ekki segja að þetta sé gert beinlínis í auglýsingaskyni í merkingu þess orðs eða hugsunin sé sú sama hér, en ég segi þetta til að vekja athygli á því að menn verða að gera sér nákvæmlega grein fyrir við hvað er átt.

Að lokum mælist ég til þess, eins og hér hefur raunar þegar komið fram, að allshn. athugi þetta gaumgæfilega. Við hv. alþm. megum ekki hegða okkur þannig að hlaupa upp til handa og fóta og setja lög enda þótt einu sinni kunni að hafa orðið einhver mistök í meðferð okkar ágæta þjóðsöngs.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Megintilgangur þessa frv. er sá, að því sé slegið föstu af Alþingi að „Ó, guð vors lands" sé þjóðsöngur Íslendinga og eign íslensku þjóðarinnar og í annan stað að vernda hann gegn misnotkun. Hér hafa hjá þrem hv. þm., sem talað hafa, komið fram aths. um að sérstaklega ákvæði 3. og 4. gr. kunni að vera fullströng eða þyrftu nánari athugunar við, sem auðvitað er sjálfsagt.

Ég vænti þess að hv. allshn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, kveðji til fundar við sig þá prófessora tvo sem unnu að samningu frv., Gunnar Schram og Gauk Jörundsson, og ennfremur tónskáldið Jón Þórarinsson,

og er sjálfsagt að athuga þessi atriði, sem hér hefur verið á minnst, nánar í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 66, n. 113). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. Ed. hefur fjallað um það frv. sem hér um ræðir, þ. e. frv. til l. um breyt. á verðjöfnunargjaldi af raforku ásamt síðari breytingum. Eins og kunnugt er hefur verðjöfnunargjald verið innheimt í allmörg ár. Það hefur verið undanfarin ár um 19% og er tekið af sama stofni og söluskattur.

Þetta frv., sem hér er til umfjöllunar og n. hefur afgreitt, er í raun og sannleika framlenging á lögum sem gilt hafa, þ. e. á verðjöfnunargjaldinu, og er gert ráð fyrir að það sé innheimt samkv. þessu frv. til ársloka 1983. Eins og kunnugt er er fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða ekki nægilega traust. Verðjöfnunargjaldið hefur gert það kleift meðal annarra þátta að jafna raforkuverð, þ. e. að færa taxta Rafmagnsveitna ríkisins nær þeim töxtum sem gilda hjá öðrum rafveitum í landinu. Um þessar mundir er t. d. heimilistaxti hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur líklega 20—25% hærri en hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þannig að það hefur færst í jafnaðarátt.

Samkv. 1. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að iðnrh. verði heimilt að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar. Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur Rafveita Siglufjarðar átt í allnokkrum fjárhagsörðugleikum á undanförnum árum. Sem betur fer mun nú heldur hafa rofað til í þeim efnum. Ég hirði ekki um að tíunda hér þær ráðstafanir sem stofnað hefur verið til vegna þessarna.

Eins og ég gat um áðan hefur nefndin fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 60). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, fjallar um breytingu á þeim ákvæðum laganna er varða sektaheimildir lögreglumanna og lögreglustjóra. Þessar sektaheimildir eru nú bundnar við 300 kr. að því er varðar lögreglumenn og 3000 kr. að því er varðar lögreglustjóra. Þá er heimild lögreglustjóra til að ákvarða eignaupptöku bundin við 1000 kr. verðmæti. Þessar fjárhæðir eru bundnar við tiltekna málaflokka, þ. e. brot á umferðarlögum, áfengislögum og lögum um tilkynningar aðsetursskipta og lögreglusamþykktum. Lætur ríkissaksóknari lögreglustjórum í té skrá yfir þau brot sem sektaheimildin nær til og eru í þeirri skrá leiðbeiningar um sektaupphæðir yfir hverja tegund brota. Vegna verðlagsþróunar undanfarin ár er nauðsynlegt að hækka fjárhæðir þær sem í lögunum standa.

Sú skipan að afgreiða mál með lögreglusekt hefur gefið góða raun og léttir verulega starfi af dómstólum. Með frv. þessu er lagt til að sektaheimild lögreglumanna hækki í 1200 kr. og sektaheimild lögreglustjóra í 12 þús. kr. Jafnframt hækki verðmæti þess sem lögreglustjóri hefur heimild til að ákveða við eignaupptöku samhliða sektaákvæðum í 4000 kr.

Eins og áður segir hafa sektagerðir þessar gefið góða raun og létt verulega starfi af dómstólum. Hins vegar er svo um hnúta búið, að máli verður ekki lokið með þessari aðferð nema aðili samþykki. Ef hann samþykkir ekki þessa málsmeðferð verður máli vísað til meðferðar dómstóla.

Herra forseti. Ég hef rakið meginefni frv. þessa. Ég vil mælast til þess að frv. þetta geti hlotið afgreiðslu fyrir jól, en þannig stendur á að eigi mun nú unnt að endurskoða þær leiðbeiningar sem ríkissaksóknari gefur út þar sem eðlileg endurskoðun fjárhæðanna mundi fara upp fyrir þau takmörk sem lögin setja í dag. Hins vegar er nauðsynlegt að sektafjárhæðir þessar verði hækkaðar og þær séu jafnan í samræmi við verðlag á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 80). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 14). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í 66. gr. skattalaganna segir svo, með leyfi forseta:

„Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1) Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.

2) Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.

3) Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.

4) Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.

5) Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.

6) Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

7) Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum."

Eins og af þessari upptalningu má ráða, byggjast flest þessi ákvæði í skattalögunum á því, að gjaldþol manns hafi skerst verulega og vegna þess skuli taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns. Sú breyting, sem hér er lögð til á 66. gr. skattalaganna á þskj. 14 í frv. til l. um breyt á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er að við bætist nýr liður, sem verði 8. liður og hljóði svo:

„Ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum."

Varla þarf að tíunda hér fyrir hv. alþm. að tannviðgerðir, sérstaklega gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir auk tannholdsaðgerða, eru oft mjög kostnaðarsamar og oftlega ekki á færi nema fárra að standa undir þeim. Í grg. er nefnt að ekki sé óalgengt að meiri háttar tannviðgerðir geti kostað á bilinu 40—80 þús. kr. Mjög algengar upphæðir eru oft á bilinu 10—40 þús. kr. vegna t. d. gullfyllinga. Segir það sig sjálft að slíkar upphæðir hljóta að skerða verulega gjaldþol venjulegs launamanns, að ekki sé talað um þær upphæðir sem fólk þarf stundum að standa undir þegar um meiri háttar aðgerðir er að ræða, t. d. gullfyllingar og brúaraðgerðir.

Enginn ræðst í meiri háttar tannviðgerðir nema af brýnni nauðsyn vegna hins óheyrilega kostnaðar sem því oft fylgir. Oft fresta menn brýnustu tannviðgerðum lengur en lengstu lög leyfa vegna þessa kostnaðar. Launafólk hefur oftast ekki annað til að standa undir slíkum kostnaði en verðmæti vinnu sinnar. Það segir sig sjálft, að launafólk sem hefur í árstekjur á bilinu kannske 100—120 þús. kr. er varla aflögufært til að standa undir meiri háttar tannviðgerðum, sem nema kannske 1/4 eða jafnvel 1/3 af árstekjunum. Almennt er ekki um greiðslufrest að ræða á þessum kostnaði. Því er sjaldnast um aðra möguleika að ræða hjá launafólki en taka verðtryggð lán í þessu skyni.

Ég held að óhætt sé að fullyrða, að þegar litið er til þeirra sjö töluliða 66. gr. skattalaganna sem nú geta gefið skattaívilnun sé ekki síður ástæða að taka tillit einnig til þeirra aðstæðna þegar um er að ræða verulega skert gjaldþol vegna tannviðgerða.

Benda verður einnig á að tannvernd er mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustu landsmanna og ætti að skipa sess í heilsuverndinni sem önnur heilbrigðisþjónusta með meiri þátttöku hins opinbera í kostnaði en verið hefur, enda geta slæmir tannsjúkdómar í vissum tilfellum verið orsök annarra sjúkdóma. Enn er það þó svo, að sjúkratryggingar greiða ekki fyrir tannviðgerðir almennt nema að einhverju og oft öllu leyti þó fyrir börn og ellilífeyrisþega. Vitað er þó, að einmitt dýrar tannholdsaðgerðir, gullfyllingar og brúarsmíð eru einmitt mjög algengar aðgerðir í þeim aldursflokkum sem ekki er greitt fyrir af sjúkratryggingum. Er þessi leið ekki síst valin nú með tilliti til þess að þátttaka hins opinbera er nánast engin í greiðslum fyrir þann fjölda sem þarf á meiri háttar tannviðgerðum að halda, en veigrar sér við því og gerir það stundum alls ekki vegna kostnaðar sem fólkið treystir sér ekki til að standa undir. Í þessu frv. er lögð til ný leið og gerð tilraun til að létta á þessum kostnaði eins og frekast er mögulegt gegnum skattakerfið.

Eðlilegt er að spurt sé hver þessi skattaívilnun eigi að vera. Því er til að svara, að skattstjóri setur sjálfur skilyrði og reglur um ákvæði 66. gr. Þess vegna metur hann hver skattaívilnun á að vera í þessu tilfelli sem öðrum sem 66. gr. kveður á um.

Ég skal ekkert úr því draga að stundum getur verið erfitt að setja reglur og skilyrði um það ákvæði, sem nú er í 66. gr. skattalaganna, og geri ég ráð fyrir að oft verði að meta hvert einstakt tilfelli, því að aðstæður manna eru auðvitað mjög mismunandi og ekki hægt að setja löggjöf um hvert einasta tilfelli sem fundist getur. Ég hef undir höndum þær viðmiðunarreglur sem ríkisskattstjóri hefur gefið út vegna framkvæmdar 66. gr. Sýnist mér að í þeim sé ekki um ákveðnar upphæðir að ræða, heldur verði gefnar út viðmiðunarreglur fyrir hvern lið um sig, þ. e. skilyrði sem uppfylla þarf til að umsókn um lækkun tekjuskattsstofns komi til greina. Einstaka liðir gefa þó vísbendingu um hver skattaívilnun á að vera eins og er um 2. lið. Þegar á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómi, fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum, þá er í viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra sett fram að ívilnunin skuli að hámarki nema sömu fjárhæð og barnalífeyrir samkv. 14. gr. laga um almannatryggingar. Sýnist mér því að oftast sé lagt í vald skattstjóranna sjálfra hver ívilnunin er, en þeim séu þó settar skorður að því leyti að umsækjandi verði að uppfylla ákveðin skilyrði. Stundum er sett fram í reglunum tekjuviðmiðun eða hliðsjón af skattframtali, en sjaldnast ákveðin nein upphæð vegna einstakra ákvæða 66. gr., enda eru aðstæður manna mismunandi og rétt að slíkt ákvæði búi við sveigjanleika í framkvæmd til að hægt sé að meta frekar einstök tilfelli miðað við mismunandi aðstæður og greiðslugetu.

Þegar borin eru saman ákvæði þau sem nú heimila skattstjóra að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega og það ákvæði sem nú er lagt til að bætist við 66. gr. held ég að varla verði sagt að það ákvæði, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, sé erfiðara í framkvæmd en þau ákvæði, sem fyrir eru, og einnig hitt, að varla verður því mótmælt að þetta ákvæði, sem í frv. felst, getur ekki síður skert greiðsluþol skattgreiðanda en önnur ákvæði 66. gr. laganna. Í síðustu mgr. 66. gr. tekjuskattslaganna segir svo, með leyfi forseta:

„Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkv. þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkv. þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkv. þessari grein, og sjá til þess

að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt."

Samkv. þessu er ljóst að skattstjóri setur ákveðin skilyrði fyrir ívilnun og er ekki rétt að binda í þessu ákvæði fremur en öðrum í 66. gr. hver ívilnun skuli vera. Hugsa mætti sér þó, að viðmiðunarreglur vegna þessa ákvæðis verði við það miðaðar að taka skuli til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar um er að ræða dýrari tannaðgerðir en vanalegar tannviðgerðir, þ. e. gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir svo og meiri háttar tannholdsaðgerðir.

Ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til heilbr.- og trn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir 16. máli á þskj. 16 á 105. löggjafarþingi, sem er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Flm. eru auk mín hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson og Karvel Pálmason.

Þetta frv., herra forseti, hefur aðeins að geyma eina grein og er viðbót við 19. gr. þingskapalaganna eins og þau nú eru. Viðbótin er svofelld:

„Þingnefndir skulu fylgjast með framkvæmd laga. Í því skyni hafi þingnefndir rétt til þess að kalla fyrir sig þá einstaklinga sem að mati þingnefnda eiga hlut að máli. Einfaldur meiri hluti þingnefndar getur ákveðið að taka einstök framkvæmdaratriði laga til meðferðar. Þingnefndir skulu gera viðkomandi deild eða sameinuðu Alþingi grein fyrir niðurstöðum athugunar. Eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga fari fram fyrir opnum tjöldum nema meiri hluti þingnefndar ákveði annað."

Síðan er 2. gr. með hefðbundnu sniði um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Nú er það ljóst, herra forseti, að þetta mál á sér nokkra sögu hér í sölum Alþingis. Þetta var með fyrstu umbótamálum sem þáv. þingflokkur Alþfl. flutti þegar að loknum kosningum 1978 og var í anda þeirrar kosningastefnuskrár sem flokkurinn þá hafði fylgt. En þrátt fyrir ríkisstjórnaraðild náði málið ekki fram að ganga.

Þetta á sér þá sögu að í fyrsta lagi er það ljóst að í löndum í kringum okkur hefur það alls staðar verið að gerast að komið er til sögunnar nýtt vald sem hagar sér töluvert öðruvísi en fjármálavaldið gamla. Þetta vald er sérfræðivald. Við vitum að í samfélögum, sem sífellt verða tæknivæddari og flóknari, gerist það að allur framgangsmáti stjórnunar verður flóknari svo sem eðlilegt er. Í þeim stjórnkerfum þar sem ríkir svokallað lýðræðisskipulag, hvort sem það er með beinu þingræði eða í öðru formi, hefur valdatilfærsla orðið á þann veg að sérfræðivaldið hefur lent hjá framkvæmdavaldi. Það þarf ekki annað en líta á hið íslenska samfélag til að sannfærast um hvernig þetta er í raun. Það er framkvæmdavaldið, þ. e. ríkisstj. og það vald sem undir henni er, sem hefur yfirráð yfir sérfræðivaldinu, yfir þekkingunni, getur nýtt hana sér til framdráttar.

Hér hjá okkur er það þannig, að hv. Alþingi er því sem næst algerlega varnarlaust í þessari stöðu. Hugsun stjórnarskrárinnar, sem gerir ráð fyrir þremur óháðum valdþáttum og er frá 1874, er reyndar þverbrotin á hverjum einasta degi. Við vitum í fyrsta lagi að dómsvaldið er á bólakafi í hinum valdþáttunum tveimur. Hæstaréttardómarar standa hér niðri eins og hverjir aðrir lobbyistar með frumvörpin sín. Þetta þekkjum við náttúrlega mætavel. Það sem ennfremur blasir við er það að valdþættir framkvæmdavalds og löggjafarvalds renna mjög saman og þar eru yfirburðir framkvæmdavaldsins algerir.

Þetta frv. til l. kom fyrst fram árið 1978. Það felur í sér aðferð sem víða er beitt erlendis og hefur náð að þróast. Fyrir þessu er í Bandaríkjum Norður-Ameríku í raun og veru 200 ára gömul hefð eða jafngömul þeirra lýðveldi. Seinna hefur þetta þróast í þessa átt líka í Evrópu og þróunin verið mjög snör síðustu árin. Kjarni málsins er sá, að svar kjörinna þjóðþinga við því ofurvaldi sérþekkingarinnar sem safnast hjá framkvæmdavaldi er að auka mjög verksvið og starfssvið þingnefnda. Ekki aðeins þannig að þær hafi rétt til þess að kalla til sín þá sérfræðinga sem ríkinu heyra til með einum eða öðrum hætti — og þá er ekki aðeins átt við þá sem ríkið greiðir laun heldur einnig hina, sem undir ríkið hafa þurft að sækja t. d. með reglur eða lög — og það skal þó strax tekið fram að þarna getur verið erfitt að draga markalínu.

En í annan stað fylgir sú hugmyndafræði, sú einfalda hugsun að það sé ekki aðeins rétturinn og valdið til að kalla menn fyrir sig til að kanna hvort lögum sé fylgt eða lögum sé ekki fylgt, heldur bætist við að þingnefndir hafi aðgang að öllu því sérfræðivaldi, allri þeirri þekkingu sem þær þurfa á að halda. Auðvitað mun þetta kosta einhverja fjármuni. En mitt mat er það að þeir mundu skila sér margfalt til baka vegna þeirrar hagræðingar og þess öryggis fyrir borgarana sem þetta hefur í för með sér.

En vandinn er auðvitað miklu víðtækari. Það er augljóst að hugmyndir af þessu tagi eru nátengdar þeirri grundvallarhugsun, sem á að vera í upphafi stjórnarskrárinnar þó að henni hafi ekki verið fylgt, að um hreinan aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds sé að ræða, eins og hér hefur raunar verið lagt til á öðru þskj. af nýjum og væntanlegum samtökum.

En hvað þýðir þetta? Þetta þýðir auðvitað það að vald þm. á að vera fólgið í því annars vegar að hafa eftirlit með því að þessum sömu lögum sé framfylgt. Starf þm. á ekki að vera annað. En vandi okkar — og ég vil segja grundvallarvandinn hér í öllu stjórnkerfinu — er sá, að hv. alþm. eru á kafi í framkvæmdavaldsstörfum.

Hvað á það t. d. að þýða að hv. alþm. sitji í útvarpsráði og séu þar að ákveða hver talar um daginn og veginn eða hvaða einstaklingur sé að stjórna umræðuþáttum í útvarpi og sjónvarpi? Sjá menn ekki hvað þetta er í raun og veru ógeðfellt stjórnkerfi þegar svona vindur fram? Valdsvið þingmanna eiga að vera þingnefndirnar sem eiga að hafa eftirlit með hinum almennu leikreglum og því að framkvæmd framkvæmdavaldsins sé í lagi.

Ég vil taka fram að hér hafa verið flutt önnur þingmál í þessa veru. Ég nefni sérstaklega þingmál hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, í raun og veru um svipað eftirlit. Við getum litast um víðar. Hugsið ykkur ógæfuna sem stafaði af því að hv. alþm. sátu í Kröflunefnd. Auðvitað var það pólitísk ógæfa sem af því leiddi. Ég vil segja það um minn

gamla flokk að það var hans gæfa að vera svo lítill eftir kosningarnar 1974 að vera ekki tekinn inn í nefndina. Því auðvitað hefði samábyrgð valdsins verið algjör eins og venjulega ef einhver hefði farið inn. En utanseta Alþfl. á þeim tíma bjó þó til krítískan minni hluta í þjóðfélaginu. Og því segi ég þetta að þetta er algerlega hinn vængurinn. Þegar við í þessu frv. erum að tala um þingnefndir, þá erum við að tala um þingnefndir í þeirri merkingu sem við þekkjum hér innan þings.

Það er nú eitt, að þjóðin hefur afskaplega litla vitneskju um störf í þingnefndum. Og af hverju stafar það? Það er vegna þess að menn eru hér uppteknir við allt önnur störf. Því er nú verr og miður. Allir vissu að hæstv. menntmrh. var í Kröflunefnd, enda fór það ekki fram hjá nokkrum manni. Allir vissu að helmingurinn af hæstv. núv. ríkisstj. sat í Kröflunefnd. En enginn veit um menntmn. Alþingis. Af hverju stafar þetta? Vegna þess að í menntmn. Alþingis er unnið þokkalega, en í Kröflunefnd var bara sukkað.

Við getum farið yfir valdsviðið allt. Hvað á það að þýða að hv. alþm. sitji í bankaráðum og hafi þar með beina hagsmuni af því hvort vextir eru háir eða lágir? Því að vitaskuld hafa þeir beina hagsmuni af því sitjandi í bankaráðum. Ef vextir eru langt fyrir neðan verðbólgustig geta þeir gert vinum sínum í viðskiptum meiri greiða. Þetta eru valdþættir sem með engum hætti fara saman.

Við erum búnir að fara yfir sviðið allt. Framkvæmdastofnun ríkisins, hvað á það að þýða að þar sitji alþm. og deili út fjármunum? Það er ekki þeirra verk og á ekki að vera það. Þeir eiga að sjá um almennu, altæku leikreglurnar í þjóðfélaginu en ekki sértæku lánsfyrirgreiðslurnar. Ég held að það sé að verða mjög vaxandi skilningur á því í þjóðfélaginu um hvílík grundvallaratriði við erum hér að tala. Krófluvirkjun, þessi harmleikur fjárlaga á hverju ári, hefði aldrei orðið ef þar hefðu ekki setið alþm. sem höfðu allt aðra hluti að verja í raun og veru og urðu að halda áfram á sukksins braut til þess að reyna að bjarga einhverju og sukka alltaf dýpra og dýpra. Ef þetta hefðu verið framkvæmdaaðilar hefðu þeir getað játað mistök sín á miðri braut og það hefði kostað þjóðina minna.

Það er alveg sama hvar við lítum yfir samfélagið. Það er þetta samkrull framkvæmdavalds og löggjafarvalds sem er einn af okkar verstu óvinum í stjórnkerfinu. Það hefur komið óorði á marga hv. alþm., komið óorði á Alþingi sem stofnun. Auðvitað skammast þeir sín, þeir mega eiga það, fyrir þessa bankaráðssetu sína, fyrir lágu vextina, fyrir Framkvæmdastofnunina, fyrir Kröflunefndina, fyrir allt þetta. Auðvitað horfa þeir bara í gaupnir sér. Og þeir mega gera það. En menn verða að skilja að þetta er ekki bara spurning um einstök spillt lán. Þetta er spurning um fljótandi spillingu um samfélagið allt. Fyrir þessu er að vakna mjög aukinn skilningur.

Sú hugmyndafræði sem hér er verið að mæla fyrir gengur nákvæmlega í hina áttina. Og ég endurtek: Hún er náskyld þeim þingmálum sem hér hafa verið lögð fram í formi þáltill. um aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Hér er auðvitað um að ræða þingnefndir. En það eru raunverulegar þingnefndir, nefndir sem starfa innan þings og nefndir, sem hafa eftirlit með framkvæmd laga, en eru ekki í því að framkvæma lögin. Því þó svo að stjórnarskrá okkar — eða stjórnkerfi öllu heldur geri í grundvallaratriðum ráð fyrir því að þetta hús hér eigi að hafa eftirlit með framkvæmd laga, þá vitum við að hv. alþm. eru ófærir um það af því að þeir eru sjálfir á bólakafi í þessu.

Það getur enginn maður haft eftirlit með sjálfum sér, ekki í þessum skilningi orðsins. Og þar liggur vandinn, að framkvæmdavaldið verður áfram eftirlitslaust, því að þeir sem eiga að hafa eftirlitið eru búnir að ónýta sjálfa sig til þeirra verka. Auðvitað veit þjóðin þetta í vaxandi mæli og veit það miklu betur. Hún veit að lítið efnahagslegt hugtak eins og neikvæðir vextir er auðvitað engin tilviljun. Þetta er leið til að millifæra fjármuni. Og hér situr helmingurinn af valdakerfinu sem stendur í þessum millifærslum frá degi til dags. Það er engin tilviljun. Við vitum nákvæmlega hvað við erum að gera í þessum efnum. Það er verið að færa til völd, síðan peninga til vildarvina og á meðan blæðir landinu öllu. Það er þetta sem gerst hefur. Ég vil vekja rækilega athygli á því í framhaldi af umr. sem áður hafa orðið um þetta frv. að það er aðeins brot af margslunginni hugmyndafræði af þessu tagi um stjórnkerfið vítt og breitt.

Fyrir þess háttar störfum þingnefnda eins og hér er verið að leggja til eru margháttaðar fyrirmyndir. Lengst hefð fyrir nefndarstörfum af þessu tagi er í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þar er litið á þetta sem grundvallarmannréttindi og grundvallaraðferðir borgaranna til þess að ná fram rétti sínum. Þeir hafa samband við sína þm. í þingnefndum. Þar skiptir formennska í þingnefnd máli. Auðvitað eru erindin misjöfn, sum ekki ýkja merkileg, önnur merkilegri eins og gengur. Þarna er hafist handa um að rannsaka prinsipmál af ýmsu tagi. Það má aldrei gleymast að þjóðmál snúast um fleira en notkun eða misnotkun á peningum. Það þarf að leita svara við alls konar spurningum tengdum heilbrigðismálum eða hverjum öðrum mannanna málum.

Gagnrýnendur þessa máls sögðu þegar mælt var fyrir því fyrst 1978 að svörtustu blettir bandarískrar þingsögu væru í slíkum nefndarstörfum. Þá er átt við öldungadeildarþingmannin Joseph McCarthy frá Wisconsinríki upp úr árinu 1950. Þetta er auðvitað alveg rétt. Svartasti bletturinn í sögu ameríska lýðræðisins eru þær nefndaryfirheyrslur sem þá fóru fram, þegar æst var upp viðurstyggileg móðursýki í samfélaginu. Það er auðvitað það sem gerst getur í hverju lýðræðislegu samfélagi. Hinu má ekki gleyma, að mörg virðingarverðustu störf bandarískra lýðræðisins voru unnin á þennan hátt, eins og þegar hreinsað var til í verkalýðshreyfingunni undir forustu öldungadeildarþingmannsins Kefauvers. Þar er nefnt virðulegt svið mála í landi þar sem starfað var með þessum hætti. Ég segi enn og aftur: Auðvitað er það rétt að ekki var McCarthy-tíminn góður, en það er undantekning frá mjög almennri reglu um hvernig þetta fyrirkomulag hefur reynst bandarísku lýðræði.

Þetta eru, herra forseti, aðalatriði þessa máls. Vitaskuld er hér aðeins verið að leggja til breytingu á einni grein laga um þingsköp. Og það er beinlínis sagt í grg. að ýmis atriði séu óljós. Ég vísa á bls. 2, herra forseti, í grg. Þar segir:

„Nokkur atriði eru óljós um framkvæmd þessa frv. T. d. er ekki um það fjallað hvernig bregðast skuli við, ef einstaklingur gefur þingnefnd rangar upplýsingar að yfirlögðu ráði. Rétt þykir að reynsla skeri úr um það hvernig þessi lög verða framkvæmd, og verði þeim þá breytt eftir því sem reynslan segir til um."

Ég vil svo bæta því við að auðvitað eru mörg takmarkatilfelli, álitamál, hvort einstaklingur þarf að mæta. Það er auðvitað ljóst að opinberir starfsmenn þurfa að

gera það. Þeir sem starfa eftir einokunarlögum í viðskiptum vegna Íslenskra aðalverktaka eru dæmi um það. Það mundi vera sjálfgefið. En önnur dæmi þurfa ekki að vera sjálfgefin. Það er eitt af því sem reynslan yrði að skera úr um.

Ég geri ráð fyrir því að á mörgum stigum umræðna um stjórnarskrá séu mjög að opnast augu manna fyrir því að þessir hlutir verði að vera í betra lagi en þeir hafa verið. Það verði að auka eftirlitsvald þingnefnda, eins og það er kallað. Hugmyndin er, ef svo má segja, hægt og sígandi á sigurgöngu. En það leysir ekki, herra forseti, þann grundvallarvanda að hv. alþm., eins og allar aðrar manneskjur, eru auðvitað í opinberum efnum ófærir um að hafa eftirlit með sjálfum sér. Þessi mál, herra forseti, verða því ekki leyst fyrr en hinn algeru sundurslit framkvæmdavalds og löggjafarvalds, eins og hugsun stjórnarskrárinnar raunverulega gerir ráð fyrir, hafa átt sér stað. Þegar hv. alþm. hætta að hafa hagsmuni af hvort vextir eru háir eða lágir, þegar hv. alþm. hætta að hafa hagsmuni af því hvort virkjun rís hér eða þar, þegar hv. alþm. hætta að hafa beina hagsmuni af því hvort hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir eða Baldur Óskarsson talar um daginn eða veginn. Það er þetta sem verður að breytast. Þetta kemur hv. þm. ekki við og á ekki að koma þeim við.

Herra forseti. Ég hef rætt hér um ákveðnar breytingar á störfum Alþingis. Ég vil ekki fara í löngu máli út í víðtækari breytingar á stjórnarskrá sem lagðar hafa verið til. Menn þekkja þær og þær eru náskyldar þessum hugmyndum efnislega. Ég vil samt rifja upp að þetta frv. var flutt hér í fyrsta sinn þegar á fyrsta degi þingsins haustið 1978. Og þá sá maður hluti, sem maður satt að segja vissi ekki að til væru, þegar upp stóðu rammíhaldssamir þm. úr flokkakerfinu til svokallaðs hægri og vinstri og töluðu gegn þessu. Það var nokkuð kostuleg reynsla fyrir óreyndan manninn.

Mikill talsmaður gegn þessu máli, sem reyndi að gera gys að því á ýmsa vegu, var hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sem ég vil þó segja til mikillar virðingar að er parlamentaristi af gömlum skóla. Hann spurði og hló mikinn: „Eiga nefndir að hafa eftirlit með því hvort umferðarlögum sé fylgt?“ Af hverju á þingnefnd ekki að hafa eftirlit með því hvort umferðarlögum sé fylgt, ef það er til vandræða í þjóðfélaginu að þeim sé ekki fylgt? Ég sá aldrei neitt fyndið við það og sé ekki enn.

Þeir stóðu upp af hinum kantinum líka og töldu sig vera að verja þingræðið þegar þeir töluðu gegn þessu. Ég er nú þeirrar skoðunar, að ef eitthvert frv. hefur hér verið flutt til varnar raunverulegu þingræði, raunverulegu óspilltu þingræði, þá sé það þetta frv. En að þessu leytinu til, þá tókust á — maður á ekki að gera of mikið úr slíku en heldur ekki að líta fram hjá því — þá tókust á sjónarmið kynslóða í þessum efnum.

Helsti vandinn við okkar svokallaða þingræði — það er tæknilegt orð sem svífur svolítið í lausu lofti — er að það er of spillt. Og hvað er spillt þingræði? Það er það þegar menn hafa pólitíska hagsmuni af öðru en því að setja leikreglur og eru dæmdir eftir öðru en því hvernig leikreglur þeir setja. Þetta veit öll þjóðin að er gangur mála hér. Öll þjóðin veit að allstór hópur þm. vigtar þyngra sem bankaráðsmenn heldur en löggjafar, Framkvæmdastofnunarmenn heldur en löggjafar, Kröflunefndarmenn heldur en löggjafar. Og hvað er þá löggjöfin sjálf? Hún er aukaatriði. Löggjafarsamkoma, sem hefur löggjafarstörfin að aukaatriði, er auðvitað ekki löggjafarsamkoma. Hún er eitthvað allt annað.

Það er þetta, sem við höfum viljað snúa við. Ég neita þeim gömlu röksemdum, sem ég hef heyrt hér áður að verið sé að vinna þingræðinu tjón. Ég held þvert á móti að öll hugsun þessa máls sé í þágu raunverulegs og óspillts þingræðis.

Ég þakka fyrir, herra forseti.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég segi ekki á þessu stigi málsins mikið um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég get um margt verið sammála hv. flm., að þingsköp Alþingis þyrfti að endurskoða. Ég á hins vegar ekki auðvelt með að sjá að þessi lagabreyting eigi rétt á sér við óbreyttar aðstæður. Mér er alveg hulin ráðgáta hvers vegna þingnefnd á að hafa eftirlit með framkvæmd laga á meðan ráðherrar eru jafnframt þm. Ég hélt að það væri þá þeirra mál og þeirra verkefni að sjá um að viðkomandi lögum væri framfylgt.

Hér er talað um að menn eigi hagsmuna að gæta með setu í ráðum og nefndum og auðvitað geta þeir átt það. En þeir eiga það venjulega vegna alls kyns atvinnurekstrar sem þeir sjálfir reka með þingmennskunni. Hér sitja útgerðarmenn, innflytjendur og menn af öllu tagi, og það er þá kannske orðin spurning hvort menn eigi að vera í slíkum rekstri jafnframt þingsetu. Um þetta mætti segja margt. Ég held að þetta sé ekki nærri eins einfalt mál og hv. flm. vill vera láta.

En meginástæðan til þess að ég stóð hér upp er sú, að hér var verið að tala um þingnefndir sem eigi að fylgjast með framkvæmd hinna ýmsu laga. Þá vil ég leyfa mér að beina þeim orðum mínum til hæstv. forseta, að forsetar gefi nokkru nákvæmari gaum að á hvaða tillögu þeir fallast um tilvísun mála í nefndir. Eins og menn rekur minni til bar svo við hér á Alþingi um daginn við afgreiðslu þáltill. um nefnd til að rannsaka starfsemi Íslenskra aðalverktaka að þáltill. var vísað til utanrmn. Þótti mönnum það undarlegt mörgum.

Ég var ekki nógu fljót til áðan, þegar síðasta mál sem á dagskrá var og fjallar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, mál sem hv. 10. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti, var afgreitt. Þar er verið að fjalla um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Og án þess að blikna eða blána er lagt til að málinu sé vísað til hv. heilbr.- og trn. Mér er þá spurn: Á hv. heilbr.- og trn. að fylgjast með gangi mála í skattakerfi þjóðarinnar í framtíðinni?

Ég held að mál sé til komið að þm. mótmæli þessum ábyrgðarlausu samþykktum forseta um að hin ólíklegustu mál berist hinum ólíklegustu nefndum. Og ég verð að koma því á framfæri undir þessum lið, vegna þess að ég var ekki nógu fljót til að mótmæla þessu fyrir nokkrum mínútum sem formaður heilbr.- og trn. Ég vil koma þessu á framfæri til forseta þingsins og jafnframt í raun og veru spyrja, þrátt fyrir þá samþykkt sem hér var gerð, að þessu máli yrði vísað til hv. heilbr.- og trn., hvort þetta nær í raun og veru nokkurri átt og hvort ekki er hægt að fá þessu breytt. Við getum spurt sjálf okkur hvaða mál eigi þá ekki að koma til þeirrar nefndar.

En varðandi það frv. sem hér liggur fyrir, þá held ég að erfitt sé að fallast á það við óbreyttar aðstæður. Þetta frv. verkar á mig sem hluti af því frv. sem hv. flm. flutti hér sem væntanlegur þm. Bandalags jafnaðarmanna. Og þá gæti þetta fyrirkomulag átt rétt á sér. En meðan hæstv. ráðherrar sitja hér sem þm. á Alþingi, jafnframt því sem þeir stjórna ráðuneytum sínum, þá sýnist mér í fljótu bragði að það sé þeirra æruverðuga verkefni að rekast í

því, hvort lög séu framkvæmd, ekki síður en þingnefnda. En vitanlega eiga þm. rétt á því að skipaðar séu nefndir til að rannsaka hin ýmsu mál, komi það í ljós að þm. hafi grun um að lögum sé ekki framfylgt sem skyldi.

En til að gera langa sögu stutta vil ég beina þeim orðum mínum til forseta þingsins að þeir vandi nokkuð til ákvarðanatöku um tilvísun mála til nefnda.

Forseti (Alexander Stefánsson): Út af ummælum hv. þm. skal það tekið fram að venja hefur verið að hv. þm. óska eftir ákveðinni nefnd. Venjulega hefur verið talið óhætt að fara eftir því. En að sjálfsögðu er þetta rétt ábending og ég mun fyrir mitt leyti sem varaforseti taka hana til athugunar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Sjálfsagt eru um það skiptar skoðanir meðal þm. hversu mikil afskipti þeir sem einstaklingar eða sem hugsanlegir nm. í einhverri þingnefnd eiga að hafa af framkvæmd framkvæmdavaldsins. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé í raun og veru ekki vansalaust hvernig Alþingi hefur látið framkvæmdavaldið leika lausum hala að eigin frumkvæði, burtséð frá því hvað Alþingi sjálft með lagasetningu og tilgangi lagasetningar hefur ætlað. Og ég held að það sé nauðsynlegt að þm. almennt geri sér grein fyrir því að í raun og veru er ekki nægjanlegt að Alþingi setji bara löggjöf og láti svo lönd og leið hvernig með slíka löggjöf er farið.

Ég bendi t. d. á eitt dæmi, sem ég hef raunar áður gert hér og oftar en einu sinni. Hvað sem líður ákvörðun Alþingis, fjárveitingavaldsins, varðandi fjárlagasetningu fyrir ríkið, þá sé ég ekki betur en framkvæmdavaldið, og þar með ráðherrarnir kannske í broddi fylkingar, sé búið að setja upp önnur fjárlög við hliðina á hinum samþykktu fjárlögum Alþingis með aukafjárveitingum í hitt og þetta. Mér er ljóst að það getur verið nauðsynlegt. Það geta komið upp þau tilvik í þjóðfélaginu að nauðsynlegt sé að greiða fyrir slíku. En þetta er ekki orðin undantekning heldur er þetta að mínu viti orðin regla, ráðherrar hafa í raun og veru frítt spil um að veita aukafjárveitingar við hliðina á samþykktum fjárlögum Alþingis. Ég er þeirrar skoðunar, og ég segi það í framhaldi af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ekkert síður þurfi að veita hæstv. ráðherrum aðhald í þessum efnum en almennum óbreyttum þm., ekki síður. Því að mér sýnist þeir fara æði frjálslega með ákvarðanatöku í þessum efnum oft og einatt og stíga skref til hliðar við raunverulegar ákvarðanir Alþingis. Ég tel því ekki síður ástæðu til að hæstv. ráðherrar viti af því að Alþingi ætlast til þess af þeim sem forsvarsmönnum framkvæmdavaldsins að þeir fari að settum lögum, ákvörðunum Alþingis.

Sumir segja: Það er erfitt að draga línur í þessum efnum. Það má vera. Ég á ekki við að hv. 1. flm. og frsm. ætlist til neins tittlingaskíts í þessum efnum. Hér er verið að tala um hina stærri hluti sem ákvarðanir eru teknar um til hliðar við löggjafarvaldið. Ég hef a. m. k. skilið það svo og ég er því sammála, að full þörf sé á að fylgst sé með því hvernig þessum málum er háttað og hvaða ákvarðanir eru teknar hverju sinni af framkvæmdavaldinu. Það væri hægt að rifja upp, án þess að ég ætli að fara að gera það, ótal dæmi þess að reglugerðir, sem settar eru í kjölfar lagasetningar, reglugerðir settar af ráðherrum ganga þvert á löggjöfina sem Alþingi sjálft hefur sett um viðkomandi mál. Auðvitað er það ótækt af Alþingi að una slíkum ákvörðunum. Og það er auðvitað rétt sem hv. 1. flm. sagði hér áðan, það er eins með hv. alþm. og aðra, að þeir eru lítt til þess fallnir að hafa eftirlit með sjálfum sér. Það gefur auga leið, það á ekki síst við um ráðherrana.

Hv. 1. flm. og frsm. vék að því hér, að hann hefur verið talsmaður þess, að þm. væru almennt lítið í hinum ýmsu opinberu störfum. Þá hefur hann fyrst og fremst talað um þau tilvik þar sem útdeilt er fjármunum. Út af fyrir sig viðurkenni ég þá skoðun að vissu marki. En ég sé ekki að það þurfi endilega þar með að vera algert bannorð að þm. komi nálægt slíku, það er mjög fjarri minni hugsun í þeim efnum. Ég held að þm. séu almennt talað ekkert verr til þess fallnir en einstaklingar úr öðrum stéttum þjóðfélagsins. En að sjálfsögðu verða þeir að bera ábyrgð gerða sinna, eins og aðrir eiga að sjálfsögðu að gera, en um það er allt of lítið í okkar þjóðfélagi að einstaklingurinn beri ábyrgð á einu eða neinu. Almennt talað, ekkert sérlega að þingmönnum sneitt, almennt talað er orðið æði mikið um algert ábyrgðarleysi af hálfu einstaklingsins að því er varðar hina ýmsu þætti í þjóðmálastarfinu og lífinu.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði hér áðan sem dæmi: Bankaráðsmaður getur vigtað meira heldur en þm. Það má segja: Kennari getur vigtað meira heldur en þm. Og þá kemur spurningin: Er það eðlilegt — það er að mínu viti óeðlilegt — að einstaklingur, hvort sem er um þm. að ræða eða einhvern annan sem er ráðinn í starf eða kjörinn til starfa hjá ríkisvaldinu, sé í tvöföldu starfi, á tvöföldum launum hjá því opinbera? Mér finnst það óeðlilegt. Eigi að síður viðgengst það, að ég held, í æðimörgum tilvikum. Á það jafnt við um menn í kennarastétt og einhverjum öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Tilbrigðin eru ærið mörg um það hvernig þessi mál eru vaxin í okkar þjóðfélagi.

Út af því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan um að ráðherrar, sem eru jafnframt þm., eigi að sjá um að lögum sé framfylgt er þetta út af fyrir sig rétt hugsun. Það eiga þm. að gera líka. En staðreyndirnar í ótalmörgum og allt of mörgum tilvikum eru bara þær, að bæði ráðherrar og áhrifamiklir einstaklingar í þingmannastétt virðast hafa haft þá aðstöðu að geta tekið skref á svig við það sem löggjafinn hefur ætlað. Ótalmörg dæmi, allt of mörg eru um að það hefur verið gert, bæði af ráðh. og óbreyttum þm.

Ég skal ekki, herra forseti, fara miklu lengra út í umr. um þetta mál. Ég vildi samt koma á framfæri þeirri skoðun minni, sem ég hef sett fram hér oftar en einu sinni áður, að ég tel fulla þörf á að Alþingi fari að átta sig á því að það þarf vissulega ótalmargra ástæðna vegna að fylgjast betur með því hvernig framkvæmdavaldið í raun og veru fylgir eftir eða fer með þær ákvarðanir sem teknar eru hér á Alþingi.

Út af því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan um tillögur forseta varðandi vísan mála til nefnda, þá sá ég ekki betur en hv. þm. greiddi atkv. með þeirri till. sem hér var um fjallað. (**GHelg:** Ég sagði það.) En ég get tekið undir það að vissu leyti að mér finnst oft og tíðum að málum sé efnislega vísað til — það var nú orðað svo — vitlausrar nefndar. Það eru ótal dæmi þess. Auðvitað á það að vera hin almenna regla að það sé efni málsins sem ræður því til hvaða nefndar það fer. En mér sýnist í þessu tilfelli, sem varðar tannlækningar, að það sé nær því að vera réttlætanlegt heldur en margar aðrar ákvarðanir, sem hér hafa verið teknar um vísan mála til

nefnda, að slíkt mál fari í heilbr.- og trn. Þetta eru tannviðgerðir tannlækna, lækning. Um þetta má að sjálfsögðu deila. En ég hygg að oft hafi verið gengið meira á svig við að vísa máli efnislega til réttrar nefndar heldur en í þessu tilfelli.

Baldur Óskarsson: Herra forseti. Ég er einn af þeim mönnum sem tel að Alþingi ætti að taka upp í miklu ríkara mæli eftirlits- og rannsóknarstarf í þjóðlífinu, bæði með framkvæmdavaldinu og stofnunum í þjóðfélaginu, og þá ekki síður ýmsum stórfyrirtækjum sem eru hér starfandi í landinu. Ég er þess vegna fylgjandi þeirri hugsun sem fram kemur í þessu frv.

Ég held að við ættum aðeins að staldra við og átta okkur á því, að það eru ýmsar stofnanir í þjóðlífinu sem hafa á undanförnum árum þanist út eins og gorkúlur. Nægir í því sambandi að nefna bankana, Seðlabankann alveg sérstaklega, Framkvæmdastofnun og slíkar stofnanir. Það er hin fyllsta ástæða til að hafa eftirlit með slíku. Það er líka sjálfsagt að Alþingi hafi mun virkara eftirlit með ýmsum stórfyrirtækjum og hringum hér í landinu sem hafa einokunaraðstöðu á sínu sviði. Ég nefni fyrirtæki eins og Flugleiðir og Eimskip. Ég nefni Íslenska aðalverktaka o. s. frv. Og það er auðvitað sjálfsagt að þessar eftirlitsnefndir geti kallað fyrir sig stjórnendur þessara fyrirtækja og fylgst nákvæmlega með þeim rekstri sem þar fer fram. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að við gefum þessum fyrirtækjum ákaflega mikið vald, sérstaklega þeim sem eru með algera einokun á sínu starfssviði, og það er þess vegna nauðsynlegt að þjóðin fái að vita nákvæmlega hvað þar fer fram. Og vitanlega er enginn aðili betur til þess fallinn en Alþingi að hafa slíkt eftirlit með höndum. Ég er þess vegna fylgjandi þeirri hugsun sem fram kemur í þessu frv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þótti nú vanta í málflutning hv. 4. þm. Reykv. hvernig hann hygðist standa að framkvæmd þeirrar rannsóknar sem hann fór svo mörgum orðum um. Mér þótti í rauninni vanta grundvöllinn undir ræðu hans, hversu mikið þetta nýja kerfi, sem hann ætlar að koma upp, einhvers konar bandalag kerfisins, hversu mikið það muni kosta. Væri satt að segja fróðlegt að fá hugmyndir hans um það. Mér skilst að þessu nýja kerfi sé ætlað að fylgjast með fóstureyðingum, hvað þá heldur meir, eftir grg. frv. að ræða.

Við heyrðum á hv. 4. þm. Suðurl. að hann hugsar sér að þessar nýju rannsóknarnefndir taki ýmis einkafyrirtæki til rannsóknar og fjárreiður þeirra. Þá vaknar nú sá gamli draumur hvort hugsanlegt sé að þingnefndirnar gætu kannske tekið til athugunar jafnframt Alþb., Þjóðviljann og fjárreiður þess. Það hafa ýmsar getgátur verið uppi um að ýmis fjármálaleg tengsl liggi út fyrir landsteinana frá þeim stofnunum. Það er ekki úr vegi að athuga það. A. m. k. held ég að ég muni það rétt að Alþb. hefur ævinlega snúist öndvert við því ef talað hefur verið um að gera fjárreiður stjórnmálaflokkanna opinberar. Að því leyti er þetta innlegg því jákvætt, ef það mætti verða.

Skemmtilegt væri að fá upplýsingar um það hvað hv. 4. þm. Reykv. heldur að þetta kosti. Nú er það svo um hann, sem ekki á við um mig, að hann hefur í senn verið fulltrúi löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins. Hann var dómsmrh. og menntmrh. á sínum tíma og tók þá byrði á sig án þess að taka varamann inn á Alþingi í staðinn. Ég fæ þess vegna ekki séð að hann sé saklausari en aðrir í þessu efni. Og ef sú mikla hneykslan, sem hann lét í ljós hér áðan, á rétt á sér, þá má hann ekki gleyma því að um stutt skeið ævi sinnar var hann sami kerfiskarlinn og aðrir. Hann var í senn einn af æðstu handhöfum framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins.

Ég vil aðeins minna á þetta til að sýna fram á tvískinnunginn í málflutningi hv. þm. Hann er að reyna að slá keilur hér sí og æ með því að þykjast vera einhver siðferðispostuli, hátt hafinn yfir alla aðra menn. En þegar grannt er skoðað kemur í ljós að hann hefur dottið í sömu gryfjurnar og aðrir.

Baldur Óskarsson: Herra forseti. Það er náttúrlega alveg makalaust að upp skuli rísa hér einn af þm. Sjálfstfl. og fara að dylgja um að einhver fjárhagsleg tengsl séu milli Alþb. og væntanlega einhverra austantjaldsríkja og að Alþb. byggi sín hús og reki sitt blað fyrir peninga sem koma frá útlöndum. Það vita auðvitað allir menn að þetta er svo hlægileg ásökun og svo vitlaus, að það er undarlegt að jafn ágætur maður og hv. síðasti ræðumaður, Halldór Blöndal, skuli taka sér slík orð í munn. Og það er þeim mun merkilegra þegar vitað er að einmitt forustumenn í Sjálfstfl. hafa náið samband við hið útlenda vald og vilja vera í selsköpum ýmsum sem eru kennd ýmist við Bilderberg eða Atlantshafið. Hópar sjálfstæðismanna fara á ári hverju í boðsferðir til Atlantshafsbandalagsins og eru látnir sofa í herskipum til þess að sýna þeim dýrðina og heilaþvo þá. **(Gripið fram í:** Flugvélamóðurskipum.) Flugvélamóðurskipum? Nei.

Það er mjög ánægjulegt til þess að vita, að Alþb. hefur einmitt opnað brautina fyrir því að stjórnmálaflokkar starfi miklu opnar en áður tíðkaðist. Það sem við t. d. gerum er einfaldlega að birta á ári hverju okkar reikninga. Það geta allir skoðað þá. Við leggjum þá á ári hverju fyrir blaðamenn. Sama er gert með reikninga Þjóðviljans. Auðvitað er þarna ekki neitt að fela. Auðvitað sækjum við okkar fé ekki til annarra en okkar stuðningsmanna og þeirra sem í flokknum eru. Ég vísa því þessum dylgjum til föðurhúsanna.

Auðvitað væri það guðvelkomið jafnt fyrir þingnefnd og fyrir Halldór Blöndal eða hvern sem er að fá að kynna sér nákvæmlega hvernig fjárreiðum Alþb. er háttað. Þar er ekkert að fela og það er sjálfsagt að almenningur fái um það vitneskju hvernig stjórnmálaflokkar eru reknir. Ég teldi að það ættu að vera lög í landinu að þeim væri gert skylt að birta reikninga sína.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Það var afleit þingræða og út í hött sem hv. 7. landsk. þm. flutti hér áðan. Við því er sennilega ekki nema eitt að gera. Það er að boða ættarmót í Engey þar sem piltinum verður uppálagt að flytja betri þingræður en þá sem hér var flutt. Og af hverju var hún svona slæm? Fjárreiður Þjóðviljans koma þessu máli nákvæmlega ekkert við. En þetta er pólitíkin sem hæstv. ráðh. Svavar Gestsson og hv. þm. Geir Hallgrímsson biðja um. Öll mál lenda í þessu karpi þeirra. Einu sinni bað Nóbelsskáld um hærra plan í sjónvarpsþætti og ekki að ástæðulausu. Það var nákvæmlega svona umr. Þetta rugl sem hv. 7. landsk. flutti við þessa umr. kemur efni málsins ekkert við. Það er náttúrlega honum til skammar og þinginu þess utan.

Grundvallaratriðið sem hér er verið að leggja til er þetta: Vextir, til að taka dæmi, eru háðir lögum. Það er ákvörðun um lög hvort vextir t. d. fylgi verðbólgu. Það ákveðum við hér. Alþingi getur framselt marghátt að vald. Sumt er skuldbundið í stjórnarskrá að framselja. Þá á ég við t. d. ákvörðun um það hvort er rétt eða rangt að taka eignir annarra eða taka annarra líf. Slíkar ákvarðanir eru framseldar til þess sem við köllum dómskerfi. Og ég veit ekki til að það sé nokkur óeining í samfélaginu um það.

Árið 1961 var ákveðið í lögum, í 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, að vaxtaákvörðunarvaldið skyldi framselt. Það er alveg sama hugsunin, vegna þess að hv. alþm. ættu of mikla hagsmuni af því að vera að ákveða þetta sjálfir. Það fór fram valdaafsal með vilja Alþingis. Alþingi getur hvenær sem er tekið þetta vald aftur. En það hefur ekki gert það. Þetta verða menn að skilja.

En kjarni málsins er sá að það er gersamlega óeðlilegt að sömu aðilar og eiga að setja leikreglur um t. d. vexti hafi beina hagsmuni af setu sinni í nefndum og ráðum þar sem peningar eru lánaðir. Því að vitaskuld er sá maður ófær um að setja almennar leikreglur um hluti eins og vexti sem sjálfur er að lána þessa sömu fjármuni til vildarvina sinna t. d. Það er þetta sem átt er við. Það er þarna sem á að skilja á milli. Annaðhvort er aðilinn í því að setja almennu leikreglurnar eða hann er í því að lána hin sértæku lán. En hann má ekki vera sami maðurinn. Það er það sem gengur ekki upp. Það er það sem hefur farið svo illa með þetta samfélag.

Ég tek vextina sem dæmi því að það er málasvið sem ég þekki nokkuð. En við getum farið yfir málasviðin víð og breið. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Vitaskuld eru það réttar ábendingar hjá hv. 8. landsk. þm. að segja má, alveg eins og sagt er í grg. með þessu frv., að margt er óljóst um framkvæmd þess. Mér er það líka ljóst að þetta er kannske svo stórt mál líka vegna þess hve lagahefðin í landinu er veik, hvað lög eru mikið brotin, hvað lítið er farið eftir þeim hvenær sem valdinu þykir þörf fyrir slíkt.

Grundvallarbreyting af þessu tagi er kannske nauðsynleg sem brtt. við stjórnarskrá, sem við vitum að er lög yfir lögum, enda hefur slíkt verið lagt til hér á öðru þskj. eins og nefnt var. Þetta er auðvitað tilraunastarfsemi og við segjum það beinlínis í grg.

Segjum t. d. að hv. alþm. fái um það upplýsingar að tiltekinn maður, sem rekur fyrirtæki, hafi brotið tilteknar leikreglur og það séu leikreglur sem séu háðar lögum, einokunarlögum, einhverjum lögum. Þá kallar þingnefnd slíkan mann fyrir sig og hann segir nei. Hvað gerist? Við vitum það ekki. Fyrir þessu eru langtíma hefðir erlendis, en við eigum engar slíkar hefðir hér því að lagakerfið er meira og minna handónýtt. Það er auðvitað þetta sem er vandinn.

Vitaskuld þarf miklu róttækari breytingar víðs vegar í kerfinu heldur en lagt er til í þessu frv. Ég skal fyrstur manna viðurkenna það. En ég verð að segja það sem einn af þeim 60, sem þessa samkomu skipa að þessu sinni, að mér hefur alltaf fundist svolítið blöskranlegt — og hef þó eflaust gert slíkt sjálfur einhvern tíma, ég man það ekki — þegar alþm. flytja þáltill. sem fela í sér að Alþingi felur ríkisstj. að semja lög um hitt og þetta. Hvers vegna í ósköpunum flytja mennirnir ekki lagafrv. sjálfir? Það er Alþingi sem semur lögin, hinir eiga að framkvæma þau. Sjá menn ekki hvað kerfið er ruglingslegt? Og af hverju ekki? Jú, hér eru lög meira að segja síðan 1928 um lagaráðgjöf til handa Alþingi. Það má starfa þriggja manna nefnd lögfræðinga, ég man ekki hvað hún heitir nákvæmlega. Því hefur aldrei verið framfylgt, aldrei neinn áhugi á því. Og hvernig eiga menn í Kröflunefndum, bankaráði Útvangsbankans, bankaráði Búnaðarbankans, útvarpsráði að hafa áhuga á því að semja lagafrv.? Enda hafa þeir það ekki. Hafa þeir áhuga á því að hafa eftirlit með lagafrv.? Þeir hafa það ekki. Það er þetta. Svo eru menn steinhissa á því að Alþingi sé í lágum metum. Ég er ekki hissa á því. Mér finnst það ofur eðlilegt, rétt hjá þjóðinni, alveg hárrétt hjá þjóðinni.

Það er þetta sem er kjarni málsins. Annað hvert lagafrv. endar á því að ríkisstj. eigi að semja reglugerð um 2/3 af því sem lögin eiga að taka til. Það er bara slappleiki kerfisins, bara láta ríkisstj. um þetta. Reglugerðir hér eru í raun og veru orðinn annar eins lagabálkur og lögin í landinu. Það er bara slappleiki. Það er þetta sem er mjög veigamikill kjarni málsins, að menn sitja í útvarpsráði og rífast um hver eigi að tala um daginn og veginn eða í bankaráðum og rífast um hvort hitt eða þetta fyrirtækið eigi að fá hitt eða þetta að láni, þeir sem eiga að vera að setja almennu leikreglurnar og hafa eftirlit með þeim.

Það sem þó var samkv. eðli málsins rétt spurt hjá hv. 7. landsk. þm. var þegar hann spurði: Hvað á þetta að kosta? Þetta hefur hann náttúrlega spurt um af því að hann hefur ekki hlustað á framsöguræðuna sem hér var flutt áðan. En ég skal með mikilli ánægju endurtaka það.

Vitaskuld mun þetta kosta nokkra fjármuni. Í fyrsta lagi vegna þess að þingnefndir hljóta að hafa starfslið, sérfrótt starfslið. Þess vegna hljóta þær að hafa réttindi til þess að kaupa sér upplýsingar frá sérfróðu fólki. Því að það er það sem hér stendur á. Menn hafa ekki aðgang að upplýsingum nema í gegnum kunningja sína, gömul skólasystkin, eitthvað slíkt. Þetta vita allir hv. alþm. Auðvitað kostar þetta einhverja peninga. En mín sannfæring og mín trú stendur til þess að það muni sparast margfalt með þeim sparnaði sem leiðir af að almennum og réttum leikreglum sé fylgt í landinu, sem nái jafnt yfir alla, svokallaða háa og svokallaða lága. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Vitaskuld er það rétt hjá hv. 7. landsk. að þetta kostar eitthvað talsvert. Ég veit ekki nákvæmlega hvað það muni kosta. Ég veit ekki nákvæmlega hvort slíkt á að vera í lögunum eða hvort það á að vera t. d. á valdi forseta að ákveða. Þetta eru óræddir hlutir. Það segir hér mjög greinilega að það er hugsunin í þessu sem mestu máli skiptir. Nokkur atriði eru óljós um framkvæmd þessa frv. Þau eru allnokkur. Það er aldeilis hárrétt athugað. Það fer eftir því hvað Alþingi tekur þetta hlutverk sitt alvarlega hvort hv. alþm. verður í löngum bunum rutt út úr framkvæmdavaldinu sem auðvitað ætti að gera. Eitthvað vilja þeir gera við tímann sinn, mennirnir og konurnar. Bara með þeirri aðgerð einni mundi allveruleg breyting eiga sér stað.

Hv. 7. landsk. þm. greip til gríns og gamansemi um það að í þá fáu mánuði sem ég sat í rn. hafi ég fylgt þeim leikreglum sem allir aðrir fylgdu. Kannske voru það mistök að gera það. Það getur vel verið. En við fórum samt svona að.

Ég vek athygli á því að í 92. þingmálinu hér, till. til þál. um gerð frv. til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds, er lagt til að verði menn ráðherrar — skilnaðurinn verði svo alger — þá kalli þeir inn varamenn sína. Og ég vil þó segja að þetta

sé kannske það lítilvægasta af því sem þar er lagt til. En það er best að hafa þetta hreint úr því að við erum að þessu.

Hv. alþm. hafa farið vítt og breitt. En ég bið hv. alþm., sem á mál mitt hlýða, bara að hugsa um allan þáltill.-bunkann sem er fluttur, þar sem alþm. eru að skora á ríkisstj. að semja og flytja lagafrv. um hitt og þetta, frv. sem þeir hefðu átt að semja sjálfir, og velta fyrir sér: Af hverju er þetta svona? Hvaða lekandi slappleiki í kerfinu er það sem þessu veldur?

Vitaskuld er málið það að þetta fólk er að vinna allt aðra vinnu en það á að vera að vinna. Það vantar ráðgjöf, það vantar baksviðið allt sem að baki löggjafarstarfi á að búa. Við vitum að þetta er vandinn. Þess utan er verið að leggja til ekki aðeins að löggjöfin sjálf sé í lagi, sé hrein og klár, heldur að eftirlitið með löggjöfinni sé aukið. Það verður svo að ráðast — og ég vil alveg taka undir það með hv. þm. Karvel Pálmasyni að mín hugsun er sú, að þetta sé fyrst og fremst á hinum stóru, víðu sviðum. En hafi einhverjir hv. þm., sem til þess eru kosnir, áhuga á einhverjum svokölluðum smámálum, sem auðvitað eru þá ekki smámál fyrir þá eða þeirra umbjóðendur, þá er það aldeilis þeirra réttur. Gerið þið svo vel. Því að hver maður er í sínum fulla rétti til þess að meta hvað eru smámál og hvað stór.

Þegar verið er að tala um þennan aðskilnað, þá held ég að dæmið um vextina annars vegar og úthlutun lánsfjár hins vegar skýri til hlítar hvað við er átt. Hversu ósæmilegt það er að það sé á sömu hendi að setja annars vegar almennar leikreglur og hins vegar að eiga að fara eftir þessum leikreglum í meðferð almannafjár. Það er þess vegna — og ekki af neinum persónulegum ástæðum — sem mér hefur orðið svo tíðrætt um setu hv. alþm. í bankaráðum, sem ég er mjög andvígur. Það er af þessum ástæðum, sem stofnun eins og Framkvæmdastofnun ríkisins er slíkt eitur í mínum beinum sem hún er. Af því að hún er svo spillt, hún er svo forspillt. Og það er af þessum ástæðum sem mér finnst ekki að hv. alþm. eigi að vera með fingurna í framkvæmd einstakra menningarmála. Þeir eiga að setja almenn lög um menntamál í landinu. Það fer ekki saman. Öll hugsun þessa máls gengur út á það.

Hv. þm. Baldur Óskarsson bætti hér við fullkomlega réttilega hlutum eins og þeim, að eftirlitsvald gæti náð til reksturs fyrirtækja. Það má bæta við hans dæmi, sem voru góð, að hér í landinu er ekki auðhringalöggjöf. Auðhringalöggjöf annars staðar gengur út á þá einföldu hluti að ekki megi færa fjármagn í sama fyrirtækinu milli mismunandi deilda til þess að niðurgreiða verðmæti og drepa samkeppni og annað slíkt. Svona lög, ég nefni bara amerísku lögin, væru þverbrotin hér í raun af fyrirtækjum. Allt slíkt á auðvitað að koma til kasta Alþingis sem eftirlitsvalds. Það er alveg laukrétt. Það er öll hugsunin í þessum málum eins og við vitum af umræðum um þau mörg næstliðin þing.

Hér er um að ræða heljarmikið prinsipmál. Ég vil þó taka undir þá gagnrýni, sem fram hefur komið, að vera má að vegna þess hvað lagahefðin í landinu er veik, lögin eru þverbrotin af valdakerfi hvenær sem því sýnist, þá getur vel verið að það dugi ekkert. Og hafi ég skilið hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur rétt var það það sem hún var að segja. Og þetta er rétt. Það getur vel verið að breytingin þurfi að vera praktískari og róttækari til þess að hún nái fram. Hér er verið að kynna hugsun, sem ég tel vera eitt af lykilatriðum í því, að þrátt fyrir góðæri og að mörgu leyti góðar ytri aðstæður, þá er stjórnkerfið og hið ytra efnahagslíf í rúst. Af einhverjum ástæðum er þetta. Ég held að þetta sé ein af þeim.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er orðið ósköp leiðigjarnt að dag eftir dag, fund eftir fund, kemur hv. 4. þm. Reykv. hér upp og ber menn og stofnanir þungum sökum, án þess að þurfa nokkru sinni að færa orðum sínum nokkurn stað eða sönnun. Nú í lok ræðu sinnar talaði hann um hina forspilltu Framkvæmdastofnun. Við getum verið sammála um að það eigi að leggja niður Framkvæmdastofnunina. En ég hef ekki sem þm. og ekki heldur sem borgari orðið var við þessa forspillingu. Ef þar er einhver forspilling, þá á það náttúrlega að heyra undir lög. Og þá ber þm. skylda til að benda á þessa forspillingu. Ekki bara fullyrða að stofnunin og þá kannske einstaklingar innan hennar og framkvæmdastjóri — sem er einn af mínum samþm. sem er fjarstaddur — hann sé forspilltur. Það hef ég ekki orðið var við í samskiptum við hann. (**VG:** Hefur þú skoðað ársskýrsluna?) Nú vildi ég gjarnan að virðulegur þm. gerði sama og ég þegar hann talar og gripi ekki fram í.

Hv. þm. talar um að lög séu brotin af valdhöfum. Það út af fyrir sig varðar við lög. Þá er bara að koma með það hvaða lög eru brotin. Hvað á hv. þm. við? Hann segir hér að alþm. sitji í bankaráðum og ákveði vextina. Orðrétt skrifaði ég þetta niður vegna þess að ég er bankaráðsmaður sjálfur, kosinn sem trúnaðarmaður Alþingis. Ég er búinn að vera tvö ár sem slíkur í bankaráði Útvegsbanka Íslands, en ég hef aldrei haft neitt með vaxtaákvörðun að gera.

Hv. þm. talar um að menn skammist sín fyrir að sitja í bankaráðum. Af hverju ættu þeir að skammast sín fyrir það? Ég skammast mín ekkert fyrir það að vera trúnaðarmaður Alþingis í bankaráði Útvegsbanka Íslands. Og ef það er eitthvað sem hv. þm. veit um að ég eigi að skammast mín fyrir, eða aðrir bankaráðsmenn kjörnir af Alþingi, ef þeir eiga að skammast sín fyrir bankaráðssetu, þá verð ég beinlínis að óska eftir því við forseta þessarar hv. deildar að hann beiti sér fyrir því að þessi ummæli hv. 4. þm. Reykv. verði könnuð. Og ég ítreka það. Ég óska eftir að þessi hv. þd., sem ég tilheyri og er kjörinn til að sitja í, kanni þessi ummæli hv. 4. þm. Reykv.

Ég verð að taka undir margt af því sem hefur komið hér fram í framsögu fyrir því frv. sem liggur hér fyrir til afgreiðslu og umr. Ég er á margan hátt sammála því. En ég skil ekki hvað hv. þm. á við þegar hann segir að bankaráðsmenn, og aðrir þeir sem hann tíndi til og talaði um, sem væru trúnaðarmenn kjörnir af Alþingi hingað og þangað, þeir missi áhuga fyrir lagasetningu. Menn missi áhuga fyrir því að vera þm. bara vegna þess að þeir verða trúnaðarmenn Alþingis einhvers staðar úti í þessu vonda kerfi, sem hv. þm. hyggst brjóta niður og ber saman á andstyggilegasta hátt við einhverja spennitreyju.

Ég hlustaði á hv. þm. flytja hér útvarps- og sjónvarpsræðu í gær sem var ákaflega vel orðuð og skörulega flutt. En mér fannst hann tala eins og útlagi á flótta frá einhverju valdakerfi, sem setti hann í þvílíka spennitreyju að helst mætti líkja við þau lönd þar sem byltingarástand ríkir. Furðulegur má sá málflutningur kallast í einu frjálsasta lýðveldi veraldarinnar, að maðurinn skuli finna sig í þessari spennitreyju og koma svo í þennan hv. ræðustól og ætla bara að slá til hægri og vinstri, líklega í

von um að hann gangi svo fram af fólki að enginn svari honum, og spilla kannske þannig fyrir ágætum málum sem hann er að tala fyrir.

En til upplýsinga fyrir hv. 4. þm. Reykv., þá hef ég sem bankaráðsmaður aldrei rætt í bankaráði um eitt einasta útlán úr bankanum. Bankaráðsmenn sitja alls ekki og ræða útlán til hinna og þessara fyrirtækja og einstaklinga. Það gerist ekki. Hv. þm. talar af algerri vanþekkingu um það sem hann er að fullyrða.

Ég er alveg sammála því ágæta Nóbelsskáldi sem vitnað var til í sjónvarpsumræðum. Hann bað um að umræðurnar yrðu færðar á hærra plan en þá var iðkað. Ég reikna með að hinn virðulegi þm. óski þá líka að umr. hér á Alþingi um þetta mál verði færðar á hærra plan. Ég bið hann þess vegna að hjálpa til og gera með því máli sínu gagn eða þessu frv. sem hann talar fyrir, því að hann talar þar sem 1. flm. fyrir sín ágætu fyrrv. flokkssystkin. En í sambandi við þá síðanefnd sem hér á að setja á laggirnar getur vel verið að í nefnd kæmi viðbótartillaga um að hún næði þá yfir framkomu og hegðan og málflutning alþm. líka. Það er ekki vanþörf á því.

Hv. þm. vitnaði í að Alþingi hefði afsalað sér ákvörðunarrétti um vexti í hendur Seðlabanka Íslands. Það er alveg rétt. Samkv. 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands á Seðlabankinn að ákveða vexti fyrir innlánsstofnanir. Og í þessari 13. gr. er vitnað til 10. gr. þar sem taldar eru upp þær stofnanir sem Seðlabanki Íslands á að ákveða vexti fyrir. En það er ekki sagt í þessum lögum að Seðlabanki Íslands eigi að ákveða sína eigin vexti, enda hlýtur það að tilheyra því siðleysi sem hv. þm. er að tala um, að menn eigi ekki — eða stofnanir að ákveða slíkt fyrir sjálfa sig. Ég tek því undir þetta frv. Sem bankaráðsformaður í Útvegsbanka Íslands hefði ég gjarnan viljað áfrýja til slíkrar þingnefndar þeirri ákvörðun að viðskiptabankarnir — jafnvel þó þeir eigi meira inni en yfirdrætti nemur í Seðlabankanum og viðskiptareikning í Samvinnubankanum — þurfi að borga mörgum sinnum hærri vexti og meiri vaxtamun heldur en er á hinum almenna vaxtamarkaði. Ég hefði viljað láta þingnefnd rannsaka réttmæti Seðlabankans til þess að ákveða sína eigin vexti. Og eftir þau ummæli sem hér hafa komið fram um bankaráðsmenn hefði ég beðið slíka nefnd um að kanna minn feril sem fulltrúa Alþingis í bankaráði Útvegsbankans.

Ég legg eindregið til að þessu frv., sem hv. 4. þm. Reykv. er 1. flm. að, verði vel tekið og það kannað hvort þarna er ekki einmitt lausn á ýmsum vanda í þjóðfélaginu. Ég skal svo sannarlega ekki liggja á mínu liði í stuðningi við það. En ég vil biðja hv. 1. flm. um að blanda ekki persónum eða óviðkomandi rökum eða málflutningi inn í þetta annars ágæta frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hefur nú orðið eins og oft vill verða, að ýmislegt hefur blandast inn í umr. um þetta mál, sem í raun og veru tilheyrir því ekki sérstaklega, og er að sjálfsögðu ekkert við því að segja. En það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. 1. flm. og frsm. kom hér inn á í sinni síðari ræðu.

Ég get út af fyrir sig og að nokkru leyti fallist á þá skoðun hans, að það sé í raun og veru allt of mikið af því að fluttar séu hér þáltill. þar sem — ja, það skiptir ekki máli í mínum huga hvort ríkisstj. er falið að semja lagafrv. um þetta eða hitt eða einhverjum öðrum í þjóðfélaginu. Hv. þm. rökstuddi þetta með því að Alþingi væri orðið það slappt eða þm. almennt að þeir fælu einhverjum öðrum þessa meðferð mála, semdu ekki frv. sjálfir. Nú finnst mér þetta koma úr hörðustu átt, ég verð að segja eins og er, því að fyrsta mál þessa hv. þm., sem nú hefur sagt skilið við varðhundavaldið, eins og hann orðaði það oft hér í gær, fyrsta málið sem hann flytur sem væntanlegur þm. — segir hér í grg. — Bandalags jafnaðarmanna er í þáltill.-formi. Og um hvað? Um að fela stjórnarskrárnefndinni, sem hann úthúðaði hvað mest hér í gær í umr. sem afskaplega lélegum þjónustuaðila í því starfi sem hún átti að sinna, fela henni að semja frv. um þetta. Þáltill., 1. mál væntanlegs þm. Bandalags jafnaðarmanna er í þessum dúr. Ég ítreka það hér með að ég tek tillit til þess sem hv. skrifari sagði, hv. væntanlegs þm. Bandalags jafnaðarmanna.

Þetta er kannske útúrdúr, en mér finnst þetta ekki alls kostar í þeim dúr sem þessi hv. þm. hefur talað áður. Mér finnst gæta hér ósamræmis í málflutningi. Kannske virðir þetta mér einhver til vorkunnar. Þá er að taka því. En þetta er ekki að mér finnst í samhengi við það sem hv. þm. er annars að aðhafast frá degi til dags. Þetta skiptir engu meginmáli. Eins og ég sagði áðan get ég að nokkru leyti fallist á að það er allt of mikið gert að því hjá hv. þm. að fela öðrum í raun og veru það ákvörðunarvald sem þeir eiga að hafa sjálfir í sínum höndum. Það væri nær að gera gangskör að því að ná aftur til Alþingis því valdi sem það hefur afsalað sér til ýmissa aðila, því að auðvitað á Alþingi að hafa það vald og þá að sjálfsögðu að bera ábyrgð og standa skil gerða sinna, hvernig það fer með slíkt vald.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég veit ekki hvort það eru stjórnmálasamtök, sem enn eru ekki til, sem valda þessu hugarangri hjá hv. 3. þm. Reykv. En það er augljóst að hugarangur þjakar hann í ræðu sinni í dag. Hann sagði í tveimur setningum af hverjum þremur að ég hefði þetta og ég hefði hitt, ég þar og ég hér. Hann nefndi að ég hefði sagt að Framkvæmdastofnunin væri forspillt, vextir í Byggðasjóði 29%, verðbólgan nálægt 70%.

Í myndum af lánum í síðustu ársskýrslu eru langstærstu litareitirnir þaðan sem þm. í stjórninni sitja. Og þá eru kommissararnir inni líka. Ég þarf ekki að segja meir.

Ég sagði að lög væru brotin af stjórnvöldum. Ég á við lög um verðtryggingarmál. Ég hef margsagt þetta áður. Þetta veit allt þingið. Hvað eru menn að tala um? Hæstv. ráðh. Svavar Gestsson stóð hér í ræðustól um daginn og sagði: Við erum að hugsa um að fara að breyta lögunum um Seðlabankann. En þeir fara ekki eftir þeim. Þetta eru lögin. Hvernig á maðurinn á götunni að hlýða lögum um hitt og þetta, eignarrétt t. d., þegar ríkisstjórn hegðar sér svona? Þetta eru lög, 33. gr. svokallaðra Ólafslaga.

Hv. þm. sagði að ég hefði sagt að bankaráðsmenn ákveði vexti. Hv. þm. er bara ruglaður og hissa. Ég sagði það aldrei. Það sem ég sagði var það að hinar almennu leikreglur um lánskjör eru ákveðnar af Alþingi, af alþm. þegar þeir sitja í þinghúsinu sem löggjafar. En svo eru sömu menn að lána út sértæk lán eftir sömu lögum. Það er þetta sem er kjarni málsins og þessar væmnu athugasemdir eins og sérstakur trúnaðarmaður Alþingis hér og þar, ég veit ekki hvað menn meina með slíkri lágkúru.

Ég vil aðeins geta þess vegna athugasemdar hv. þm. Karvels Pálmasonar að í dag er starfandi á launum frá Alþingi svokölluð stjórnarskrárnefnd. Hún er þessa dagana að vinna lagastörf. Hún hefur launaðan ráðgjafa, Gunnar G. Schram, sem er að vinna lagavinnu.

Þetta er sama hugmyndin og í lögunum frá 1928 um lagaráðgjöf til handa Alþingi. Og væntanlega er það ekki óeðlilegt heldur hinn rétti gangur mála, að markaðri stefnu sé skilað til þessa vinnuhóps sem síðan er látinn vinna málið. Við þessar aðstæður eru það auðvitað að minni hyggju afar nákvæm vinnubrögð.

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. bar það á mig að ég hefði verið með í umfjöllun um valdakerfismálin órökstuddar dylgjur. Það segir hann alltaf og ævinlega. Ég hef nú rökstutt að það eru ekki dylgjur heldur sannleikur. Og á því er grundvallarmismunur.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það vill oft verða svo, þegar mönnum er mikið niðri fyrir, að menn ræða langt út fyrir efnisþætti frv. sem á að ræða. Svo hefur farið nú.

Raunverulega stendur hér í fyrstu setningunni hvað átti að ræða um: „Þingnefndir skulu fylgjast með framkvæmd laga." Í því efni átti að auka nokkuð rétt þingnefnda og e. t. v. í leiðinni, sem fram kom í framsögu, möguleika þm. til að afla sér upplýsinga um hitt og þetta sem er að ske í þjóðfélaginu.

Mig rekur minni til þess, að æ ofan í æ fengum við á borð þm. ríkisreikning og síðan fjáraukalög. Umræða um þessa þætti löggjafans og fjárveitingavaldsins var mjög lítil. Þegar ég átti sæti í nokkur ár í fjárveitinganefnd reyndist oft mjög erfitt að fá nokkrar rökstuddar upplýsingar um hvers vegna ríkisreikningar fóru langt fram úr fjárlögum. Efni þessa frv. er einmitt sígilt dæmi um aðferð til að gefa þingnefndum og alþm. möguleika og sanngjarnan rétt til að krefjast fullrar og eðlilegrar skýringar á þessu. Hér birtist ár eftir ár þáttur sem heitir Samþykkt að fjáraukalögum fyrir gífurlegum upphæðum.

Við sem höfum verið í fjárveitinganefnd vitum það að við höfum ekki getað sinnt bráðnauðsynlegum málum, smámálum fyrir heilbrigða og góða starfsemi í þjóðfélaginu. En svo sjáum við eftir eitt eða tvö ár milljóna króna umframeyðslu sem enginn fær heilbrigða skýringu á. Þetta gengur ekki.

Efni þessa frv. átti að veita aukið aðhald í þjóðfélaginu fyrst og fremst. Það vantar víða aga. Og það er kannske númer eitt að agi sé bæði hér á hv. þm. ýmsum og einnig úti í þjóðfélaginu á þeim mönnum sem er falið það mikla vald að sjá um framkvæmd laga og ráðstöfun fjármuna, sem hörð barátta á sér stað um hér á Alþingi að tryggja. Við vitum að í verðþensluþjóðfélaginu er þetta mikið vandamál og það er eðlilegt að við höfum nokkurt aðhald. Ég skildi þetta frv. þannig að það ætti að auka möguleika á slíku aðhaldi, en ekki fara óralangt út fyrir það í vangaveltum, í heimspekilegum hugleiðingum. Til þess eru almennar útvarpsumræður eða pólitískar umræður hér á Alþingi.

Það er sjálfsagt nauðsynlegur agi að gefa bæði þm. og þingnefndum möguleika á því að tryggja sér aukið upplýsingastreymi og einnig, sem fram hefur komið, að eiga kost á ráðgjöf um samningu frv. Það er auðvitað barnaskapur að halda því fram að allir geti samið gallalaust frv. þó menn hafi valist hér inn á Alþingi. Það er alveg vonlaust. Efnislega get ég því stutt þetta frv. eins og það liggur fyrir, a. m. k. að mesti leyti. Óþarfi er að blanda hér ótal öðrum þáttum inn í þessar umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Frv. það til l., sem hér liggur fyrir, um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis og um aukin verkefni og valdsvið þingnefnda er flutt af mörgum núverandi þm. Alþfl. og einum fyrrverandi. Ég er einn af flm. og það þarf ekki að taka það fram að mér þykir þetta gott mál og ég styð það eindregið. Sjálfsagt hefur fyrr í þessum umr. verið gerð rækileg grein fyrir hinum almennu rökum sem mæla með frv., svo ég hirði ekki um að endurtaka það. Oft hefur verið haft á orði að þessi hugmynd, um aukið vald og verkefni þingnefnda, taki nokkurt mið af vinnubrögðum í bandaríska þinginu, en sem kunnugt er hafa þingnefndir þar í landi oft og tíðum látið mjög að sér kveða við verkefni eins og eftirlit með framkvæmd laga og rannsókn á málum sem upp koma við framkvæmd lagasetningar, eins og dæmi eru nefnd um í grg., og það teldi ég mjög þarft.

Í till. til þál., sem flutt er af sama flm., skal Alþingi ályktа að fela stjórnarskrárnefnd nú þegar að gera frv. til nýrra stjórnarskipunarlega, sem feli í sér meginhugmyndir svokallaðs fransks kerfis. Vil ég sem meðlimur í þeirri virðulegu nefnd þakka það traust sem 1. og eini flm. þáltill. greinilega ber til þeirrar ágætu nefndar. Þetta tvennt tengist að því leyti saman að innan stjórnarskrárnefndar hefur auðvitað mikið verið fjallað um störf Alþingis og verkefni þingnefnda. Í erindisbréfi stjórnarskrárnefndar er m. a. tekið fram að hún eigi að fjalla um og skila áliti á hugsanlegum breytingum á þingsköpum og starfsháttum Alþingis, en þetta tvennt er alveg óaðskiljanlegt.

Ef menn gera ráð fyrir svo veigamikilli breytingu á starfsemi þings sem sameining þess í eina málstofu óneitanlega er, þá leiðir af sjálfu sér að það verður að endurskoða margt annað í starfsháttum þingsins. Það hefur komið fram í umr. í stjórnarskrárnefnd að fylgi við hugmyndina um eina málstofu er beinlínis bundið því skilyrði, að um leið verði veigamiklar breytingar gerðar á starfsháttum þingsins. Þar nefna menn til bæði þingsköpin sjálf og þær venjur sem hér hafa skapast um almennar umr. á Alþingi, í annan stað verkefni og valdsvið þingnefnda og í þriðja lagi starfsaðstöðu þm. til að sinna sínu starfi. Er þá einkum og sér í lagi átt við að þeirra meginverkefni sé löggjafarstarf og þá þurfi þingið að gefa þeim kost á, ef þingið vill leggja áherslu á sjálfstæði sitt frammi fyrir framkvæmdarvaldinu og hinu svokallaða sérfræðingaveldi, að leita einhverrar sérfræðiaðstoðar, ekki endilega bara á lögfræðisviði heldur ýmsum öðrum sérsviðum, við undirbúning lagasetningar og þá eins við það verkefni sitt, ef þingnefndum verður falið það í auknum mæli, að fylgjast með framkvæmd laga, eins og dæmi eru nefnd um hér í grg.

Einn þáttur í þessu máli er líka starfstími þingsins. Menn hafa oft rætt hér um það fornaldarfyrirbæri að í stjórnarskrá ríkisins skuli vera ákvæði um heimild framkvæmdarvaldsins til lagasetningar. Þar er átt við heimildina til þess að setja brbl. Nýlega hafa verið nefnd dæmi um að það er fræðilegur möguleiki samkv. gildandi stjórnarskrárákvæðum að handhafi framkvæmdarvaldsins geti eins og honum þóknast, með því að beita líka þingrofsvaldi, sett brbl. án þess að leggja þau nokkurn tíma fram fyrir þing, rofið þing og endursett brbl. og stýrt; tekið sér þannig löggjafarvaldið í hendur mánuðum og misserum saman.

Heimildin til þess að setja brbl. er auðvitað miðuð við veröld sem var, þjóðfélagshætti sem liðið hafa undir lok, en við sitjum enn uppi með þetta konunglega vald framkvæmdarvaldsins. Skýringarnar á því eru þær, að í fá-

breyttu dreifðu sveitaþjóðfélagi, þegar meira að segja Alþingi kom ekki saman nema nokkra mánuði annað hvert ár, var það forsenda framkvæmda að slíkt vald væri fyrir hendi. Engum slíkum rökum er til að dreifa lengur í því tæknivædda fjarskiptaþjóðfélagi sem við búum við í dag.

Eins er það með þingnefndir. Alþingi situr ekki á rökstólum nema hluta úr ári, kannske tæplega hálft árið, en það er mikil nauðsyn á að þingnefndir á ýmsum sviðum starfi allt árið og það er þáttur í endurskoðun á starfsháttum Alþingis.

Mikið er talað um það í þjóðfélaginu þessa dagana, að traust manna á stjórnmálamönnum, traust manna á stjórnmálaflokkum og tiltrú manna á lýðræðislegum stjórnarháttum fari ört þverrandi. Nýlega las ég grein í blaði, þar sem þetta var skýrt upp úr kokkabókum þess sem kallast á sænsku samhällskunskap og er einhvers konar félagsfræði, að þar í landi væri þetta alþekkt fyrirbæri og gengi undir heitinu politikers förakt eða stjórnmálamanna fyrirlitning. Fyrirlitning á stjórnmálamönnum er orðin býsna útbreidd. Af hverju stafar hún? Eru stjórnmálamenn sjálfir sýknir saka? Er þetta óverðskulduð afstaða til starfa þings á sama tíma og stjórnmálamenn hafa sjálfir á orði að þeir vilji mikið á sig leggja til að bjarga virðingu Alþingis? Það hefur meira að segja verið gengið svo langt að mynduð hefur verið ríkisstjórn sem var víst aðallega mynduð um að bjarga virðingu Alþingis. En virðing Alþingis sýnist mér að hafi farið þverrandi í réttu hlutfalli við ævidaga þeirrar ríkisstj., enda byggir hún lagasetningarvald sitt ekki lengur á Alþingi, heldur á brbl.-heimildinni og byggir það nánast á konungbornu sjálfteknu valdi.

Ég held að einn þáttur í þessu útbreidda vantrausti og þessari fyrirlitningu á starfi stjórnmálamanna sé óneitanlega sjálfum þeim að kenna. Til þess má nefna ýmsar hugsanlegar ástæður. Menn getur greint á um hvert skuli vera hlutverk löggjafarvaldsins og hvert skuli vera hlutverk þingmanna fyrst og fremst. Ég tek undir það sjónarmið flm. að það eigi fyrst og fremst að vera tvíþætt: Í fyrsta lagi að móta almenna stefnu eins og hún birtist í löggjafarstarfi, lagasetningu, og hins vegar að gæta sjálfstæðis löggjafarvaldsins frammi fyrir framkvæmdarvaldinu með því að fylgjast með framkvæmd laga, fela ekki framkvæmdarvaldinu raunverulega alla nánari útfærslu t. d. með því að fela ráðuneytum setningu allra reglugerða sem eins konar sjálftekið löggjafarvald. Ef menn vilja breyta þessu eiga stjórnmálamennirnir að skapa sér starfsvettvang í þingnefndunum til þess.

Önnur ástæða, sem ég nefni til fyrir þverrandi trausti og áliti á stjórnmálamönnum, er sú, sem hér hefur verið nefnd í umr., að stjórnmálamenn, og sérstaklega meðlimir löggjafarvaldsins, eru alltaf að leita eftir því að gerast allt annað en þeir eiga að vera. Þeir eru að sækjast eftir starfsaðstöðu og völdum á sviði framkvæmdarvaldsins í stað þess að tryggja sjálfstæði sitt til eftirlits með því. Þetta birtist í þessu þjóðfélagi með mjög áþreifanlegum og áberandi hætti.

Ég er alveg sannfærður um að hrikalegustu mistök í hagstjórn og stýringu efnahagsmála, sem orðið hafa í þessu þjóðfélagi á þessum áratug, eiga sér þá meginorsök að stjórnmálamenn hafa tekið sér það vald að stýra sjóðum, lánasjóðum, fjárfestingarlánasjóðum, og láta þannig leiða sig í þá freistni sem þeir eru engir menn til þess að standast. Í helgri bók stendur: Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu. (Gripið fram í.) Stjórnmálamenn, eðli málsins samkv., leita eftir fylgi. Þegar þeir leita eftir fylgi kjósenda fyrst og fremst í krafti úthlutunarvalds síns á fjármunum almennings og beita því valdi fyrst og fremst út frá skammtímahagsmunum og pólitískum hagsmunum sjálfra þeirra, flokka þeirra og kjördæma, þá er borin von að hægt sé að gæta þeirra langtímasjónarmiða, þeirra hlutlægu sjónarmiða, sem eiga að móta almenna stefnu í efnahagsmálum.

Ég er þeirrar skoðunar, að hér hafi orðið á s. l. áratug einhver hrikalegustu mistök í efnahagsstjórn sem um getur ef við leitum samanburðar til nágrannalanda. Við höfum raunverulega komið hér á eins konar pólitísku lénsveldi, stofnanabundnu pólitísku fyrirgreiðslukerfi, sem í eðli sínu er óhæft til viti borinnar hagstjórnar, og árangurinn er eftir því. Þess vegna er ég eindregið sömu skoðunar og ég hygg að flm. hafi sett hér fram, að það þurfi að draga fram skarpari skil milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það eigum við að gera með því að efla löggjafarvaldið. Við eigum að gera það með því að gefa þingnefndunum víðtækara valdsvið, meiri verkefni, auka eftirlitsvaldið, auka rannsóknarvaldið, draga úr sjálftekinni reglugerðarsetningu ráðuneyta, styrkja löggjafarvaldið til að halda sínum hlut frammi fyrir sérfræðingaveldi, sem m. a. byggir á þeirri úreltu reglu, sem viðgengst í þessu þjóðfélagi, sem er æviráðning opinberra starfsmanna, sem þrátt fyrir allt er enn í gildi þó að þar séu að vísu að verða breytingar á.

Þess vegna tel ég þetta allt saman hið þarfasta mál. Ég tek það fram, að þessi mál hafa verið tekin til rækilegrar umr. í stjórnarskrárnefnd. Hún hefur ekkert lagasetningarvald. Hún hefur tillöguvald. Hún er nefnd sem starfar í umboði þingflokka og er sett samkv. samþykkt og ályktun Alþingis og mun skila sínum tillögum til Alþingis. Alþingi sjálft hefur þetta lagasetningarvald. Í tillögugerð stjórnarskrárnefndar um þetta efni er tekið undir öll þau grundvallarsjónarmið sem sett eru fram í þessu frv. Hins vegar hafa þar komið til umr. ýmis álitamál um rétt þingnefnda, venjulegra fastanefnda þingsins, til að kalla fyrir sig aðila sem ekki geta kallast opinberir aðilar. Þar er um að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Þess vegna hefur stjórnarskrárnefnd komist að þeirri niðurstöðu, að eftirlit ætti að vera tvískipt.

Annars vegar á að auka verksvið og völd fastanefnda þingsins. Þær eiga að starfa allt árið, flestar hverjar a. m. k. Þær eiga að líta á það sem sjálfsagðan hlut og fá heimild til að sinna betur eftirlitsskyldu sinni. En ef þingið vill láta rannsaka einhver mál, sem eru ekki aðeins eftirlit með opinberri stjórnsýslu, heldur fela í sér að kalla þurfi fyrir einstaklinga eða fulltrúa almannasamtaka eða fyrirtækja, sem Alþingi hefur ekki að sjálfgefnu yfirboðunarvald yfir, má gera ráð fyrir að þingið kjósi sérstakar rannsóknarnefndir.

Í annan stað hefur það komið fram, að það eru ekki bara nefndirnar sjálfar, heldur þarf líka, ef menn vilja stíga það skref að Alþingi verði í einni málstofu, að breyta ýmsu í verkstjórn, vinnubrögðum og fundarskapareglum og fundarstjórnarvenjum sem skapast hafa á þessari samkomu.

Ég veit, og er þess fullviss, að meiri hl. þm. mun ekki taka því blíðlega að einhver nefnd, jafnvel vinnunefnd í þjónustu Alþingis, ætli sér að gera tillögur til hv. Alþingis um breytingu á sjálfum þingsköpunum. Oft tala menn um það, einstakir þm., að fenginni einhverri reynslu, að hér sé ýmsu ábótavant, en þingið er nú einu sinni ædsta endurspeglun þjóðarviljans, — eða maður skyldi a. m. k.

ætla, ef atkvæðisrétturinn væri með þeim hætti, að svo væri, — og vill auðvitað sjálft, og gerir það eðlilega sjálft, ráða sínum þingsköpum. En við þurfum ekki annað en líta til starfsvenju í öðrum þingum til að sjá að árangurinn af störfum þjóðþinga fer auðvitað mjög eftir því hvaða vinnureglur eru í heiðri hafðar um störf þinga.

Ég er ansi hræddur um að venjulegum sveitarstjórnarmanni þætti undarlegt ef dagskrá lögð fyrir venjulegan bæjarstjórnarfund í einhverju byggðarlagi hér í landinu, kannske með 20 málum, væri að þvælast fyrir bæjarfulltrúum hálft árið eða lungann úr árinu. Sveitarstjórnarmenn eru því vanir að dagskrá sé undirbúin með sæmilegum fyrirvara og menn mæti undirbúnir til fundar og málin séu síðan afgreidd. Þar er það ekki til siðs að afgreiðsla mála tefjist og dragist á langinn dögum, vikum, mánuðum og misserum saman vegna þess að dagskráin er orðin tóm, það er ekkert eftir henni farið. Hvað eftir annað kemur það fyrir að Alþingi er orðið að einhvers konar gagnfræðaskólamálþingi um hvers kyns mál sem upp kunna að koma í þjóðfélaginu. Auðvitað getur Alþingi ekki afsalað sér rétti sínum til að taka upp mál sem allt í einu koma upp, en ég er alveg samþykkur þeirri hugmynd að það á að vera mjög takmarkaður ræðutími.

Ég er fylgjandi þeirri hugmynd, að þingflokkarnir sem slíkir stefni að því að taka upp meiri verkaskiptingu í sinn hóp, þannig að flokkarnir komi sér upp talsmönnum á hverju sviði mála, þannig að umr. verði undirbúnar og verði á því stigi að þær verði að einhverju gagni, en verði ekki eins og kliður í fuglabjargi um daginn og veginn.

Sjálfsagt eru aðrir þm. allt annarrar skoðunar, það má vel vera, en ég bið ykkur að hugleiða það þegar Alþingi er orðið að einni málstofu og ef svo slysalega tækist til, sem ég vona að guð gefi að ekki verði, að þm. verði fjölgað. Hvernig yrði þessi málstofa þá að óbreyttum starfsreglum og óbreyttum starfsháttum? Menn tala um að virðingu Alþingis sé illa komið eins og er. Ég er hræddur um að þá mundi fyrst keyra um þverbak, ef ekki verða gerðar róttækar breytingar á starfsháttum þingsins í heild, og þá á ég við allt í senn, starfssvið þingnefndanna, þingsköpin sjálf, fundarstjórn og umræðuvenjur.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil aðeins nú í lok þessarar umr., sem mér finnst ekki að hafi farið út og suður, heldur hafi verið efnisleg vegna þess að þetta er víðfeðmt mál, taka undir það með síðasta ræðumanni, hv. 9. þm. Reykv., að efnislega tengist þetta mál auðvitað mjög þáltill. sem hér hefur verið flutt um gerð frv. til stjórnarskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, og það tengist því, sem fleiri hv. þm. hafa sagt, þar á meðal hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að málið er sennilega of stórt í vöfum til þess að dugi að flytja það sem viðbót við 19. gr. þingskapalaga, eins og hér er gert.

En ég vil aðeins nefna, að í þeirri þáltill. er komið inn á nákvæmlega þetta. Það segir í staflið 3, með leyfi herra forseta:

„Löggjafarþing verði kosið til fjögurra ára, á ári þegar kosning forsrh. fer ekki fram. Kjördæmaskipan og kosningalög verði að öllu leyti óbreytt, nema hvað kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Alþingi starfi í einni málstofu. Alþingi fari með fjárveitingarvald, löggjafarvald og strangt eftirlitsvald með framkvæmd löggjafar, en þm. verði óheimilt að sinna framkvæmdavaldsstörfum. Verði þm. ráðh. taki varamaður sæti hans á Alþingi".

Þetta er aðeins sagt til undirstrikunar því, að í 3. staflið þessarar þáltill. er öll sú hugsun sem ég heyri ekki betur en menn séu sammála í grófum dráttum, þó þeir geri einhverjar hjákátlegar persónulegar athugasemdir, sumir a. m. k. Við erum að tala hér um raunverulegt vandamál og mér sýnist að hvort sem menn hafa áður skilgreint sig til hægri eða vinstri, svo ég noti þessi delluorð á hinu pólitíska sviði, séu menn í grundvallaratriðum sammála um þetta. Ég vil segja, og það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að í 3. staflið er þessi grundvallarhugsun niðurnjörvuð, og ég vil bæta við, og taka undir með hv. síðasta ræðumanni raunar, að þetta er lykill að vanda okkar undanfarin ár. Það er ekki, og það má ekki örla á slíkum misskilningi, verið að gera lítið úr persónum einstakra hv. þm. Eflaust hafa menn, og þar með talinn sá sem hér stendur, gert sig of seka um slíkt.

Kjarni málsins er sá, að þetta eru einfaldlega meiri freistingar en hægt er að standast, en í mannlegu valdi stendur að standast. Ég tala nú ekki um þegar jafneinföld leið til eignatilfærslu og mikil verðþensla er er til staðar. Þá hefur það hent hvern þm. á fætur öðrum að undir því hefur ekki verið risið í raun. Af þessum ástæðum erum við hér ekki aðeins að leggja til þá grundvallarhugsun sem fram kemur á þessu þskj. og hér hefur verið mælt fyrir í dag og hv. alþm. hafa með almennum orðum lýst sig samþykka, heldur er hér verið að leggja til grundvallaruppskurð á stjórnkerfinu sjálfu.

Það eru margar ástæður fyrir því að þetta, sem ég stundum kalla siðleysi af því mér finnst það siðleysi og það er siðleysi, er rekið í nafni einhvers annars, sem sé í nafni byggðastefnu. Byggðastefna á fullan rétt á sér stundum. En þetta er engin byggðastefna. Það eru auðvitað atvinnurekendur á öllum landshornum. Það eru launþegar og atvinnurekendur og árekstrar þar á milli hvort sem það heitir Langanes eða Reykjavík. Menn kalla þetta byggðastefnu af því það er fínna. Þetta er ekki byggðastefna. Hér á sér stað eignatilfærsla, hvað sem menn kalla það.

Þetta stjórnkerfi gengur ekki upp. Í þessu landi eru að hluta til tvær þjóðir. Það má auðvitað ekki gera of mikið úr þeirri skiptingu, en það má ekki heldur líta framhjá henni. Hún er staðreynd. Þessi staðreynd hefur verið notuð til botnlausrar eignatilfærslu. Auðvitað er það ekkert nema venjuleg eignatilfærsla, sem mestan part er í þágu manna sem standa í atvinnurekstri og ráða ekki við hann. Þeir hafa sína sendla. Það er ekki sagt í neinu óvirðingarskyni. Þeir sitja margir hverjir hér. Framkvæmdastofnun er sendisveinn slíkra undirmálsatvinnurekenda. Það er kjarni málsins. Ég efast ekki um að menn sem sitji þar ganga þar inn í góðri og guðlegri meiningu. En freistingarnar eru of miklar til að standast þær. Ég er ekki að bera neitt á borð annað en það sem er borðleggjandi.

Annars staðar erlendis mundi þetta eflaust ganga öðruvísi fyrir sig og með öllu rosalegri hætti. Það hefur enginn borið neinum slíkt á brýn hér, það er ekki um það að ræða. Það er aðeins verið að segja að hinar pólitísku freistingar eru miklar. Ég hugsa að t. d. hafi hv. þm. Eggert Haukdal í öllum sínum „skemmtiferðum", sem hann hefur auðvitað verið í, ætlast til að fá einhver atkvæði út á það í staðinn. Er það ekki bara mannlegt? En ég segi fyrir mig: Það er þessi pólitík sem ég hef alveg botnlausa skömm á. Hún er orðin þjóðfélaginu allt of

dýr. Ekki hvarflar það að mér að hv. þm. sé illmenni eða að hann sé að byggja eitthvað og annars staðar en á að gera. En þetta er of dýrt.

Framkvæmdastofnun er nákvæmlega svona. Svo geta menn kallað þetta byggðastefnu eða eitthvað. Svo koma þeir hérna og segja að ég sé á móti byggðastefnu, ég sé á móti verkalýðshreyfingu og ég veit ekki hverju ég er ekki á móti. En ég hef samt rétt fyrir mér. Þetta veit fólk betur og betur. Það er kjarni málsins. Og öll þessi þáltill., sem hv. síðasti ræðumaður gat um og gat réttilega um, gengur út á þá hugsun að þetta kerfi gengur ekki lengur upp.

Hv. þm. Albert Guðmundsson hélt hér ræðu þar sem hann sagði fjórum sinnum: ég er og ég get. Allt í lagi með það, en ekki hvarflar að mér að það sé neitt óeðlilegt við störf hans í bankaráði Útvegsbankans. Það hvarflar ekki að mér eitt augnablik, en það hvarflar að mér að hann hyggist fá eitthvað af atkv. fyrir störf sín þar, að hann meti vinsældir sínar. (**AG:** Sem ég óska eftir að verði tekið til greina.) Mér er óskiljanlegt af hverju menn eru svona viðkvæmir fyrir þessu. Þetta er það sem allir vita. Mér er ljóst að auðvitað situr þingið allt meira og minna lamað er það hlustar á þennan sannleika.

Menn sem eru í pólitík eru auðvitað að afla sér fylgis, — ég er að reyna að afla mér fylgis með þeirri ræðu sem ég flyt, við erum öll að því, — en það er ekki sama hvernig farið er að því. Það er þetta sem skiptir máli.

Vitaskuld er Framkvæmdastofnun ríkisins, forstjórastóll þar, metin til margra atkv. Annars væru menn ekki að þessu. Það er þetta sem gengur ekki upp. Það er þessi djúpt sokkna ríkisforspilling, sem Sjálfstfl. er í broddi fylkingar fyrir, sem er að ganga af efnahagskerfi og stjórnkerfi þessa lands dauðu. (**Gripið fram í:** Þú ert fyrsti kratinn sem talar gegn þessu.) Gegn hverju, hv. þm. (**Gripið fram í:** Þessu ríkisafskiptakerfi.) Því miður á minn gamli flokkur flekkótta sögu í þeim efnum. (Gripið fram í.) Já, já, á það skal allt fallist, en það hefur margt gott verið gert og vel sagt þar engu að síður.

En þetta er kjarni málsins. Þess vegna er þetta frv. flutt og þess vegna hefur væntanlegt Bandalag jafnaðarmanna lagt til svo róttækar breytingar. Öll þessi hugsun er þar saman komin fyrir utan að verið er að leggja til lausn á kjördæmamáli, sem er í raun leið til sátta milli dreifbýlis og þéttbýlis, sem er meira en gömlu flokkarnir gátu fundið meðan þeir voru og hétu. Það er þetta sem skiptir máli, en auðvitað koma menn hér upp og belgja sig upp og segja: Ég er þetta og ég er hitt og ég er ekki spilltur og slíkt. — Það er samt enginn að bera þeim slíkt á brýn. Það er misskilningur. (Gripið fram í.) Ég veit ekki af hverju hv. þm. líður svona bölvanlega. Það er enginn að bera honum slíkt á brýn. Það er verið að segja það eitt að þetta eru störf sem fara ekki saman. Það fer ekki saman að vera vinsæll bankaráðsmaður og vinsæll pólitíkus. Það fer ekki saman að vera „kommissar" og á atkvæðaveiðum. Það fer ekki saman að ákveða hvort A eða B fær að stjórna umræðuþætti í sjónvarpi á sama tíma og menn afla sér atkvæða. Það er þetta sem gengur ekki upp. Það er þessi lykilhugsun sem er gangandi í gegnum allan okkar málflutning. Svo getum við horft yfir stjórnkerfið allt, yfir sjónarspilið allt. Ég þykist finna að fólk er sammála þessari grundvallarhugsun og mér til mikillar ánægju, ég neita því ekki.

Svo sitja menn hér og skilja ekkert í þessu litla áliti fólks á Alþingi, en herrar mínir þetta er ástæðan. Það er nákvæmlega þetta sem er ástæðan. Vitaskuld er gaman að geta gert manni greiða, ekki neita ég því, auðvitað er það gaman, en kjörfylgi og greiðar af því tagi sem lýst hefur verið fara ekki saman. Það bitnar á þjóðfélaginu öllu. Ég nefndi hér nákvæmt dæmi áðan, annars vegar almenna stefnu í vaxtamálum og hins vegar hvernig menn spila úr spilunum samkv. þeirri vaxtastefnu. Það er sú grundvallarhugsun sem gengur ekki upp.

Það frv. sem mælt hefur verið fyrir hér í dag er aðeins lítill angi af hinu stóra máli sem þáltill. fjallar um. Hugsið ykkur framtíðarþingið, þegar við sitjum hér og erum að gera tvennt í grundvallaratriðum, — setja almennar leikreglur og hafa eftirlit með lögum og framkvæmdavaldi. Það þjóðfélag verður allt öðruvísi. Það þjóðfélag verður þannig, að fólk kemur áhugamálum sínum á framfæri við þjóðþing. Það þjóðfélag verður þannig, að þjóðin mun bera miklu meiri virðingu fyrir þessari stofnun en hún hefur réttmæta ástæðu til að gera í dag. Það er ekki lítill kjarni þessa máls.

Herra forseti. Efni þessa frv., sem mælt hefur verið fyrir, er saman dregið í síðari hluta 3. mgr. nefndrar þáltill. Það var hárrétt athugasemd. Ég verð að bæta um betur efnislega hvað það varðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 21. fundur.

Fimmtudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Gerð frv. til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, þáltill. (þskj. 94). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Langtímaáætlun um þróunarsamvinnu, þáltill. (þskj. 98). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umferðarmiðstöð á Egilsstöðum, þáltill. (þskj. 103). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárhagsstaða láglaunafólks og lífeyrisþega, þáltill. (þskj. 104). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innsiglingarleiðin í Höfn í Hornafirði, þáltill. (þskj. 110). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. (þskj. 111). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afvopnun, þáltill. (þskj. 112). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hafsbotnsréttindi á Reykjaneshrygg, þáltill. (þskj. 34). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Röðun jarða til tölvuvinnslu, þáltill. (þskj. 67). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hagnýting surtarbrands, þáltill. (þskj. 69). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurreisn Reykholtsstaðar, þáltill. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði. Flm. eru allir þm. Vesturlands. Þetta er því þingmannatillaga. Um endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar eru þm. Vesturlands að sjálfsögðu allir sammála og vilja virðingu Reykholtsstaðar sem mesta í nútíð og framtíð.

Það er svo, að jörðin Reykholt í Borgarfirði er fyrst og fremst kirkju- og prestssetursjörð. Þetta er frægur sögustaður, m. a. vegna búsetu Snorra Sturlusonar þar mestan hluta ævi sinnar. Að Reykholti leggja margir erlendir ferðamenn leið sína, einkum að sumarlagi, og ekki síst Norðmenn, sem líta á Reykholt sem helgan stað. Þar er einnig skólasetur. Þar hefur Reykholtsskóli verið byggður og rekinn í marga áratugi og vonandi verður þetta veglegur skólastaður í framtíðinni.

En um málefni Reykholts er það að segja að öðru leyti, að þau hafa ekki legið nógu ljóst fyrir á undanförnum árum og áratugum. Þar hafa þrjú rn. látið til sín taka, dóms- og kirkjumrn., menntmrn. og landbrn. Þess vegna er mjög brýnt að skýra línur í þessum efnum í Reykholti, ákveða hverjir í raun og veru hafi þar húsbóndavald og forræði, skipuleggja staðinn og margt fleira til þess að hægt sé að byggja hann upp með þeirri reisn sem honum sæmir.

Að því er skólann varðar þarf hann að sjálfsögðu að fá þarna nægilegt landrými. Það er gleðiefni að nú virðist röðin komin að Reykholtsskóla því að hann er efstur á blaði héraðsskóla að því er varðar uppbyggingu og endurbyggingu.

Um þetta erum við þm. allir sammála, en það sem ég vildi aðeins benda á er þetta: Á árinu 1980 var sett nefnd til að athuga þessi mál öll af dómsmrn. og menntmrn. Formaður þeirrar nefndar er Rúnar sýslumaður í Borgarnesi. Það er hlutverk þessarar nefndar að skoða Reykholtsmál öll og gera tillögur um hvernig málum verði best skipað í Reykholti í framtíðinni í samráði við heimamenn og viðkomandi rn. Eitt fskj. sem prentað er með þessari till., fskj. I, er einmitt áfangaskýrsla Reykholtsnefndar. Það kann að líta svolítið einkennilega út að birta áfangaskýrslu með þessari till., þar sem nefndin hefur ekki lokið störfum, en hins vegar lögð mikil áhersla á að hún ljúki störfum. — Ég vildi aðeins taka þessi atriði fram til að fyrirbyggja misskilning.

Þess má geta, að á undanförnum árum og áratugum hafa starfað ýmsar nefndir að þessum málum án þess að um verulegt átak yrði að ræða í áttina að settu marki í þessum efnum. En það er lögð áhersla á að nefndin, sem athugar nú öll þessi mál í samhengi, skili endanlegu áliti. Þegar hún hefur gert það mun það verða skoðað í rn. og þá sérstaklega dómsmrn., sem ótvírætt hefur höfuðyfirráð á þessum stað. Þegar nefndin hefur lokið störfum mun verða fjallað um álit hennar og reynt að hraða því að öll málefni Reykholts verði tekin til endanlegrar skipunar, ef svo má segja, — staðurinn skipulagður og annað eftir því.

En ég þarf ekki að orðlengja meira um þessa till. því að um hana erum við flm. allir sammála og vegna mikilvægis málsins höfum við allir lagst á eitt um að fylgja henni fram.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. 11. nóvember s. l. hafði ég framsögu fyrir þessari þáltill. um endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði. Ég vil taka það fram, eins og hæstv. dómsmrh. réttilega sagði, að þessi till. er flutt af öllum þm. Vesturlands. Það sem býr að baki því að okkur þótti rétt að flytja þessa þáltill. er þrýstingur úr héraði, sem er mikill, á að gera átak til að endurreisa og endurbyggja þennan sögufræga stað. Eins og ég tók fram þá er Reykholt í huga fólks, jafnt Íslendinga sem annarra þjóða manna, helgur staður vegna þeirra andans stórvirkja sem þar voru unnin á sínum tíma.

Héraðsskólinn í Reykholti hefur starfað í rúm 50 ár. Hann hefur notið álits og trausts og verið sóttur af nemendum víðs vegar af landinu og hefur jafnan verið fullsetinn og oftast orðið að vísa frá fjölda umsækjenda. Svo er einnig nú.

Það þarf ekki að taka það fram að saga Reykholts í fortíð og samtíð krefst þess að uppbygging og svipur staðarins í framtíðinni verði sú héraðsprýði sem einum sögufrægasta stað á Norðurlöndum ber. Það á að vera metnaðarmál okkar Íslendinga.

Um margra ára skeið hafa mannvirki í Reykholti verið í niðurníðslu vegna skorts á fjármagni til viðhalds til vansæmdar héraði og raunar landinu öllu. Þetta er meginástæða þess að við viljum leggja til og styðja heimamenn og alla aðila sem um þetta fjalla að fjármagn verði veitt til að endurbyggja staðinn og gera Reykholt að glæsilegu menningar- og menntasetri þjóðarinnar. Það eitt mundi örugglega auka hróður Íslands meðal annarra þjóða. Slík er frægð þessa staðar. Við viljum að hér verði stefnubreyting. Þetta er búið að vera í undirbúningi um langt árabil og við viljum framkvæmdir í stað kyrrstöðu.

Eitt brýnasta verkefni er að ljúka uppbyggingu skólahúsnæðis í Reykholti. Þar er forgangsverkefni að koma upp svokallaðri A-álmu þar sem á að vera mötuneyti svo og félagsaðstaða skólans. Þess konar aðstaða er algerlega ófullnægjandi nú og stendur raunar öllu skólastarfi fyrir þrifum. Því til viðbótar, sem er mikilvægt, mundi bygging A-álmu stórbæta ferðamannaþjónustu yfir sumarmánuðina, sem er nánast ekki bjóðandi erlendu fólki og raunar innlendu líka við þær aðstæður sem núna eru. Þetta eru grundvallaratriði sem við viljum leggja áherslu á.

Ég vil minna á það hér aftur, sem ég gerði raunar í framsögu fyrir þessu máli, að á 50 ára afmælishátíð héraðsskólans á s. l. hausti var saman komið mikið fjölmenni í Reykholti, gamlir nemendur héraðsskólans og héraðsbúar, velunnarar skólans og ýmsir forustumenn þjóðarinnar. Þar gáfu hæstv. menntmrh. og hæstv. dóms- og kirkjumálaráðh. góð fyrirheit um að hafist yrði handa um uppbyggingu og endurreisn staðarins. Ég vona í framhaldi af orðum hæstv. dómsmrh. að það verði reynt að gera allt sem hægt er til að koma þessu máli á góðan rekspöl.

Það má segja að við þm. Vesturlands höfum með máli þessu viljað fylgja fram óskum héraðsbúa í þessum efnum, sem menn geta séð sem fskj. með þáltill., því við teljum nauðsynlegt að fá viljayfirlýsingu Alþingis um að það sé samstaða um að vinna að þessu verkefni, — og ekki síst nú þegar vonandi er fram undan afgreiðsla á fjárlögum. Þar þurfum við að fá stuðning við að verulegu fjármagni verði veitt til að hefja svokallaða A-byggingu, sem er nærtækasta verkefni og það sem þarf að vinna að fyrst.

Auðvitað kemur inn í þetta mál, eins og hæstv. dómsmrh. nefndi hér réttilega, að taka þarf ákvörðun um skipulag staðarins, forráð staðarins og margt annað sem inn í málið kemur. En ég vonast til að þessi þáltill. okkar þm. Vesturlands fái greiðan framgang á Alþingi.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég tek það strax skýrt fram að ég er ekki á móti endurreisn Reykholts á nokkurn máta, en ef það á að koma fjárveiting frá Alþingi til Reykholtsstaðar vil ég benda á það um leið í þessu sambandi að víða um land eru sögustaðir sem eru kannske ekki jafnhátt skrifaðir, en fordæmið væri fyrir hendi ef verður veitt fjármagn til þessarar endurreisnar. Þar sem ég er gamall íhaldsmaður held ég að þetta sé örlítið varhugavert. Ég tek það skýrt fram að ég hef ekkert á móti Reykholti eða nokkrum sögustöðum, en ég vil að frumkvæðið komi úr hverri heimabyggð og þeir jafnvel borgi sem vilja fá sinn stað og sína sveit dregin fram í sviðsljósið öðrum fremur. Þarna er ekki verið að álasa á nokkurn hátt þm. Vesturlands. Þetta er bara áminning til okkar allra í þessu sambandi.

Við getum bent á sögustaði sem eru jafnvel ekki minna frægir en staðurinn sem Snorri Sturluson var veginn á. Við getum bent á svo margt og margt.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Hér er til umr. þáltill. um endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði. Ég kem hér upp til að tjá mig í verulegum atriðum samþykkan þessari þáltill. En það sem dró mig þó fyrst og fremst upp hingað er það, að mig langar að vekja athygli á, þar sem rætt er m. a. í þessari uppbyggingu um skólann í Reykholti, að það eru til fleiri héraðsskólar á landinu, sem hafa sínu hlutverki að gegna, en Reykholtsskóli, þó að ég ætli á engan hátt að bregða fæti fyrir hann.

Hér kom fram áðan að vilyrði hefðu verið gefin af menntmrn. um uppbyggingu. Á 40 ára afmæli skólans 1971 var gefið veisluloforð um sérstaka uppbyggingu Reykholtsstaðar. Það veislufyrirheit var efnt og því miður fór það þannig, að það var á kostnað annarra héraðsskóla í landinu. Ég er meðmæltur uppbyggingu Reykholtsstaðar og þar á meðal Reykholtsskóla, en ég tel það ekki alveg nógu sannfærandi leikreglur að hér sé borin upp sérstök þáltill. um uppbyggingu eins héraðsskólans ef það á að koma niður á öðrum héraðsskólum í landinu. Ég er því fyllilega sammála að uppbygging Reykholtsskóla verði einhvers konar sérverkefni, ef aðrir héraðsskólar í landinu muni ekki líða fyrir þá uppbyggingu sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Það var þetta, herra forseti, sem ég ætlaði að segja um þessa þáltill.

Það segir svo í grg.: „Reykholt er í huga fólks, jafnt Íslendinga sem annarra þjóða manna, helgur staður vegna þeirrar andans stórvirkja sem þar voru unnin." Það er ástæðulaust að minnast þess að þar var einn mesti andans maður landsins veginn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umr., en tvær síðustu ræður, sem hér hafa verið fluttar, urðu þess valdandi að mér finnst nauðsynlegt að bæta nokkrum orðum við þessa umr.

Í fyrsta lagi vegna þeirrar ræðu sem hér var síðast flutt og hv. 5. þm. Norðurl. v. flutti, þá held ég að það verði að gera þá kröfu að menn lesi þskj. og fari rétt með þegar þeir koma í ræðustól. Þessi till. fjallar ekki um uppbyggingu Reykholtsskóla, hún fjallar um uppbyggingu Reykholtsstaðar. Mál Reykholtsskóla er allt annars eðlis og allt öðruvísi. (Gripið fram í.) Ég held að Reykholtsskóli hafi í rauninni, ef við tölum um hann sérstaklega, verið settur hjá um langa hríð í fjárveitingum meðan kappkostað hefur verið að ljúka öðrum verkefnum við aðra héraðsskóla. Það er þess vegna bæði eðlilegt og sanngjarnt að röðin sé nú að koma að þeim skóla. Það hefur verið sá háttur hafður á með héraðsskólana að einn skóli hefur verið látinn njóta forgangs að jafnaði hverju sinni um fjárveitingar þannig að þar væri eitthvað hægt að gera sem um munaði. Þessi þáltill., sem allir þm. Vestlendinga flytja, fjallar um endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar, ekki Reykholtsskóla. Skólinn er hluti staðarins, ekki staðurinn allur.

Auðvitað er það svo, að það eru ýmsir fleiri sögustaðir í okkar ágæta landi sem sýna ber sóma og það er ekki þar með sagt að það eigi ógert að láta þó að þessi till. sé flutt. Það bið ég menn að hafa í huga. Það er vissulega til vansa, hvernig aðbúnaður hefur verið og er í Reykholti, fyrir alla þá sem þangað koma og fyrir okkur sem þjóð. Þessi sögustaður hefur verið þannig og er að þar er ýmislegt sem er okkur til háborinnar skammar, því miður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 66). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um eftirlaun til aldraðra, sem felur í sér framlengingu verðtryggingarákvæða í 21. gr. laga um eftirlaun aldraðra frá 1979 og ákvæða 24. gr. þeirra laga um kostnað af þeirri verðtryggingu, í samræmi við samkomulag launafólks og atvinnurekenda sem gert var á s. l. sumri og undirritað 30. júní 1982 af fulltrúum Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Í því samkomulagi var því lýst yfir að þessir aðilar væru sammála um að beina því til heilbr.- og trmrh. að hann beitti sér fyrir því að framlengja áðurnefnd lagaákvæði til loka gildistíma laganna þ. e. til ársloka 1984. Frv. eins og það lítur hér út fylgir fjárhagsáætlun fyrir árið 1983 og endurskoðuð áætlun fyrir árið 1982. Þar kemur fram hvaða aðilar það eru sem bera kostnaðinn af þessu kerfi. Það eru auðvitað fyrst og fremst lífeyrissjóðirnir, en einnig koma þar við sögu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður.

Það var hér á Alþingi árið 1981 að samþykkt voru lög, sem gerðu ráð fyrir því að þeir sem fá eftirlaun frá umsjónarnefnd eftirlauna fengju aukalega í upphafi lífeyrisréttarferils síns þrjú stig, og kostnaður við þessi þrjú stig yrði borinn uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði. Um þetta urðu nokkrar deilur hér, m. a. í hv. Ed., hvort rétt væri að Atvinnuleysistryggingasjóður bæri þennan kostnað, en sú varð niðurstaða núv. ríkisstj. að fara svo að.

Á s. l. sumri varð hins vegar samkomulag um að létta þessum kostnaði nokkuð af Atvinnuleysistryggingasjóði í áföngum, þar sem hér er um að ræða mjög tilfinnanlegan útgjaldalið fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, sem nemur um 25.3 millj. kr. á næsta ári samkv. þeirri fjárhagsáætlun sem fylgir frv. þessu. Við höfum þess vegna gert ráð fyrir því, og á því er byggt í fjárlagafrv. fyrir árið 1983, að hluti af þessum kostnaði Atvinnuleysistryggingasjóðs flytjist þegar á árinu 1983 yfir á ríkissjóð. Til þess að svo megi verða og til þess að tryggja þetta er nauðsynlegt að breyta lögum um eftirlaun aldraðra enn frekar en gert er ráð fyrir í frv. þessu, þannig að sú áætlun um að létta þessum kostnaði af Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér um ræðir verði lögfest. Mun ég koma hugmynd að brtt. í þeim efnum til hv. heilbr.- og trmn. deildarinnar svo að hún geti tekið afstöðu til þess um leið og hún fjallar um frv. í heild.

Um efnisatriði frv. er í sjálfu sér ekki margt fleira að segja nema 5. gr. þess. Þar segir að bráðabirgðaákvæði laganna um eftirlaun aldraðra falli niður, en það bráðabirgðaákvæði gerði ráð fyrir því að kostnaður við fæðingarorlof væri borinn uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði. Forsendur fyrir því bráðabirgðaákvæði eru nú fallnar niður.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til í tilefni af þessu frv. að fara nokkrum almennum orðum um stöðu lífeyrismála í landinu um þessar mundir og þróun þeirra á undanförnum árum, ekki síst vegna þess að mjög miklar umr. hafa farið fram hér á hv. Alþingi og nauðsynlegt er að þm. allir og ríkisstj. geri sér sem allra besta grein fyrir þessum málum.

Það eru mjög algengar allstórar fullyrðingar í þessu efni. T. d. er því stundum haldið fram að ekkert hafi gerst í lífeyrismálum undanfarin ár nema smávegis lagfæringar. Öll mál séu í nefndum og frá þeim hafi í raun og veru ekkert komið.

Í öðru lagi er því stundum haldið fram að kerfið sé að hrynja. Sjóðirnir séu óverðtryggðir, fjármagn þeirra hafi brunnið upp í verðbólgunni, sjóðirnir muni innan skammrar tíðar ekki geta sinnt hlutverki sínu og margir hljóti að verða gjaldþrota.

Í þriðja lagi er fullyrt: Lífeyrissjóðakerfið er frumskógur sem enginn botnar neitt í.

Í fjórða lagi: Fæstir lífeyrisþegar njóta verðtryggðs lífeyris. Misrétti í lífeyrismálum er hrikalegt, er sagt, og hefur farið vaxandi undanfarinn áratug.

Og í fimmta lagi er sagt: Aðild að lífeyrissjóði er jafnvel lítils virði eins og sakir standa.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að þessar alvarlegu fullyrðingar séu teknar aðeins til umr. á hv. Alþingi vegna þess að sumar þeirra hafa hvað eftir annað verið bornar fram hér úr þessum ræðustól. Ég hygg að fáir menn hafi svarað betur þessum fullyrðingum en Hallgrímur Snorrason, starfsmaður Þjóðhagsstofnunar, gerði á fundi Sambands almennra lífeyrissjóða og á sjóðfélagafundi í lífeyrissjóðnum Hlíf seint á árinu 1981, þar sem farið var mjög rækilega yfir þessi mál.

Þar var gerð grein fyrir því, sem rétt er að geta einnig hér að það hafa verið starfandi í þessum málum nefndir, allt frá árinu 1976. Vissulega hefur starf þeirra tekið mikinn tíma. Hins vegar verða menn að átta sig vel á því, að það er flókið verkefni sem hér er um að ræða og gífurlega ríkir hagsmunir, þannig að það hlýtur að taka tíma að fara yfir verk af þessu tagi. Meðan unnið hefur verið að því að reyna að ná samkomulagi um heildarendurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu hefur náðst samkomulag um ýmiss konar skammtíma úrlausnir í þessum efnum, sem eiga fullan rétt á sér og hafa auðveldað það mjög að eðlileg niðurstaða fáist í lífeyrissjóðamálunum. Hér á ég sérstaklega við setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, setningu laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og laga um skráningu lífeyrisréttinda. Þetta endurbótastarf hefur verið tímafrekt og auðvitað hefur það komið að nokkru niður á meginverkefninu, en þetta starf hefur engu að síður átt rétt á sér.

Ef við förum yfir þessa helstu áfanga í lífeyrissjóðamálunum á s. l. áratug, þá má segja að fyrsti áfanginn hafi verið stofnun lífeyrissjóða verkalýðsfélaga á grundvelli samkomulags sem gert var milli atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands í kjarasamningunum á árinu

1969. Hér var um að ræða mjög mikilvægan áfanga sem tryggði það að þúsundir manna, sem áður áttu engin lífeyrissjóðsréttindi, fengu nú þegar lífeyrissjóðsréttindi án þess að þeir hefðu endilega greitt iðgjöld til lífeyrissjóða. Þetta gerðist með þeim hætti að ríkissjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður tóku á sig að greiða í raun og veru hluta af iðgjöldunum fyrir þessa einstaklinga.

Annar áfanginn í lífeyrissjóðamálunum náðist síðan með samkomulagi Alþýðusambands Íslands og atvinnurekenda í tengslum við gerð kjarasamninga í feb. 1976. Meginefni þess samkomulags var tvíþætt. Annars vegar var samið um þá breytingu á starfsemi lífeyrissjóðanna á samningssviði þessara aðila, að lífeyrir samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum skyldi verðtryggður og þau útgjöld skyldu að hluta borin sameiginlega af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum. Hins vegar gáfu aðilar sameiginlega út yfirlýsingu um heildarendurskoðun lífeyriskerfis og nýskipan lífeyrismála, en á þeim grundvelli hefur verið starfað síðan.

Verðtryggingin, sem um var samið, var í því fólgin að lífeyririnn yrði miðaður við kauptaxta í upphafi hvers árs og á miðju ári í stað þess að vera reiknaður af meðallaunum undangenginna fimm ára eins og þetta kerfi var áður. Þar sem grunnlaun, sem lífeyririnn miðaðist við, voru í ársbyrjun 1976 meira en tvöfalt hærri en meðallaun næstu fimm áranna á undan hafði þessi verðtrygging í för með sér meira en tvöföldun eftirlaunanna. 1. des. 1981 urðu viðmiðunarlaunin um 3½-falt hærri en meðaltal næstu fimm ára á undan. Til að gefa enn frekari hugmyndir um áhrif verðtryggingarinnar má nefna að hún snerti strax fjárhag nærri 6 þús. lífeyrisþega og í þeim hópi hefur fjölgað mjög verulega síðan. Er þá eingöngu talinn sá hópur sem naut með beinum eða óbeinum hætti hækkunar á eftirlaunum samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögunum.

Þriðja áfangann í þróun lífeyrismála undanfarin ár má telja lífeyrissamkomulag aðila vinnumarkaðarins í tengslum við kjarasamninga í júní 1977. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerðist þá aðili að samkomulaginu fyrir hönd sjóða á samningssviði þess. Samkomulagið 1977 fól einkum í sér þær breytingar að verðbótadögum lífeyrisgreiðslna var fjölgað úr tveimur í fjóra á ári. Mikilvægari var þó sú stefnuyfirlýsing, sem ríkisstj. gaf að tilhlutan samningsaðila og í tengslum við kjarasamningana, að unnið skyldi að því að sá réttur sem fólst í lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum skyldi gerður að almennum rétti.

Fjórði áfanginn á síðasta áratug í lífeyrismálum náðist á árinu 1978. Á grundvelli lífeyrismálayfirlýsingarinnar 1977 vann átta manna nefndin á árinu 1978 að undirbúningi löggjafar um eftirlaun til aldraðra. Endanlega samdi Guðjón Hansen frv. þar að lútandi og eftir umræðu í 17 manna nefninni skilaði hún tillögum að frv. í hendur ráðh. í byrjun árs 1979. Lagði hann það síðan fram á Alþingi. Ágreiningur um fjárhagsákvæði varð þó til þess að frv. var ekki lögfest fyrr en í árslok 1979. Með samþykkt þessara laga var lágmarksréttur til eftirlauna samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum gerður að almennum rétti. Lögin komu til framkvæmda í ársbyrjun 1980. Sú útvíkkun réttinda, sem þar var um að ræða, nær nú þegar til mörg hundruð manna á eftirlaunaaldri sem áður áttu engan lífeyrisrétt.

Fimmta áfangann í lífeyrismálum að undanförnu má telja samþykkt þriggja frumvarpa, sem voru undirbúin af lífeyrisnefndinni og fjmrn. og samþykkt á Alþingi á árinu 1980, í tíð núv. ríkisstj. Þetta voru lögin um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og um skráningu lífeyrisréttinda. Eftir gildistöku eftirlaunalaganna þótti óhjákvæmilegt að þegar yrði komið á skylduaðild að lífeyrissjóðum fyrir þá starfandi menn sem þátttökuskylda næði enn ekki til samkv. lögum eða kjarasamningum. Tilgangur með setningu laganna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda var því sá að tryggja að allir starfandi menn bæru á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum, eftir að nær öllum landsmönnum hafði verið tryggður sá lágmarksréttur til eftirlauna sem fólst í lögum um eftirlaun til aldraðra.

Í lögunum um söfnunarsjóð er kveðið á um starfrækslu almenns óbundins lífeyrissjóðs, er verða skal sjóður þeirra manna sem ekki eiga ótvíræða sjóðsaðild annars staðar og ekki kjósa að eiga aðild að lífeyrissjóðum sem fyrir eru. Í lögunum um skráningu lífeyrisréttinda er kveðið á um að tekin verði upp almenn og heildstæð skráning lífeyrisréttinda og iðgjaldsgreiðslna. Með skráningu þessari er að því stefnt að koma á fót samræmdu upplýsingakerfi, sem geti orðið grundvöllur eftirlits með því að lagaákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum sé fullnægt, og jafnframt grundvöllur heildarendurskoðunar á lífeyriskerfinu og samræming á réttindum og iðgjöldum.

Auk þeirra áfanga, sem hér hefur verið getið, hefur á undanförnum árum orðið gerbreyting á ávöxtun fjármagns lífeyrissjóðanna. Annars vegar hefur þetta gerst með kaupum sjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum. Hafa um þetta m. a. verið sett sérstök lagaákvæði er skyldað hafa lífeyrissjóði til að verja tilteknum hluta ráðstöfunarfjár síns til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum. Segja má að undirrót þessara kvaða hafi verið sú nauðsyn sem talin hefur verið á því að tryggja fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna. Skuldabréf þessi hafa jafnan verið með afar góðum kjörum fyrir lánveitendur, lífeyrissjóðina, þ. e. fullri verðtryggingu og 3.25-3.50% nafnvöxtum. Kvöðunum um þessi skuldabréfakaup hefur vissulega verið tekið nokkuð misjafnlega, en í reynd er ljóst að mikil skuldabréfakaup undanfarin ár svo og hin ríkulega ávöxtun, sem sjóðirnir hafa notið af þessum lánum, hafa haft geysilega hagstæð áhrif á stöðu lífeyrissjóðanna. Og þau áhrif eiga eftir að koma skýrar fram er til lengdar lætur. Á hinn bóginn hafa svo sjóðirnir notið góðs af þeim miklu breytingum í vaxtamálum og á verðtryggingar- og fjármagnsmarkaði sem orðið hefur undanfarin ár. Er nú svo komið að bein verðtrygging í útlánum til sjóðfélaga hefur verið tekin upp hjá flestöllum lífeyrissjóðum í landinu. Sú þróun sem hér hefur verið lýst hefur í reynd gerbreytt fjárhagsstöðu lífeyrissjóðanna til hins betra.

Annar þáttur lífeyrissjóðamálanna í þessu landi, sem er mjög gildur og í raun og veru gildari en víðast hvar annars staðar, eru almannatryggingalögin og lífeyrir samkv. þeim. Það hefur orðið mjög veruleg breyting á undanförnum árum, ekki samkv. lögum fyrst og fremst, heldur samkv. reglugerðum sem settar hafa verið um hækkun tekjutryggingar talsvert umfram hækkun grunnlífeyris á hverjum tíma. Ákvæðunum um tekjutryggingu hefur verið breytt margsinnis á þeim 10 árum sem liðin eru frá setningu laganna um eftirlaun aldraðra, m. a. að tilhlutan aðila lífeyrissjóðssamkomulagsins frá

1976 og 1977 og í tengslum við kjarasamninga þeirra.

Um þær breytingar sem orðið hafa í lífeyrismálum á undanförnum 10 árum má nefna margar tölur. Ég ætla að leyfa mér að nefna nokkrar til glöggvunar, sem ég held að sýni ákaflega vel þá miklu breytingu sem hér hefur verið að ganga yfir.

Það má t. d. nefna að í árslok 1974 nutu 6430 ellilífeyrisþegar tekjutryggingar. Hinn 1. okt. 1982 voru 12 400 ellilífeyrisþegar með tekjutryggingu. Þeim hafði því fjölgað um nærri 6 þús. á fimm árum. Fjölgunin kemur enn betur fram ef útgjöld til tekjutryggingar eru umreiknuð til fjölda bótaþega miðað við fulla bótafjárhæð. Þannig svöruðu útgjöldin árið 1974 til þess að fullrar tekjutryggingar nytu 3820 einhleypir ellilífeyrisþegar. Nú er þessi tala komin í 7800. Nemur fjölgunin því 4 þúsundum á þessum tíma og er þarna um tvöföldun að ræða. Samsvarandi tölur fyrir hjón eru 749 árið 1974 og 1800 árið 1979. Hér hefur talan 2.4-faldast á þessum fimm árum.

Á því árabili sem hér um ræðir hafa útgjöld til tekjutryggingar ellilífeyris aukist í krónum um 70% að meðaltali á ári, en árleg meðalhækkun verðlags nam á sama tíma 45%. Þá hefur fólki á ellilífeyrisaldri, þ. e. 67 ára og eldra, fjölgað um 2.5% á ári að jafnaði. Útgjöld til tekjutryggingar ellilífeyris hafa því að meðaltali aukist að raungildi um 14—15% á mann á ári á tímabilinu 1974—1982. Sé litið til bótafjárhæðanna sjálfra má í grófum dráttum segja að ellilífeyrir hafi á undanförnum árum breyst í hátt við kauptaxta, en tekjutryggingin hefur hins vegar hækkað talsvert meira. Kaupmáttur ellilífeyris og tekjutryggingar, þ. e. þeirra lágmarkstekna sem almannatryggingar tryggja ellilífeyrisþegum, hefur þannig aukist nokkuð umfram kaupmátt kauptaxta. Raunar er kaupmáttaraukningin undangengin 5—6 ár svipuð og á ráðstöfunartekjum allra einstaklinga. Yfir lengri tíma séð er hér um að ræða nokkru meiri aukningu.

Eins og menn sjá af þessari upptalningu hefur orðið mjög veruleg breyting á þeim tíma sem hér um ræðir í almannatryggingunum og einnig í hinu almenna lífeyrissjóðakerfi sem um var samið í kringum 1970. Ef reynt er að meta greiðslur lífeyrissjóðanna s. l. átta ár kemur einnig fram að mjög veruleg aukning hefur orðið þar, sem er viðbót við þá aukningu sem orðið hefur í almannatryggingakerfinu. Hallgrímur Snorrason kemst þannig að orði um þetta atriði í fyrrnefndu erindi sínu:

„Þetta má m. a. sjá af því að s. l. átta ár hafa lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða að jafnaði aukist um a. m. k. 11% á ári umfram hækkun kauptaxta og fjölgun fólks á lífeyrisaldri" og raunar gæti þessi aukning verið töluvert vanmetin í tiltækum gögnum. Eftirlaun samkv. lögum um eftirlaun aldraðra hafa hins vegar aukist úr 147 millj. kr. árið 1975 í 7406 millj. gkr. árið 1981 eða nær fimmtugfaldast á sama tíma og kauplag hefur tólffaldast.

Þær breytingar í lífeyrismálum, sem hér hefur nú stuttlega verið gerð grein fyrir, sýna að í þessum málum hefur átt sér stað mjög veruleg þróun í rétta átt. Ég held að menn verði að skoða þessi mál hlutlægt í stað þeirra sleggjudóma sem stundum heyrast um þau. Hinu er ekki að neita, að margt er að í þessu efni. Einkum er það það að lífeyriskerfið er of flókið að mínu mati. Það er ekki nógu skilvirkt eins og er. Það er einnig að í þessu efni að hér er vafalaust um að ræða óþarflega marga aðila sem fara höndum um þetta lífeyriskerfi. Ég held að í heildina tekið hafi hins vegar átt sér stað mjög veruleg framþróun sem ástæða er til að muna eftir. Það er fullvíst að kaupmáttur ellilífeyrisþegans er nú mun betri að jafnaði en hann var fyrir 10—12 árum eða svo. Er þar tvennu fyrir að þakka. Annars vegar stórfelldri aukningu tekjutryggingarinnar sjálfrar og svo hins vegar því að lífeyriskerfið hefur mjög eflst á undanförnum árum og lífeyrissjóðirnir sjálfir eru sterkari en þeir voru vegna verðtryggingarinnar, vegna skuldabréfanna m. a. sem þeir hafa orðið að kaupa af fjárfestingarlánasjóðunum. Þó að margir lífeyrissjóðirnir hafi gagnrýnt það og sent frá sér kvörtunaryfirlýsingar um þessi skuldabréfakaup, þá er alveg fullvíst að þessi útlán hafa hjálpað lífeyrissjóðunum mjög verulega.

Ég ætla, herra forseti, ekki að þreyta þd. á miklu lengri ræðu. Það mætti fara um þetta fleiri orðum en ég geri það ekki að sinni nema tilefni gefist til í umr. Ég tel mig hafa sýnt fram á að sumar fullyrðingarnar, sem hafðar eru í frammi um lífeyrissjóðina, eiga ekki við rök að styðjast og að þessi mál eru flóknari en svo, að unnt sé að afgreiða þau með einföldum sleggjudómum. En vissulega er þar margt sem betur má fara.

Núna er það þannig, að ellilífeyrir er frá næstu mánaðamótum 6106 kr., þ. e. ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót, sem skiptist þannig að ellilífeyririnn er 2399 kr., á mánuði, tekjutryggingin 2789 kr. og heimilisuppbótin 918 kr. Samtals eru þetta 6106 kr. á mánuði eins og áður sagði. Til samanburðar skal þess getið, að 7. taxti Verkamannasambands Íslands eftir fimm ár verður frá næstu mánaðamótum 8061 kr.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Mér þætti vænt um ef unnt væri að halda þannig á málum að nefndin í Nd. fengi að fylgjast með meðferð málsins í þessari deild, því að það er æskilegt og nauðsynlegt reyndar að mál þetta, sem er einfalt í sniðum í sjálfu sér, fái afgreiðslu hér á hv. Alþingi fyrir áramót. Þau lagaákvæði sem hér er verið að framlengja falla ella úr gildi og slíkt mundi hafa í för með sér alvarlega réttaróvissu fyrir lífeyrissjóðakerfið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sen hér er til umr., er gamalkunnugt hér á Alþingi að ekki sé nú sagt góðkunningi alþingismanna. Það hefur verið flutt nokkur undanfarin ár og lögin hafa gilt til eins árs í senn.

Skatturinn var fyrst á lagður 1979 og hafa ekki verið gerðar breytingar á þessari sérstöku skattlagningu síðan þá. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þessa skattlagningu, en hún nemur eins og áður 1.4% af skattstofni.

Í tekjuáætlunum með fjárlagafrv. fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir þessari skattlagningu og þar er reiknað með að skatturinn gefi við álagningu 54.7 millj. kr., en að

innheimtan muni skila 49.5 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Herra forseti. Þar sem svo oft áður hefur verið gerð grein fyrir þessu frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða hér um það, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég get ekki tekið undir þau orð hæstv. fjmrh. að þetta sé gamall og góður kunningi þm. Ekki er það góður kunningi og ekki er það mjög gamalt, en ef eitthvað er mætti kannske helst kalla þetta gamlan draug hér í þingsölum.

Þessi skattur var fyrst lagður á árið 1979, eins og hæstv. ráðh. ræddi um, og við Alþfl.-menn áttum þá aðild að því. Þessi skattur var þá hugsaður sem liður í tímabundnum ráðstöfunum. En eins og önnur skattheimta, einkanlega hin seinni árin, hefur þetta gjald festst í sessi og er orðið fastaskattur, sem aldrei var ætlunin.

Í fyrra lögðum við þm. Alþfl. til að þessi skattur yrði þá lækkaður um helming, þ. e. að hann yrði felldur niður í tveimur áföngum, vegna þess að þessi skattur átti aldrei að standa til eilífðarnóns eins og nú er gert ráð fyrir. Till. okkar um að fella þennan skatt niður í áföngum á tveimur árum, sem hefði verið vel viðráðanlegt og vel framkvæmanlegt, var felld. Þá lýstum við því yfir að við mundum greiða atkvæði gegn þessum skatti ef hann yrði enn lagður fram á næsta þingi. Það hefur nú verið gert og ég ítreka því þá afstöðu okkar þm. Alþfl. að við nú munum greiða atkv. gegn þessari skattlagningu af þeim ástæðum sem ég hef þegar rakið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 16). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 22). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir er samhljóða frv. sem sömu flm. fluttu á síðasta þingi, þeir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, Vilmundur Gylfason og Guðmundur G. Þórarinsson auk mín. Frv. fjallar um að skattur samkv. fasteignamati á sumarbústaðalóðum og mannvirkjum á þeim lækki í fjórðung úr prósentu frá núgildandi lögum. Lögin eru þess efnis að það sé tekið ½% í skatt af sumarbústaðalóðum og mannvirkjum á þeim samkv. fasteignamati, en jafnframt er heimild í gildandi lögum til hækkunar eða lækkunar um ¼%. Flm. endurflytja þetta frv. nú vegna mjög margra óska frá einstaklingum og félagssamtökum hér í þéttbýlinu um að fá létt á þessari kvöð.

Það er öllum kunnugt um að þéttbýlisbúar hafa í vaxandi mæli lagt upp úr því að þeir hefðu aðstöðu til að dvelja utan þéttbýlissvæðanna í tómstundum og það er ekkert óeðlilegt við að borgarbúar leggi mikið upp úr því að eignast sína eigin lóð í nágrannasveitum okkar og koma upp húsi þar. Ég geri ráð fyrir að það sé ekki aðeins þeim sjálfum til yndisauka, heldur og umhverfinu, því að það er til mikillar fyrirmyndar hvernig þetta fólk hefur ræktað í kringum sín hús og á sinni lóð. Það er hætt að teljast til fríðinda í nútímaþjóðfélagi að geta notið þess. Því sjáum við flm. ekki ástæðu til þess að það sé verið að halda inni í þessum lögum því ákvæði sem bókstaflega, að mati þeirra sem undir þetta ákvæði falla, má kalla okur, hafandi í huga að þessi hús eru aðeins notuð lítinn hluta úr hverju sumri, en á þau eru lögð sömu gjöld og um ársíbúð væri að ræða.

Ég tel að slík ákvæði í lögum spilli sambúðinni á milli þéttbýlis- og dreifbýlisbúa og þó ekki væri nema vegna þess sjónarmiðs eigi að lagfæra þetta ákvæði. Ef hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, vill ekki verða við þeirri ósk að mæla með breytingu þeirri sem í frv. felst óska ég eftir að hún taki ákvæði um það inn í þessi lög að fólkið úr þéttbýlinu fái einhverja þjónustu frá viðkomandi sveitarfélögum á móti. Það er eins og dreifbýlisbúarnir sem þarna eru aðilar geri ekki annað en gera kröfur á fólk sem hefur eignast afnotarétt af sumarbústaðalóðum og komið sér upp húsum þar, en séu alls ekki tilbúnir að koma á móti með neina þjónustu.

Ég hafði ekki ætlað mér að efna hér til neinnar alvarlegrar umr. á þessu stigi um þetta. Við teljum það flm., að hér sé um réttlætis- og sanngirnismál að ræða. Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. félmn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil undirstrika að það er sjálfsagt að reyna að stuðla að því sem best má verða að sem best samskipti séu á milli íbúa í dreifbýli og í þéttbýli og ég sé ekkert á móti því að þéttbýlisbúar fái aðstöðu til tómstundadvalar úti á landsbyggðinni, en mér fannst í framsögu hv. 1. flm. kenna dálítillar einsýni. Hann dró ekki fram hlut þeirra sveitarfélaga sem þarna eru að skattleggja.

Ég er alveg á því að ekki megi skattleggja sumarbústaðalönd og mannvirki þar með neinu óhófi, enda tel ég að tæplega sé hægt að segja að það hafi verið gert. Mörg þessi sveitarfélög þurfa á tekjum að halda vegna þess að það land sem fer undir sumarbústaði og það starf sem hér um ræðir verður ekki notað til tekjuöflunar í þágu sveitarfélagsins á hefðbundinn hátt. Þá sé ég ekkert í veginum fyrir því að sveitarfélögin fái að eiga þarna tekjustofn í staðinn fyrir þann tekjustofn sem glatast þegar landið er ekki lengur notað til búskapar og ekki skattlagt á hefðbundinn hátt. Þetta verður að sjálfsögðu að gerast með hófi og þetta má ekki gera skipulagslaust.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa um þetta sem best samstarf allra aðila og samkomulag. Margir sumarbústaðir og mörg sumarbústaðahverfi eru mjög til fyrirmyndar, en sums staðar hafa orðið átakanleg slys. Það hafa verið reistir sumarbústaðir þar sem ekki hefur verið skynsamlegt að setja þá og þeir eru þar illa komnir. Mig minnir að á síðasta þingi eða næsta þar áður hafi verið sett á stofn nefnd einmitt til að vinna að þessum málum. Ég man ekki betur en að við kysum ágæta menn

á þinginu í fyrravor í það starf. Ég held að starf þeirrar nefndar þyrftum við að efla.

Ég vil mótmæla því að sveitarfélögin séu að blóðmjólka sumarbústaðaeigendur. Ég hvet til góðs samstarfs, en ég er ekki alveg viss um að þarna sé verið að fara fram á rétta prósentu og treysti því að hv. nefnd, sem málið fær til umfjöllunar, geri þá á því lagfæringar og afgreiði það a. m. k. ekki nema að vel athuguðu máli.

Fleira var það ekki, herra forseti.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ekki veit ég hvaðan hv. síðasti ræðumaður hefur haft orðið „að blóðmjólka". Það þekkist ekki í mínu kjördæmi eða í næstu kjördæmum við. Þetta hlýtur að vera fengið að norðan og hv. þm. eitthvað þekkja til þess þar.

Það sem hér er verið að leggja til er að ósanngjörnum skatti sé breytt í sanngjarnan skatt. Ég held að það geti enginn maður borið á móti að það er ekki sanngjarnt að leggja skatt byggðan á sama grundvelli og lagður er á íbúðarhúsnæði, sem er í notkun t. d. á höfuðborgarsvæðinu allt árið, á þessi hús, sem fólk héðan úr Reykjavík og af öðrum þéttbýlissvæðum notar kannske í einn til í mesta lagi þrjá mánuði á ári. Það má til sanns vegar færa að þetta sé að blóðmjólka okkur Reykvíkinga.

En það er gert undir fleiri kringumstæðum, hv. þm. Páll Pétursson. Ég tek það fram, að ég er ekki að tala um neitt hús sem ekki er á skipulögðu svæði. Ég er að tala um heilu jarðirnar sem eru í eigu félaga og samtaka þeirra, þar á meðal verkalýðsfélaga. Ég er að tala um jarðir sem hafa verið teknar á langtímaleigu og skipulagðar að fullu. Ég er að tala um einstakar lóðir sem hefur verið borgað fullt verð fyrir heim í það sveitarfélag hvar viðkomandi eigandi hefur búið. Að einhverjum notum hljóta þeir fjármunir að hafa komið viðkomandi sveitarfélagi. — Ég er að tala um slíkar jarðir. En á þær og eigendur lóða þar hefur verið lagður annar skattur líka. Sumarbústaðaeigendur hafa sumir hverjir, veit ég, þar sem ég þekki vel til, lagt varanlega vegi um einkajarðir sínar. Þeir eru skattlagðir árlega af þessum einkavegum sínum, en þeir fá enga þjónustu í staðinn frá sveitarfélagi og því síður frá Vegagerð ríkisins. Þetta kalla ég að blóðmjólka.

Þetta eru svo sem ekki einu dæmin sem við þéttbýlisbúar höfum um að það sé talið sjálfsagt að fara þannig með okkur og er ekki til þess fallið að bæta sambúðina á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Ég tel því að þetta hógværa frv. verði nokkur þolraun fyrir boðendur hins góða sambýlis í framtíðinni, það sé nokkur prufa á vilja þeirra eða hvort hann sé eins og endranær alltaf í orðum þeirra þegar þeir koma upp í þinginu eða á mannamótum annars staðar og þar við sitji.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 20). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég endurflyt hér ásamt hv. 10. þm. Reykv. frv., sem við höfum flutt á þremur undanförnum þingum, um breytingu á lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Frv. þetta miðar að því að tryggja betur en nú er gert að sú meginregla, sem upphaflega átti að gilda um opinberar framkvæmdir, að þær yrðu að jafnaði unnar samkv. tilboði á grundvelli útboðs, verði betur tryggð en núgildandi löggjöf gerir.

Með lögum um skipan opinberra framkvæmda frá 1970 voru sett í ákvæði lög um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó var heimilt að víkja frá þessu ef verk væri þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teldist ekki mundu gefa góða raun, en þá þurfti að fá umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir.

Þegar skoðuð er grg. með þessu frv., sem á sínum tíma var lagt fram, kemur þar m. a., með leyfi forseta: „Frv. gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist." Í athugasemdum við 13. gr. frv. sagði: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum".

Samkv. þessu held ég að það fari ekkert milli mála að það var meining löggjafans á sínum tíma að það ætti að vera meginreglan að verk opinberra stofnana yrðu unnin samkv. útboði. Í reynd hefur þetta þó orðið nokkuð á annan veg.

Ég hef nokkrum sinnum spurt hæstv. samgrh. að því, hvernig hagað sé útboðum nokkurra ríkisstofnana sem undir hann heyra, þ. e. Vegagerð ríkisins, Hafnamálastofnun og flugmálastjórn. Í grg. með þessu frv. eru saman dregin helstu atriðin í svörum hans og ég skal ekki endurtaka þau hér, en af þeim má sjá að því fer fjarri að þessi meginregla laganna hafi verið framkvæmd. Það má segja að það sé undantekning frekar en meginregla að útboð sé framkvæmt því að svo mikill minni hluti verka hjá þessum stofnunum er unninn samkv. útboði, þó að það sé misjafnt eftir stofnunum og greinilega misjafn áhugi hjá hinum ýmsu stofnunum að fara þessa leið.

Það hefur komið fram að lagagrundvöllur fyrir því að víkja svo frá lögunum sem raun ber vitni er að mati þessara stofnana fólginn í því að í 3. mgr. 21. gr. gildandi laga segir svo: „Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni".

Það er þessi grein sem hefur verið túlkuð svo rúmt að það sé ekki aðeins heimilt að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón með þessum verkum, heldur að hafa framkvæmdirnar í höndum sjálfar. Þetta frv. gerir ráð fyrir að setja undir þennan leka, að tryggja betur en nú er að það verði aðalreglan að útboð skuli fara fram.

Hins vegar er gert ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. að ráðh. sé heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Ég hef í framsögu með þessu frv. á fyrri þingum flutt nokkuð ítarlegan rökstuðning fyrir því hvers vegna útboð séu æskileg og reyndar nefnt ýmis dæmi um það hjá hinum ýmsu stofnunum að útboð hafa skilað árangri, verk hafa verið ódýrari, betur undirbúin og allt uppgjör þeirra vegna miklu auðveldara að verki loknu og allur samanburður um hvað raunverulega hafi farið úrskeiðis

miklu auðveldari. Ég ætla ekki að endurtaka þau orð hér. Eins og ég sagði er þetta frv. hér flutt núna í fjórða sinn.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Ég segi þó, að það er ekki með glöðu geði að ég geri þá tillögu, þó að ég geri mér grein fyrir að málefnisins vegna eigi þetta frv. þar heima. Ástæðan er sú, að nefndin hefur þegar á þremur þingum haft þetta til umfjöllunar án þess að skila um það áliti og því miður hefur reynslan verið sú, að þmfrv. sem fara inn í fjh.- og viðskn. eiga undantekningarlítið ekki afturkvæmt þaðan. Ég vil eindregið beina þeim tilmælum til fjh.- og viðskn. þessarar deildar að hún geri annað og meira en afgreiða eingöngu frv. ríkisstj. frá sér, þó að ég geri mér grein fyrir að þar sé um mikilvæg mál að tefla þar sem eru helstu efnahagsmál sem þetta háa Alþingi fjallar um.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. um breyt. á lögum nr. 67 frá 1971 um almannatryggingar, er auk mín flutt af hv. þm. Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Karvel Pálmasyni og Sighvati Björgvinssyni.

Frv. er einfalt í sniðum, en hefur þó, ef samþykkt verður, áhrif til hagsbóta fyrir þá rúmlega 1740 elli- og örorkulífeyrisþega sem úr minnstu hafa að spila, án þess að kosta mjög mikið ef miðað er við aðrar greiðslur almannatrygginga.

Frv. gengur út á að heimila Tryggingastofnun ríkisins að tvöfalda svokallaða vasapeninga, sem þeir einir fá greidda sem eru algjörlega tekjulausir og eru langdvölum á dvalarheimilum aldraðra, hjúkrunarheimilum, sjúkrahúsum og öðrum stofnunum þar sem almannatryggingar greiða vistunarkostnaðinn beint eða óbeint að miklu eða öllu leyti.

Í núgildandi lögum segir að þessar greiðslur megi nema allt að 25% af lágmarksbótum. Þetta ákvæði var sett í lög þegar lítill munur var á lágmarksbótum og hámarksbótum, þ. e. áður en tekjutrygging var tekin upp. Nú er þessi munur mikill.

Frv. gerir ráð fyrir að í stað „allt að 25% af lágmarksbótum“ komi: allt að 40% af hámarksbótum. Þetta heimilar tvöföldun „vasapeninganna“ frá því sem nú er og vel það.

Í ágústmánuði s. l. voru það 1742 sem fengu „vasapeninga“ greidda, 1080 ellilífeyrisþegar og 662 örorkulífeyrisþegar. Þetta fólk hefur, eins og áður segir, alls engar aðrar tekjur og á engan rétt í lífeyrissjóðum eða neitt í þá áttina. Stofnun almennra lífeyrissjóða árið 1970, lögin um eftirlaun til aldraðra árið 1979 og í framhaldi af þeim lögin um skylduaðild að lífeyrissjóði valda því, að því fólki fer ört fækkandi, sem betur fer, sem kemst á eftirlaunaaldur og alls engar tekjur hefur aðrar en bætur almannatrygginga. Umræddum bótaþegum má skipta í tvo hópa: Annars vegar eru þeir sem lokið hafa langri starfsævi án þess að hafa öðlast neins konar réttindi í lífeyrissjóðum. Hins vegar eru þeir sem vegna sjúkdóma eða örorku hafa ekki getað unnið á hinum almenna vinnumarkaði og því ekki haft tækifæri til að vinna sér réttindi í lífeyrissjóðum.

„Vasapeningarnir“ eru frá 1. sept. s. l. 742 kr. á mánuði. Sjá allir að það dugar skammt til greiðslu á ýmsum nauðsynjum, svo sem fatnaði og tóbaki þar sem um það er að ræða, að ekki sé talað um ýmis áhugamál sem margt af þessu fólki að sjálfsögðu hefur. Nú hefur verið tilkynnt að „vasapeningar“ muni hækka 1. des. um 7.72%, þegar verðbólgan hækkar um 17.51%. Nú á að skerða greiðslu til þessa fólks um 10%. Þetta fólk, sem hefur 742 kr. á mánuði, er látið sitja í sama báti og venjulegir launþegar. Það á að skerða í reynd um 10% þessar smánargreiðslur.

Það er skoðun flm. þessa frv. að „vasapeningana“ þurfi að tvöfalda og það fljótt. Heildarkostnaður á ári miðað við verðlag í dag vegna „vasapeninganna“ er 15.6 millj. kr. eða liðlega 1/2% af greiðslum almannatrygginga. Tvöföldun þeirra kostar þá auðvitað sömu upphæð eða 15.6 millj. kr. Þessi upphæð fer hlutfallslega verulega lækkandi á næstu árum vegna þess, eins og áður segir, að þeim fækkar nú ört sem komast á eftirlaunaaldur án þess að eiga einhvern rétt í lífeyrissjóðum.

Það er varla vansalaust fyrir þjóðfélagið að huga ekki betur en nú er gert að kjörum þessa fólks, sem ýmist hefur unnið langan vinnudag án þess að öðlast neins konar réttindi í lífeyrissjóðum eða hefur ekki vegna sjúkdóma eða örorku haft tækifæri til að vinna sér inn slík réttindi. Þessu frv. er ætlað að bæta nokkuð þar úr.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 19). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 19 hef ég leyft mér ásamt Sighvati Björgvinssyni, Karvel Pálmasyni, Magnúsi H. Magnússyni, Árna Gunnarssyni, Jóni Baldvin Hannibalssyni og Guðmundi J. Guðmundssyni að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Frvgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aftan við 13. gr. komi nýjar mgr., svohljóðandi:

Verðlagsstofnun skal mánaðarlega gefa út verðkynningarrit þar sem fram kemur verð og verðlagsbreytingar á öllum helstu þáttum vöru og þjónustu sem Verðlagsstofnun fjallar um eða fær til staðfestingar. Ef um er að ræða verðlagsbreytingar á vöru og þjónustu umfram almenna verðlagsþróun skal gefa á því sérstakar skýringar.

Auk þess skal í verðkynningarritinu fjallað um breytingu á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

Fyrirkomulag dreifingar skal ákveðið af Verðlagsstofnun, en skal þó þannig háttað að tryggt sé eins og kostur er að það nái til sem flestra neytenda.

Á fjárlögum ár hvert skal Verðlagsstofnun standa

undir útgáfukostnaðinum."

Eins og allir vita er því almennt haldið fram, að í skjóli myntbreytingarinnar hafi átt sér stað óeðlilegar verðlagshækkanir og verðlag á mörgum vörum hafi hækkað langt umfram almenna verðlagsþróun. Víst er um það, að hver getur dæmt það af eigin buddu að sífellt virðist stærri skerfur launanna fara í kaup á matvörum og brýnustu nauðsynjum. Með fullgildum rökum er þó varla hægt að halda fram að almennt sé um óeðlilegar verðlagshækkanir að ræða nema fram fari ítarleg könnun á allri verðlagsþróun frá myntbreytingunni, sem raunverulega sýni fram á slíkt. Reyna þyrfti t. d. áhrif erlendra kostnaðarhækkana, þar sem um það er að ræða, og einnig hvort á því séu eðlilegar skýringar ef ýmsar vörutegundir fara fram úr almennri verðlagsþróun.

Þótt úrtakskannanir hafi verið gerðar á vegum Verðlagsstofnunar til að kanna áhrif myntbreytingarinnar á vöruverð, þá er það mín skoðun að hvergi hafi verið nægjanlega að því staðið af hálfu stjórnvalda að halda uppi nauðsynlegu aðhaldi og eftirliti sem tvímælalaust var nauðsynlegt í kjölfar myntbreytingarinnar. Hefðu t. d. kannanir Verðlagsstofnunar strax í upphafi þurft að verða ítarlegri og yfirgripsmeiri, auk þess sem fylgja hefði þurft skipuleg verðkynning á þeirri þróun sem varð á verði vöru og þjónustu í kjölfar myntbreytingarinnar þannig að hægt hefði verið að efla verðskyn neytenda og halda uppi nauðsynlegu eftirliti.

Miðað við þá almennu skoðun, sem uppi er í þjóðfélaginu, að óeðlilegar verðlagshækkanir hafi átt sér stað frá myntbreytingunni, þá gæti verið æskilegt og gagnlegt að gerð væri ítarleg könnun og úttekt á allri verðlagsþróun vöru og þjónustu frá myntbreytingunni, en á það ber að líta að þar sem tvö ár eru liðin frá myntbreytingunni yrði slík könnun mjög tímafrek, viðamikil og kostnaðarsöm og greinilega ýmsum annmörkum háð þar sem svo langt er um liðið.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að leitað sé nýrra leiða til að halda uppi virkara aðhaldi og eftirliti með allri verðlagsþróun vöru og þjónustu, sem jafnframt gæti eflt verðskyn neytenda og þekkingu á vöruverði og þróun þess.

Það er almenn skoðun að bæði myntbreytingin og óðaverðbólgan hafi ruglað mjög verðskyn neytenda. Það þarf ekki að undrast slíkt því að þær öru verðlagsbreytingar, sem sífellt eru að eiga sér stað, gera það að verkum að neytendur almennt festa sér ekki einu sinni í minni á hvaða tug verðlag á brýnustu nauðsynjum stendur þó um sé að ræða vörur sem notaðar eru frá degi til dags. Fólk stendur varnarlaust frammi fyrir þessu og þeim tíðu hækkunum, sem verða á vöru og þjónustu, því að því er ekki búin aðstaða til að fylgjast með þeim hækkunum sem verða.

Flestir eru sammála um að nauðsynlegur þáttur í aðhaldi og eftirliti með allri verðlagsþróun sé virkt neytendaeftirlit, en það er ekki nóg að tala um virkt neytendaeftirlit þegar neytendum er ekki búin aðstaða til að flylgjast með þeim öru verðbreytingum sem eiga sér stað svo að þeir geti gert sér grein fyrir réttmæti þeirra verðlagsbreytinga sem sífellt dynja yfir. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, miðar einmitt að því að gera neytendum að einhverju leyti kleift að halda uppi slíku eftirliti því að við núverandi aðstæður er það gersamlega útilokað. Ég tel að ef sú leið væri farin, sem í þessu frv. felst, opnuðust möguleikar til að efla verðskyn neytenda og koma á nokkuð virku neytendaeftirliti.

Eins og fram kemur í grg. er nauðsynlegt að með slíku verðkynningarriti komi fram upplýsingar um verð og verðlagsbreytingar sem eiga sér stað frá mánuði til mánaðar á helstu nauðsynjavörum og allri algengri þjónustu. Nefna má upplýsingar um leyft hámarksverð þar sem um það er að ræða, heimildir til hlutfallslegrar verðhækkunar, ákvæði um álagningu ýmissa vöruflokka, auk upplýsinga um gjaldskrár og verðtaxta sem sett er af einstökum stéttum og þjónustuaðilum. Einnig væri brýnt að í slíku riti kæmu fram skýringar ef um verðlagsbreytingar er að ræða umfram almenna verðlagsþróun þannig að neytendur geti áttað sig á orsök þess ef um óvenjumiklar verðlagsbreytingar er að ræða. Einnig er lagt til í frvgr. að fjallað sé um allar breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi, sem ég tel mjög mikilvægt. Þannig kæmu fram í verðkynningarritinu upplýsingar um vörur sem felldar hafa verið undan verðlagsákvæðum. Því yrði síðan fylgt eftir í verðkynningarritinu hvernig slík breyting gefst auk þess sem neytendur sjálfir geta betur glöggvað sig á hver þróun vöruverðs verður ef vörur eru felldar undan verðlagsákvæðum.

Í grg. er einnig gerð nokkur grein fyrir hvað gert hefur verið af hálfu Verðlagsstofnunar til að efla verðskyn neytenda, en nokkur tölublöð hafa verið gefin út af Verðlagsstofnun af riti sem kallað hefur verið „Verðkynning frá Verðlagsstofnun." Einnig hefur verið hleypt af stokkunum nýrri könnun, sem nýlega er hafin, en það er aðeins tímabundin könnun sem standa á fram að jólum, og auk þess er sú könnun, sem nú hefur verið hrundið af stað, ekki nærri eins ítarleg og hér er lagt til og einnig er nauðsynlegt að slík könnun eða slíkt verðkynningarrit sé reglulega í gangi.

Það er erfitt að gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem af þessu verðkynningarriti mundi leiða, en líklega verður að telja að hann geti skilað sér aftur ef slíkt mundi efla verðskyn neytenda og stuðla að virkara aðhaldi og eftirliti með allri verðlagsþróun.

Með frv. er kveðið á um að fyrirkomulag dreifingar skuli ákveðið af Verðlagsstofnun, en skuli þó þannig háttað að tryggt sé eins og kostur er að það nái til sem flestra neytenda. Rétt þykir að hafa þann háttinn á, en binda það ekki í löggjöf nákvæmlega hvernig dreifingu skuli háttað. Má hugsa sér á því margs konar fyrirkomulag. Best færi að dreifing gæti verið gegnum póstþjónustu og yrði kynningin borin reglulega á hvert heimili í landinu. Einnig mætti hugsa sér það fyrirkomulag, að verðkynningarrit lægi frammi í öllum matvöruverslunum, hjá ýmsum þjónustuaðilum, svo sem biðstofum lækna, hárgreiðslustofum og fleiri slíkum sambærilegum stöðum. Einnig er ein leiðin sú, að Verðlagsstofnun dreifi slíku riti á vinnustöðum og hefði um það samráð við samtök launafólks, t. d. á þann hátt að dreifing ætti sér stað gegnum trúnaðarmannakerfið á hinum ýmsu vinnustöðum. Sú hugmynd var einmitt uppi hjá Verðlagsstofnun varðandi það rit sem ég áður lýsti og Verðlagsstofnun hefur gefið út, en hefur þó ekki komist til framkvæmda.

Herra forseti. Að lokum má nefna það, að ef það sýnir sig að þessi tilraun, sem hér er lagt til að gerð verði, skili ekki tilætluðum árangri, þá er hægur vandi að endurmeta þetta ákvæði verðlagslöggjafarinnar og leita nýrra leiða að því markmiði að efla verðskyn neytenda og halda uppi virku aðhaldi og eftirliti með allri verðlagsþróun.

Ég vil að lokum gera það að tillögu minni, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 53). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er auk mín flutt af hv. þm. Karvel Pálmasyni, Sighvati Björgvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur. Höfuðtilgangur frv. er að greiða úr ríkissjóði þann hluta persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts sem ekki nýtist til lækkunar álagðra gjalda viðkomandi gjaldanda, en sá háttur er nú hafður á um barnabætur. Þetta fyrirkomulag mundi bæta hag hinna verst settu, þeirra sem lægst hafa launin, bótaþega almannatrygginga og annarra sem af einhverjum ástæðum hafa mjög bág kjör.

Hér er um neikvæðan tekjuskatt að ræða til hagsbóta hinna verst settu og lið í þeirri afkomutryggingu sem Alþfl. beitir sér fyrir og um leið þátt í tillögugerð flokksins um mótun nýrrar efnahagsstefnu.

Á tímum sem þessum, þegar hver kjaraskerðingin rekur aðra, er nauðsynlegt að verja þá verst settu fyrir frekari kjaraskerðingum og er frv. liður í þeirri viðleitni. Fleira kemur til. Þrátt fyrir góðan vilja heildarsamtaka launafólks heldur launabilið í þjóðfélaginu áfram að breikka. Hinir tekjuhærri hafa yfirleitt mun betri aðstöðu en láglaunafólk til að knýja fram hækkanir í ýmsum myndum umfram þær almennu hækkanir sem um semst í heildarkjarasamningum. Það er skoðun flm. þessa frv., að löggjafinn verði að beita sér meira en hingað til hefur verið gert til að rétta hlut þeirra sem bera hann skarðastan frá borði við gerð kjarasamninga og við ákvörðun tryggingabóta. Frv. er liður í þeirri viðleitni.

Því er svo enn við að bæta, að lagfæringar á skattalögum skattþegnum í vil koma yfirleitt ekki þeim verst settu að gagni nema að sá hluti persónuafsláttar sem ekki nýtist til lækkunar gjalds viðkomandi verði greiddur út. Á síðasta þingi voru a. m. k. tvö lagafrv. flutt um að bæta mismun upphitunarkostnaðar íbúðarhúsa hér á landi í gegnum skattakerfið, gera upphitunarkostnaðinn frádráttarbæran. Í báðum tilvikum voru höfuðröksemdirnar gegn frv. þær, að þau næðu ekki til skattleysingjanna, ekki til þeirra sem enga skatta greiddu og þá um leið ekki til þeirra sem helst þyrftu bótanna við. Þetta er rétt. Þessu frv. er ætlað að opna möguleika á því að nota skattakerfið til raunhæfra láglaunabóta.

Eins og áður segir nær frv. aðeins til þeirra allra tekjulægstu og þeirra sem verst hafa kjörin. Þannig fær einstaklingur ekki endurgreiðslur fyrr en árslaunin eru komin niður undir 62 þús. og ekki fullar endurgreiðslur, 8680 kr., nema launin fari niður í 39 þús. á ári. Hjá einstaklingi í námi eru mörkin þannig, að greiðslur byrja við 79 þús. kr. árstekjur og verða fullar við 55 þús. kr. árstekjur. Hjá einstæðu foreldri með tvö börn byrja greiðslurnar við 73 þús. kr. árstekjur og verða fullar við 50 þús. kr. árstekjur. Hjá barnlausum hjónum byrja greiðslur við 105 þús. kr. árstekjur og verða fullar eða 17 þús. 350 kr., ef árstekjur fara niður í 60 þús. kr. Hjá hjónum þar sem annað fær elli- eða örorkustyrk eru mörkin þannig, að greiðslur byrja við 120 þús. kr. árstekjur og verða fullar 17 360 kr. við 72 þús kr. árstekjur og þar fyrir neðan. Ef um er að ræða hjón, sem bæði eru elli- og örorkulífeyrisþegar og njóta tekjutryggingar, byrja greiðslur við 136 þús. kr. árstekjur og verða fullar við 81 þús. kr. árstekjur.

Ég skal vera fyrsti maður til að viðurkenna að þessar endurgreiðslur þyrftu í mörgum tilvikum að vera hærri. Aðalatriðið er að fá viðurkenningu á því að ónýttur persónuafsláttur skuli greiðast út. Þá og þá fyrst er hægt að nota skattakerfið til greiðslu láglaunabóta og til launajöfnunar fyrir þá tekjulægstu.

Þær upphæðir sem um getur í 1. gr. frv. eru byggðar á sömu skattvísitölu og fjárlagafrv. fyrir 1983 gerir ráð fyrir, þ. e. 152 miðað við 100 árið 1982.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orlof, frv. (þskj. 58). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Hér er um að ræða þskj. 58, frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1971, um orlof, og er þetta 57. mál 105. löggjafarþings. Flm. eru auk mín hv. þm. Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinsson og Guðrún Helgadóttir.

Hér er um að ræða, herra forseti, einungis mjög smávægilega orðabreytingu við 1. gr. orlofslaganna, en þar er lagt til að við bætist ein mgr. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. maí til 31. maí og 1. sept. til 15. sept., nema sérstakt samþykki launþega komi til.“ Síðan er í 2. gr. lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi eins og venja er. Grg. með frv. er örstutt eins og hv. alþm. sjá.

Herra forseti. Þetta frv. er flutt að höfðu samráði við allnokkra launþega sem starfa á stærri vinnustöðum hér í Reykjavík og nálægt Reykjavík. Það hefur valdið launafólki á slíkum vinnustöðum, sérstaklega þar sem ég þekki nokkuð til, í álverinu í Straumsvík af mjög eðlilegum ástæðum mikilli óánægju að sumarleyfi eru skipulögð fyrir fram og oft þannig að launafólkið sjálft hefur ekkert um það að segja hvenær sumarleyfi eru tekin.

Það sjá náttúrlega allir í hendi sér að ákaflega óþægilegt er fyrir fólk ef það er hugsanlega skikkað til að taka sér sumarleyfi á því tímabili sem hér um ræðir, annaðhvort í maí eða fyrri helming septembermánaðar. Ég nefni t. d. launafólk sem á börn á skólaaldri, en eins og kunnugt er hefjast skólar víðast hvar 1. sept. Annaðhvort er skóli því hafinn, skólafólk í prófum eða annað slíkt á döfinni. Mér er kunnugt um það, herra forseti, að mjög víða hefur þetta fyrirkomulag valdið launafólki mjög verulegum óþægindum. Ég hygg að ég fari rétt með þegar ég segi að um þessi mál sé gott samkomulag annars vegar milli þeirra sem reka fyrirtækin og hins vegar þeirra sem taka laun í fyrirtækjum af miðlungsstærð og þaðan af smærri. En í fyrirtækjum yfir miðlungsstærð og þeim allra stærstu veldur þetta iðulega miklum óþægind-

um.

Nú þarf auðvitað enginn að fara í grafgötur með að hér kemur ekki til illur vilji eins eða neins, heldur er það svo, að orlofslögin, þau sem sett voru 1971, eru mjög rúm í þessum efnum. Vitaskuld reyna fyrirtækin að skipuleggja sína starfsemi innan þess ramma sem ríkjandi lög gera ráð fyrir. Hér er lagt til að heimildir fyrirtækjanna séu þrengdar þannig að um þvinguð sumarleyfi, ef ég má nota þannig orð, sé ekki að ræða nema í mánuðunum júní, júlí og ágúst, en sé um að ræða sumarleyfi fyrir launafólk utan þessa tíma þurfi sérstakt samþykki þess að koma til. Mér sýnist satt að segja, herra forseti, að sé þetta mál skoðað vandlega sé um að ræða stórmál fyrir þá sem hlut eiga að máli, en í raun og veru aldeilis sérstakt sanngirnismál.

Mér er um það kunnugt, að sums staðar hjá fyrirtækjum hafa menn verið að reikna hvort þetta hafi aukakostnað í för með sér. Einhvern aukakostnað getur þetta haft í för með sér, en aðallega held ég þó hitt, að með því að skipuleggja svolítið öðruvísi, — þá er ég að reyna að setja mig í spor fyrirtækjanna — sé hægt að komast mjög haganlega framhjá því. Aðalatriðið er vitaskuld, og það sér hvert barn, að það er skerðing á mannréttindum að skylda menn gegn vilja sínum til að taka út sitt sumarleyfi framarlega í maí eða seint í sept. þegar heimilis-, fjölskylduhagir og hvað annað getur aldeilis staðið andspænis slíku.

Þetta frv., herra forseti, var flutt áður á síðasta þingi, á 104. löggjafarþingi, og þá var það komið í gegnum sex umr., hafði að vísu verið gerð svolítil breyting hér og breyting aftur í Ed., og átti eftir eina umr. hér í Nd. aftur þegar hv. þm. Friðrik Sophusson bað um frekari skoðun á málinu og varð það málsins bani. Það sem ég hygg að hafi vakað fyrir þm. var það, að fyrirtæki fengju að reikna sinn hag betur. Út af fyrir sig er það skiljanlegt sjónarmið. En þannig var, að hér var komið á næstsíðasta dag þings og með þeirri frestun sem varð dagaði þetta mál uppi. Nú er það endurflutt óbreytt og flm. eru þeir fjórir hv. þm. sem nefndir voru hér í upphafi.

Menn höfðu það á móti þessu máli í fyrra, og nefni ég þar til hv. 7. þm. Reykv. Guðmund J. Guðmundsson, að þetta ætti að vera samningsmál í frjálsum samningum og um slíka hluti ætti ekki að setja lög. Nú vil ég taka undir að í prinsippinu eiga samningar að vera frjálsir og menn og samtök þeirra að semja frjálst og bera sjálf ábyrgð á niðurstöðum þeirra samninga. Ég nefni kjaramál, ég nefni fiskverð, ég nefni landbúnaðarmál, ég nefni önnur slík grundvallarmál þessa samfélags. Ég vil bæta því við, að mikið af þeirri efnahagslegu ógæfu sem yfir okkur dynur þrátt fyrir verulegt ytra góðæri held ég að megi rekja til samninga, sem menn gera, en bera samt í raun og veru enga ábyrgð á. M. ö. o. vil ég í prinsippinu fallast á að samningar eiga að vera frjálsir og menn eiga að bera á þeim ábyrgð og hafa frumkvæði.

Engu að síður er það svo, að mörg af meiri háttar réttindamálum launafólks hafa aldrei unnist með því sem menn kalla frjálsa samninga. Ég lít þá aftur í söguna og get nefnt vökulögin og orlofsmálin vítt og breitt. Þau hafa áunnist með lögum, sem stundum og að hluta eiga sér rætur í samningum, en þó ekki alfarið. Þannig má segja t. d. um lögin, sem sett voru 1971, að að hluta til hafi þau átt rætur í frjálsum samningum. Af þessum ástæðum verða jafnvel þeir menn sem prinsipfastastir standa að frjálsum samningum að gera sér ljóst að sumt er þannig vaxið að löggjöf er betur fallin til framfara en samningar. M. ö. o.: þó sá, sem er 1. flm. að þessu frv., telji sig harðan talsmann frjálsra samninga verður á sama tíma að gera sér ljóst að sumt er og verður löggjafarefni.

Ástæðan fyrir því að jafnágætur talsmaður fjöldahreyfingar eins og verkalýðshreyfingarinnar og sá sem talaði gegn málinu á s. l. þingi er á móti rek ég til þess, að verkalýðshreyfingin sé svo falskt uppbyggð, félagskerfið í henni sé svo falskt, það sé svo langur vegur í gegnum píramídann frá grasrótinni og upp í topp að mennirnir viti ekki að á stærri vinnustöðum er þetta verulegt vandamál hjá allstórum hópi launþega. Mér er mætavel ljóst að meira að segja innan launþegahreyfingarinnar snertir þetta mál hvergi nærri því það sem við köllum meiri hluta, og það er einn vandinn. Og mér er líka ljóst, að menn slá sér ekki upp í kosningum í verkalýðsfélögum með því að taka svona mál fyrir vegna þess að þetta snertir í raun og veru minnihlutahóp ef hreyfingin er skoðuð sem slík. En það breytir ekki hinu, að þessi minnihlutahópur, í demókratískum skilningi talað, á sér líka rétt. Málið er að það gengur ekki að ákveðinn lítill hópur manna sé skikkaður til að taka sumarleyfi gegn vilja sínum í maímánuði eða í septembermánuði. Það er, herra forseti, af þessum stæðum sem þetta litla frv. er flutt.

Tilfinning segir mér það, herra forseti, að um þetta mál verði betra samkomulag og minni athugasemdir en gerðar voru á síðasta þingi. Út af fyrir sig ber fyrir fram að fagna því, sé það rétt tilfinning. En kjarni málsins og aðalatriði er: Þetta er minni háttar breyting á orlofslögunum og þetta þyrfti ekki að hafa neina röskun í för með sér, því kannske vill eftir sem áður einhver hópur launafólks taka sumarleyfi á þeim tíma sem nefndur er. Kannske menn fái þá lengri sumarleyfi en ella. En aðalatriðið er þó það, að gegn vilja manna á ekki að vera hér eftir heimilt að skikka þá til að fara í orlof í maímánuði eða í septembermánuði.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að þessu litla máli verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er gamall kunningi á ferð, mál sem a. m. k. einu sinni áður hefur verið flutt hér í hv. Nd., þ. e. á síðasta þingi, eins og fram kom hjá hv. frsm. málsins.

Hann rifjaði upp örlög málsins á síðasta þingi, sem voru á þann veg að hv. félmn. tók málið til umfjöllunar, breytti tillgr. og svo breytt var hún samþykkt í þessari hv. deild og send hv. Ed. til afgreiðslu. Þar var aftur horfið til fyrra orðalags, ef ég man rétt. Þá fór málið samkv. þingsköpum til Nd. aftur. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. frsm., að þá óskaði ég eftir að málið yrði rannsakað í nefnd til þess að færi gæfist á að kanna það betur. Úrslit urðu þau í hv. félmn. Nd., að allir nm. töldu rétt að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá utan einn, sem var hv. 10. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem fylgdi því orðalagi sem kom frá hv. Ed. Allir aðrir nm. í hv. félmn. Nd. skrifuðu undir grg. með frávísunartill. Í henni kom fram, eins og hv. form. benti á, það sjónarmið að hér væri hróflað við frv. sem væri sameiginleg niðurstaða úr kjarasamningum svokallaðra aðila vinnumarkaðarins. Ég vek athygli á að einn nm. var 7. þm. Reykv., sem í senn er formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkamannasambands Íslands.

Í raun hefur lítið breyst hvað þetta mál varðar. Þetta

eru auðvitað samningamál. Þegar takast á á hinum almenna vinnumarkaði annars vegar vinnuveitendur og hins vegar samtök launafólks er niðurstaðan á þann veg, að launafólkið getur valið milli þess að fá hærri laun eða taka út kjarabætur í annars konar fríðindum, þar á meðal breytingu á orlofi. Þetta er alþekkt.

Hér á landi er orlof ekki 8 1/3% af launum hjá öllum stéttum. Mikill mismunur er á. Má geta þess m. a. að flugmenn hafa fengið fleiri orlofsdaga. Svo er um margar aðrar stéttir og þó einkum þær stéttir sem mikilvægt er að séu við full störf að sumarlagi, enda vinna þær árstíðabundin störf, svo sem eins og í byggingariðnaði og ferðaþjónustu.

Nýleg dæmi um að ákveðið verkalýðsfélag náði í samningum lengra orlofi, auðvitað á kostnað hækkaðra launa, er verkakvennafélagið Framsókn, en nýjasta dæmið um afskipti ríkisvaldsins af þessum málum er þegar opinberum starfsmönnum var veitt lengra orlof í kjarasamningum. Þar var fulltrúi skattborgaranna hæstv. fjmrh. og þurftir þess vegna ekki að hafa sömu áhyggjur og aðrir vinnuveitendur af þeim fjármunum sem hann hefur til meðhöndlunar og ráðstöfunar í nafni skattgreiðenda landsins.

Síðan þá hefur verið vitnað til þess samkomulags einkum og sér í lagi til að þrýsta fram svokölluðu fylgifrv. með brbl., sem samþykkt voru í ríkisstj. á s. l. sumri, en eins og alkunna er lýsti hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson því yfir að hann væri ekki tilbúinn að greiða brbl. atkv. nema gerðar yrðu breytingar á orlofslögum og orlof lengt með þeim hætti að ekki bæri að telja laugardaga með þegar orlof væri tekið og reiknað. Það mál hefur þegar verið rætt hér í þessari hv. deild í 1. umr. og liggur hjá hv. félmn.

Það ber að taka fram, að ef launþegar taka orlof utan hins venjulega orlofstímabils, sem greint er í lögunum frá 1971, gildir svokölluð 25% regla, en hún merkir að launþegar fá fjórðungi lengra orlof taki þeir það út utan hins hefðbundna tíma. Fjöldamargir hafa notfært sér þetta, eins og dæmin sanna, og bendi ég þá ekki síst á þær tíðu ferðir til sólarlanda sem farnar eru á miðjum vetri. Má búast við að flestir þátttakenda úr launþegastétt í slíkum ferðum séu þeir sem kjósa að fá lengra orlof að vetrarlagi, en njóta síðan sumarsins heima.

Í hv. félmn. Nd. er til umr. það frv. sem ég nefndi fyrr í þessari ræðu minni, þ. e. frv. sem kallað hefur verið fylgifrv. með brbl. Vegna óska hv. formanns nefndarinnar, 10. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, var brugðið á það ráð að ræða við umsagnaraðila nefndarinnar um frv. sem hér er til umr. um leið þótt það væri enn ekki komið til nefndarinnar. Í því sambandi var m. a. leitað til Þjóðhagsstofnunar og fengið álit hennar á báðum frv. það verður að segja þá sögu eins og er, að umsögn Þjóðhagsstofnunar um þetta frv. er heldur neikvæð. Þar kemur fram, að sú breyting sem hér sé lögð til virðist ganga gegn þeirri þróun sem orðið hefur á undanförnum árum, en hún er sú, að fólk kýs sjálft í ríkari mæli en áður að taka frí utan sumarorlofstímans. Ástæða virðist fremur til að hvetja en letja til þessarar þróunar, enda er hún yfirleitt hagstæð fyrir atvinnureksturinn.

Hér er minnst á atvinnureksturinn. Hann blandast auðvitað í þetta mál vegna þess að það hefur verið tekið til umfjöllunar samhliða frv. ríkisstj. um lengingu á orlofi. Þar hefur verið deilt um hvort réttlætanlegt sé fyrir ríkisstj. að skerða verðbætur um 10% til að koma til móts við atvinnureksturinn, sem ekki þolir slíkar launahækkanir, en það er samhljóða álit ríkisstj. að svo sé, en hækka síðan orlof og lengja orlofsdaga, sem þýðir meira en 2.3% útgjaldaauka fyrir sama atvinnurekstur. Slíkur tvískinnungur er í þessu að meira en góðu hófi gegnir. Af því að ég horfi hér á hv. tilvonandi formann Bandalags jafnaðarmanna vil ég segja að það er varla siðlegt, svo að ég taki hans orðalag mér í munn, að launþegaforingjar, eins og t. d. hv. 7. þm. Reykv., sem því miður er ekki staddur hér í dag, skuli gera einkasamning um það við hæstv. félmrh. að lengja skuli orlof með þessum hætti í stað þess að launþegar, verkalýðshreyfingin, fái að velja um hvort þeir kjósi heldur lengra orlof en minni verðbótaskerðingar. Þetta er erfitt að ræða hér og nú, einkum og sér í lagi vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. er ekki viðstaddur og ekki boðlegt að það sé verið að deila á hann á meðan hann er ekki í þingsölum.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að ræða þetta mál frekar að sinni. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að hægt sé að lengja orlof launþega og að það sé á valdi launþega í hvert sinn hvenær þeir taka sér frí, en hér þarf að stunda atvinnurekstur, sem er undirstaða alls mannlífs í þessu þjóðfélagi, og það er ekki hægt að búast við að menn geti þegar þeim sýnist tekið sér frí. Nú er ég ekki að segja að það standi í þessu frv., síður en svo. Það er tiltölulega lítil breyting gerð, en hún er þó breyting á lögum sem voru kjarasamningamál á milli launþega og vinnuveitenda. Ég tel þess vegna fyllstu ástæðu til að taka á þessu máli sem slíku og mun á grundvelli þeirra sjónarmiða vinna mín störf þegar ég kanna þetta mál í hv.. félmn., þar sem ég á sæti.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mun út af fyrir sig ekki gera efnislegar athugasemdir við lýsingu hv. síðasta ræðumanns á ferð þessa litla frv. um þingsali á síðasta þingi, en ég vil gera þó það sem mér finnst vera veigamikil efnisleg athugasemd við hans hátterni í sambandi við þetta mál.

Kjarni málsins er, herra forseti, að í þessum ræðustól og víðar taka menn sér gjarnan orðið „frelsi" í munn og einkum og sér í lagi er það stjórnmálaflokkurinn sem hv. síðasti ræðumaður er hér fulltrúi fyrir sem tekur sér þetta orð í munn. En þannig er nú samt, að í þessu samfélagi er að vaxa mjög aukinn skilningur á því að þegar þetta fólk talar um frelsi á það við hagsmuni — eða hvernig má það vera að menn eins og hv. 10. þm. Reykv. hafi á móti því af frelsisins prinsipástæðum að launamenn fái sjálfir að segja um það litla mál hvort þeir skuli taka orlof sitt í maí eða september eða ekki og beri við frelsi, frjálsum samningum og öllu því? Svo vill hann lög um að sölubúðir megi ekki vera opnar nema á ákveðnum tíma. Í báðum tilfellunum er hv. 10. þm. Reykv. vitaskuld ekki að tala um frelsi, því að á frelsi, herra forseti, hefur hann engan áhuga og hefur aldrei haft. Nei, það sem hann er að tala um eru hagsmunir.

Í fyrra tilvikinu og hvað varðar það frv. sem hér er um að ræða eru það hagsmunir fyrirtækja sem hann ber fyrir brjósti. Það vex honum í augum að það kunni að kosta álverið í Straumsvík eða Flugleiðir fleiri krónur að ekki sé hægt að níðast með þessum hætti á fámennum hópi launafólks. Í hinu tilfellinu er hann að tala um hagsmuni nokkurra stórra verslana, sem óttast samkeppni frá kaupmanninum á horninu. M. ö. o. er hann með frelsinu þegar um er að ræða í ekonomískum skilningi talað

minni háttar mannréttindamál, eins og það sem hér er verið að leggja til, en svo er hann á móti frelsinu þegar um er að ræða hagsmuni nokkurra stórra verslana. Það er, herra forseti, mikil alvara þessa máls. Svona flokkur er Sjálfstfl. Frelsi, hið afstæða frelsi, er þessu fólki einskis virði og hefur aldrei verið.

Þetta er flokkur sem hér á hinu háa Alþingi styður og ver með kjafti og klóm ríkisvernduð einokunarviðskipti. Ég nefni Íslenska aðalverktaka. Ekki er nú frelsinu fyrir að fara þar, ekki útboðsmarkaðnum, engu. Þetta er flokkur, hvers fyrrum formaður, hv. fyrrum þm. Ólafur Thors, bjó til öryggisnet undir útgerðina í landinu svo hún gæti ekki farið á hausinn. Þetta kerfi hefur þetta frelsisins fólk varið með kjafti og klóm, sem er versta lagasetning sem nokkurn tíma hefur verið samin, — lögin sem Ólafur Thors samdi og Áki Jakobsson flutti frv. um í nýsköpun. Þetta frelsi er einskis virði, enda er þetta ekki frelsi.

Það sem fyrir þeim vakir og þeir klæða þessum frelsisbúningi eru hagsmunir. Það eru hagsmunir hinna efnameiri. Það eru hagsmunir hinna 200 fjölskyldna í landinu. Þetta litla mál, sem hér er lagt fyrir, sem fjallar um að launafólk verði ekki gegn vilja sínum skikkað til að taka sumarleyfi í maí og september, hélt ég að upplýst og siðað fólk mundi samþykkja orðalaust. Nei, nei. Þá koma þeir frelsisins drengir, þá koma þau öll hvert á eftir öðru, og nú er það frelsi, frjálsir samningar, engin afskipti ríkisvaldsins, enda er ríkisvaldið á kafi í fiskverðinu, enda er ríkisvaldið á kafi í Íslenskum aðalverktökum. Ríkisvaldið hefur varið ríkisbankana með oddi og egg í gegnum tíðina. Ríkið hér og ríkið þar ef það er í þeirra þágu. Þetta er upplýst fólk að uppgötva meira og meira.

Þeir heimta lög fyrir stærri verslanirnar sínar. Lesi menn yfirlýsinguna frá Kaupmannasamtökum Íslands sem er fskj. með frv. okkar hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur o. fl. Lesi menn rökstuðning Kaupmannasamtakanna. Ekki er nú frelsinu fyrir að fara þar. Og sjálfstæðisþm. hoppa hér í pontu hver á fætur öðrum. Ekki er frelsið þar að finna í ræðum.

Svo hafa þeir málgagn í 45 þúsund eintökum, sem iðulega hefur það hlutverk að halda algerlega falskri goðsögn að fólki með því að þegja og segja ekki frá. Ég hef sagt aftur og aftur að ef hér væru alvörufjölmiðlar, ef hér væru heiðarlegir ríkisfjölmiðlar vissi fólkið hvernig þingflokkur Sjálfstfl. er samsettur. Bara af þessu litla máli, sem hér hefur verið rætt, bara þeirri staðreynd, er ljóst að þegar þeir tala um frelsi eiga þeir ekki við frelsi, heldur hagsmuni. Og þessir hagsmunir þeirra eru svo þröngir. Í Frakklandi töluðu menn á millistríðsárunum um hinar 200 fjölskyldur sem áttu bankana, áttu verslanirnar, áttu hitt og þetta. Það sem sjálfstæðismenn eru að tala um er ekki frelsi, ekki frelsi fyrir litla manninn, ekki frelsi fyrir kaupmanninn á horninu, ekki frelsi til að semja um eitt eða neitt. Nei, þeir eru að tala um hagsmuni hinna 200 fjölskyldna, svo að ég vísi í franska sögu.

En versti óvinur þessa forherta hagsmunabandalags er skólakerfið. Þaðan kemur út upplýst fólk sem sér í gegnum hjómið, sem sér þetta allt saman sem sér frelsið þeirra, þ. e. hagsmuni hinna fáu, hagsmuni hinna efnuðu.

Og þeir stilla sér upp í nafni frelsisins og mótmæla því að menn séu ekki skikkaðir til að taka sumarleyfi í maí og september. Í nafni frelsisins! Það vantar ekki. Þetta eru mennirnir sem í fyrradag voru á móti því að maðurinn uppi á Njálsgötu, sem rekur litla matvöruverslun, megi hafa opið þegar hann vilji. Þá var ekki frelsinu fyrir að fara. Þetta er auðvitað andstyggilegt. En samfélagið er meira og minna að sjá í gegnum þetta hjóm. Það er að brjóta niður fjölmiðlahjúpinn, þennan næfurþunna fjölmiðlahjúp sem hefur umleikið þetta hagsmunabandalag hinna fáu. Sannleikurinn um Alþingi er Sjálfstfl. verstur. — Ég endurtek: Sannleikurinn um Alþingi er Sjálfstfl. verstur og það vita þeir vel sjálfir.

Herrar mínir. Ef þið eruð á móti þessu litla frv. skuluð þið ekki vera að skrökva því að þjóðinni og helst ekki að sjálfum ykkur að það sé gert í nafni frelsisins og frjálsra samninga og mannvirðingar, því að sú er ekki ástæðan. Ástæðan er sú, að komið hafa meldingar um að þetta litla frv. kunni að kosta hin stærri fyrirtæki nokkrar krónur. Þá eiga menn að segja það hreinskilnislega. Svo eru menn að ræða um að skoða skuli reikninga og menn eigi að skoða hitt og þetta. En sömu mennirnir og þola ekki kaupmanninum á horninu á Njálsgötunni eða einhverri annarri götu þar hjá eða uppi í Breiðholti eða á Dalvík eða á Seyðisfirði að hafa opið þegar hann vill eiga ekki að koma og mótmæla þessu frv. í frelsisins nafni því að það fær ekki staðist.

Ég hef staðfastlega verið þeirrar skoðunar, að hættulegasti óvinur hinnar fölsku goðsagnar, sem ónýtt fjölmiðlakerfi heldur að fólki, sé menntun. Þegar fólkið veit betur lætur það ekki segja sér að hlutir séu öðruvísi en þeir eru. Þetta hagsmunabandalag er auðvitað innfallið. Það er að hruni komið, eins og blasir við um allt land.

Þegar hv. 10. þm. Reykv. ætlar í annað skipti að mæla gegn þessu frv. með settlegum hætti — og ég segi það vegna þess að á síðasta þingi var þetta litla frv. drepið í þinglegum skilningi talað — á auðvitað ekki að vera að skýla sér á bak við neinn meiri hl. Meiri hl. hv. alþm. hefur oftast rangt fyrir sér. Ekki er það stoltur meiri hl. sem bannaði fsp. hér um daginn og gengur með veggjum í marga daga á eftir. Meiri hl. hefur iðulega rangt fyrir sér og þá eiga menn ekki að skýla sér á bak við neinn meiri hl. Menn eiga að skoða efnislega um hvað málið snýst og mynda sér skoðanir á þeim grundvelli. Og menn eiga ekki að vera að skýla sér á bak við einhvern fjarstaddan verkalýðsforingja, þó að það sé hv. 7. þm. Reykv., því að það er heldur lítilmannlegt. En það er það sem þeir leika, þetta samtryggða kerfi, að skýla sér hver á bak við annan.

Menn eiga að skoða þetta frv. efnislega. Menn eiga að spyrja: Hvað kostar það? Vera má að það hafi mikinn kostnaðarauka í för með sér, þó að mér sé ekki um það kunnugt, fyrir eitt eða tvö eða þrjú fyrirtæki. Þá ber að skoða það faglega og mynda sér niðurstöður á þeim grundvelli. En að tala í nafni frelsisins, menn sem greiða atkv. á móti frelsinu hér í fjórum af þeim fimm skiptum þegar það þóknast þeirra þröngu hagsmunum, það, herra forseti, fær ekki staðist.

Ég sem 1. flm. dreg ekki dul á að auðvitað fjallar þetta frv. um hagsmuni. Það fjallar um hagsmuni ekki margra launamanna. Þeir eru að því leytinu til minnihlutahópur. Það kann að vera ástæðan fyrir því að um þeirra hagsmuni hefur ekki verið samið í kjarasamningum. Þá er það Alþingis. Þá er það beinlínis hlutverk okkar og skylda, ef á þarf að halda, að grípa inn í og sjá til þess að þetta fólk njóti mannréttinda á við annað fólk. Við skulum geyma okkur lykilorð eins og frelsi, gersemi eins

og frelsi.

Þetta mál fjallar ekki um frelsi. Þetta fjallar um hagsmuni. Það fjallar um hagsmuni fárra manna, en er samt sem áður mikið réttlætismál. Ég þekki orðaleiki hv. þm. Sjálfstfl. hér og því meira sem ég heyri af þeim, því minni trú hef ég á þeim og því betur veit ég að þetta er falskur málflutningur.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á síðari ræðu hv. 1. flm. þessa litla frv. Hann virðist nota hvert tækifæri sem hér gefst til að flytja sömu ræðuna. Ég lái honum það ekki. Það er eðlilegt fyrir tilvonandi formann mikils stjórnmálaflokks að hasla sér völl í sölum Alþingis til að láta frá sér heyra. Ég lái honum síður en svo þó að hann komi hér og reyni að auglýsa skoðanir sínar og síns flokks.

Hann talaði heilmikið um frelsi og taldi það löst á okkar ræðum, sjálfstæðismanna, að við rugluðum saman frelsi og hagsmunum. Þessi punktur kom upp hjá hv. ræðumanni vegna þess að ég sagði að ég væri þeirrar skoðunar að kjarasamningar ættu að vera frjálsir, sem þýðir að það ættu að vera sem minnst afskipti ríkisvaldsins, þar á meðal löggjafarvaldsins, af kjarasamningum, en launþegar og vinnuveitendur ættu að ná samkomulagi sjálfir og standa síðan ábyrgir á grundvelli þeirra niðurstaðna. Þetta köllum við frjálsa kjarasamninga. Auðvitað snúast slíkir kjarasamningar um hagsmuni, en þeir eru jafnfrjálsir eftir sem áður. Orðaleiki geta menn stundað hérna eins og þeim sýnist, en þetta held ég að hvert mannsbarn hljóti að skilja.

Mér er auðvitað ljóst, að í langflestum tilfellum þarf ekki að verða uppi á teningnum það sem verið er að gera grein fyrir í frv. þeirra hv. fjórmenninga sem það flytja. Það eru undantekningartilvik að til þess þurfi að grípa. Þetta gerist fyrst og fremst hjá stærri fyrirtækjum. Ég skil mætavel að hv. flm. rennur það til rifja þegar á stórum vinnustað þarf að skipta orlofi niður á starfsmenn, þannig að allt orlofstímabilið sé nýtt, en það breytist frá ári til árs og hefur í langflestum tilvikum og í því tilviki sem ég veit að hann hefur til hliðsjónar þegar hann flytur þetta frv., sem er álverið í Straumsvík, ég þykist vita að hugmyndin sé þaðan komin, ekki verið stórkostlegt vandamál að ég held.

Hins vegar er það eðlilegt að ákveðinn hópur launþega vilji fá aukin réttindi. Auðvitað skirrast menn ekki við að neyta færis á að fá þm. til að flytja góð mál, svokölluð mál sem veita einhverjum réttindi, en er látið líta svo út að taki ekkert af öðrum í staðinn nema stórum aðilum sem hljóti að hafa efni á því. Þetta er auðvitað mál sem menn halda að þeir geti fengið einhver atkv. út á eða þeir halda sig vera að gera einhverjum greiða. Það er ósköp vel skiljanlegt. (**VG:** Er eitthvað rangt við að fá atkv.?) Nei, það er ekkert rangt við að fá atkv., en ég tel vera ástæðu fyrir hv. flm. að kanna hvort ekki sé um þetta atriði eins og önnur er snerta þá niðurstöðu kjarasamninga, sem lögin frá 1971 um orlof snúast um, að um það verði samið í kjarasamningum, hvort sem það er þetta frv. eða það fylgifrv. sem fylgir brbl. Þetta eru mín sjónarmið og út frá þeim sjónarmiðum hélt ég mína ræðu áðan.

Hins vegar gerðist það, að hv. flm. kom hér í ræðustól og fjallaði um nokkur uppáhaldsverkefni sín, eins og um opnunartíma sölubúða. Það sem ég þarf að segja við hv. flm. varðandi það mál er einfaldlega að það eru sveitarfélögin, það eru stjórnir sveitarfélaganna, sem ráða því. Það er ekkert óeðlilegt þó að heill stjórnmálaflokkur hafi þá skoðun að eðlilegra sé að sveitarstjórnirnar hafi um þetta mál að segja, en Alþingi eigi ekki að setja löggjöf sem annaðhvort segi að óheimilt sé að hefta lokunartíma eða að vera skuli ákveðinn lokunartími. Lögin gera beinlínis ráð fyrir að það séu sveitarstjórnirnar sem ráðstafi þessu hver á sínum stað. Þá hlýtur að myndast samningur á milli neytenda, á milli þeirra sem starfa í verslununum og þeirra sem eiga verslanirnar. Þar er auðvitað um atkv. að tefla. Ef sveitarstjórnirnar hugsa um hag neytendanna reyna þær auðvitað að koma til móts við þeirra hag, því það er þeirra hagur sem skiptir máli. Ágreiningurinn í því máli snýst ekki um hvenær eigi að loka verslunum og hvort eigi að loka þeim, heldur hverjir það eru sem eigi um það að segja. Við vísum því á bug að það skuli vera löggjafarsamkundan. Við teljum að það eigi að vera sveitarstjórnirnar í landinu. Ég veit að hv. þm. hefur aðra skoðun. Það sem nú er til umr. fjallar ekki um lokunartíma sölubúða, en hann bryddaði upp á því máli og ég notaði tækifærið til að gera grein fyrir minni skoðun.

Hann ræddi líka um Aðalverktaka, svona til að drepa málinu á dreif, og minntist þar á formann Sjálfstfl. Ég man ekki betur en hann orðaði það hér áðan í sinni ræðu, en hann man það kannske ekki sjálfur og ég lái honum ekki heldur að gleyma einhverju af því sem hann hefur sagt hér úr ræðustól. En ég ætla að rifja upp, að það var einmitt á dögum hv. utanrrh. Benedikts Gröndals sem það mál var tekið til endurskoðunar og í þessu starfaði nefnd. Ég hef ekki enn séð hvað hefur komið út úr þeirri nefnd. Ég hlakka til að sjá það. Það er engin bundin hugmynd í mínum flokki varðandi Aðalverktaka. Aðalatriði þess máls er auðvitað að sem flest verktakafyrirtæki í landinu geti verið þar útboðsaðilar og það sé komið í veg fyrir einokun einstakra aðila varðandi það mál. Það er kjarni þess máls.

Loks ræddi hann um skólana, hvað menn kæmu upplýstir út úr skólum. Það er eðlilegt því hv. þm. vinnur við slík störf. Mér skilst að hann sé, og hef reyndar af því spurnir, mjög góðar sögukennari í Menntaskólanum í Reykjavík og kenni þar tilvonandi broddborgurum mannkynssöguna og Íslandssöguna. Ég veit að hv. þm. er mjög vel að sér a. m. k. fram undir 1960, þ. e. það sem hann hefur lesið í sögu. Eftir það hefur hins vegar eitthvað skolast til. Ég veit ekki af hvaða ástæðum það er.

Það er þannig með ýmsa þm., að þeir fá stundum hugmyndir og komast ekki út úr sínum hugmyndaheimi. Þeir spóla eiginlega alltaf í sínum hugmyndum, segja alltaf það sama aftur og aftur; samningar eru siðspilltir, skólakerfið upplýst, Morgunblaðið slæmt. Ég man ekki þessa súpu alla saman. Slíkur hugsunarháttur minnir mig stundum á gæludýr sem ég sá einu sinni í búri. Það var lítil mús. Hún hafði leikfang sem var hringur og inni í honum voru þrep. Hún gekk alltaf í þessum þrepum og komst ekkert úr stað. Hún var lokuð inni í þessu. Sjálfsagt hefur hún haldið að hún væri á miklu ferðalagi, en hún var alltaf lokuð inni í þessum hring. Ég sá nokkra samlíkingu með þessari mús og þeim sem talaði hér síðast.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Hér hefur talað frelsisins frík úr frelsisins flokki og er að fara í kringum það að sjálfstæðismenn hafa í raun og veru, í reynd á síðasta Alþingi og kynnu að vera að undirbúa það aftur, komið í veg fyrir samþykki á þessu litla frv. Því

tók ég dæmi til annarrar áttar að ég er að undirstrika hversu ósamkvæmur þessi málflutningur er. Ég er að undirstrika það, að þegar þeir tala um frelsi eigi þeir við hagsmuni og ekkert annað en kalda og bera hagsmuni. Ég tók dæmi af því, að við höfum lagt til að tiltekin lög, og mætti nú gera við þau fleiri raunar, yrðu felld niður, þau yrðu felld úr gildi. Hvað þýddi það, að þessi lög um verslanir, sem við höfum lagt til að yrðu felld úr gildi, hyrfu? Það þýddi að þessi mál færu í frjálsa samninga. Þeir sem vinna við verslanir annars vegar og svokallaðir eigendur þeirra hins vegar semdu sem frjálsir menn. (**FrS:** Neytendur, sagði ég líka.) Neytendur hefðu líka sitt að segja, sem hv. þm. hefur reynst vera á móti.

Hvaða mál fjallar um frelsi, frjálsa samninga og frelsi til athafna, innkaupa og hvers annars, ef ekki þetta litla mál? Hvað var á móti? Herra forseti. Ég skal útskýra það. Það er að nokkrar stærri verslanir, a. m. k. hér á stór-Reykjavíkursvæðinu, hafa lagst mjög á móti þessu. Þær telja að samkeppnisaðstöðu sinni sé ógnað af hinum smærri. Auðvitað er það allt og sumt. Það er ekki frelsi sem vakir fyrir þeim, heldur hagsmunavarsla. Núna koma mennirnir sem verja lögin um verslanirnar í frelsisins nafni og vilja ekki lög. (**Gripið fram í:** Ertu að klaga fyrir mér?) Já, mér sárnar að svo ágætur maður sem þú skulir vera í þessum hörmulega flokki. Og þó á hv. 3. þm. Reykv. heima í þessum flokki og hvergi annars staðar, það er ljóst. — Í frelsisins nafni koma þeir núna og vilja frjálsa samninga um orlof. Hvar er samhengið í þessu? Samhengið er aðeins á einum vettvangi. Það eru hagsmunir hinna 200 fjölskyldna sem vilja lög um verslanir — (**Gripið fram í:** Þær voru franskar.) Já, já, þær voru franskar — en frelsi í orlofsmálum að þessu sinni af því að annað kynni að kosta einhverja peninga einhverra úr baksveitum Sjálfstfl. Þetta verðum við að hafa skýrt og klárt.

Sá sem talaði hér í nafni frelsis skilur ekki frelsi og hann vill ekki frelsi. Frelsi er honum og hans mönnum ekkert mál og hefur aldrei verið. Það er hagsmunavarsla af dapurlegasta tagi sem hér á sér stað og fram fer í nafni frelsis. Ég treysti því, að ætli menn að snúast gegn því litla máli, sem hér hefur verið mælt fyrir, geri menn það með þeim rökstuðningi að það kosti einhver stærri fyrirtæki einhverja peninga, en sveipi sig ekki þessum ódýra hjúpi frelsisins, sem ekkert er og þeir eru ekki sjálfir talsmenn fyrir nema þegar að það hentar þeim. Það er þessi kjarni málsins sem ég hef leyft mér að útskýra fyrir þeim sem á mál mitt vilja hlýða.

Ég verð glettilega vel var við að æ fleiri verða sammála mér og skilja þetta vandamál, skilja að falskir og óheiðarlegir fjölmiðlar hafa haldið á loft rangri goðsögn um þessa frelsisins menn, sem engir eru og ekkert frelsi vilja. Ég spái því að fyrr en síðar verði þetta hagsmunabandalag að hruni komið og falli inn í sig af því að þeir sem það mynda hafa sagt þjóðinni svo rangt til um hverjir þeir eru, fyrir hvað þeir standa og hvað þeir vilja. Það er sá kjarni málsins sem kemur upp hér í hverju málinu á fætur öðru.

Hv. 10. þm. Reykv. má kalla það þráhyggju hjá mér að benda á að Sjálfstfl. sé ónýtur. Sé það þráhyggja hjá mér breiðist hún út að ég held með ótrúlegum hraða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við flytjum á þskj. 102, ég og hv. 1. þm. Vestf., frv. til laga um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta lagafrv. snertir einn þátt í hinum flóknu lögum um álagningu þessara skatta, þ. e. hvernig meta skuli fasteignir sem eignarskattsstofn þegar fasteignir eru notaðar til íbúðar.

Fasteignir eru eignarskattsstofn bæði ríkis og sveitarfélaga. Ríkið leggur á eignarskatt, en sveitarfélögin leggja á fasteignaskatta. Í báðum þessum tilvikum eru fasteignir metnar sem skattstofn á gildandi fasteignamatsverði, en fasteignamatsverð er endurskoðað á hverju ári. Í lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu segir að þetta mat skuli miðað við það gangverð sem líklegt er að fasteignir mundu hafa í kaupum og sölum. Þetta ákvæði, þ. e. að miða skuli við gangverð eða kaup- og söluverð íbúða, hefur leitt til þess að í sumum sveitarfélögum hefur fasteignamatsverð íbúða hækkað mun meira en nemur hækkun launa venjulegs launafólks, þannig að skattbyrði bæði eignarskatts og fasteignaskatta þyngist stöðugt. Þetta frv. fjallar eingöngu um eignarskattinn, en ekki um fasteignaskattana, þannig að ég mun halda mig við eignarskattinn. Skattbyrði vegna hans er nú orðin æðimikil þar sem greitt er 1.2% af eignarskattsstofni umfram fyrstu 150 þús. kr. og leigulóðir eru reiknaðar sem eign í þessu sambandi.

Í grg. með þessu frv. eru tilgreindar hækkanir á fasteignamati umfram laun undanfarin fjögur ár. Skal ég ekki lesa það sem í grg. stendur um þetta efni, en það er ljóst af því sem þar segir og hv. þm. geta lesið, að fasteignamatið hækkar mun meir en almenn laun. Þessi munur hefur þó aldrei orðið meiri en verður um áramótin sem fram undan eru.

Fasteignamat á lóðum er talið munu hækka um 65% hér í Reykjavík, en á íbúðarhúsnæði um 78% um næstu áramót. En því er spáð, að á sama tíma muni kauptaxtar launþega hækka um 50% og vísitala framfærslukostnaðar um 50%. Af þessu má sjá að eignarskattar og fasteignaskattar reyndar líka munu á næsta ári hækka mun meir en nemur almennum launatekjum í landinu. M. ö. o. mun skattbyrði vegna þessara skatta þyngjast á öllum almenningi.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að reynt sé að sporna gegn þessari þróun. Það gerir ráð fyrir að fasteignir, sem notaðar eru til íbúðar, skuli sem skattstofn eignarskatts ekki hækka meir á milli ára en nemur hækkun skattvísitölu. Við gerum okkur grein fyrir að íbúðir eru að sjálfsögðu þær eignir sem eru skattskyldar hjá langstærstum hópi almennings. Almenningur, venjulegur launamaður, á yfirleitt ekki miklu meira af skattskyldum eignum en sína íbúð, sitt hús, í mesta lagi bíl, og þess vegna gefur auga leið að þessi gífurlega hækkun á eignarskatti og fasteignaskatti á milli ára, sem verið hefur á hverju ári undanfarin fjögur ár, kemur æ þyngra niður á öllum almenningi í þessu landi.

Ég hef eingöngu tekið fram tölur um fasteignamatsverð í Reykjavík. Ég geri mér grein fyrir að fasteignamatið er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og yfirleitt mun lægra eftir því sem fjær dregur Reykjavík þannig að skattbyrðin er að þessu leyti vægari en á þessu svæði. Þó eru ýmsir staðir á landinu þar sem þróunin er í

mjög svipaða átt og þá á ég einkum við stærri kaupstaði.

Í þessu frv. er ekki tekið á því vandamáli, sem nú fer vaxandi, en það er sá mikli munur sem er á fasteignamati íbúðarhúsa og lóða eftir hverfum innan sama sveitarfélags eða eftir sveitarfélögum vegna þess hve matið er mismunandi eftir ætluðu markaðsverði. Sannleikurinn er sá, að það er að verða æðimikill munur á skattbyrði fólks eftir því hvar það býr vegna mismunandi fasteignamats. Um það er ekki fjallað í þessu frv. Það er sérstakt mál sem þarf að taka til sjálfstæðrar athugunar.

Grundvöllur þessa misréttis er að sjálfsögðu sá, að í lögunum um fasteignamat er reiknað með að miða eigi við gangverð íbúðarhúsnæðis eða fasteignar þegar eignir eru metnar sem skattstofn. Ég tel að sú regla sé að mörgu leyti óeðlileg. Sannleikurinn er sá, að langmestur hluti almennings lítur alls ekki á sínar íbúðir sem kaup- eða söluvarning, heldur fyrst og fremst sem athvarf, sem íbúð sem fólk lifir og býr í, en hugsar sér ekki að selja til að hagnast á því. Þess vegna er óeðlilegt, að mínu mati, að miða fasteignamat við kaup- og söluverð. Það er hins vegar annað mál, eins og ég gat um áðan, sem ekki er tekið sérstaklega á í þessu frv.

Það sem við leggjum til í þessu frv. er að sett sé þak á þær miklu hækkanir sem orðið hafa á fasteignamati íbúða, þegar það er notað sem skattstofn fyrir eignarskatt, og að þakið sé miðað við skattvísitölu, en það er sú vísitala sem ríkið sjálft notar í öðru sambandi og því ekki óeðlilegt að við hana sé miðað í þessu tilviki einnig.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Sigurgeir Bóasson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög áferðarfallegt mál, sem ég ætla ekki að taka beina afstöðu til, en hins vegar finnst mér að þau rök, sem hér eru færð fram í grg. og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson var að tíunda, séu dæmigerð fyrir þá vitleysu sem viðgengst hér á landi í umræðum um efnahagsmál almennt. Hér eru gripin upp ýmis hugtök, eins og fasteignamat, vísitala framfærslukostnaðar, skattvísitala, kauptaxtar launþega, og svo er bætt við ýmsum prósentutölum. Síðan er þessum hugtökum raðað saman til að í áferðarfallegum búningi megi rökstyðja einhvern málstað. En þegar farið er að skoða málið betur stendur ekki steinn yfir steini. Langar mig til að minna á nokkur atriði í því sambandi.

Meginuppistaðan í röksemdafærslunni hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni er sú, að hann tengir saman fasteignamat og eignarskattsstofn. Hann lítur á þessi tvö hugtök sem eitt og hið sama og segir síðan að þegar fasteignamat hækkar hækki um leið eignarskattsbyrðin. Síðan sýnir hann fram á að fasteignamat í Reykjavík hafi hækkað meira en framfærsluvísitala og kaupgjaldsvísitala og þar af leiðandi eigi að miða hækkun eignarskatts við skattvísitölu. Hvaða vit er nú í svona röksemdafærslu?

Í fyrsta lagi er sú forsenda sem allt þetta byggist á, þ. e. að bein tengsl séu á milli fasteignamats og eignarskattsstofns, mjög hæpin. Eins og allir vita er eignarskattur lagður á hreina eign manna, þ. e. mismun eigna og skulda. Hækkun á fasteignamati hefur því ekki áhrif á eignarskatt nema hjá mjög takmörkuðum hóp manna. Eins og við vitum öll er samkv. lögum um tekju- og eignarskatt heimild fyrir því að ákveðinn hluti af hreinni eign komi ekki til skatts. Þessi frádráttur er á þessu ári u. þ. b. 500 þús. kr. fyrir einstakling. Það þýðir að hjón sem eiga 1 millj. kr. í hreina eign í árslok 1982 borga engan eignarskatt. Þetta mundi þýða að hjón sem ættu skuldlausa fjögurra herbergja íbúð og ágætis bíl mundu alfarið sleppa við eignarskattinn árið 1982. Og þeir sem eiga stærri eignir og skulda mundu einnig sleppa því að auðvitað hækka þeirra skuldir í samræmi við lánskjaravísitölu eða annan mælikvarða. Það eru einungis þeir sem eiga skuldlausar mun stærri húseignir sem þurfa að greiða einhvern eignarskatt. Og þá komum við að kjarna málsins. Það eru hin „breiðu bök" sem þessu frv. er ætlað að vernda. Það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig, en hins vegar er þarna beitt ýmsum felurökum og reynt að fela kjarna málsins með ýmsum blekkingum og rökum sem eiga ekki við.

Af þessu, sem ég hef rakið, má sjá að það er langt frá því að bein tengsl séu á milli fasteignamats og eignarskattsstofns. Það stafar af allt öðrum ástæðum en fasteignamati að menn borga eignarskatt. T. d. áttu sumir hér á árum áður kost á góðum lánum og byggðu á þeim tíma þegar vextir voru mjög neikvæðir. Þetta fólk borgar eignarskatt í dag.

En jafnvel þó að við gæfum okkur að bein tengsl væru á milli fasteignamats og eignarskattsstofns standast þau rök ekki heldur að það eigi að miða hækkun fasteignamats við hækkun skattvísitölu eins og hér er lagt til. Hér er líka verið að blanda saman óskyldum hugtökum. Skattvísitala á að sýna breytingu á almennum launatekjum í þeim tilgangi að tekjuskattsbyrðin verði svipuð frá ári til árs á föstu verðlagi. Það er markmiðið með skattvísitölunni. En þarna er verið að tengja hækkun á fasteignamati við skattvísitölu. Þetta eru tvö alveg óskyld hugtök og eiga ekkert sameiginlegt. Ef fasteignamat húseignar í Reykjavík hækkar meira en almenn laun og meira en framfærsluvísitalan þýðir það að eigendur þessara húseigna hafa orðið fyrir raunverulegri eignaaukningu, þ. e. eignaaukningu umfram hækkun á almennu verðlagi. Það er raunveruleg eignaaukning. Hvað er athugavert við að skattleggja í samræmi við það? Hækkun á almennum launatekjum kemur þessu máli ekkert við. Eru t. d. þessir aðilar sammála því að söluverð fasteigna mætti aðeins hækka í samræmi við skattvísitölu með þeim rökum að almenn laun kaupanda hefðu ekki hækkað meira en hækkun á skattvísitölu? Ég er hræddur um að slíkt yrði aldrei samþykkt, því að auðvitað vilja menn fá markaðsverð fyrir húseignir sínar og eiga þess vegna að borga skatta í samræmi við það. Þetta liggur í augum uppi, að mínum dómi.

Eitt vil ég nefna í viðbót. Hvernig snúa þessi rök að þeim sem eiga íbúðir úti á landi, þar sem fasteignamat hækkar kannske minna en skattvísitala, sem er mjög algengt? Þeir þyrftu samkv. þessu frv. að greiða viðbótareignarskatt út á eignir sem þeir geta ekki selt nema fyrir verð sem er langt undir kostnaðarverði. Þessir aðilar þyrftu að borga einhvern viðbótardreifbýlisskatt út á það.

Herra forseti. Ég þykist hafa sýnt fram á að þetta frv. sé til þess að vernda breiðu bökin og þá einungis þau breiðu bök sem búa í bestu hverfum landsins. Ég fæ ekki séð að það sé mest aðkallandi mál miðað við stöðu þjóðarbúsins í dag.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hafði ýmislegt að athuga við þetta frv. Grundvöllurinn í hans gagnrýni var sá, að í þessu frv. væri verið

að tengja saman ólík hugtök, t. d. hugtök eins og fasteignamat og eignarskattsstofn. Ég verð að segja það eins og er, að mér fannst þessi ræða dæmigerð ræða manns með kerfishugsunarhátt, sem tekur ákveðin bókhaldsleg hugtök og skýrir þau eftir sinni fræðigrein án þess að gera nokkra tilraun til að líta á samhengi hlutanna.

Auðvitað er samhengi á milli fasteignamats og eignarskattsstofns. Hvaða manni dettur í hug að halda því fram að það sé ekki samhengi þar á milli? Fasteignamat er það mat sem fasteignir eru metnar á og eignarskattsstofn er í langflestum tilvikum algerlega háður þessu fasteignamati. Allur almenningur þessa lands býr í sínum íbúðum, sem metnar eru fasteignamati, og við vitum að stærsti hlutinn af eignum alls almennings er fasteignirnar, þ. e. þær íbúðir sem menn búa í. Það er að vísu rétt, að til frádráttar áður en eignarskattur er lagður á koma þær skuldir sem menn hafa stofnað til. En samt sem áður er það alveg ljóst, að fasteignamatið er sá grunnur sem byggt er á. Ég get því alls ekki fallist á það með hv. þm. að hér sé verið að tengja saman ólík hugtök.

Hitt er annað mál, að ég skal fyllilega vera til viðræðu um að taka mið af einhverju öðru en t. d. skattvísitölu. Hins vegar taldi ég að þeir sem þarna ættu um sárt að binda, þeir sem þyrftu að greiða þessa síhækkandi eignarskatta, væru sæmilega verndaðir með skattvísitölunni vegna þess að sérstaklega núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert sér sérstakt far um að halda niðri skattvísitölunni til að geta hækkað raunverulega tekjuskatta á öllum almenningi. Þetta vitum við og við höfum oft deilt um það hér á Alþingi, en þess vegna valdi ég þessa ákveðnu vísitölu að ég þóttist viss um að með því væru þeir sem eignarskattinn eiga að greiða hvað best tryggðir.

Það er ákaflega mikill misskilningur, sem fram kom í ræðu hv. þm., að þegar eignir manna hækka í verði vegna þess að fasteignamatið hækkar sé um raunverulega eignaaukningu að ræða. Ég er alveg viss um að hann getur sýnt fram á með bókhaldslegum aðferðum að um raunverulega eignaaukningu sé að ræða, en hjá öllu því fólki þessa lands sem byggir sér íbúð til að búa í og er ekki að hugsa um að braska með sínar íbúðir skiptir þetta ekki verulegu máli. Það skiptir fólk upp í Breiðholti eða vestur í bæ engu máli þó að fasteignamatið hækki frá ári til árs, vegna þess að þetta fólk er ekki að hugsa um að selja sínar eignir til þess að braska með þær. Það skiptir það aftur á móti máli að skattarnir hækka í samræmi við hækkun fasteignamatsins. Ræða hv. þm. var byggð á þeim hugsunarhætti að kerfið verði að hafa sinn gang og umfram allt eigi ekki að vera að blanda saman einhverjum óskyldum hugtökum, eins og fasteignamati, hreinni eign og eignarskattsstofni. Þetta er að sjálfsögðu gífurlegur misskilningur hjá hv. þm.

Þessu frv. er ekki ætlað að vernda „hin breiðu bök“ í þjóðfélaginu, eins og hv. þm. gat um. Þessu frv. er ætlað að vernda allan almenning. Þessu frv. er ekki síst ætlað að vernda eldra fólk sem býr í sínum íbúðum og skattbyrðin hækkar á frá ári til árs. Mér er alveg kunnugt um, og hv. þm. þarf ekki að segja mér neitt um það, hvaða fólk það er sem t. d. leitar til mín og fjölda annarra þm. eða borgarfulltrúa hér í Reykjavík þegar skattskráin kemur út. Menn sjá þá eignarskattsbyrðina sem á það er lögð.

Margt eldra fólk, sem býr í þessari borg, fær hreinlega ekki risið undir sinni eignarskattsbyrði. Að vísu skal viðurkennt að það var sett í lög fyrir um það bil tveimur árum, að því er ég hygg, að ef sérstakar aðstæður, sjúkdómar eða þess háttar, mæla með megi lækka eignarskatt, en í fæstum tilfellum er þó hægt að beita því ákvæði nema ströng læknisvottorð komi til.

Ég skal alveg fallast á það, eins og ég sagði í upphafi, að hægt sé að nota einhverja aðra viðmiðun, en ræða hv. þm. sannfærði mig ekki um að fasteignamatið, eins og það er framkvæmt t. d. hér í Reykjavík og reyndar víða úti um land í ýmsum stærri kaupstöðum landsins, sé ekki ósanngjarnt við ákvörðun skattstofns, vegna þess að allur almenningur hagnast í raun ekkert á því þó að gangverð íbúða hækki frá ári til árs. Fólk hugsar ekki íbúðir sínar sem andlag kaups og sölu, heldur hugsar fólk um íbúðir sínar sem skjól til að búa í og lifa í. Ég fellst ekki á þann hugsunarhátt eða þau rök sem fram komu hjá hv. þm. um þetta mál.

Sigurgeir Bóasson: Herra forseti. Mér fannst gæta talsverðs misskilnings hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Kjarninn í hans málflutningi er sá, að hann er að reyna að láta líta þannig út að almennt samhengi sé á milli fasteignamats og eignarskattsstofns. En það er ekkert beint samhengi á milli fasteignamats og eignarskattsstofns vegna þess að eignarskattur leggst nú aðeins á þá menn sem eiga í hreina eign yfir 1 millj. kr. í árslok 1982, sem þýðir að allur almenningur, eins og hv. þm. talar um, borgar ekki eignarskatt. Þess vegna er hv. þm. ekki að vernda hinn almenna borgara með þessu frv. Hann er einungis að vernda „hin breiðu bök,“ sem borga eignarskatt. Menn þurfa að eiga umtalsverðar eignir til að lenda í eignarskatti.

Annað sem hann nefndi var að það væri misskilningur að um raunverulega eignaaukningu væri að ræða þegar fasteignamat íbúðar í bestu hverfum í Reykjavík hækkar um 80% eða 100%. Menn verða að líta á þetta með landið allt í huga. Ef við hugsum um fasteignir úti á landi, sem hækka tiltölulega miklu minna, kannske um 25% eða 30% á sama tíma og fasteignir í Reykjavík hækka um 80—90%, þá er auðvitað eignaaukning hjá þeim sem búa í Reykjavík. Það er eignaaukning umfram almennt verðlag. Auðvitað á fólkið að borga eignarskatt í samræmi við það.

Hins vegar ætti hv. þm. að beina athygli sinni að fasteignaskattinum. Það er flatur skattur sem leggst á húseignir manna og kemur harðast niður á stórum fjölskyldum, sem þurfa að búa í stórum húsum. Menn sem eru skuldugir upp fyrir haus þurfa að borga ein eða tvenn mánaðarlaun í fasteignagjöld. Að þessari hlið ætti hv. þm. að beina athygli sinni, en ekki að því að vera að leggja áherslu á að lækka eignarskatt þeirra tekjuhærri og eignameiri.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að fundartími er liðinn og ég þakka fyrir að fá að segja hér nokkur orð. Ég skal ekki flytja langt mál í sambandi við það frv. sem hér er lagt fram á þskj. 102 og er, ef ég man rétt, 100. mál.

Íbúðir fólks eða vistarverur sem eru í eign fólksins, eru greiddar með peningum eða byggðar fyrir peninga sem fólkið á afgangs þegar það hefur greitt ríki og sveitarfélagi öll sín opinberu gjöld, hvort sem það heita skattar eða útsvör. Það er sem sagt byggt fyrir sparifé og vinnuframlag. Á þessar eignir á alls ekki að leggja síhækkandi fasteignagjöld. Þessar eignir eiga ekki að vera tekjulind

aftur og aftur fyrir ríkissjóð.

Þeir sem hafa notað tekjur sínar á annan hátt, t. d. lagt í banka til geymslu, fá verðbætur og vexti af sparifé sínu, en þeir sem leggja sparifé í fasteignir, þ. e. byggja sér þak yfir höfuðið, greiða endalausa skatta af sömu tekjum.

Skattleggja mætti söluágóða af húseign, ef hún er seld, eða af þeim mismun sem er á söluverði og nýjum vistarverum, ef um sannanlegan söluhagnað, raunverulegan söluhagnað, í slíkum skiptum er að ræða. En ég er á móti því að skattleggja og meta fasteignir manna til skatts og hafa þær að tekjulind aftur og aftur fyrir ríkissjóð, eins og raun ber vitni um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 22. fundur.

Þriðjudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármál 22. fundar af dagskrá.

Sameinað þing, 23. fundur.

Þriðjudaginn 30. nóv., að loknum 22. fundi.

Rafvæðing dreifbýlis, þáltill. (þskj. 61). — Ein umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 61, sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þm. Framsfl., um rafvæðingu dreifbýlisins. Í þáltill. segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að á næstu tveimur árum, 1983 og 1984, verði nægjanlegt fjármagn tryggt svo ljúka megi rafvæðingu býla í sveitum sem miðist við að samveita nái til allra býla landsins með allt að 6 km eins vírs línu samkv. áætlun orkuráðs frá 14. apríl 1982. Jafnframt verði gerð og lögð fram áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla sem ekki hafa verið tengd samveitu að áætlunartímabili loknu."

Í grg. segir m. a. svo:

„Á undanförnum árum hefur tekist að koma rafmagni frá samveitum til mikils meiri hluta allra sveitabýla í landinu. Árið 1971 voru um 930 býli án rafmagns. Nú eru þau býli, sem þessi till. til þál. fjallar um og lagt er til að verði tengd samveitu, nálægt 25—30. Í því þjóðfélagi sem við lifum í sjá allir og skilja hversu mikilvægt það er að raforka sé fyrir hendi þar sem mannlíf á annað borð er. Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga gnægð vatnsorku. Okkur ber skylda til að nýta þá orku er í fallvötnum landsins býr, en spara þess í stað innflutta olíu bæði til raforkuframleiðslu og upphitunar. Því er skynsamlegt og hagkvæmt að ljúka rafvæðingu dreifbýlisins sem fyrst."

Mér er það ljóst að mörgum þeim er við þær aðstæður búa að hafa ekki fengið býli sín tengd samveitukerfinu hefur fundist biðin löng. Stjórnvöld hafa á hverjum tíma sem þessi mál hafa verið á dagskrá borið við fjármagnsskorti og af þeim sökum hefur þessum annars sjálfsögðu framkvæmdum miðað svo sorglega seint. Í þeirri þáltill. sem hér er mælt fyrir er lagt til að þessu verki ljúki á næstu tveimur árum. Sýnist það vera viðráðanlegt ef vilji og skilningur er á annað borð fyrir málinu. Ég hef orðið þess var, eftir að þáltill. þessi var lögð hér fram, að nokkrum aðilum hefur fundist of skammt gengið þar sem lagt er til að aðeins um eins vírs línu sé að ræða og vegalengd sé bundin við 6 km. Því er til að svara að í þeim áætlunum, sem vitnað er til, er í nokkrum tilfellum áætlað að leggja meira en eins vírs línu. Hins vegar er aukinn kostnaður svo gífurlega mikill við að leggja þriggja víra línu, að ég sé það í hendi mér að slík framkvæmd mundi kosta margra, margra ára drátt á framkvæmdum og nær ógerlegt að bíða eftir slíku. Eins vírs lína á hins vegar að koma að notum til allra venjulegra nota rafmagns, svo og til upphitunar og súgþurrkunar.

Það er að vísu rétt að mótorar, sem nota þarf, eru um helmingi dýrari ef um eins fasa mótora er að ræða. Verð á 15 hestafla eins fasa mótorum, sem notaðir eru í um 60% tilfella, t. d. við súgþurrkun, er rétt rúmar 27 þús. kr., en þriggja fasa aftur um 13 600 kr. Sá verðmunur breytir því ákaflega litlu hér um. Skynsamlegra væri að bæta þann mun á annan hátt.

Því má svo bæta við, að við hljótum að ætla að áfram verði unnið að styrkingu dreifikerfisins, og þessi býli munu þá trúlega njóta þeirra framkvæmda. Einhverjir munu sjálfsagt spyrja hvers vegna ekki sé lagt hér til að öll býli landsins verði tengd samveitukerfinu í þessum áfanga. Meginástæða þess er — eins og ég hef sagt hér að framan — sá kostnaður sem hér um ræðir og svo hitt, að vissulega koma aðrir möguleikar til greina til að rafvæða þau býli sem fjær standa. Í þáltill. segir m. a.:

„Jafnframt verði gerð og lögð fram áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla sem ekki hafa verið tengd samveitu að áætlunartímabilinu loknu."

Megintilgangur þessarar þáltill. er að hraða svo sem frekast er kostur rafvæðingu dreifbýlisins. Ég treysti því að sú nefnd, er fær þetta mál til umfjöllunar, hraði svo störfum að mál þetta megi sem fyrst ná fram að ganga.

Herra forseti. Ég legg til að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn. og 2. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna þeirrar þáltill. sem hér er til umr. vil ég segja örfá orð. Það munu vera nálægt 60 jarðir í landinu, sem þannig háttar um, að þær eru ekki tengdar samveitum. Heldur hefur sú tala farið lækkandi á undanförnum árum, en mjög hægt miðar í þeim efnum vegna ónógra fjárveitinga.

Það hefur verið frá ári til árs lagt til af hálfu iðnrn. að meira fé yrði ráðstafað í þessu skyni heldur en fengist hefur undir liðnum sveitarafvæðing í fjárlagafrv. Þannig liggur fyrir að á yfirstandandi ári er ekki nema óverulegt fjármagn til þess að tengja nýjar jarðir við landskerfið, en að því hefur þó verið unnið. Það er rétt að menn átti sig á að í sambandi við þennan fjárveitingalið, sveitarafvæðingu, er ekki eingöngu og engan veginn í meginatriðum um að ræða fjárveitingu til nýlagningar á jarðir, sem ekki eru í tengslum við landskerfið, heldur falla undir þennan fjárveitingalið viðbætur við eldri veitur. Megnið af því fé, sem Alþingi hefur ákveðið í þessu skyni á undanförnum árum, hefur farið í slíkar tengingar jarða sem liggja við eldri veitur. Er þá um að ræða styrk í sambandi við tenginguna.

Á árinu 1983 er gert ráð fyrir samkv. áætlun að í þessu

skyni þurfi um 8 millj. kr., til þess að tengja jarðir við eldri veitur. Samkv. þeim tölum, sem eru inn í fjárlagafrv., er þannig um mjög óverulegt fé að ræða, ef nokkuð, til þess að bæta við býlum sem einangruð eru og ekki njóta rafmagns frá samveitum.

Hins vegar hefur árlega verið gert ráð fyrir styrk til einkarafstöðva, til dísilrafstöðva fyrir slíkar jarðir og þar hafa menn notið tiltölulega hagstæðra kjara. Vegna þess að í þetta verkefni hefur ekki fengist það fjármagn sem þurft hefur til að leysa þennan vanda á undanförnum árum, þá sneri iðnrn. sér til Byggðasjóðs fyrir tveimur árum með erindi þar að lútandi, að Byggðasjóður kæmi inn í þetta verkefni, veitti lán og stæði undir fjármagnskostnaði í sambandi við úrlausn í þessum efnum. Jákvæðar undirtektir hafa ekki fengist frá Byggðasjóði enn sem komið er í þessu efni, en málið hefur verið þar til meðferðar.

Á s. l. vori óskaði stjórn Framkvæmdastofnunar eftir heimild til að taka erlend lán, mig minnir að upphæð nálægt 13 millj. kr., til að setja í þetta verkefni, sem hugsað var sem lántaka utan við lánsfjáráætlun og ekki á vegum Byggðasjóðs. Við þessu var ekki orðið. Það þótti ekki fært. Þetta tengdist fleiri erindum frá stjórn Byggðasjóðs um viðbót við erlendar lántökur og það þótti ekki fært að taka þannig á málinu. Hins vegar veitti fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. Framkvæmdastofnun heimild til lántöku nálægt 2 millj. kr. til að verja í þessu skyni á yfirstandandi ári til þess að leysa vanda nokkurra jarða sem næstar eru taldar standa slíkri tengingu.

Ég hef orð manna hjá Framkvæmdastofnun og innan stjórnar Byggðasjóðs fyrir því, að þeir muni líta á þetta mál áframhaldandi. Ég tel mjög eðlilegt að Byggðasjóður komi inn í lausn þessa máls og vona að svo verði þegar varðandi næsta ár. Svör þar að lútandi liggja hins vegar ekki fyrir. Ég tel nauðsynlegt að úr því fáist skorið fyrr en seinna, hvað fjárveitingavaldið er reiðubúið að ganga langt í þessu skyni, til þess að skera úr óvissu, sem ýmsir búa við og er mjög óheppileg fyrir þá sem jarðir sitja, sem ekki hafa fengið frambúðarúrlausn í sambandi við sín raforkumál.

Það er vissulega ekkert á móti því að gera áætlanir um þessi efni eins og þáltill. gerir ráð fyrir. En ég vek athygli á að gögn málsins liggja í rauninni fyrir, m. a. um hvaða jarðir er að ræða upp að þessari meðaltalsfjarlægð, 6 km milli jarða. Það liggur allt fyrir og í tiltekinni röð með ábendingum frá orkuráði þar að lútandi. Fyrir utan þessa meðaltalsfjarlægð eru um 25—30 jarðir, að mig minnir, sem eru enn einangraðri en þessar jarðir. Þar er nauðsynlegt að leita sem hagkvæmastra leiða í sambandi við raforkuöflun, hvort sem það er með lánum til einkarafstöðva eða öðrum úrræðum eins og með vindorku, svo sem til athugunar hefur verið. Fleiri þættir geta komið inn í athugun þessa máls. Þetta vildi ég að fram kæmi til upplýsingar um málið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er hreyft merkilegu máli í till. þeirri til þál. um rafvæðingu dreifbýlisins sem við ræðum nú. Að vísu er það ekki nýtt mál. Það hefur verið rætt allmikið á hverju einasta þingi í ýmsum samböndum um margra ára skeið.

Með tilliti til þess þykir mér það skjóta dálítið skökku við, sem sagt er í þessari till., þegar talað er um að ljúka eigi rafvæðingu býla í sveitum sem miðist við að samveita nái til allra býla landsins með allt að 6 km meðalvegalengd og eins fasa línu samkv. áætlun orkuráðs frá 14. apríl 1982. Mér þykir þetta nokkuð kyndugt orðalag af því að þetta hefur legið fyrir. Þessi áætlun, sem vitnað er í, var gerð síðla árs 1975 í orkuráði. Á grundvelli þessarar áætlunar, sem var gerð 1975, hefur verið í fyrsta lagi unnið að framkvæmd sveitarafvæðingarinnar og umr. hér á Alþingi hafa í öðru lagi mjög snúist um þessa áætlun og verið að mestu á grundvelli þessarar áætlunar frá 1975. Þetta kom óbeint fram hjá hæstv. iðnrh. sem veit þetta manna best. Hann sagði að það lægi fyrir hjá orkuráði röð framkvæmda í sveitarafvæðingunni. Þessi röð hefur legið fyrir síðan 1975 að áætlunin var gerð. Það var eins og talað er um í þessari þáltill., gert ráð fyrir að samveitur næðu til allra sveitabýla þar sem fjarlægð færi ekki yfir 6 km lengd að meðaltali. Mér þykir rétt að vekja athygli á þessu, svo að við séum ekki að ræða þessi mál eins og við höfum ekki fylgst með hvað hér hefur verið að gerast á undanförnum árum, eða hvað við höfum verið að tala um þessi mál hér í þinginu á undanförnum árum.

Þó að ég segi þetta, þá er það ekki gert til þess að gera lítið úr þessari tillögu eða mæla gegn henni, því að till. er í sjálfu sér jákvæð. Hún er um það að ljúka á næstu tveim árum þessari sveitarafvæðingu sem gerð var áætlun um 1975 í orkuráði. Það sem við höfum verið að ræða um þessi mál á undanförnum árum hefur einmitt verið það að ljúka áætluninni.

Árið 1978 gerði orkuráð tillögu um það að á næsta ári yrði þeirri áætlun lokið sem nú er verið að tala um að ljúka á næstu tveim árum. Orkuráð gerði till. um það. En sú till. hlaut ekki náð fyrir augum ríkisstj. Síðan hefur orkuráð ítrekað á hverju ári tillögur um fjárveitingar til sveitarafvæðingar, sem miða að því að ljúka verkinu á komandi ári. Á undanförnum árum hafa verið svo fáir bæir eftir að orkuráð hefur lagt áherslu á að ekki væri annað við hæfi en að ljúka loksins þessari áætlun. Eins og kom fram bæði hjá 1. flm. till., hv. 3. þm. Norðurl. v., og raunar líka hjá hæstv. iðnrh., þarf að létta af þeirri óvissu sem bændur sem búa á hinum óraflýstu bæjum búa við, því að það er ekki gott fyrir þá að lifa alltaf í voninni um rafmagn en sjá ekki framkvæmdir.

Ég gæti talað alllangt mál ef ég færi að rifja upp allar þær tilraunir sem hafa verið gerðar til að hrinda þessu máli í framkvæmd á hverju ári fyrir sig undanfarin ár. Þetta hefur verið gert með því að bera fram till. við fjárlagagerð um aukningu á fjármagni til sveitarafvæðingar. Ég hef ár eftir ár borið þessar till. fram, en þær hafa verið felldar af stjórnarliðum. Og með því að það er fjármagn sem þarf til þess að gera hlutina, þá hefur ekkert — eða svo lítið verið gert í þessu efni sem raun ber vitni um. Í nokkur ár hefur tala órafvæddra sveitabæja hlaupið á 25—35 bæjum eða eitthvað slíkt.

Nú liggur fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 og enn er sömu sögu að segja. Ég er ekki hér með fjárlagafrv. og skal ekki heldur fara að þreyta menn með að lesa þessar tölur, en ég er með fyrir framan mig fjárlagatillögur Orkusjóðs fyrir árið 1982, árið sem nú er að líða, og fjárlagafrv. sem samþykkt var að þessu leyti óbreytt sem fjárlög fyrir þetta ár.

Orkuráð taldi nauðsynlegt að veita á þessu ári, 1982, 21 millj. kr. til sveitarafvæðingar og gerði það að sinni till. til fjárlaga. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 7.2 millj. kr. Og meginhlutinn af þessari 7.2 millj. kr. upphæð fer, eins

og hæstv. iðnrh. vék að, ekki til nýlagninga heldur til svokallaðra heimtauga á sveitabæi sem byggðir eru á veitusvæðum. Þetta er um hina eiginlegu sveitarafvæðingu.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að styrkleika þeirrar línu, sem ætti að leggja til þeirra sveitabæja sem eftir eru, og talaði um einfasa línu, eins og hefur verið lagt á sveitabæina yfirleitt. Ég er honum sammála um þetta, enda hefur verið gert ráð fyrir því í till. orkuráðs allan tímann, að þarna væri um einfasa línu að ræða.

En það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. segir, að það þarf að hafa í huga styrkleika línunnar. Og það er ekki bara fyrir þessa 25 eða 30 bæi, sem eftir eru, heldur *þarf að hafa í huga í þessu efni alla sveitabæi landsins*, sem rafmagn hafa, því að á síðari árum hefur alltaf komið betur og betur í ljós þörf fyrir sterkari línulögn en fæst með einfasa línu. Það kemur til af því, að bændur nota í æ ríkara mæli margs konar rafmagnsáhöld, ég tala nú ekki um ef um er að ræða í sveitum landsins léttan iðnað, eins og sums staðar er og er frekar að verða vísir að. Þess vegna er það aðkallandi verkefni að styrkja dreifikerfi rafmagns í sveitum.

Ég hef alltaf litið þannig á, að það ætti að ljúka hinni eiginlegu sveitarafvæðingu og taka þessa fáu bæi sem eftir eru, en jafnframt þyrfti að vinna að styrkingu dreifikerfis í sveitum almennt. Með tilliti til þessa lét orkuráð á sínum tíma vinna ítarlega áætlunargerð um þetta verk. Það voru fengnir færustu sérfræðingar til að vinna að því. Orkustofnun kom þar við sögu og þá ekki síst orkumálastjóri. Árið 1978 samþykkti orkuráð áætlun til átta ára um styrkingu dreifikerfis í sveitum. Þessi áætlun var að sjálfsögðu send ríkisstj. og lögð mikil áhersla á þessa framkvæmd, en til hennar þurfti mikið fjármagn. Það kemur öllum saman um að hér sé um hið brýnasta verkefni að ræða fyrir sveitir landsins.

Orkuráð hefur á hverju ári gert tillögur um fjárveitingar til þessara framkvæmda samkv. áætlun orkuráðs frá 1978. Málið hefur fengið þá viðurkenningu, að á hverju ári síðan hefur verið sérstök fjárveiting á fjárlögum í þessu skyni, en hvergi nærri nógu mikil til að mæta þeirri fjárþörf sem þurfti til þess að ljúka áætlun orkuráðs á tilskildum tíma.

Ég gæti hér, eins og ég sagði, varðandi hina eiginlegu sveitarafvæðingu rifjað upp það sem hefur verið gert til þess að fá þetta leiðrétt. Ég hef á hverju ári borið fram brtt. við fjárlagafrv. um það efni. En ég skal ekki fara að þreyta menn á þessu. Ég hygg líka að mönnum sé þetta nokkuð kunnugt. Ég vil aðeins láta þess getið, að samkv. tillögum orkuráðs þarf 98 millj. kr. á næsta ári til styrkingar rafdreifikerfis í sveitum. Það er tillaga orkuráðs. (Gripið fram í.) Ég hygg að þetta sé rétt, það er 98. Þetta er plagg sem við vinnum með í orkuráði og ég hygg að þetta sé bara misminni, sem getur náttúrlega hent bæði hæstv. ráðh. og mig, en þetta er rétt, það er 98 millj. En í frv. til fjárlaga fyrir 1983 er gert ráð fyrir 27 millj. Það segir sína sögu.

Ég hygg að það sem ég hef nú sagt ætti að nægja til þess að öllum ætti að vera ljóst að það er ekki vanþörf á að ljúka hinni eiginlegu sveitarafvæðingu á næstu tveimur árum eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. En orkuráð hefur leyft sér að leggja til að til þess fari skemmri tími.

Nú er ágætt að fá þessa till. samþykkta. Ég veit að þessir ágætu framsóknarmenn, sem hafa raðað sér á þessa till., meina það sem þeir segja í þessu efni og ég treysti þeim til að fylgja brtt. frá mér og öðrum, sem mun koma fram við afgreiðslu fjárl., um að gera þetta og lítið eitt betur. Þá kemst þetta strax í framkvæmd. En ég er ansi hræddur um að það geti eitthvað vafist fyrir mönnum um framkvæmd jafnvel þó að við samþykkjum þessa þáltill.

Hæstv. iðnrh. sagði að af hálfu iðnrn. hefði á undanförnum árum verið lagt til að veita meira fé til sveitarafvæðingarinnar en gert hefur verið. Og ég veit að þetta er rétt. En mér hefur fundist skorta á að fylgt væri eftir af meiri festu þessum till. rn. Hæstv. iðnrh. sagði að það hefði verið á þessu ári leitað til Byggðasjóðs um að fá fjármagn til sveitarafvæðingarinnar og þá ljúka hinni eiginlegu sveitarafvæðingu. Mér er kunnugt um þetta og ég hef fyrir mitt leyti verið ákaflega hvetjandi þess að þessi leið væri farin, því að ég hygg að fátt heyri betur undir verkefni Byggðasjóðs en einmitt stuðningur við slíkt verkefni sem hér er um að ræða. Ég ætla nú ekki að fara að rekja söguna af viðskiptunum við Byggðasjóð. *En ég hef staðið í þeirri meiningu — og hef vel fylgst með* þessum málum — að það hafi verið fullkominn skilningur hjá stjórn Byggðasjóðs fyrir þessu máli. Ég dreg ekki í efa vilja hæstv. iðnrh. í þessum efnum, en ég tel að ríkisstj. hafi tekið á þessu máli með hálfum hug og er þá ekki mikið sagt.

Hæstv. iðnrh. *tæpti á því að Byggðasjóður hefði farið* fram á heimild til þess að taka erlent lán á þessu ári til að verja til sveitarafvæðingarinnar. Þetta er rétt. Hæstv. ráðh. sagði að þessi beiðni hefði tengst öðrum beiðnum um erlendar lántökur. Það er líka rétt. Ég hef reynt að ýta á þetta mál og ég hef heyrt þetta sem hæstv. iðnrh. sagði. En hver trúir því, ef hæstv. ríkisstj. hefði verið nokkur alvara í þessu máli, að við hefðum ekki getað afgreitt þetta þó að í sama bréfi til ríkisstj. hafi verið talað um önnur lán í öðrum tilgangi? Þetta er svo augljóst yfirskin að það tekur því ekki að minnast á það. Við verðum að viðurkenna þá staðreynd að það hefur ekki verið nægilegur áhugi hjá stjórnvöldum til að hrinda þessu máli í framkvæmd — og mér liggur við að segja þessu lítilræði sem eftir er að framkvæma af hinni miklu allsherjarsveitarafvæðingu, sem við höfum verið að vinna að á undanförnum áratugum. Það er ömurlegt.

Ég hefði að sjálfsögðu tilefni til að ræða um margt fleira við hæstv. iðnrh. um þessi mál. Það vill svo til að á dagskrá fyrri fundar, sem var verið að slíta rétt áðan, var fyrirspurn frá mér til iðnrh. varðandi sveitarafvæðinguna á þessu ári. Eins og ég sagð áðan, þá voru það smámunir sem hægt var að verja til nýlagningar í sveitum, hreinustu smámunir. En það er skylda orkuráðs að gera tillögur um hvernig á að verja þessu fjármagni, jafnvel þó að lítið sé. Og orkuráð gerði sínar tillögur í apríl s. l. En það er ekki nægilegt að orkuráð geri tillögur. Það er gert ráð fyrir að iðnrh. samþykki þessar tillögur. Í framkvæmd hefur þetta verið formið eitt svo lengi sem elstu menn muna eftir og ég hygg alla tíð, að ráðh. hefur samþykkt það sem orkuráð hefur lagt til. En það hefur ekki fengist nú samþykki enn. Ég vil ekki fara frekar út í þetta mál núna. Ég geymi það þangað til kemur að fsp. En ég geri ráð fyrir að menn hafi tekið eftir því, að þegar ég hef viljað taka kannske frekar upp í mig um aðgerðarleysi í þessum málum, þá hef ég nefnt ríkisstj. í heild frekar en hæstv. iðnrh. Ég efast ekki um að hæstv. iðnrh. hafi fyrir sitt leyti viljað gera betur. Þess vegna hefur mér nú komið spánskt fyrir sjónir að hann skuli ekki hafa samþykkt

þetta lítilræði til sveitarafvæðingarinnar í ár. En ég lofaði áðan að fara ekki að ræða það núna. Við ræðum það síðar.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Efni þeirrar þáltill. sem hér er til umr. er að sjálfsögðu ekki nýtt af nálinni, eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Vestf. sem hér talaði síðast. Hér er um að ræða mjög brýnt hagsmunamál fyrir þá aðila sem hlut eiga að máli og ekki vansalaust af hálfu löggjafar- og framkvæmdavalds að hafa ekki betur staðið að þessu á undanförnum árum og reynt að þoka þessum málum lengra áleiðis.

Hv. 4. þm. Vestf., sem hér var að ljúka máli sínu, nefndi það að honum finnst skjóta skökku við að í þáltill. væri vísað til áætlunar frá orkuráði dags. 14. apríl 1982. Það kann að vera að hér sé ekki rétt að málum staðið. En til skýringar vil ég segja honum og öðrum að hér er átt við áætlun frá orkuráði dags. 14. apríl 1982, þar sem línurnar, 17 talsins, eru taldar upp og gerð grein fyrir áætluðum kostnaði á verðlagi í mars 1982 við að ljúka þessum verkefnum. Auðvitað hafa verið gerðar áætlanir um þetta fyrr. Hér er aðeins vísað til þessa ákveðna plaggs, þegar þessi þál. er sett upp, og þá eins verið að gera grein fyrir því hvaða línur eða bæir eru eftir og þeirri kostnaðaráætlun, sem liggur fyrir frá orkuráði varðandi málið.

Hv. þm. sagði að áætlanir hefðu legið fyrir síðan 1974 eða 1975 um málið og jafnframt hafi áætlun um röð framkvæmda líka legið fyrir. Ég er hér með svipaða áætlun, frá orkuráði líka, sem dags. er 15. maí 1981. Frá henni og til þeirrar áætlunar sem ég vísaði til áðan hefur röð verið breytt. Ekki veit ég hvort það er fyrir tilviljun eða hvort nýjar upplýsingar hafa komið fram. Mig langar þó að geta þess, að sú lína sem á fyrri áætluninni var nr. 3 og nefnd Selárdalslína er þar talin vera með fimm bæi. Nú á nýrra plagginu er hún fyrst á blaði og talin vera með átta býli. Þetta þýðir auðvitað það að kostnaður á hvert býli verður minni og kannske þess vegna breytist röð í viðkomandi áætlun. Mig langar til að geta þess í því sambandi, að ég er hér með upplýsingar varðandi Blikalónslínu, sem jafnframt er ein af þeim sem hér er ónnið við og talin er hafa fimm býli. Ég er hér með undirskriftalista frá níu aðilum, sem hafa hug á að taka rafmagn inn ef sú lína yrði lögð, og þar að auki er á því svæði Rauðanúpsviti sem ekki er ólíklegt að mundi líka taka inn rafmagn. Þarna er hugsanlega um að ræða 10 aðila og þá mundi röðin eitthvað breytast ef þetta er af hálfu orkuráðs talin einhver forgangsröð eða bindandi röð um framkvæmdir. Þetta vildi ég að hér kæmi fram.

Mig langaði einnig að spyrja hv. 4. þm. Vestf., sem að vísu gekk nú úr salnum, um eitt atriði ef hann kemur í salinn aftur áður en ég hef lokið máli mínu. Í sambandi við þessa áætlun vil ég minna á það, að fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi áætlun um lagningu sjálfvirks síma. Hefur sú framkvæmd tekist vel og verið til fyrirmyndar. Ég álít þess vegna eðlilegt að við reynum að koma okkur niður á áætlun um sveitarafvæðinguna og reynum að ljúka þessu verkefni, að tengja við samveitur þau 30 býli sem hugsanlegt er að sé hagkvæmt eða mögulegt að tengja samveitum á þennan hátt.

Eins og kom fram í máli hæstv. iðnrh., þá munu það líklega vera um 60 jarðir sem ekki hafa verið tengdar. Þá eru þarna um það bil 30 jarðir, sem ekki falla undir þessa áætlun okkar, og þarf að sjálfsögðu, eins og till. gerir ráð fyrir, að huga að málum þeirra einnig. Hér er talað um að jafnframt verði gerð áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla sem ekki hafa verið tengd samveitum að áætlunartímabili loknu. Eru það þau býli þar sem fjarlægð er meiri en 6 km á milli.

Varðandi það vil ég geta þess, að t. d. á Grímsstöðum á Fjöllum hefur verið brugðist nú þegar við þessu að nokkru leyti samkv. svokallaðri Hólsfjallaáætlun. Þar er olía til raforkuframleiðslu greidd niður þannig, að búendur greiða svipað verð fyrir sína orku eins og ef þeir hefðu raforku frá samveitum. Eins er verið að gera tilraunir með að nýta vindorkuna úti í Grímsey. Það er að vísu enn sem komið er stefnt að því að hita upp vatn til þess að hita síðan með hús, en ef vel tekst til má hugsanlega einnig framleiða raforku með vindorkunni.

Þar sem hv. 4. þm. Vestf. hefur nú gengið í salinn langar mig aðeins að spyrja hann um eitt atriði. Hann sagði frá því í sinni ræðu áðan, að hann hefði lagt fram tillögur um viðbótarfjármagn við afgreiðslu fjárlaga á undanförnum árum og þær verið felldar af stjórnarliðum. Mig langar að spyrja hann hvort það sama hafi átt við frá því að þessi áætlun var samþykkt 1974 eða 1975 til ársins 1978, meðan hann var að ég hygg stjórnarliði, hvort hann hafi þá lagt fram þessar till. og þær hafi þá einnig verið felldar af stjórnarliðum.

Ég vil aðeins að lokum ítreka það að ég tel að hér sé um mjög brýnt mál að ræða. Við verðum að takast á við það að ljúka þessari svokölluðu sveitarafvæðingu. Ég vil þó geta þess í sambandi við þær upphæðir, sem nú liggja fyrir í fjárlagafrv. til að vinna að þessu verkefni, að þar er gerð tillaga um 11.5 millj. kr. Tillaga Orkusjóðs var upp á 22 millj. til að leggja nýjar veitur og 8 millj. í viðbætur við eldri veitur í sveitum, samtals 30 millj. kr. Nú er það nokkuð ljóst, að af þessum 11.5 millj. sem áætlun er um í frv. þurfa þessar 8 millj. að nýtast til að bæta eldri veitur í sveitum. Það er ekki líklegt að hægt verði að draga mikið úr því. Þá eru aðeins 3.5 millj. eftir til að vinna að þessu brýna verkefni. Það er að sjálfsögðu ljóst að hér er um of litla upphæð að ræða til þess að nokkuð miði í þá átt sem æskilegt væri.

Sú áætlun sem ég gat um áðan, dags. 14. apríl og á verðlagi í mars 1982, gerir ráð fyrir því að heildarkostnaður við að ljúka þeim 17 línum, sem þar eru upp taldar, verði rúmar 16.5 millj. svo að okkur miðar skammt með aðeins 3.5 millj. til framkvæmda á næsta ári. Þess vegna vonast ég eindregið eftir því að við afgreiðslu fjárlaga nú takist okkur að þoka þessu máli eitthvað upp á við, eitthvað áleiðis. Hugsanlegt er að gera það með lántökum, annaðhvort í gegnum Byggðasjóð, eins og hér hefur verið nefnt, eða eftir einhverjum öðrum leiðum. Við vitum það líka, a. m. k. þeir sem sæti eiga í fjvn., að í fjárlagagerðinni er við ýmsan vanda að glíma. Þetta er, eins og hæstv. fjmrh. hefur orðað það, frv. að kreppufjárlögum sem nú er í meðferð. Okkur mun því sjálfsagt veitast erfitt að auka þetta fjármagn verulega, en ég ítreka það að ég vonast til þess að okkur takist að þoka málunum áleiðis og að við getum með nokkrum sóma lokið þessu verkefni á t. d. tveimur næstu árum eins og till. til þál. gerir ráð fyrir.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að þessi till. skuli hafa verið lögð hér fram á hv. Alþingi. Og það eru sannarlega nokkur tímamót í þessu máli að

það skuli vera 10 þm. Framsfl. sem flytja till. Allir eru þeir nátengdir sveitum og dreifbýli og vita mætavel hvar þar kreppir skórinn að. Ég vil mega líta svo á að hér sé alvara á ferð, þetta sé viðleitni þessara hv. þm. allra til þess að þoka áfram sanngjörnu en mikilvægu máli fyrir þá aðila sem það snertir.

Ég ætla að vísu ekki að leyna því, að eftir að hafa hlýtt á ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar, fóru að vakna með mér efasemdir um að menn legðu eins mikinn þunga á þetta mál og tillögugerðin gerir ráð fyrir. Hann gerði m. a. að umræðuefni stöðu málsins í fjvn. Því ætla ég að sleppa. Ég ætla hins vegar að minna á að í till. Orkusjóðs til fjvn. er gert ráð fyrir að þetta verk verði unnið á næsta ári, ef ég man rétt, og að hluta til fyrir lánsfé. Ég held satt að segja að annað sé ekki sæmandi ef menn vilja sýna virkilegan áhuga í þessum efnum. Ég geri ekkert með það hvort hægt er að tína einhverja fleiri aðila inn á vissar línur til þess að breyta röðun framkvæmda, heldur hitt að reynt verði að takast á við þetta viðfangsefni í einu lagi og ljúka því. Nógu lengi er það búið að dragast.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, sá þm. sem á undanförnum árum og um langa tíð hefur sýnt þessum málum hvað mestan áhuga, hefur hér gert grein fyrir því hvernig málið hefur borið að á undanförnum þingum og við fjárlagaafgreiðslu. Ef mér bregst ekki minni, þá féll þó þar úr eitt atriði sem er ákaflega mikilvægt.

Hæstv. orkuráðh. Hjörleifur Guttormsson hefur nefnilega leitað eftir liðsinni við fjárlagagerð. Hann hefur leitað eftir því og beint þeim tilmælum til fjvn. Alþingis, í umr. hliðstæðum þessum, að reynt yrði að taka nokkuð myndarlega á þessu verkefni við fjárlagagerð. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Tillögur, sem Þorv. Garðar Kristjánsson hefur flutt, hafa verið felldar. En nú hefur hæstv. iðnrh. sannarlega fengið svar við sínum fyrri liðsbónum hér á Alþingi. Honum hefur að sjálfsögðu ekki nægt það að við sjálfstæðismenn stæðum með þessu máli, að því er ég hygg allir sem einn, það hefur ekki nægt. Nú hafa hins vegar bæst í hópinn tíu framsóknarmenn, meira en hálfur þingflokkur Framsfl. Og hvað er þá að? Ég vek athygli á því að tveir fjvn.-menn Framsfl. eru flm. að þessari till. Dettur nokkrum manni með fullu viti í hug að menn leggi hér fram þáltill. um framkvæmdir í tilteknu máli, sem að hálfum hluta á að ganga frá við næstu fjárlagagerð, og þeir muni síðan ekki standa við þá afgreiðslu? Það verður fróðlegt að fá vitneskju um það. Ég verð að segja það, að miðað við mín persónulegu kynni af þessum hv. þm., m. a. 1. flm. þessarar till., get ég ekki látið mér detta til hugar að nokkur slík staða komi upp. Menn geta þess vegna í rauninni bókað það — og hv. þm. Guðmundur Bjarnason getur sleppt öllum úrtölum í sambandi við fjárlagagerð í þeim efnum — að svo fremi sem framsóknarmenn meina það í alvöru að þetta verk eigi að vinna á tveimur næstu árum, þá verður þó a. m. k. að fjármagna fyrri hlutann, þ. e. þær framkvæmdir sem verða unnar á árinu 1983, á næstu fjárlögum.

En ég vil nú vona, m. a. með tilliti til þess sem hér hefur komið fram og með tilliti til tillagna Orkusjóðs um lántöku og með tilliti til ábendinga og orða hæstv. iðnrh., að menn stígi nú þetta skref að fullu og verkið verði unnið á árinu 1983.

Það er rétt að geta þess til að fyrirbyggja misskilning í þá átt að mínum brýningum og ábendingum í sambandi við þennan tillöguflutning fylgi einhverjar pólitískar meiningar, að ég lít svo á, og mæli þá fyrir munn þeirra alþm. sem telja sig sérstaklega fulltrúa hinna dreifðu byggða landsins síns og setja það framar mjög mörgu öðru að íslenskar sveitabyggðir geti haldist, að þetta mál sem slíkt standi utan og ofan við allt pólitískt þras og flokkadrætti. Í þessum efnum eigum við samleið. Nú hafa tíu þm. Framsfl. kastað teningnum í þessu máli að því leyti, að þeir hafa lýst því yfir með þessum tillöguflutningi að við næstu fjárlagagerð ætli þeir a. m. k. að standa að því að unnt verði að ljúka þessari óunnu sveitarafvæðingu, sem till. gerir ráð fyrir, á næsta ári. Og það hvarflar ekki að mér að þeir víki frá þeirri yfirlýsingu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er nú komið glögglega fram að efnislega hefur þetta mál iðulega borið hér á góma á hv. þingi. Má fara svo langt aftur sem ég man. Ég hafði hér setu fyrir 12 árum. Til umr. kom þá margt spaugilegt, m. a. sú hugmynd að ekki væri rétt að miða lengd línu við leið yfir fjallvegi heldur ætti að taka beina loftlínu. Brostu þá sumir í kampinn. Menn hafa m. ö. o. komið með ýmsar hugmyndir til lausnar þeim vanda að koma samveitu á um allt land. En fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið að það hefur verið góður áhugi hér á hv. Alþingi til að þoka málinu áleiðis. En það hefur þó tekið þennan tíma. Vegna hvers tekur það langan tíma? Af því að það kostar mikla fjármuni. Við höfum orðið nauðugir viljugir að raða fjármunum eftir getu og forgangskröfu og það er í mörg horn að líta.

Hins vegar hef ég hér áður lýst því yfir, og það mætti einnig gefa gaum að því mjög glögglega — vegna þess að það kostar margfalt, margfalt minna, en er viðkvæmt deilumál þó — að hjálpa bændum eða jafnvel gefa þeim fullkomna dísilsamstæðu til þess að þeir fengju rafmagn á sína bæi og gætu notað hana í 5—10 ár. En menn hafa jafnan haldið sig við þetta orðalag, að þeir kæmust í samveitu, og ekki hugleitt hitt alvarlega. Ég vil því enn einu sinni vekja athygli á þeirri staðreynd að enn liggja utan þessara áætlana allmörg býli, enda segir hér í seinasta lið þessarar ályktunar: „Jafnframt verði gerð og lögð fram áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla sem ekki hafa verið tengd samveitu að áætlunartímabili loknu."

Það hefur ekki komið fram ennþá hjá frsm. né öðrum flm., hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni, hve mörg býli lægju hér utan við og hvort mögulegt væri að hjálpa þessum býlum — e. t. v. hefur það ekki verið athugað — með að kaupa eða lána með mjög hagkvæmum kjörum dísilrafstöð. Það er auðvitað, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, óviðunandi — ég held að við stöndum allir saman, í því — að menn hafi ekki rafmagn núna á sveitabýlum á Íslandi. Það er nánast háðung. Fer ég þó ekki út í pólitíska deilu um það hvers vegna það er ekki gert, né að hlakka yfir því að hér skuli tíu hv. framsóknarmenn bera þessa till. fram. Þetta er svo gamalt mál að við höfum allir staðið að því sitt á hvað að leggja þessu lið.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að þetta kostar fjármagn og mun kosta tugi millj. að koma þessu í gegn. Þess vegna vil ég í leiðinni að það sé hugleitt ósköp rólega og yfirvegað hvort hægt er að hjálpa mönnum með rafmagn mun fyrr með dísilrafstöðvum, því að þær eru ordnar mjög góðar, hávaðalausar miðað við fyrri tíma og þægilegar í öllu öryggi og rekstri vegna aukinnar tækni á þessu

sviði. Ég held að þm. ættu að spara sér stóryrði á báða bóga í þessu efni og mynda heldur samstöðu, sem virðist vera nokkuð góð, um að taka hér myndarlega á gagnvart árinu 1983 og 1984. Hv. 5. þm. Norðurl. e. drap réttilega á að hér verður að vera ákveðin forgangsröð. Það verður ekki hægt að komast hjá því. Við verðum bara að vera menn til þess að raða hlutunum eins og heppilegast er til lausnar en ekki upphrópunar.

Ég vildi, herra forseti, láta þetta koma fram, að ég tel að hér sé góð samstaða um að þoka málinu sómasamlega áfram, gegn því að menn hafi ekki öfgar uppi í tali sínu.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur hér fengið. Í sjálfu sér kemur mér það ekki á óvart því að vissulega brennur þetta mál á mönnum. Ég get staðhæft það að a. m. k. við þm. sem úr dreifbýlinu komum finnum vissulega fyrir þessu máli.

Ég vil aðeins þakka hv. 11. landsk. þm. fyrir umfjöllunina og varðandi það sem hann spurði um, hvort það væri virkilega alvara á ferðum í þessu máli, vil ég segja honum það eitt fyrir mig — og ég vil meina að það sé eins með þá meðflm. mína — að við erum ekki að þessu að gamni okkar. Það er vissulega alvara á ferðum og við erum ákveðnir í að standa við það sem við höfum hér sagt. A. m. k. get ég talað fyrir mig, ég hef ekki eytt tíma þessarar virðulegu stofnunar til að tala um einskis nýta hluti. Þegar ég hef komið hér upp, þá hef ég yfirleitt meint það sem ég segi og ég geri það hér enn.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson fjallaði nokkuð um þetta mál. Ég verð að segja það, að ég hrökk nú hálfvegis við í fyrstu, þegar ég heyrði í honum tóninn, en svo lagaðist þetta allt saman. Ég er viss um, eins og kom hér fram hjá einhverjum rétt áðan, að við munum eiga samleið, enda hélt ég að við gætum átt samleið í þessu máli. Í mínum huga skiptir það ekki nokkru máli þó að orkuráð hafi fjallað um þetta árið 1975 og ég ætla ekki að fara að metast um það hér hvað var gert og hvað menn sögðu hér einhvern tíma áður fyrr. Ég vil að við horfum fram í þessu máli og hættum að kýta um það sem var. Við skulum heldur reyna að einbeita okkur að því að leysa þau mál sem fram undan eru.

Ástæðan fyrir því að ég vitna í þessari till. til samþykktar orkuráðs frá 14. apríl 1982 er einfaldlega fundargerð, sem ég hafði undir höndum, fundargerð orkuráðs frá 14. apríl 1982, þar sem talin eru upp þau býli sem eru innan þess ramma sem till. segir til um, sem sé innan þessara 6 km. Það er ástæðan fyrir því að ég vitna til þeirrar samþykktar. Svo getur vel verið að það hafi verið búið að samþykkja þetta árið 1975 og svo kannske ætíð síðan. Það bara skiptir mig ekki nokkru máli. Ég vona bara að menn fari ekki að tefja sig á slíku.

Það er einnig rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari, að ég velti vissulega mikið fyrir mér hvort hér ætti að segja: með eins vírs línu, eða hvort við ættum bara að segja: að ljúka þessari sveitarafvæðingu, eða hvort við ættum að segja: með þriggja fasa línu. Vissulega var það kitlandi að segja: að ljúka þessari sveitarafvæðingu. En ég skal vera fullkomlega hreinskilinn: þá hefði ég ekki verið að segja það sem ég meinti. Staðreyndin er sú, að ef við ætlum að leggja þetta með þriggja fasa línu, þá verður þetta ekki gert á tveimur árum. Það er alveg rétt, sem kom hér fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóni Árm. Héðinssyni, að við erum auðvitað að reyna að raða niður framkvæmdum, og mér er ljóst að það er svo gífurlegt fjármagn sem þarf til að gera þá hluti, að það er ekki inni í kortinu í dag, eins og ég sagði hér í framsögu minni, að vera þá að tala um tvö ár. Hins vegar er það mín meining að rafvæðing þessara býla skipti höfuðmáli og eigi að þjóna þeim í flestum eða a. m. k. í langflestum tilfellum. Ég hygg þess vegna að það hafi verið skynsamlegur kostur að binda þetta við þessa vegalengd. Og ég tel líka að það sé framkvæmanlegt að gera þetta á tveimur árum.

Svo vildi ég benda á að í skýrslu orkuráðs, sem ég vitnaði þarna til, er tekið fram að það er ekki alls staðar átt við eins vírs línu, það er ekki alls staðar, svo að ég held að menn þurfi að athuga það betur. En við skulum ekki fara að þrátta um það. Það er held ég ekki verulegt ágreiningsatriði í málinu.

Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson minntist á hvað það væru margir bæir sem væru eftir utan við samveitu þegar þessi býli hefðu verið tengd. Ég held að ég hafi skilið það rétt. Ég held að það sé rétt að það séu um 25—30 býli. Og ég held meira að segja að hæstv. iðnrh. hafi getið um það hér áðan. Hv. þm. var að velta því fyrir sér hvernig við ætluðum að leysa það og las einmitt niðurlag þessarar þáltill., þar sem við leggjum til að gerð verði grein fyrir hvernig að því skuli staðið. Það er um ýmsa kosti að velja. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason minntist t. d. á eina leið, sem ég held að sé ástæða fyrir okkur að gefa meiri gaum en gert hefur verið, þ. e. með vindorku, og reyna hugsanlega að nýta hana. Það kemur vissulega mjög til greina þarna að einhverju leyti.

En ástæðan til þess að við leggjum ekki til í till. að allir bæir landsins fái sterkari línu, eins og mér fannst Þorvaldur Garðar nefna hér áðan, er einfaldlega kostnaðurinn við að framkvæma þetta verk. Við höfum ekki næga peninga. Ég held að við verðum að stilla framkvæmdum í hóf. Mér finnst þetta þess vegna, eins og ég hef áður sagt, skynsamlegur kostur.

Mér fannst einnig hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf. segja: Orkuráð leggur til skemmri tíma. Það getur vel verið að orkuráð leggi til skemmri tíma, en mér er þá bara ókunnugt um það. Og í sjálfu sér skiptir það mig ekki nokkru máli hvort orkuráð leggur til skemmri tíma. Í till. er miðað við tvö ár og ég hef rökstutt vegna hvers. Ég segi það, að þetta hefur tekið þó þennan tíma að þoka þessum málum áleiðis, og þegar sagt er hér og nú að þetta skuli gert á einu ári, fimmst mér að það sé kannske um eitthvert yfirborð að ræða. Þá er ekki um raunhæfan kost að ræða að mínu mati.

Að endingu vil ég þakka hæstv. iðnrh. innlegg hans í þessar umr. Ég efast ekki um áhuga hans á því að þetta mál nái fram. Ég vil aðeins geta þess, vegna þess að hér var vikið að Byggðasjóði og leitað hefði verið til hans á seinasta ári til að ljúka rafvæðingunni, að mér er kunnugt um það. Ég á sæti í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, og þetta kom einmitt á borð okkar og Framkvæmdastofnun ríkisins samþykkti, eins og hér hefur komið fram, að óska eftir heimild til erlendrar lántöku til að ljúka þessu verki. En það fékk ekki náð fyrir augum ríkisstj. Ríkisstj. vildi ekki fallast á að Byggðasjóði yrði veitt heimild til lántöku til þessara framkvæmda, því miður. En menn verða að átta sig á því að það gengur ekki upp að stjórnvöld óski eftir stórkostlega miklum fjárframlögum frá Byggðasjóði á sama tíma sem framlög til Byggðasjóðs fara stórum minnkandi. Kostir Byggða-

sjóðs voru í þessu tilviki ekki aðrir en samþykktin varð. Hins vegar get ég sagt það hér að menn voru einhuga í þessu máli og vildu vissulega vinna að framgangi þess.

Ég þakka mönnum hér fyrir undirtektirnar og ég vonast til þess að málið fái jákvæða afgreiðslu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þetta eru orðnar nokkuð langar umr. um þetta mál og er vissulega ástæða til þess að það sé rætt hér. Það er eitt atriði, sem ég vil ekki láta hjá líða að leiðrétta, sem fram hefur komið hér í máli manna að nokkurs misskilnings gætir um. Það er í sambandi við hlutdeild Byggðasjóðs í sambandi við þetta efni og óskir sem frá Framkvæmdastofnun komu á liðnu vori.

Upphaf athugana Byggðasjóðs varðandi þetta var erindi, sem iðnrn. sendi til Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóðs, ég má segja veturinn 1980—1981, með ósk um það að athugað yrði að Byggðasjóður kæmi inn í lausn þessa máls, vegna þess að sýnilega miðaði fremur hægt með þeim fjárveitingum sem fengjust árlega hér í þinginu. Það komu ekki nein afdráttarlaus viðbrögð frá Framkvæmdastofnun eða stjórn Byggðasjóðs um málið. Þó var farið yfir þetta sameiginlega af nefnd, þar sem Framkvæmdastofnun átti fulltrúa og iðnrn., og sett upp ákveðin röðun af þeim hópi, hvernig að þessu yrði staðið. Það var nokkuð önnur röðun heldur en fram kom hjá orkuráði á sama tíma. En á þetta reyndi ekki frekar vegna þess að fjárframlög komu ekki frá Byggðasjóði. Þetta var ítrekað á s. l. vetri. Ég hef nú ekki gögnin hér við höndina, en ég hygg að það hafi verið í maímánuði, eftir að lánsfjárlög voru afgreidd hér á hv. Alþingi, að ósk kom frá Framkvæmdastofnun um að Framkvæmdasjóður — ekki Byggðasjóður, heldur Framkvæmdasjóður — mætti taka lán upp á talsvert stórar upphæðir til nokkurra sundurgreindra verkefna, þar á meðal vegna sveitarafvæðingar upp á röskar 12 millj. kr. að mig minnir. Ég var að vona að á bak við þetta erindi fælist það viðhorf og sú afgreiðsla hjá stjórn Byggðasjóðs, að hann óskaði eftir þessari lántöku og ætlaði sér að standa undir fjármagnskostnaði ef lánið yrði heimilað. Við eftirgrennslan málsins hjá framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar kom í ljós að svo var ekki. Hér var ekki um að ræða að biðja um það að bæta í lántökur í þessu skyni og það tengt fleiri erindum.

Þegar þetta lá fyrir var ekki talið fært að verða við þessum óskum og þeim pakka, ef svo má nefna það, sem þarna kom fram af hálfu Framkvæmdasjóðs í sambandi við lántökur. Þó má vera að undantekningar hafi verið gerðar í sambandi við vegamál. Ég vil ekki neitt um það fullyrða. En í framhaldi af þessu óskaði ég eftir því við fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. að þessir aðilar veittu Byggðasjóði heimild til lántöku að upphæð 2 millj. kr. vegna þess sem Byggðasjóður stæði undir fjármagnskostnaði af, til þess að unnt væri að ljúka á þessu ári við tvö tiltekin verkefni, sem eru efst á skrá Orkuráðs frá því í mars og raunar líka frá 14. apríl s. l., þ. e. Selárdalslínu í Vestur-Barðastrandarsýslu og Njarðvíkurlínu í Norður-Múlasýslu, en til þess að ljúka mætti þessum verkefnum, sem varða átta jarðir, hefði þurft þessa lántöku. Þessi lántökuheimild var framsend til stjórnar Byggðasjóðs og hefur legið þar fyrir frá því snemma í septembermánuði. Viðbrögð hafa engin komið frá stjórn Byggðasjóðs við þessu. Hef ég þó ítrekað ýtt á eftir afgreiðslu málsins við Framkvæmdastofnun og stjórnarmenn Byggðasjóðs hafa ekki alls fyrir löngu fengið þetta erindi hver og einn, til að þeir hefðu það handa á milli. En svar hefur sem sagt ekki komið.

Það er því ekki rétt, sem hér hefur komið fram í umr., m. a. frá hv. 4. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. e., að Byggðasjóður hafi verið að óska eftir lántöku á liðnu vori í þessu skyni. Því miður lá málið ekki þannig. Betra hefði verið að sú hefði verið reyndin, því allt hefði verið léttara undir fæti ef Byggðasjóður hefði ætlað að standa undir þessu.

Nú hefur stjórn Byggðasjóðs heimild til 2 millj. kr. lántöku til að bæta þarna í, og það er búið að bíða eftir svari stjórnar Byggðasjóðs við því hvort hún ætlar að nota þessa heimild í ár, til þess að unnt verði að standa undir kostnaði við tengingu átta jarða, lagningu Selárdalslínu vestra og Njarðvíkurlínu eystra. Þá fækkaði jörðum á skrá orkuráðs frá 14. apríl s. l. úr 32 í 24, sem þá væru eftir. Þetta tel ég nauðsynlegt að fyrir liggi, svo að ekki ríki um þetta efni misskilningur. Og ég vænti þess enn að jákvæð viðbrögð komi frá stjórn Byggðasjóðs varðandi þetta efni.

Svo ætla ég til frekari skýringar aðeins að draga saman hver er stærð viðfangsefnisins. Í vor voru þetta 32 jarðir með innan við 6 km meðaltalsfjarlægð. Þessi listi mun styttast með tengingu Selárdals og þeirra jarða sem þar eru, því að framkvæmdinni má heita lokið þó að eftir standi vandi vegna þess, að hún hefur kostað meira en gert var ráð fyrir. En ég vænti að sá vandi verði leystur fyrir lok þessa árs, og óskin til Byggðasjóðs tengdist m. a. lausn hans. Þá standa eftir 24 jarðir.

Samkv. fjárlaga frv. er gert ráð fyrir að ráðstafa megi 3,5 millj. kr. á næsta ári til þessa verks umfram það að tengja jarðir við eldri veitur. Eitthvað mun þessu því miða áfram. Þetta er þó sennilega ekki hærri upphæð en sem svarar til að tengja fjórar jarðir eða svo við samveitur, því að eins og fram kom hér hjá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni kostar þetta fé, þetta er nokkuð dýrt, sérstaklega fyrir einangraðar jarðir. Upphæðin var á verðlagi í mars fyrir þessi 32 býli 16 345 700 kr. nákvæmlega reiknað. Í því erindi sem við sendum frá iðnrn. til fjmrn. í sambandi við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að til að leysa þennan vanda á einu ári þyrfti 22 millj. kr. á verðlagi næsta árs. Við það bættust svo 8 millj. vegna tengingar við eldri veitur og 2 millj. vegna einkarafstöðva. Samtals voru það 32 millj. vegna sveitarafvæðingar.

Þá eru utan við þetta 25—30 jarðir sem ekki hafa enn verið tengdar við samveitu. En við skulum hafa í huga að þrátt fyrir allt eru engir sem eiga þess ekki kost með sæmilegu móti að búa við rafmagn til sveita á Íslandi, þó þeir séu ekki tengdir samveitum. Eins og hér kom fram hjá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni þá eiga menn — að vísu ekki alveg ókeypis, en á mjög hagstæðum kjörum — aðgang að fjármagni til að kaupa olíurafstöðvar. Það eru allnokkrir sem við það búa, að vísu með meiri tilkostnaði en ella væri, fyrir utan Hólsfjallabyggðina, en þar hefur verið gengið frá sérstökum kjörum sem Hólsfjallabúar hafa notið, sem betur fer, um nokkurra ára skeið. Á vanda þessara jarða þarf að líta.

Þetta vænti ég að hafi skýrt vissan þátt, sem virtist eitthvað á reiki, í sambandi við þáttöku Byggðasjóðs í málinu. Ég vona að Byggðasjóður sjái sér fært að sinna þessu máli, þó með lántökum verði, ef hann er reiðubúinn að standa undir fjármagnskostnaði og dreifa því á nokkurn tíma. Hins væri einnig óskandi, að hægt verði að

bæta í þá upphæð sem gert er ráð fyrir samkv. fjárlagafrv. í þessu skyni, þannig að lengra miði á næsta ári í þessu efni.

Hv. 4. þm. Vestf. minntist hér á fyrirspurn sem ekki kom til umr. í dag. Það var síðasta fsp. á dagskrá og ég hafði ekki búið mig sérstaklega undir að svara henni hér. Þó er henni í rauninni auðsvarað. Það er rétt að taka fram að það er samkv. lögum iðnrh. sem á að staðfesta tillögur orkuráðs. Hvort lagafyrirmæli eru formsatriði eða ekki, það getur menn greint á um. Hvað sem öðru líður eru það lög sem kveða á um það. Og það voru vissar ástæður fyrir því að ég hef dregið að staðfesta afgreiðslu orkuráðs. Ég ætla ekki að fara meira út í það. Það liggur engin óvild að baki því verkefni sem þar blasir við heldur þvert á móti vonin um að hægt væri að tryggja aukið fjármagn til þess fyrir árslokin. Og það er tryggt að fyllilega verður nýtt — og sýnilega meira en fullnýtt það fjármagn sem til ráðstöfunar er í þessu skyni samkv. fyrirliggjandi heimildum fjárlaga í ár.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hrökk við þegar ég byrjaði að tala áðan. Og að því er skilið verður þá hafði það helst verið af því að ég hafði sagt að það væri ekki rétt að tala um áætlun orkuráðs frá 1982 heldur 1975. Það er búið að ræða kannske óþarflega mikið um þetta atriði. Hv. 5. þm. Norðurl. e. vék líka að þessu og það var svo að skilja á honum að áætlun frá 1982 væri ný áætlun af því að breytt hefði verið einhverri röð í upptalningu á sveitabæjum. Eitthvað fleira af þessu tagi hefur komið fram í þessum umr. og hv. þm. Norðurl. v. hefur hnykkt á þessu með því að vitna í bréf orkuráðs frá 14. apríl. (**Gripið fram í:** Fundargerð.) Fundargerð frá 14. apríl 1982. (**JÁH:** Það er það nýjasta.) Já, það er það nýjasta. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. Það er náttúrlega alveg rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að í þeirri umr. sem hér fer fram er þetta ekki aðalatriðið. Við skulum bara ganga út frá því. En til þess að menn standi ekki í þeirri meiningu að það sem ég hef verið að segja í þessu efni sé einhver misskilningur, þá vil ég lesa hérna upp úr fundargerðinni, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. er að vitna í, plaggið sem þar fylgir með. Þar er talað um þessa röð sveitabæja sem hann vitnar til. Þar stendur með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt áætlun orkuráðs um rafvæðingu sveitanna, sem miðast við að samveita nái til allra býla landsins með allt að 6 km eins vírs línu á býli, er eftirtöldum verkefnum ólokið.“ Þar er talið upp það sem er ólokið af þessari heildaráætlun. Ég held að þetta skýri þetta atriði og þurfi ekki frekar að ræða það.

Í sambandi við áætlunina, sem gerð var 1972, er rétt að taka fram að þá var gert ráð fyrir, eins og ég reyndar kom inn á áðan, að þörfum þeirra bæja sem höfðu meiri vegalengd á milli sín en að meðaltali 6 km yrði svarað á annan veg en að tengja þá samveitum. Það var alltaf gert ráð fyrir þessu í upphafi, þegar þessi áætlun var gerð. Þá var þetta nákvæmlega metið af sérfræðingum eftir mjög ítarlega athugun, hvar ætti að setja mörkin fyrir bæi sem kæmu inn á samveitur annars vegar og bæi sem ekki kæmu inn á samveitur hins vegar. Og þá voru fundin út þessi 6 km mörk. En það var alltaf frá upphafi gert ráð fyrir því að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að svara þörfum þeirra sem afskekktari voru og náðu ekki til samveitna.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. var að tæpa á því að það gæti verið rétt að gefa bændum dísilstöðvar í stað þess að tengja býli þeirra við samveitur. Ég skal ekki fara út í þetta. Það má sjálfsagt finna einhver rök sem hníga í þessa átt, en málið er nú kannske ekki alveg svo einfalt. Þegar orkuráð á sínum tíma var að ræða og hefur margoft rætt um síðan hvaða ráðstafanir skuli gera fyrir þá bændur, sem eru utan við samveitur, þá var ýmislegt fleira sem kom til greina heldur en þetta úrræði. Hv. 6. þm. Norðurl. e. talar um að það eigi að hugsa rólega og alvarlega um þetta. Ég get fullvissað hann um það, að þeir menn, sem ég hygg að hafi hugsað mest um þetta og rannsakað það best, hafi bæði verið rólegir og alvarlegir í gerðum sínum.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. kom með ágæta spurningu, í hvaða tilgangi sem það skyldi nú hafa verið. Hann spurði hvort í tíð ríkisstjórna fyrir árið 1978, að mér skildist á tímabilinu 1974—1978, hefði verið orðið við óskum mínum um fjármagn til sveitarafvæðingar. Hvort það hefði þá verið fellt eins og ég sagði að hefði verið gert síðar. Ég veit nú ekki alveg hvaða þýðingu þetta hefur fyrir umr. hér í dag eða lausn á þeim verkefnum sem við stöndum frammi fyrir núna. En eitthvað vakir fyrir hv. 5. þm. Norðurl. e. með þessari spurningu. Ég vil því leitast við að svara henni af fyllstu samviskusemi.

Í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar voru gerð mestu átökin í þessum efnum á síðari árum. Það er einmitt því að þakka hve vel hefur miðað áfram. Ég var ákaflega ánægður með vinnubrögð þá — með einni undantekningu. Ég vil líka skýra frá því. Síðasta árið sem sú ríkisstj. var við völd gerði hún ekki eins vel í þessu efni og hún hefði átt að gera og ég hef margoft lýst. Það er svo einkennilegt að það var eins og þá væri það komið yfir menn sem þurfti yfir menn að ganga á eftir, að sýna þessu máli ekki þann áhuga sem ég tel að hefði átt að gera. Ég nefndi stjórn Geirs Hallgrímssonar. Það vill nú svo til, að framsóknarmenn voru í þeirri stjórn og studdu þá stjórn, svo að þeir þurfa ekki að fyrirverða sig fyrir það sem gert var í þá tíð. En það er dálítið athyglisvert að þegar Framsfl. kom svo í stjórn á eftir með öðrum en sjálfstæðismönnum, þá fellur yfir þá framsóknarmenn doði og sinnuleysi í þessum málum sem ekki varð vart við meðan þeir voru undir stjórn sjálfstæðismanna.

Það var eitt sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði og gerði dálítið úr og kom mér á óvart. Hann virtist standa í þeirri meiningu að ég hefði verið að deila á þá þáltill. sem hér er til umr. á þeirri forsendu, að ekki væri lagt þrífasa rafmagn á þá bæi sem talað er um að rafvæða á næstu tveim árum. Hv. þm. lagði út af þessu. Ég vil aðeins segja að þetta er allt hreinn misskilningur. Ég tók einmitt mjög skýrt fram að ég og þeir sem hafa staðið að þeim till. sem ég hef verið fylgjandi gerðu ráð fyrir einfasa línu og orkuráð hefur alltaf reiknað með að hinni eiginlegu sveitarafvæðingu væri lokið með einfasa línu. Allt það sem hv. þm. sagði á þeim grundvelli að ég hefði verið á annarri skoðun í þessu efni en hann sjálfur er alger misskilningur.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði eftir mér að orkuráð legði til að þetta verkefni sem við ræðum væri framkvæmt á skemmri tíma en þáltill. gerir ráð fyrir. Hv. þm. sagði: Ja, ég veit ekkert um það. Og hann sagði líka: Mér kemur það ekkert við. Okkar till. er um að framkvæma þetta á tveim árum og að tala um eitthvað annað (Gripið fram í.) þá er um yfirboð að ræða, eins og hann sagði. Ég leyfi mér algerlega að mótmæla þessu, að það sé yfirboð ef ég

nefni það að rétt sé að ljúka þessu verkefni á einu ári. Ég hef síðan 1979 á hverju ári borið fram tillögu um að ljúka verkefninu á næsta ári. Og þegar ég undirstrika það hér, sem ég hef verið að segja í nokkur ár, þá segir hv. þm. að það sé bara yfirboð. Eins og mér hafi ekki komið þetta til hugar fyrr en þessi þáltill. kom hér fram. Þetta er náttúrlega misskilningur.

Hæstv. iðnrh. hefur nú vikið af fundi. Það gerir kannske ekki mikið til. Ég ætlaði ekki að segja margt um það sem hann lagði til mála í sinni ræðu. Hann ræddi aðallega um Framkvæmdasjóðinn og Byggðasjóðinn og taldi að það hefði komið fram hér í umr. einhver misskilningur á því, hvort það væri Framkvæmdasjóðurinn eða Byggðasjóðurinn, sem væri til þess búinn að leysa þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í sveitarafvæðingarmálinu, þ. e. að útvega fjármagn til að ljúka þessu verkefni þegar. Ég sé enga ástæðu til að fjölyrða um það, hvort það er Framkvæmdasjóður eða Byggðasjóður sem hæstv. iðnrh. bindur vonir við í þessu máli. Frá mínu sjónarmiði skiptir það ekki máli. Það skiptir máli að fá þessa peninga og mér er nákvæmlega sama hvort það er gegnum Framkvæmdasjóð eða Byggðasjóð. Engin formsatriði skipta hér nokkru máli. Það sem skiptir mestu máli er að af stjórnvöldum og undir forustu hæstv. iðnrh. séu þegar í stað fengin úrslit í þessu máli, það sé ekki lengur beðið og beðið án þess að nokkur hlutur gerist, því að allt er undir því komið að fá fjármagn til þeirra verka sem við erum að tala um. Hæstv. iðnrh. orðaði það svo: Það kostar fé að rafvæða sveitabæi. Það er alveg rétt, það kostar fé. En ég hef litið svo á að það væri mörkuð stefna, sem a. m. k. engin ríkisstjórn frá 1975 hefur mótmælt eða sagt að hún fylgdi ekki, að rafvæða alla sveitabæi sem eru innan við 6 km fjarlægðarmörkin og tengja við samveitu. Ef menn meina eitthvað með þessu, ef stjórnvöld meina eitthvað með þessu, þá á þeim ekki að verða skotaskuld úr því að leysa þetta mál. Það má ekki henda að ríkisstj. eða hæstv. iðnrh. bíði lengur eftir svari sem hann á að fá og varðar framkvæmd þessa máls.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það leynir sér ekki að þessi mál eru ofarlega í hugum hv. þm. sem eðlilegt er. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf., að þetta eru mál sem oft hafa verið rædd hér á hv. Alþingi án þess að árangur yrði eins jákvæður og búast mætti við miðað við þær umr. sem hafa farið hér fram.

Ég held að það fari framhjá mörgum, sem um þetta ræða, að það er einn hnútur í þessu máli, sem hefur oftar en einu sinni komið upp á yfirborðið, og það er að sveitarafvæðingin og styrking dreifilína í sveitum eru gjarnan flokkaðar undir félagslegar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins. Þar stendur hnífurinn í kúnni vegna þeirrar einföldu ástæðu, að fjöldi manna í okkar þjóðfélagi og fjöldi hv. þm. vill ekki fallast á að flokka þessar framkvæmdir undir félagslegar framkvæmdir, þ. e. að sveitarafvæðing og styrking dreifilína í sveitum séu framkvæmdir greiddar úr sameiginlegum sjóði. Þetta er höfuðorsökin fyrir því að ekki hefur náðst samkomulag hér á hv. Alþingi um að ljúka þessu verkefni eins og þó hefði átt að gera fyrr.

Ég fagna því sérstaklega sem einn af flm. þessarar þáltill., að á hv. Alþingi hafa menn úr öllum flokkum lýst stuðningi við þetta verkefni. Ég vonast satt að segja til þess, að í umr. sem eftir eiga að fara fram í fjvn. verði reynt að ná allsherjarsamkomulagi um að falla frá þeirri skoðun að óeðlilegt sé að sveitarafvæðing sé félagslegar framkvæmdir. Ég mun kalla eftir því að við það verði staðið þegar að því kemur. Það væri lausn á málinu. Það er ég alveg sannfærður um.

Það kom fram hér að það eru nokkur býli, um 30 býli, sem ekki eiga þess kost að tengjast samveitu miðað við lengra en 6 km vegalengd. Mér fannst bera á ókunnugleika hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. í því sambandi því að það er aðgangur að fjármagni til að setja upp dísilrafstöðvar fyrir þessa staði. Það hefur sem betur fer víða verið gert. Hins vegar er það ekkert tilhlökkunarefni fyrir viðkomandi fólk að þurfa að kynda upp með olíu.

Ég vil einnig leggja áherslu á annað sem er ákaflega nauðsynlegt í sambandi við styrkingu á dreifikerfi í sveitum. Það stendur núna byggð víða fyrir þrifum að ekki er hægt að nýta þriggja fasa rafmagn. Ég veit um dæmi þess. T. d. eru heimamenn á Arnarstapa á Snæfellsnesi að reyna að styrkja búsetu þar með því að setja upp léttan iðnað, framleiðslu á einangrunarefni úr vikri, sem þeir hafa mikinn markað fyrir, en þetta mál stendur núna fast vegna þes að ekki er hægt að fá þriggja fasa lögn út að Arnarstapa. Það er ekki fjármagn til hjá Rafmagnsveitum ríkisins til að framkvæma þetta. Svona er þetta víða í sveitum. Því er mjög áhugavert mál að hægt sé að finna sameiginlega möguleika á því að fjármagna slíkar framkvæmdir.

Ég ætla ekki að tefja umr., herra forseti. Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, en ég vil benda á það, sem kom fram hér hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að við höfum fyrir okkur ákaflega góða reynslu af ákvörðun sem Alþingi tók í svona viðkvæmu máli, ákvörðun um lagningu sjálfvirks síma um landið. Þá var samþ. með lögum framkvæmdaáætlun sem ekki er hægt að víkja frá og þegar er búið að vinna að, tveimur árum síðar, með þeim árangri sem að var stefnt. Þess vegna er vissulega umhugsunarefni hvort Alþingi á ekki einmitt í svona erfiðum byggðamálum að fara inn á þá braut að gera fyrir fram ákveðna áætlun um hvernig framkvæma skuli og setja um það lög sem ekki er hægt að víkja frá. Þetta var gert varðandi lagningu sjálfvirks síma og innan þriggja ára verður því verkefni lokið. Þess vegna tek ég undir þá hugmynd, ef þessi þáltill. verður samþykkt, að þetta sé ein leiðin til að tryggja að rafvæðingu sveita verði lokið innan tveggja ára.

Ég ætla ekki að segja meira, herra forseti, en ég legg áherslu á að þetta er félagslegt vandamál sem allir verða að vera samtaka um að leysa.

Egill Jónsson: Herra forseti. Einungis örfá orð og kannske aðallega vegna þess að ég þarf að leiðrétta það sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Þar talaði ég um að það væru tveir af fjvn.-mönnum Framsfl. flm. að þessari till., en mér yfirsást því að þeir eru þrír. Allir þm. Framsfl. sem eiga sæti í fjvn. Alþingis flytja þessa till. Verð ég alveg sérstaklega að biðja þann mann afsökunar á þessu sem síðast talaði af því að ég taldi rangt ekki svo löngu áður. Ég vona satt að segja að hann verði ekki frekar en hinir heiðursmennirnir, sem reyndar eru báðir úr Ed., kenndur við sýndarmennsku í tillöguflutningi þegar að afgreiðslu fjárlaga kemur.

En það er svo um þennan hnút. Hv. síðasti ræðumaður var að tala um að það væri sérstakur hnútur á í þessu efni vegna þess að þetta væri flokkað undir félagslegar fram-

kvæmdir. Ég hef ekki séð þá flokkun nema hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þær tala um þetta sem félagslegar framkvæmdir. Það er farið að kalla allt félagslegar framkvæmdir sem ekki skilar arði í því fjármálaöngþveiti sem er í þessu þjóðfélagi, og þyrfti í raun helst að afskrifa allan stofnkostnað af rekstri til þess að hér verði hægt að reka fyrirtæki. Það mætti alveg eins til sanns vegar færa að atvinnuvegirnir og þarfir þeirra í sambandi við fjármagn ættu að flokkast undir félagslegar framkvæmdir. En peningarnir eru nú eins í laginu hvort heldur sem menn tala um félagslegar framkvæmdir eða eitthvað annað í sambandi við þetta. Hér er það fyrst og fremst vilji manna og áhugi á þessu máli sem ræður.

Ég vil taka það alveg skýrt fram hér og undirstrika það út frá því sem tveir hv. ræðumenn hafa látið koma hér fram, að hér væri tekin hliðsjón af lögum um lagningu sjálfvirks síma, að málið er bara ekki svo einfalt, vegna þess að við erum að tala um framkvæmdir á næsta ári og þá í allra síðasta lagi á árinu 1984. Við erum að tala um afgreiðslu á máli sem að verulegu leyti ræðst af afgreiðslu næstu fjárlaga. Það er af þessari ástæðu sem við megum ekki drepa málinu á dreif með þáltill. Hún er þó jafnmikilvæg fyrir það og ég er jafnþakklátur flm. þessarar till. eftir sem áður og þá sérstaklega 1. flm., sem ég geri mér alveg ljóst að hefur haft forgöngu um þetta mál. Till. sem slík er búin að ná sínum árangri, ná sínu takmarki. Hún er búin að gefa sín fyrirheit. Það er alveg augljóst mál, að það liðsinni sem þessir tíu dreifbýlisþingmenn Framsfl. hafa nú heitið við fjárlagaafgreiðslu er það sem hér skiptir máli — ekki áætlun til tveggja ára heldur hvernig málið verður afgreitt við næstu fjárlagagerð. Það er þungamiðja þessa máls, eins og ég hef áður sagt.

Ég er þakklátur fyrir flutning þessarar till. og sérstaklega 1. flm. hennar. Ég fagna því, sem hann sagði hér áðan, og ég veit að það er alveg fyllilega mark á því takandi að hann er ekki að flytja mál til að vekja athygli á sjálfum sér, heldur mál sem hann hefur áhuga á að kæmist áfram. En nú reynir á hina níu við næstu fjárlagagerð og afgreiðslu.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það verður örstutt ræða út af atriðum sem til mín hefur verið beint í umr.

Hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson, sem hér var að ljúka máli sínu, sagði í sinni fyrri ræðu að honum fyndist að í huga mér væru einhverjar efasemdir um þann þunga sem ég teldi að bæri að leggja á mál þetta. Ég vil reyna að fullvissa hann um að svo er ekki. Það eru engar efasemdir í huga mér um þá þýðingu sem rafvæðing hefur fyrir þetta fólk sem býr við þær aðstæður að hafa ekki rafmagn frá samveitu. Það eru engar efasemdir í huga mér um hvað þetta er mikils virði fyrir það fólk.

Varðandi það, sem hann sagði einnig, að hann ætlaði að sleppa allri umfjöllun um stöðu mála í fjvn. og öllum úrtölum um málið, þá er það rétt hjá honum að ekki er ástæða til að vera hér að fjalla um stöðu í fjvn., en ég vil samt leyfa mér að vera það raunsær í minni hugsun að vera ekki búinn að gleyma því sem ég ræði þar um á morgnana þegar ég kem upp í ræðustól úti í þingi eftir hádegi. Ég held að við eigum að hafa í huga hvernig ástandið er þar. Ég sagði áðan að ég vonaðist jafnan til þess að það næðist samstaða um að lagfæra þetta mál eitthvað svo hægt yrði að þoka málunum í þá átt sem við höfum lagt til í þessari þáltill.

Væri hægt að gera þetta á einu ári væri auðvitað vel. Ég leyfi mér að efast um að svo verði. Það kostaði á áætlun í mars s. l. um 16.5 millj. Við vitum að vísu samkv. upplýsingum frá hæstv. iðnrh. að eitthvað hefur verið unnið nú þegar þannig að nú hefur um hægst, þ. e. að ekki eru eins miklar framkvæmdir óunnar, en auðvitað verður þetta verk miklu dýrara á næsta ári. Upphæðin verður þá auðvitað miklu hærri. (**StefG:** 19 nú.) 19 nú, segir hv. 1. flm. till.

Hv. 11. landsk. þm. sagði einnig að það væri ekki mikils virði að vera að tína til fjölda notenda til að breyta röð á áætluninni. Ég get fallist á að það hefur kannske ekki mikinn tilgang. Þó er kostnaður á býli frá 300 þús. og upp í 700 þús. á hvert einstakt býli deilt með fjölda notenda. Ég býst því við að það sé nokkurs virði að vita hvað kostar fyrir hvert einstakt býli að tengja það við samveiturnar og þykir ekki ólíklegt að það muni hafa einhver áhrif á röð verkefna, ef ekki tekst að klára þetta allt á næsta ári, sem hann hefur þó látið í ljós að væri auðvelt. Ekki er ég alveg sannfærður um að svo sé, en sjálfsagt væri æskilegt, ef menn dyttu í slíkan sjóð, að geta framkvæmt rafvæðinguna á svo skömmum tíma.

Varðandi þær tvær áætlanir sem ég gat um í minni fyrri ræðu og hv. 4. þm. Vestf. vék að aftur í sinni seinni tölu, þá kann að vera að á þeim sé enginn forgangshraði. Ég býst við að það sé rétt. Þó röð þeirra hafi eitthvað breyst innbyrðis, önnur er dags. 15. maí 1981 og hin 14. apríl 1982 — er ekki þar með sagt að þar sé endilega verið að raða upp í forgangsröð. Þá er það misskilningur hjá mér, hafi ég álitið fyrr að svo væri.

Hv. 4. þm. Vestf. var líka eitthvað að velta fyrir sér í hvaða tilgangi ég hefði spurt um afstöðu hans til þessara mála á árabilinu 1974—1978. Það skal ég segja honum. Það var spurt aðeins vegna þess að hann sagði í sinni fyrri ræðu að hans brtt við afgreiðslu fjárl. s. l. 2 eða 3 ár hefði verið felld af stjórnarliðum. Þess vegna spurði ég um afstöðu hans og annarra stjórnarliða á því árabili. Hvaða tilgangi það þjónaði í umr.? Það má kannske liggja á milli hluta. Það var spurt fyrir forvitni sakir af minni hálfu. Sjálfsagt hefur stundum verið spurt óviskulegar og um eitthvað sem hefur verið fjær umr. en þessi spurning (**ÞK:** Var þessu ekki samviskulega svarað?) Jú, ég ætlaði að þakka hv. þm. fyrir það svar sem hann gaf mér. Hann taldi að á þessum árum hefði einmitt mest átak verið unnið í sveitarafvæðingunni. Kann það vel að vera. Ég verð að játa vanþekkingu mína í því sambandi. Ég ætla ekki að rengja hann. Mig langar samt til að segja honum og öðrum stutta sögu. — Ég vona að það taki ekki of langan tíma.

Á framboðsfundum fyrir kosningarnar til Alþingis 1979, þegar ég fór fyrst að hugleiða þessi mál verulega í alvöru, var ég á fundi austur á Melrakkasléttu, þar sem þessi mál brenna heitt á ýmsum ábúendum jarða. Þeir lögðu mikla áherslu á að þessum málum yrði fylgt fram. Á svipuðum fundi næsta vor, eftir að ég hafði setið á þingi frá því í desember 1979 og fram til vors 1980, var ég að því spurður hvað ég vissi um málið. Ég gaf þær upplýsingar að ég hefði fengið þau svör hjá orkuráði að nú væri þetta allt í rétta átt. Þetta væri komið í forgangsröðun og lína til þeirra væri á þriðja áfanga í áætlun orkuráðs. Þá vildi svo til að þeir þar austur frá hlógu að mér og sögðu að ég hefði líklega ekki spurt hversu lengi það verk væri búið að vera á þriðja áfanga og hversu langan tíma tæki að framkvæma. Þeir afhentu mér bréf,

sem ég vitnaði til áðan, með undirskriftum 9 eða 10 aðila sem höfðu skorað á orkuráð að hraða framkvæmdum. Bréfið er dags. 27. okt. 1977 og ég er með það fyrir framan mig, þeir sögðu mér að þá hefðu þeir fengið það ágæta svar að þetta væri allt að koma, þetta væri á þriðja áfanga. Hvort það hefur verið á þriðja áfanga á áætlun hjá orkuráði öll árin, frá 1974—1978, veit ég ekki. Það fylgdi ekki með. En ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 24. fundur.

Fimmtudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Stjórn og starfræksla póst- og símamála, fsp. (þskj. 49). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 49 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um framkvæmd laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Fsp. hljóðar þannig:

„1. Hvað líður framkvæmd 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 13. maí 1977 þar sem segir í 2. mgr.: „Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á"?

2. Hvernig og eftir hvaða reglum framkvæmir Landssíminn gjaldtöku símtala í gegnum svokallaðar „hnútstöðvar", sem settar hafa verið upp víðs vegar um land í sambandi við framkvæmd lagningar sjálfvirks síma um landið samkv. lögum frá 18. maí 1981?"

Það sem að baki þessum fsp. býr er í fyrsta lagi sá mikli mismunur sem er á símgjöldum víðs vegar um landið. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt er hér um að ræða mjög mikið óréttlæti. Að vísu hafa verið stigin stór skref til jöfnunar á síðustu árum og ekki síst í sambandi við lækkun taxta á langlínusamtölum milli landshluta, sem er mjög mikilvægt atriði, en samt sem áður er niðurstaða þessara mála enn í dag sú, að landsbyggðin greiðir yfir 60% af símgjöldum til Pósts og síma þrátt fyrir þann mikla jöfnuð sem búið er þó að gera. Með lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er ákveðið stefnt að því að jafna þetta út og þótti eðlilegt við setningu laganna og þykir eðlilegt enn að stefna að því að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers. Þetta hefur dregist. Þessi fsp. er hér lögð fram vegna þess að ekki hafa fengist nægjanlega góð svör við því hvert stefnir í þessum málum.

Í öðru lagi er það þannig, að samkv. lögum um lagningu sjálfvirks síma, sem samþykkt voru hér á Alþingi 18. maí 1981, var gerð 5 ára áætlun sem unnið hefur verið eftir. Ber því vissulega að fagna að allar líkur eru til þess að áætlunin standist þannig að símnotendur um landið verði komnir í sjálfvirkt símsamband innan þriggja ára héðan í frá. En það hefur valdið talsvert mikilli óánægju að í sambandi við framkvæmd á þessu ákvæði hafa verið settar upp hinar svokölluðu „hnútstöðvar". Þær gera það að verkum að á svæðum sem þær þjóna þarf fólk að greiða jafnhátt verð fyrir eina mínútu og þarf að greiða fyrir 6 mínútur í venjulegum skrefum. Þetta hefur valdið óánægju og póst- og símamálastjórn hefur ekki getað gefið svo viðhlítandi svör við kvörtunum vegna þessa að átta megi sig á í hverju þetta misræmi liggur. Fsp. er sett fram í framhaldi af því að árangurslaust hefur verið reynt að fá bein svör við að hverju sé stefnt í þessum málum.

Það mætti tala hér lengi um þessi símamál. M. a. hefur komið upp sú spurning hvort póst- og símamálastjórn hafi athugað fleiri valkosti til að jafna aðstöðu fólks í landshlutum að þessu leyti til. M. a. hefur komið upp sú hugmynd, að e. t. v. væri hægt að stíga þetta skref með því að miða við hin svokölluðu þjónustusvæði, þannig að allir innan sama þjónustusvæðis greiddu sama gjald. Það má vel vera að sú aðferð geti komið að gagni í þessu sambandi, en allavega þarf að vita hvert stefnir í þessum málum því að ég tel að það sé ótvíræð stefna að þarna verði dregið úr misrétti.

Ég vænti þess að í svari hæstv. samgrh. komi upplýsingar um þessi mál.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í fáum orðum sagt má segja að þetta mál, sem nú er spurt um, hafi verið til athugunar á milli samgrn. og Pósts og síma þann tíma sem ég hef gegnt embætti samgrh. nú. M. a. ritaði ég póst- og símamálastjóra 9. júlí s. l. og innti eftir því hvenær stofnunin teldi að umrætt lagaákvæði, sem er að vísu stefnt að, gæti komið til framkvæmda. Ég tel að það sé nokkuð upplýsandi í þessu sambandi að lesa það bréf, sem mér barst 3. sept. frá stofnuninni, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til bréfs samgrn., dags. 9. júlí 1982, varðandi lagaákvæði. „Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þess ákvæðis kemst á" skal eftirfarandi tekið fram:

Framangreind stefnumörkun um gjaldtöku símtala innan hvers svæðisnúmers veldur mikilli grundvallarbreytingu á gjaldskrá stofnunarinnar. Þá vaknar sú spurning hvort hér sé átt við símtöl milli símstöðva innan svæðisnúmersins eða á það við öll símtöl innan svæðisins og þá líka innanstöðvarsímtöl, samanber höfuðborgarsvæðið. Nú er gjaldtaka innan svæðisins auk innanstöðvartaxtans núll sem hér segir: 91—svæðið: einn taxti, 0; 92—svæðið: einn taxti, 1; 93—svæðið: þrír taxtar, 1, 2 og 3; 94—svæðið: tveir taxtar, 1, 2; 95—svæðið: þrír taxtar, 1, 2 og 3; 96—svæðið: þrír taxtar, 1, 2 og 3; 97—svæðið: þrír taxtar, 1, 2 og 3; 98—svæðið: einn taxti, 0, og 99—svæðið: tveir taxtar, 1 og 2.

Skal upplýst að fljótlega eða seint á næsta ári verður af tæknilegum ástæðum að gera eitt svæðisnúmer fyrir 98 og 99 og þá afnema svæðisnúmer nr. 99.

Ennfremur segir í síðustu mgr. 11. gr. nefndra laga: „Að því skal stefnt, að tekjur samkv. gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt". Af þessu leiðir væntanlega, að núverandi taxtar hækka eða lækka eftir atvikum innan sjö svæðisnúmera. Og ef sama á að gilda um öll svæðisnúmerin, hvað verður þá gert með innansvæðistaxtann 0 á höfuðborgarsvæðinu? Með hliðsjón af framansögðu er samgrn. beðið að marka stefnuna, því erfitt er að koma auga á jöfnuð í þessu tilliti".

Samgrn. svaraði þessu bréfi strax 22. sept. s. l. og segir

í því bréfi m. a., með leyfi forseta: „Að sjálfsögðu er átt við að einn taxti verði innan svæðis. T. d. innan 93—svæðisins aðeins taxti 1" o. s. frv. Í þessu bréfi er ekki afstaða til þess, hvort það á að vera sami taxti á öllum svæðum, en sú stefna mörkuð að það eigi að vera einn taxti innan eins svæðisnúmers.

Ég lét einnig senda þá fsp. sem nú er til umr. til póst- og símamálastofnunar og fékk svar frá stofnuninni sem því miður upplýsir ekki nægilega það sem um er spurt. Í þessu svari, sem dags. er 4. nóv. s. l., segir svo m. a.:

„Með tilliti til bréfs samgrn., dags. 29. okt. s. l., varðandi fsp. Alexanders Stefánssonar alþm. á þskj. 49, 2. tölul., skal eftirfarandi tekið fram:

1. Orðalagið að sömu gjöld innan hvers svæðisnúmers verður að túlka nánar. Hvaða gjöld er átt við? Hvort eru það innanbæjartaxtar eða langlínutaxtar innan svæðisins? Hafa hv. alþm. hugsað sér að settur verði einn og sami taxti milli síma hvar sem er á svæðinu sem um ræðir?

2. Gjaldtaka um „hnútstöðvar" eða greinistöðvar fer eftir ákvörðun samgrn., sbr. í síðast í bréfi dags. 7. sept. 1981. Til skýringar skal bent á dæmi frá Snæfellsnesi. Nú er í gildi sami dagtaxti með 60 sekúndna skreflengd milli þessara staða: Hellissandur, Ólafsvík, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Búðardalur, Reykjanes og Saurbær í Dölum, en til fjarlægari staða eru tveir aðrir taxtar eftir fjarlægð með skrefalengd 18 sekúndur og 12 sekúndur á dagtaxta. Nætur- og helgidagataxtinn er 50% af dagtaxta eins og kunnugt er".

Síðan fylgir með gjaldflokkatafla sem ég sé ekki ástæðu til að ræða eða lýsa hér.

Eins og kemur fram í þessu bréfi virtist stofnunin enn ekki hafa gert sér grein fyrir því við hvað var átt, þrátt fyrir bréf rn. sem ég las áðan. Ég ræddi þegar við póst- og símamálastjóra og benti honum á fyrra svar rn. frá 22. sept. Að mínu mati er tvímælalaust átt við að einn taxti sé innan svæðisins alls. Hins vegar má um það deila hvort er ætlast til þess að sami taxti sé innan allra svæða. Ég óskaði eftir því við stofnunina enn einu sinni að hún léti mér í té áætlun um hvernig megi nálgast og hvenær þá ná þessu ákvæði laga. Það hef ég ekki fengið í hendurnar enn.

Hitt vil ég svo segja, sem öllum má vera ljóst, að ef sá taxti sem gildir innan þéttbýliskjarna á viðkomandi svæði, sem er 1. taxti, á að gilda fyrir allt svæðið hlýtur sá taxti að hækka ef tekjur stofnunarinnar eiga að vera óbreyttar. Þetta þurfum við að hafa í huga.

Í öðru lagi er lögð á það áhersla og fullyrt af póst- og símamálastjórninni, að verði langlínutaxti innan svæðis lækkaður eitthvað í áttina við innanbæjartaxta á viðkomandi svæði muni umferð um símalínur þess svæðis stórlega aukast og kerfið sé ekki í stakk búið nú til að taka við svo auknu álagi á milli fjarlægari staða. Ég tel einmitt að í svari Póst- og símamálastofnunarinnar þurfi þetta að koma fram: Hvað telur stofnunin að efla þurfi mikið búnað símstöðva á svæðinu og jafnvel fjölga línum til þess að unnt sé að framkvæma þessa taxtabreytingu með þeirri auknu umferð sem henni kann að fylgja?

Um 2. liðinn, „hnútstöðvarnar", verð ég að segja að mér sýnist í svari Póst- og símamálastofnunar nokkuð farið framhjá málefninu. Það er að vísu rétt að samgrn. staðfestir gjaldskrá, en ég minnist þess ekki að annað hafi verið staðfest en lagt er til af Póst- og símamálastofnun. Því má segja að það sé nánast formsatriði í rn.

Á hitt vil ég þó benda, að þessar „hnútstöðvar" hafa í raun og veru fækkað gjaldsvæðum og sameinað allstór svæði um eitt gjald. Hins vegar hafa þær víða orðið millilíður milli notandans og t. d. verslunarmiðstöðvar, sem viðkomandi notandi var iðulega áður í beinu sambandi við. Ég hef margsinnis rætt þetta við Póst- og símamálastofnunina og tel að kvartanir notenda í þessu sambandi séu á rökum reistar, en svarið er það, að til að beina öllum símnotendum beint inn á t. d. verslunarstað þurfi mjög mikla fjölgun á línum og miklu meiri búnað í stöð. „Hnútstöðin" er m. ö. o. greinistöð sem tekur við mörgum notendum og greinir þá eftir miklu færri línum í símakerfi landsins. Fyrir barðinu á þessu hafa einhverjir orðið. Þeir hafa þar með tengst „hnútstöð", en voru áður í beinu sambandi við viðskiptamiðstöð sína, þangað sem mesta umferðin iðulega liggur.

Þessar „hnútstöðvar" eru nú 20. Ég hef óskað eftir að skoðað verði hvernig þetta megi lagfæra. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar, m. a. að lækka eða jafnvel fella niður fastagjald og taka þá eingöngu eftir notkun. Það mundi ekki ná að jafna það sem hér er um að ræða, en gæti þó haft áhrif í rétta átt.

Ég hef ekki tíma til að fara ítarlegar út í þetta mál, bjallan hringir, en ég vil taka fram að það er unnið jafnt og þétt að því að jafna kostnað á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Að mínu mati hefur mikið áunnist. Eins og ég vonandi fæ tækifæri til að upplýsa seinna eru nú í fyrsta sinn orðin jafnmörg skref á milli dreifbýlis utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins og á Reykjavík- og Reykjanessvæðinu, þ. e. mánaðarskref eru orðin um 11 millj. á báðum þessum svæðum. Í því felst að sjálfsögðu mikill jöfnuður, sem ég er tilbúinn að ræða síðar.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda um nauðsyn enn frekari jöfnunar símgjalda og um leið tek ég undir að við höfum þar vissulega náð mikilsverðum árangri. En betur má ef duga skal. Í máli fyrirspyrjanda kom einmitt fram hversu hár hlutur símnotenda á landsbyggðinni er enn þá í afnotagjöldum, þrátt fyrir það sem áunnist hefur og þrátt fyrir það, sem víða hefur verið sagt, að menn hafi þarna farið allt of geyst í sakirnar og níðst allt um of á þéttbýlinu í þessu efni. Ég tek undir það einnig með honum, að vissulega hlýtur það að vera lágmarkskrafa að sama gjald ríki innan svæðis. Ég trúi því svona mátulega að þetta kerfi okkar sé ekki orðið það fullkomið að það þoli það fullkomlega.

En ég vildi aðeins víkja að því, og það var mitt erindi upp í ræðustólinn, hversu þröngt og erfitt er um vik fyrir fólk að komast í síma úti á landi miðað við þann langa lokunartíma sem gildir hjá stöðvunum þar. Ferðafólk og sjómenn kvarta mjög undan þessu vegna þess að ekki hefur verið séð fyrir því að símaþjónusta væri þá til staðar einhvers staðar annars staðar. Þetta var mjög áberandi eystra núna á síldarvertíðinni, þegar sjómenn áttu í miklum erfiðleikum, bæði um helgar og á kvöldum, að ná sambandi til síns heima. Þetta hefur áður verið rætt hér á Alþingi, m. a. í fsp.-tíma, og er engin leið að gera nánari grein fyrir því hér, en hér er um óviðunandi ástand að ræða. Lágmarkið er að ferðafólk, og ég tala nú ekki um sjómenn, geti með tiltölulega hægu móti náð heim til sín um helgar eða á kvöldin. Það er lágmarkskrafa sem ég hlýt að gera fyrir hönd þeirra sem undan þessu hafa kvartað.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það er auðvitað hárrétt hjá hæstv. samgrh. að kerfi Pósts og síma er ekki í stakk búið til að gera öll samtöl á hverju svæði að innanbæjarsamtölum og eru reyndar varla rök til þess. Það eru engin rök til þess að hafa samtöl t. d. frá Hveragerði að Kirkjubæjarklaustri jafndýr og samtöl innan staðarins Hveragerðis. Það sem keppa ber að er að draga stórlega úr hinum mikla kostnaðarmun á langlínusamtölum og innanbæjarsamtölum. M. ö. o. að lengja stórlega öll skref á öllum svæðum, öllum leiðum, og þá auðvitað á kostnað innanbæjarsamtala. Öðruvísi fæst það ekki uppi borið. Það eru engin rök fyrir því lengur að hafa þennan mikla mismun á langlínusamtölum og innanbæjarsamtölum, vegna þess að flutningur símtala á milli staða verður alltaf ódýrari og ódýrari, ódýrari og ódýrari tæki, fleiri og fleiri samtöl sem við flytjum, en innanbæjarstöðvarnar og innanbæjarkerfin halda sínum kostnaði óbreyttum. Ég gæti ímyndað mér að samtal norður á Akureyri frá Reykjavík kostaði svona þrisvar sinnum meira en innanbæjar í Reykjavík, þrisvar, fjórum sinnum kannske fimm sinnum meira í reynd, en kostar líklega 100 sinnum meira þegar við förum að borga það. Það hafa verið rekin upp ramakvein hér á Alþingi þegar lítil skref hafa verið tekin í þessa átt, en það þarf að mínu mati að taka miklu stærri skref. Ég tek mjög undir það með hæstv. ráðh. að halda þarf áfram að jafna kostnaðinn milli dreifbýlis og þéttbýlis og í stærri skrefum en hingað til hefur verið gert.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það er gaman að því að umr. um þessa fsp. hv. 1. þm. Vesturl. skuli fara fram á 50 ára afmælisdegi sjálfvirks síma á Íslandi og þá sé verið að ræða um hvaða ráð eigi að finna til að jafna símakostnað milli byggða eftir að búið er að vera sjálfvirkt ódýrt símasamband á Reykjavíkursvæðinu í 50 ár.

Það komu sérstakar upplýsingar fram í ræðu hæstv. samgrh. Það var í fyrsta lagi yfirlýsingin frá Pósti og síma um að gjald „hnútstöðva" væri ákvarðað af rn. Ráðh. vildi ekki viðurkenna að raunverulega væri það ákvarðað öðruvísi en samkv. tillögum Pósts og síma. Okkur hefur verið sagt að vandamálin í kringum „hnútstöðvar" væru ekki beinlínis hvernig ákveða skyldi gjald, heldur væri þarna um erfiðleika í tækni að ræða. Ráðh. upplýsti það reyndar. En „hnútstöðvar" eru beinlínis notaðar, hafa verið notaðar undanfarandi og eru notaðar, til að leggja sérstök gjöld á sérstök svæði. Ég vil nefna dæmi. T. d. var sunnan Skarðsheiðar sett upp „hnútstöð" í Lambhaga til að hægt væri að innheimta sérstakt gjald af svæðinu, viðskiptasvæði Akraness. Þetta er að mínu mati mjög merkilegt og sérstakt. Þegar undan því er kvartað er einhverjum tæknibúnaði kennt um og þá í öðru lagi rn., en ekki stofnuninni sjálfri. Það sem ráðh. sagði um að póst- og símamálastjórnin væri að stinga sér undan að svara sjálfsögðum hlutum eins og þessum með því að vísa á einhverja aðra er því ekki út í bláinn. Þetta er allt of algengt í þessari stofnun. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Aðeins eitt atriði. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Helgi Seljan nefndi hér áðan um lokun stórra landssímastöðva frá kl. 5 á föstudagskvöldi til kl. 9 á mánudagsmorgni. Slík þjónusta, þegar verið er að tala um að bæta þjónustuna úti um landið, er fyrir neðan allar hellur. Það er langt frá því að hægt sé að tala um að bæta þjónustu þegar ekki er hægt að senda samúðarskeyti, heillaskeyti eða hafa nein viðskipti við þessi stóru svæði í meira en tvo sólarhringa. Það er á allt annan veg. Það hlýtur að vera krafa allra að þessi þjónusta verði tekin upp á nýjan leik og einnig út frá því sjónarmiði, sem hv. þm. Helgi Seljan benti á áðan, að veita sjálfsagða þjónustu við gesti og aðkomumenn í byggðarlögum.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. síðasta ræðumanni, Skúla Alexanderssyni, fyrir orð hans um lokun á stöðvum og einnig hv. þm. Helga Seljan. En mér finnst að þarna megi minnast örlítið á ágæta sögupersónu, góða dátann Svejk, sem sagði að það ætti að vera regla á hlutum. Mér sýnist að þarna sé um ágæta reglu að ræða hjá Pósti og síma. Hann hækkar símgjöldin á okkur til þess að við tölum minna og brennivínið er líka hækkað til að við drekkum minna. Það er ágætis regla á þessu öllu saman.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans og einnig þær undirtektir sem hér hafa komið fram, sem sýna mikilvægi málsins frá fleiri sjónarhornum.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst svörin, sem hæstv. ráðh. lýsti hér, frá Pósti og síma vera mjög flókin og ófullnægjandi. Ég hélt satt að segja að komin væri það mikil tækniþekking að ekki væri hún til trafala. Raunar hefur þessi stofnun sýnt og sannað að hún býr yfir mikilli tækniþekkingu og möguleikum til að beita henni. Þess vegna finnst mér furðulegt að ekki skuli vera hægt að fá einfaldari svör við þessu en fram hafa komið og ákveðnari tillögur um hvernig megi bæta. Þá á ég ekki aðeins við svar stofnunarinnar til hæstv. ráðh., heldur einnig samtöl við einstaka þm. og aðila á þeim svæðum sem um er að ræða.

Á svæði ekki langt frá Reykjavík var haldinn borgarafundur um þessi mál, þar sem allir íbúar svæðisins mættu og tæknimenn Pósts og síma einnig, og þessi mál voru rædd frá sjónarhóli neytandans. Í stuttu máli sagt fengust ekki þau svör sem beðið var um. Þetta tel ég mjög miður því að kjarni málsins er sá, að aðalatriðið er náttúrlega að við njótum þeirra framfara, sem eru á þessu verksviði, sem eru gífurlega miklar og örar. Við eigum að nota það sem lið í því stefnumarki í fyrsta lagi að sjálfvirkur sími komi um allt landið og í öðru lagi að jöfnuður verði gerður. Ég tek undir það, sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Suðurl., að auðvitað er það aðalatriðið í fyrstu lotu að jafna hinn mikla mismun sem er á milli innanbæjar- og langlínusamtala.

Ég geri ráð fyrir að flestir hv. þm. hafi fengið bréf frá starfshópi talsímavarða í landinu, sem lýsa mjög skilmerkilega þeim breytingum sem hafa orðið í þjónustu Pósts og síma, sem eru spor aftur á bak miðað við það sem áður var. Nokkrir hv. þm. hafa fjallað um þetta og ég ætla ekki að endurtaka það hér. Þetta er mjög vel rökstutt í áliti starfshópsins, sem allir hv. þm. hafa fengið í hendur, og þarf ekki neinu við það að bæta. En ég tel að einmitt málefni þessarar mikilvægu stofnunar, Pósts og síma, skipti okkur öll, alla þjóðina, svo miklu að mjög mikilvægt sé að málin séu rædd fyrir opnum tjöldum og þessi stofnun geri sér grein fyrir því að henni ber skylda til að lofa þjóðinni að fylgjast með því hvernig mál hennar þróast. Hún á ekki að vera lokuð stofnun. Hún er í þjónustu okkar allra og öll þjóðin er sammála um að nýta tækniþekkingu hennar til að fá fullkomna þjónustu á

þessu sviði. Að því eigum við að stefna og erum allir væntanlega sammála um það.

En ég vil endurtaka þakkir mínar um leið og ég vænti þess að hæstv. samgrh. stuðli að því að þessi mál verði tekin föstum tökum. Ég bendi einnig á þáltill., sem liggur hér fyrir þinginu, um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, ef það gæti orðið liður í því að ná því marki sem við erum allir sammála um að ná í þessu máli.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er varðandi 2. lið þessarar fsp. að ég vildi leggja á það áherslu að ekki verður hjá því komist að endurskoða þær reglur sem gilda um gjaldtökuna. Ég vil nefna um það eitt dæmi.

Það hefur verið mikið óánægjuefni á Austurlandi að það var ein símstöð á Héraði, stöðin á Eiðum, og að hringja frá henni til Egilsstaða, sem er ekki nema um 11 km leið, er mun dýrara en t. d. að hringja héðan úr Breiðholti ofan í miðbæ. Hvað um það. Á næsta ári verður kominn sjálfvirkur sími þar í öðrum sveitum, sem eru í mun meiri fjarlægð, og það verður miklu ódýrara að hringja þaðan. Komin er stöð í hálfa sveit þar og það er mun dýrara að hringja úr sveitinni til Egilsstaða en innan Egilsstaða, en á næsta ári kemur væntanlega sjálfvirkur sími í hinn hlutann af sveitinni og þá kostar sama að hringja úr þeim hluta sveitarinnar til Egilsstaða og innan Egilsstaða. Það verður jafnvel allt annað gjald fyrir að hringja á milli bæja innan sömu sveitar. Þarna yrði náttúrlega komið í algert öngþveiti, sem ekki er hægt að verja. Menn verða að breyta til áður en þetta ástand skapast t. d. á þessu svæði. Það þarf að skipta landinu niður í þjónustusvæði og félagssvæði. T. d. er Fljótsdalshérað eitt þjónustusvæði. Það verður að vera sama gjald innan þessa þjónustusvæðis. Þetta vantar, en verður að gera með skipulegum hætti. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. beiti áhrifum sínum gagnvart Póst- og símamálastofnuninni til að svo verði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs hér fyrst og fremst vegna aths. hv. þm. Alexanders Stefánssonar varðandi bréf, sem fyrir liggur hjá þm., um stöðu talsímavarða og þá þjónustu sem póst- og símamálastjórnin er nú að afleggja í tengslum við sjálfvirku stöðvarnar. Að vísu hafði ég ákveðið að hafa um það samstarf við aðra þm. utan af landi að þetta mál yrði tekið sérstaklega fyrir til umr. hér í þinginu, en af því að það hefur borið hér á góma, þá vil ég undirstrika þetta atriði, að þrátt fyrir vottfestar yfirlýsingar af hálfu yfirstjórnar Pósts og síma um það, að ekki yrði minnkuð þjónusta við landsbyggðina í sambandi við sjálfvirku stöðvarnar og að gömlu starfsfólki yrði ekki sagt upp vegna þessarar breytingar, hafa þessi fyrirheit verið berlega svikin, samtímis því sem fyrir okkur liggja mál sem varða minnkandi þjónustu Pósts og síma á sviði öryggismála.

Hér liggur fyrir til umr. fsp. — sem síðar kemur náttúrlega fyrir þó of seint verði fyrir þann þm. sem fsp. ber fram, ef að líkum lætur — frá hv. þm. Tryggva Gunnarssyni varðandi lestur veðurfrétta fyrir sjómenn. Einnig er okkur kunnugt um það, að símamálastjórnin hefur í því skyni — að eigin sögn — að draga úr útgjöldum trassað — og ég mun finna þeim orðum mínum stað þegar eftir verður leitað — trassað öryggisþjónustu á loftskeytastöðvum og radíóstöðvum í kringum landið, svo að við stórslysum hefur legið, ef svo mætti ekki vera að beinlínis stórslys hefðu orðið af á seinni árum, undir því yfirskini að verið væri að draga úr kostnaði. Ég vil aðeins í sambandi við þær umr. sem hér fara fram koma að þeirri skoðun minni, að Póstur og sími, þessi umfangsmikla stofnun, var ekki til þess ætluð fyrst og fremst að standa undir sér fjárhagslega, heldur að halda uppi lífsnauðsynlegri þjónustu með sem minnstum kostnaði.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég held að hv. síðasti ræðumaður þurfi að finna hinum stóru orðum sínum stað. (**StJ:** Hann mun gera það.) Kannske gerir hann það. Ég vil halda því fram að þjónusta Pósts og síma hafi stórlega aukist á undanförnum árum. Það eru náttúrlega alvarlegar ásakanir ef trassaskapur, eins og orðað var, af hálfu Pósts og síma hefur orðið til þess jafnvel að slys hafa orðið o. s. frv. Þetta eru stór orð sem ég vona að hv. þm. finni stað.

Hér hefur verið kvartað undan því, að þegar sjálfvirkt hefur verið orðið við margar stöðvar, þá hefur þeim verið lokað eftir ákveðinn tíma. Ég hygg að það láti nærri að þetta séu um 30 stöðvar. Kvörtun barst í ráðuneytið um þetta s. l. vetur. Ég lét þá athuga á tiltekinni stöð, þar sem ekki var búið að loka, í útgerðarplássi nokkuð stóru hér á landi og reyndar var það gert á tveimur, um hve mikla notkun væri að ræða eftir kl. 5, á þeim tímum sem um var deilt. Það reyndust vera að meðaltali tvær hringingar í viku. Ég verð því að segja það alveg eins og er, að þetta var ákaflega dýr þjónusta sem þarna var um að ræða. Ég óskaði þá eftir því að opnaðir yrðu gjaldsímar sem menn gætu komist í. Það hefur verið gert. En sá tíðarandi er nú hér, að þeir endast varla nema nokkrar vikur, þá er búið að eyðileggja þá. Ef hægt er að komast að þeim þar sem þeir eru ekki í vörslu eða einhver hefur eftirlit með þeim, þá virðast þeir bókstaflega eyðilagðir og er illt til þess að vita.

Það getur vel komið til greina að auka þjónustu á þessum 30 stöðum. Ég hygg að flestir þessara staða séu í svipuðum flokki hvað þessu viðvíkur. En að sjálfsögðu kostar það peninga. Menn þurfa bara að meta það, hvort rétt er þá að hækka gjaldskrár Pósts og síma til þess að standa undir slíkum kostnaði.

Við rekstur Pósts og síma er lögð mjög mikil áhersla á sparnað. Það er í gangi athugun eftir athugun til að reyna að draga úr útgjöldum og flestir þessir liðir koma að einhverju leyti þar undir. Ég tek hins vegar undir það, sem hér kom fram, að það er vitanlega ákaflega bagalegt ef ekki er unnt að komast í síma, t. d. í vertíðarplássum. Það þarf vitanlega að reyna að leysa það mál.

En varðandi það mál sem hér er rætt er lausnin í raun og veru augljós. Við getum náttúrlega fellt niður þetta sérstaka gjald í gegnum hnútstöðvarnar. T. d. þannig að sama gjald verði fyrir alla sem hringja inn á Akranes eða í aðra viðskiptastaði. En þá verður, til að halda tekjum símans, að hækka gjaldið í þéttbýlisstöðunum. Við skulum gera okkur fulla grein fyrir því. Hins vegar segir Póstur og sími að sá þrándur sé enn í götu að tækin leyfa ekki þá miklu umferð. Það má að sjálfsögðu ýta því til hliðar og segja sem svo: þá verður erfiðara að komast í samband, en gjaldið verður hins vegar það sama. Þetta er núna til athugunar.

Ég er einnig að láta athuga hvort til greina komi að fara ekki alveg svona í þessi mál, heldur skipta landinu í viðskiptasvæði. Þetta hefur verið athugað, en það koma satt að segja upp ýmis vafatilfelli. Sú spurning vaknar, hvort Póstur og sími eigi að koma viðkomandi notanda í

viðskipti hér eða þar. Það er víða svo, að notendur í einni sveit skipta við tvo mismunandi staði. Þetta hefur komið fyrir á Norðurl. e., þessi spurning kom fram hér á Suðurlandi, hvort á að flokka bændur við Hellu eða Hvolsvöll, svo að ég nefni dæmi. Þetta er ekki auðleyst. Auk þess kjósa margir sem þar búa að hafa viðskipti við Selfoss. Málið er ekki algerlega augljóst.

Hitt vil ég svo leggja áherslu á, að samskipti Pósts og síma við notendur eru náttúrlega ákaflega mikilvæg. Og mér finnst satt að segja heldur lítið gert úr því hér, hve mikil breyting hefur orðið á þessu sviði öllu upp á síðkastið. Við höfum samþykkt á hinu háa Alþingi að koma sjálfvirkum síma á alla staði á landinu á næstu fjórum árum. Við þá áætlun var fyllilega staðið s. l. sumar, meira að segja svo vel að það kann að vera unnt að stytta þetta tímabil. Það er eflaust rétt, sem kom fram hér áðan hjá hv. 3. þm. Austurl., að óánægja ríkir í kringum Egilsstaði hjá fólki sem ekki er á fyrra hluta eða fyrstu árum þessarar áætlunar. En staðreyndin er náttúrlega sú, að það er ekki hægt að koma öllum á fyrstu árin á fimm ára áætlun.

Ég vil jafnframt gera grein fyrir því hér, að ég hef einmitt fyrir örfáum dögum skipað svonefnt póst- og símamálaráð, sem á að vera samgrh. og samgrn. til aðstoðar og ráðuneytis, ekki síst í samskiptum Pósts og síma við notendur. Það er um svo viðamikil og mörg mál að ræða í þeim samskiptum, að ég tel ákaflega æskilegt að fleiri menn fjalli um þau. Þetta póst- og símamálaráð mun einmitt taka fyrir málefni eins og þau sem hér hefur verið drepið á. Starfsmönnum Pósts og síma er að sjálfsögðu skylt að veita þessum mönnum hverjar þær upplýsingar sem þeir óska eftir og vinna hverja þá áætlun og athugun sem póst- og símamálaráð óskar eftir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þetta á víst samkv. venju að verða örstutt aths. Vegna beiðni hæstv. ráðh. ætla ég að upplýsa hann um það, sem hann mun þó vita — vegna þess að hann mun hafa fsp. í gangi til þess að geta svarað hér fsp. sem fram hefur komið, til dæmis um að tarna, að Póstur og sími neitar að útvarpa veðurfréttum á metrabylgjum, sem þó er kveðið á um að minnstu bátarnir skuli hafa eingöngu, heldur aðeins á miðbylgju, vegna þess að Veðurstofan neiti að greiða sérstaklega fyrir útvarp á metrabylgju til bátanna á veðurfréttum. Einnig það, sem mér er kunnugt um og þar mun ekki stoða að þræta fyrir af hálfu Pósts og síma, og ég bið hæstv. ráðh. um að kynna sér það mál, að stofnunin hefur neitað að láta í té rafhlöður í neyðarsenditæki í Vestmannaeyjum, sem til þess eru ætluð að halda uppi loftskeyta- og talstöðvarsambandi við bátana á þeirri slóð, þegar rafmagn fer af stöðinni í Vestmannaeyjum, — hefur neitað að láta þetta í té á þeirri forsendu að þetta eigi Rafmagnsveiturnar að gera. Sem dæmi um það hvað af þessu hefur leitt vil ég geta þess, að þegar Heimaey rak upp í sandinn fyrir skemmstu, þar sem maður fórst og frægt varð raunar af mistökum, sem urðu í sambandi við björgunarmálin og varðskipin komu inn í, þá vildi svo til, þegar þetta slys varð, að rafmagnslaust var á stöðinni í Vestmannaeyjum og sambandið datt niður. Vegna þess að rafhlöðurnar voru ekki þarna — og eru þarna raunar ekki enn, þá gátu loftskeytamenn á stöðinni ekki haft samband við skipið á úrslitastund. Þessu kem ég hér áleiðis. Yfirstjórn Pósts og síma má þræta fyrir þetta ef hún vill, en það gætu þá orðið vitnaleiðslur í málinu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á það fjársvelti sem Póstur og sími hefur orðið að búa við á undanförnum árum og sem m. a. hefur komið fram í því, að nægilegum tæknibúnaði hefur ekki verið komið upp á sjálfvirku stöðvunum. Það er þannig t. d. milli Reykjavíkur og Norðurl. e., að nær ógerningur er að ná sambandi langtímum saman á mestu annatímum, t. d. eftir hádegið eða eftir kvöldmat, þegar ódýrari taxtinn kemur til sögunnar. Þetta hefur auðvitað margvíslega röskun í för með sér fyrir fólk og óþægindi svo að ekki sé meira sagt. Ég álít að þessum þáttum þurfi að gefa betri gaum. Síminn er dýr og við hljótum að ætlast til þess að þjónusta hans sé í a. m. k. þokkalegu lagi miðað við gjaldskrána eins og hún er.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mér fannst eftirtektarverð yfirlýsing hæstv. samgrh. um það, að samkv. upplýsingum póst- og símamálastjórnar þyldi kerfið ekki að verð yrði jafnað eða verðið yrði lækkað á ákveðnum svæðum landsins. Það er m. ö. o. verið að gefa yfirlýsingu hér á hv. Alþingi um það, að sú áætlun sem hefur verið lögð fram um dreifingu sjálfvirks síma um landið sé á þann hátt uppbyggð að ekki komi til mála að gjald verði lækkað á landsbyggðinni eða samræmt að fullu gjald landsbyggðar og þéttbýlis. Mér þótti ástæða til að undirstrika þetta. Mikið er nú talað um tæknivæðingu og góða tæknimenn hjá Pósti og síma. En ef tæknimenntunin og hæfileikar til þess að búa til góðar áætlanir eru byggð á svona forsendum, þá gef ég ekki mikið fyrir það.

Annað kom fram í seinni ræðu hæstv. samgrh. Það voru upplýsingar um að það væru aðeins tvær hringingar á viku sem virtust hafa komið fram í könnun á lokunartímabilinu frá kl. 5 á föstudögum til kl. 9 á mánudögum. Ég á voðalega erfitt með að trúa því að á stöðum eins og t. d. Akranesi, Keflavík og fleiri stöðum, t. d. Austfjarðahöfnum nú á síldveiðitímanum, hafi ekki verið þörf á fleiri hringingum en tveim á viku. Vitaskuld eru þær margfalt fleiri. Svona upplýsingar eru óskaplega gagnslitlar og að vissu leyti vanvirða af stofnun eins og Póst- og símamálastofnun að gefa svona upplýsingar. Þær geta ekki verið annað en rangar.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Örstutt aths. Auðvitað verður Póstur og sími eins og aðrir í þjóðfélaginu að spara eftir því sem unnt er án þess þó að draga úr þjónustu, a. m. k. ekki að verulegu marki. Starfsmenn Pósts og síma eru einhvers staðar nálægt 2000. Launakostnaður er því mikill og allt sem sparast þar er auðvitað gott. En það verður að gerast með fyllsta tilliti til notendanna. Það má ekki draga of mikið úr þjónustu. Stundum er hægt að setja upp sjálfsala í staðinn fyrir vakt og annað því um líkt. Það er sums staðar hægt með sæmilegu móti að hafa sjálfsala í sjoppum o. þ. h. Það er víða gert.

Það sem kannske vill stundum á bresta er að tekið sé fyllsta tillit til starfsfólksins sem er verið að segja upp. Það má flytja það til, bíða með uppsagnir, flytja það til í störfum og annað því um líkt. Það er hægt að gera þetta með meiri lipurð en stundum hefur verið gert. Ég er alveg sammála hv. þm. Stefáni Jónssyni um það.

En varðandi neyðartilfellið í Vestmannaeyjum, þá kemur það mér dálítið spánskt fyrir sjónir vegna þess að ég hélt að stöðin í Vestmannaeyjum væri betur búin en

allar aðrar stöðvar á landinu með varaorku, miklu betur búin en stöðvar hér á Reykjavíkursvæðinu. Vegna sæsímastöðvarinnar hefur hún varaorku. Hún getur keyrt í 24 tíma án þess að fá nokkurs staðar að ögn af rafmagni. Auk þess er hún með neyðarsenda og sjálfstýringu fyrir aðra senda. Hún er með neyðarvélar og neyðargeyma í Sæfellsstöðinni, sem geta keyrt sólarhring eftir sólarhring án raforku sem aftur á móti er ekki til á Klifi. Þar er ekki varavél. Að vísu er til rafstrengur upp, en ef rafmagnslaust er hjá Rafveitunni, þá er náttúrlega ekki rafmagn þar heldur. Það hlýtur að hafa verið einhver tilviljun ef þeir sendar sem nauðsynlega þurfti að nota í þessu tilviki, í sambandi við þetta slys, hafa allir verið á Klifi, því að nú eru þessir sendar víðar. Það eru sendar á Háfelli og við Reynisfjall. Það eru víða sendar sem Vestmannaeyjaradíó hefur yfir að ráða, þannig að ég held að þetta geti a. m. k. ekki verið viljandi trassaskapur hjá yfirvöldum Pósts og síma, heldur hljóti það að vera röð af tilviljunum, ef þetta hefur komið upp á.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég held að póst- og símamálastjórnin hljóti að vera þeim vanda vaxin að svara fyrir sig. Ég vil þó vekja athygli á einni staðreynd. Þeir hafa æ ofan í æ kvartað yfir því að ekki sé mögulegt að hafa hér á landi sjálfvirkan almenningssíma, t. d. í Reykjavík og í Hafnarfirði. Væri það ekki sómasamlegt átak af hálfu Alþingis að veita ákveðna fjárhæð til áróðurs svo að þessi tæki fengju að vera í friði og þjóna mönnum, eins og hv. þm. eru hér að tala um, að þessi öryggistæki séu til og m. a. sé komið upp svona símum í nokkrum fiskiplássum fyrir komandi vertíð, gerð tilraun með 4—6 tæki, og athugað hvort þeir fái að vera í friði í þágu þeirra manna sem eru að biðja um þá. Það þekkja allir hv. alþm. að út um alla Evrópu, Ameríku og víðar eru almenningssímar látnir í friði af því að almenningur finnur hvers virði þeir eru. En hér á Íslandi og meira að segja í næsta nágrenni lögreglustöðvarinnar í Reykjavík fær svona öryggistæki ekki að vera í friði. Póst- og símamálastjórnin hefur vakið aftur og aftur athygli á þessari staðreynd, en samt sem áður er sjálfvirki almenningssíminn brotinn niður.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Stutt aths. út af því sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexanderssyni.

Ég hélt að það væri nokkuð augljóst mál, að í eina byggð geta legið við skulum segja sjö línur, eins og mun vera austur á Egilsstöðum, þar sem kvartað er. Heim til Egilsstaða munu í notkun sjö línur. Hins vegar liggja e. t. v. 30 línur inn á miðstöðina í sveitinni. Til að tengja allar þær línur beint við Egilsstaði þyrfti að sjálfsögðu að fjölga æðimikið línum til Egilsstaða ef engin skiptistöð er á milli. Þetta ætti held ég öllum að vera ljóst. Það er við þetta sem er að stríða. Hins vegar geta allir þessir símar verið sjálfvirkir út af fyrir sig, en ef allar sjö línurnar eru uppteknar eru þeir vitanlega á tali. Tæknilega er ekki hægt að tengja svo marga beint við Egilsstaði nema fjölga öllum línunum og það kostar mikið fé. Það er þetta sem við er að eiga. Þetta er t. d. það svar sem Póstur og sími gefur í sambandi við Akranes.

Nú eru að vísu bundnar miklar vonir við nýja tækni, svokallaða digitaltækni, sem verður tekin í notkun á Reykjavíkur/Keflavíkursvæðinu á næstu tveimur árum. Með þeirri tækni er hægt að senda miklu fleiri, allt að 100, símtöl eftir einum þræði. Símtölin eru greind í sundur — ég fer ekki út í það hér — og þetta gerbreytir öllum þessum möguleikum sem við erum að tala um.

Ég mun að sjálfsögðu láta rannsaka það sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði um Póst og síma. Sumt af því hefur nú verið upplýst, en ég mun að sjálfsögðu láta athuga það.

Umferðaröryggisár, fsp. (þskj. 65). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 65 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um það hvaða aðgerðir séu fyrirhugaðar af hálfu yfirvalda hér á landi til þess að auka öryggi í umferðinni í tilefni norræna umferðaröryggisársins 1983 en á Norðurlöndunum hefur verið ákveðið að helga næsta ár sérstöku átaki í öryggismálum í umferðinni. Ástæðan til þess, að um þetta er spurt, er einkum sú að mér hefur fundist hljótt um það sem gera á hér á næsta ári ef eitthvað á að gera meðan annars staðar á Norðurlöndum eru hafðar uppi áætlanir um margháttaðar aðgerðir til þess að auka öryggi í umferðinni. Ég get nefnt hér nokkur dæmi. Það er ráðgert t. d. að halda fjórar ráðstefnur í Finnlandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð, sem eiga að fjalla um börn og umferð, öryggi bifreiða, hjólreiðamenn í umferðinni, áfengi og umferðarmál. Það á að gera sérstaka sjónvarpskvikmynd og það á líka að búa til það sem á nýskandinavísku er kallað TV-spots eða stuttar kynningarmyndir fyrir sjónvarp og hrinda á í framkvæmd sérstökum herferðum, ef nota má það orð, þ. e. upplýsingaherferðum, um ýmis atriði umferðarmála og hefur komið í ljós á þessu hausti hér á landi því miður að ekki er vanþörf á að gera hér sitt af hverju ef verða mætti til þess að auka öryggi vegfarenda.

Það hefur komið fram að alls staðar á Norðurlöndum nema hér er nýlokið endurskoðun umferðarlaga. Hér er í gangi endurskoðun umferðarlaga sem hefur staðið lengi, allt of lengi og óþarflega lengi, en vonandi fer þar að sjást árangur áður en langt um líður þó svo um það hafi ekki verið gefnar neinar yfirlýsingar hvenær þeirri endurskoðun, sem nú stendur yfir á umferðarlögunum, á að ljúka eða hvort hún á að standa kannske fram á næsta ár. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en við þessu er sem sé óskað svara.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Spurt er hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu yfirvalda til að auka öryggi í umferðinni í tilefni norræna umferðaröryggisársins 1983. Eins og kunnugt er var að tillögu Norðurlandaráðs ákveðið að helga árið 1983 umferðaröryggi á Norðurlöndum. Í byrjun þessa árs fól dómsmrn. umferðarráði að sjá um undirbúning vegna þessa. Er fsp. sú, sem hér er til umr., kom fram var fengin greinargerð frá umferðarráði og er hún svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

Með bréfi dómsmrn. dags. 18. jan. s. l. til umferðarráðs ákvað rn. að hafinn yrði undirbúningur norræns umferðaröryggisárs 1983. Var umferðarráði falin umsjón þessa verkefnis í samráði við rn. Var þess óskað að leitað yrði sem víðtækastrar þátttöku stofnana, samtaka og annarra aðila í þjóðfélaginu sem ætla má að stuðlað geti að auknu umferðaröryggi með einum eða öðrum

hætti. Samráð skyldi haft við norræna undirbúningsnefnd umferðaröryggisársins og undirbúningsnefndir annars staðar á Norðurlöndum. Norrænu umferðaröryggisári er ætlað að auka öryggi vegfarenda og vekja fólk til umhugsunar um þátt hvers og eins í umferðinni. Sérstök áhersla skal lögð á vandamál svokallaðra óvarðra vegfarenda, þ. e. gangandi manna og hjólandi, og hvað þeir ásamt bifreiðastjórum geta gert til þess að koma í veg fyrir umferðarslys.

Í framhaldi af bréfi rn. sendi umferðarráð bréf dags. 5. febr. s. l. til kynningar á norrænu umferðaröryggisári. Var bréf þetta sent á fjórða hundrað aðilum, stofnunum, samtökum og einstaklingum og reynt að sjá svo um að engar stofnanir eða félagasamtök, sem hugsanlega gætu lagt hönd á plóg, yrðu út undan. Var þar hvatt til þess að allir þeir, sem hlut eiga að máli, íhugi með hverjum hætti þeir geta hver fyrir sig eða í samvinnu við umferðarráð eða aðra aðila stuðlað að bættu umferðaröryggi hér á landi á árinu 1983. Til að tryggja sem best samræmingu og samhæfingu aðgerða var þess óskað að umferðarráði yrði gerð grein fyrir hugmyndum og tillögum sem fram koma og yrði síðan haft nánara samráð við viðkomandi aðila.

Jafnframt þessu var dómsmrn. sent bréf þar sem sagði:

Augljóst er að undirbúningur norræns umferðaröryggisárs 1983 er tímafrekt starf sem ekki má bitna á almennu starfi umferðarráðs eða fjárveitingum til þess. Brýna nauðsyn ber því til þess að umferðarráði verði veitt í ár sérstakt fjárframlag í þessu skyni. Rík áhersla er lögð á að eigi verði hjá því komist að ráða þegar í stað starfsmann, er sinni verkefni þessu, auk þess sem leggja þarf í annan kostnað til þess að vænta megi árangurs hér á landi af sameiginlegu norrænu átaki til að afstýra umferðarslysum. Með tilvísun til framanritaðs fer umferðarráð þess hér með á leit við rn. að það hlutist til um að veitt verði viðbótarframlag til ráðsins á þessu ári sem nemur 50 þús. kr. vegna undirbúnings norræna umferðaröryggisársins 1983.

Þessu erindi var svarað með bréfi fjárlaga - og hagsýslustofnunar dags. 23. mars s. l. þar sem tilkynnt var að ákveðið hefði verið að heimila aukafjárveitingu að fjárhæð 100 þús. kr. í þessu skyni.

Hugmyndir og tillögur hafa borist frá ýmsum aðilum er lýsa sig reiðubúna til samstarfs en ljóst er að fjármagn þarf að vera fyrir hendi til aðgerða. Við gerð fjárlagatillagna umferðarráðs var einnig farið fram á 1500 þús. kr. til framkvæmda norræns umferðaröryggisárs 1983 og voru þar með áætluð laun eins starfsmanns. Í greinargerð með tillögunum sagði: Án sérstakrar vænnar fjárveitingar og starfsmanns er helgað getur sig þessu starfi er borin von að ætlast til að einhver mynd verði á framkvæmd þessa merka máls.

Svar við þessu erindi kemur fram í frv. til fjárlaga fyrir árið 1983. Eru umferðarráði þar ætlaðar 2 498 þús. kr. og eru þar af 500 þús. kr. veittar vegna norræns umferðaröryggisárs. Fram komnar hugmyndir og tillögur hafa verið til athugunar í umferðarráði og framkvæmdanefnd þess. Er unnið að því að fastmóta þær miðað við knappan fjárhag en aðgerðir allar hljóta óhjákvæmilega að mótast af því fjármagni sem til ráðstöfunar verður. Er gert ráð fyrir að umferðarráð ljúki tillögugerð um þetta efni á næstu vikum.

Gert er ráð fyrir nánu samstarfi umferðarráðs við skólayfirvöld og löggæslu, fjölmiðla, svo sem útvarp og sjónvarp, sveitarstjórnir, tryggingafélög og ýmis samtök, fyrirtæki og stofnanir sem starfa að umferðarmálum og umferðaröryggi. Bryddað verður upp á ýmsum nýmælum í umferðarfræðslu en að öðru leyti er byggt á hefðbundnum aðgerðum og þær tengdar umferðaröryggisárinu, m. a. með því að nota merki ársins til hvatningar og umhugsunar. Áhersla verður lögð á tillitssemi af hálfu allra vegfarenda, málefni gangandi manna og hjólandi og notkun bílbelta.

Umferðarráð hefur ritað útvarpsráði og leitað aukins samstarfs á umferðaröryggisárinu. Af hálfu menntmrn. eru fyrirhugaðar teikni- og ritgerðasamkeppnir um umferðarmál í grunnskólum. Þá hefur dómsmrn. komið á fót starfshópi lögreglumanna til að vinna að undirbúningi og framkvæmd samræmdra aðgerða lögreglunnar í landinu. Gengið er út frá því að það norræna efni, sem í undirbúningi er, m. a. fyrir sjónvarp, verði notað hér. Er þar um að ræða stutta kvikmynd um vandamál ungra vegfarenda og fjóra stutta innskotsþætti er fjalla um ökumenn bifhjóla, hjólreiðamenn, gangandi vegfarendur og aldraða í umferðinni. Er þess að vænta að það efni henti miðað við íslenskar aðstæður. Fyrirhugað er að halda á árinu ráðstefnu um umferðarmál og umferðaröryggi, svo og norræna ráðstefnu læknasamtaka um umferðarmál. Ýmislegt annað mun og verða gert til að minna á umferðaröryggisárið beint eða óbeint og hvetja til umhugsunar um umferðaröryggi.

Þetta var greinargerð umferðarráðs dags. 9. nóv. Síðan hefur umferðarráð haldið undirbúningi áfram og á fundi í ráðinu 18. nóv. voru kynntar ýmsar tillögur og hugmyndir um viðfangsefni og aðferðir í tilefni umferðaröryggisársins svo og drög að dreifingu áhersluatriða á einstaka mánuði ársins. Tillögur þessar koma á ný til meðferðar umferðarráðs fyrir miðjan des.

Þessar tillögur hef ég kynnt mér og kennir þar margra grasa. Af einstökum atriðum, sem fyrirhuguð eru auk þess sem nefnt er í þeirri greinargerð sem ég hef þegar rakið, má nefna að haldnar verða ráðstefnur um umferðarmál og umferðaröryggi, svo sem um aldraða í umferðinni í janúar í kjölfar árs aldraðra í samráði við Öldrunarráð Íslands, um skipulagsmál og umferð í febrúar í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga og við skipulagsyfirvöld. Einnig er fyrirhuguð ráðstefna um ökukennslu í samstarfi við Ökukennarafélag Íslands. Norræn ráðstefna læknasamtaka um umferðarmál verður haldin í ágústmánuði. Þá verða umferðarnefndir sveitarfélaga gerðar enn virkari og komið á umferðarvitum í einstökum sveitarfélögum. Enn má nefna að leitað verður eftir því að listamenn taki umferð og umferðaröryggismál sérstaklega til meðferðar.

Ýmislegt fleira er á döfinni hjá umferðarráði sem hér verður ekki upp talið og enn er í mótun. Er umferðarráð enn opið fyrir hugmyndum og tillögum, er stuðlað geta að auknu umferðaröryggi á norrænu umferðaröryggisári, og fagnar sérhverju framlagi í því efni.

Eins og fram hefur komið hljóta allar aðgerðir á vegum umferðarráðs eða annarra að mótast af því fjármagni sem til ráðstöfunar verður. Fulltrúar umferðarráðs hafa nýlega gengið á fund hv. fjvn. og gert henni grein fyrir nauðsyn þess að auknu fjármagni verði veitt til ráðsins vegna umferðaröryggisársins. Hefur umferðarráð lagt á það áherslu í erindi til nefndarinnar að til þess að norrænt umferðaröryggisár verði annað og meira en nafnið eitt sé nauðsynlegt að ná fram sameiginlegu átaki allra þjóðfé-

lagsþegna. Til að ná slíku marki telur umferðarráð brýna nauðsyn að það hafi tök á að ráða sérstakan starfsmann til að vinna að umfangi verkefna og tengslum við félög, stofnanir og almenning. Jafnframt sé nauðsynlegt að stofna til útgjalda við útgáfu fræðsluefnis prentaðs og í myndformi. Til þess að svo geti orðið þurfi að hækka fjárveitingu þá sem ráðinu er ætluð í fjárlagafrv.

Umferðarráð er fáliðuð stofnun. Þrátt fyrir það hefur þar margt verið vel gert til að vinna að bættri umferð og umferðaröryggi. Á norrænu umferðaröryggisári er nauðsynlegt að styrkja þá stofnun svo að hún geti gegnt forustuhlutverki í sameiginlegu átaki allra landsmanna til aukins umferðaröryggis. Á þessu er ekki vanþörf eins mikill bölvaldur og umferðarslysin eru í þjóðfélagi okkar.

Ég fagna því að þessi umr. hefur farið fram og vænti þess að hún verði til að stuðla að aukinni umræðu um umferðaröryggi og vandamál umferðarinnar og að hv. alþm. styðji óskir um aukið fjármagn til að standa að aðgerðum á norrænu umferðaröryggisári.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Af sérstökum ástæðum hef ég haft nokkur afskipti af því máli, sem hér er til umfjöllunar, og get ekki látið hjá líða að koma hér aðeins inn í þessa umr.

Það er rétt um margt það, sem fram kom hér hjá hæstv. ráðh., að að undirbúningi þessa máls er nokkuð vel staðið. En það vekur þó athygli manna að hér virðist seint hafa verið af stað farið. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því að þegar við hófumst handa um undirbúning þessa í byrjun þessa árs, þá var undirbúningur þegar vel á veg kominn í nágrannalöndum okkar er taka þátt í þessu einnig. Það er því spurning mín til hæstv. ráðh. hvaða ráðh. það er, sem sæti hefur átt í norrænni ráðherranefnd, sem hefur að tillögu Norðurlandaráðs ákveðið að við skulum taka þátt í framkvæmd þessa verkefnis hér á landi, og hvers vegna það hefur ekki verið gert fyrr, að umferðarráði væri komið af stað við undirbúning þessa. Og ég vil lýsa furðu minni á því að það skuli aðeins hafa fengið 100 þús. kr. fjárveitingu til að undirbúa málið á yfirstandandi ári, þegar það hefur þó beðið um 500 þús. kr., sem mér finnst þó samt sem áður hafa verið nokkuð hógvær beiðni.

Sömuleiðis furða ég mig á að því skuli ekki hafa verið liðsinnt með því að sinna beiðni þess um 1 500 þús. kr. sérstaka fjárveitingu vegna þessa verkefnis fyrir næsta ár, að aðeins skuli vera 500 þús. kr. inni í frv. til fjárl. fyrir árið 1983.

Það er ótrúlegur kostnaður, sem hlýst af umferðarslysum hér á landi á hverju ári. Árið 1980 er hann talinn hafa numið um 202 millj. gkr. og varlega áætlað er talið að kostnaðurinn árið 1982 verði 500 millj. kr. Á sama tíma ætlum við að verja sérstaklega til þessa verkefnis 100 þús. kr. Á næsta ári má áætla að kostnaður vegna umferðarslysa verði 750 millj. kr., og þá ætlum við aðeins að veita 500 þús. kr. sérstakt framlag til að taka á því alvarlega máli sem hér er um fjallað, en það eru óhöpp og umferðarslys, sem hafa kostað ótalin mannslíf. Ég vil nefna það sérstaklega í þessu samhengi að við undirbúning H-dagsins 26. maí 1968 var kostað til fræðslu á núvirði 7.3 millj. kr. að því er ég hef fengið upplýst hjá umferðarráði. Og það er hlægilegt til samanburðar ef umferðarráð á ekki að fá 1.5 millj. kr. á næsta ári til undirbúnings norræna umferðaröryggisársins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd Norðurlandaráðs, samgöngumálanefnd, sem hefur haft undirbúning norræna umferðaröryggisársins til meðferðar og skipaði sérstaka undirbúningsnefnd, framkvæmdanefnd til undirbúnings norræna umferðaröryggisárinu. Ég hef að vísu ekki sótt nema tvo fundi framkvæmdanefndarinnar, sem ég á þó að nafninu til sæti í, beinlínis vegna þess að ærnar hafa nú gerst utanferðirnar á vegum Norðurlandaráðs, þó ég sækti ekki hálfsmánaðarlega þar að auki fund í framkvæmdanefndinni. En mér hefur aftur á móti gefist kostur á því að fylgjast með störfum hennar.

Ég vil upplýsa það að af hálfu framkvæmdanefndarinnar og samgöngumálanefndar Norðurlandaráðs í heild, þá hefur framlag Íslands til undirbúnings umferðaröryggisársins þótt allsæmilegt. Starfsmenn rn. og umferðarráðs hafa komið þar á framfæri hugmyndum varðandi þetta norræna samstarf og sameiginlegt átak í umferðaröryggismálunum sem hafa þótt býsna góðar. Að því leyti hygg ég að aðild Íslands að þessum undirbúningi hafi verið nokkuð góð miðað við ýmislegt annað.

Hitt var aftur á móti ljóst, að til þess að við gætum framkvæmt okkar hlut hér heima yrðum við að fá allverulegt fjármagn. Ég get tekið undir það, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði og hv. þm. Sveinn Jónsson ítrekaði áðan, að þar megum við ekki spara eyrinn en fleygja krónunni, því að nú gefst tækifæri til þess að gera sérstakt átak. En í meginatriðum hefur þetta sameiginlega starf Norðurlanda til undirbúnings þessu ári fyrst og fremst miðað að því að skipuleggja það sem gert er þannig að fjárframlög í einu landi og vinna, sem lögð er af mörkum, megi einnig koma til nytja í hinum löndunum. Hinu er ekki að neita, að á ýmsa lund eru okkar öryggismál í umferðinni með þeim sérstaka hætti sem vegakerfi okkar og náttúrufar landsins raunverulega sníður. Þess vegna nýtist okkur ekki ýmislegt af því sem kemur til sameiginlegra nytja meðal hinna landanna. En ég vil þakka ráðh. fyrir upplýsingarnar sem hann veitti okkur hérna og einnig þann hug sem fram kom hjá honum til þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann hefur hér veitt við þessari fsp. minni en ég verð jafnframt að láta í ljós nokkur vonbrigði með innihald þess svars eða þeirra svara sem frá honum komu og frá umferðarráði komu vegna þess að mér þykir augljóst, eins og raunar kom hér fram hjá hv. þm. Sveini Jónssyni, að hér hefur verið seint af stað farið, a. m. k. með undirbúninginn hér innanlands og það kann vel að vera og er áreiðanlega rétt, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði hér áðan, að við undirbúning þessara mála hafa fulltrúar Íslendinga lagt ýmislegt gott til mála, en það hefur bara ekki náð hingað heim ennþá. Það hefur gerst á fundum einhvers staðar erlendis en þær tillögur hafa ekki náð hingað heim.

Ég held að það sé auðvitað forsenda þess að eitthvað gerist í þessum málum að umferðarráð fái nokkurt fjármagn til ráðstöfunar, og beri ekki að skera það við nögl eða telja eftir. Hins vegar held ég líka að umferðarráð hafi brugðist og ekki staðið í stykkinu sem skyldi um ýmislegt sem því ber að gera, eins og t. d. að hvetja til notkunar bílbelta. Það hefur lítið farið fyrir því nema um verslunarmannahelgina kannske einna helst. Í öðru lagi,

held ég, að umferðarráð hafi ekki beitt sér sem skyldi við að efna til samstarfs félagasamtaka um þessi mál og virkja félagasamtök í landinu sér til hjálpar í þessum efnum til að vinna að þessu lífshagsmunamáli. Ég nefni þar Slysavarnafélag Íslands, ég nefni þar klúbbana Öruggur akstur og það má nefna margvísleg fleiri frjáls félagasamtök sem áreiðanlega mundu reiðubúin og fús að leggja sitt af mörkum í þessu efni. En mér finnst tillögur umferðarráðs góðar svo langt sem þær ná — en þær eru allt of seint á ferðinni og skal ég ekki fara nánar út í þá sálma hvað kann þar að valda. En betra er seint en aldrei, eins og þar stendur, og vonandi á þetta eftir að takast vel og bera tilætlaðan árangur sem er auðvitað meginatriði.

Hér hefur verið minnst á útvarp og sjónvarp og víst gæti þáttur sjónvarps og þeirra ríkisfjölmiðla verið mikill á þessu sviði en ég verð því miður að segja að þar hefur mér ekki fundist ríkja sá áhugi á þessum efnum sem ætti að vera — og raunar ber ríkisútvarpinu sem stofnun lagaskylda til þess því að það á að veita fræðslu um umferðarmál. Ég get nefnt það að í útvarpsráði hef ég flutt tillögur um að fluttir verði þættir í sjónvarpi um hjólreiðar, sem hafa margfaldast hér á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu, þættir annaðhvort fengnir frá Norðurlöndum, þar sem þeir eru á boðstólum, eða ef þeir fengjust ekki — þeir eru fáanlegir, — gerðir sérstakir þættir um hjólreiðar til að benda á þær hættur, sem þar bíða vegfarenda. Á þessu hefur ekki reynst eða virst vera áhugi. Þetta hefur a. m. k. ekki fengist í gegn. Ég hef sömuleiðis lagt til að í auglýsingaþáttum sjónvarpsins verði sýndar stuttar kvikmyndir, einkanlega ætlaðar ungum börnum, sem mikið horfa á auglýsingar, þar sem varað væri við hættunum í umferðinni. Þetta hefur heldur ekki náð fram að ganga og þykir mér það afar leitt. Þetta eru aðeins örfá dæmi um það sem þarna mætti gera. En ég vil að endingu ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svör hans og vona að þetta megi vel takast.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það eru bara örfá orð. Hv. þm. Sveinn Jónsson og hv. 5. þm. Vesturl. hafa báðir kvartað yfir því að seint hafi verið farið af stað í þessum málum. Hv. 4. þm. Norðurl. e. upplýsti það að hann á sæti í þeirri norrænu nefnd sem fjallað hefur um undirbúning norræna umferðaröryggisráðsins. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum fyrir góð störf í þeirri nefnd og ég verð að segja það að af nokkrum kynnum er mér kunnugt um að íslenskir alþm. hafa a. m. k. núna á síðustu árum starfað vel í þeim norrænu nefndum þar sem þeir hafa átt sæti.

Það var að sjálfsögðu ekki neinn vafi á því í mínum huga eða þeirra ráðh., sem þessi mál snerta, að við ættum að taka þátt í og leggja okkar af mörkum á norrænu umferðaröryggisári. Það er kvartað yfir að umferðarráð hafi farið seint af stað til þess að virkja ýmis félagasamtök o. s. frv. og það er rætt um áhugaleysi hjá sjónvarpi og jafnvel víðar í þessum efnum. Ég er auðvitað mjög þakklátur hv. alþm. fyrir það að leggja sitt af mörkum til þess að vekja áhuga á þessu máli. Það er rætt um að fjárveitingar séu knappar. Nú höfum við ekki ennþá afgreitt fjárlög fyrir þetta umrædda ár, 1983, svo að enn gefst hv. alþm. tækifæri til þess að leggja þar hönd á plóginn.

Ég vil svo aðeins að síðustu geta þess að þó árið 1983 sé sérstaklega nefnt sem norrænt umferðaröryggisár, þá verðum við að muna eftir því að daglega starfa hér á landi fjölmargir aðilar að öryggismálum í umferðinni, þó að eftirtektarjan sé ekki betri en raun ber vitni. Umferðarráð er sístarfandi, löggæslan er sístarfandi og Slysavarnafélagið alltaf á verði. Þannig mætti lengi telja. Þess vegna vil ég láta það verða mitt lokaorð í þessari umr. að þó að við verðum að gera sérstakt átak á næsta ári þá eru í raun og veru öll ár umferðaröryggisár, og umferðarráð og aðrir aðilar, sem að þessum málum vinna, eru sístarfandi.

Nýting á smokkfiskstofninum, fsp. (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 85 að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„1. Hefur verið fylgst með göngu smokkfisks á Íslandsmið nú í sumar og undanfarin sumur?

2. Hafa verið gerðar tilraunir hér á landi til veiða á smokkfiski með veiðarfærum sem vitað er að notuð eru af fiskimönnum annarra þjóða við veiðar á þessum fiski, t. d. flotvörpu?

3. Hver eru framtíðaráform um nýtingu smokkfisksins hér við land?

4. Hve mikið var flutt inn af smokkfiski til beitu á hverju ári árin 1979, 1980, 1981 — magn og verðmæti óskast tilgreint?“

Þessar fsp. eru tilkomnar vegna óska sjómanna við Breiðafjörð. Þeir hafa tjáð mér að s. l. sumar og undanfarin sumur hafi borið allmikið á því að þessi fisktegund hafi verið þar á miðunum, en það hefur ekki verið lagt í að veiða hana og engar tilraunir gerðar með ný veiðarfæri. Gamla og hefðbundna aðferðin við veiðar á þessum fiski var sú, að þetta var dregið á öngul, eitt og eitt kvikindi í einu, en það er varla arðbær veiðiaðferð við þessa fisktegund lengur.

2. liður fsp. er um það hvort gerðar hafi verið tilraunir með smokkfiskveiðar. Ef ég man rétt var gerð einhver samþykkt um að slíkt skyldi gera og ég hef vissan grun um það, þó að ég viti ekki, að einhverjar tilraunir hafi farið fram á að reyna öll veiðarfæri við smokkinn. Ég hef áhuga á því, og veit að fleiri hafa áhuga á því, að fá upplýsingar um hvernig þessar tilraunir hafa gengið, ef gerðar hafa verið.

3. liður spurningarinnar er um hver séu framtíðaráform um nýtingu smokkfisksins. Það gefur náttúrlega auga leið að okkur ber að nýta þennan fisk, ef það er möguleiki, og það byggist á því að við náum valdi tæknilega séð á veiðinni. Það er vitað að aðrar þjóðir nýta þennan fisk. Við höfum keypt þó nokkurt magn af smokkfiski frá Kanada, Noregi, Póllandi og Sovét á undanförnum árum til beitu. Ekki er gott til þess að vita ef svo skyldi vera að þessi fisktegund væri hér jafnvel í miklu magni við landið og hún væri ekki veidd.

Ég hjó eftir því, sem sagt var í fréttum fyrir nokkru í sambandi við það að Sovétmenn og Norðmenn voru að gera fiskveiðisamning um veiðar hér norðaustur af landinu við Jan Mayen, að Norðmenn hefðu leyft Sovétmönnum að fiska smokkfisk við Jan Mayen. Það væri skrýtið ef nágrannar okkar Norðmenn færu nú að leyfa Rússum að veiða smokkfisk í næsta nágrenni við okkur og okkur tækist ekki að veiða þessa fisktegund, en í staðinn keyptum við þennan fisk af Rússum, sem við

höfum gert í allríkum mæli á undanförnum árum.

Ég held að ég orðlengi þetta ekki frekar.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Til að svara fyrstu þremur liðum þessarar fsp. vil ég, með leyfi forseta, lesa bréf Hafrannsóknastofnunar dags. 15. nóv. s. l. Þar segir:

„Ætíð er fylgst með göngu smokkfisksins að landinu. Haustið 1979 gekk beitusmokkur að landinu og hafði þá lítt sem ekkert orðið vart við hann hér í 14 ár. Á árabili þar á undan hafði hann sýnt sig í veiðanlegu magni í fjögur af hverjum níu árum. Síðan 1979 hefur smokkurinn ekki gengið að landinu í þeim mæli að veiðar væru stundaðar, enda þótt lítillega hafi orðið vart við hann sum haust, eins og t. d. nú. Beitusmokkurinn er annars flökkuskepna, sem talin er eiga heimkynni eða a. m. k. hrygningarslóð í hafinu djúpt vestur af Írlandi og allt suður undir Azoreyjar. Hingað kemur hann nær eingöngu sem ókynþroska fyrsta árs dýr í fæðuleit og stendur stutt við, 1—3 mánuði."

Þetta var svar Hafrannsóknastofnunar við 1. lið.

Við 2. lið segir stofnunin svo með leyfi forseta:

„Þegar smokkur gekk að landi haustið 1979 höfðu engar athuganir farið fram á þessari tegund um árabil af skiljanlegum ástæðum, en með endurkomu þorsksins voru þær vaktar til lífs á ný. Tekin voru sýni til líffræðiathugana fyrir göngu smokksins og gerðar veiðitilraunir. Þær tilraunir til veiða, sem fram fóru, flotvörputilraunir, voru gerðar af einkaaðila með smávegis stuðningi Hafrannsóknastofnunar. Þar sem lítill tími var til stefnu í þetta skiptið og tilraunirnar gáfu mjög góðar vonir um að hægt væri að taka smokk í flottroll ákvað Hafrannsóknastofnun að standa sjálf að eða fyrir veiðitilraunum, er smokkurinn kæmi aftur. Voru fyrirhugaðar fleiri tilraunir, svo sem tilraunir með að dæla smokknum beint á dekk, — draga hann að dæluopi með ljósum. Ameríkumenn hafa gert slíkt með árangri. Var m. a. fengin stór loðnudæla haustið 1980 í þessu skyni. En tilraunir hafa engar orðið af þeirri einföldu ástæðu að smokkurinn hefur ekki látið sjá sig síðan svo að einhverju nemi. Ávallt hefur þó verið gerð rannsóknaráætlun um beitusmokk og áætlun um tilraunaveiði. Þar sem aldrei er ljóst fyrir fram hvenær hægt verður að fara út í svona tilraunir er erfitt að binda rannsóknaskip við slíkt verkefni fyrir fram. Þá getur verið örðugt að fá leiguskip eða styðja aðila til tilrauna með stuttum fyrirvara. Því hefur verið hugað að því að taka rannsóknaskip úr öðrum verkefnum um stuttan tíma til slíkra tilrauna, ef til kæmi. Hefur m. a. fengist vilyrði ráðh. fyrir því að slík verkefni hefðu forgang, enda gæti ella e. t. v. ekkert orðið af slíkum tilraunum. Þótt beitusmokkurinn hafi ekki komið að landinu í veiðanlegu magni í fjögur ár hefur ávallt verið fylgst með honum, tekin sýni þegar færi hafa gefist og líffræðiathuganir farið fram." Þetta er svar við 2. lið.

Um 3. lið segir svo í bréfi stofnunarinnar: „Framtíðaráform um nýtingu smokkfisksins hér við land standa eðlilega og falla með göngu hans að landinu. Hafrannsóknastofnun hefur bent á, að þegar smokkar eru hér við land er oft um gífurlegt magn að ræða. Þar sem hér er um óþekktan úthafsstofn að ræða hefur verið talið eðlilegt að veiða eins mikið og hægt er. Veiðar hér hafa hins vegar aðeins farið fram með einföldum handveiðarfærum og smokkfiskafli sjaldan dekkað þörfina fyrir beitusmokk. Þetta kemur aðallega til af því hve smokkurinn stendur stutt við og svo vegna þess hve veiðarfærin eru afkastalítil. Ef takast mætti að veiða beitusmokkinn í troll eða með öðrum stórvirkum aðferðum er enginn efi á að hægt væri að fullnægja þörfinni fyrir beitusmokk þau ár er smokkurinn kæmi. Þau ár sem hann sýnir sig ekki hér við land, og þau eru nú að verða ærið mörg, þýðir ekkert að hugsa til veiða sökum eðlis og lífnaðarhátta tegundarinnar, eins og að framan hefur verið drepið á."

Hér fylgir með allítarleg grein eftir fiskifræðinginn þann sem þetta skrifar, Einar Jónsson. Fer ég ekki út í hana.

Í 4. lið er spurt að því hve mikið sé flutt inn til landsins af smokkfiski á hverju ári 1979, 1980 og 1981.

1979 var cif-verðmætið samtals 2 millj. 318 þús. og skiptist þannig, að frá Bandaríkjunum fluttum við að verðmæti 309 þús., en frá Kanada 2 millj. 19 þús. 1980 var flutt inn að cif-verðmæti fyrir samtals 8 millj. 422 þús. Þar af var flutt inn frá Kanada fyrir 7 millj. 377 þús., frá Bandaríkjunum fyrir 768 þús., frá Danmörku fyrir 97 þús. og frá Noregi fyrir 179 þús. 1981 var flutt inn fyrir samtals að verðmæti 12 millj. 984 þús. Þar af var flutt inn frá Noregi 4 millj. 815 þús., frá Kanada fyrir 3 millj. 535 þús., frá Færeyjum fyrir 3 millj. 527 þús., frá Bretlandi fyrir 1 millj. 11 þús. og frá Bandaríkjunum fyrir 96 þús. Magnið hefur einnig aukist. 1979 var magnið samtals 888.8 tonn, árið 1980 var magnið 2919.5 tonn og 1981 2507.9 tonn. Það er magnminnkun frá 1980—1981 þó að verðmætið hækki allverulega.

Eins og kom fram reyndar í bréfi Hafrannsóknastofnunar átti ég árið 1979 viðræður við fiskifræðinga um smokkfiskinn og óskaði þá eftir því að tilraunir yrðu gerðar. Þá var stofnunin ekki í aðstöðu til að gera þær á stundinni. Slíkt hafði ekki verið undirbúið, enda enginn smokkfiskur sést í 14 ár svo að segja, en engu að síður var einkaaðili hvattur til þess og styrktur til að hefja þá tilraun. Eins og áður kom fram lagði ég áherslu á að stofnunin yrði reiðubúin að gera slíka tilraun hvenær sem er.

Það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda um smokkfisk hér við land á undanförnum árum kemur mér á óvart, ef hann hefur verið hér í einhverju magni, því að við höfum fylgst með þessu. Þótt upplýst hafi verið að nokkur smokkfiskur hafi sést hefur verið fullyrt að magnið væri langtum minna en svo að um stærri veiðar gæti orðið að ræða, eins og t. d. í troll.

Það var athyglisvert, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi áðan, að Norðmenn hafa leyft öðrum þjóðum að veiða á Jan Mayen-svæðinu. Ég tel vissulega vel koma til greina að leita eftir slíkum heimildum, því að eins og sjá má af þeim tölum sem ég nefndi áðan er hér um töluvert verðmæti að ræða í innflutningi.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans og finnst mér þau að öllu leyti fullnægjandi við þeim spurningum sem ég hef lagt hér fram.

Í sambandi við þær upplýsingar sem ég hef fengið um smokkfiskgöngu núna á Breiðafjarðarmiðum get ég að vissu leyti ekki fullyrt um það magn, en allmargir sjómenn hafa sagt mér að þeir hafi orðið þarna varir við smokkfisk. Við einn talaði ég sem reyndi veiðar með gömlu aðferðinni og hann sagði að eftir því sem hann þekkti til hefði hann verið sæmilega vel við. Annað get ég ekki sagt um þetta. En ég er hissa á að Hafrannsókna-

stofnun ef hún hefur á annað borð fylgst með eftir því sem ráðh. sagði, skuli ekki hafa vitað um þá göngu sem þarna hefur ábyggilega verið í sumar. Vera má að sú ganga hafi alls ekki verið það stór að hægt hefði verið að beita þeim aðferðum sem um er rætt nú, þ. e. að dæla, eða það hafi alls ekki verið eins mikið magn og oft og tíðum var hér á fyrri árum þegar smokkurinn gekk á miðin.

Það sem ég sagði um Sovétmenn og Norðmenn varðandi veiðileyfi á Jan Mayen-miðum var að ég taldi mig hafa heyrt í útvarpsfréttum að þetta hefði verið einn þátturinn í samningi Norðmanna og Rússa um veiðiheimildir á norðaustursvæðinu. Aftur á móti hefur þetta ekki komið fram, í blaðafréttum, sem ég hef lesið af þessu, þannig að þetta er frekar lausafrétt en ég sé að slá neinu föstu.

Við erum að kaupa smokkfisk af Norðmönnum, Færeyingum og Dönum. Er þá kannske ekki mjög til athugunar hvort íslensk skip yrðu styrkt til þessara tilraunaveiða á öðrum miðum en kannske alveg uppi í landsteinum okkar Íslendinga, hvort það væri ekki leið að fá heimild Færeyinga, sem við semjum við um önnur veiðiréttindi, til að fiska smokk á þeirra miðum, ekki eingöngu til að ná í þessa fisktegund, heldur einnig til að afla okkur tækni og kunnáttu svo við séum tilbúnir til veiða ef þessi fisktegund kemur á Íslandsmið?

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Skúla Alexanderssyni fyrir að bera fram þessa fsp. varðandi smokkfiskveiðarnar, sem ég held að feli í sér margar aðrar spurningar um með hvaða hætti við stöndum að nýtingu á auðlindum sjávar hér í Norður-Atlantshafinu.

Ég hygg að hæstv. sjútvrh. hafi svarað því hér til sem hægt var varðandi þessar rannsóknir og veiðar. Við höfum haft í ýmsu að snúast varðandi rannsóknir á fiskstofnum okkar og höfum kannske komið meira til leiðar við þær rannsóknir en raunverulega var hægt að ætlast til miðað við fjármagn okkar og getu.

Það eru náttúrlega gömul sannindi og almenningi kunn allar götur frá því að Bjarni Sæmundsson gaf út Fiskana sína, að hér er um að ræða flökkukvikindi sem staðnæmist óvíða lengi. Þó hefur borið við að hann dokaði við í íslensku fjörðunum, 1—3 mánuði, ekki miklu styttri tími en norsk-íslenski síldarstofninn var veiðanlegur á sínum tíma. Ég tel alveg fráleitt að við gefum okkur ekki betur að veiðum á flökkustofnum en við höfum gert fram að þessu og reynum að komast upp á lag með að veiða þá annars staðar þar sem þeir eru tiltækir, utan okkar fiskveiðilögsögu. Mætti jafnvel vitna í lýðhvöt Einars heitins Benediktssonar á sínum tíma, þegar hann spurði:

> Vissir þú hvað Frakkinn fékk til hlutar?
> Fleytan er of smá, sá grái er utar.

Við eigum skip núna sem duga til þess að sækja fisk í troll á djúpsjó, en við höfum bara ekki sinnt þessu.

Þess er að geta, að hér er ekki aðeins um beitu að ræða. Hér er um að ræða talsvert verðmætan krabba til manneldis líka og í vaxandi mæli.

Ég geri ekki ráð fyrir að það verði Hafrannsóknastofnun sem verður hvatinn að því að við sækjum þennan fisk á djúpslóðina, ekki heldur ríkisstj., en það mætti e. t. v. stuðla að því að mönnum verði gert kleift að gera út til að ná í þennan fisk og stuðla að því með einhverjum hætti að íslenskir fiskimenn komist upp á lag með að veiða kolmunna og spærling á sama hátt og grannar okkar.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Mér er ómögulegt að þegja í þessari umr., þar sem ég ætti að geta vitnað eitthvað í henni.

Það er varla á bætandi og Hafrannsókn hefur verið skömmuð nóg undanfarið, en ég er svolítið hissa á að fiskifræðingarnir skuli ekki hafa orðið varir við smokkfiskinn í sumar. Ég hef sjaldan eða aldrei orðið meira var við hann í trollið en einmitt á þessu sumri. Hann festir sig um allt í troll hjá okkur. Þetta gerist á veiðum við Suðausturlandið. Ég efa hreinlega að þeir hafi rannsakað málið. Nú endurtek ég að ég vil ekki kasta meiri rýrð á þá fremur en orðið er og hefur verið gert undanfarið, þeir hafa fengið nóg. En ég er hræddur um að þarna sé um að ræða meira en trassaskap þeirra, reyndar hef ég þó ekki sagt að hér sé trassaskapur á ferð, því þá vantar fé og þá vantar skip til að athuga þetta. — Þeir hafa svo mörg svið um að fjalla. Þetta er hálfkák á öllum sviðum, ef þeir koma þá nærri því. Þá vantar fjármagnið. Við skulum ekki beinlínis álasa mönnunum sem um þetta fjalla.

Hv. þm. Skúli Alexandersson sagði nokkur orð um veiðar Norðmanna og Rússa við Jan-Mayen. Ég er hræddur um að honum hafi misheyrst. Ég hlustaði einmitt á þessa frétt og heyrði að það var rækja sem menn nefndu í fréttinni. Ég heyrði ekki minnst á smokkfisk þar, enda held ég að smokkfiskur gangi ekki það langt norður. Þetta er frekar hlýsjávarfiskur. Ég man það langt að árið 1940 og þar fyrir, þegar ég var heima í minni sveit, sem ég átti auðvitað alltaf að vera, rak hann inn á fjörur í stórum stíl og við tíndum þetta upp og höfðum gaman af og drógum eitt og eitt kvikindi á færi og höfðum gaman af því líka.

En mér finnst vel athugandi mál að rannsaka þetta. Það eru orðnar ískyggilega háar upphæðir bundnar innflutningi smokkfisks. Við þurfum að flytja inn vissan fisk fyrir 13 millj. kr. til að láta ofan í annan fisk. Það er orðið alvörumál fyrir okkur þegar svo er komið. Við megum vel eyða einhverjum peningum til að rannsaka flökkufiskinn og láta ekki aðra fá af honum meira en þeir fá því að svo selja þeir okkur hann aftur.

Sameinað þing, 25. fundur.

Fimmtudaginn 2. des., að loknum 24. fundi.

Nýting aukaafurða í fiskiðnaði, þáltill. (þskj. 116). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting rekaviðar, þáltill. (þskj. 118). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengum frá skipum, þáltill. (þskj. 124). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsóknir á laxastofninum, þáltill. (þskj. 127). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, þáltill. (þskj. 128). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipulag fólks- og vöruflutninga, þáltill. (þskj. 129). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurreisn Reykholtsstaðar, þáltill. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rafvæðing dreifbýlis, þáltill. (þskj. 61). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stefnumörkun í húsnæðismálum, þáltill. (þskj. 46). — Ein umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef ásamt 11 öðrum þm. úr Sjálfstfl. lagt fram till. til þál. um stefnumörkun í húsnæðismálum á þskj. 46. Sú hugsun, sem við leggjum til grundvallar í stefnumörkun okkar, er sú, að sérhverri fjölskyldu verði gert kleift að eignast og búa í eigin húsnæði. Við teljum að það séu grundvallarmannréttindi að menn geti búið sæmilega um sig í þjóðfélaginu, átt efnahagslegu öryggi að fagna og haft tök á því að bæta umhverfi sitt smátt og smátt, eins og menn geta gert þegar þeir eru eigin húsbændur í eigin híbýlum.

Það er enginn vafi á að í því felst mikill þjóðfélagslegur sparnaður að menn búi í sínum eigin húsum. Viðhald allt verður jafnara og betra, menn leggja mikla vinnu fram, sýna eigin híbýlum meiri alúð en ef þeir búa í leiguhúsnæði. Þetta kennir reynslan okkur. Við sjáum það ekki síst á vordögum hversu mikla vinnu fólkið leggur fram til þess að bæta híbýli sín. Þessi vinna er lögð fram af ánægju og fjölskyldan stendur saman um það. Þetta er eitt höfuðeinkenni þjóðfélags okkar og má raunar segja að það sé í þjóðareðlinu.

Á síðustu árum hefur sú þróun orðið, að mikill samdráttur hefur verið í byggingu íbúðarhúsnæðis á vegum einstaklinga og raunar líka ef litið er á heildarbyggingarmagn. Það er til marks um það, að fyrir 3—4 árum voru 80—85% þeirra sem keyptu íbúðir af verktökum ungt fólk, jafnvel ungt fólk í skóla á aldrinum 18—30 ára. Með dugnaði, ráðdeildarsemi og með því að skiptast á tókst þessu fólki að lyfta Grettistaki eins og raunar foreldrar þess höfðu áður gert. Nú sést þetta fólk ekki lengur á þessum íbúðamarkaði, en á hinn bóginn hefur mér verið sagt af fasteignasölum að það leiti sér nú að tiltölulega litlum íbúðum, jafnvel gömlum og úr sér gengnum, ef þær fást með viðráðanlegum lánskjörum. Þetta unga fólk reynir síðan að endurbæta þessar íbúðir og koma þannig undir sig fótunum stig af stigi. Þetta er afleiðing verðbólgu og verðtryggingar. Það er enginn vafi á að þjóðfélagið hefur ekki stuðlað nægilega að þessari viðleitni þessa unga fólks, sem gerir hvort tveggja í senn að auka nýtingu og lengja endingartíma íbúðarhúsnæðis. Þessi viðleitni er þess vegna frá þjóðhagslegu sjónarmiði mjög gagnleg og það er mín skoðun, að þjóðfélagið verði að koma betur á móti því með sérstakri fyrirgreiðslu til endurbóta og lagfæringar á eldra húsnæði.

Till. okkar er í 14 liðum:

„1. Stefnt verði að 80% lánsfjármögnun fyrstu íbúðar á næstu 5 árum. Á árinu 1983 láni Byggingarsjóður ríkisins 25% byggingarkostnaðar staðalíbúðar til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn."

Þetta markmið þýðir í raun 47% hækkun á fyrirgreiðslu Byggingarsjóðs frá því sem nú er.

Í 2. lið till. leggjum við til að lánstími verði lengdur í 42 ár. Frá ákvörðun lánsfjárhæðar til útborgunar verði lánshlutar látnir fylgja verðbreytingum í samræmi við byggingarvísitölu.

Eins og að þessu hefur verið staðið hjá Byggingarsjóði hafa lánin verið greidd í þrennu lagi með jöfnum útborgunum í krónutölu, sem þýðir það í raun að lán Byggingarsjóðs eru ekki nema um 12% af raunverulegum byggingarkostnaði staðalíbúðar. Hér gerum við þess vegna ráð fyrir að lán Byggingarsjóðs verði hækkuð í raun um rúmlega 100%.

Við leggjum til að lán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn verði með hagstæðari lánskjörum en önnur lán og að leitað verði eftir frjálsu samstarfi við lífeyrissjóði í landinu um fjármögnun húsnæðislána. Ennfremur leggjum við til að framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verði ekki minni en sem svarar einu launaskattsstigi.

Orsakirnar fyrir hinum mikla samdrætti í byggingu íbúðarhúsnæðis eru vafalaust margvíslegar. Í sumum tilvikum er lóðaskorti sveitarfélaga um að kenna, en enginn vafi er þó á að sá fjármagnsskortur sem verið hefur hjá Byggingarsjóði ríkisins veldur þar miklu, en hann hefur haft það í för með sér að flestir lánaflokkar hafa verið skornir verulega niður og ekki hefur verið unnt að hækka lánin að raungildi þrátt fyrir erfiðari fjármögnunarmöguleika á hinum frjálsa markaði.

Vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á fjármagnsmöguleikum þeirra sem byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð teljum við, eins og ég sagði áður, nauðsynlegt að heildarlánin geti sem fyrst orðið næst 80% af raunverulegum byggingarkostnaði eða íbúðarverði.

Þegar sérstaklega stendur á geta þessi ákvæði átt við þá sem hafa af einhverjum ástæðum misst íbúðir sínar og standa uppi eignalausir eða eignalitlir. Að sjálfsögðu ber að líta á alla lánsmöguleika sem viðkomandi aðili á, bæði hjá lífeyrissjóðum bönkum og húsnæðislánakerfinu. Mjög brýnt er þó að Byggingarsjóður ríkisins geti strax hækkað lán sín verulega frá því sem nú er, og er sú hækkun, sem við setjum fram, algert lágmark að okkar mati. Við leggjum mikið upp úr því einnig að lenging lánstímans komi til þess að létta greiðslubyrði lántakenda, en eins og hv. þm. vita er það eitt höfuðeinkenni okkar þjóðfélags nú að æ fleiri eiga undir högg að sækja hjá lánastofnunum, þeir sem hafa ráðist í verkefni eins og byggingu íbúðarhúsnæðis, vegna hins skamma lánstíma sem verðtryggðu lánin eru veitt á í 60—70% verðbólgu. Ég tala nú ekki um þegar það fer saman að lífskjör versna, almenn greiðslugeta einstaklinganna dregst saman. Þá verða þessi lán þeim mun þyngri og niðurstaðan getur ekki orðið önnur en sú, að menn missa tök á fjármálum sínum og geta orðið fyrir verulegum eignamissi eða röskun á heimilishögum af þeim sökum.

Á síðustu árum hafa lánskjaravísitala og vísitala kauptaxta þróast í ólíkar áttir. Hækkun lánskjaravísitölu hefur orðið miklu meiri og gert greiðslubyrði lántakenda óeðlilega mikla. Það er því nauðsynlegt að skoða lánskjör þeirra, sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn, með hliðsjón af framangreindum orsökum.

Það má telja að þær breytingar á húsnæðislögunum sem ég hef verið að lýsa kosti Byggingarsjóð ríkisins rúmlega 50 millj., eða það var okkar niðurstaða þegar áætlun okkar var gerð, en sú tala þarfnast að sjálfsögðu endurskoðunar í ljósi þess að verðbólgan æðir nú upp með mun meiri hraða en áður var ætlað þannig að efnahagskerfið er í rauninni komið úr böndunum. Til þess að mæta því er lagt til að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verði ekki minna en sem nemur einu launaskattsstigi á næsta ári, sem þýddi tekjuaukningu fyrir Byggingarsjóð í kringum 70—80 millj. kr. Vegna þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu, sem Byggingarsjóður er í nú og skapast hefur vegna fjársveltis seinustu ára, er nauðsynlegt að gera ráð fyrir sérstakri aukafjárveitingu á fjárlögum næsta árs til að rétta sjóðinn af og gera honum kleift að standa við skuldbindingar sínar. Æskilegt hefði verið að stíga stærra skref í húsnæðismálum strax, en þær erfiðu kringumstæður sem nú eru í efnahagsmálum valda því að við teljum það ekki raunhæft.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp, að fjárvöntun Byggingarsjóðs á næsta ári samkv. drögum sem gerð hafa verið fyrir það ár er um 432 millj. kr. og hjá Byggingarsjóði verkamanna um 163 millj. kr. Ástæðan er m. a. sú, að lögbundið framlag ríkissjóðs hefur verið skorið við nögl. Þannig gerir fjárlagafrv. t. d. ráð fyrir að framlög ríkissjóðs séu 148 millj., en ættu, ef miðað væri við eitt launaskattsstig, að vera 184 millj. Á það má líka benda, að sú fjármögnun sem átti að koma í gegnum lífeyrissjóðina hefur ekki tekist eins og búist hafði verið við. Samkv. þeirri áætlun, sem Húsnæðisstofnun hefur gert varðandi verkamannabústaði, eru tök á að lána til 188 nýrra íbúða á næsta ári, en umsóknir sem fyrir liggja og þær umsóknir sem samþykktar hafa verið og undirbúningur er heimill á byggingarframkvæmdum samkv. eru um 516 talsins á næsta ári, þannig að skakkinn þarna er um 330 íbúðir. Þetta sýnir að kerfið er farið úr böndunum eins og að því hefur verið staðið.

Ef maður skoðar fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins á s. l. árum eða síðan ný lög voru sett um Húsnæðisstofnun ríkisins á árinu 1980 kemur í ljós, að frá 1980—1981 hækkaði það fjármagn sem Byggingarsjóður ríkisins hafði til ráðstöfunar til lánveitinga aðeins um 20%. Á milli áranna 1981 og 1982 nam hækkunin um 44%, þannig að það er eðlilegt að mikill hali hafi myndast, einkum ef það er haft í huga að nýjum lánaflokkum var bætt við þar sem mjög veruleg þörf var á fyrirgreiðslu. Ég vil þar nefna sérstaklega til lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dvalarstofnana fyrir börn og aldraða. Þessi þáttur hefur stóraukist, en þó engan veginn nóg í þjóðfélaginu. Byggingarsjóður hefur ekki haft nein tök á að standa undir þeim fyrirheitum sem gefin voru. Lánaveitingar Húsnæðisstofnunar t. d. til íbúða fyrir aldrað fólk og til dagvistunarstofnana voru skornar niður í 17 millj. á þessu ári, en þegar frá áætlun fyrir Byggingarsjóð var gengið var upphaflega gert ráð fyrir að verja 30 millj. kr. til þess arna. Þarna er sem sagt um nær 50% niðurskurð að ræða vegna fjárvöntunar sjóðsins og niðurskurðar á framlögum úr ríkissjóði.

Við leggjum til í fimmta lagi að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verði ekki minna en sem svarar einu launaskattsstigi, en þar er eins og ég sagði áðan um 80 millj. kr. hækkun að ræða til Byggingarsjóðs.

Við teljum eðlilegt að lánshlutfall í félagslegum byggingum verði lækkað í 80%, en þó sé heimilt að lána 90% af byggingarkostnaði ef um sérstaklega erfiðar fjárhagsástæður lánþega er að ræða, sem getur m. a. stafað af heilsufarsástæðum eða öðru slíku.

Sú nýlunda er í þessari till. að við leggjum til að teknir verði upp verðtryggðir bundnir reikningar í bönkum, sem veittu rétt til samsvarandi frádráttar frá tekjuskatti og skyldusparnaðurinn gerir nú og gæfu rétt til 10—15 ára láns til íbúðarbyggingar eftir 3—5 ára sparnað sem næmi allt að 15% af tekjum. Slíkt fjármagnsstreymi hefði ekki áhrif á bindiskyldu í Seðlabanka Íslands.

Tilgangurinn með þessari till. er tvíþættur. Annars vegar hefur það almennt uppeldislegt gildi og holl áhrif í þjóðfélaginu að auka sparnað ungs fólks, stuðla að því með óbeinum hætti að það taki upp frjálsan sparnað til þess að búa betur í haginn fyrir seinni tíma. Ef þessi tilraun tekst getur þessi sparnaður síðar auðveldað okkur fjármögnun húsnæðismálanna.

Ég vil í þessu sambandi einnig vekja athygli á þeirri hugmynd, þótt hún sé ekki sett fram hér í þessari till. til þál., að mjög kemur til greina að taka upp sérstakan sparnað fyrir þá sem eldri eru, t. d. á árunum 45—60 ára. Fólk á þessum aldri mætti taka upp sérstakan sparnað sem undanþeginn yrði tekjuskatti, allt að 15 eða 20% af tekjum, en kæmi síðan til útborgunar við 65 ára aldur. Þetta fé yrði að sjálfsögðu á verðtryggðum reikningum í bönkum. Ég er ekki í vafa um að með þessum hætti væri hægt að ná verulegu fé saman. Að sjálfsögðu yrðu reglur um innlegg að vera mjög strangar, fastar mánaðarlegar greiðslur t. d. sem hlutfall af tekjum. Reynslan er nú sú, að einmitt á þessum árum hafa menn rúm fjárráð og menn eru reiðubúnir að leggja nokkuð á sig ef þeir sjá fram á þjóðfélagslega þýðingu þess auk þess sem slíkur sparnaður mundi gefa fyrirheit um rúmari fjárráð í ellinni. Sparnaður af þessu tagi hefur verið tekinn upp erlendis, a. m. k. sums staðar. Ég hef séð reglur um þetta t. d. í Danmörku og tel rétt að þessi nýbreytni verði tekin

upp. Ef ríkissjóður gefur slíkri uppsöfnun fjár sérstök fríðindi í formi skattaafsláttar er eðlilegt að löggjafinn hafi einnig eitthvað um það að segja til hvers þessu fé skuli varið.

Við getum líka sérstaklega rætt í því sambandi að slíkur sparnaður gæti staðið undir því að auðvelda öldruðum að kaupa íbúðir við sitt hæfi þegar þeir vilja minnka við sig, selja sín gömlu hús, veita skammtímafyrirgreiðslu til þess að auðvelda slík umskipti, enda leggjum við til að sérstakt átak verði gert í byggingu þjónustuíbúða og verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða og fatlaða. Einnig verði sérstaklega athugað hvernig hægt sé að koma til móts við þá, sem eiga íbúðir fyrir, en vilja byggja sérhæfðar íbúðir fyrir aldraða og þurfa á lánsfjármagni að halda í stuttan tíma. Við gerum ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir, ríki og sveitarfélög haldi áfram byggingu og rekstri slíkra stofnana svo sem verið hefur.

En jafnframt er nauðsynlegt að ráðist verði í byggingu á þessum svokölluðu vernduðu þjónustuíbúðum fyrir aldraða og öryrkja. Það er algengt að aldrað fólk búi lengur en það óskar sjálft í sínum gömlu einbýlishúsum eða stóru íbúðum vegna þess að það á ekki völ á öðru minna við sitt hæfi með þægilegum hætti. Það þarf þess vegna að örva þá byggingarstarfsemi á frjálsum markaði sem beinist að því að reisa sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða. Í þáltill. er gert ráð fyrir að sérstöku lánsfjármagni verði varið í þessu skyni til þess að veita fyrirgreiðslu í stuttan tíma. Eðlilegt er að slík lánsfyrirgreiðsla falli undir hið almenna bankakerfi. Slík starfsemi hefur mikinn þjóðfélagslegan sparnað í för með sér, eins og glöggt má sjá af því, að 13 íbúða fjölbýlishús fyrir aldrað fólk, sem reist hefur verið, hefur í raun tæmt 13 jafnmörg einbýlishús og sparað þannig verulega fjármuni í gatnagerð, holræsagerð og öðru sem til þarf.

Ég held að þessum þætti í íbúðamálum hafi ekki verið gefinn nægilegur gaumur. Það á auðvitað skýringu í því, að þessi starfsemi er ný af nálinni hér á landi, þótt nokkur hús hafi risið, og hefur ekki fengið fast form. En ég hygg að allir hv. alþm. geti nefnt einmitt mörg dæmi þess að aldrað fólk er lengur í sínum gömlu stóru íbúðum eða húsum en það sjálft óskar, er hrætt við breytingar vegna þess að það á sér ekki öruggt athvarf við sitt hæfi, hæfilega íbúð þar sem það getur haft muni sína í kringum sig, en býr þó við félagslegt öryggi. Enginn vafi er á að þessi þáttur í byggingarstarfseminni mun verða mjög verulegur á næstu árum hér á landi og það þarf þess vegna að hugsa fyrir því í tíma hvernig að fjármögnun hans verður staðið.

Við teljum eðlilegt að heimilaðar verði lánveitingar til einstaklinga og félaga til byggingar leiguíbúða. Það þarf að taka lög um húsaleigusamninga til endurskoðunar þegar í stað og breyta þeim þannig að þau hamli ekki leigusölu og að hvorki halli á rétt leigutaka né leigusala.

Reynslan er sú, að nokkur fjöldi fólks vill heldur búa í leiguíbúð en ráðast í kaup á eigin íbúð, þótt að sjálfsögðu hafi einstaklingar og fyrirtæki jafnan þörf fyrir leiguíbúðir til skamms tíma. Ég tala nú ekki um menn sem fara í aðra landsfjórðunga t. d. til náms. Það væri óhyggilegt að svara þessari eftirspurn einungis með þeim hætti að þorri leiguíbúða yrði í framtíðinni í eigu opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Sú tilhneiging er rík hjá mörgum að umgangast slíkar íbúðir af kæruleysi og allt of oft hefur hent að þær hafa drabbast niður. Það er þess vegna hagkvæmt fyrir þjóðfélagið í heild að einstaklingar eða fyrirtæki, svo sem tryggingafyrirtæki, hefji rekstur leiguíbúða svo sem er í nágrannalöndum okkar.

Við teljum að nauðsynlegt sé að koma til móts við þá aðila sem þurfa að framkvæma meiri háttar endurnýjun eða viðgerðir á íbúðarhúsnæði. Það er að vísu svo, að í lögunum frá 1980 er ráð fyrir þessu gert. Í lögunum er raunar gert ráð fyrir að miða lánsfyrirgreiðslu við það að um 10 ára gömul hús eða eldri sé að ræða, en vegna lítils fjármagns stofnunarinnar hefur húsnæðisstjórn orðið að breyta þessari reglu og eins og „praxísinn" er nú er miðað við 20 ár.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þjóðhagslega þýðingu þess að húsnæði í landinu sé vel við haldið. Með síðustu skattalögum var því miður frá því horfið að viðhald á íbúðarhúsnæði væri frádráttarbært. Ég tel að það hafi verið mjög vafasamt skref, sérstaklega þegar um meiri háttar viðgerðir eða endurbætur er að ræða, eins og t. d. skemmdir af völdum alkalíefnahvarfa í sementi. Slíkar skemmdir eru talsvert útbreiddar, sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu, og er þar um verulegan kostnað að ræða fyrir húseigendur og vaxandi eftir því sem lengur dregst að bregðast við vandanum. Hér er verið að tala um varðveislu verðmæta fremur en ívilnun fyrir viðkomandi húseiganda, sem í flestum tilvikum á enga sök á þeim skemmdum sem orðið hafa á húseign hans. Þá vegur það þungt í þessu sambandi að slík frádráttarbærni ylli því að tekjur skiluðu sér betur til skatts en nú er og kæmu réttlátar niður. Vitað er að mjög mikið er um að viðgerðir á mannvirkjum eru ekki gefnar upp til skatts þar sem greiðandi hefur engan hag af því. Hér er því um það að ræða að uppræta skattsvik í þjóðfélaginu. Og eins og ég sagði áðan er nauðsynlegt að rýmka lánsskilyrði og hækka lán til viðhalds og endurbóta.

Ég hef flutt frv. um það hér á Alþingi — ég má segja að það hafi verið á síðasta þingi — að viðhald íbúðarhúsnæðis yrði aftur frádráttarbært. Sú till. fékk ekki náð fyrir augum meiri hlutans. Ef ég man rétt náðist það ekki einu sinni fram að frv. kæmist úr nefnd, heldur var lagst á það svo að raunverulegur vilji þm. kom ekki fram. Það er sláandi dæmi um þá auknu skattheimtu sem hér hefur verið, að eðlilegt viðhald íbúðarhúsa skuli ekki frádráttarbært þótt húsaleiga sé það. Ef maður hefur kostnað af húsnæði í gegnum húsaleigu er það að helmingi frádráttarbært, en ef maður býr í eigin húsnæði fær maður ekki, jafnvel þótt um verulegt viðhald sé að ræða, einn einasta eyri frádráttarbæran. Það var líka verulegt skref aftur á bak þegar sú regla var tekin upp að setja þak á vaxtakostnað vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Það er eftirtektarvert að þeir menn sem fyrir slíkum ráðstöfunum standa á tímum verðtryggingar í þjóðfélaginu eru sömu mennirnir og eignuðust íbúðarhús við þau skilyrði að verðbólgan borgaði lánin niður að verulegum hluta og þeir fengu þar að auki alla sína vexti frádráttarbæra frá tekjuskatti. Eiginlega sýnir fátt betur en þetta þá þröngu stöðu sem unga fólkið stendur frammi fyrir og veldur því að það heldur að sér höndum þegar um það er að ræða að eignast þak yfir höfuðið.

Við erum oft að tala um það, alþm., að nauðsynlegt sé að skapa hér heilbrigt og gott þjóðfélag, mismuna ekki þegnunum. Það er slagorð vinstri manna að allt slíkt eigi að gera að ofan með alls konar félagslegum átökum, með því að varpa allri ábyrgð af einstaklingnum sjálfum og láta ríkið með sína miklu alföðurhönd ráða og blessa alla í landinu. Við sjálfstæðismenn erum þessu andvígir. Við

áttum allra flokka mestan þátt í því á sínum tíma að stuðla að því að íbúðareign varð svo algeng hér á landi að þess finnast engin dæmi annars staðar svo að mér sé kunnugt. Það er enginn vafi á að hin almenna efnahagslega hagsæld hefur haft holl og góð áhrif á þjóðfélagsgerðina sjálfa. Við þurfum ekki annað en horfa til þess hluta þjóðfélagsþegnanna sem hefur komist yfir íbúðarhúsnæði, — horfa á lifnaðarhætti þeirra og kjör og bera saman við þá sem eru að brjótast í þessu núna við þá miklu erfiðleika sem við er að stríða. Ef við horfum á þetta opnum augum sjáum við líka um leið að við erum að búa til tvær þjóðir í þessu landi — fólk sem hefur að vísu sama uppruna, talar sama tungutak og hefur sama rétt til góðs lífs. En þarna eru glögg skil — sömu skilin og eru á verðtryggingu lána og minni lánsfjárfyrirgreiðslu en áður, skilin á milli verðbólguflóðsins, skilin sem urðu til þegar vinstri stefnan varð á ný alls ráðandi í landinu. Það unga fólk sem nú er að vaxa upp dreymir ekki ný íbúðarhús í náinni framtíð, eins og foreldrar þess gátu leyft sér að dreyma um og komið í framkvæmd. Það verður að byrja á gömlum leiguhjöllum og laga þá til í besta falli. Ef þetta fólk er sæmilega duglegt að bjarga sér er sagt að það hafi svo miklar tekjur að það á þess engan kost að komast inn í verkamannabústaði. Til þess að fá að fara þangað inn verður fólkið að hafa mjög takmarkaðan efnahag. Unga fólkið sem duglegast er býr þess vegna við versta kostinn í þjóðfélaginu — það fólk sem á að taka við.

Ég hef hér fyrir framan mig töflu um hver hefur verið þróun í þéttbýli á Norðurlandi í sambandi við íbúðabyggingar. Þá kemur það í ljós, að á árinu 1980 var á Akureyri ráðist í smíði á 165 íbúðum. Á s. l. ári hrökk þessi tala niður í 56 og hinn 1. sept. s. l. hafði verið byrjað á 62 íbúðum á árinu. Ef athugað er hversu margar íbúðir voru í smíðum um áramót kemur í ljós að á Akureyri voru 374 íbúðir í smíðum 1. janúar 1981. 1. janúar 1982 voru íbúðirnar 305. 1. sept. s. l. voru þær ekki nema 172. Á tveim árum hafði þeim fækkað um ríflega helming. Hvað segir þetta okkur? Og á sama tíma og þetta gerist hefur hinn félagslegi þáttur jafnvel aukist í íbúðabyggingum. Þessar tölur sýna okkur svo glöggt sem verða má hversu þrengt hefur verið að unga fólkinu.

Það var algengt hér fyrir nokkrum árum að ungir menn kæmu sér saman, þeir hjálpuðu hver öðrum við að byggja, ganga frá steypumótum og öðru, leggja rafmagn og gera það sem til þarf. Múrarinn vann hjá trésmiðnum og rafvirkinn hjá múraranum. Þannig tókst þetta smátt og smátt og menn fengu efnahagslegan grundvöll fyrir sitt líf. En þetta hefur hrunið bókstaflega sagt. Í fyrstu lotu hefur þetta náttúrlega þau áhrif að miklar atvinnugreinar hér missa verkefni. Það fer fljótlega að gæta atvinnuleysis í stéttum byggingariðnaðarmanna. Það stuðlar ennfremur að því að byggingarframkvæðir fyrirtækja í landinu hafa dregist saman. Það er ekki aðeins að íbúðabyggingarnar hafi dregist saman, heldur kemur þetta alls staðar við okkur. Á árinu 1980 var til dæmis heildarrúmmál þeirra húsa annarra en íbúðarhúsa sem hafin var smíði á 59.3 þús. rúmmetrar. Á næsta ári hrökk þessi tala niður í 33.1 þús. 1. sept. s. l. var hún rétt svipuð eða 33.2 þús. Ef við tökum slíkt húsnæði sem var í smíðum við síðustu áramót, eða 1. janúar 1981, voru rúmmetrarnir 209.3 þús., 1. sept. s. l. aðeins 146.8 þús. Þegar við erum að ræða almennt um það, hvernig stendur á þessum minni framkvæmdum en áður, fyrir utan erfiðari lánskjör bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum, sjáum við auðvitað að þessu veldur þrengri staða fyrirtækja, verri efnahagur almennt og þröngsýni varðandi framtíðina.

Einn af forustumönnum SÍS lét þau orð falla í einkasamtali um daginn að sennilega mundu þjóðarframkvæmdir minnka um 20% á næsta ári. Um þessi mánaðamót er verið að skerða kjörin um 11—12% og menn taka þessu þegjandi af því að þeir vita að verra er í vændum. Á sama tíma og þetta er gert hækka ýmsar neysluvörur helmingi meira en kaupið. Það er þessi þrönga staða sem veldur því að við verðum að standa betur að íbúðamálunum í hinum opinberu sjóðum en við höfum gert.

Við tölum hér um 25% byggingarkostnað á næsta ári. Þetta er ekki hátt mark. Þetta er ekki óskaplega mikið. Þó er það svo mikið að í tillögum sem nefnd sem fjallar um þessi mál á vegum ríkisstj. hefur gengið frá er farið miklu skemmra. Þar er aðeins talað um að lána sem svarar 15% af raunverulegum byggingarkostnaði ef verðbólgan er tekin inn í dæmið. Við ætlum þó að reyna að stefna að 25 og munum standa við það ef að okkur kemur eftir næstu kosningar. Við munum ekki taka okkur til fyrirmyndar loforðaferil þessarar hæstv. ríkisstj., sem öll er nú fjarverandi og kannske skiptir það engu máli. Við munum láta hin sviknu loforð þessarar hæstv. ríkisstj. verða okkur til varnaðar, ekki síst í húsnæðismálunum. Það vantaði ekki fögru orðin skömmu eftir að hún tók við völdum.

Þá leggjum við til að starfsemi Húsnæðisstofnunar verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar og tæknideild hennar lögð niður. Þetta er liður í tillögum okkar um að nauðsynlegt sé að sýna aukið aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum. Um það hefur verið mikið talað á liðnum árum, en minna orðið úr efndum. Hér erum við með ákveðna tillögu í þeim efnum. Við viljum að lán til húsbyggjenda séu sem allra mest í höndum lánastofnana, enda sýnir vöxtur bankakerfisins glögglega að þar er nægur mannafli fyrir hendi, auk þess sem það mundi hafa hagræði í för með sér fyrir lánveitendur.

Við leggjum til að kannaðar verði leiðir til þess að lækka byggingarkostnað, m. a. með lækkun aðflutningsgjalda á byggingarefni, lækkun launaskatts og aðstöðugjalds. Þetta er gamalt markmið. Um þetta hefur oft verið rætt hér á hinu háa Alþingi, en minna orðið úr efndum. Það er nauðsynlegt að hrista þetta upp á nýjan leik, því að enn meiri og brýnni nauðsyn er til þess nú en áður að öllum kostnaði sé í hóf stillt svo sem verða má, eins dýrt og fjármagnið er orðið. Það var kannske hægt að standa undir meiri kostnaði meðan verðbólgan hjálpaði til við að greiða lánin niður. Sú tíð er liðin og þess vegna er enn nauðsynlegra en áður að hafa það í huga að halda kostnaðinum eins mikið niðri og unnt er.

Að síðustu leggjum við til að endurskoða þurfi löggjöf um byggingarsamvinnufélög.

Herra forseti. Ég hef hér gert nokkra grein fyrir stefnumörkun okkar sjálfstæðismanna í húsnæðismálum. Eins og ég sagði áður stefnir hún almennt að því að við getum áfram búið í landi þar sem menn eru sjálfs sín herrar í eigin húsnæði. Það er það almenna markmið sem við viljum vinna að. Það viljum við gera með því að lengja lánstímann umfram allt til þess að fólk geti staðið undir hærri lánum. Við teljum óhjákvæmilegt að lánsfjármögnun fyrstu íbúðar fari upp í 80% og setj-

um okkur það mark að við getum náð því á næstu fimm árum. Til þess að ná þessu mikla fjármagni, sem þarna þarf til að koma, viljum við vinna að því að hækka lán úr Byggingarsjóði ríkisins, taka upp nýja sparireikninga í bönkum, auka almennan sparnað í landinu með markvissum hætti og með skattaívilnunum til þess að fé sé lagt til hliðar í þessu skyni og við viljum jafnframt leita eftir frjálsu samkomulagi við lífeyrissjóðina til þess að ná þessu markmiði af því að við höfum þá trú að það muni gefa betri raun en sú lögbinding sem verið hefur og sem lífeyrissjóðirnir hafa ekki viljað standa við í raun. (**GJG:** Þetta er rangt hjá þm.) Þeir hafa ekki viljað standa við það.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til allshn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að verða langorður um þessa þörfu till. Þó er það mjög athyglisvert við svona mikilvægt mál að mér sýnist að í þingsölum sitji mikill meiri hluti aukaþm., eins og ég hef áður kallað okkur sem erum varaþingmenn, en aðeins tveir aðalþingmenn, og sýnir það raunverulegan áhuga fyrir jafnmikilvægu máli þegar sex varaþingmenn hlýða á ræðu, en ekki aðrir og enginn hæstv. ráðh. Þetta hefur þó verið í gegnum tíðina eitt þeirra mála sem hvað mestu varða, eins og frsm. benti á, hverja fjölskyldu í landinu. En stundum er það ekki þess virði að fylgja eftir áhugamálum sínum og orðum, heldur leggja aðeins fram till. til að sýnast og láta þar við sitja.

Það merkilega skeði hjá flm. og frsm. þessarar ágætu till., að í framsögu hans er fullt af mótsögnum og í till. líka. Má aðeins benda á hversu ónákvæmlega er í málið farið. Með leyfi forseta vil ég lesa upphaf till.:

„Alþingi ályktar að sú stefna verði lögð til grundvallar í húsnæðismálum, að sérhverri fjölskyldu verði gert kleift að eignast og búa í eigin húsnæði.“

Stórkostleg setning þetta. En hvað segir þetta? Á húsnæðið að vera 70 m², 200 m² eða eins og suður í Garðabæ núna 400 m²? Og hvað á það að kosta? Síðan er lagt til að lána 80%. Gerið svo vel og byrjið að byggja. — Hvaða tekjur þurfa menn nú að hafa á Íslandi til að standa undir svona? Ekkert kom fram um að það væri nein vitglóra í þessu. Það eru ekki nema sérstakir tannlæknar og ónefndir aflaskipstjórar sem geta staðið undir þessu. Engir venjulegir þm. hafa t. d. þessi laun. Ekki er minnsti möguleiki að lána 80% út á svona húsbyggingar. Menn verða að vera eilítið nákvæmari í framsögn, er mín afstaða og skoðun á málinu, ef menn eru að meina eitthvað með því sem þeir eru að segja. Hugmyndin er ágæt svo langt sem hún nær, en hún er bara óframkvæmanleg. Hún er svo einföld. Hún er gersamlega óframkvæmanleg.

Auðvitað mætti benda á þversagnir í bæði tillögugerðinni og grg. Tökum aðeins einn lið: „5. Framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verði ekki minni en sem svarar einu launaskattsstigi.“ Tökum lið 13: „Kannaðar verði leiðir til þess að lækka byggingarkostnað, m. a. með lækkun aðflutningsgjalda á byggingarefni, lækkun launaskatts“ — Við hvað á að miða ef búið er að afnema launaskattinn? — „og aðstöðugjald.“ Það hefur verið krafa frá atvinnulífinu og var við henni orðið, og það er gagnrýnt á bls. 3, að launaskattur væri lækkaður. Svo varð eftir mjög hörð átök, eins og segir í grg. Ég þarf ekki að lesa ef hv. þm. vilja líta á þetta. Á sínum tíma var stórmál að koma launaskatti á. Ákveðnir aðilar í þjóðfélaginu hafa æ ofan í æ gagnrýnt samkomulagið sem gert var við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma til lausnar á viðkvæmu deilumáli og kjarasamningum og hefur verið Byggingarsjóði ríkisins gífurleg búbót lengi. Svo eru til hörku sjálfstæðismenn sem segja: Burt með þetta allt saman. Aðrir segja: Miðum við og leggjum fram eitt stig a. m. k. — Er þetta nokkur mótsögn í sjálfu sér? Ég kann ekki við svona málflutning. Af því að menn eru hér með gott mál verða menn að halda sig við jörðina og koma með tillögur sem eru raunhæfar og duga sem lausn.

Ef við viljum standa að því að gera unga fólkinu, sem er að byggja í fyrsta skipti, mögulegt að byggja yfir sig verðum við að hafa þor til þess að segja: Við lánum út á íbúðir sem eru 70, 90, 110 eða 120 m² stórar og ekki krónu fram yfir. Það sem fram yfir er skuluð þið fjármagna sjálf. — Það væri þá raunar lausn og þá væri myndarlega gert við þetta fólk. Það hafa margar aðrar þjóðir gert. Það má kalla það sósíalisma eða hvað sem vera skal. Ég hef undir höndum viðamikla skýrslu frá Danmörku um 50 ára sögu lánasjóðskerfis þar. Þar þorðu menn að taka afstöðu til þess hvað á að lána og ekki lána. En hér er slegið fram: Gerið þið svo vel og byggið. Við lánum 80%. — Ég tel að svona málflutningur þjóni engum, þó að ég styðji þessa stefnumörkun, nema við séum svo ákveðnir að við þorum að segja hvað við viljum og hvað við ætlum að fara að gera, en gerum ekki eitthvað annað.

Hv. frsm. kom að því að í deiglunni væru tvær þjóðir í þessu landi. Þeir sem hefðu byggt og búa í eigin íbúð lifðu öðruvísi en hinir sem væru að byggja núna. Þetta getur vel verið. Ég þekki ekki svo vel til að það sé hægt að staðhæfa þetta. Hann hlýtur að þekkja það miklu betur en ég. Ég dreg þetta samt mjög í efa. Hins vegar er rétt að vekja athygli á að ríkisvaldið, og þar með hv. Alþingi, og bæjarfélög hafa í sívaxandi mæli gert erfiðara fyrir fjölskylduna, eins og hann drap þó nokkuð á, og kunningja að hjálpast að um að byggja. Og í hverju eru þeir erfiðleikar fólgnir? Þeir eru fólgnir í því, að það er alltaf krafist meiri og meiri réttinda, fleiri og fleiri pappíra og gífurlegt eftirlit og vesen fylgir þannig að þetta er að verða öllu venjulegu fólki bókstaflega ofviða. Það má gagnrýna þetta. Mér fannst að till. gerði það að hluta. En ég vil herða á þeirri gagnrýni. Í því plássi sem ég kem frá og dvaldist í fram yfir miðjan aldur hjálpuðust menn mjög að við að byggja yfir sig með góðum árangri. Þau hús standa vel fyrir sínu. En hér a. m. k. á þéttbýlissvæðinu og víða annars staðar á stærri stöðum er þetta orðið vonlaust verk lengur. Það verða allir pappírar að fá hina bestu uppáskrift hinna bestu sérfræðinga og hvað það nú heitir og ekkert dugar þó til. Ef samt koma fram einhver mistök er enginn ábyrgur fyrir þeim eftir alla þessa uppáskrift nema sá sem er að byggja og á að borga brúsann. Ábyrgðin er ekki meiri þegar á reynir.

Það mætti fjalla hér um margt annað, en vegna þess að það er bæði áliðið dagsins og fáir í salnum ætla ég ekki að eyða miklum tíma í það. Hitt kemur mér nokkuð undarlega fyrir sjónir, sem ég sé á bls. 4, og mér fannst liggja í því að núv. fjmrh. ætti þar nokkra sök á, en það er um skattalögin í þessu ágæta landi. Ég var á þinginu fyrir fjórum árum og þá var fjmrh. Matthías Á. Mathiesen. Hann er að vísu ekki flm. að þessari till., en hann var fjmrh. þá og hvolfdi við öllum skattalögum á Íslandi. Ég held að það sé rétt munað hjá mér, að samkv. nýju

lögunum mega menn velja á milli hvort þeir telja fram meiri háttar viðgerðir og láta skjöl fylgja sínum framtölum eða áætla vissa upphæð. Hæstv. núv. fjmrh. ber ekki neinar sakir í því efni á baki sér, að mínu mati. Og það er alls ekki rétt, eins og frsm. sagði, að skattkerfið, þó erfitt sé, vilji ekki hlusta á neitt í því efni. En það getur vel verið að það sé þungt í vöfum og strangt. Ég er inni á því, að þegar menn gera átak til viðhalds á sínu húsi, og er alveg rétt hjá frsm. að slíkt verður að eiga sér stað, eigi að fylgja skjöl um allt sem gert hefur verið. Þá er sannarjarnt að hafa það frádráttarbært að mestu eða alveg. En ekki er ég sammála því sem hann var að gagnrýna og taldi vanta. Því væri miklu erfiðara að koma við. Ég tek ekki undir þá gagnrýni. Ég held einnig að ásökun hans á hendur núv. hæstv. fjmrh. hafi verið byggt á misskilningi.

Í grg. er staðhæfing sem ég kann varla við að standi öðruvísi en málinu sé þá betur fylgt eftir. Með leyfi forseta stendur:

„Vitað er að mikið er um það, að viðgerðir á mannvirkjum eru ekki gefnar upp til skatts þar sem greiðandi hefur engan hag af því. Hér er því um að ræða að uppræta skattsvik í þjóðfélaginu."

Það er ágætt að setja svona setningar í þskj., en ég vil ekki standa að þvílíku því slíkt er ásökun á vissa starfsstétt í landinu og því verður að finna stað. Það getur vel verið að einhver brögð séu að þessu, en að lýsa þessu svona fortakslaust yfir, og það af fjölda þm., tel ég nokkurn ábyrgðarhluta.

Ég gæti gagnrýnt ýmislegt fleira í þessari ályktun þó að efnislega sé hún mjög góð. Við getum sjálfsagt allir staðið efnislega að því að gera stærra átak í húsnæðismálum, en það verður að hafa ákveðið samræmi í því átaki og framkvæmanlegt sé að standa við slíkt.

Í ályktuninni segir í upptalningu: „Leitað verði eftir frjálsu samstarfi við lífeyrissjóði í landinu um fjármögnun húsnæðislána." Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði á sínum tíma að nauðsynlegt væri að ríkisvaldið réði yfir allt að helmingi af þessu fjármagni. Nú kemur annar ungur þm. og segir: Frjálst samkomulag. — Þannig eru mótsagnir í till. alltof miklar. Auðvitað geta menn skipt um skoðun, það er allt í lagi, og fundist að allt eigi að vera frjálst, en þá skulum við ekki vera að leiða í lög að það sé alger skylda ríkisvaldsins að lána 80% og án þess að taka nokkuð fram um hvað íbúðin á að vera stór eða hvað hún á að kosta. Það er mjög misjafnt hvað íbúð kostar, jafnvel þó að hún sé af sömu rúmmetrastærð, vegna hégómlegrar kröfu um hvað á að vera í eldhúsi, hvað á að vera í anddyri og hvað á að vera í baðherbergi. Ég tek undir þá skoðun að staðla íbúðir, en setjum þá fram hvernig við ætlum að staðla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umferðarmiðstöð á Egilsstöðum, þáltill. (þskj. 103). — Ein umr.

Flm. (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 103 er lagt fram 101. mál Sþ., till. til þál. um umferðarmiðstöð á Egilsstöðum og vörudreifingarmiðstöð á Reyðarfirði. Flm. auk mín eru þm. Jón Kristjánsson, sem nú er farinn héðan af þingi, Egill Jónsson og Helgi Seljan. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um bætt og breytt skipulag á fólks- og vöruflutningum á Austurlandi með því m. a. að komið verði á fót umferðarmiðstöð á Egilsstöðum og vörudreifingarmiðstöð á Reyðarfirði í tengslum við tollvörugeymslu."

Með till. fylgir grg. og skal ég rekja hana nokkuð hér. Forsendur þessa máls eru í rauninni þær, að samgöngur milli staða og landshluta hafa löngum verið mjög til umfjöllunar. Mikilvægi þeirra má vera augljóst þegar 10—15% ríkisútgjaldanna er varið til þeirra mála. Þykir þó mörgum sem ekki sé nóg að gert og úrbóta sé víða þörf.

Um tíma hefur starfað nefnd á vegum samgrn. að endurskipulagningu samgangna á landinu öllu. Árangur af þessu starfi hefur þó látið á sér standa og úrbóta er þörf. Það dylst engum. Því til sönnunar má benda á að hér á þinginu eru nú komnar fram aðrar tillögur sem fara nokkuð í sömu átt og þessi till. okkar. Þar á ég við 126. mál á þskj. 129, till. til þál. um skipulag fólks- og vöruflutninga og 53. mál á þskj. 54, till. til þál. um umferðarmiðstöð í Borgarnesi, sem reyndar var fram komin áður en till. okkar var fram lögð. Þetta sýnir einungis að þessi mál eru til umfjöllunar og aðgerða á þessu sviði er þörf.

Tengsl Austurlands við aðra landshluta hafa lengst af verið á sjó. Þeim þætti er nú um margt ábótavant. Í því sambandi er rétt að geta þess, að það er mikils virði fyrir Austfirðinga og þjóðfélagið í heild að beinar siglingar séu milli Austfjarðahafna og annarra landa. Strax upp úr aldamótum sigldu skip í eigu Íslendinga og erlendra aðila beint frá Austfjarðahöfnum með fisk og aðrar afurðir til viðskiptalandanna og fluttu aftur vörur heim. Þetta breyttist ekki fyrr en um 1940 er stríðsátök komu í veg fyrir slíkar áætlunarsiglingar til Evrópulanda. Þá var farið að sigla til Ameríku og vörum yfirleitt umskipað í Reykjavík. Þetta hefur síðan orðið að venju hvað varðar alla aðdrætti til landsins. Faxaflóahafnir taka við vöru sem síðan er notuð vítt um land. Af þessu hlýst kostnaður, dýr og seinvirk dreifing. En aðalatriðið er að Austfirðingar komi sér upp beinu sambandi við Evrópulöndin. Tilraunir með slíkt eru nú hafnar og standa heimaaðilar fyrst og fremst fyrir framgangi þessa þáttar.

Með vegarlagningu opnaðist á sínum tíma tenging til Norðurlands, sem þó hefur einungis haldist opin 3—4 mánuði á ári hverju, og er svo enn. Einangrun fjórðungsins er þó fyrst raunverulega rofin með opnun leiðar sunnan jökla árið 1974. Þá leið er nú fluttur verulegur hluti allra nauðsynja frá höfuðborgarsvæðinu. Einangrun Austurlands hefur þó hin síðari árin í vaxandi mæli verið brúuð með samgöngum í lofti sem hafa náð til fólks-, vöru- og póstflutninga. Þessi tengsl hafa styrkst innan fjórðungsins. Um Egilsstaðaflugvöll hafa samkv. skýrslum flugmálastjórnar farið um og yfir 40 þúsund farþegar á hverju ári undanfarið og völlurinn því verið meðal fjögurra fjölförnustu í innanlandsfluginu. Á sviði vöru- og póstflutninga hefur völlurinn ótvírætt þriðja sæti með verulegu forskoti umfram aðra velli. Aðbúnaði vallarins er þó áfátt og gagngerðra endurbóta er þörf.

Það er orðið mjög aðkallandi að hlutaðeigandi aðilar komi sér niður á hver skuli verða stefnan í framtíðaruppbyggingu flugvallar á Egilsstöðum, þess flugvallar, er þjónar mestum hluta fjórðungsins með samgöngum til annarra landshluta. Það hlutverk mun koma enn betur í ljós á allra næstu árum sakir fyrirhugaðrar uppbyggingar raforku- og iðjuvera. Austfirðingar þurfa á velli að halda

með bundnu slitlagi, malbiki, og svo löngum að þar geti lent litlar, hraðfleygar vélar og þotur, sem ekki aðeins þjóna innanlandsflugi heldur tengja Austurland jafnframt beint við meginlandið. Er þá ekki verið að fara fram á varaflugvöll fyrir millilandaþotur af stærstu gerð, sem verður að teljast óraunhæft og tilgangslaust markmið. Þess í stað er verið að fara fram á raunverulegar þarfir fjórðungsins nú og í náinni framtíð.

Að mati starfsmanna vallarins á Egilsstöðum eru um 60—80% farþega, sem um völlinn fara, á leið til eða frá nágrannabyggðarlögum í fjörðum niðri. Þjónustu sérleyfishafa er um margt áfátt, t. d. engin um helgar sem stendur og um vetrartímann aðeins tengd einni flugkomu á virkum dögum, þó svo að flogið sé tvisvar flesta daga vikunnar. Á leiðinni Egilsstaðir-Reyðarfjörður aka svo þrír sérleyfishafar og allir samtímis.

Yfir sumartímann hafa allir 7—9 þús. Smyrilsfarþegar haft meiri eða minni viðdvöl á Egilsstöðum auk fjölda annarra ferðamanna. Þjónusta við þennan hóp hefur farið batnandi en er þó helst áfátt samgöngulega séð. Í því sambandi er rétt að benda á það ástand, sem skapaðist s. l. vor, þegar sérleyfishafar á Austurlandi lögðu niður akstur til þess m. a. að fylgja eftir kröfu sinni um að fá leyfi til aksturs á leiðum sem verið höfðu í höndum aðila utan svæðisins. Þessir aðilar hafa aðeins veitt og veita enn þjónustu þann hluta ársins, þ. e. yfir sumartímann, þegar gróðavonin er mest en láta aðra árstíma án nokkurrar þjónustu. Í sambandi við undirbúning þessarar þáltill. hafði ég samband við framkvæmdastjóra umferðarmáladeildar fólksflutninga og hann ritaði mér svohljóðandi bréf með leyfi forseta:

„Það er ekkert þægilegt að þurfa að viðurkenna að engar skýrslur um farþegafjölda á Austurlandi eru til, þar sem sérleyfishafar á Austurlandi senda þær ekki, m. a. vegna þess að með því sniðganga þeir greiðslu á sérleyfisgjaldi."

Það voru ekki mörg orðin, en þau segja sína sögu. Þau segja okkur kannske fyrst og fremst í hvílíku neyðarástandi þessar samgöngur eru fyrir austan hjá okkur, þegar sérleyfishafarnir þurfa að stela undan svo smávægilegu gjaldi sem séleyfisgjaldið er til þess að fleyta áfram sínum rekstri. En það er í rauninni ekkert annað sem á bak við þessa sögu liggur.

Ferðamálaráðstefna Austurlands, haldin á Hallormsstað 28. ágúst 1980, samþykkti að skora á yfirvöld að styðja þá hugmynd að umferðarmiðstöð yrði reist á Egilsstöðum. Þeir aðilar sem að þessum málum vinna eystra hafa því leitað hófanna um úrbætur á þessu sviði, en ekki orðið ágengt sakir þess fjárhagslega vanda sem er því samfara að koma slíkri aðstöðu á fót. Fordæmi er þó fyrir þáttöku hins opinbera, þar sem umferðarmiðstöðin í Reykjavík er, og því er þessu máli nú hreyft á vettvangi Alþingis. En umferðarmiðstöð ein og sér er ekki sú lausn sem eftir er leitað, heldur þarf þar jafnframt að koma til betri skipulagning allra fólksflutninga innan fjórðungsins.

Í Austurlandsáætlun frá 1975 er bent á eðlilega meginskiptingu Austurlands í þrjú svæði með tilliti til íbúadreifingar og vegalengda, þ. e. norður- og suðursvæði auk miðsvæðis sem næði frá Héraðsflóa til Berufjarðar. Í þessu sambandi er óraunhæft að tala um Austurland allt sem eitt svæði með einni þjónustumiðstöð eða miðstað, en hann má reikna út að gefnum ýmsum forsendum og miðað við mismunandi stór svæði. Út í þann þátt málsins skal ekki farið hér.

Egilsstaðir eru ótvírætt sá staður sem er höfn fjórðungsins og þjónar fyrst og fremst fólksflutningum, en á Reyðarfirði er eina vöruhöfn Austurlands, sem er talin liggja miðsvæðis gagnvart töluverðu svæði og nokkrum íbúafjölda. Hún þjónar Héraði og þaðan er um veg aðeins 15 km leið til Eskifjarðar, 40 km til Norðfjarðar, 58 km til Seyðisfjarðar og 100 km til Breiðdalsvíkur, en á þeirri leið eru jafnframt Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Á Reyðarfirði hefur um nokkurt skeið verið tollvörugeymsla, en takmarkanir og skipulagsleysi á vörudreifingu staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun þeirrar þjónustu, þrátt fyrir töluvert mikinn vilja heimamanna og eftirfylgju af þeirra hálfu.

Landfræðilegar aðstæður valda því að þessir staðir, Reyðarfjörður og Egilsstaðir, sameiginlega hafa miðstöðvarhlutverki að gegna á Austurlandi. Nauðsynlegt er að þar fáist þær úrbætur sem verða stöðunum og öllu svæðinu til framdráttar.

Herra forseti. Með till. þeirri sem hér er flutt er þess farið á leit við ríkisstj. að hún leiti leiða til að bæta skipulag og framkvæmd fólks- og vöruflutninga eða dreifingar á Austurlandi til farsældar fyrir þá sem njóta. Sem lið í þessari endurskipulagningu og úrbótum er bent á að komið verði á fót umferðarmiðstöð á Egilsstöðum og vörudreifingarmiðstöð á Reyðarfirði.

Ég vil svo leggja það til, að að aflokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn. Sþ.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þegar ég kom hér fyrst inn á hv. Alþingi fyrir 11 árum og fór að hugleiða að flytja hér eitthvert mál, þá varð það úr að ég flutti till. í mjög líkum dúr og sú till. sem hér er til umfjöllunar, þ. e. um skipulagningu samgangna. Reyndar var þar ekki miðað við Austurland heldur vestursvæðið. Sú till. var samþykkt hér á hv. Alþingi vorið 1972, en því miður veit ég ekki til þess að nokkuð hafi verið gert af hendi þeirra sem við tóku, þeirra hv. ríkisstjórna sem hafa setið síðan, til þess að framkvæma eitt eða neitt af því sem þar var lagt til.

Nú er komið svo að hér eru tvær till. um svipað málefni, sem hníga að því að skipulagning samgöngumála verði tekin til sérstakrar athugunar.

Allt frá því á þriðja áratugnum eða jafnvel fyrr hafa sérleyfisbílar, rútur verið helstu fólksflutningatækin á landi fyrir almenning. En á sérstakri skipulagningu þessara samgöngumála hefur því miður borið ansi lítið. Það hefur t. d. verið þannig hér á vesturlandinu eftir að vegur opnaðist fyrir Hvalfjörð, að jafnvel fimm rútur hafa farið þá leið, flestar náttúrlega hálftómar, áleiðis upp í Borgarfjörð. Þar hafa síðan dreifst leiðir. Sumar fara vestur á Snæfellsnes, og þegar lengra er komið fara aðrar í Dali og norður yfir fjöll. Þá hafa sumar farið norður á Strandir og yfir á Vestfirði. Þarna þarf vitaskuld að taka til hendi og skipuleggja þessi mál miklu betur en gert er.

Ég tek undir flest það sem fram kemur í grg. og ræðu hv. flm. þessarar till., en ég tel að það sé vítt og breitt um landið sem þurfi að líta á þessi mál. Svo er einn sérstakur þáttur sem ég vildi sérstaklega nefna hér. Það er að koma upp aðstöðu á afgreiðslustöðum þessara rútubíla. Það er ekki til nein aðstaða fyrir farþega eða bílstjóra á neinum stað á landinu, svo ég viti til, nema hér í Reykjavík. Og sú aðstaða, sem hér var byggð upp, er að mínu mati mjög

svo bágborin. Rúturnar eru afgreiddar undir beru lofti. Það er ekkert þak eða skjól fyrir farþega, þegar þeir þurfa að fara út úr rútum, hvað þá til þess að verja flutning þeirra og farangur.

Það hefur mikið verið talað um það á undanförnum árum að nauðsynlegt væri að byggja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Það væri hálfgerð skömm fyrir Íslendinga að þar væri ekki almennilegt þak yfir þá gesti útlenda sem heimsæktu Íslendinga, og jafnvel að þetta væri ekki nógu gott fyrir Íslendinga sjálfa. En hvað er þá með alla þá farþega sem þurfa að ferðast með rútum hér á Íslandi? Aðstaðan er þannig, eins og ég sagði áðan, að hvort sem verið er að skipta um farartæki, koma út úr farartæki eða koma inn í farartæki, mega þeir búast við því í íslenskum veðrum að verða fyrir meira og minna hnjaski. Ég tel að þetta sé nauðsynlegra og jafnframt auðveldara mál fyrir okkur að leysa á sviði samgöngumála heldur en það stóra mál sem varðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, og að þetta skref ættum við að stíga áður en við förum að tala um að gera eitthvert stórátak þar. Á Keflavíkurflugvelli er þó þak yfir farþegana sem þurfa að komast í og úr rútu, en það er hvergi til við allt þjóðvegakerfið hringinn í kringum landið.

Einn þátturinn, sem tengist umræðu og afgreiðslu á málum sem þessu, er tenging milli landshluta. Ef við lítum á leiðir sérleyfishafanna hér vestur um landið í Borgarnes og hugsum okkur að farþegi, sem er að koma vestan af Snæfellsnesi, hafi áhuga á að komast í rútu sem færi norður í land, þá eru held ég allar leiðirnar þannig að slíkur farþegi yrði að gista í Borgarnesi. Hann yrði að bíða eftir því að rútan kæmi að morgni til og flytti hann norður í land. Það er ekkert hugsað um að tengja þetta saman, þannig að farþegi geti raunverulega komist hvert á land sem er ef hann stígur upp í rútu að morgni. Þessi þáttur er að mínu mati ansi mikils verður. Góð skipulagning mundi leiða til þess að þessi góðu og öruggu farartæki okkar yrðu meira notuð en þau eru nú.

Ég lýsi svo ánægju minni aftur yfir því, að þessi góða till. skuli vera hér til umr., og vænti þess að hún verði samþykkt, svo og önnur till., sem við Vestlendingar erum með, um umferðarathugun í sambandi við Vesturland. Mætti það verða til þess að þessi mál yrðu tekin til meiri umfjöllunar en verið hefur síðustu 10 árin og jafnvel til þess að farið yrði að líta á það sem sjálfsagðan hlut að bæta aðstöðuna fyrir farþega og bílstjóra sérleyfisbílanna á þeim stöðum þar sem þeir þurfa að stoppa og afgreiða sína farþega og sitt hafurtask.

Guðmundur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langa tölu hér um þessa till. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi mínum við þetta mál sem ég tel mjög mikilsvert. Það kom fram í máli hv. flm. fullkominn rökstuðningur fyrir þessu og eins hefur hv. þm. Skúli Alexandersson bent á hversu nauðsynlegt er að taka þessi mál til heildarskoðunar yfir landið. Ég vil taka undir það. En það er einn þáttur, sem ég vil sérstaklega vekja athygli á, sem fléttast óneitanlega inn í þessa umræðu. Það eru hinar staðbundnu flugsamgöngur innan héraða. Það hefur mátt lesa um það fréttir nú að undanförnu í blöðum að þessi landshlutaflugfélög, sem við getum kallað svo, eigi í stöðugt vaxandi erfiðleikum með sína starfsemi. Má þar benda á flugfélagið Erni á Ísafirði, sem nú hefur hætt póstflutningum að því að mér skilst, vegna þess að þeir treysta sér ekki til að inna þá starfsemi af hendi fyrir það gjald sem Póst- og símamálastofnun er tilbúin að reiða fram.

Á Austurlandi er starfandi Flugfélag Austurlands. Ég vil halda því fram að starfsemi þess sé gífurlega þýðingarmikil fyrir allt samgöngulíf innan fjórðungs á Austurlandi. Það er nú einu sinni þannig, að Austurland er að nokkru skipt í samgönguleg svæði. Má þar telja Vopnafjörð nokkuð afskiptan og eins suðursvæðið, fyrir sunnan Berufjörð. En það er einmitt einna helst Flugfélag Austurlands sem hefur tengt þetta svæði saman. Ég vil koma því hér á framfæri að hið háa Alþingi hugsi vel um starfsemi þessara félaga og standi þar að baki.

Annað vil ég nefna. Það er varðandi vörudreifingarmiðstöðina á Reyðarfirði. Hún hefur tvímælalaust mjög mikið gildi hvað það varðar að létta undir með versluninni í dreifbýlinu, sem á nú ekki sjö dagana sæla. Það gæti tvímælalaust lækkað mjög mikið vaxtakostnað verslunarinnar að hafa slíka aðstöðu, að geta tollafgreitt varning nær markaði og dreift honum þaðan.

Það voru einna helst þessi atriði sem ég vildi minna á. Ég lýsi svo ítrekuðum stuðningi mínum við þessa till.

Helgi Seljan: Herra forseti. Sem einn af flm. þessarar till. þarf ég ekki að tala um hana efnislega, enda hafa henni verið gerð fyllilega góð skil í máli hv. 1. flm. Það var aðeins í sambandi við orð hv. 4. þm. Vesturl. sem ég kom hér upp. Ég vildi aðeins rétt minna á það, að enda þótt lítið hafi verið gert varðandi skipulag fólks- og vöruflutninga þá var þó gerð ein heiðarleg tilraun til þess arna. Frá henni vildi ég gjarnan greina hér.

Þegar Ragnar Arnalds varð samgrh. setti hann nefnd á laggirnar til þess að vinna sérstaklega að því að samhæfa og samræma sem allra best allt skipulag fólks- og vöruflutninga í landinu. Til þessarar nefndar kallaði hann bæði stjórnmálamenn og ýmsa fulltrúa hagsmunaaðila, sem hlut ættu að þessu, fulltrúa Pósts og síma, fulltrúa flugfélaga, fulltrúa Skipaútgerðar ríkisins, fulltrúa sérleyfishafa og aðra fulltrúa þeirra sem þarna áttu hagsmuna að gæta. Þetta nefndarstarf fór allvel af stað og því var sérstaklega beint að því markmiði sem hér er um talað, þ. e. að huga að umferðarmiðstöðvum. Það var tiltölulega gott samkomulag í þessari nefnd, sem ég get sagt hér af því ég átti sæti í henni. Mér þótti vel unnið þar og menn lögðu sig mjög verulega í líma við að ná endum saman, vegna þess að þarna eru allt of margir lausir endar. Við vorum rétt í þann veginn að ganga til viðræðna við fulltrúa landshlutasamtakanna um það fyrirkomulag sem best gæti þjónað hverjum landshluta fyrir sig þegar skyndileg stjórnarskipti urðu og menn fóru í kosningafrí árið 1979. Síðan kom einhver lægð í þetta og allt í einu fengum við nefndarmenn svo bréf um það að við værum vinsamlegast leystir frá störfum af hæstv. núverandi samgrh. Steingrími Hermannssyni og þetta yrði hins vegar unnið af nefnd á vegum rn. sem mundi taka málið til svipaðrar umfjöllunar.

Af því að mikil vinna hafði verið í þetta lögð og miklum gögnum safnað frá hinum ýmsu aðilum, þá vona ég svo sannarlega að þessi vinna sé til staðar einhvers staðar uppi í ráðuneytinu, þó að ég hafi ekki orðið var við neinn árangur frá þeirri nefnd sem hæstv. samgrh. núverandi hlýtur að hafa skipað í framhaldi af þessu. Það læðist hins vegar að mér sá grunur, að ekki muni mikill vinnuhraði í þeirri nefnd og menn hafi ekki mikla von um árangur. Ég sé ekki betur en að fjórir hv. samflokksmenn hæstv.

samgrh. séu búnir að flytja till. hér um skipulag fólks- og vöruflutninga, þeir hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, Páll Pétursson, Sigurgeir Bóasson og Alexander Stefánsson. Sýnir það glögglega að þeim þykir ekki af veita að ýta við sínum ráðh. með þetta mál. Ber að þakka þeim fyrir það ef hann hefur sofnað Þyrnirósarsvefni í þessum efnum.

Flm. (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa komið og talað og tjáð stuðning sinn við þá till. sem hér er fram borin.

Það er fullkomlega rétt ábending sem hv. 1. þm. Austurl. Guðmundur Gíslason kom hér að varðandi Flugfélag Austurlands. Till. þessi og minn málflutningur náðu að vísu ekki til þess þáttar í samgöngumálum okkar Austfirðinga. Sá þáttur, sem Flugfélag Austurlands þjónar þar, er trúlega einn af þeim allra mikilvægustu í okkar byggðamálum. Í rauninni er það forsenda þess að byggð haldist á sumum þessum stöðum að við getum haldið uppi þeim flugsamgöngum sem við höfum þó barist við að halda uppi á undanförnum árum. Ég segi „barist við" því að þetta litla flugfélag hefur orðið fyrir verulegum áföllum og tapað sínum flugvélum á undanförnum árum, en á nú tvær litlar vélar sem þó þjóna sínu hlutverki mjög vel.

Rekstursmöguleiki þessa fyrirtækis, sem Flugfélag Austurlands er, er enginn. Velta fyrirtækisins er ekki meiri en svo, að hún rétt stendur undir reksturskostnaði og ekki er til króna umfram það til að standa skil á þeirri fjárfestingu sem í vélunum liggur. Það segir sig náttúrlega sjálft að slík starfsemi getur varla gengið til lengdar og það hlýtur að koma að því að þm. og einhverjir aðrir þurfi að taka verulega alvarlega á þessu máli. Ég verð að viðurkenna að mér er ekki fyllilega kunnugt um það í rauninni hvernig þessu máli er komið, en mér er þó tjáð að það sé að sigla í mikið óefni og spurning um hversu lengi flugreksturinn geti haldið áfram.

Ég ítreka að flugfélagið er ein af aðalforsendum þess að byggðin haldist á sumum þeirra staða sem eru í mikilli einangrun fyrir austan. Það verður kannske best skýrt þegar maður nefnir að svo daglegar nauðsynjar sem mjólk og brauð eru fluttar til staðanna með þessum vélum oft í viku. Þetta er lífæð, má segja, fyrir hin litlu byggðarlög. Auk þess er þarna séð fyrir öllum póstflutningum og öðru slíku, sem menn hafa þó lengi sætt sig við að vera án og lengi búið við lélega þjónustu á því sviði.

En ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég ítreka þakklæti mitt og lýsi von minni um að þetta mál og þau mál sem þm. Vesturl. hafa flutt hér inn í þingsali og nefnd voru í framsöguræðu nái öll fram að ganga og þm. geti sameinast um að sinna þessu mjög svo brýna og bráða verkefni fyrir landsbyggðina alla.

Umr. (atkvgr.) frestað.



Efri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 105, n. 130). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur á fundi sínum fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 frá 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála. Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Efni þessa frv. er í fáum orðum sagt að sektarheimildir lögreglustjóra og lögreglumanna eru hækkaðar með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á verðlagi í landinu frá því að þessi ákvæði voru sett í lög á árinu 1980, þ. e. fyrir tæpum þremur árum. Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir á þeim upphæðum sem hér er um að tefla, er fjórföldun, sem segir auðvitað sína sögu um verðlagsþróun í þessu landi. — En allshn. mælir einróma með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 131). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 131 hef ég ásamt þeim hv. þm. Eiði Guðnasyni, Agli Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni og Stefáni Jónssyni leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það er í raun og veru um að ræða breytingu á einni grein þessara laga, 45. gr., og lagt til að einni viðbótarsetningu verði bætt þar inn í. Hún varðar það, að nafnnúmer skuli fylgja nafni kjósanda utan á umslagi.

Þetta frv. er fyrst og fremst flutt til að auðvelda úrvinnslu utankjörfundaratkv., sem þarf að dreifa í mismunandi kjördeildir eftir því hvar kjósandi er á kjörskrá.

Það kemur fram í síðustu mgr. 71. gr. laganna um kosningar til Alþingis að yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skuli strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaatkv., er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar, og það, sem ekki finnst þar, skuli borið saman við þjóðskrá og atkv. komið á réttan ákvörðunarstað. Til þess að auðvelda þetta er nauðsynlegt að nafnnúmer kjósanda sé einnig utan á umslaginu. Það hefur oft reynst erfitt og jafnvel tafið svo að slík atkv. verða ónýt ef þau komast ekki á ákvörðunarstað. Hefur þá ekki verið hægt að finna hvar viðkomandi er á kjörskrá þar sem nafnnúmerið hefur vantað utan á umslagið. Þetta er ástæðan fyrir því að frv. er flutt.

Ég tel ekki að frv. þurfi fleiri skýringa við, en legg til að þessu máli verði vísað til allshn. að loknum umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins, frv. (þskj. 106). — 1. umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég hef flutt hér ásamt hv. þm. Salome Þorkelsdóttur frv. til l. um breyting á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Eins og menn væntanlega þekkja hefur það verið nokkuð föst venja á síðari áratugum að leitast við að ná fram breytingum á áhersluatriðum í landbúnaðarmálum í gegnum lagakerfi landbúnaðarins. Þar má sérstaklega tilgreina breytingar á jarðræktarlögum, sem hafa verið gerðar nokkuð reglulega á 5—7 ára fresti og þá að sjálfsögðu með það að markmiði að auka áherslu á þá þætti í landbúnaðinum sem hafa verið taldir brýnastir hverju sinni. Þetta sama hefur verið haft í huga með breytingunum á búfjárræktarlögunum, sem reyndar hafa ekki verið eins tíðar, og reyndar líka með breytingum og endurskoðun á löggjöfinni um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Aftur á móti hefur lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins ekki verið breytt í raun frá stofnun þeirrar löggjafar, sem var 17. des. árið 1966. Þótt þær heimildir, sem lögin þá byggðust á, væru ærið víðtækar, þá var þó megintilgangur með þeirri löggjöf að deila út ákveðnu fjármagni til vinnslustöðva í landbúnaði og var þessi löggjöf, að því er ég hygg, þá sett í tengslum við ákvörðun á búvöruverði og með tilliti til sérstaks samkomulags sem um þau mál var gert þá á milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins. Hins vegar var verkefnum sjóðsins breytt árið 1979 með tilkomu þeirra breytinga sem þá voru gerðar á jarðræktarlögunum og sem síðar verður hér að vikið.

Það má því segja að með þessu frv. sé á vissan hátt farið inn á nýjar brautir. Það er horfið frá því að binda markmið í eins fastar skorður og jarðræktarlögin og búfjárræktarlögin og lögin um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, eru bundin við, en aftur á móti leitast við að efla Framleiðnisjóð landbúnaðarins með það að markmiði að hann geti eflt þau viðfangsefni í íslenskum landbúnaði sem eru í mestri þörf hverju sinni. Með hliðsjón af þessu hefur frv. að verulegu leyti verið endursamið og breytt þannig að til þessa horfs gæti það flust.

Ég mun nú fara hér yfir hverja grein fyrir sig og gera grein fyrir þeim breytingum sem þar er lagt til að upp verði teknar.

Í 1. gr. frv. er lögð á það áhersla að Framleiðnisjóður fái það verkefni að treysta búsetu og vinna gegn byggðaröskun í sveitum landsins. Er þá jafnframt lögð á það áhersla, að verkefni sem lúta að þessu markmiði hafi þar sérstakan forgang. Að öðru leyti eru heimildirnar skilgreindar í fjórum töluliðum:

1. Að efla hvers konar viðleitni er leiði til hagræðingar og aukinnar framleiðni í landbúnaði.
2. Auðvelda samræmdar aðgerðir til að draga úr framleiðslu- og dreifingarkostnaði búvara.
3. Auðvelda landbúnaðinum að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður utanlands og innan.

4. Efla nýjar búgreinar, hlunnindi og önnur þau verkefni er stuðla að fjölþættari atvinnu í sveitum landsins.

Í 2. gr. er gerð sú breyting að þessi verkefni eru færð í ríkara mæli til bændasamtakanna en verið hefur. Það er gert með því, eins og frv. gerir ráð fyrir, að Búnaðarfélagið tilnefni tvo menn í stjórn sjóðsins, Stéttarsamband bænda tilnefni tvo menn, en landbrh. skipi einn mann, sem jafnframt sé formaður Framleiðnisjóðs. Sú breyting, sem hér er horfið að, felst í því að Framkvæmdastofnun ríkisins tilnefndi áður einn mann og eins Búnaðarbankinn.

Ég tel þessa breytingu ákaflega mikilvæga. Hér eru bændasamtökunum sjálfum fengnar ríkari skyldur, enda kemur nú fjármagnið meira frá þeim sjálfum en áður var, en þó er hins vegar tryggt að fyrir hendi séu eftir sem áður fullkomin tengsl við stjórnsýsluna í þessu landi, þar sem formaðurinn á að vera tilnefndur af landbrh.

3. gr. skýrir sig í meginatriðum sjálf. Þó er vert að leggja á það áherslu, að í b-lið er kveðið á um að gerð verði sérstök áætlun til þriggja ára þar sem kveðið sé á um helstu verkefni sem leggja beri áherslu á.

4. gr. er svo sá þáttur frv. sem fjallar um tekjur sjóðsins. Þar er í fyrsta lagi lagt til að sú skipan haldist, sem verið hefur, að fast framlag verði til sjóðsins á fjárlögum hvers árs.

Í öðru lagi skal gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins verða einn af tekjustofnum sjóðsins. Hér er lagt til að búvörugjaldið, sem hefur gengið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, verði að hálfum hluta fært til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og með tilliti til þess er lagt hér fram líka frv. til breytinga á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það liggur í augum uppi að sú gjaldtaka í því formi sem er er orðin úrelt. Þau rök sem sú gjaldtaka byggist á eru ekki lengur fyrir hendi. M. a. hefur Búnaðarþing fjallað um þetta atriði og þar hefur það komið greinilega fram að ekki væri hægt að fallast á áframhaldandi gjaldtöku af búvörum með sama hætti og verið hefur nema aðeins örfá ár til viðbótar og þá í sérstöku tilefni, eins og ég mun að sjálfsögðu skýra þegar um það frv. verður fjallað.

Svo er í þriðja lagi framlag úr ríkissjóði sem nemur tvöföldu búvörugjaldinu.

Í fjórða lagi eru svo aðrar tekjur, vaxtatekjur og aðrar fjárveitingar, ef til staðar verða.

Það er kannske vert að skýra aðeins nánar 3. liðinn og hvernig sú tala er fengin. Eins og áður hefur verið minnst á og umr. hafa átt sér stað út af hér á hv. Alþingi var árið 1979 gerð sú breyting á jarðræktarlögunum að framlögin eins og þau voru að meðaltali árin 1978 og 1979 skyldu ganga inn í fjárlög hvers árs fyrir sig verðtryggð. Auk þess voru gerðar aðrar breytingar á jarðræktarlögunum og þá sérstaklega þær, að það voru teknar upp heimildir til að skerða lögboðin framlög. Þetta fjármagn átti síðan að leggja grundvöll að nýrri uppbyggingu á sviði landbúnaðar, bæði er varðaði nýjar búgreinar og hvers konar aðra hagræðingu.

Nú hefur það komið í ljós, og reyndar kom það fljótlega í ljós, að af hálfu ríkisvaldsins hefur ekki verið við þetta staðið. Þetta sparnaðarfé átti að nema árið 1980 4.68 millj. og það má segja að þá hafi það skilað sér í meginatriðum. Árið 1981 nam það aðeins 4.84 millj. Þá átti það hins vegar að vera hér um bil helmingi hærra en það var. Árið 1982 átti það að nema 8.7 millj., en þá nam það aðeins 2.44 millj. Á næsta ári ætti þetta fjármagn að verða 13.68 millj., en eins og fjárlagafrv. er núna er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu í þetta og raunar minna en það því að það er ekki heldur þar til staðar fjármagn til að fjármagna jarðræktarlögin þó að skerðingin kæmi þar til frádráttar. Þannig liggur alveg ljóst fyrir, að þetta form til þess að fjármagna nýjar búgreinar og ný viðfangsefni í landbúnaði hefur gersamlega gengið sér til húðar. Aftur á móti er sú viðmiðun, sem frv. byggir tekjur sínar á að því er varðar 3. lið 4. gr., miðuð við þessi tekjuloforð og þar af leiðandi er þetta frv. að því er varðar útgjöld ríkisins einvörðungu byggt á þeim tekjustofnum sem hefðu átt að skila sér inn í þetta verkefni ef lögum hefði verið framfylgt og ef hefði verið staðið við gefin loforð í þeim efnum. Hér er boginn þess vegna með engum hætti spenntur meira en eðlilegt getur talist, nema þá ef menn vilja fallast á að sú ákvörðun, sem var tekin með breytingum á jarðræktarlögunum árið 1979, hafi verið óraunhæf.

Það kemur greinilega fram á 3. síðu, í töflu sem þar er birt, hvernig þetta hlutfall, 1:2, er fundið, en þar er, eins og ég sagði áðan, lögð til grundvallar hlutfallstalan á milli búvörugjaldsins og sparnaðarfjárins, sem hefði átt að koma í gegnum verðtrygginguna. Þriggja ára hlutfall er 1:1.97 í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir 1:2.

Það er að sjálfsögðu óþarft að fara nánar út í skýringar á þessu frv. Ég bendi í lokin á yfirlit yfir greiðslur vegna jarðræktarlaganna árin 1980—1982, sem er fskj. og prentað á 4. síðu. Eins og það ber með sér er það unnið af einum af jarðræktarráðunautum Búnaðarfélagsins, Óttari Geirssyni, og þar á ég ekki von á að í neinu sé réttu máli hallað.

Ég mun að sjálfsögðu skýra málið frekar eftir því sem umr. kunna að gefa tilefni til, en geri það að till. minni, herra forseti, að lokinni þessari umr. að málinu verði vísað til landbn.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins felur í sér nokkrar breytingar, eins og frsm. hefur vikið að.

1. gr. frv. fjallar um hlutverk Framleiðnisjóðs, og er þar um nokkra breytingu að ræða, sem má segja að komi fram í orðalagi. Á hinn bóginn eru gildandi lög um Framleiðnisjóð þess efnis, að hlutverk hans er mjög rúmt og getur rúmað alla þá þætti sem um er fjallað í 1. gr. þessa frv. Ekki er því í raun um mikla efnislega breytingu að ræða og hefur stjórn sjóðsins fullar heimildir til að ákveða framlög eða lánveitingar úr sjóðnum til þeirra verkefna sem fjallað er um í frv.

Önnur breyting, sem felst í þessu frv., er að breytt er uppsetningu stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og eru felldir niður þeir fulltrúar úr stjórninni sem tilnefndir eru af Búnaðarbankanum annars vegar og af Framkvæmdastofnun ríkisins hins vegar. Ætla verður að fulltrúum þessara stofnana hafi verið ætlað sæti í stjórn Framleiðnisjóðs til að tengja Framleiðnisjóð og störf hans við þessar fjármálastofnanir og tel ég það kost fremur en löst. Ég dreg því í efa að það væri til bóta ef þessi breyting væri gerð.

Í þriðja lagi felst í þessu frv. breyting á fjármögnun Framleiðnisjóðs. Er þar í fyrsta lagi gert ráð fyrir föstu framlagi á fjárlögum, sem er nákvæmlega sama upphæð og er í fjárlagafrv. fyrir árið 1983. Jafnframt er gert ráð fyrir að þessi fjárlagatala haldi gildi sínu árlega miðað við

verðlagsbreytingar.

Þá eru gerðar þær tillögur í þessu frv. að lækkað verði gjald á söluvörum landbúnaðarins, sem nú mun renna til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og færist það að hluta til Framleiðnisjóðs.

Í sambandi við þá brtt. sem hér er gerð er rétt að rifja það upp, að á síðasta Alþingi voru gerðar breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins annars vegar og lögum um Búnaðarmálasjóð hins vegar. Þær breytingar voru gerðar eftir að starfað hafði nefnd sem skipuð var af landbrn. til þess að athuga og fjalla um þau gjöld sem renna til þessara sjóða. Frumvörp, sem samin voru af þessari nefnd, voru síðan afgreidd af Alþingi þannig að Alþingi er alveg nýlega búið að gera breytingar á þessum ákvæðum fyrrgreindra laga og sýnist vera vafasamt að taka þau ákvæði laganna upp að nýju til breytinga einu ári eftir að þeim hefur verið breytt af Alþingi.

Ég vil minna á að í þeim breytingum fólst að lækkað var svokallað stofnlánadeildargjald annars vegar og búnaðarmálasjóðsgjald hins vegar á söluvörum í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt og land- og veiðileigu. Það var gert til að mæta kröfum frá framleiðendum í þessum búgreinum og til að auðvelda þeim að standa að þessum tekjustofni Stofnlánadeildar svo að um samkomulag yrði að ræða. Um þessi atriði tókst víðtækt samkomulag, sem ég teldi vera miður ef farið væri nú að rífa upp.

Á hinn bóginn var gerð sú breyting á ákvæðum laga um stofnlánadeildargjald, að heimilt er fyrir landbrh. að fella niður svokallað neytendagjald og jöfnunargjald sem rennur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af þeim söluvörum landbúnaðarins sem fluttar eru til útlanda svo fremi að útflutningsuppbætur dugi ekki. Þetta var m. a. gert til þess að framleiðsla loðdýrabúa gæti staðið nær því að vera jafnfætis slíkri framleiðslu í samkeppnislöndunum, enda er þar um algera samkeppnisvöruframleiðslu að ræða. Enn fremur var þetta gert til þess að ekki legðust á bændastéttina þau sjóðagjöld sem hér hafa verið nefnd þegar um útflutning er að ræða og útflutningsbætur duga ekki, en þá væri mjög ósanngjarnt að bændastéttin tæki á sig að greiða til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem svarar þreföldu venjulegu stofnlánadeildargjaldi. (**EgJ:** Hver leggur það til, ráðh.?) Þessar breytingar voru gerðar í fyrra og um þær varð allvíðtækt samkomulag og ég tel að það væri vafasamt af Alþingi að rífa það samkomulag upp nú.

Að öðru leyti vil ég ekki segja margt fleira um þetta frv. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að vilja auka tekjustofn Framleiðnisjóðs og gera honum kleift að ráðast í fleiri verkefni en hann hefur getað sinnt til þessa, en það er þó jafnframt við þetta að athuga að það komi ekki fram í því að sundra samkomulagi sem gert hefur verið varðandi þessi sjóðagjöld landbúnaðarins í heild sinni.

Lagt er til í fylgifrv. þessa frv., um breytingu á jarðræktarlögum, að fella niður það bráðabirgðaákvæði sem tekið var upp í lögin árið 1979, en það var þess efnis að heimild var gefin til að skerða jarðræktarframlög til einstakra verkefna en um leið að framlög samkv. jarðræktarlögum skyldu vera sem næst hin sömu að verðgildi og þau voru á árunum 1978 og 1979. Sá mismunur, sem þarna var á milli, skyldi renna til hagræðingar í landbúnaði og nýrra búgreina og tekjuöflunarleiða í sveitum og því fé vera ráðstafað að tillögu landbrh. samþykktri af ríkisstj., en að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Þessi ákvæði laganna hafa verið framkvæmd á þann hátt sem lögin mæla fyrir um. Það hefur raunar verið gert á þann veg að leitað hefur verið eftir tillögum Framleiðnisjóðs og í megindráttum hefur verið fylgt þeim tillögum, þannig að aðild Framleiðnisjóðs að ráðstöfun á þessu hagræðingar- og nýbúgreinafé er ótvíræð.

Ég tel vafasamt að breyta þessum ákvæðum jarðræktarlaga. Það var fimm ára tímabil sem þessum ákvæðum var ætlað að standa, en senn eru liðin þrjú ár af þeim fimm árum sem þessi ákvæði laganna áttu að taka til. Hitt er út af fyrir sig rétt, að það hefur orðið skerðing á þessu fé í meðförum Alþingis þannig að ekki hefur verið að fullu staðið við verðtryggingarákvæði laganna, þó að hv. frsm. og flm. færi ekki með alls kostar réttar tölur um það atriði. Til að mynda var fé sem veitt var til þessara þarfa á árinu 1981 um eða yfir 7.6 millj., en hv. frsm. nefndi til muna lægri tölu.

Ég get tekið undir að ekki er hægt að sætta sig við þá tölu sem stendur í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og vænti þess að hv. fjvn. muni breyta þeirri tölu svo að þessi fjárhæð verði nokkru rýmri. Mun ég beita mér fyrir því að svo verði gert eftir því sem unnt er, en auðvitað er það Alþingi sem tekur lokaákvörðun um fjárveitingar samkv. þeim lögum eins og í öðrum efnum.

Að þessum orðum mæltum sé ég ekki ástæðu til að fjalla um þetta frv. í lengra máli. Ég virði að sjálfsögðu áhuga hv. flm., en ég taldi rétt við 1. umr. málsins í Ed. að láta þær aths. falla sem hér hafa verið fluttar.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Það var út af fyrir sig ánægjulegt að hæstv. landbrh. skyldi gefa sér tíma til að hlýða á mitt mál. En hins vegar ætla ég, herra forseti, ekki að halda áfram þessari umr. úr stólnum nema ráðh. verði viðstaddur. Ég treysti mér ekki til að fara að gera aths. við hans mál ef hann má ekki vera að því að hlýða á þær. (**Forseti:** Ég hafði óskað eftir því við hæstv. ráðh. að hann yrði viðstaddur þessa umr., en hann kvaðst nauðsynlega þurfa að fara á fund hér niðri, sem fyrir löngu hefði verið boðaður, og úr því svo er verður varla á annað kosið í þessu tilfelli en að fresta um stund þessu máli.) Já herra forseti. Ég legg það mjög ákveðið til. Það er í tvennum tilgangi gert: Bæði vildi ég gjarnan gera aths. við mál hæstv. ráðh. og auk þess finnst mér gagnlegt að bændurnir í þessu landi geti fengið nokkra vísbendingu um hvernig þessi hæstv. ráðh. ver tíma sínum og hvort hann má vera að því að fylgjast með umr. um landbúnaðarmál á Alþingi.

Umr. frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 53). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 58). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 102). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það frv. sem ég hér mæli fyrir um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt var flutt á s. l. Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Efni þessa frv. er að greiða fyrir kjararannsóknum á þann hátt að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum úr skattframtölum, sem að mati okkar flm. þessa frv. er auðveldasta og fljótvirkasta leiðin til að fá fram hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Á s. l. Alþingi, þegar frv. þetta var til meðferðar í fjh.- og viðskn., var það sent til umsagnar ríkisskattstjóra og Kjararannsóknarnefndar. Kjararannsóknarnefnd gaf ekki umsögn um málið, en þess í stað komu umsagnir frá ASÍ og Vinnuveitendasambandinu. ASÍ lýsti stuðningi sínum við frv. og taldi að það mundi greiða fyrir kjararannsóknum. Aftur á móti mælti Vinnuveitendasambandið gegn samþykkt frv., en í umsögn þess sagði m. a., með leyfi forseta:

„Kjararannsóknarnefnd er sjálfstæður samstarfsvettvangur Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar. Nefndin er með öllu óháð stjórnvöldum og um hana gilda engar lagareglur aðrar en bráðabirgðaákvæði laga um atvinnuleysistryggingar að því er varðar kostnað af starfsemi hennar. Meðan aðilar hafa ekki gert með sér frekara samkomulag um starfsemi nefndarinnar mælir Vinnuveitendasambandið gegn hvers konar lagasetningu er nefndina varðar.“

Þessum viðbrögðum VSÍ við frv. er erfitt að átta sig á því með samþykkt frv. væri Kjararannsóknarnefnd ekki beitt lögþvingunum á neinn hátt varðandi starfsemi sína, heldur væri þvert á móti opnuð leið til að auðvelda kjararannsóknir vildi hún notfæra sér hana. Enginn skyldar hana til að notfæra sér þá leið, heldur er með þessu frv. opnuð hagkvæm og fljótleg leið til kjararannsóknar.

Benda má einnig á, að með samþykkt frv. væri löggjafarvaldið fyrst og fremst að auðvelda framkvæmdavaldinu að fara að vilja Alþingis, sem fram kom þegar Alþingi samþykkti þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum. Till. þessi var margþætt og yfirgripsmikil og laut að upplýsingaöflun og úrvinnslu fjölmargra þátta er snerta kaup og kjör í landinu, en í þeirri till. var bent á að Kjararannsóknarnefnd í tengslum við Þjóðhagsstofnun ynni það verk sem var gert ráð fyrir í till. Má einnig benda á að umsagnir aðila vinnumarkaðarins og Kjararannsóknarnefndar voru mjög jákvæðar gagnvart þeirri till. Væri þessi leið farin, sem lögð er til í þessu frv., sem ég undirstrika að hvergi skyldar Kjararannsóknarnefnd í sínu starfi, heldur fyrst og fremst auðveldar henni starf og upplýsingaöflun, mundi slíkt fyrirkomulag á úrvinnslu, sem hér er lagt til, tryggja að þeir hagsmunir, sem helstu samtök atvinnurekenda og launþega eiga að gæta í þessum efnum, væru að fullu tryggðir.

Í frv. er lagt til að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum um kjaramál úr skattframtölum, auk þess sem Kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattyfirvöldum gert skylt að veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur í því formi er þessir aðilar ákveða um framtaldar tekjur og eignir. Eins og allir vita gegnir Kjararannsóknarnefnd ekki síður en þessir aðilar mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna og því er ekki síður nauðsynlegt að Kjararannsóknarnefnd hafi sem greiðastan aðgang að öllu er að gagni mætti koma við kjararannsóknir.

Það þ[illegible] ekki að fara mörgum orðum um að kauptaxtar, sem Kjararannsóknarnefnd aðallega byggir sína gagnasöfnun á, eru langt frá því að vera mælikvarði á raunverulegar tekjur margra launþega. Í kjarasamningum og kjaradeilum er einatt deilt um prósentuhækkanir á almenna kauptaxta í landinu. Víst er það svo, að kauptaxtar, sem um er deilt, eru mælikvarði á launatekjur láglaunafólksins í þessu landi, en það er ljóst að yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eru orðnar afgerandi þáttur í kjörum margra, þ. e. þeirra sem betur mega sín í þessu þjóðfélagi. Síðan verður láglaunafólkið að sætta sig við kauptaxtana sem allir viðurkenna að enginn geti lifað af.

En hvernig á að breyta þessu ef ekki fæst upp á borðið hvað þessar duldu greiðslur og kjarabætur eru orðnar stór hluti af launatekjum fólks í landinu? Hvernig eiga stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins að geta fundið raunhæfa leið til að breyta tekjuskiptingunni, bæta á raunhæfan hátt hlut hinna verr settu, ef ekki er leitað leiða til að fá upp á borðið raunverulega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu? Það veit enginn hvað þessi þáttur er orðinn stór í þjóðfélaginu, hve mikið er greitt til launþega framhjá öllum kjarasamningum, hve stór hluti launa-

tekna og alls konar fríðinda er greiddur undir borðið framhjá öllum kjarasamningum, hve miklu atvinnurekendur raunverulega ráðstafa sjálfir framhjá kjarasamningum.

Því er haldið fram að launakostnaður atvinnurekenda sé orðinn svo mikill að atvinnuvegirnir standi ekki undir honum, en ég spyr aftur: Hve stórum hluta launakostnaðarins hafa atvinnurekendur ráðstafað sjálfir til hinna betur settu framhjá allri réttlátri tekjuskiptingu í landinu, þannig að launabilið vex stöðugt í landinu, og hvaða áhrif hefur þetta fyrirkomulag yfirborgana og duldra greiðslna á verðlag í landinu? Er þeim ekki velt út í verðlagið einnig? Hefur Verðlagsstofnun eitthvert eftirlit með því, þegar sótt er um verðlagshækkanir, hvaða áhrif yfirborganir og aðrar duldar greiðslur hafa á verðlagsþróun í landinu? Þurfa ekki þeir launþegar einnig, sem framfæra þurfa sig og sína fjölskyldu af launatöxtunum eingöngu, að standa straum af þeim greiðslum, sem hyglað er hinum betur settu, ef atvinnurekendur velta þessum greiðslum út í verðlagið?

Sjálfsagt er það svo, að ýmsir komast upp með að greiða ekki skatt af öllum sínum launatekjum, en engu að síður tel ég það raunhæfustu leiðina til að fá fram hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu að skattframtölin séu meira nýtt til kjararannsókna, en það er auðvitað grundvöllur þess að hægt sé að leita leiða til að bæta sérstaklega kjör þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Fullkomin yfirsýn og þekking á hinni raunverulegu þróun kjaramála er líka alger forsenda þess að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af einhverri skynsemi og sanngirni þannig að við vitum hvert stefna skal, en ekki sé eilíflega rennt blint í sjóinn með allar ákvarðanir er snerta kaup og kjör í landinu. Ég tel það alveg ljóst, að ein höfuðástæða þess að tekjulægstu hóparnir í þjóðfélaginu virðast ávallt uppskera minnst eftir hverja samningsgerð sé ekki síst hvað lítið er vitað um hina raunverulegu tekjuskiptingu í landinu.

Í frv., sem ég hér mæli fyrir, er eins og áður hefur verið sagt gert ráð fyrir að auk þess sem Kjararannsóknarnefnd fengi aðgang að upplýsingum úr skattframtölum til kjararannsókna fengi Kjararannsóknarnefnd að hafa hönd í bagga með því hvaða upplýsinga væri óskað á launaseðlum og launaskýrslum. Með því opnuðust mjög þýðingarmiklir möguleikar á að öðlast vitneskju um skiptingu á heildartekjum, sundurliðun eftir dagvinnugreiðslum, eftir- og næturvinnugreiðslum annars vegar og hins vegar skiptingu á öðrum greiðslum. Þar með opnuðust möguleikar á því að fá fram hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launatekjur hverrar starfsstéttar fyrir sig, þ. e. dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar eða aðrar greiðslur og kjaraþættir. Allar þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera ekki síður en fyrir aðila vinnumarkaðarins að því leyti sem þær upplýstu samsetningu launatekna og vinnumagn í einstökum greinum atvinnulífsins, en við alla kjarasamningagerð og stjórnvaldsákvarðanir er notagildi þeirra upplýsinga sem þar fengjust mjög þýðingarmikið. Að þessu athuguðu tel ég að sú leið, sem hér er lögð til, sé bæði hagkvæmust og fljótvirkust til að ná því markmiði að upplýsa hina raunverulegu tekjuskiptingu og launakjörin í landinu, en Alþingi hefur þegar lýst yfir vilja sínum til þess með samþykkt þáltill. þar að lútandi vorið 1980.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska eftir að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald á raforku, frv. (þskj. 66). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 35). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég flyt hér öðru sinni frv. sem er í stuttu máli þess efnis, að viðhald, fasteignagjöld og iðgjöld af húseigendatryggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota verði frádráttarbært frá tekjuskatti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Við setningu tekjuskattslaganna var sú stefna mörkuð, að rekstrarkostnaður við íbúð viðkomandi skyldi ekki frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Síðan hefur verið horfið frá þessu varðandi leiguhúsnæði þannig að húsaleiga er nú frádráttarbær að hálfu. Þetta hefur skapað misræmi, ekki síst ef jafnframt er haft í huga að verulegu opinberu fé og vaxandi á ári hverju er varið til byggingar leiguhúsnæðis. Á sama tíma hefur hlutur húsbyggjenda versnað svo að einungis kjarkmenn ráðast í að reisa sér þak yfir höfuðið eins og nú er komið.

Ekki þarf að tíunda hversu mikið er í húfi fyrir samfélagið að íbúðarhúsnæði sé sómasamlega haldið við. Á þessu hefur orðið alvarlegur misbrestur varðandi hvers konar hús í opinberri eigu, íbúðarhús sem önnur. Frv. þetta, ef að lögum verður, stuðlar að því að einstaklingar haldi íbúðarhúsum sínum áfram vel við og séu forsjármönnum ríkiseigna til eftirdæmis hér eftir sem hingað til.

Frv. stuðlar m. ö. o. að varðveislu verðmæta, sem ekki veitir af á þessum síðustu tímum, um leið og það horfir til réttlætis. Þar sem þetta hvort tveggja fer saman er þess að vænta að málið nái fram að ganga á hinu háa Alþingi. Ég gerði mér vonir um að þessi yrði niðurstaðan á síðasta Alþingi. Þá náði þetta frv. að vísu að komast til n., en aldrei úr fjh.- og viðskn. Vil ég nú fastlega vonast eftir því að nm. í þessari virðulegustu n. Nd. sýni lítillæti og leyfi deildinni að fjalla um málið við 2. umr. svo að fram komi hver sé vilji hennar varðandi þetta atriði.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp til viðbótar að stórfelldar skemmdir hafa m. a. orðið vegna alkalíhvarfa í sementi, sem veldur mörgum húseigandanum þungum búsifjum. Þá er ennfremur því við að bæta, að fjármagn allt er orðið miklu dýrara en áður var og vextir vegna viðhalds eru ekki frádráttarbærir samkv. skattalögum nú eins og áður. Það er að vísu rétt að vextir hvað endurbætur varðar eru frádráttarbærir, en endurbætur eru ekki viðhald og í frvgr. er talað um viðhald. Húseigandinn hefur enga möguleika til að létta af sér þeirri byrði að einum né neinum hluta sem í viðhaldi felst. Þetta er orðið

mjög tilfinnanlegt á tímum verðtryggingar og lækkandi launa og ég tel nauðsynlegt að þarna verði komið til móts við húseigendur.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 63). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lofað því a. m. k. tvisvar í fjárlagaræðu — ég man þó ekki hvort hann gerði það í haust — að tollskrá skuli endurskoðuð og lögð fram samræmd. Ástæðan er sú, að hún er mjög úrelt orðin og ekkert samhengi lengur milli einstakra tollflokka. Þar að auki er orðið svo flókið að semja tollskrá að hér er fyrirtæki starfandi í Reykjavík sem einungis léttir því lítilræði af mönnum fyrir sanngjarna þóknun.

Það hefur löngum verið stefna bæði mín og flokks míns að einfalda verði tollskrána og raunar öll opinber gjöld. Auðvitað má segja að eðlilegt hefði verið að maður reyndi í samræmi við það að ráðast í að leggja fram frv. um nýja tollskrá. Það er þó varla á færi einstakra þm. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að menn freistast til að leiðrétta smátt og smátt það sem verst er í tollskránni. Á síðasta þingi tókst að lækka tolla af hljóðfærum. Nú ræðst ég á þann lið sem veit að gleraugum.

Það er almennt viðurkennt í okkar þjóðfélagi að þeir sem ekki hafa fulla heilsu eigi rétt á nokkurri samtryggingu. Margvísleg læknisþjónusta og heilbrigðisþjónusta er raunar ókeypis. Ég er þeirrar skoðunar, að vel geti komið til álita að kostnaður við lækningar eða vegna sjúkdóma skuli frádráttarbær frá tekju- og eignarskatti þó svo að ég hafi enn ekki flutt frv. þess efnis. Það frv. sem hér liggur fyrir veit aftur að því að létta tollum af gleraugum, gleraugnagleri og vökvum sem notaðir eru við svokallaðar snertilinsur. Á þskj. 64 legg ég jafnframt til að vörugjald verði fellt niður af þessum sömu verðflokkum.

Eins og fram kemur í grg. frv. er 15% tollur á umgjörðum og gleraugnagleri og að auki 32% vörugjald, en undir vissum kringumstæðum greiðir Tryggingastofnun ríkisins 70% af verði gleraugna fyrir börn vegna réttinga ef þau hafa sjónskekkju. Hér kemur jafnframt fram, að á vökvum sem notaðir eru við svokallaðar „kontaktlinsur" eða snertilinsur eru þessir vökvar í þrem tollnúmerum. Tollur er ýmist enginn, 15% eða 50% og vörugjald ýmist 32 eða 40%. Þetta ósamræmi sýnir raunar að snertilinsur hafa alls ekki verið hafðar í huga þegar tollskráin var samin og alls ekki komið í hug höfundum hennar, enda naumast þekktar hér á landi á þeim tíma.

Ég þarf nú ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð. Undir vissum tilvikum getur kostnaður við gleraugu verið tilfinnanlegur fyrir fjölskyldur. Það á einkum við í sambandi við nærsýni, þar sem hún er ættgeng og algengt að allir fjölskyldumeðlimir þurfi þá að ganga með gleraugu ef svo ber undir, sem auðvitað getur verið tilfinnanlegur kostnaður ef börn eru mörg. Gleraugu kosta allt upp í 5—6 þús. krónur. Það er að vísu hægt að fá ódýrari gleraugu, en vönduð gleraugu fyrir menn sem starfa við þannig störf að þeir þurfa á sérstaklega vönduðum gleraugum að halda kosta þetta. Slíkir menn geta þurft að reiða fram 6—7 þús. krónur vegna gleraugna.

Ég tel eðlilegt að við því verði orðið að fella niður þetta innflutningsgjald af réttlætisástæðum, af því að hér er um heilbrigðismál að ræða, og vil leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 64). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það þarf ekki að tala fyrir þessu máli. Ég legg einungis til að því verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. Það er flutt í tengslum við 62. mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 126). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Um þetta leyti fyrir réttu ári mælti ég fyrir frv. til l. um breytingu á tollskrá, en með þessu frv. var tillaga gerð um að lagt yrði sérstakt gjald á innflutt hús þar sem tollur af innfluttum húsum var ekki talinn sambærilegur við þau gjöld sem lögð yrðu á innlenda húsaframleiðslu. Þótt frv. væri seint fram komið, þ. e. skammt væri eftir til jóla, tókst þá að skapa samstöðu um það í þinginu að hér væri nauðsynjamál á ferðinni og frv. var afgreitt skömmu fyrir jól og tók gildi um s. l. áramót. Lögin sem hér um ræddi voru hins vegar tímabundin og giltu einungis til ársloka 1982.

Lengi hefur staðið fyrir dyrum heildarendurskoðun tollskrárlaga, en þá mun m. a. væntanlega verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendrar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtökunni sem hér um ræðir. Þess vegna var ákveðið að um yrði að ræða tímabundna gjaldtöku. Heildarendurskoðun tollskrárlaga stendur enn yfir og óvíst hvenær henni verður lokið, en ég hef þó gert mér vonir um að henni gæti lokið á næsta ári. Ríkisstj. flytur því frv. um að þessi lög, sérstakt álag á innflutt hús, verði framlengd um eins árs skeið.

Ég mæli hér fyrir þremur þingmálum, sem öll snerta tollskrána, en ég vil sérstaklega taka það fram að einungis þetta mál þarfnast skjótra viðbragða og þarf að fá afgreiðslu fyrir jól. Hin málin eru þess eðlis að lengri tími gæti gefist til að skoða þau nánar.

Herra forseti. Ég orðlengi ekki frekar um þetta mál, en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 122). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Eins og sjá má eru tvö mál á dagskrá Nd. sem heita nákvæmlega sama nafninu. Þau eru þó ekki með sama efnisinnihaldi og vegna þess hversu efni þeirra er óskylt og óvíst að þau hljóti sömu viðtökur eða sömu meðferð á þinginu þótti réttara að flytja þau sitt í hvoru lagi þannig að deildin ætti auðveldara með að ákveða hraða málsmeðferð hvors máls fyrir sig.

Það mál sem ég mæli nú fyrir er svokallað tollkrítarmál. Þetta mál var flutt á hv. Alþingi fyrir einu ári, þ. e. á seinasta Alþingi. — Það er nokkuð mikið sagt að heilt ár sé liðið síðan það var flutt. Það var flutt á vor- eða vetrarþingi á þessu ári. Þá var málið flutt í hv. Ed. Nokkrar gagnrýnisraddir heyrðust þá þess efnis, að eðlilegra væri að flytja þetta mál fyrst í Nd. þar sem ýmsir áhugamenn í stjórnarandstöðu um þetta mál ættu sæti þar. Hef ég tekið þá ábendingu til greina og flyt nú málið í Nd. En það er skemmst af að segja að Ed. afgreiddi málið ekki í fyrra.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita greiðslufrest á tollum af vörum sem fluttar eru til landsins. Ákvæði þetta kemur skýrast fram í 4. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., og skal frestur þessi ekki vera lengri en sex mánuðir. Ráðh. er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglugerð getur ráðh. ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldum samkv. ákvæðum reglugerðar settrar samkv. þessari mgr. er ekki fullnægt, svo sem stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila."

Í 5. gr. segir að ráðh. geti með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum, en að heimildina megi takmarka við innflytjendur sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmenn þeirra og miðlara, svo og innflytjendur sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar. Í þessari grein segir einnig að heimildina megi binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næstliðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

Ég bendi sérstaklega á þá fyrirvara og þær takmarkanir sem felast í þessum heimildum vegna þess að ljóst er að útilokað er að taka upp tollkrít og veita þar með greiðslufrest á aðflutningsgjöldum yfir alla línuna, til allra innflytjenda í einu. Slíkt skref yrði allt of stórt og nánast óviðráðanlegt bæði fyrir ríkissjóð og fyrir tollayfirvöld. Þess vegna er ljóst að greiðslufrestur verður ekki veittur nema í mörgum áföngum og að liðnum töluverðum undirbúningstíma frá því að lögin eru sett.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að lögin komi til framkvæmda 1. jan. 1984 eða eftir rúmt ár, en í frv. eru einnig heimildir og áform um að framkvæmd laganna komi til á löngum tíma. Ég geri því ráð fyrir að það verði aðeins stærstu innflutningsaðilarnir sem njóti þessa til að byrja með og einnig að það verði sett það skilyrði að menn séu annaðhvort með allan sinn innflutning í þessu kerfi eða ekkert af honum.

Einnig er ljóst, að þegar fram í sækir verða eftir sem áður settar þær takmarkanir að menn þurfi að stunda innflutning að ákveðnu marki og ákveðnu magni til að geta öðlast þau réttindi sem í væntanlegum heimildarlögum felast.

Ástæðan til þess að varlega verður að fara af stað er auðvitað einfaldlega sú, að hér er um mjög viðamikið mál að ræða, sem er flókið í framkvæmd, en einnig hitt, að ríkissjóður verður fyrir verulegu tekjutapi á því ári sem lögin koma til framkvæmda og það verður því að fara mjög varlega í að láta þessa nýju framkvæmdatilhögun bitna á fjárhag ríkissjóðs og dreifa áhrifum hennar á lengri tíma, væntanlega á mörg ár.

Einnig er ljóst að peningamagn í umferð eykst eitthvað við að tekinn er upp greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum. Það er sem sagt þeim mun meira peningamagn í umferð sem nemur veittum greiðslufresti og ef ekki er farið hóflega í sakirnar getur framkvæmd laganna verkað verðbólguhvetjandi nema full varúð sé viðhöfð.

Ég hef gert grein fyrir meginatriðum þessa máls. Ég efast ekki um að þessi tilhögun að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, felur í sér hagræðingu í kerfinu, sparnað að vissu marki, og á því framtíðina fyrir sér. En ég tel einsýnt að framkvæmdarörðugleikar séu það miklir að menn megi ekki fara of geyst í að taka upp þetta nýja fyrirkomulag. Satt best að segja hygg ég að flestir séu sammála um þetta og geri sér fulla grein fyrir því að ekki er hægt að taka upp þetta nýja kerfi í einni svipan.

Herra forseti. Ég sé þá ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég flutti raunar miklu ítarlegri framsöguræðu um það á seinasta þingi, þegar það var flutt hér í fyrsta sinn sem stjfrv., og sé þar af leiðandi ekki ástæðu til að hafa þessi orð alveg jafnmörg nú, auk þess sem ítarleg grg. fylgir frv. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það mun hafa verið vorið 1980 sem þetta mál bar á góma hér á hv. Alþingi og þá kom fram sú yfirlýsing af hálfu bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að von væri á frv. um tollkrít þá um haustið eða haustið 1980, fyrir rúmum tveimur árum. Síðan gerðist harla lítið í málinu. Loks kom að því að hæstv. fjmrh. skipaði nefnd í þetta mál, en þá höfðum við nokkrir hv. alþm. flutt frv. til breytinga á tollskrárlögum og lögum um tollheimtu og tolleftirlit. — Herra forseti. Er það almennur siður hjá hæstv. ráðh. að fara út úr fundarsal þegar rætt er um mál sem kemur þeim við (**Gripið fram í:** Þeirra eigin frv.) og þeirra eigin frv.? (**Forseti:** Ég skal láta ná í ráðh.) Er ekki rétt að ég geri hlé á ræðu minni þangað til hann kemur inn?

Herra forseti. Nú sé ég að hæstv. ráðh. er kominn aftur í fundarsalinn. Af því að það er verið að ræða mál sem hann er flm. að þykir mér rétt að hann fái tækifæri til að hlusta á þau sjónarmið sem koma frá stjórnarandstöðunni.

Ég rifjaði það sem sagt upp að nokkrir þm., þ. á m. hv. þm. Matthías Á. Mathiesen og sá sem hér stendur, fluttu frv. um þetta efni. Nefnd sem hæstv. ráðh. skipaði vann

síðan að þessu máli og skilaði áliti fyrir rúmu ári eða nánar tiltekið í sept. 1981, ef ég man rétt. Mjög var ýtt á störf nefndarinnar vegna þess að það var gert ráð fyrir því, eins og formaður nefndarinnar gat um og kemur fram í skýrslunni, að þetta frv. ætti að verða að lögum um áramótin 1981/1982. Frv. var síðan lagt fram í Ed., eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., en þar var nokkur fyrirstaða við málið. Formaður hv. fjh.- og viðskn. þeirrar deildar taldi að fyrirstaðan hefði orðið til þess að málið frestaðist og ekkert varð frekar að gert. Þeir sem einkum mótmæltu því að frv. yrði að lögum voru menn úr röðum iðnaðarins, sem heimsóttu nefndina og höfðu fyrirvara fyrir sitt leyti.

Upp úr síðustu áramótum lenti hæstv. ríkisstj. í vandræðum vegna efnahagsmála, en slíkt hefur verið árviss viðburður hjá þessari hæstv. ríkisstj. og reyndar hafa slík mál komið upp miklu oftar. Það gerðist eftir síðustu áramót að hæstv. forsrh. flutti hér á Alþingi skýrslu frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum og má finna þá skýrslu í skjali nr. 290 frá síðasta Alþingi. Í þessari skýrslu segir svo, með leyfi forseta:

„Lagt verði á sérstakt tollafgreiðslugjald við tollmeðferð vöru samkv. nánari reglum sem kynntar verða á næstunni. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, svonefnd tollkrít, verður tekinn upp í áföngum frá næstu áramótum að telja, en því fyrirkomulagi er ætlað að stuðla að hagkvæmari innkaupum og almennri hagræðingu í innflutningsverslun. Jafnframt verða gerðar ráðstafanir til þess, að þessi breyting komi ekki niður á íslenskum iðnaði."

Í þessari skýrslu er því sem sagt lofað að greiðslufrestur á tollum taki gildi frá og með næstu áramótum. Í frv. sem hér liggja fyrir er hins vegar gert ráð fyrir að tollkrít verði ekki tekin upp fyrr en um áramótin 1983/84.

En hæstv. ríkisstj. gerði meira en þetta. Hæstv. ríkisstj. lagði á nýjan skatt sem kallaður er tollafgreiðslugjald, og þegar sá skattur var lagður á var því haldið fram að hann væri fyrst og fremst lagður á vegna fyrirhugaðrar tollkrítar. Nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. hve miklu þessi skattur hafi skilað ríkissjóði á yfirstandandi ári og hve miklum fjármunum sé gert ráð fyrir að hann skili ríkissjóði á næsta ári. Að þessu spyr ég fyrst og fremst vegna þess að þessi mál voru hnýtt saman. Tollafgreiðslugjaldið var sem sagt upp tekið vegna þess að fyrirhugað var að efna til tollkrítar. Það má finna orð sem féllu um þetta þegar þessi fjáröflunarleið var valin á sínum tíma.

Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. er einn megintilgangur þessara lagafrumvarpa að aðskilja annars vegar vöruflutning til landsins og hins vegar þá skjalameðferð, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja vissum vöruinnflutningi, og að leggja, eins og gert hefur verið í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum, ekki toll á slíkar vörur fyrr en um það bil sem ætla má að þær séu komnar til endanlegs notanda vörunnar.

Herra forseti. Ég lít svo á að það eigi að hraða því að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég tel ekki ástæðu til þess við 1. umr. að ræða einstakar greinar frv. Ugglaust má færa þær sumar til betri vegar, en ég legg jafnframt áherslu á að sérstaklega verði um iðnaðinn hugsað þegar þetta mál fær afgreiðslu hér á þinginu og vísa þá sérstaklega til aths. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83 frá 1981, sem er 123. mál þessa þings og hæstv. ráðh. mælti fyrir fyrr á þessum fundi, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nú stendur yfir heildarendurskoðun tollskrárlaga, en þar mun m. a. verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendrar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtöku þessari."

En þar, herra forseti, er vísað til gjaldtöku vegna innfluttra húsa.

Í trausti þess að hæstv. ríkisstj. vinni að þessu máli af fullum dug og komi til móts við þær þarfir iðnaðarins að leggja niður tolla af aðflutningi til íslensks iðnaðar lýsi ég því yfir að það mun ekki standa á Sjálfstfl. að koma því máli, sem hér hefur verið til umr., heilu í höfn sem allra fyrst.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég skal svara fsp. hv. þm. út af svokölluðu tollvörugjaldi, sem hann spurði um áðan. Hann tengdi saman þessi tvö mál, þ. e. annars vegar tollkrítarmálið og svo hins vegar álagningu tollvörugjalds. Þetta er á misskilningi byggt af hans hálfu, þó að sá misskilningur sé kannske ekki alveg ástæðulaus. Það er kannske eðlilegt að þessi misskilningur skuli vera uppi, enda er auðvitað um skyld mál að ræða. En staðreyndin var sú, að þegar tollvörugjaldið var lagt á í febrúarmánuði á þessu ári var gerð grein fyrir því til hvers andvirði þess ætti að renna. Það voru efnahagsráðstafanir ríkisstj. sem þá voru ákveðnar og fólust í niðurfærslu verðlags. Þær niðurfærslur voru bæði fólgnar í auknum niðurgreiðslum og lækkun aðflutningsgjalda og allt hefur þetta komið til framkvæmda, bæði stóraukning niðurgreiðslna á árinu og raunar niðurfærsla verðlags með lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum tegundum vara, þar á meðal heimilistækjum hvers konar, sem hafa lækkað mjög verulega í verði á einu ári eins og margir þekkja. Ljóst var varðandi álagningu tollvörugjaldsins að væntanlegar tekjur af því áttu að renna til tiltekinna verkefna og gat því ekki blandast saman við það tekjutap sem ríkissjóður hugsanlega yrði fyrir vegna tollkrítarmálsins. Hitt er annað mál, að það má vel hugsa sér að í framtíðinni tengist þessi mál saman og að tollvörugjald sé lagt á fyrst og fremst til að fjármagna þann tekjumissi, sem ríkissjóður verður fyrir, og kannske má segja að það hafi öðrum þræði verið haft á bak við eyrað. En það er meira framtíðarspursmál og á þessu ári og hinu næsta tengjast þessi tvö mál ekki saman.

Í febrúarmánuði s. l., þegar tollvörugjaldið var lagt á, var gert ráð fyrir að það mundi skila ríkissjóði tekjum sem næmu um 53 eða 54 millj. kr. Þó var sú áætlun að sjálfsögðu tengd nokkrum óvissuatriðum, m. a. magni innflutnings og fleiri óvissum stærðum. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu hvað tollvörugjaldið hefur skilað miklum tekjum á þessu ári. Það mun vafalaust ekki koma fram fyrr en ríkisreikningur fyrir árið 1982 hefur verið fullgerður, en eins og sakir standa blandast algerlega saman innheimtur tollur annars vegar og hins vegar tollvörugjald. Ég get því ekki svarað spurningu hv. þm. um hvað gjaldið hefur gefið, en það átti að gefa á árinu um 53 millj. kr. Svo má aftur sjá það í frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 hvað gjaldið á að gefa á því ári. (**FrS:** Hvenær koma nýendurskoðuð tollskrárlög í frv.?)

Hv. þm. spyr hvenær vænta megi að ný tollskrá verði sett og þar með hvenær heildarendurskoðun tollskrár-

innar verði lokið. Eins og ég gat um hérna áðan hef ég gert mér vonir um að heildarendurskoðun tollskrárinnar fari fram á næsta ári. Það er mjög mikil vinna sem liggur að baki endurskoðun tollskrárinnar. Sú vinna er í fullum gangi. Það er nefnd að störfum og ég hef gert mér vonir um að hún skilaði af sér á þessum vetri. Þó hef ég ekki nein trygg loforð nm. fyrir því að svo verði, en ákveðin áform hafa verið uppi um að það gæti gerst.

Ég vil loks taka það fram, að það hefur verið algerlega óraunhæft að gera ráð fyrir að endurskoðun tollskrár gæti farið fram án þess að áður væri búið að endurskoða vísitölugrundvöllinn sem í gildi er og ég held að engri ríkisstj. hafi dottið í hug að beita sér fyrir endurskoðun tollskrár án þess að fyrir lægi nýr vísitölugrundvöllur. Hvenær það verður er ekki fullákveðið, en vonir hafa staðið til að honum yrði komið á einmitt á þessum vetri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 121). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit. Það frv. ber sama nafn og það mál sem var áðan til umræðu, en inniheldur allt annað efni, eins og ég hef þegar tekið fram. Ekki var talið hyggilegt að blanda þessum tveimur málum saman, enda eru þau óskyld.

Í þessu frv. má segja að aðalefnið sé að tollhöfnum er fjölgað. Tollhafnir verða 26 eftir þá breytingu sem hér er gerð tillaga um. Vantað hefur inn í upptalninguna á tollhöfnum nokkra staði sem lítil rök virðast fyrir að skildir séu eftir og hafðir út undan ef um tollhafnir er rætt. Þessir staðir eru Grundartangi, Rif á Snæfellsnesi og Grundarfjörður ... (Gripið fram í.) Já, það er í fyrsta lagi Rif og Grundarfjörður á Snæfellsnesi, í öðru lagi Grundartangi í Hvalfirði, í þriðja lagi Skagaströnd og Dalvík og Þórshöfn á Norðurlandi. Enda þótt hafnir þessar séu ekki tollhafnir fer fram nokkur tollafgreiðsla á þessum stöðum og sums staðar allveruleg, þannig að hér er fyrst og fremst verið að lagfæra lög til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á búsetu í landinu á seinustu árum og gildir það einkum um staði eins og Grundartanga, Rif og Grundarfjörð. Þetta eru staðir sem hafa verið í örri uppbyggingu í seinni tíð. Sama gildir um Þórshöfn og raunar alla staðina. Hitt hef ég aldrei skilið, hvers vegna staðir eins og Skagaströnd og Dalvík voru skildir eftir þegar lögin voru sett á sínum tíma, en staðir af sambærilegri stærð hafðir með. Þetta er sem sagt leiðrétt nú og var sannarlega tími til kominn.

Með lögum nr. 41/1979 var landhelgi Íslands færð út í 12 sjómílur, eins og kunnugt er. En í 2. gr. þeirra laga er kveðið svo á að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni. Í 6. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit er tollandhelgin hins vegar aðeins 4 sjómílur. Þetta er að sjálfsögðu ósamræmi sem þarf að leiðrétta. Í aths. við frv. að fyrrnefndum lögum segir að breytingar þessar muni fela í sér nauðsyn á breytingum á nokkrum lögum til samræmingar, þar á meðal á tollalögum. Hér er sem sagt lagt til að íslensk tollalögsaga fylgi jafnan landhelgi Íslands svo sem hún er afmörkuð í lögum þar um og taki breytingum eins og hún. Þá er lagt til í 2. mgr. 2. gr. að tekið verði fram að loftrýmið yfir fyrrgreindu landsvæði tilheyri tollsvæði ríkisins. Þetta er í fullu samræmi við 2. gr. laga nr. 41/1979 og gildandi þjóðarétt.

Í þessu frv. eru einnig nokkrar fleiri breytingar, sem flestar eru tæknilegs eðlis. Í 3. gr. er reynt að auðvelda eftirlit með gámaflutningum og í frv. eru líka hækkuð sektarmörk í samræmi við verðlagsbreytingu sem orðið hefur síðan lögin voru sett á sínum tíma. Sem sagt má segja að það frv. sem hér er til umr. sé meira tæknilegs eðlis. Þar er verið að breyta ýmsu til samræmis við þá þróun sem orðið hefur bæði í þjóðfélaginu sjálfu og í löggjöfinni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það voru síðustu orð hæstv. ráðh. að það væru mest tæknileg atriði sem væru á ferðinni í þessu frv. Þó eru þau kannske nokkuð viðkvæm gagnvart þeim mönnum sem á skipum eru sem sigla frá Íslandi til útlanda og heim aftur.

Í 3. gr. er margvísleg upptalning. Í 6. lið segir: „Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær sem henni tilheyra.“ 7. liður: „Skrá yfir vista- og birgðaforða farsins.“

Í 4. gr. segir: „Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að ekkert hverfi undan lás og að allt, sem undir lás skal vera, sé þar.“ Síðar í sömu grein segir: „Setja má í reglugerð ákvæði um, hvað telja ber hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.“

Það var einmitt út af þessu atriði sem ég vildi vekja máls á því að mikil umræða hefur farið fram meðal sjómanna og einnig í blöðum um að hér sé misbeitt valdinu á hvernig meta skuli þau atriði sem þessi grein fjallar um, þ. e. eignir farmannsins eða sjómannsins og smávistir sem hann hefur hugsað sér að flytja í land. Þetta er mjög viðkvæmt mál og skiptir miklu máli hvernig farið er með. Mér hefur verið tjáð af eftirlitsmönnum, þ. e. tollvörðum, að mjög strangt eftirlit sé hér á þéttbýlissvæðinu og jafnvel svo að smámatarpakki innsiglaður í plast og frágenginn 100% til öryggis sé tekinn, en á sama tíma sé heimilt að senda jafnstóran pakka sem gjöf til landsins og frítt í tolli. Slíkt ósamræmi er náttúrlega alveg óþolandi. Á sama tíma og þannig er að farið gagnvart farmanninum eða sjómanninum flæðir hér inn í landið — ég endurtek: það flæðir inn í landið — til sendiráða og annarra manna, sem hafa tilskilin skjöl, alls konar varningur, kjúklingar, kalkúnar og hamborgarar og hvað það heitir nú allt saman.

Ég vek athygli á því á hv. Alþingi að slík meðferð er ekki sæmandi einum eða neinum. Þetta frv. fjallar um að setja í reglugerð ákvæði um hæfilegan forða og venjulegan farangur áhafnar. Þegar slík mismunun á sér stað er von að menn verði argir. Nýliðin ráðstefna Sjómannasambands Íslands gerði um þetta ákveðna ályktt-

un. Ég held að ég viti til þess að einn hv. þm. hafi þá ályktun undir höndum og væri ekki á móti því að hún yrði lesin hér til áréttingar því að þessu mál verður að taka til athugunar og það sem fyrst. Ég er ekki að biðja um að þessir ágætu sjómenn eða farmenn fari að bera í land einhver ósköp, en það sé mannlega tekið á því sem þeir eru að gera í þessu efni. Það er lágmarkskrafa og sanngirni. Það er engin sanngirni að hvetja þá til að eyða peningum í óþarfa erlendis á sama tíma og aðrir aðilar fá að taka við sams konar varningi frítt og átölulaust og það í stórum stíl með ýmsu móti.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns varðandi þau ákvæði sem getið er um í frv. þessu og varða áhafnir farskipa. Allt sem hann sagði er satt og rétt, en ég sé ekki ástæðu til, þótt ég hafi undir höndum samþykkt frá síðasta Sjómannasambandsþingi, að fara að fara með hana á þessum fundi. Ég tel að það geri sama gagn að senda þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, hana til frekari skoðunar.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. varðandi misræmið sem er milli manna sem teljast til áhafna þessara skipa og annarra sem koma til landsins. Bendi ég á, sem ekki kom fram hjá hv. ræðumanni, það gífurlega magn sem getur komið á hverju ári með einum manni sem ferðast oft til útlanda og aftur heim, en það er margfalt á við hlut þeirra manna sem vegna atvinnu sinnar fara nokkrar ferðir til og frá landinu og eru á verslunarskipunum. Þessi mál komu til mjög ítarlegrar umr. fyrir nokkrum árum á hv. Alþingi og ég minnti þá á misræmi þetta. Það hafði m. a. í för með sér að hæstv. þáv. dómsmrh., núv. hæstv. utanrrh., bauð öllum syndugum og saklausum að koma til sín og þá mundi hann leysa vandamál þeirra í sambandi við kjúklinga, kalkúna og annað þess háttar. Þó var ekki staðið við það því að að sjálfsögðu fellur sá hæstv. ráðh. undir íslensk lög eins og aðrir. — En þá var nákvæmlega það sama uppi á teningnum og nú er varðandi hin erlendu sendiráð. Íslenskir aðilar, sem koma til landsins, mega ekki koma með kjötvöru með sér, þótt hún sé fryst og þannig frá gengin að það er ekki nokkur hætta fylgjandi henni gagnvart íslenskum landbúnaði. Sama röksemd gildir náttúrlega alveg jafnt fyrir sams konar vöru sem kemur til sendiráðanna. Hún fer að sjálfsögðu til sendiráðsmanna sem eru búsettir víðs vegar um þéttbýlissvæði, a.m. k. hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta vita allir. Það þýðir ekkert að komast framhjá því að tylliástæða er notuð til þess að fyrirbyggja að sjómenn geti nýtt sér þá aðstöðu sem þeir eru vissulega í og eiga siðferðilega fullan rétt á að mínu mati.

Hæstv. fjmrh. skildi ekki af hverju Skagaströnd og Dalvík hefðu ekki á sínum tíma verið talin með þeim kauptúnum sem heimild hafa til tollafgreiðslu og hann hefði ekki getað skilið það vegna þess, að mér skildist, að það væri mjög líkt á komið um íbúatölu þar og á öðrum stöðum sem teldust til tollhafna. Ég get upplýst hæstv. ráðh. um þetta mál. Mér sýnist ákvörðun um tollhafnir vera eðlileg afleiðing af því hvar skipin koma til landsins. Þau taka land þar sem heppilegast er fyrir þau að koma að landi og stefna þangað sem þau eiga erindi fyrst og fremst. Tollhafnir voru á sínum tíma valdar m. a. vegna þess hvers konar aðkoma var að þessum höfnum siglingarlega séð, bæði í sambandi við vitakerfi og siglingu að ströndinni. Þetta er skýringin á þessu.

En ég fagna því að fjölgun tollhafna skuli eiga sér stað og í raun fagna ég þessu frv. Ég heyrði að hv. 10. þm. Reykv. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl., gaf yfirlýsingu áðan um að það frv. sem hér var á undan til umr. mundi eiga hans stuðning og annarra sjálfstæðismanna hér í hv. Nd. Ég fæ ekki séð annað en ég sem þm. Sjálfstfl. geti fullyrt við hæstv. ráðh. að þetta frv. muni líka eiga greiðan aðgang hér í gegn. Tala ég þó ekki sem neinn ráðamaður í Sjálfstfl. En þetta segi ég þó með þeim fyrirvara að þær aths., sem hv. þm. sem talaði á undan mér hafði í ræðu sinni í frammi, verði teknar til greina og skoðað í nefnd hvernig verði komist framhjá þeim ómanneskjulegu reglum sem undirmenn hæstv. ráðh. í tollgæslunni hér í Reykjavík og nágrenni beita íslenska farmenn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 120). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Lagafrv. þetta er lagt fram í tengslum við frv. til l. um breyt. á lögum um eftirlaun til aldraðra.

Með lögum nr. 3 frá 1977 voru sett ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda árin 1976 og 1977 til samræmis við samkomulag Alþýðusambandsins og vinnuveitenda í febr. 1976 og þar með breytingu á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Þessi ákvæði um verðtryggingu lífeyris úr Lífeyrissjóði bænda hafa síðan verið framlengd með nokkrum breytingum, nú síðast með lögum frá árinu 1980, en samkv. þeim lögum skyldu verðtryggingarákvæðin gilda til ársloka 1982. Í síðastnefndu lögunum er jafnframt kveðið á um, hvernig útgjöld til verðbótagreiðslna árin 1980—1982 skuli borin og eru ákvæðin um það efni í samræmi við ákvæði laga frá 1979 um eftirlaun til aldraðra.

Í því samkomulagi, sem Alþýðusambandið, Farmanna- og fiskimannasambandið, vinnuveitendur og Vinnumálasamband samvinnufélaganna gerðu 30. júní 1982, var hins vegar gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun á verðbótum og kostnaðarskiptingu árin 1983—1984. Hefur verið lagt fram frv. til l. um breytingu á þeim lögum, þar sem auk framlengingar á ákvæðunum um verðtryggingu og kostnaðarskiptingu í samræmi við nefnt samkomulag er gert ráð fyrir hliðstæðri framlengingu á ákvæðum 22. og 25. gr. laganna. Það lagafrv. sem hér er til umr. er við það miðað að framlenging þessara lagaákvæða nái fram að ganga og eigi sér þá stað hliðstæð framlenging á núgildandi verðtryggingarákvæðum laga um Lífeyrissjóð bænda.

Þetta er sem sagt framlengingarfrv. í fullu samræmi við það frv. sem flutt hefur verið um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 134). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. um málefni fatlaðra var til rækilegrar meðferðar síðast hér á hv. Alþingi s. l. vetur. Kom frv. fyrst til umr. 17. des. 1981, þar sem ég gerði ítarlega grein fyrir einstökum efnisatriðum þess og hv. stjórnarandstæðingar tóku þátt í umr. Ég held að mér sé óhætt að segja að frv. hafi þá þegar almennt verið vel tekið. Málið kom síðan til meðferðar félmn. Nd. og hlaut þar mjög rækilega umr. og meðferð. Nefndin skilaði hv. Nd. áliti 5. maí s. l. þar sem þáv. formaður n., hv. þm. Alexander Stefánsson, gerði mjög ítarlega grein fyrir nál. og öllum þeim brtt. sem nefndin lagði til að gerðar yrðu á frv. Sömuleiðis tók hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þátt í umr. um málið, sem hún hafði og gert við afgreiðslu þess og meðferð alla í nefndinni.

Það varð að samkomulagi á milli okkar, sem um þessi mál fjölluðum hér s. l. vor, að málið yrði ekki afgreitt á því þingi, heldur yrði það sent til frekari meðferðar á s. l. sumri. Ég komst þá þannig að orði um niðurstöðuna í ræðu sem ég flutti hér í þinginu 5. maí s. l.:

„Ég hefði að sjálfsögðu, eins og væntanlega allir aðrir alþm., helst kosið að okkur hefði tekist að ljúka málinu á yfirstandandi þingi. En þegar fyrir lágu jafneindregnar beiðnir og raun ber vitni um frá Landssamtökunum þroskahjálp og frá svæðisstjórnunum um að hinkra með málið í sumar taldi ég eðlilegt, eins og aðrir hv. alþm. sem um þetta mál hafa fjallað, að verða við þeirri beiðni, og ég hef litið svo á að um þá niðurstöðu sé samkomulag á milli flokkanna á Alþingi. Með þeim hætti er mögulegt að hlýða enn frekar á þá aðila sem vilja um málið fjalla. En það þýðir að sjálfsögðu ekki að Alþingi geti lofað því að samþykkja allt það sem frá þessum aðilum kemur. Vandinn er Alþingis að taka ákvörðun í þessu efni, að fara yfir tillögurnar og gera upp við sig hvernig með þær eigi að fara."

Ég leit sem sagt þannig á, eins og kemur fram af þessum tilvitnuðu orðum, að hér hafi verið um að ræða pólitískt samkomulag þeirra flokka sem fulltrúa eiga á Alþingi.

Málið fór til meðferðar í sumar. Það voru ýmsir aðilar kallaðir til og niðurstaðan liggur nú hér fyrir framan okkur í því þskj. sem hér er til umr. Það er 130. mál, þskj. 134, frv. til laga um málefni fatlaðra.

Breytingarnar sem gerðar hafa verið á frv. eru allar í samræmi við þær tillögur sem félmn. Nd. gerði á s. l. vori. Þær till. eru hér inni í frv., en annars er frv. eins og það var fyrir.

Meðal þeirra aðila sem fjölluðu um málið í sumar var samráðsnefnd um málefni fatlaðra. Hún gekk frá tillögum sem mér voru sendar til athugunar. Það var í nóvembermánuði s. l., í síðasta mánuði. Þær till. eru prentaðar sem fskj. með frv. á bls. 40 til og með bls. 42 í þskj. Ég kaus að hafa þennan hátt á fremur en setja tillögurnar inn í frv. því að hér er um að ræða ýmsar tillögur frá samráðsnefndinni sem félmn. Nd. hafði að sjálfsögðu ekki tekið afstöðu til. Mér fannst eðlilegt að leggja frv. fram eins og hún hafði fjallað um það á s. l. vetri, þannig að nýjar tillögur væru ekki dregnar inn í myndina. Það gæti valdið töfum jafnvel og ruglingi í meðferð málsins. Það er svo að sjálfsögðu n. að taka afstöðu til þessara einstöku tillagna frá samráðsnefndinni. Ég hygg að sumar séu þannig, að það sé tiltölulega útlátalítið að fallast á þær, en aðrar eru þannig, að það hlýtur að vera mikið álitamál hvort á þær verður fallist. Ég tel rétt að uppgjör í þeim efnum fari fram innan nv. félmn.

Ég mun ekki í þessari framsögu fara yfir einstakar tillögur samráðsnefndarinnar, vegna þess að ég kæri mig ekki um á þessu stigi að gera það í einstökum atriðum hvaða tillögur það eru sem ég fyrir mitt leyti gæti fallist á og hverjar ekki, en ég mun að sjálfsögðu, ef óskað verður eftir því, reiðubúinn að ræða við formann n. og aðra nm. um tillögur samráðsnefndarinnar áður en frv. fer til 2. umr. hér í hv. deild.

Af þeim ástæðum að frv. fékk hér mjög rækilega meðferð á s. l. vetri og hefur verið til meðferðar í sumar og undanfarna mánuði ætla ég ekki að fara yfir einstök atriði frv. nú nema eitt. Það er ákvæði frv. um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Í frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi árlega til a. m. k. jafnvirði 33 millj. kr. miðað við 1. janúar 1983 í beinu framlagi. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi tala sé að sjálfsögðu of lág miðað við árið 1983 og tel rétt að taka mið af því sem Alþingi treystir sér til að samþykkja í þessum efnum við afgreiðslu fjárlaganna núna á næstu vikum, þegar talan verður endanlega ákveðin. Ég vek sem sagt athygli á að þessi tala, sem hér er inni er í rauninni ekki rétt. Hún er ekki till. okkar, en till. sem við gerum er sú, að tekið verði mið af niðurstöðu Alþingis og fjvn. við afgreiðslu fjárlaganna á næstu vikum. Mér finnst eðlilegt að þá komi það fram hvað Alþingi treystir sér til að gera því að það er auðvitað gagnslaust fyrir fatlaða og aðra þá sem þurfa að una við þessi lög að setja inn tölu sem er óraunhæf og ekki stenst, við þurfum að reyna að sameinast um að koma þarna inn tölu sem er raunhæf og þingið treystir sér til að miða við í framtíðinni.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, og sömuleiðis að í frv. er gert ráð fyrir, eins og það er prentað, að lögin öðlist gildi 1. janúar 1983, en það getur að sjálfsögðu ekki orðið. Það verður að finna nýjan gildistökudag, sem gæti auðvitað alveg eins verið 1. júní 1983 ef frv. verður afgreitt á fyrri hluta næsta árs.

Ég ætla ekki, herra forseti, að tefja þessa umr. frekar. Ég vil svo nota þetta tækifæri til að þakka þeim, sem um þetta mál hafa fjallað, fyrir góðar undirtektir, og ég er raunar viss um að svo verður áfram.

Ég fer fram á það við hv. félmn. að hún kanni möguleika á því að vinna með félmn. Ed. að afgreiðslu málsins núna á næstunni þannig að unnt verði að ljúka málinu hið allra fyrsta. Ég skora á hv. félmn. Nd. að halda þannig á þessu máli að þessu þingi ljúki ekki án þess að frv. um málefni fatlaðra verði að lögum. Ég vildi ógjarnan að það gerðist, þó að þingslit bæri að fyrr en venjulega, að þetta mál dagaði uppi. Það er svo mikilvægt og stórt í mínum huga að slíkt má ekki gerast. Þar með væri þessum málaflokki stefnt í mikla óvissu og ég held að Alþingi megi ekki taka á sig þá ábyrgð að ýta meðferð þessa máls til hliðar. Mér hefur líka skilist á fulltrúum allra þingflokkanna að þeir vildu leggja það á sig að frv. yrði afgreitt hið allra fyrsta. Ég heiti á n. að gera það sem hún mögulega getur í því skyni. Félmrn. mun fyrir sitt leyti reyna að hjálpa þar til eftir því sem frekast er kostur á.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þegar mál þetta var afgreitt úr félmn. á s. l. þingi, í n. sem ég átti sæti í, skrifaði ég undir nál. félmn. með fyrirvara. Þessi fyrirvari minn varðaði fyrst og fremst fjármögnunina við þetta frv. og þá till. sem félmn. gerði þar að lútandi. Till. félmn. var um 33 millj. kr. framlag miðað við verðlag 1. janúar 1982. Eins og frv. er lagt fram núna kemur fram að lagt er til að Framkvæmdasjóður fái til að standa undir þeim verkefnum sem lagt er til í þessu frv. að hann sinni 33 millj. miðað við 1. janúar 1983, þannig að þarna er auðvitað um skerðingu að ræða miðað við það sem félmn. lagði til. Ég fagna auðvitað þeim orðum hæstv. félmrh. að honum þyki þessi tala of lág og telji rétt, ef ég skil hans orð rétt, að leiðrétting fáist á þessu í meðferð frv. hér á Alþingi, enda er það svo, að þegar við lítum á fjárlagafrv. er lagt til að 38 millj. kr. renni í Framkvæmdasjóð öryrkja til að standa undir fjármögnun á ýmsum þjónustuþáttum að því er snertir lög um aðstoð við þroskahefta, en það er ljóst að með þessu frv. eru þau verkefni stóraukin sem Framkvæmdasjóður öryrkja á að standa undir.

Því er það nú eins og á s. l. þingi, að mín höfuðathugasemd við þetta frv. er sú fjármögnun sem ætluð er til Framkvæmdasjóðs öryrkja til að standa undir þessum verkefnum.

Þegar lög um aðstoð við þroskahefta voru samþykkt 1979 voru bundnar við þá löggjöf miklar vonir, enda hafði þjónusta við þroskahefta verið í algjöru lágmarki uns lögin voru sett 1979. Það hefur vissulega margt áunnist frá því að þau lög voru sett og töluverð uppbygging orðið í málefnum þroskaheftra, þó enn sé langt í land að þroskaheftir búi við viðunandi þjónustu.

Því er ekki að leyna, að margir sem að málefnum þroskaheftra vinna óttast að úr uppbyggingu fyrir þroskahefta geti dregið frá því sem átt hefur sér stað nú þegar Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra er ætlað að fjármagna allar framkvæmdir í þágu fatlaðra að viðbættum Erfðafjársjóði, sem á að standa undir framkvæmdum sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ef litið er til athugasemda með þessum frv. er ljóst að skilgreiningin á orðinu „fatlaður" í frv. er mjög víðtæk, en þar segir svo á bls. 25, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessum lögum ná ákvæði þeirra til allra barna og unglinga, sem þroskast ekki eðlilega andlega eða líkamlega. Orsakir geta verið af margvíslegum toga, bæði meðfæddar og áunnar, og skipta ekki máli í þessu sambandi".

Ennfremur segir hér, með leyfi forseta: „Fullorðnir, sem vegna andlegrar eða líkamlegrar skerðingar þurfa á sérstakri aðstoð og stuðningi að halda til að lifa við svipaðar aðstæður og venjulegt er talið í þjóðfélaginu, eiga rétt á þjónustu sem lögin fela í sér".

Ljóst er af þessu að verkefnin sem Framkvæmdasjóður á að standa undir aukast stórlega, auk þess sem finna má í þessum frv. nokkuð marga nýja þjónustuþætti og nýjar stofnanir sem sjóðurinn á að fjármagna umfram það sem er nú í lögum um aðstoð við þroskahefta. Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að sjá, eins og frv. er hér lagt fram, hvað sem verður í meðförum Alþingis á þessu máli, að framlög séu aukin frá því sem nú er. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að ef við bara miðum við lögin um aðstoð við þroskahefta og þau verkefni sem sjóðnum er þar ætlað að sinna eru samningsbundnar skuldbindingar sjóðsins á næsta ári yfir 40 millj. kr. Hér er ekki talið með framlag til greiningarstöðvarinnar eða ýmissa öryrkjasamtaka, sem Framkvæmdasjóðurinn hefur styrkt, svo sem Sjálfsbjargar á Akureyri og í Reykjavík, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Blindrafélagsins o. fl. Ennfremur er vert að vekja athygli á því, að beiðnir er liggja fyrir sjóðnum um brýn verkefni og úrlausnarefni varðandi þjónustuuppbyggingu fyrir þroskahefta, og þá er eingöngu miðað við lögin um aðstoð við þroskahefta, eru um 135 millj. kr.

Ég tel rétt að vekja athygli á þessu, ekki síst vegna orða félmrh. Hann segir að það sé gagnslaust að setja inn tölu nema hún standist og sé raunhæf. En við verðum þá líka að setja löggjöf sem er raunhæf. Við megum ekki vera að vekja vonir hjá fötluðum sem ekki er hægt að standa við. Ef alþm. eru tilbúnir að setja löggjöf fyrir fatlaða, sem gefur fyrirheit um aukna þjónustu og uppbyggingu, hlýtur það að verða að fylgja að þm. séu tilbúnir að leggja til þess fjármagn að hægt sé að standa við fyrirheit sem í löggjöfinni felast um betri þjónustu við fatlaða. Því er það grundvöllur þess og forsenda að við sjáum betri framtíð fyrir öryrkja að þessari löggjöf fylgi aukið fjármagn til þess að hægt sé að standa við ákvæði frv. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því varðandi þessa löggjöf að við byggjum ekki upp alla þjónustu fyrir fatlaða eða þroskahefta á stuttum tíma, þetta tekur auðvitað langan tíma, en þegar við erum að setja nýja löggjöf fyrir þessa hópa verður að fylgja því viðbótarfjármögnun, þannig að við sýnum að við ætlum virkilega að gera betrumbót í þessu máli.

Hæstv. félmrh. minntist á tillögur samráðsnefndar um málefni fatlaðra, sem lagðar hafa verið fram sem fylgiskjal með þessu frv. á bls. 40, en það eru brtt. við frv. frá þessum samráðshóp, sem ekki hafa verið, a. m. k. ekki á þessu stigi, teknar til greina í frv. sjálfu. Félmrh. hafði þau orð áðan, að hann ætlaðist til þess að félmn. skoðaði þetta mál og liti á þessar till. og tæki þá afstöðu til þess hvort þær brtt. yrðu teknar til greina og lagðar fyrir þingið. Það eru töluvert veigamiklar breytingar sem samráðsnefndin leggur hér til.

Það er í fyrsta lagi, sem er stór og viðamikil breyting, að samráðsnefndin leggur til að Framkvæmdasjóðurinn, sem fjármagnað hefur sérkennsluverkefni síðan 1980, hætti að fjármagna sérkennsluverkefni, sem þýðir að Framkvæmdasjóður skuli ekki standa undir fjármögnun sérkennslu í landinu. Telja verður eðlilegra að fjármögnun þessa þáttar færist yfir á fjárlög menntmrn.

Ég tel nauðsynlegt að fá upplýst í þessari umr. til leiðbeiningar fyrir félmn. hver sé afstaða hæstv. félmrh. til þess að fella niður fjármögnun úr sjóðnum til sérkennslu. Fjármögnun til sérkennslunnar hefur undanfarin ár verið um það bil 1/3 af ráðstöfunarfé sjóðsins, þannig að það skiptir töluvert miklu máli hvernig á þessu máli er tekið.

Ég verð að segja varðandi það að fella niður sérkennsluna, að það orkar nokkuð tvímælis í mínum huga. Þegar ákveðið var hér á Alþingi að fella sérkennsluna undir fjármögnun sjóðsins var það í raun neyðarráðstöfun að setja hana þar undir. Það var vegna þess að það hafði sýnt sig á fjárlögum undanfarinna ára að mjög lítið var veitt á fjárlögum til sérkennsluverkefna. Ég tel að óhætt sé að segja að nokkur uppbygging hafi átt sér stað síðan sjóðurinn tók við þessari fjármögnun. Þá er

auðvitað spurning hvort alþm. eru tilbúnir að veita á fjárlögum til sérkennslunnar það nauðsynlega fjármagn sem til hennar þarf.

Í annan stað er gerð af samráðsnefndinni brtt. varðandi greiningarstöð ríkisins. Í frv. er gert ráð fyrir að þeir sem sækja þjónustu í greiningarstöðina séu á aldrinum 0—20 ára, en samráðsnefndin leggur til að þetta falli niður, þannig að ekki sé bundið hér við nein aldursmörk. Þetta er auðvitað veigamikið atriði líka, sem taka verður afstöðu til.

Í þriðja lagi er lagt hér til, að í stað 33 millj. kr. í sjóðinn komi 60 millj. kr. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar en ég hef gert. Þm. þessarar deildar ætti að vera kunn afstaða mín til þess máls.

Það er einnig mjög athyglisvert sem fram kemur hjá samráðsnefndinni varðandi gildistökuna að því er þetta frv. varðar. Í frv. er lagt til að gildistakan verði 1. jan. 1983, en hjá samráðsnefndinni er lagt til að gildistakan verði 1. jan. 1984 eða eftir liðlega ár. Félmrh. hefur lagt mikla áherslu á það og gerði það í ræðu sinni áðan, að þingið mundi afgreiða þetta mál hið allra fyrsta. Þess vegna tel ég athyglisvert að samráðshópur, sem skipaður er fulltrúum þeirra hagsmunasamtaka sem njóta eiga góðs af þessum lögum, til að mynda fulltrúa Landssamtakanna þroskahjálpar og Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra, leggur til að gildistaka þessa frv. verði ekki fyrr en að ári liðnu. Nú er mér ekki kunnugt um af hverju þeir leggja til að gildistakan verði ekki fyrr en eftir ár, en ég tel rétt að þessir aðilar fái þetta mál til umsagnar og fái sinn tíma til að skoða þetta mál.

Ég tel einnig mikilvægt, sem ekki var gert á síðasta þingi, að leita formlegrar umsagnar allra svæðisstjórna á þessu máli — svæðisstjórnir, sem skipaðar voru samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta, og svipuð uppbygging á að vera samkvæmt þessum lögum, fái að fjalla um þetta mál. Svæðisstjórnirnar eru mjög mikilvægir aðilar. Þær fjalla um uppbyggingu á hinum einstöku stöðum og hafa fengið nokkra reynslu af lögunum um aðstoð við þroskahefta, þannig að ég tel mikilvægt að þær fjalli sérstaklega um þetta mál og skili inn sínum umsögnum. Þess ber að vísu að geta að á fund félmn. s. l. vor voru kallaðir til fulltrúar þessara aðila, en ég tel rétt að fá inn skriflegar umsagnir þeirra varðandi þetta mál, ekki síst eftir þá breytingu sem frv. hefur tekið frá því að það var lagt fram síðast.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál við þessa umr., ég fæ tækifæri til að fjalla um það í félagsmálanefnd, og læt þetta því nægja að sinni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir góðar undirtektir undir frv. og meðferð þess og þær hugmyndir sem ég lagði fram um hana áðan.

Ég vil aðeins segja út af því sem hún nefndi um svæðisstjórnirnar að svæðisstjórnirnar hafa þegar fjallað um þetta mál á ráðstefnu, sem haldin var í Borgarnesi í sumar, og hafa sent frá sér álit. Það liggur fyrir. Samráðsnefndin hefur þegar fjallað um málið. Ég vil auðvitað að haft verði samráð og leitað umsagna eftir þörfum, en ég held að menn eigi ekki að vera að taka óþarflega mikinn tíma í slíkt. Ég er ekkert viss um að nein brýn þörf sé á því að þetta mál fari aftur til samráðsnefndarinnar eða til svæðisstjórnanna. Ég sting þessu hér að eftir athugasemdir hv. þm. því að ég legg á það höfuðáherslu að þeir sem á annað borð hafa áhuga á þessu máli eru þegar búnir að hafa það á borðinu hjá sér talsvert á annað ár. Engum þessara aðila er vorkunn að hafa þegar komið athugasemdum sínum á framfæri og þingið á ekki að þurfa að gera aðra atrennu að þeim til þess að þeir skili athugasemdum um málið. Þingnefndin á að sjálfsögðu að ráða því hvert hún sendir málið, en það á að vera óþarfi að senda það mjög víða eins og sakir standa. Umsagnir liggja þegar fyrir. Við skulum ekki vera að tefja okkur allt of mikið á því að leita umsagna frá aðilum sem þegar hafa látið í ljós álit sitt á þessu máli.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég beindi einni spurningu til félmrh., sem ég tel mikilvægt að fá svar hans við áður en málið fer til nefndar vegna þess að það skiptir töluverðu máli framhaldsins vegna hver afstaða hans er. Hún er varðandi það sem samráðsnefndin leggur til varðandi sérkennsluna, að hún falli ekki undir sjóðinn, en verði fjármögnuð á fjárl. Eins vil ég heyra afstöðu ráðh. til þess álits samráðsnefndarinnar að gildistakan verði ekki fyrr en 1. jan. 1984.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Varðandi spurningar hv. þm., en ég bið hana að afsaka að ég svaraði þeim ekki í athugasemd minni áðan:

Auðvitað verður að meta gildistökuna. Ég legg á það áherslu númer eitt að frv. verði afgreitt í vetur og verði þá að lögum, en auðvitað verður að ráðast hvort gildistakan er 1. júní eða 1. jan. Ég vil ekkert vera að taka af skarið með það. Það verður að meta út frá aðstæðum. En ég vil gjarnan að þetta frv. verði sem fyrst að lögum. Það er búið að fá vandaða og rækilega meðferð í langan tíma.

Í sambandi við sérkennsluna og að verkefni hennar verði tekin út úr Framkvæmdasjóðnum og þau fjármögnuð á fjárlögum, eins og hv. þm. spurði um, er auðvitað því til að svara að þetta fer allt eftir því hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar. Auðvitað verður að meta málið með hliðsjón af því. Ég held að það sé ekki til góðs að setja þessi mál mikið dreifðara í stjórnkerfið en þau eru nú þegar og það sé skynsamlegt að halda við þá stefnu sem þegar hefur verið mörkuð í þeim efnum, þannig að allir þessir þættir, bæði heilbrigðisþátturinn, félagsmálaþátturinn og kennslumálaþátturinn haldist í hendur og það verði ekki farið að kljúfa þessa þætti upp í frumeiningar á nýjan leik. Tilgangurinn með setningu laga um aðstoð við þroskahefta var að samstilla kraftana og ég tel að það eigi að reyna að halda við það markmið áfram í meginatriðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 26. fundur.

Þriðjudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Löggjöf um samvinnufélög, fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Fsp. sú sem nú verður svarað er í sex liðum og

vænti ég þess, að hæstv. viðskrh. svari hverjum lið fyrir sig. Þál. sú sem samþykkt var 29. maí 1980 hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við samvinnuhreyfinguna hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd."

Það er sérstaklega tekið fram að löggjöfin eigi bæði að fjalla um samvinnufélög og samvinnusambönd. Sumir kunna nú að halda að samvinnusambandið hér á landi, Samband ísl. samvinnufélaga, SÍS, sé samvinnufélag. En svo er alls ekki. Í samvinnufélagalögunum frá 1937 eru í 3. gr. t. d. talin upp eftirfarandi einkenni þess félagsforms:

1. Aðgangur skuli vera frjáls fyrir alla.
2. Atkvæðisréttur eigi að vera jafn.
3. Tekjuafgangi séu úthlutað eftir viðskiptamagni hvers um sig.
4. Í stofnsjóð leggist sem séreign hvers félagsmanns nokkuð af tekjuafgangi.
5. Vextir skuli reiknaðir af inneign félagsmanna.
6. Nafnaskrá skuli haldin yfir félagsmenn.

Ekkert þessara skilyrða er fyrir hendi að því er Samband ísl. samvinnufélaga varðar, enda er í VI. kafla samvinnufélagalaganna fjallað um svonefnd samvinnusambönd, sem þrjú eða fleiri samvinnufélög með líku verksviði geta stofnað, og undir þau ákvæði fellur Sambandið. Raunar eru þau atriði, sem upptalin eru í 3. gr. íslensku hlutafélaganna, í samræmi við þær hugsjónir sem sköpuðust í Rochdale í Bretlandi á sínum tíma, og þess vegna þarf að setja í löggjöf annars vegar þau ákvæði sem fjalla eiga um samvinnufélög og hins vegar samvinnusambönd, alveg eins og er nú í gömlu lögunum.

Vorið 1978 voru samþykkt hér á Alþingi lög nr. 32/1978, um hlutafélög. Þau höfðu verið í undirbúningi um margra ára skeið. Hygg ég að sú löggjöf sé með merkustu hlutafélagalöggjöfum um víða veröld, enda var mikið og vel að gerð þeirra laga unnið. Að vísu hafa þau ekki enn í dag náð tilgangi sínum, tilætluðum árangri, þ. e. að opna hlutafélög og auka lýðræði í þeim. Byggist það auðvitað, eins og menn vita, mestmegnis á því erfiða ástandi sem verið hefur í fjármálum þjóðarinnar og atvinnumálum. En það liggur utan þessara umr. hér í dag hvers vegna þetta hafi verið. Sem sagt, við höfum mjög fullkomna hlutafélagalöggjöf, en hins vegar eru lög um samvinnufélög gömul og úrelt.

Ég vil gjarnan minna á það, að forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, Erlendur Einarsson, flutti mjög merkt erindi um samvinnufélög árið 1972. Þar segir forstjóri Sambandsins, með leyfi forseta:

„Þá kem ég loksins að þessum hugmyndum um nýjar leiðir í fjármagnsuppbyggingu hjá okkur hér heima. Enda þótt leggja beri áherslu á þýðingu þess, að félögin eigi aðgang að lánsfjármagni, — og í því sambandi vil ég minna á útgáfu skuldabréfa eins og Svíar hafa gert, ég tel að það komi mjög vel til greina að fara út í slíkt, t. d. hjá Sambandinu í dag — þá er orðið mjög tímabært að mínu áliti að leita að ótroðnum slóðum. Það er ekkert launungarmál, að ég er sannfærður um nauðsyn þess að opnuð verði ný leið í þessum efnum, er geri félagsfólki samvinnufélaganna og almenningi mögulegt að ávaxta fé sitt í samvinnufélögunum. Það er skoðun mín, að þetta verði best tryggt í framkvæmd með því að gera fólki kleift að kaupa hluti í hlutafélögunum og öðrum samvinnufélögum.

Ég vil leyfa mér að vísa til þess sem ég sagði áðan, að þessi leið í fjármagnsuppbyggingu hefur lengi verið notuð í Bretlandi, þar sem vagga samvinnuhreyfingarinnar stóð og þar sem upprunnar eru þær meginreglur sem orðið hafa undirstaða samvinnustarfs hvarvetna um heim, og þá á ég við Rochdalereglurnar.

Ég vil strax gera það ljóst, að þeir hlutir sem hér er um að ræða eru alls ekki það sama og hlutabréf, og ég hef líklega skúffað Eyjólf Konráð Jónsson með því að minna á að við erum samvinnufélag og við verðum að starfa sem slíkt. En þetta er ekki það sama og að gefa út venjuleg hlutabréf og því vaknar strax spurningin að finna þessum bréfum nafn, ef út í þetta yrði farið. Ég vil nota hér orðið stofnbréf. Þetta er gamalt og gott orð í samvinnusögunni. Þegar bændurnir í Þingeyjarsýslu svo að ég vitni nú aftur í Þingeyinga, fóru á milli bæja, er verið var að stofna Kaupfélag Þingeyinga árið 1882, þá skrifuðu menn sig fyrir stofnbréfum í þessum nýja félagi."

Og síðar í þessu erindi segir forstjóri Sambandsins orðrétt:

„Skattfrelsi sparifjár í innlánsstofnunum hefur að mínu áliti m. a. stuðlað að því, að fjármagn hefur frekar leitað í banka, sparisjóði og innlánsdeildir heldur en ella, og kannske komið í veg fyrir það, að við séum að leita að nýjum leiðum til að fá þátttöku almennings til að koma með fjármagn inn í samvinnufélögin. Og þótt skattfrelsið hafi eitthvað hjálpað, þá hefur það í sumum tilfellum orðið bjarnargreiði. Hér verður því að breyta lögum. Og ég veit að Eyjólfur Konráð verður mér hjálplegur, ég vona það, þegar að því kemur að fá lagabreytingar um þetta."

Þetta er hverju orði sannara, sem forstjóri SÍS þarna segir. Það þarf að breyta samvinnufélagalögunum og skipulagi samvinnuhreyfingarinnar mjög mikið til þess að þau geti verið starfrækt í nútímaformi. Að því miðaði þál. sem samþykkt var og nú er spurt hvað líði undirbúningi löggjafarinnar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur beint til mín fsp. í 6 liðum um nýja löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd. [1]. liður fsp. er svohljóðandi:

„Hvað líður undirbúningi að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd sem ákveðin var með ályktun Alþingis 29. maí 1980?"

Um leið og ég svara þessum lið vil ég leyfa mér að taka með 6. lið fsp., sem efnislega felur í sér nánast sömu spurningu. Tölul. er svohljóðandi: „Hvenær má búast við að frv. það um samvinnufélög og samvinnusambönd, sem Alþingi ákvað fyrir 2 1/2 ári að undirbúið væri, verði lagt fyrir Alþingi?"

Hér er því til að svara, að með bréfi dags. 22. sept. 1980 var skipuð nefnd til þess að undirbúa nýja löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd samkv. þessari nefndu þál. Formaður nefndarinnar er dr. Gaukur Jörundsson lagaprófessor. Rn. hafði ástæðu til að ætla að unnt yrði að leggja fram frv. í upphafi þessa þings, eins og ráða mátti af svari mínu við fsp. hv. þm. um þetta efni á Alþingi í fyrravor að ég hygg. Að sögn formanns nefndarinnar hafa þó störf nefndarinnar dregist vegna mikilla

anna einstakra nefndarmanna. Eiga reyndar tveir þeirra sæti á þingi þessa dagana. Nefndarformaðurinn kvaðst vænta þess, að frv.-drög yrðu tilbúin skömmu eftir næstu áramót. Þegar drög nefndarinnar hafa borist rn. mun ég taka afstöðu til þess hvort þau skuli send til umsagnar eða hvort leggja skuli þau beint fyrir Alþingi.

Vegna þessara tveggja liða fsp. vil ég að lokum taka fram að sá tími, sem samning frv. hefur tekið, er e. t. v. ekkert óeðlilega langur. Samvinnurekstur er geysilega mikilvægt rekstrarform í íslensku atvinnulífi og að mörgu þarf að hyggja þegar samin er rammalöggjöf um samvinnufélög. Benda má á að samning nýrra laga um hlutafélög, sem öðluðust gildi í ársbyrjun 1980, tók mun lengri tíma.

2. liður fsp. er svohljóðandi: „Hvað hefur gerst í samráði við forustumenn samvinnufélaga annars vegar og Sambands ísl. samvinnufélaga hins vegar um þessa endurskoðun?"

Eins og komið hefur fram vinnur nefnd að samningu frv. Einn nm. er skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga og hefur hann án efa samráð við Sambandið og forustumenn samvinnufélaga um sín störf í nefndinni. En eins og ég kom inn á áður mun ég taka afstöðu til þess, þegar ég fæ frv.-drögin í hendur, hvort þau skuli send til umsagnar.

Í þriðja lagi er spurt hvort fyrir liggi upplýsingar um hvort stjórnendur samvinnufélaga annars vegar og Sambands ísl. samvinnufélaga hins vegar geti náð samstöðu um heilbrigða löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd. Þetta er dálítið óljós spurning að vísu og getur verið álitamál hvað hv. fyrirspyrjandi á við þegar hann spyr um heilbrigða löggjöf. Um löggjöf geta verið og eru oft skiptar skoðanir, eins og kunnugt er, og hvort löggjöf sé heilbrigð er háð persónulegu mat hvers og eins. Það fer náttúrlega eftir atvikum. Af þessari ástæðu er erfitt að svara spurningunni. Persónulega er ég þess fullviss, að samvinnuhreyfingin mun reyna að móta sameiginlega afstöðu til þeirra frv.-draga sem nefndin mun skila af sér.

Í fjórða lagi er spurt hvort hugmyndir Erlends Einarssonar, forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, um að gera fólki kleift að kaupa hlut í kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum, hafi verið grandskoðaðar. Ég bað rn. að athuga þetta mál sérstaklega hjá formanni nefndarinnar. Kvað hann þessar hugmyndir hafa verið ræddar en endanleg afstaða til þeirra lægi ekki fyrir.

Í síðasta lagi spyr fyrirspyrjandi hvort athugaðar hafi verið leiðir til að samvinnumenn fái raunveruleg yfirráð í eigin félögum. Ég er þeirrar skoðunar að þessi yfirráð, sem fyrirspyrjandi talar um, séu til staðar. Félagsmenn í samvinnuhreyfingunni hafa bæði raunveruleg og virk yfirráð í eigin félögum. Á hinn bóginn er vafalaust rétt að brydda upp á nýjungum í þessu sambandi. Formaður nefndarinnar hefur sagt að ýmsar leiðir væru skoðaðar í þessu efni, en engar lokaákvarðanir hafi verið teknar ennþá innan nefndarinnar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni gera aths. við tæknilega framsetningu á þessu mikla nauðsynjamáli sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur hreyft á hv. Alþingi oftar en einu sinni. Ég held að það hafi tafið fyrir skynsamlegum umbótum á löggjöf um samvinnuhreyfingu að staðið skuli vera að því með þeim hætti að fá samþykkta þáltill. sem skorar á framkvæmdavald að undirbúa löggjöf. Ég held ennfremur, herra forseti, að mikið af þeim lagalega hægagangi, mikið af þeirri vörn valdsins — og auðvitað er samvinnuhreyfing eitt heljarvald — eigi sér einmitt rætur í þessum vinnuaðferðum.

Framkvæmdavald, herra forseti, er til þess að framkvæma lög, en löggjafarvald er til þess að setja lög. Auðvitað hefði réttur gangur málsins verið — og nú tek ég fram og undirstrika að mér er ljós hin vonda aðstaða til slíkra verka sem menn hafa hér — en hinn rétti gangur málsins hefði verið sá, að það umbótafrv., sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er vissulega að tala fyrir, hafi verið flutt sem frv. af honum, af þingflokki Sjálfstfl. eða af þverpólitísku bandalagi af einu eða öðru tagi.

Ég held að sá gangur máls sé rökvilltur í öllum aðalatriðum að fá samþykkta þáltill., sem felur í þessu tilfelli hæstv. bankamálaráðh. að undirbúa löggjöf, sem á auðvitað að vera að framkvæma lög en ekki skipa nefndir til þess að setja lög. Það er þessi rökvilla sem gengur í gegnum allt stjórnkerfi okkar. Ég veit að ég er að tala um mál sem hv. þm. hefur sennilega öðrum þm. betur skilning á. Ég er ekki að gagnrýna málatilbúnaðinn að einu eða neinu leyti, heldur þessa aðferð sem allt of oft er beitt og er rökvillt í eðli sínu og tefur fyrir framförum oftar en ekki.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör þau sem hann gaf. Þau voru allítarleg. Hins vegar harma ég það auðvitað að seinagangur er á undirbúningi þessa máls. Ég skal viðurkenna að það er rétt að það tók ennþá lengri tíma að undirbúa hlutafélagalögin nýju. En þar var þó ruddur vegurinn. Það er hægt að styðjast mjög við nýju hlutafélagalögin að því er ný samvinnufélagalög varðar, sérstaklega þegar leitað er að leiðum til að auka lýðræði í félögunum. Það var einmitt gert með nýju hlutafélagalögunum.

Ég get nú ekki fallist á það að samvinnumenn ráði sínum félögum í raun. Það gera þeir því miður ekki. Þau eru býsna lokuð þessi félög og æðimikil stjórn að ofan. Ég held að æðstu, mestu og stærstu ákvarðanir séu teknar af toppinum og gangi síðan niður píramítann og menn verði að framkvæma þær hvort sem þeim líkar betur eða verr. En ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma hér. Gangurinn er auðvitað sá að reyna að koma á lýðræði í félögum á Íslandi almennt, hvort sem þau eru í formi hlutafélaga eða samvinnufélaga.

Raunar eru almenningshlutafélög og þær hugmyndir sem Erlendur Einarsson, forstjóri SÍS, setti fram og ég gat um hér áðan náskyld. Það eru mörg ákvæði um almenningshlutafélög sem eru mjög við hæfi í nýtískulegum samvinnufélögum. Það á því ekki að þurfa að verða ágreiningur á milli manna eins og mín, sem berjast sérstaklega fyrir almenningshlutafélögum, og þeirra sem vilja að samvinnuformið ráði. Það skiptir ekki meginmáli hvað félög eru kölluð. Aðalatriðið er það að þau séu raunverulega undir áhrifum eigendanna og að eigendurnir geti stuðlað að því að rekstur sé bæði heilbrigður, svo að ég noti nú það orð, og arðvænlegur. En ég tel það heilbrigðan félagsrekstur, ef eigendurnir, félagarnir raunverulega ráða en ekki einhverjir allt aðrir, jafnvel þó

að þeir séu eftir krókaleiðum kjörnir til þessara starfa.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma en vona að menn sameinist um það að hraða undirbúningi málsins.

Þá kem ég að ræðu hv. 4. þm. Reykv. sem ég þakka mjög fyrir. Ábending hans er að sjálfsögðu rétt svo langt sem hún nær. En því miður er mikið verk að semja löggjöf eins og þessa og væntanlega erfitt að koma slíkum lögum frá á Alþingi án þess að áður hafi verið rætt við hagsmunaaðila að einhverju leyti. Og auðvitað var það gert við undirbúning hlutafélagalaganna. Ég tel að það sé sjónarmið út af fyrir sig að alþm. eigi að reyna að vinna slíka löggjöf. Þá yrðu þeir auðvitað atvinnustjórnmálamenn enn frekar en orðið er. Því er ég andvígur og hygg að hv. þm. Vilmundur Gylfason sé líka andvígur því að þm. geri ekkert annað en að vasast í þingstörfum, þó að það sé göfugt starf að vera á löggjafarsamkundunni og vinna að löggjöf fyrir land og þjóð.

Allt er þetta auðvitað efni í margra klukkutíma umræður. Ég held að við hv. 4. þm. Reykv. séum í þessu efni meira sammála en kann að líta út fyrir. Ég vildi mjög gjarnan að aðstæður væru til þess að löggjafinn, þm. sjálfir gætu lagt fram slík frv. En til þess þurfa þeir, eins og ég áður sagði, að vera á góðum launum árið um kring og gera ekkert annað og það tel ég skaðvænlegt, að þm. einangrist með þeim hætti frá atvinnuvegunum. Ég hef haldið því fram og held því fram enn, að það ætti mjög að stytta þingtímann og hver einasti alþm. hefði önnur störf ákveðinn hluta ársins, helst helming ársins. Einn væri bóndi, annar sjómaður, einhver kannske lögfræðingur o. s. frv. En ég þakka bæði hæstv. ráðh. og hv. 4. þm. Reykv. fyrir orð þeirra hér áðan.

Baldur Óskarsson: Herra forseti. Ég held að það geti ekki talist óeðlilega langur tími sem hefur farið í það hjá þeirri nefnd sem hæstv. viðskrh. skipaði til að endurskoða og semja nýtt frv. að samvinnulögum, þó að það taki rúmt ár að undirbúa samningu slíks bálks. Það er nauðsynlegt að nefnd af því tagi rasi ekki um ráð fram, þegar verið er að semja slíkt frv., og kasti ekki til þess höndunum. Ég vil taka undir þá skoðun að það er nauðsynlegt að við endurskoðun samvinnufélagalaganna verði það haft í huga að samvinnufélögin og samvinnusamböndin í landinu séu lýðræðislegri en nú er.

Ég vil aðeins víkja að spurningu nr. 4, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð varpar fram til viðskrh.: „Hafa hugmyndir Erlends Einarssonar, forstjóra SÍS, um „að gera fólki kleift að kaupa hluti í kaupfélögunum eða öðrum samvinnufélögum" verið grandskoðaðar?" Þessar hugmyndir voru settar fram árið 1972 og um þær hefur verið fjallað m. a. á þingum Sambands ísl. samvinnufélaga. Sannleikurinn er sá, að þær hafa ekki fengið góðar undirtektir í samvinnuhreyfingunni. Og það er mín skoðun, að það væri síst til þess að gera samvinnuhreyfinguna lýðræðislegri, ef menn færu að kaupa sér hlutabréf í kaupfélögunum. Grundvallarhugsjón kaupfélaganna og samvinnuhreyfingarinnar er einmitt að hér sé um að ræða frjáls og opin samtök, sem menn geti gengið í óháð efnahag sínum. Síðan fái menn arði úthlutað í hlutfalli af þeim viðskiptum sem þeir eiga við kaupfélögin og samvinnuhreyfinguna. Ég held þess vegna að það prinsip, sem hér kemur fram hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, gangi í raun og veru þvert á þá hugsjón sem á að einkenna alla samvinnustarfsemi.

Verðmyndunarkerfi landbúnaðarins og endurskoðun útflutningsbótakerfisins, fsp. (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Í skýrslu sem ríkisstj. lagði fram á Alþingi í upphafi árs var því lýst yfir að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að hefja viðræður við aðila um verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar og um breytingar á skipan þessara mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu, en tryggt um leið afkomu í greinum þessum. Síðan hæstv. ríkisstj. lagði þessa skýrslu fyrir Alþingi hefur mjög lítið frést af því hvernig endurskoðuninni líði og hvað hafi verið gert til að hrinda þessari yfirlýsingu í framkvæmd. Hér er hins vegar á ferðinni mjög mikið nauðsynjamál, sem flestir þm. eru sammála um að þurfi að athuga mjög rækilega. Ég hef þess vegna borið fram á þskj. 85 fsp. þar sem ég leita eftir svörum við því hverjir hafi annast viðræður við samtök bænda um þetta atriði og ennfremur hvaða hugmyndir og tillögur um breytingar á verðmyndunarkerfinu fulltrúar rn. hafi lagt fram í þessum viðræðum og hvaða undirtektir þær hafi fengið hjá samtökum bænda.

Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um hve margir fundir hafi verið haldnir með fulltrúum bænda um þetta efni og hverjir hafi skipað viðræðunefnd bændasamtakanna á þeim fundum. Ég tel mjög mikilvægt að náið samráð sé haft við samtök bænda um þessar breytingar og viðræður við fulltrúa bændasamtakanna séu alger forsenda þess að slík endurskoðun geti komið til framkvæmda.

Á sama þskj. hef ég einnig spurt um endurskoðun á útflutningsbótakerfi fyrir landbúnaðarafurðir, en hæstv. ríkisstj. gaf út yfirlýsingu í ágúst s. l. um að hún mundi vinna að slíkri endurskoðun. Í fsp. er óskað sams konar upplýsinga varðandi þetta atriði og það sem fyrst var nefnt; hvaða hugmyndir um endurskoðunina hafi verið lagðar fram, hverjir hafi annast viðræðurnar, hve margir fundir hafi verið haldnir og hverjir hafi skipað viðræðunefnd ráðuneytis og samtaka bænda.

Undanfarna mánuði og reyndar síðast í dag hefur mikið verið rætt um endurskoðun á einum þætti í hagkerfi okkar, þ. e. verðtryggingarkerfis launa. Það er alkunnugt að ríkisstj. skipaði sérstaka nefnd sem um þau mál fjallaði. Sú nefnd hefur haldið fjölda funda og átt ítarlegar viðræður við samtök launafólks um það atriði. Hún hefur nú skilað áliti til hæstv. ríkisstj. Þetta ákvæði í efnahagsyfirlýsingunni frá því í upphafi þessa árs, sem ég hef hér gert að umræðuefni, fól í sér að nákvæmlega hliðstæðar viðræður áttu að eiga sér stað við samtök bænda um endurskoðun á verðmyndunarkerfi landbúnaðarins og ennfremur í yfirlýsingunni frá því í ágúst um endurskoðun útflutningsuppbótakerfisins. Vegna þess að nánast engar fréttir hafa heyrst opinberlega alla þessa mánuði um gang þessara viðræðna og framkvæmda á þessu fyrirheiti hef ég leyft mér, herra forseti, að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 85.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur lagt fram fsp. í þremur töluliðum. Í fyrsta lagi spyr hann um framkvæmd á því er segir í yfirlýsingu ríkisstj. sem lögð var fyrir Alþingi á öndverðu þessu ári. Þar segir, eftir að rætt hefur verið um nýtt viðmiðunarkerfi: „Þá mun ríkisstj. hefja viðræður

við aðila um verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu, en tryggt um leið afkomu í þessum greinum."

Í sambandi við þetta mál og þessar fsp., sem hér eru fram bornar, hafa viðræður af hálfu rn. við fulltrúa bændasamtakanna verið með óformlegum hætti, þ. e. án þess að skipuð hafi verið sérstök viðræðunefnd. Fulltrúar landbrn. hafa annast þær af hálfu rn. og ríkisstj., en af hálfu bændasamtakanna hafa annast þessar viðræður m. a. Ingi Tryggvason formaður Stéttarsambands bænda, Gunnar Guðbjartsson framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs, Gísli Andrésson og Magnús Sigurðsson. Auk þess hefur með óformlegum hætti verið haft samband við fleiri fulltrúa bændasamtakanna.

Í sambandi við fyrri hlutann af þessari fsp. er rétt að taka það fram, að yfirlýsing ríkisstj. um þetta efni höfðar mjög til þess að það er nauðsynlegt að viðræður um nýtt verðmyndunarkerfi fari fram í tengslum við breytingar á vísitölukerfi og viðmiðunarkerfi launþega. Það er m. a. vegna þess að gert er ráð fyrir að upp verði tekið verðbótakerfi sem hefur í för með sér færri útreikningsdaga verðbóta en nú eru í gildi. Um leið fylgir það, að landbúnaðarvörur og fiskverð hækki sjaldnar á ári hverju en gerist eftir núgildandi kerfi. Það er ætlast til þess að verðbótahækkun launa, hækkun búvöruverðs og hækkun fiskverðs fylgist að, þetta gerist allt saman samtímis, verðlags- og verðbótatímabilum verði fækkað. Að öðru leyti hefur verið um það rætt í sambandi við verðmyndunarkerfi landbúnaðarins að áfram verði að því stefnt að tekjur bænda taki mið af því að verða sambærilegar við tekjur annarra stétta, þ. e. verkamanna og sjómanna, svo sem segir í þáltill. ríkisstj. sem lögð var fyrir síðasta Alþingi og lögð hefur verið fram á þessu Alþingi um stefnumörkun í landbúnaði. Ennfremur kemur þar fram, að gert er ráð fyrir að útflutningsbótarétturinn sé hinn sami og verið hefur í gildandi lögum.

Á hinn bóginn segir í þessari þáltill., sem liggur fyrir Alþingi, að stefnt verði að beinni þátttöku ríkisvaldsins í samningagerð. Um þessi efni hafa farið fram viðræður við bændasamtökin. Það er hægt að segja að fyrir liggi frá fyrri tíð ýmsar samþykktir af hálfu bændasamtakanna sem miða í þessa átt, en eins og nú standa sakir er mun meira hik á bændasamtökunum að hverfa að því sem kallað hefur verið „beinir samningar á milli bænda og ríkisvalds um búvöruverð." Þessi efni hafa ekki leitt enn til niðurstöðu. En um fyrra atriðið þykist ég mega fullyrða að það verður samræmi á milli þeirra breytinga sem gerðar verða á verðbótatímabilum fyrir launþega og verðlagstímabilum í landbúnaðarvöruverði.

Þá er spurt um endurskoðun útflutningsbótakerfisins fyrir landbúnaðarafurðir í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. sem gefin var út í ágúst s. l., en þar var því einnig lýst yfir að draga ætti úr þörfinni fyrir útflutningsuppbætur. Um þetta segir svo í yfirlýsingu ríkisstj.:

„Unnið verði að því að draga úr þörf fyrir útflutningsuppbætur með því að stuðla að samdrætti í kjötframleiðslu með aðstoð hins opinbera þannig að framleiðslan haldist framvegis í hendur við innanlandsneyslu og nýtanlega erlenda markaði."

Til þess að þjóna þessu markmiði voru m. a. gefin fyrirheit um 10 millj. kr. úr ríkissjóði á þessu ári til að stuðla að því sem kallað var „fækkun sauðfjár með frjálsum samningum milli Framleiðsluráðs annars vegar og einstakra framleiðenda sauðfjárafurða hins vegar". Var það gert í þeim tilgangi að draga úr útflutningsbótaþörf. Á hinn bóginn er hér vitnað til þess, sem jafnframt kemur fram í till. ríkisstj. um stefnumörkun í landbúnaði, að framleiðslan haldist í hendur við innanlandsneyslu og nýtanlega erlenda markaði eða „erlenda markaði sem teljast viðunandi", eins og í stofntill. segir.

Ég tel að enn sé of snemmt að taka upp þá stefnu að miða framleiðslu sauðfjárafurða aðeins við innanlandsmarkað og enn sé of snemmt að slá því föstu að erlendir markaðir kunni allir að reynast óviðunandi. Þess vegna tel ég að nú sé ástæða til að staldra við og fara sér hægt með frekari samdrátt en þegar er orðinn í framleiðslu hefðbundinna greina landbúnaðarins.

Þegar spurt er varðandi endurskoðun á útflutningsbótakerfinu tel ég að átt sé við þau atriði sem einnig er fjallað um í till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði, sem ég hef lagt fram á Alþingi fyrir hönd ríkisstj., en þar segir í grg.:

„Heimilað verði að ráðstafa hluta útflutningsbótafjárins til markaðsaðgerða innanlands, til niðurgreiðslu á framleiðslukostnaði og til beinna greiðslna til bænda ef henta þykir."

Þessar leiðir er verið að athuga og hafa þær verið athugaðar í viðræðum milli landbrn. og bændasamtakanna. Er enn of snemmt að segja til um hvort niðurstaðan verður sú að ráðstafa e. t. v. hluta af útflutningsbótafé til markaðsaðgerða innanlands eða til niðurgreiðslu á framleiðslukostnaði. Allmikil athugun hefur farið fram og það til fleiri ára á hvernig unnt væri að koma við beinum greiðslum til bænda í þessu sambandi, svo sem margrætt er hér á Alþingi, en sú athugun, sem á því hefur farið fram, hefur enn sem komið er gefið neikvæða niðurstöðu.

Ég hef þá greint frá þeim atriðum sem að meginefni hafa verið til umræðu á óformlegum fundum milli bændasamtakanna og landbrn. Ég hef ekki tekið saman skrá yfir dagsetta fundi um þetta efni og vænti að hv. fyrirspyrjandi verði að láta sér það lynda.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. svaraði fsp. mínum í löngu máli. Fór reyndar töluvert fram yfir þann tíma sem ráðh. er ætlaður samkv. þingsköpum til að svara spurningum, og væri æskilegt til að hraða störfum þingsins, að þær reglur, sem í þingsköpum eru um ræðutíma, verði látnar gilda jafnt um alla hér. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) Því miður komu ekki fram í þessu langa svari nema að mjög litlu leyti svör við þeim fsp. sem ég bar fram og voru mjög einfaldar og stuttar. Hefði verið hægt að svara þeim með örfáum orðum á innan við mínútu. Í stað þess kaus hæstv. landbrh. að fjalla almennt um ályktun sem lögð hefur verið fram á Alþingi um stefnumótun í landbúnaðarmálum. Hún er ekki til umr. hér.

Því miður virðist eftir þessu svari að dæma að það hafi ekki enn verið ákveðið að taka föstum tökum þetta atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá upphafi þessa árs, — atriði sem ég og margir aðrir telja eitt af grundvallaratriðunum í því samkomulagi sem gert var um stjórn efnahagsmála í upphafi ársins. Að menn hæfust handa um endurskoðun á ýmsum grundvallarþáttum í okkar efnahagskerfi og legðu síðan fram tillögur um þær kerfisbreytingar sem menn næðu saman um. Hér er nú upplýst að það hefur eingöngu með óformlegum hætti, eins og það var orðað,

verið rætt við fulltrúa bændasamtakanna um þetta efni, en ekki er greint frá því hve margir fundir hafa verið haldnir né hvaða tillögur hafa verið lagðar fram.

Ég vil í þessu sambandi upplýsa að á fundum fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. fyrir nokkru voru fulltrúar bændasamtakanna og upplýstu að þeir hefðu aðeins einu sinni á öllum þessum mánuðum verið kallaðir til viðræðna við fulltrúa landbrn. um þetta efni. Það voru reyndar sömu einstaklingar og hæstv. landbrh. tilgreindi hér, Ingi Tryggvason og Gunnar Guðbjartsson, sem gáfu þessar upplýsingar. Þeir upplýstu jafnframt að bændasamtökin hefðu verið reiðubúin að skipa formlega viðræðunefnd við rn. um þessi atriði og hefðu beðið eftir formlegu bréfi frá rn. svo að þau gætu skipað viðræðunefnd. Ég tel það ekki rétt vinnubrögð, þegar bændasamtökin eru reiðubúin að skipa sjálfstæða viðræðunefnd til skrafs við rn. um þessi grundvallaratriði í efnahagsmálum okkar og grundvallaratriði í lífsafkomu bændastéttarinnar í landinu, að rn. sé ekki reiðubúið að taka málið föstum tökum, heldur kjósi frekar að halda áfram með óformlegum hætti og með eins linum tökum og áðan kom fram og í upplýsingum fulltrúa bændasamtakanna, en að þeirra mati hefur aðeins einn fundur verið haldinn og það mjög óformlegur.

Ég vil skora á hæstv. landbrh. að hann skipi nú þegar formlega viðræðunefnd af hálfu rn. sem hefji viðræður við þá viðræðunefnd sem bændasamtökin eru reiðubúin að skipa, bæði til þess að endurskoða verðmyndunarkerfið og til að endurskoða útflutningsuppbótakerfið. Þetta eru slíkir grundvallarþættir í okkar efnahagslífi og lífsafkomu bændastéttarinnar að umræðan um endurskoðun á þeim má ekki vera í einhverjum óljósum óformlegum farvegi. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að það verði skipuð formleg viðræðunefnd, sem nú þegar hefjist handa um að ræða þessi mál við þá viðræðunefnd sem bændasamtökin hafa upplýst á fundum fjh.- og viðskn. að þau séu reiðubúin að skipa.

Hæstv. ráðh. vék að því í svari við minni fsp., þó að ég hefði ekki nefnt það einu orði í fsp., að það hafi verið ákveðið að 10 millj. kr. yrði varið til að fækka sauðfé. Það er alveg rétt. En þegar sú umr. fór fram var almennt rætt um að það yrði niðurskurður um 50 þús. fjár í haust og önnur 50 þús. að ári. Nú hefur verið upplýst á fundum fjh.- og viðskn. Alþingis af hálfu fulltrúa bændasamtakanna, að einungis hafi verið samið við bændur um niðurskurð á 10—15 þús. fjár af þessum 50 þús. og samningar hafi einungis verið gerðir við um 100 bændur eða rúmlega það. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. landbrh. hvort hann hafi ekki sama skilning og við fleiri að af þessum 10 millj. kr. skuli eingöngu greiða bætur þeim sem gerðu formlegan samning um niðurskurð, þ. e. þeim sem skáru niður 10—15 þús. fjár.

Forseti (Steinþór Gestsson): Forseti vill taka fram vegna aths. sem komið hafa fram um tímamælingu, að hæstv. ráðh. talaði í 10 mínútur og samkv. þingsköpum hefur hann rétt til þess. Fyrirspyrjandi hefur 5 mínútur hverju sinni og fyrirspyrjandi talaði núna nákvæmlega 5 mínútur. Aðrir þm. hafa tvær.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í viðræðum aðila núv. ríkisstj. í sumar um aðgerðir í efnahagsmálum var ein krafan sem Alþb. lagði fram sú, að verðmyndunarkerfi landbúnaðarins yrði tekið til endurskoðunar. Sérstaklega lagði Alþb. fram kröfu um að útflutningsbótakerfinu yrði breytt, það afnumið í áföngum og nýtt verðábyrgðakerfi yrði tekið upp í staðinn fyrir það verðábyrgðakerfi sem nú er í gildi. Þessi krafa Alþb. fékk ekki aðrar undirtektir en þær í ríkisstj., að óljóst orðuð yfirlýsing var gefin í fskj. með kjaraskerðingarráðstöfunum ríkisstj. Á málinu hefur ekki verið haldið betur en svo, að formaður þingflokks Alþb. telur sig til þess knúinn að kveðja sér hljóðs hér á Alþingi og spyrja ráðh. í ríkisstj. sem hann styður um hvort staðið hafi verið við þetta samkomulag. Í ljós kemur í svari hæstv. ráðh. að það virðist ekki vera neinn áhugi fyrir því af hans hálfu að standa við þessa yfirlýsingu og kemur það út af fyrir sig ekki á óvart. Alþb. hefur sem sé engum árangri náð hvað varðar þetta skilyrði þess.

Til viðbótar við þá fsp., sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson beindi til landbrh. hér áðan, vildi ég bæta við þeirri spurningu til hæstv. ráðh. hvort hann telji koma til mála að verja þessum 10 millj. kr. í greiðslu til bænda í einhverju formi fyrst fyrir liggur að samkomulag hafi ekki náðst við bændur um niðurskurð nema um 1/4—1/5 þess fjár sem ákveðið var að bæta þegar talan var reiknuð út. Má ekki fastlega vænta þess að þessar 10 millj. kr. verði eingöngu notaðar til samræmis við það samkomulag sem gert hefur verið við bændur? Miðað við þær upplýsingar, sem komið hafa fram um fyrirhugaðan niðurskurð, virðist sem einungis milli 1/4—1/5 upphæðarinnar verði nýttur. Afgangur upphæðarinnar verði ekki nýttur. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að einmitt í dag hefur verið dreift á borð þm. frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem flutt er af mér og öðrum þm. Alþfl. í Nd. Það frv. gerir í fyrsta lagi ráð fyrir afnámi núverandi útflutningsbótakerfis í áföngum. Í öðru lagi verði að þeim áföngum loknum tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi. Og í þriðja lagi verði á þessu tímabili varið sérstöku fé úr ríkissjóði til þess m. a. að styðja nýjar og arðsamar búgreinar í sveitunum. Ég vænti þess fastlega að fá stuðning frá Alþb. við þetta frv.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagði að mál þetta hefði ekki verið tekið föstum tökum og lítill áhugi virtist vera á því að standa við yfirlýsingu ríkisstj. frá því á öndverðu þessu ári og eins frá því í ágústmánuði s. l. Ég ætla því að leyfa mér að endurtaka það orðalag sem hér er um að tefla, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðræður verði teknar upp við samtök bænda um endurskoðun útflutningsbótakerfisins."

Hér er aðeins um það rætt að taka upp viðræður og það hefur rn. gert. Það stendur ekkert um það í þessari yfirlýsingu til hvaða niðurstöðu þær viðræður eigi að leiða. Það stendur ekkert um það, sem fram kom í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að skerða eigi útflutningsbótaréttinn. Það er ekkert um að þessar viðræður eigi að leiða til þess að útflutningsbótarétturinn verði afnuminn í áföngum. Það er aðeins um það að ræða að athuga á hvern hátt megi breyta þessu kerfi þannig að uppbótafé komi að betri notum. Að því hefur verið unnið. Að öðru leyti er engin fyrirsögn gefin um það í yfirlýsingu ríkisstj. hver niðurstaðan skuli verða. Miðað við þessa yfirlýsingu er það ákaflega vafasamt a. m. k. að bera það fram hér í ræðustól á Alþingi að á þessu máli hafi ekki verið tekið

eins og til hefur verið ætlast.

Með sama hætti segir í yfirlýsingu ríkisstj. frá því í ágúst s. l.: „Þá mun ríkisstj. hefja viðræður við aðila að verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu en tryggt um leið afkomu í þessum greinum."

Meginatriði þessa máls er, eins og fram kom í mínu máli áðan, að um leið og breytingar verða á verðbótakerfi og vísitölukerfi verði sambærilegar breytingar í landbúnaði í þeim tilgangi að draga úr verðbólguþróun og koma þar með þessum þætti efnahagslífsins í betra horf. Hér er því ekki um vanefndir að ræða, sem fram kemur í máli hv. fyrirspyrjanda.

Varðandi það, sem hér hefur verið spurt um, hvort það fé, sem gefin voru fyrirheit um á þessu ári að yrði varið til að styðja svokallaða fækkun sauðfjár samkv. frjálsum samningum, sem voru 10 millj. kr., yrði notað í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið eða að einhverju leyti umfram það, þá er rétt að það komi fram að að sjálfsögðu verður þetta fé notað svo sem samningar gefa tilefni til, en ekki fram yfir það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð og tel þessa umr. raunar ekki hafa hafist af miklu tilefni.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. telur greinilega að það sé ekki mikið tilefni þó menn hafi áhuga á að fræðast um hvernig hann vinnur að stefnuyfirlýsingum ríkisstj. Ég læt hann einan um þá skoðun. En hitt verð ég að segja, að það þykir mér sérkennileg túlkun á stefnuyfirlýsingum ríkisstj. eða annarra aðila, þar sem kveðið er á um að vinna skuli að einhverju máli, að stefnan hafi verið framkvæmd ef viðkomandi ráðh. eða annar aðili hafi unnið að málinu í 5 mínútur. Þar með hafi hann unnið að málinu og sé engin ástæða til að gera við það fleiri aths. Það var sú textaskýring sem hæstv. ráðh. gaf áðan. Hann forðaðist að nefna það, sem ég gat um að hefði nú þegar verið upplýst af hálfu fulltrúa Stéttarsambands bænda, að aðeins hefði verið rætt við þá einu sinni um þetta atriði. Það segja fulltrúar Stéttarsambands bænda. Fulltrúar Stéttarsambands bænda sögðu að þeir hefðu verið reiðubúnir að skipa viðræðunefnd. Strandaði það þá á rn. að skipa viðræðunefnd? Þeir sögðust hafa beðið eftir bréfi frá rn. með að tilnefna viðræðuaðila, en það bréf hefði aldrei borist. Við verðum að taka hér með ákveðnum og skýrum hætti á endurskoðun á grundvallarþáttum í okkar efnahagslífi. Það ber að gera þannig, að það fari ekkert milli mála hvernig unnið er og hverjir vinna að málinu.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hæstv. ráðh. að það segir ekki í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. hver eigi að vera niðurstaðan af þessum viðræðum. Það er alveg hárrétt, hæstv. ráðh., enda var fsp. mín eingöngu um aðferðina við viðræðurnar sjálfar, en ekki um niðurstöðu þeirra á einn eða neinn hátt. Mér er fullkomlega ljóst að um það var ekki neitt í stefnuyfirlýsingu ríkisstj.

Ég beini enn og aftur þeirri ósk minni til hæstv. ráðh., að fyrst bændasamtökin eru reiðubúin að taka við slíkri viðræðunefnd og skipa slíka fyrir sitt leyti, þá verði nú ekki látið sitja við þennan eina fund, sem átt hefur sér stað um málið á 11 mánaða tímabili, heldur verði hafist handa um að vinna að þessu máli eins og unnið er að öðrum málum á vegum þessarar ríkisstj.

Ég vil aðeins geta, herra forseti, um tvö atriði til viðbótar. Verðmyndunarkerfið er miklu meira en launaliður bóndans. Þau ákvæði sem hæstv. ráðh. var hér að vísa til eiga eingöngu við launalið bóndans. Verðmyndunarkerfi landbúnaðarins er miklu meira en það sem snýr að launum bændanna sjálfra. Vinnslustöðvarnar og framleiðsluaðilarnir allir koma inn í þá mynd.

Ég skil yfirlýsingu hæstv. ráðh. hér áðan, þess efnis að eingöngu verði greiddar bætur til þeirra sem gerðu samninga um niðurskurð á sauðfé í haust. Eingöngu verði greiddar bætur fyrir niðurskurð á þeim 10—15 þús. sauðfjár sem upplýst hefur verið að samið hafi verið um. Það þýðir að því miður hefur mistekist að gera formlega samninga við bændur um þau 50 þús. sauðfjár sem lýst var yfir að væri markmiðið. Þeir bændur sem skáru niður umfram þessi 10—15 þús., verða að bera það bótalaust. Ég harma að það skyldi ekki takast að ná samningum um 50 þús. niðurskurðinn, eins og ætlunin hafði verið, og að eingöngu voru gerðir samningar um niðurskurð á 10—15 þús., vegna þess að ég tel að það hafi þjónað hagsmunum bændastéttarinnar að gera samninga um 50 þús.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er alls ekki af litlu tilefni sem þessi mál eru rædd og hefði mátt ræða þau meira og oftar, hæstv. landbrh. Það er ekki af litlu tilefni sem menn ræða mál af því tagi að við verjum á næsta ári samkv. fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. jafnmiklu fé í niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum innanlands og utan og varið er samkv. fjárl. til allrar heilsugæslu í landinu, bæði til rekstrar og til framkvæmda. Það er ekki lítið tilefni að menn skuli vilja fá fram endurskoðun á kerfi útflutningsbóta þegar þeir horfast í augu við að á næsta ári er áætlað að verja af launatekjum þjóðarinnar upphæð í útflutningsbætur með landbúnaðarafurðum sem ella gæti tvöfaldað allar vegaframkvæmdir í landinu. Það sýnir forstokkun þeirra manna, sem bera ábyrgð á þessu forspillta sukkkerfi, þegar þeir halda því fram, eins og hæstv. ráðh., að af engu tilefni hafi umr. hafist um þessi mál núna.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er undarlegur maður, hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson. Hann hóf mál sitt hér áðan með því að ráðast að hæstv. landbrh. fyrir að hann notaði of mikinn tíma, meiri tíma en þingsköp ætluðu honum. Síðan stendur hann hér og talar og talar og talar sjálfur þótt hæstv. forseti sé að slá í bjöllu vora. Ég tel það orðið mjög athugandi fyrir forseta hér, bæði í deildum og Sþ., að fá sér lengri kólf svo að slá megi beint í hnakkann á hv. þm. til þess að hann stöðvi þennan málflaum sinn þegar hann er hér að misnota tíma þm.

Það er satt að segja afskaplega athyglisvert fyrir okkur, sem í stjórnarandstöðunni erum, að hlusta á þetta svefnherbergisrifrildi þeirra hæstv. ráðh. og hv. 11. þm. Reykv., formanns þingflokks Alþb. En þótt þeir séu búnir að tala hér og skamma hvor annan á víxl, þá fáum við ekki, ég og einn sessunauta minna botn í þessa umr. þeirra, því að ég gat ekki betur heyrt en að hæstv. landbrh. segði að þessar milljónir yrðu notaðar ef breytingar yrðu á verðbótakerfinu. En ef hv. 11. þm. Reykv. og flokksbræður hans stöðva þær breytingar, verður þetta fé þá ekki notað? Mér finnst þetta ekki hafa komið fram nógu skýrt. Það má vel vera að ég hafi misskilið orð hæstv. ráðh. Ég vona að hann leiðrétti mig þá. Eða verður þessu fé kannske varið eftir einhverjum

geðþóttaákvörðunum hans eða annarra ráðh.?

Hitt er annað mál, að það (Gripið fram í.) undrar mig ekki þótt hv. 11. þm. Reykv. sé farinn að furða sig á því að stefnuyfirlýsing ríkisstj. sé brotin. Hann er búinn að vera að gera þetta frá því að þessi ríkisstj. tók við völdum, í skjóli þeirra ráðh. sem hann styður til valda hér á Íslandi.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr um formlega viðræðunefnd og segir að fulltrúar bænda hafi beðið eftir slíkri skipan. Auðvitað munu bændasamtökin tilnefna sína fulltrúa í formlegar viðræðunefndir ef eftir því er leitað. Það hefur aðeins staðið á því að ég hef ekki enn talið ástæðu til þess að slík viðræðunefnd væri skipuð. Ég mun hins vegar taka það til athugunar, ef mér sýnist ástæða til, að skipa slíka viðræðunefnd og þá bæði samkv. tilnefningu bændasamtakanna og af hálfu rn. Ég ætla ekki að gefa ákveðnari svör en hér hafa komið fram um fyrirætlanir mínar að þessu sinni. Það hefur verið sagt að haldinn hafi verið einn óformlegur viðræðufundur. Það er rétt, það hefur verið haldinn einn allfjölmennur óformlegur viðræðufundur. Á hinn bóginn hef ég rætt þessi mál við forustumenn bændasamtakanna nokkrum sinnum þó ekki hafi alltaf verið margir á fundi.

Varðandi það fjármagn sem ætlað var til þess að styðja að fækkun sauðfjár, þá er það rétt skilið, að því verður varið í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið. Slátrað var samkv. samningum líklega í kringum 12 þús. fjár. En þessu fé verður ekki varið samkv. neinum geðþóttaákvörðunum, heldur nákvæmlega í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið. Ég vænti að hv. 1. landsk. þm. hafi átt við það.

Hins vegar var alltaf vitað að það var mjög óljóst hvað samningar tækjust um förgun á mörgu sauðfé samkv. þessu kerfi. Það gátu orðið 50 þús., það gátu orðið 5 þús., það vissi enginn. Og m. a. þess vegna var þegar ákveðið á þessu ári að gefa fyrirheit um aðeins 10 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. öðrum 10 millj. En það var ekki vitað hvort þörf væri á þessu fé eða hvort þetta fé dygði. Ef samið hefði verið um förgun á 50 þús. fjár hefði þetta fé ekki dugað. Þetta var ekki hægt að sjá fyrir og það voru heldur engar beinar fyrirætlanir um það sem fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að einhverjum 50 þús. fjár yrði slátrað aftur næsta haust eða fé fækkað sem því næmi.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ræddi hér um niðurgreiðslur og útflutningsbætur. Hann ruglaði þessu hvoru tveggja saman í einn sjóð. Það er hins vegar af ólíku tilefni sem þessar fjárgreiðslur fara fram úr ríkissjóði. Niðurgreiðslur eru, eins og allir vita, notaðar hér innanlands til þess að hafa áhrif á vöruverð, halda niðri vöruverði og þar með vísitölu og hafa áhrif á verðlags- og verðbólguþróun. Útflutningsbætur eru tryggingarfé fyrir landbúnaðinn, til þess að tryggja að vissu marki fullt verð fyrir þær landbúnaðarafurðir sem fluttar eru til útlanda. Ég ber engan kinnroða fyrir hönd landbúnaðarins vegna þessara fjárgreiðslna. Það er tiltölulega lítið gjald þjóðarinnar til landbúnaðarins að greiða þessa 10% útflutningsbótatryggingu til þeirra þjóðnytjastarfa sem bændur halda uppi, þar á meðal til þess að halda uppi byggð um allt Ísland.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem umr. beinast hér á Alþingi að íslenskum landbúnaði og niðurgreiðslum og útflutningsbótum. Ég tek heils hugar undir það. Þetta er gengið of langt, fúlgurnar orðnar allt of stórar. Ég fer ekki út í skýringar á því hér. Hér eru menn mér færari um það. Hitt vitum við mætavel, ef við nennum að hugsa nógu grannt um málið, að hér er aðeins einn anginn af okkar vandamálum í dag. Það er verðbólgan, sem hefur geisað hér áratugum saman, sem er að eyðileggja íslenskan landbúnað eins og aðra atvinnuvegi. Íslenskar landbúnaðarafurðir eru að sjálfsögðu ekki samkeppnisfærar við afurðir annarra þjóða þegar verðbólgan er margföld hér á við það sem gerist í viðskiptalöndum okkar. Sama blasir við í sjávarútvegi. Við erum að verða útilokuð á öllum mörkuðum vegna þess að okkar verðlag hlýtur að verða í samræmi við kostnaðinn við framleiðslu hér heima fyrir. Það kemur svo sem ekkert á óvart að heyra menn, sem helst vilja flæma alla bændur úr sveitum landsins, skera íslenskan landbúnað niður við trog og flytja smjör og kjöt á útsöluverði frá Efnahagsbandalagslöndunum, tala í svipuðum dúr og gert hefur verið nú. Hitt er vitað mál og ég er alveg sammála um það, að hér er mikill vandi á höndum. Og ég held að ég verði að segja íslenskum bændum til hróss að þeir hafa verið fúsir til samvinnu um að ráða bót á vandanum, m. a. með stórfelldri fækkun á bústofni að undanförnu. Þetta er hluti af okkar stóra vandamáli, sem við erum að glíma við á öllum sviðum, og það er óþarfi að tala í þeim tón sem nú og jafnan áður hefur verið talað til íslenskra bænda.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er undarlegur og algengur misskilningur hér, að þegar stefnan í landbúnaðarmálum er gagnrýnd þá er ævinlega sagt sem svo að það séu árásir á íslenska bændur. Þetta er rugl, rugl sem ekki ætti að heyrast hér úr þessum ræðustóli. Það er ekki verið að gagnrýna bændur þegar verið er að gagnrýna þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. fylgir í þessum málum.

Það var sömuleiðis undarlegt að heyra hæstv. landbrh. segja það hér áðan að menn væru að rugla saman niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum, að niðurgreiðslur væri eingöngu til þess að hafa áhrif á vöruverð hér innanlands. Niðurgreiðslur eru auðvitað líka til þess fallnar að auka neyslu landbúnaðarafurða. Það sýna reikningsdæmi um fylgni milli aukningar niðurgreiðslna og neysluaukningar. Og þegar hæstv. ráðh. kemur hér og leyfir sér, leyfi ég mér að segja, að segja að það sé lítið gjald sem við greiðum, sem íslenskir skattþegnar greiða í útflutningsuppbætur með íslenskum búvörum á markað, þá er það auðvitað svo furðuleg yfirlýsing að engu tali tekur. Þetta er mikið gjald. Auðvitað erum við reiðubúin til þess að greiða nokkurt gjald fyrir það að hér sé rekinn landbúnaður. En það gjald sem við nú greiðum er allt of hátt. Hæstv. landbrh. hefur tekist að fara fram úr Framsfl. í öllum efnum — og kom nú kannske ekki á óvart, því að vitað er að Sjálfstfl. á sína framsóknarmenn ekki síður en Framsfl.

Ég vildi aðeins, herra forseti, í örfáum orðum mótmæla þeirri yfirlýsingu hæstv. landbrh. að þetta sé lítið gjald. Þetta er mikið gjald, sem íslenskir skattgreiðendur verða að greiða, og við eigum að stefna að því að minnka það gjald, ekki auka það.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það var út af fyrir sig ekki að ófyrirsynju, það hefur stundum verið minni ástæða fyrir Alþfl. að ná sér nokkuð á flug í umr. um landbúnaðarmál en núna. Er skemmst að minnast ummæla Alþfl.-manna, m. a. um landbúnaðarmál, sem eru nú komin inn í þingtíðindi og voru viðhöfð fyrr á þessu þingi, og þá sérstaklega meðan var verið að undirbúa prófkjör Alþfl. Hv. þm. Eiður Guðnason átti þar ekki hlut að máli. Það liggur m. ö. o. fyrir, m. a. frá umr. á því Alþingi sem nú stendur yfir, afstaða Alþfl. til þessara mála.

En út af þessu sérstaka máli, þá verður væntanlega hægt að ræða það miklu nánar hér síðar í vetur, þegar til umr. kemur stefnumótun Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum, þar sem m. a. er skilgreint með hvaða hætti er hægt að komast út úr þessum vanda. Til þess þarf m. a. tvennt að gerast. Annars vegar að byggja upp atvinnumöguleika í sveitum landsins á öðrum sviðum. Það hefur þessi ríkisstj. gersamlega vanrækt, ekki að einu leyti heldur að öllu leyti og ekki staðið við nokkur einustu loforð eða lagaákvæði þar að lútandi. Það er annar þáttur þessa máls. Hinn er sá að komast að jákvæðri niðurstöðu um aðrar leiðir í sambandi við hluta af því fjármagni sem einvörðungu hefur verið leyfilegt að nýta sem útflutningsbótafé. Sýna má fram á það með ótvíræðum hætti, og það mun Sjálfstfl. síðar gera, að það er hægt að finna þjóðhagslega mjög færar leiðir í þeim efnum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur oft verið rætt hér á Alþingi um vandamál í íslenskum sjávarútvegi og vandamál í íslenskum iðnaði. Ég hef aldrei heyrt að þeir, sem hafa hreyft slíkri umr., hafi verið ásakaðir fyrir að vera á móti iðnaðarmönnum eða sjómönnum. Hins vegar má aldrei hreyfa umr. um vandamál íslensks landbúnaðar öðruvísi en maður fái þær slettur á sig, að maður vilji bændastéttina feiga. Þetta sýnir hversu lítil rök búa á bak við málflutning þeirra sem slíkan málflutning iðka. Þetta er eina svarið sem þau eiga til.

Við Alþfl.-menn höfum flutt fjölmargar tillögur, bæði við afgreiðslu fjárlaga og á öðrum vettvangi, um fjárframlög úr ríkissjóði til þess að styðja bændur til annarrar og arðsamari framleiðslustarfsemi en á sviði hefðbundins búskapar. Það er einnig gert ráð fyrir því í því frv. sem ég lagði fram hér áðan.

Það er ekki lítið gjald fyrir íslenska skattborgara, hæstv. landbrh., að þurfa að verja jafnmiklu fé í niðurgreiðslur innanlands og utan á afurðum einnar atvinnugreinar eins og allt heilbrigðiskerfið í landinu kostar, eins og allar samanlagðar tekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á ári nema. Þetta er ekki lítið gjald. Og það er ekki lítið gjald að þurfa á þessu ári að greiða tæplega hálft skuttogaraverð í afborganir af erlendum lánum, sem tekin hafa verið til þess að greiða útflutningsbætur ofan í erlenda neytendur, umfram það sem landslög heimila.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég hef aldrei sagt að það væri lítið gjald sem fer til þess að halda niðri vöruverði með niðurgreiðslum hér innanlands. Hins vegar lét ég þess getið, að ef allt væri skoðað væri það, eins og ég orðaði það, tiltölulega lítið gjald sem fer til þess að styðja landbúnaðinn með allt að 10% verðtryggingu svo að hann geti sinnt því þjóðnýta hlutverki, sem honum er ætlað, m. a. eins og ég nefndi að halda byggð uppi um landið allt. Þetta kemur ekkert því máli við, að við stefnum að því að auka fjölbreytni í framleiðslu landbúnaðarins. Og að því er unnið þrátt fyrir það sem hv. þm. Egill Jónsson hefur hér sagt. En þessum rétti landbúnaðarins verður ekki hróflað að þessu sinni a. m. k. og það er ekkert í stefnuyfirlýsingum ríkisstj. sem víkur að því að hrófla við þessum rétti landbúnaðarins. Ég tel að umr. um þetta atriði beinist ekkert að því að ekki hafi verið sinnt þeim verkefnum sem ætlast er til í yfirlýsingum ríkisstj.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Mig langaði aðeins að koma á framfæri þakklæti til hv. 11. þm. Reykv. fyrir að leggja fram þessa fsp. til hæstv. landbrh. Það hefur verið afar fróðlegt að skyggnast aðeins inn fyrir dyrnar á stjórnarheimilinu og kynnast því hvernig málum er þar háttað.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð viðvíkjandi ummælum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að hann undraðist hversu fáir hefðu tekið þátt í bústofnsfækkun, þ. e. hversu fækkun hefði orðið lítil á grundvelli samninga. Ég held persónulega að ástæðurnar séu einkum tvær. Í fyrsta lagi er það mín skoðun, að þau mál hafi verið heldur seint á ferðinni með tilliti til bústofnsfækkunar á þessu hausti. Í öðru lagi er það mín skoðun, að bændum hafi ekki þótt þeir samningar, sem boðið var upp á, nógu fýsilegir. Í raun og sannleika voru þeir samningar á þann veg, að það var boðið fullt verð fyrir kjötið af förgunarfé fram yfir eðlilega förgun. Í raun og sannleika var það sú umbun, sem boðið var upp á, gegn því að fé væri ekki fjölgað næstu 5 ár. Ég endurtek, ég held að meginástæðurnar fyrir því að svo fáir gengu til þessa frjálsa samnings — og ég ítreka það að það var boðið upp á frjálsan samning í þessu skyni — en meginástæðurnar fyrir þessu voru einmitt þær tvær sem ég hef nú nefnt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nokkuð einkennandi að hlýða á umr. og málflutning þeirra hv. þm. hér á Alþingi sem af einhverjum ástæðum telja sig sérstaka merkisbera eða velunnara bændastéttarinnar. Mér kom þetta í hug þegar ég hlýddi á ræðu hv. þm. Egils Jónssonar. Það er ekkert nýtt að heyra það úr þeim herbúðum að Alþfl. sé andstæður hagsmunum og sjónarmiðum bændastéttarinnar. Það vill nú svo til þó, ef menn vilja hugleiða hvaða íslenskur stjórnmálaflokkur — eða flokkar, það er hugsanlegt að hafa það í fleirtölu, þeir eru hugsanlega tveir — hvaða íslenskur stjórnmálaflokkur hefur lengst farið með málefni bænda í stjórnarsamstarfi og hvaða flokkur hefur mest áhrif haft á stefnuna í landbúnaðarmálum á undangengnum nokkuð mörgum árum, að það er ekkert vafamál, ekkert launungarmál. Og ég veit að það vefst ekki fyrir þessum hv. þm. að ganga úr skugga um hvaða flokkur þarna á hlut að máli.

Sjálfstfl. ásamt Framsfl. hefur haft um áratugi afgerandi áhrif á stefnuna í landbúnaðarmálum. En það vill svo til að jafnvel þessi ríkisstj., ég get tekið undir með hv. þm. um það, að þessi ríkisstj. hefur bætt tiltölulega lítið um í þessum málum, en þó er hún farin að taka tillit til ábendinga, til málflutnings og til stefnumörkunar Alþfl. að því er varðar úrlausn á vandamálum landbúnaðarins í

landinu. (**EgJ:** Þess vegna er hún svona vond.) Þess vegna er hún svona vond, segir hv. þm. Við eigum væntanlega eftir að heyra enn einu sinni hér á hv. Alþingi í vetur stefnumörkun Sjálfstfl., þess hluta hans sem er utan ríkisstj. að sinni en ber fulla ábyrgð á núv. hæstv. ríkisstj., ekki kannske hvað minnsta, því að það er einkennilegur flokkur sem bæði getur verið í stjórn og stjórnarandstöðu, einn og sami flokkurinn heilt kjörtímabil. (Gripið fram í.) Það er ljóst að ekki síst formann þingflokks Sjálfstfl. svíður undan því, þegar minnt er á það að Sjálfstfl. sem heild ber kannske höfuðábyrgð á hæstv. ríkisstj. og þeirri stefnumörkun sem hún hefur fylgt á þeim tíma sem hún hefur setið við völd á Íslandi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. og ég held mig við landbúnaðarmálin. Það er dálítið sláandi að alltaf þegar talað er um andstæðinga landbúnaðarins á Íslandi, þá taka Alþfl.-menn það allt til sín. Auðvitað veit ég að Alþfl.-mönnum er ekki illa við bændur. Hafi ég verið með einhverjar getsakir í þá átt, þá tek ég það til baka. En heyrt hef ég íslenskan bónda tala um þrjár meginplágur fyrir íslenskan landbúnað. Það er hafís, eldgos og kratar.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það sem ég sagði hér fór býsna mikið í taugarnar á hv. þm. Karvel Pálmasyni. Um Alþfl. hafði ég þó það eitt að segja, að vísa á ummæli talsmanna hans hér fyrir prófkjör eða um það leyti. Það var ekkert annað. Og ef ég á að tilgreina hverjir mennirnir voru, þá var það varaformaður flokksins, það var formaður flokksins, það var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Jón Baldvin. Öll þessi ummæli liggja fyrir og það er enginn vandi að lesa þau í Alþingistíðindum. Mín ummæli og mitt mál hér áðan, sem hv. þm. hafði sérstaklega við að athuga, var einungis að benda á þessar heimildir. Það var það sem hann hafði við mitt mál að athuga.

En til viðbótar við þetta er rétt að það komi hér fram að þessi fjárveiting, sem hefur verið talað um sem stuðning við bændur í þá átt að fækka bústofni í landinu, er nú ein af nýjum flíkum keisarans. Hér er um að ræða meðal annars fjármagn sem hefur verið notað til útrýmingar á vissum sauðfjárpestum. Stærsti hlutinn af þessu gengur yfir í það verkefni. Og það sem m. a. dró úr allri virkni í sambandi við ráðstöfun þessa fjár eða mótun hugsanlegra aðgerða í þessum efnum, það var hvernig þessu var klúðrað í höndum rn., þannig að það var nú bara einn punkturinn aftan við alla hina af því dæmalausa sleifarlagi sem hefur ríkt í þessum efnum hin síðari ár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Af þeim þremur höfuðskepnum sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir nefndi, hafísnum, eldgosinu og Alþfl., er Alþfl. sá eini sem hefur náð einhverjum árangri.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Áður en ég geri þessa örstuttu aths. vil ég í tilefni af ummælum hv. þm. Péturs Sigurðssonar vekja athygli á því, að í 32. gr. þingskapa er kveðið á um það, að ráðh. hafi 10 mínútur til að tala tvisvar til svara við fsp. og fyrirspyrjandi 5 mínútur til að tala tvisvar. Hins vegar hefur þessu ákvæði verið beitt þannig hér í dag, að eingöngu fyrirspyrjandi hefur verið áminntur um að hann hefði einungis heimild til að gera örstutta aths., þegar hann hefur beðið um orðið á eftir. Ráðh. hefur hins vegar fengið að tala án slíkra fyrirmæla. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Er það ekki þannig, að þessar reglur í 32. gr. nái bæði yfir ráðh. og hv. fyrirspyrjanda? Ég biðst ekkert undan því að ég sé beittur þeirri reglu að gera bara örstutta aths., en óska þá eftir því að sú regla sé líka látin gilda gagnvart hæstv. ráðh. samkv. þessari grein.

Ég vil aðeins í lok umr., sem orðið hafa vegna fsp. minnar, vekja athygli hæstv. landbrh. á því, að talsmenn allra flokka, sem þátt hafa tekið í þessari umr., hafa lagt ríka áherslu á að hér væri um víðtækt vandamál að ræða, sem þyrfti að skoða mjög gaumgæfilega. Ég vona að þessi umr. verði til þess, að hæstv. landbrh. skipi þá nefnd sem hér hefur verið óskað eftir að hann skipi, til þess að viðræður geti farið fram í samræmi við þann vilja sem talsmenn allra flokka hafa lýst hér.

Að lokum, herra forseti, væri fróðlegt að fá svör við því einhvern tíma, hvort hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem er ekki í salnum, ætlar í framboði í Norðurl. v. í næstu kosningum að styðja landbúnaðarstefnu Egils Jónssonar eða landbúnaðarstefnu Pálma Jónssonar.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. 11. þm. Reykv. vil ég aðeins leiðrétta þar sem hann hefur mislesið þingsköpin. Þar stendur: „Ráðh. má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þm. ekki nema tvisvar.“ Þarna er áherslumunur á og þannig hefur þetta verið túlkað.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Við lok þessarar umr., sem segir auðvitað ákaflega mikið um hina ókláru skiptingu, sem í þessu húsi er milli manna og fylkinga þeirra, vil ég taka upp ummæli hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, sem fagnaði því helst í umr. hvernig hún sýndi hverja höndina upp á móti annarri í hæstv. ríkisstj. Það er ekkert leyndarmál að þar er hver höndin upp á móti annarri.

En þetta mál snýst um efnisatriði. Það snýst um þau efnisatriði að of fjár af fjármunum skattgreiðenda er mokað til beinna styrkja til framleiðenda. Hér hafa þeir talað hv. landbúnaðarspekingar Sjálfstfl. Einn er hv. þm. Egill Jónsson, landskunnur af viti og þekkingu í landbúnaðarmálum, annar er hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson. Sá fyrri gerði grein fyrir því að Sjálfstfl. væri að undirbúa stefnumörkun í málunum. Ráðh., sem er í Sjálfstfl. og efstur á Norðurl. v. samkv. nýjum niðurstöðum í prófkjöri, hafði ekki hugmynd um þessa stefnumörkun.

Svo koma þeir hér af suðvesturflankanum úr Sjálfstfl. og tala um að ríkisstj. sé sjálfri sér ósammála. Gott og vel, það er ekkert leyndarmál. En er þá ekki eðlilegt að þessi ennþá stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar, sem sækir atkvæðin flest hingað á suðvesturhornið og hefur þm. eins og hv. þm. Albert Guðmundsson, hefur þm. eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttur og hefur meira að segja út um land þm. eins og hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson — að þetta fólk geri nú einu sinni grein fyrir efnisatriðum — sem það kann ekki að gera, ekki í vaxtamálum, ekki að því er varðar Framkvæmdastofnun, ekki neins staðar — og svari okkur?

Er frú hv. þm. Salome Þorkelsdóttir með eða móti þessum ríkisstyrkjum til landbúnaðar sem hér er verið að tala um? Er hv. þm. Albert Guðmundsson með eða móti þessum ríkisstyrkjum?

Sannleikurinn er sá, að þetta fólk veður skýjum ofar og þyrlar upp þeim blekkingum framan í þjóðina með

hjálp Morgunblaðsins, að það sé einhver ein stefna til þarna. Þetta fólk nær yfir allan feril íslenska flokkakerfisins og er að ögra hæstv. ríkisstj. statt og stöðugt með áburði um ósamkomulag, sem öllum er þó kunnugt um. Vandinn er sá, að það er ekki öllum kunnugt um ósamkomulagið, um þjóðirnar tvær, sem í þessum flokki búa og Morgunblaðið heldur utan um með falskri goðsögn, utan um ekki neitt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Leitt þætti mér til þess að vita, ef í ljós kæmi að fleiri af stuðningsmönnum fyrirhugaðs Bandalags jafnaðarmanna en síðasti ræðumaður stæðu í þeirri trú, að landbúnaðurinn væri á framfæri hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, því það er ætlun mín að hið gagnstæða sé rétt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að svara neinum af þeim spurningum sem hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín. En hann komst þannig að orði að ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á því. Hann sagði: Þingmenn eins og Albert Guðmundsson, þm. eins og þessi og þm. eins og hinn. Ég vil gjarnan fá skýringu. Hvað meinar maðurinn?

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég er nú vanur því að svara þeim spurningum sem til mín er beint. Það sama er ekki hægt að segja um síðustu ræðumenn, því að til þeirra tveggja var beint fsp., sem þeir auðvitað svara ekki.

Þm. eins og Albert Guðmundsson eru um það bil allur þingflokkur Sjálfstfl. þegar frá eru taldir menn eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það er hin hryggilega staðreynd íslenskra stjórnmála. Þetta er fyrirgreiðslufólkið, sem veður hér milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, situr í bankaráðum, stjórnum ríkisstofnana og veitir greiða með sértækum reglum. Þannig er þetta fólk. Þm. eins og Albert Guðmundsson eru nærfellt allur þingflokkur Sjálfstfl. Það er nú allt og sumt. Þetta veit þjóðin ekki nógu gjörla, en hún mun fá að vita það á næstu misserum.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég er ekki einn þeirra þm. sem leggja í vana sinn að hlaupa í ræðustól í tíma og ótíma hér á hv. Alþingi. En ég svara að sjálfsögðu fsp. ef þeim er beint til mín. Hins vegar reyni ég einnig að halda mig við þingsköp. Hér hefur verið beint fsp. til mín sem eru ekki á dagskrá hér samkv. þingsköpum. Væntanlega gefst tækifæri til að svara þeim síðar, þegar fjallað verður um till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði, sem þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hafa nú þegar lagt fram. Það er 75. mál á þessu hv. þingi. Vonandi gefst þá tækifæri til að ræða málin.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 4. landsk. þm. að flestar fsp., sem til okkar var varpað hér af hv. 4. þm. Reykv., eru ekki á dagskrá og snerta ekki það mál sem er á dagskrá. Hitt er annað mál, að ég þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir að svara því hvers konar þm. ég er. Þetta er alveg rétt, ég undirstrika þetta, ég er fyrirgreiðslumaður í stjórnmálum og ég skammast mín ekkert fyrir það. Ég bauð mig fram til þjónustu við fólkið og við landið eins og flestallir aðrir kjörnir þm. sem hér eru inni. Ég tel það frekar heiðurstitil en hitt að vera fyrirgreiðsluþingmaður.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er ánægjulegt að hv. alþm. fá tækifæri til að líta augum þéttbýlisflankann í Sjálfstfl. Þau koma hér, annað úr Reykjaneskjördæmi og hitt úr Reykjavík, segjast ekki svara spurningum sem ekki eru á dagskrá. Þau svara auðvitað þeim spurningum sem þeim þóknast um hvers konar þingmaður hv. 3. þm. Reykv. er. En hinu var ekki svarað, sem er kjarni málsins: Er þessi hluti Sjálfstfl. með eða móti þeim ríkisfyrirgreiðslum sem hér er verið að ræða um? Af hverju svarar Sjálfstfl. ekki þessari fsp.? Vegna þess að í þeim efnum hefur þjóðlygi verið haldið á lofti, þeirri þjóðlygi að þau sjónarmið t. d., sem jafnaðarmenn af öllum gerðum hafa staðið fyrir, eigi sér hljómgrunn í Sjálfstfl., sem þau eiga auðvitað ekki, af því að þetta er sértækur fyrirgreiðsluflokkur af því tagi sem lýst var í síðustu ræðu hér á undan.

Sameinað þing, 27. fundur.

Þriðjudaginn 7. des., að loknum 26. fundi.

Heimilisfræði í grunnskólum, þáltill. (þskj. 135). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fullgilding samnings um loftmengun, þáltill. (þskj. 138). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár og þakka forseta fyrir að hann hefur gefið mér tækifæri til þess, vegna þess að mig langar að koma þeirri fsp. á framfæri við hæstv. fjmrh. hvenær búast megi við því að lánsfjáráætlun verði lögð fyrir Alþingi og hvort búast megi við því að það verði áður en af jólaleyfi alþm. verður. En um leið og ég kem með þessa fsp. utan dagskrár hlýt ég að eyða nokkrum mínútum Alþingis í að vekja athygli á með hvaða hætti að þessum málum hefur verið staðið á undanförnum árum því að nú þegar aðeins ein vika er til 2. umr. fjárl. — það er gert ráð fyrir að hún verði eftir næstu helgi — hefur lánsfjáráætlun ekki enn séð dagsins ljós á borðum þm. og eftir því sem ég best veit hefur ekki verið gerð grein fyrir lánsfjáráætlun í fjvn.

Það eru sjö ár liðin síðan lánsfjáráætlun var fyrst lögð fyrir Alþingi í þeirri gerð sem nú er gert og þá þótti þm. sem þá voru í stjórnarandstöðu að það skjal væri allt of seint lagt fram. Með lánsfjáráætlun var lagt fram frv. að lánsfjárlögum, en frv. var samþykkt sem lög frá Alþingi samtímis því að fjárlög voru samþykkt haustið 1975, haustið 1976 og haustið 1977. Það var vissulega ætlunin að haga þessum málum örlítið öðruvísi. Það tókst þó ekki. En við 2. umr. fjárl. var lánsfjáráætlun lögð fram og áður en fjárlög voru samþykkt höfðu verið samþ. heim-

ildarlög til lántöku samkv. þeirri áætlun.

Þeim sem settust í ráðherrastólana í sept. 1978 fannst rétt að láta nú ekki þetta endurtaka sig, eins og þeir orðuðu það, og inn í lög nr. 13 frá 1979 var sett ákvæði, í 14. gr. þar, um að ríkisstj. skyldi leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skyldu þær fylgja fjárlagafrv. Í 15. gr. þessara laga er síðan tekið fram hvað í þessari lánsfjáráætlun skuli vera, sem var nánast það sama og verið hafði frá því að hún var fyrst samin, en áður hafði framkvæmdaáætlun verið lögð fyrir Alþingi allt frá árinu 1963.

Þessum málum hefur svo verið háttað síðan, að lánsfjáráætlun og lánsfjárlög hafa aldrei verið samþ. samtímis fjárl. Í fyrra voru að vísu drög lögð fram með frv., en gjarnan hefur verið komið fram á fjárlagaárið þegar lánsfjárlög hafa verið samþykkt og lánsfjáráætlunin lögð fram. Vitaskuld liggur það í hlutarins eðli að með slíkri áætlun og með slíkri löggjöf er ætlast til þess að Alþingi fái tækifæri til þess, þegar fjárlög eru samþykkt, að hafa heildaryfirsýn yfir fjármál ríkisins, yfir lánsfjármarkaðinn og yfir lántökur yfirleitt, hvort heldur hjá ríkinu, hjá fyrirtækjum ríkisins eða hjá einstaklingum. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti sem ég gat um áðan. Í aprílmánuði hefur samþykktin átt sér stað og það sem meira er: þegar fjárlagafrv. er til umr. fást ekki upplýsingar um hvernig framkvæmdin hefur átt sér stað og hversu langt komið er að framkvæma þá áætlun sem samþykkt hefur verið.

Það hefur ekki heldur verið farið eftir 12. gr. laganna sem ég vék að áðan, þar sem segir að Ríkisendurskoðun skuli fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis og þá að sjálfsögðu gera Alþingi grein fyrir hvernig framkvæmd fjárlaga yfirstandandi árs hafi farið fram. Á síðasta þingi var slík skýrsla gerð og lögð fyrir Alþingi, en hún hefur ekki komið fram á þessu ári.

Þá vil ég ennfremur benda á að ríkisreikningurinn fyrir árið 1981 var lagður fram þegar Alþingi kom saman í haust, en það hafði þó tekist í mörg ár að leggja ríkisreikninginn, A-hlutann, óendurskoðaðan fram þremur mánuðum eftir áramót svo að alþm. fengju tækifæri til þess áður en Alþingi lyki að líta yfir hann og hafa hann undir höndum yfir sumarið þar til nýtt fjárlagafrv. kæmi til umfjöllunar á Alþingi.

Um framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins 1982 vita þm. ekki. Ég efast ekki um að fjvn.-menn hafa fengið þær upplýsingar sem þeir hafa beðið um, en á borð alþm. hefur ekki komið fram sú skýrsla sem a. m. k. á s. l. ári var lögð fyrir Alþingi. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. alþm. hafi hugmynd um að nú þegar mun vera búið að taka erlend lán fyrir á 4. milljarð, en aðeins er heimild fyrir 2 milljörðum 250 millj. kr. Um þetta hefur Alþingi enga vitneskju. Vaninn hefur verið sá, að hafi verið hafið fram úr áætlun með samþykki ríkisstj. og þeirra flokka sem ríkisstj. styðja hefur frv. gjarnan verið lagt fram í árslok og fengin staðfesting á því að heimildir væru fyrir hendi.

Ég vík að þessu hér til að sýna fram á með hvaða hætti að þessum málum hefur verið staðið. Ég vitna þá til greinar sem einn af hagfræðingum Seðlabankans ritar í Fjármálatíðindin, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Á þessu síðasta tímabili frá 1975 hófst gerð almennra lánsfjáráætlana í framhaldi af fyrri framkvæmda- og fjáröflunaráætlunum allt frá árinu 1963, og gilti hin fyrsta þessara nýju áætlana um árið 1976. Var vandamál erlendrar skuldasöfnunar í fyrstu tekið mjög alvarlega og það sett sem eitt helstu markmiða áætlananna að hafa hemil á henni. Bar það nokkurn árangur í fyrstu, en síðan hefur þessi viðleitni snúist í vonlitla varnarbaráttu, svo sem eftirfarandi talnaraðir sýna."

Þá sýnir hagfræðingurinn hvernig hlutfall erlendra lána hefur þróast úr 31% upp í nærri 45% á árinu 1982. Þessi orð eru ekki orð stjórnmálamanns í stjórnarandstöðu, heldur sérfræðings þeirrar stofnunar sem fjallar um þessi mál fyrir hönd ríkissjóðs. Þetta er dæmi þess með hvaða hætti landinu er stjórnað í dag.

Auk þessa er hægt að benda á að á Alþingi er fjallað nú um brbl. þau sem ríkisstj. gaf út á s. l. sumri. Frv. hefur verið til meðferðar í fjh.- og viðskn. á mörgum fundum þar og það verður ekki hægt að segja um þá sem þar hafa forustu að þar hafi ekki verið unnið að málum, enda vissulega ástæða til að upplýsa öll þau óvissuatriði sem þar eru á ferðinni.

Ég vil til rökstuðnings því hvernig ég álít landinu raunverulega stjórnað leyfa mér að benda á að á fjh.- og viðskn.-fund í morgun var til kvaddur prófessor frá lagadeildinni, Sigurður Líndal, og hann spurður álits á áhrifum þess ef brbl. yrðu ekki samþykkt. Skoðun hans er öndverð við þá skoðun sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. í Morgunblaðinu 30. nóv. s. l. (Gripið fram í.) þar sem hæstv. utanrrh. lýsti því yfir að það skipti engu máli með greiðslu launa frá og með 1. des. hvernig færi um afgreiðslu þessa máls. Prófessorinn, sem kom á fundinn í morgun, hafði aðra skoðun. Hann sagði þar skýrt, að ef brbl. yrðu felld yrði vísitölugreiðsla að sjálfsögðu eftir þeim útreikningi sem kauplagsnefnd hefur þegar gert, en frá þeirri vísitölu hefur verið dreginn samkv. brbl. helmingur þeirrar hækkunar sem átti sér stað 1. des. s. l. Mér finnst eðlilegt og rétt að þetta komi hér fram þegar verið er að ræða hvernig staðið er að afgreiðslu mála á Alþingi.

Á það má benda líka, að samkv. 2. gr. brbl. er ríkisstj. heimilað að ákveða í sérstakar láglaunabætur 50 millj. kr. Það er þegar farið að greiða þær samkv. reglugerð sem rn. setur. Í greininni segir að tilhögun þessara bóta verði ákveðin í samráði við samtök launafólks, en það var upplýst jafnframt á fundi nefndarinnar að samþykki þeirra væri ekki fyrir hendi. Hér er verið að útdeila peningum samkv. lögum sem mjög hafa verið umdeild, svo að meira sé ekki sagt, og það er fjmrn. eitt sem útdeilir þeim 50 millj. kr. sem um getur í þessari ákveðnu grein.

Það kom meira að segja fram á fundinum í morgun að það væri mjög mikið vafaatriði hvernig bæri að skilja 1. gr. þessa frv. með tilliti til þess hvað gerðist 1. mars á næsta ári. Sá lagaprófessor, sem kom til fundar við n., lét þau orð falla, að samkv. greininni eins og hún lítur út þegar hún er lesin verði ekki aðeins um að ræða að fella niður helming verðbóta 1. des., heldur gildi það líka um verðbætur 1. mars o. s. frv., verði þetta frv. samþykkt. Ég minnist þess, að einn af verkalýðsleiðtogum og stuðningsmaður núv. ríkisstj. orðaði það svo, þegar hann var spurður að því hvernig hann gæti staðið að slíkum lögum, að það væri mikill munur á því hvernig brbl. væru úr garði gerð og á þeirri löggjöf sem ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar stóð fyrir, því að hér væri aðeins um að ræða að fella skyldi einu sinni niður helming verðbóta á laun, en ekki oftar. Mér sýnist að með því sem þarna var sagt sé fallin forsenda þessa hv. þm. fyrir stuðningi við

það frv. sem er til umr. í Ed.

Ég vildi láta þetta koma hér fram um leið og ég gagnrýni mjög hvernig unnið er í sambandi við lánsfjáráætlun. Alþingi fær ekki tækifæri til að fjalla um þessa hluti og ég spyr því ráðh.: Má búast við að lánsfjáráætlun verði lögð fyrir Alþingi fyrir jól? Má gera ráð fyrir að hún verði afgreidd á sama tíma og fjárlagafrv.?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur spurst fyrir um hvenær frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun verði lögð fram hér í þinginu og hvort lánsfjárlög verði afgreidd samhliða fjárlagafrv. og þá sérstaklega hvort þessi mál verði til afgreiðslu fyrir jól.

Það er rétt, sem kom fram í ræðu hans áðan, að það hefur verið allur gangur á því hvenær þessi mál hafa verið lögð fram hér í þinginu og hvenær þau hafa verið afgreidd. Stundum hafa þessi mál komið fram á haustþingi, stundum ekki. Oftast hefur liðið langur tími frá því að málin komu inn í þingið og þar til þau voru afgreidd og venjulegast hefur verið langt liðið á nýtt ár.

Nú eru aðeins tvær vikur þar til jólaleyfi hefst og sennilega jafnvel styttri tími en það, kannske ekki nema 9 vinnudagar þingsins. Það ætti því að vera nokkuð auðvelt að fullyrða að lánsfjárlög verði ekki afgreidd fyrir jól. Ég hygg að það sé líka nokkuð óvíst hvort frv. til lánsfjárlaga verður lagt fram fyrir jól með tilliti til þess hversu fáir dagar eru eftir til jóla. (**Gripið fram í:** Hvað voru margir dagar til jóla þegar fjárlagafrv. var lagt fram?) Þetta er reikningsdæmi sem ég býst við að hv. þm. þurfi ekki mína aðstoð við að reikna, svo að ég læt honum það eftir.

Ég minni á að fyrir einu ári var frv. til lánsfjárlaga lagt fram í þinginu 27. okt., en frv. var ekki afgreitt frá þinginu fyrr en 5. apríl. Það virðist því vera staðreynd, að hvort sem þessi frv. eru fyrr eða síðar á ferðinni í þinginu hljóta þau venjulegast afgreiðslu nokkuð seint. Satt best að segja man ég ekki betur en stjórnarandstaðan hafi lagt talsverðan metnað í það á s. l. vetri að koma í veg fyrir að lánsfjárlög væru afgreidd fyrir jól og héldi uppi málþófi í þinginu til að koma í veg fyrir það. Þeir vildu að vísu ekki viðurkenna að málþófið snerist um það, en við sem til þekktum bak við tjöldin vissum betur. Þetta hefur þegar komið fram, gerði það í umr. hér á Alþingi í fyrra, og er ekki ástæðulaust að það er rifjað upp nú. (**FrS:** Breytti það nokkru eftir jólin?) Hins vegar fór það svo, að frv. var býsna lengi í meðförum hér í þinginu, eins og menn muna, og var ekki afgreitt fyrr en undir vorið.

Ég hygg að óljóst sé um afgreiðslu ýmissa mála í þinginu, og eitt af þeim málum sem nokkuð er óljóst um afgreiðslu á er að sjálfsögðu lánsfjárlög. Með tilliti til þess hygg ég að sé meira virði að lánsfjárlögin og lánsfjáráætlun séu undirbúin sem best þannig að meiri líkur verði á að Alþingi afgreiði þau sæmilega tímanlega á næsta ári. Það skiptir greinilega ekki máli hvort lánsfjárlög eru afgreidd einum mánuðinum fyrr eða seinna og það gildir ekki það sama um lánsfjárlögin og um fjárlög, sem að sjálfsögðu verður að afgreiða fyrir áramót.

Ég vil nefna í þessu sambandi, að ýmis erfið úrlausnarefni eru fyrir hendi þar sem lánsfjáráætlun er og þessi úrlausnarefni hafa vissulega tafið fyrir þeim aðilum sem hafa verið að undirbúa gerð lánsfjáráætlunar. Ég nefni sem dæmi það mikla vandamál sem er fyrir hendi í Fiskveiðasjóði. Hann stendur frammi fyrir vandamálum sem hafa verið að safnast upp á mörgum undanförnum árum og að talsverðu leyti má rekja aftur til seinasta áratugs, en að nokkru leyti stafa af fjárhagserfiðleikum útgerðar um þessar mundir og greiðslufalli sem orðið hefur hjá mörgum útgerðarmönnum, sem veldur því að Fiskveiðasjóður er í sérstökum greiðsluerfiðleikum upp á tæpar 500 millj. kr. Þetta er það vandamál sem mjög lengi tafði fyrir því að stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands legði fram tillögur sínar um fjáröflun til sjóðanna og um skiptingu á framlögum til fjárfestingarlánasjóða, en þær tillögur komu í októbermánuði s. l.

Annað dæmi um vandasöm úrlausnarefni eru orkuframkvæmdir á næsta ári. Það liggja fyrir hugmyndir og tillögur um mjög verulegar orkuframkvæmdir. Ég get t. d. nefnt sem dæmi, að fyrstu tillögur og hugmyndir sem fram komu hjá Landsvirkjun um framkvæmdir á Landsvirkjunarsvæðinu voru um erlendar lántökur í því sambandi upp á 1000 millj. kr. Þar til viðbótar koma svo áformaðar framkvæmdir í sambandi við byggðalínur og Blönduvirkjun, sem hvort tveggja verður væntanlega á vegum Landsvirkjunar, upp á samanlagt um 550 millj. kr.

Það er alveg ljóst að við verðum að fara af mikilli gát á næsta ári í sambandi við erlendar lántökur. Það er alveg ljóst að við getum ekki leyft okkur að taka lán einfaldlega eftir því sem hugur girnist og framkvæmdahugur stendur til hjá hinum ýmsu aðilum. Það verður því að skera framkvæmdaáform talsvert mikið niður og það hlýtur að þurfa margvísleg samráð til þess að það verði gert af nægilegu viti. Erlendar skuldir eru vissulega ískyggilega háar í hlutfalli við þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði af erlendum lánum hefur farið vaxandi. Ástæður þess eru margar, eins og menn þekkja. Vextir af erlendum lánum hafa verið óvenjulega háir á þessu ári. Einnig hefur deilitalan í þessum hlutföllum báðum, þ. e. þjóðarframleiðslan annars vegar og svo hins vegar útflutningsframleiðslan, verið að dragast saman, þannig að prósentutalan eða sjálft hlutfallið sem hér um ræðir hefur farið hækkandi. Einnig er það áhyggjuefni ef vaxandi viðskiptahalli, sem stafar af þessum sama samdrætti í þjóðarbúinu á eftir að stuðla að auknum erlendum skuldum.

Ég ítreka því, sem ég hef þegar nefnt, að það verður að fara að af ýtrustu varfærni. Reynslan sýnir að það er hyggilegra að undirbúa lánsfjárlög sem best og hefur ekki mikið upp á sig að leggja þau fram í þinginu mjög snemma ef þau eru hér svo til afgreiðslu í mjög marga mánuði. Ég verð því að svara spurningum hv. þm. þannig, eins og ég hef þegar gert, að það er einsýnt að lánsfjárlög verða ekki afgreidd fyrir jól og raunar með öllu óvíst að þau verði lögð fram fyrir jól. Hins vegar verður óhjákvæmilegt að taka endanlega afstöðu til þess hluta lántökunnar sem snýr að ríkisframkvæmdum, framkvæmdum A-hluta stofnana og B-hluta stofnana og lántökum í því sambandi, og ég geri ráð fyrir að haft verði samráð við fjvn. um þá hlið málsins og henni gerð grein fyrir hvað þar er um að ræða.

Um erlendar lántökur á árinu 1982 sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða nú, en mun gera það síðar, því að ég hef engin gögn í höndum um það mál. Þó vil ég segja það, að ég held að hv. fyrirspyrjandi Matthías Á. Mathiesen hafi tekið ansi stórt upp í sig þegar hann var að lýsa því hér áðan hvað væri búið að taka mikið af erlendum lánum án

þess að heimildir væru fyrir hendi af hálfu Alþingis til þess. Það er á nokkrum misskilningi byggt. Ég hygg að það séu ákaflega fá dæmi þess að farið hafi verið fram úr lánsfjáráætlun umfram það sem felst í lántökum sem Alþingi hefur þegar veitt heimildir fyrir. Ég gæti nefnt tvö dæmi þar um. Það er annars vegar framkvæmdir Landsvirkjunar og hins vegar lántökur í þágu Járnblendifélagsins, en um hvort tveggja lágu fyrir formlegar heimildir þingsins og lántökur í þessu skyni eru æðistór partur af heildarlántökunum. Að öðru leyti hygg ég að lántökur hafi fyrst og fremst farið fram úr hjá atvinnufyrirtækjum almennt, sem taka lán bæði vegna skipainnflutnings og vegna vélakaupa og tækjakaupa með samþykki langlánanefndar, en allt eru þetta lántökur sem ekki þarf formlega heimild Alþingis til.

Ég mun gera Alþingi grein fyrir lántökum á árinu 1982 við síðara tækifæri, en ég hygg að málið sé ekki á þann veg sem hv. fyrirspyrjandi lýsti áðan.

Vissulega væri full ástæða til að fara einhverjum orðum um þessar tröllasögur, sem hv. fyrirspyrjandi var að segja úr nefnd einni hér í þinginu, sem hann á sæti í, hv. fjh.- og viðskn. Nd. Ég greip ekki þessar tröllasögur nægilega vel til þess að ég geti farið mörgum orðum um þær. Mér fannst þær einkennilegar margar hverjar, einkum og sér í lagi yfirlýsingar prófessora um að lög, sem sett eru í ákveðnum yfirlýstum tilgangi af hálfu ríkisstj., eigi að merkja eitthvað allt annað en öll þjóðin veit að þau merkja. Það eru einhverjir einkennilegir atburðir að gerast í fjh.- og viðskn. ef þar koma prófessorar og lýsa því yfir að lög merki eitthvað allt annað en allir, bæði stjórn, stjórnarandstaða og þjóðin öll, hafa talið að þau merktu. En ekki vil ég fara frekari orðum um þá atburði.

Hins vegar vil ég segja það um láglaunabæturnar, sem hv. fyrirspyrjandi gerði hér að umræðuefni, að það er ekki rétt að farið sé að borga þær út nú þegar og ekki heldur rétt að gefin hafi verið út reglugerð um þær. Hins vegar er hvort tveggja í undirbúningi og ég geri ráð fyrir því að reglugerð verði gefin út innan fárra daga, þannig að greiðslur geti átt sér stað fyrir jól. Að því er stefnt. Það er alveg ljóst að í brbl. er fullgild heimild til greiðslu þessara bóta og það jafnvel þótt lögin séu umdeild, eins og hv. þm. nefndi hér sérstaklega sem rök fyrir því að lagagrundvöllur væri hæpinn. Auðvitað skiptir ekki ýkjamiklu máli hvort lög eru umdeild eða ekki umdeild. Ef þau eru fyrir hendi, eins og er í þessu tilviki, eru þau fullgildur lagagrundvöllur og reglugerðir eru þá byggðar á þeim og þá þar með ákvörðun um greiðslu bóta.

Herra forseti. Ég hygg að ég hafi svarað þeim fsp. sem hér komu fram.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. málshefjandi, hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, vék óbeint að mér í ræðu sinni áðan. Af því tilefni vil gera örstutta aths.

Hann skýrði frá því, að prófessor við lagadeild Háskólans hefði í morgun, að mér skildist, komið á fund fjh.- og viðskn. Ed. og þar haldið fram gagnstæðum skilningi við það sem ég sagði í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum. Hann hélt því fram að prófessor Sigurður Líndal hefði sagt að ef brbl. væru felld eða féllu niður af öðrum sökum mundi þurfa að greiða þann verðbótafrádrátt sem átt hefur sér stað frá 1. des. (**MÁM:** Frá þeim tíma sem lögin verða felld, ef yrðu.) Já, ætli það sé ekki verðbótafrádrátturinn sem átti sér stað 1. des. Það er varla um annað að ræða. (**Gripið fram í:** Frá þeim tíma sem lögin féllu.)

Ég hafði hins vegar látið hafa eftir mér í Morgunblaðinu að þau réttaráhrif laganna sem fram væru komin högguðust ekki af því hvert yrði frambúðargildi þessara brbl. Ég vil aðeins í þessu sambandi benda á, að þessa skoðun, sem ég lét í ljós þarna, má finna í bók sem ég skrifaði fyrir að ég held 22 árum eða jafnvel fyrr. Ég hygg að sömu skoðun sé að finna í ritum um stjórnlagafræði sem eru fyrir hendi frá fyrirrennurum mínum við Háskólann. Ég hygg að sömu skoðun sé að finna í fræðiritum á Norðurlöndum, sem hafa verið rituð um þessi efni. Ég veit ekki betur en þetta hafi alltaf verið kennt við Háskólann, nema það hafi orðið einhver skyndibreyting á því nýlega. Ég held að það sé að öðru jöfnu meira leggjandi upp úr því sem menn skrifa um svona atriði áður en sérstakt tilefni hefur komið til sem deilur standa um.

Ég veit að prófessor Sigurður Líndal er ágætur fræðimaður í lögum og jafnvel ekkert síðri fræðimaður á öðrum sviðum. En þegar leitað er álits prófessora, eða svo var það í minni tíð við Háskólann, er yfirleitt leitað til þeirra prófessora sem kenna þá grein sem það deiluatriði varðar sem deilt er um eða menn vilja fræðast um. Þess vegna þykir mér dálítið undarlegt að það skuli ekki hafa verið fremur leitað til annars ágætis fræðimanns við lagadeild Háskólans, prófessorsins í stjórnlagafræði, Gunnars G. Schram, þegar leitað er upplýsinga um þetta efni.

En hv. þm. Matthías Mathiesen er sjálfur lögfræðingur og hann veit þar af leiðandi að það kemur einstaka sinnum fyrir að lögfræðingar eru ekki á sama máli. Þegar svo er er þrautalendingin að leita til dómstóla, ef á þarf að halda, þegar þar að kemur, og fá úr því skorið. Þess vegna hefur það ekki mikið til síns máls að hafa langt mál um þetta atriði hér. Það er öruggt, að ef slíkri kenningu er haldið fram sem þeirri, er hann sagði frá, verður leitað til dómstóla á sínum tíma, ef svo ólíklega færi að brbl. yrðu felld, og þá yrði skorið úr þessu af réttum aðilum. Við dómara tjóar ekki að deila, eins og við vitum báðir.

En hvað sem því líður finnst mér nú, þegar ég heyri þessa í mínum eyrum nýstárlegu kenningu, vera aukið tilefni fyrir þá hv. þm. sem kynnu að hafa hugsað sér að greiða atkv. á móti þessum brbl. að taka þá afstöðu sína til rækilegrar endurskoðunar því að öllum má ljóst vera hvílíkan glundroða og óþolandi réttaróvissu mundi leiða af því ef allt þyrfti að rekja upp á ný sem framkvæmt er eftir brbl. Ég vænti þess að hver og einn hugsi sig um tvisvar áður en hann tekur slíka áhættu.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta atriði. Það kemur á daginn ef á reynir, eins og ég sagði, hvað er hið rétta í þessu efni. En ég vildi aðeins láta þetta koma fram og þá sérstaklega að ég hef sagt það, sem haft er eftir mér í því ágæta blaði Morgunblaðinu, fyrir langa löngu í ritverki um það efni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi Matthías Á. Mathiesen gerði að umtalsefni vinnu fjh.- og viðskn. Ed. og fjh.- og viðskn. Nd. að brbl., sem þar eru til meðferðar, og þá sérstaklega ummæli prófessors Sigurðar Líndals á fundi n. í morgun. Ég greindi þeim þm., sem fundinn sátu í morgun og ég náði til, hér fyrr á þessum fundi, m. a. hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, frá því að prófessor Sigurður Líndal hefði óskað eftir fresti til morgundags til að ganga endanlega

frá sínu áliti. Ég tel það mjög óheppilegt að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen skyldi engu að síður fara í þessari umr. um lánsfjáráætlun, sem er allt annað mál í sjálfu sér, fara að greina sérstaklega frá ummælum sem prófessor Sigurður Líndal hafði á fundum n. þegar prófessor Sigurður Líndal hafði óskað eftir fresti til morgundags til að gera nefndinni endanlega grein fyrir sínum skoðunum. Ég held að það sé mjög óheppilegt, þegar þingnefndir fá sérfræðinga til viðtals við sig og óska sérstaklega eftir því að þeir tjái sig um málin sem sérfræðingar, að verið sé að hlaupa inn í þingsalina með frásagnir af ummælum þeirra þegar viðkomandi sérfræðingar hafa óskað eftir fresti til næsta dags til að skila skriflegri niðurstöðu í málinu. Það má nefna í því sambandi, að eitt af þeim atriðum sem prófessor Sigurður Líndal tjáði sig um á fundinum hafði hann ekki skoðað sérstaklega áður en hann kom á fundinn. Þess vegna m. a. bað hann um frest til næsta dags til að geta kynnt sér málið nánar.

Vegna ummæla hæstv. utanrrh. vil ég hins vegar geta þess, að það var niðurstaða fjh.- og viðskn. að leita formlega til forseta lagadeildar Háskólans og óska eftir því að hann, sem æðsti embættismaður lagadeildarinnar, benti á þann prófessor sem menn þar vildu að veitti þessa umsögn. Það er því ekki fjh.- og viðskn. sem valið hefur prófessor Sigurður Líndal til að veita þessa umsögn, heldur var það forseti lagadeildar Háskóla Íslands sem valdi þann prófessor við skólann sem hann taldi að þessa umsögn ætti að láta í té.

Ég vil taka undir þau orð, sem hæstv. utanrrh. sagði hér, að prófessor Sigurður Líndal er með virtustu fræðimönnum hér á landi, ekki aðeins í lögfræði heldur í réttarsögu og ýmsum öðrum fræðigreinum. Ég tel það mjög óheppilegt vegna samskipta n. við ýmsa umsagnaraðila í þjóðfélaginu og vegna prófessors Sigurðar Líndals sérstaklega að ummæli hans skuli blandast svo í pólitískar deilur á þinginu áður en hann hefur haft tækifæri til að láta umsögn formlega í té. Ég vil biðja menn að bíða með niðurstöður sínar og ályktanir um þetta mál út frá hans umsögn þangað til hún liggur formlega fyrir.

Hitt er svo rétt að hér komi fram, því að n. hefur þegar lokið afgreiðslu á því máli, að á fundum n. hafa komið fram frá þeim aðilum sem við höfum kvatt til mismunandi skoðanir á þeim lögfræðilegum atriðum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni varðandi túlkun 1. gr. Fyrra atriðið er hvort *kaupgjaldsvísitala hækki ef* frv. fellur á tímabilinu des. til 1. mars og hitt atriðið er hvort þau ákvæði sem kveða á um sérstaka helmingun verðbótahækkana eigi eingöngu við eitt verðbótatímabil, þ. e. það sem nú stendur yfir, eða hvort það eigi við öll verðbótatímabil þar á eftir. Eins og hæstv. fjmrh. lýsti hér áðan hefur ávallt í yfirlýsingum ríkisstj. um þetta efni á undanförnum mánuðum komið skýrt fram að eingöngu er um þessa einu niðurfærslu að ræða. Ég vek athygli hv. þm. á að í þessari 1. málsgr. lagagr. er vitnað í tvenn önnur lög og endanlegur skilningur á 1. málsgr. er háður því hvernig menn lesa út úr lögum nr. 10/1981, 5. gr., og lögum nr. 13/1979, 48.—52. gr.

Hagstofustjóri Klemens Tryggvason var fyrstur þeirra sem komu á fund fjh.- og viðskn. til þess að tjá sig um þetta atriði. Hans skoðun var ótvíræð. Hann tjáði n. að hann hefði borið sig saman við færa lögfræðinga. Að hans dómi mundi vísitalan hækka ef lögin yrðu felld á tímabilinu. Síðan hafa komið fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands og lagt fram skriflega grg. til n. Þar koma andstæð viðhorf fram: annars vegar að það hafi ekki áhrif þó lögin séu felld og hins vegar að það hafi áhrif. Það var á grundvelli þessara mismunandi sjónarmiða, sem höfðu komið fram á fundum n. frá Klemens Tryggvasyni hagstofustjóra, frá fulltrúum Vinnuveitendasambands Íslands og frá fulltrúum Alþýðusambands Íslands, sem óskað var eftir því við forseta lagadeildar Háskóla Íslands að hann benti á prófessor við lagadeildina til að tjá sig um þetta lögfræðilega atriði. Ég bið hv. alþm. að bíða með nánari umr. um þetta atriði þar til öll málsskjöl liggja fyrir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það virðist vera ljóst, eða nokkurn veginn ljóst skulum við orða það, af því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að ekki munu a. m. k. verða afgreidd lánsfjárlögin fyrir jólahlé, vafasamt taldi hann að þau yrðu lögð fram, hafi ég tekið rétt eftir, og hið sama á við um lánsfjáráætlun. Í sjálfu sér er þetta ekkert nýtt. Menn upplifðu líka á ráðherratíð hæstv. fyrrv. fjmrh. Matthíasar Á. Mathiesen, ef ég man rétt, að með seinni skipunum væru þessi gögn á ferðinni. (**MÁM:** Alltaf að samþykkja fjárlögin.) En þetta er auðvitað eitt af þeim málum sem Alþingi stendur oftar frammi fyrir, þ. e. að hæstv. ráðh. og ríkisstj., og ekki bara þessi ríkisstj., ég tek það enn skýrt fram, þannig að það valdi ekki misskilningi, vinna með allt öðrum hætti en Alþingi ætlast til af þeim. Það er auðvitað meginmál.

Ég hef velt því fyrir mér æðilengi hvaða tilgangi t. d. þjónaði afgreiðsla fjárlaga á hinu háa Alþingi. Þau eru að mörgu leyti, mestu leyti kannske og þá mest hin síðari ár, orðin nokkurs konar pappírsgagn. Það mun t. d. vera búið að setja upp önnur fjárlög við hliðina á þeim fjárlögum sem Alþingi afgreiðir, veita aukafjárveitingar til haustsins í haust, það sem af er árinu fram í október, sem eru milli 5 og 600 millj. (**SvH:** Hvað er þetta?) Er hæstv. forseti Nd. ekki með á nótunum? (**SvH:** Nei.) Það er sjálfsagt að endurtaka þetta. Ég hélt að hann heyrði af því að hann situr ekki fjær en þetta. Það er búið að setja upp framkvæmdafjárlög fyrir hæstv. ráðh. og embættismannakerfið við hliðina á hinum raunverulegu fjárveitingum, sem Alþingi er að samþykkja. Í okt. s. l. nam sú upphæð á milli 5 og 600 millj. kr. Hefur nú hæstv. forseti Nd. náð þessu? (**SvH:** Ég hef heyrt.) Já, það er *gott, og meltir það vonandi. Þetta er auðvitað eitt sýnishorn* af því hvernig framkvæmdavaldið fer með málin. Það er orðið til lítils gagns fyrir hv. Alþingi, fjárveitingavaldið, að vera hér með skæklatog um fjárveitingauppháðir til hins eða þessa málaflokksins þegar hæstv. ráðh. og aðrir ráðsmennskast á sama tíma með fjármuni svo hundruðum milljóna skiptir að eigin geðþótta.

Ég tek undir það með hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen að hæstv. fjmrh. gaf það fyllilega í skyn í fjárlagaumr. að bæði lánsfjárlögin og lánsfjáráætlunin yrðu lagðar hér fram á Alþingi innan nokkurra vikna, ef ég man orðalagið rétt. Það er engu líkara en hæstv. ráðh. hafi þá ekki vitað á hvaða árstíma jólahátíðin er. Kannske hann hafi sömu hugmyndir uppi og hans ágæti flokksbróðir í Delirium Bubonis að fresta jólunum. En auðvitað hefur tímatal ekkert breyst frá því að hæstv. fjmrh. flutti fjárlagaræðuna fyrir nokkru. Jólahátíðin er á sama tíma enn og ætla mætti að hún væri þá. Kannske er ekki ástæða til að fjölyrða öllu frekar um þetta, en snúa sér aðeins að öðru efni þessara umr.

Það kann að vera rétt hjá hv. formanni þingflokks Alþb. að ekki sé æskilegt að vera að ræða vafaatriði hér á hv. Alþingi, sem ákveðnir einstaklingar, í þessu tilfelli lagaprófessor, hafa ekki enn látið frá sér fara formlega, þó þess sé að vænta að það verði gert, en fyrst þessu máli er hreyft á Alþingi verður ekki komist hjá því að ræða það. Þetta er það mikilvægt mál að það er full ástæða til uppgjörs.

Ég skal sleppa því að ræða sérstaklega ummæli prófessors Sigurðar Líndals. Við höfum hér annan lagaprófessor, fyrrv. lagaprófessor við Háskóla Íslands, sem ég tel ástæðu til að bera fyllsta traust til í þessum efnum. En það sem ég vildi hér gera að umræðuefni eru þær hugmyndir, sem ég að gefnu tilefni hlýt að gefa gaum ef réttar eru, að 1. gr. brbl., um skerðingu verðbóta á laun, eigi ekki einvörðungu að gilda frá og með 1. desember s. l., heldur 1. febr., 1. mars, 1. júní og svo áfram, ef þetta er rétt. Mér þykir leitt ef hæstv. utanrrh., fyrrv. lagaprófessor við Háskólann, er farinn því að ég hef ástæðu til að ætla að einstakir hv. þm. í hans flokki, stjórnarliðinu, hafi haft uppi þær skoðanir að hér væri ekki einvörðungu um að ræða skerðingu verðbóta þann 1. desember, heldur skyldu þær skerðingar halda áfram. Ég vildi því spyrja hæstv. utanrrh., sé hann í kallfæri, — helst hefði ég viljað spyrja hæstv. forsrh. því það er hann sem leggur fram brbl., en hann er ekki í kallfæri, ekki að sinni, — hver sé skoðun hæstv. utanrrh. sem fyrrv. lagaprófessors við Háskólann á þeim ákvæðum 1. gr. sem að þessu lúta. Telur hann að samkv. þeirri lagagrein sé um að ræða skerðingu á verðbótum einvörðungu þann 1. desember eða, eins og gefið hefur verið í skyn að ég hygg af einhverjum flokksbræðra hans, að sú skerðing eigi líka að taka til 1. mars, 1. júní og áfram?

Það er auðvitað nauðsynlegt, fyrst þetta mál ber hér á góma, að fá svör frá þessum tilteknu hv. þm., og þá fyrst og fremst frá hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh., um hvað í raun og veru sé hér á ferðinni. Veit hæstv. forseti nokkuð hvar hæstv. utanrrh. er staddur á þessum tíma? (Gripið fram í.) En kannske hæstv. forseti gæti hringt og látið athuga (**Fjmrh.:** Vill ekki ræðumaður tala hærra?) Það mætti tala hátt ef það ætti að ná til sumra ráðh. Þeir eru ekki svo nálægir þingstörfum oft og tíðum. (**SvH:** Eða með leðurhlustir.) Eða með leðurhlustir, bætir hæstv. forseti Nd. við. Á meðan athugað er um staðsetningu hæstv. ráðh. er kannske ástæða til að spyrjast fyrir um það ... Líklega er hv. formaður þingflokks Alþb. líka horfinn, en einhverja vitneskju gæti hann kannske veitt í þessu máli. (**ÓRG:** Bara snúa sér við, bara snúa sér við.) Já, hann er kominn í ráðherrastólinn, ekki spyr ég að. Það á ekki að standa á því. Ég þakka hv. þm. að hann skuli vera hér. (Forseti hringir.) Það er nú ástæðulaust, herra forseti, að vera að þagga niður í hv. 11. þm. Reykv. Það er ekki svo oft sem hann lætur til sín heyra á hv. Alþingi.

En ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson sem formann fjh.- og viðskn. Ed. hvort það hafi komið fram skoðanir í fjh.- og viðskn. sem gætu gefið til kynna að einhverjir hv. þm. úr stjórnarliðinu álíti að skerðingarákvæði á verðbætur eigi ekki einvörðungu að taka til verðbótaútreikninga 1. desember, heldur eigi líka að taka til 1. mars, 1. júní og svo áfram.

Ég hef óskað sérstaklega eftir að fá upplýsingar um hvort slíkt hefur komið fram. Ég tel mjög alvarlegt mál ef uppi eru hugmyndir um að 1. gr. feli þetta í sér og þá sé fullkomin ástæða til að upplýsa það. Ég beini því líka til þeirra hv. þm. Framsfl., séu þeir hér inni, sem sæti eiga í fjh.- og viðskiptanefndum, en ég veit ekki betur en fjh.- og viðskn. beggja deilda hafi fjallað um þetta mál sameiginlega: Er það skoðun einhvers þessara hv. þm. að skilja beri 1. gr. brbl. á þann veg að skerðingar á verðbætur endurtaki sig í framhaldi af 1. des.? Það er nauðsynlegt að fá þetta upplýst. Ég fullyrði að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar standa í þeirri meiningu að hér sé um að ræða einvörðungu skerðingu 1. desember, en ekki áframhaldandi. Ég er alveg fullviss um að sé einhver vafi á um þetta atriði hljóti forustumenn í verkalýðshreyfingunni, í Alþýðusambandinu, fyrr en síðar að taka sterkar á í andstöðunni við þessi ákvæði að því er varðar skerðingu verðbóta.

Ég sé að einstakir hv. þm. Alþb. sofa værum svefni undir þessum umr. — ég nefni engin nöfn.

Í lokin vil ég aðeins ítreka að við fáum hér svör við þeim getgátum sem á kreiki hafa verið um hvernig skilja beri þetta ákvæði 1. gr. brbl. um skerðingu á verðbótaþætti launa og ég treysti því að formaður fjh.- og viðskn. Ed. láti okkur í té vitneskju um hvort slíkur skilningur um áframhaldandi skerðingu hefur komið fram af hálfu einhverra hv. þm., sem sæti eiga í fjh.- og viðskn., því að ég tel að Alþingi eigi skýlausan rétt, og ekki bara Alþingi heldur og þjóðin öll og ekki síst launafólkið, það sem verst er sett og hér er verið að skerða stórlega laun hjá, á að vita um hvort slíkur skilningur er á kreiki á hv. Alþingi og þá ekki síst ef hann er á kreiki innan stjórnarherbúðanna, í liði því sem ber ábyrgð á þessari lagasetningu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég sé ekki hæstv. fjmrh. í sæti sínu og veit ekki hvort hann má mál mitt heyra. Þar kemur hann inn í salinn og þá get ég hafið ræðu mína.

Erindi mitt í ræðustól var að taka undir gagnrýni hv. 1. þm. Reykn., þar sem hann gagnrýndi að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun væri ekki fram komin. Ég hlýddi ekki á upphaf ræðu hv. 1. þm. Reykn., þannig að það kann að vera um endurtekningu að ræða hjá mér þegar ég minni á að við 1. umr. fjárl. sagði hæstv. fjmrh. orðrétt eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nú er unnið að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 og verður hún væntanlega lögð fyrir Alþingi að nokkrum vikum liðnum".

Þessar umr. fóru fram 4. nóv., þannig að það eru nálægt 5 vikur síðan. Ég veit ekki hvað hæstv. fjmrh. kallar nokkrar vikur, en ég held að úr því að menn eru komnir fram úr fimm vikum sé um margar vikur að ræða, en ekki nokkrar. Þegar hæstv. fjmrh. er spurður nánar út í þetta síðar í umr., hvenær megi búast við lánsfjáráætlun, — það er gripið fram í ræðu hans, — þá svarar hann: „Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni hér í dag, að von mundi vera á lánsfjáráætlun að nokkrum vikum liðnum". — Ég endurtek: 5 vikur eru meira en nokkrar vikur. Úr því sem komið er er um margra vikna töf að ræða.

Hæstv. fjmrh. bar fyrir sig einkum tvö vandamál, sem þyrfti að gera grein fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Annars vegar var fjárhagsvandi Fiskveiðasjóðs, sem hann taldi vera margra ára gamlan. Ekki skal ég fjalla í einstaka atriðum um fjárhagsvanda Fiskveiðasjóðs, en ég vek athygli á að þessi fjárhagsvandi Fisk-

veiðasjóðs var ekki meiri fyrir nokkrum mánuðum en svo, að það var varið 100 millj. kr. af svokölluðum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs til að styrkja togaraflotann. Það er nú ráðslag hjá einni ríkisstjórn að greiða 100 millj. kr. út úr sjóði eins og Fiskveiðasjóði, sem á við svo alvarlegan fjárhagsvanda að stríða að ekki er hægt að koma fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár saman vegna þess vanda. Auðvitað var þarna verið að taka ímyndaðan hagnað. Auðvitað var þarna verið að taka af sjóði, sem ekki hafði efni á að láta eina krónu af hendi, til þess að greiða taprekstur útgerðarinnar í landinu, sem er rekin með tapi vegna stjórnarstefnunnar, vegna þess að núverandi stjórnvöld hafa aldrei leyst neinn vanda með öðrum hætti en þeim að ýta honum á undan sér, og það er auðvitað engin lausn.

Hæstv. fjmrh. gaf aðra ástæðu fyrir töf þeirri sem orðið hefur á framlagningu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarinnar. Sú ástæða var, að Landsvirkjun gerði ráð fyrir svo ákaflega miklum orkuframkvæmdum á næsta ári. Nú man ég ekki betur en þessi hæstv. ráðh. og flokksbróðir hans hæstv. iðnrh. hafi hrósað sér af því að síðasta Alþingi hefði markað stórhuga stefnu í orkumálum. Nú er það ekki hrósvert vegna þess að ráðin voru tekin af þessum tveim hæstv. ráðh. um stefnumörkun í orkumálum á síðasta Alþingi. En allavega fannst þeim ekki boginn spenntur þá of hátt og ekki ætti að koma þeim á óvart eftir stefnumörkun Alþingis á s. l. vori að gera þyrfti ráð fyrir þessum orkuframkvæmdum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár. Þeir höfðu nægan tíma til að fjalla um það vandamál og leysa, en það hefur bara ekki verið leyst frekar en önnur verkefni og vandamál sem ríkisstjórnin hefur átt við að glíma. Sannleikurinn er sá, að auðvitað er ríkisstjórnin og einstaka ráðh. nú að fjalla um að það þurfi að fresta ýmsum þeim framkvæmdum sem þeir hafa hrósað sér af áður, að það þurfi að draga á langinn ýmsar þær framvæmdir sem þeir voru aðilar að að tímasetja fyrir aðeins nokkrum mánuðum.

Það eru skýringar á því af hverju fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar kemur ekki fram. Skýringarnar eru blátt áfram þær, að ríkisstjórnin hefur gefist upp á að leysa þau vandamál sem uppi eru þegar slíkar áætlanir eru gerðar. Það er hver höndin upp á móti annarri innan ríkisstj. og ríkisstj. þorir ekki að sýna drög að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hér á Alþingi, til þess að upplýsa ekki hve ómegnug hún er að leysa vandamálin og hve deilur innan ríkisstj. eru á háu stigi að þessu leyti — að svo miklu leyti sem um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hefur yfir höfuð verið fjallað innan ríkisstj. að svo komnu máli.

Það er rétt að það komi hér fram, að burtséð frá fyrirheiti hæstv. fjmrh. um að birta Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. innan nokkurra vikna, en það fyrirheit gaf hann fyrir 5 vikum, er hann skyldur samkv. lögum að leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn. Það stendur í 14. gr. Ólafslaga orðrétt og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Engum blöðum er um það að fletta að þessari skyldu hefur hæstv. fjmrh. brugðist. Þetta eru þó lög sem hann var aðili að að samþ. Hann var ráðh. þegar þessi lög voru sett og ætti því skylda hans til að framfylgja þeim að vera enn ríkari. Jafnvel þegar jafnströng skylda var ekki fyrir hendi, í tíð hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens sem fjmrh., var þessa þó gætt og skal það fram tekið að gefnu tilefni.

Hæstv. fjmrh. sagði að það væri auðvitað ekkert unnið við að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun mjög snemma vegna þess að hún tæki breytingum og vitnaði til þess að meðferð slíkrar áætlunar á síðasta þingi bæri því vitni, en nú er þar til að taka að það var einmitt lélegur undirbúningur þeirrar áætlunar og stefnuleysi og ráðleysi hæstv. fjmrh. og samráðh. hans sem varð þess valdandi hve miklum breytingum sú áætlun tók. Þrátt fyrir að áætlunin fyrir yfirstandandi ár tæki slíkum breytingum og þrátt fyrir að hún væri ekki samþ. fyrr en í aprílmánuði s. l. hefur framkvæmdin orðið slík að áætlaðar erlendar lántökur hafa farið langt fram úr áætlun.

Nú er hæstv. fjmrh. meiri áætlunarsinni en ég, en ég tel þó til góðs að gera sér grein fyrir þróun mála fram í tímann og gera slíka fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, eins og lög um stjórn efnahagsmála gera að skyldu, að minnsta kosti eitt ár fram í tímann. Þessi lög nefna á öðrum stað slíkar áætlanir til þriggja ára fram í tímann, en ríkisstj., sem er arftaki þeirrar vinstri stjórnar sem setti þessi lög hefur aldrei haldið það né farið eftir því.

Ég tel að áætlanir til eins árs séu af hinu góða — en þær missi gjörsamlega marks ef þær eru ekki samþ. fyrr en á nær miðju ári sem þær eiga að gilda fyrir. Það er þess vegna allt sem ber að sama brunni um meðferð hæstv. fjmrh. varðandi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem og önnur þau efni sem hér hafa verið nefnd sem dæmi um fálm, fum og fát núverandi hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Ég skal ekki á þessu stigi blanda mér í þær deilur sem hér hafa komið fram um mismunandi túlkun brbl., um áhrif þess ef þau verða felld eða halda ekki gildi sínu. Ég vil aðeins að gefnu þessu tilefni leggja áherslu á að það er skylda okkar alþm. að gera okkur grein fyrir áhrifum þeirrar lagasetningar sem við ræðum um og greiðum atkvæði um hér á Alþingi og þess vegna er það auðvitað krafa alþm. að nefndir þær sem fjalla um brbl. rannsaki þetta mál og þessi ágreiningsefni til hlítar, þannig að alþm. geti gert sér fulla grein fyrir áhrifum þess sem hér hefur verið deilt um að ætti sér stað við mismunandi afgreiðslu mála á Alþingi.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held að þessar umr., sem hér hafa orðið, séu ekki þess eðlis að ástæða sé til að lengja þær. Síst af öllu ætla ég að fara að þrátta við hv. þm. Geir Hallgrímsson um hversu margar einingar felast í fornafninu nokkur. Ég gæti trúað að ef við tækjum okkur góðan tíma til þess mundi teygjast úr þeim tíma talsvert og mætti færa fram mörg rök á báða bóga, enda veit ég ekki hvort það skiptir öllu í þessu sambandi. Ég vildi hins vegar benda á það, vegna þess sem hann sagði hér áðan, að það er ekki rétt að lánsfjáráætlun hafi tekið miklum breytingum á þingi í fyrra. Ég hygg að hún hafi tekið mjög óverulegum breytingum. En hins vegar voru í lánsfjárlögum allmargar heimildir, eins og verið hefur mörg undanfarin ár, til að takmarka fjárveitingar sem ákveðnar eru í sérlögum og ákveðnar höfðu þá þegar verið í fjárlagafrv. Þessar breytingar voru allmargar og viðamiklar og gera það að verkum að brtt. urðu nokkuð margar við frv. hér í þinginu. En sjálf lánsfjáráætlunin tók satt best að segja sáralitlum breytingum við meðferð Ed. og Nd. á málinu.

Að öðru leyti kom fram í umr. eitt atriði sem mér finnst nauðsynlegt að bæta við nokkrum orðum, en það voru þær upplýsingar, sem fram komu hjá hv. þm. Karvel

Pálmasyni, að aukafjárveitingar á árinu næmu 5—600 millj. kr. Þetta er mjög há upphæð, eins og menn sjá, og ég get staðfest að talan er rétt, en ég vildi biðja menn að hafa í huga að inni í þessari tölu eru allar þær efnahagsráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um á grundvelli laga frá Alþingi. Þá er ég sérstaklega með í huga stórauknar niðurgreiðslur, sem ákveðnar voru í febrúarmánuði s. l., lækkun fjárveitinga til ýmissa mála, en svo aftur hækkun til annarra. Þarna var um að ræða breytingar á fjárlögum, sem sennilega hafa numið milli 300 og 350 millj. kr. og eru því meginþorrinn eða líðlega helmingur af tölunni sem var nefnd áðan. Ég vildi sem sagt ekki að þessi tala kæmist í loftið öðruvísi en þessi viðbótarskýring fylgdi með, því að upphæðin er auðvitað allhá ef menn hafa þetta ekki í huga.

Hins vegar hefur auðvitað orðið á þessu ári eins og endranær að veita allmargar aukafjárveitingar vegna mála sem upp hafa komið á árinu og einnig er það mikill munur á reiknitölunni, sem notuð var í fjárlögum, sem var 33% verðhækkun milli áranna 1981 og 1982, og svo raunverulegri verðbólguþróun milli þessara ára, að ekki hefur auðvitað verið hjá því komist að veita allflestum stofnunum ríkisins nokkrar aukafjárveitingar. Ég hygg að ef þær eru reiknaðar út sem t. d. hlutfall af heildartölu fjárlaga séu þær ekkert meiri á þessu ári en oft hefur áður verið, en þær væru auðvitað miklu meiri ef menn tækju ekki tillit til hinna sérstöku breytinga sem gerðar voru eftir að fjárlög voru afgreidd og vörðuðu stórauknar niðurgreiðslur á árinu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög og ekki láta þær verða almennar umræður um lánsfjáráætlun. Þó verð ég aðeins að víkja að nokkrum atriðum. Hv. 1. þm. Reykv. gerði það þó að nokkru leyti og svaraði því sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. svipað og ég hafði hugsað mér.

Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á að því fer víðs fjarri að málþóf hafi verið á s. l. ári þegar lánsfjáráætlun var til umræðu — eða er hæstv. fjmrh. að halda því fram að þingmenn Sjálfstfl. hafi staðið fyrir málþófi um lánsfjáráætlun frá því í október á árinu 1981 fram til 25. apríl 1982? Ég held að þegar hann athugar dagsetningu á afgreiðslu lánsfjárlaga á þessu ári átti hann sig á því líka að hér var ekki um það að ræða heldur voru lánsfjáráætlunin og lánsfjárlögin svo illa undirbúin, eins og kom réttilega fram í ræðu 1. þm. Reykv., að ríkisstj. treysti sér ekki til þess að ná þeim fram fyrir áramót.

Í svörum ráðh., sem ég þakka fyrir, kom fram það, sem mig grunaði, að ríkisstj. hefur gefist upp við að leggja fram lánsfjáráætlun nú, gefist upp við það nákvæmlega eins og hún hefur gefist upp við að leggja fram sína stefnu í efnahags- og peningamálum með fjárlagafrv. Í staðinn fyrir það er komið með ákveðna reiknitölu, svona til þess að hafa einhverja viðmiðun á hækkun fjárlaga á milli ára, en menn hafa þar gefist upp við að meta stöðu mála. Það er ósköp eðlilegt að þeir hafi gefist upp við það því að þeir vita ekkert hvert þeir stefna, þeir hafa enga stefnu í þessum málum sem öðrum.

En röksemdafærslu hæstv. ráðh. fyrir því hvers vegna lánsfjáráætlun væri ekki lögð fram fyrir áramót og ekki hægt að fá hana afgreidda fyrir áramót er ég algjörlega andvígur. Og ég spyr: Til hvers var þá hæstv. ráðh. að standa að lagasetningu eins og þeirri sem hér hefur verið vikið að, þ. e. lögum nr. 13 frá 1979 um sérstaka stjórn efnahagsmála, þar sem allt þetta er tekið fram sem þeir nú í ríkisstj. brjóta, þ. e. um framlagningu lánsfjáráætlunar og ríkisendurskoðunarskýrslu og allt eftir því? Þetta sýnir að þarna er ekki um annað en pappírsgagn að ræða, eins og á var bent þegar þessi lög voru samþykkt.

Hv. 1. þm. Reykv. vék að þeim atriðum í ræðu hæstv. fjmrh. að vandamálin voru svo víða. Þeir hafa engin úrræði. Þeir verða þar af leiðandi að ýta þessu öllu á undan sér og geta ekki með nokkru móti komið saman lánsfjáráætlun, vilja ekki láta það sjást hversu erfiðleikarnir eru geysilega miklir.

Hér kom fram í ræðu hv. 6. landsk. þm. hvernig umframgreiðslur hafa átt sér stað. Ráðh. staðfesti það hér, að vísu með sínum skýringum. Þetta hefði að sjálfsögðu átt að vera komið á borð alþm. í skýringu frá ríkisendurskoðanda. En hv. 6. landsk. þm. dró þetta í ljós til að sýna með hvaða hætti framkvæmdavaldið færi að. Hér sitjum við, fjárveitingavaldið í landinu, og fáum tilkynningu um hvernig ríkisstjórninni hefur þóknast að samþykkja greiðslur á þessu ári án þess að hingað hafi verið leitað samþykkis né heldur, eins og ég gat um áðan, gerð grein fyrir þessum hlutum eins og á að gera samkv. lögunum frá 1979.

Ég vil mótmæla því sem hv. 6. landsk. þm. sagði í sambandi við afgreiðslu lánsfjáráætlunar í minni tíð sem fjmrh. Lánsfjáráætlunin var lögð fram í fyrsta skipti haustið 1975 í þeirri gerð sem hún er nú í og lánsfjárlög voru ævinlega samþykkt áður en fjárlög voru samþykkt. Það voru allar heimildir, allar tekjuöflunarheimildir, allar lántökuheimildir, samþykktar áður en fjárlögin voru samþykkt. Þetta vil ég að komi skýrt fram.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um lánsfjáráætlunina. Það er skýrt komið fram að ríkisstj. treystist ekki til þess að leggja hana fram og þaðan af síður hugsar hún sér að fá hana afgreidda hér. Það liggur auðvitað ljóst fyrir.

Hv. 11. þm. Reykv., formaður fjh.- og viðskn. Ed., vék nokkuð að þeim atriðum sem ég kom inn á varðandi brbl. Ég var ekki með neinar fullyrðingar, ég túlkaði ekki neinar skoðanir á þeim ummælum eða þeim skoðunum sem fræðimenn hafa á þeim atriðum sem þar er deilt um. Ég var aðeins að sýna fram á með hvaða hætti vinnubrögðin eru. Hér sitjum við og ræðum brbl. sem gefin voru út á s. l. sumri. Það eru fengnir sérfræðingar. Sérfræðingarnir eru ekki á sömu skoðun. Það er vissulega rétt, einsog hæstv. utanrrh. sagði, að lögfræðinga greinir stundum á. Og hann sagði: Þegar þá greinir á leita menn til dómstólanna. — En það kemur oft fyrir að dómararnir eru ekki heldur sammála. Þá ræður auðvitað meirihlutinn þegar um fjölskipaða dóma er að ræða.

Hæstv. utanrrh. er nú fjarverandi. Ég ætla ekki að deila við minn gamla lagakennara um réttaráhrif brbl. En ég get ekki látið hjá líða að benda á, að ég held að ekki hafi gætt sömu sjónarmiða í því sem hann sagði og því sem frá öðrum hefur komið í þessum efnum. Í bréfi sem fjh.- og viðskn. Ed. fékk frá kauplagsnefnd er skýrt tekið fram hver vísitalan sé samkv. útreikningi og hvað sé frá henni dregið samkv. öðrum lögum og samkv. brbl. Ef þau væru felld er það skoðun þess sem talaði á fundi í morgun og, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði, skoðun hagstofustjóra eða þeirra sem hann leitaði til, að þá verði kaupgjaldsvísitala greidd samkv. þeirri framfærsluvísitölu sem kauplagsnefnd hefur reiknað.

En ég er sammála formanni fjh.- og viðskn. Við

skulum að sjálfsögðu bíða eftir niðurstöðum og draga eki ályktanir fyrr. Ég hef ekki verið að gera það. Ég hef ekki lýst minni skoðun á málinu, heldur hef ég verið að benda á hvers konar vinnubrögð hér er um að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til að fara fleiri orðum um þetta. Það hefur verið staðfest hér að hæstv. *ríkisstj.* treystist ekki til að leggja lánsfjáráætlun fram eins og lagaskylda segir til um.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi mótmæla mjög eindregið þeirri staðhæfingu hæstv. fjmrh. að stjórnarandstaða hafi á síðasta þingi með málþófi tafið afgreiðslu lánsfjáráætlunar. Þetta eru mjög ómakleg ummæli, eins og raunar hv. síðasti ræðumaður hefur vikið að. Ég veit að formaður fjh.- og viðskn. Ed. mun staðfesta það með mér að stjórnarandstaðan vann gífurlega mikið starf til að reyna að koma lánsfjáráætlun áleiðis. Við unnum stundum um helgar og héldum marga fundi í hverri viku. Við gerðum allt sem við gátum til að greiða fram úr þeirri flækju sem þar var á. Þar var mikill ágreiningur innan stjórnarliðsins sjálfs, sem við bæði fundum beint í einkaviðræðum og allir vissu um. Það var sök stjórnarsinna sjálfra að þetta dróst.

En reyndar kom hæstv. fjmrh. að mergnum málsins í lok fyrri ræðu sinnar, eftir að hann var búinn að fárast yfir málþófi stjórnarandstöðu. Þá sagði hann: Ja, það væri kannske rétt að geyma að leggja fram lánsfjáráætlunina, því að reynslan sýnir að betra er að hafa lánsfjáráætlunina vel undirbúna. — Hann vissi svo sem sjálfur hver ástæðan var. Hún var óundirbúin þegar hún var lögð fram og nú ætlar hann að hafa hana vel undirbúna og betri en síðast af því að reynslan frá í fyrra sýnir að það er betra. En það er ekki okkar sök svo sannarlega, því við vorum reiðubúnir að mæta hvenær sem var, jafnt um helgar sem aðra daga, til að vinna að því máli. Ég vísa algjörlega þessum staðhæfingum á bug. En þetta var ekki það sem ég aðallega ætlaði að fjalla um.

Fyrsti fundur fjh.- og viðskn. Ed., sem einmitt fjallaði um þetta mál, efnahagsfrv., sem hér hefur mjög borið á góma, og sem jafnframt var raunar fyrsti fundur í nokkurri starfsnefnd þingsins, hygg ég, á þessu þingi, var haldinn fyrir þrem vikum eða hvað það nú er. — Það hafa *engir fundir verið haldnir í nokkurri starfsnefnd þingsins*, fastanefnd, nema til að kjósa formenn og ritara. Svona eru vinnubrögðin. Ég undanskil að sjálfsögðu utanrmn. og fjvn. Þetta er nokkur lýsing á því hvernig stjórnarfarið er í þessu landi. — En á þessum fyrsta fundi vakti ég *athygli á að það væri ekki sæmandi fyrir alþingismenn*, og þá náttúrlega síst þá sem í n. sitja og um málið fjalla, að afgreiða þetta frv. frá sér þannig að ekki væri alveg ljóst hvað í því fælist í einu og öllu. Það var sem sagt kominn upp ágreiningur um hvernig skilja bæri 1. gr. frv., aðalgreinina. Sumir héldu því fram að ef hún yrði felld eftir 1. des. — í þeirra hópi er hæstv. utanrrh., sem hér talaði áðan, — mundi skerðingin samt verða viðvarandi. Aðrir voru með alveg gagnstæða skoðun og þar á meðal skilst mér hagstofustjóri, ef ég hef skilið ummæli hér áðan rétt. Þarna eru tveir fræðimenn og menn sem njóta virðingar á lögfræðisviðinu algjörlega á gagnstæðum skoðunum.

Við skulum láta liggja milli hluta að vinnuveitendur eru ósammála verkalýðssamtökum. Það kemur æðioft fyrir eins og lög gera ráð fyrir. En þeir skýra þetta þó með rökstuðningi hvor á sinn veginn. Ég held að við getum ekki fram hjá því komist, eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson vék raunar að hér áðan, að greiða úr þessari flækju áður en til atkvæða er gengið þannig að allir viti hver niðurstaðan yrði af að fella lögin eða samþykkja.

Eg get sagt það alveg eins og það er, að ég hélt frá upphafi og fram eftir hausti, og ég held að flestir hafi gert það, að það væri alveg ljóst að ef lögin yrðu í gildi í des. væri skerðingin komin til framkvæmda, hún yrði ekki aftur tekin. Þessu hefur nú verið mótmælt og færður fram talsverður rökstuðningur fyrir því gagnstæða, þar á meðal af prófessor Sigurði Líndal í morgun, þó hann vildi ekki fullyrða í því efni. — Ég held að það sé nokkuð saklaust að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sagði frá þessu hér áðan, alla vega er búið að segja frá því og þess vegna skulum við ræða það alveg opinskátt.

Hæstv. utanrrh. sagði að þeir menn sem hugsuðu sér að fella frv. ættu að skoða hug sinn betur ef hans skýring væri ekki rétt. Hann benti á að það væru mismunandi skoðanir og lögfræðinga greindi á og þá yrði leitað til dómstóla — á sínum tíma, bætti hæstv. utanrrh. við. Hvenær rennur sá tími upp? Hvenær mundi hæstaréttardómur vera upp kveðinn? Hvað lengi eiga menn að lifa í óvissunni? Hvenær á að byrja að greiða féð út eða greiða það ekki? Þetta er allt á sömu bókina lært. Og mér dettur ekki í hug með hliðsjón af þeirri reynslu sem við hér á Alþingi og þjóðin öll hefur af þessari ríkisstj., sem frá upphafi var stofnuð og hefur starfað af sviksemi og undirferli, — (Gripið fram í.) Af sviksemi hefur ríkisstjórnin starfað. — að það sé einhver tilviljun að 1. gr. er orðuð svona. Ég ætla að lesa þessa grein, með leyfi forseta, þ. e. 1. mgr.:

„Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. des. 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981."

Það gerðist í morgun, að þessi fræðimaður, sem til var kvaddur og útnefndur af lagadeild Háskólans, greinir frá því að ekki sé hægt að skilja þetta orðalag öðruvísi en svo, að helmingur allra verðbóta á meðan lögin eru í gildi, hvort sem það verði í eitt ár eða tvö eða þrjú eða hve lengi, skuli alltaf niður falla. Þegar ég les þetta, og ég á nú að heita lögfræðingur, get ég ekki heldur lesið neitt annað út úr þessu. En ég skal líka játa að ég gerði mér ekki grein fyrir þessu. Ég gerði mér ekki grein fyrir að þetta væri svona afdráttarlaust orðað. Mér kemur ekki til hugar að það sé af tilviljun sem þetta er svona orðað. Það hefði enginn lögfræðingur orðað þetta með þessum hætti *nema vegna þess að hann ætlaðist til þess að kjaraskerðingarnar héldu áfram* 1. mars, 1. júní, o. s. frv. (**ÓRG:** Er einhver lagagrein þarna sem vitnað er til í þessari málsgrein?) Ég treysti prófessor Sigurði Líndal mjög vel. En ég geri alveg ráð fyrir að það komi upp einhver ágreiningur um þennan skilning líka. En hann er nýr. Þetta hefur fólkið í landinu aldrei fengið að vita. Ekki einu sinni að það væri hugsanlegt að lesa þetta svona.

Þó að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sé ekki lögfræðingur skilur hann íslenskt mál. Það þarf ekki lögfræðing til að lesa út úr þessu annað en það sem þarna stendur. Ef það var meiningin að skilja greinina einhvern veginn öðruvísi ætti a. m. k. að vera einhver greinargerð með eða þá að hæstv. forsrh., sem er gagnorður maður og segir alltaf satt og rétt frá, hefði greint frá því, þó ekki væri nema í einni setningu, hver skilningurinn ætti að vera, þegar hann mælti fyrir frv. Nei, þetta er því miður

allt á sömu bókina lært.

Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega miklu meira á þessu stigi, hefði ekki gert það nema að gefnu tilefni, hefði beðið með það til morguns, þá fáum við þessa grg. En þarna er maðkur í mysunni, það er alveg ljóst. Og við getum ekki verið þekktir fyrir það, hv. alþm., að ganga frá þessari lagasmíð þannig að það sé ekki alveg ljóst hvað í lögunum felst. Við getum ekki farið að vísa þessu máli til einhverrar nefndar, kauplagsnefndar, eða til undirréttar og síðan til Hæstaréttar. Það er ekki sæmandi neinum okkar. Okkur getur greint á um afleiðingar, um efni og annað slíkt, en við verðum að fá að vita, og fólkið í landinu á heimtingu á að fá að vita, hvað sé á seyði, hvað sé í pokanum. Ef það er ekki verið að dylja neitt, ef það var ekki meiningin að ná meira fram með þessari kjaraskerðingu, — því að sumir stjórnarsinnar a. m. k. segja að það þurfi miklu meiri kjaraskerðingar til að bjargast út úr verðbólgunni, — ef það var ekki meiningin að ná þessu fram bakdyramegin, ef þannig má að orði komast, lauma meiri kjaraskerðingum inn, þá verður það líka fram að koma.

En ég sagði áðan, að það væri svo augljóst að mönnum hefði sést yfir 1. mgr. og þar með mér. Það er líka alveg augljóst hvað fyrir stjórnarsinnum vakir. Þeir eru loksins núna búnir að viðurkenna að það megi rjúfa þing og efna til kosninga, þó helst varla fyrr en í apríl. En þeir fást ekki með nokkru lifandi móti, neinir þeirra, til að segja af sér. Hvers vegna ekki? Ósköp einfaldlega vegna þess að þeir ætla sér að sitja á ráðherrastólunum þegar talið verður upp úr kjörkössunum. Þeir ætla að vera þá við völd og vilja þá gjarnan hafa lagaheimildir, þurfa ekkert að leita til Alþingis um eitt eða neitt. Kjaraskerðingin verður í lögum kannske í fjögur ár og á þriggja mánaða fresti. Þeir hafa hana í lögunum, þeir þurfa ekki til eins eða neins að leita. Þess vegna ætla þeir sér að sitja þegar talið verður úr kjörkössunum og þá ætlar hæstv. forsrh. að sjálfsögðu að segja við forseta Íslands: Ja, ég skal víkja þegar komin er meirihlutastjórn, en fyrr ekki. — Þá verður setið til haustsins og stjórnað með tilskipunum. Þetta er það sem fyrir þeim vakir og þetta er það sem allir hafa sagt. Þeir hafa ekkert farið á bak við fólkið. Hv. formenn stjórnarflokkanna, bæði Framsfl. og Alþb., hafa margítrekað að þeir færu út í kosningar til að styrkja fylgi ríkisstj. Þeir hafa aldrei dregið neina dul á það. Og forsrh. hefur að að sjálfsögðu haldið því sama fram frá fyrsta degi, að þeir ætli að sitja út kjörtímabilið. Hann neitar með öllu að segja af sér.

Þetta er líka nokkuð sem fólkið í landinu hlýtur að gera sér grein fyrir alveg á næstu vikum. Þetta laumuspil er það, að það á að framlengja líf þessarar stjórnar með þessum hætti, jafnvel sem minnihlutastjórnar, fyrst til haustsins, með venjulegum bolabrögðum. Það hafa verið bolabrögð frá fyrsta degi og verða auðvitað þangað til þessi ríkisstj. fellur. Ég vona náttúrlega að stjórnarandstæðingar vinni það stóran sigur að stjórnin geti ekki komið í veg fyrir myndun meirihlutastjórnar, eins og þeir sem ráða ferðinni núna gerðu vísvitandi um áramótin '79 og '80. Vísvitandi komu þeir í veg fyrir að hægt væri að mynda heilbrigða meirihlutastjórn. Þannig var að málum unnið. Nú á að reyna það aftur á nýjan leik og stjórna þá bara með tilskipunum til haustsins. — En þetta verður nú allt nánar til umræðu síðar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lauk máli sínu með því að fara að ræða úrslit næstu kosninga og sagðist vonast til þess að stjórnarandstæðingar ynnu þar mikinn sigur. Mig langar til að spyrja hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson hvort sigur Sjálfstfl. í Norðurl. v., ef hann verður að veruleika, verði sigur fyrsta mannsins á listanum, ráðherrans Pálma Jónssonar, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur nú kallað svikara hér í ræðustól Alþingis í dag, eða sigur annars mannsins á listanum, Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það fyrirfram. (**EKJ:** Í fyrsta lagi kallaði ég ráðh. ekki svikara og í öðru lagi hlýtur það að koma á daginn þegar þar að kemur hver sigrar.) Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði að þessi ríkisstj. hefði verið mynduð af svikurum. (**EKJ:** Af svikum og undirferli.) Þeir sem stunda svik eru væntanlega svikarar. Það er almenn málvenja í landinu að þeir sem stundi svik séu svikarar. Eru þeir sem stunda svik eitthvað annað en svikarar? (**EKJ:** Pálmi Jónsson myndaði ekki ríkisstj.) En hann gekk glaður inn í hana og situr glaður í henni. (**EKJ:** Og ætlar ekkert út úr henni.) Nei, hann ætlar ekkert út úr henni og mun sitja í henni þegar hann verður í framboði með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Ég mælist til þess að þeir ræði það á framboðsfundum í Norðurl. v. hvort þessi ríkisstj. hafi verið mynduð af svikurum eða ekki og hvort þeir sem stunduðu svikin séu svikarar eða ekki. Síðan vænti ég þess, að það verði sagt frá því eftir kosningar hvernig þeim orðaskiptum lyktar. Ég ítreka ósk mína um að fá svör við því hvort sigur Sjálfstfl. í Norðurl. v., ef af honum verður, sem er náttúrlega allsendis óvíst, telst sigur fyrir stjórnarandstæðinga eða stjórnarsinna. (**EKJ:** Það kemur á daginn.)

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að enda við að lýsa því áðan að ríkisstj. ætlaði sér að sitja. (Gripið fram í.) Það er alveg nauðsynlegt að ræða við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson. Ræða hans var svo óljós áðan að hana þarf að upplýsa nánar.

Annað atriði, sem er mjög óljóst í þessu, eru sífelldar vangaveltur þingmanna Sjálfstfl. í stjórnarandstöðunni um hvernig beri að túlka 1. gr. brbl. Þessir menn eru fyrir löngu búnir að lýsa því yfir að þeir ætli að greiða atkvæði gegn þessari grein. Nú standa þeir hins vegar upp hér á Alþingi hvað eftir annað og segja: Hvað þýðir hún, hvað þýðir hún og er ekki hægt að fá á hreint hvað hún þýðir? — Hv. þm. Geir Hallgrímsson lagði á það ríka áherslu áðan að menn yrðu að vanda vel meðferð málsins í Alþingi til að fá að vita hvað þessi grein þýddi og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að ítreka það áðan. En mennirnir eru fyrir löngu búnir að lýsa því yfir að þeir ætli að fella hana, hvað svo sem hún þýðir. Þetta er því sérkennilegur málflutningur, satt best að segja. Það kynni þó ekki að vera að þessir hv. þm. væru að leita eftir smugu til að þurfa ekki að vera á móti greininni? Það er alveg sjálfsagt að aðstoða þá við það. Þess vegna hef ég orðið við öllum óskum þeirra sem formaður fjh.- og viðskn. Ed. og leitað mér upplýsinga hjá fjölmörgum aðilum. Ég sé að mennirnir stríða við örvæntingarfulla þörf eftir því að finna einhvers staðar smugu til að geta a. m. k. setið hjá. Það má vel vera að við finnum í sameiningu þessa smugu fyrir hv. þm. Geir Hallgrímsson og Eyjólf Konráð Jónsson í meðferð málsins. Ef það gæti orðið veruleiki getur vel verið að það borgi sig að vera frekar deginum lengur en skemur við að fjalla um

málið, — enda er það greinilegt að engir hafa lagt eins mikla áherslu á að það væru kallaðir til hinir og þessir sérfræðingar í málið og hv. þm. Sjálfstfl. Ég hef orðið við þeim óskum og við höfum unnið vel og dyggilega, eins og við gerum alltaf, félagarnir í fjh.- og viðskn. Ed., við að fjalla um þetta mál.

Hins vegar vil ég vekja athygli félaga míns, hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, á því að einnig stendur í 1. mgr. 1. gr., sem hann var að vitna til áðan: „sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981." Ég ætla ekki að fara að ræða lagaskýringar úr þessum ræðustól, en vek athygli á þessu, sem stendur í lok greinarinnar: „sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981." Hér er einmitt vitnað til greinar í öðrum lögum sem prófessor Sigurður Líndal hafði ekki skoðað áður en hann sagði sitt álit á fundinum í dag aðspurður. Hann bað um frest til að geta skoðað það nánar. Ég ætla hins vegar ekkert að segja hvaða dóm hann kann að fella. Það kemur í ljós.

Hitt er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að því hefur verið marglýst yfir af öllum talsmönnum ríkisstj. í þessu máli að eingöngu hafi verið ætlunin að þessi helmingun ætti sér stað í eitt skipti, — enda var hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson að enda við að lýsa því að hann hefði aldrei fyrr en í dag áttað sig á að um annað gæti verið að ræða. Það sýnir að hann hefur hlýtt vel og rækilega á útskýringar ríkisstj.-liðsins á efnisinnihaldi þessarar lagagreinar. Ef lögfræðingum tekst hins vegar að lesa út úr orðalagi greinarinnar annan skilning, þá hafa einfaldlega orðið lagatæknileg mistök, sem hafa ekkert með efnisinnihald sjálfs málsins að gera. Það verður auðvitað leiðrétt í meðferð þingsins ef það kemur á daginn að orðið hafi lagatæknileg mistök þeirra manna sem fengnir eru til að orða lagatexta fyrir ríkisstjórnir sem og þing. Efnisinnihaldið hefur alltaf verið ljóst og aldrei verið dregið í efa. Þar með svara ég þeirri fsp. sem hv. þm. Karvel Pálmason beindi hér til mín áðan og var aðalhvati þess að ég bað um orðið. — Ég gat hins vegar ekki stillt mig um að vekja athygli á þessari sérkennilegu ræðu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurði mig að því hvort einhverjir nm. í fjh.- og viðskiptanefndum hefðu lýst þeirri skoðun sinni að það ætti að túlka þetta á annan veg en hefur verið hingað til, að þetta væri í eitt skipti. Nú skal ég geta þess, að ég tel ekki eðlileg vinnubrögð hér á Alþingi að ég sem formaður n. sé spurður um það á Alþingi hverju einstakir nm. hafi lýst sem sinni skoðun í n. Það tel ég ekki eðlilegt. Ég tel að viðkomandi nm. eigi að lýsa því sjálfir og alveg ástæðulaust og ekki í samræmi við þingvenjur að hafa formann nefndanna sem einhvern millilið í þeim efnum. Ég vil þess vegna taka það skýrt fram að ég tel það á engan hátt eðlilegt að vera að spyrja formann nefndar meðan þn. starfar hvort nm. hafi lýst hinum og þessum skoðunum meðan n. er að fjalla um málið. Ef við ætluðum að fara að taka upp þau vinnubrögð hér á Alþingi að gefa skýrslu um slíkt gætu nefndastörf orðið mjög erfið. En ég tel að það heyri frekar til undantekninga að hv. þm. Karvel Pálmason ber fram þessa fsp.

Ég minnist þess ekki að nokkur þm. hafi í n. lýst þeim skilningi, að slíka helmingun ætti að endurtaka jafnt og þétt á komandi vísitölutímabilum. Ég minnist ekki að nokkur þm. í n. hafi lýst því að slíkt væri hans skoðun. (**KP:** Enginn vafi neins staðar?) Það hefur enginn þm. lýst þeirri skoðun. Hins vegar hafa þm. hlýtt á þá skýringu, sem fyrst kom fram hjá Þorsteini Pálssyni, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, að *túlka ætti lagagreinina á þann veg að þetta væri endurtekið.* Það er núna held ég u. þ. b. hálfur mánuður síðan Þorsteinn Pálsson lýsti þeirri skoðun á fundi n. En ég vek athygli á að í efnahagsskrá sem Vinnuveitendasambandið gaf út fyrir nokkru um þróun efnahags- og verðlagsmála á næstu mánuðum gerir Vinnuveitendasambandið ekki ráð fyrir að þessi helmingun sé endurtekin 1. mars, heldur gengur Vinnuveitendasambandið út frá því í þeirri efnahagsspá, sem hefur ávallt verið stefna ríkisstj., að þetta eigi sér stað einu sinni. Nm. hafa þess vegna verið að leita álits sérfræðinga eins og Sigurðar Líndals prófessors á því sem einstakir viðmælendur n. hafa sagt, en ekki á skoðunum sem fram hafa komið innan n. Það er alveg á hreinu. Og ég veit ekki til þess að nokkur nm. hafi lýst því sem sinni skoðun að helmingur vísitölubóta ætti að vera síendurtekinn. Þvert á móti. Nm. hafa lýst því yfir, að ef það léki einhver minnsti lagatæknilegi vafi á því að þetta ætti aðeins að gera einu sinni væri nauðsynlegt að breyta orðalagi brbl. þannig að það tæki af öll tvímæli.

Hins vegar verð ég að segja að mér finnst svolítið sérkennilegt að þm. í Nd., bæði hv. þm. Matthías Á. Mathiesen og hv. þm. Karvel Pálmason, flytja í dag hverja ræðuna á fætur annarri um brbl. Þeim er greinilega orðið mál, þm. Nd., að fá þessi brbl. í hendur til að geta um þau fjallað. Vænti ég þess að samstarfsmenn mínir í fjh.- og viðskn. Ed. verði nú samvinnuliprir svo að við getum stuðlað að því allir í sameiningu á næstunni að þessir miklu ákafamenn úr Nd. í umr. um brbl. geti fengið að fjalla um þau. Það er ekki víst að lögin verði á þann veg þegar þau koma til þeirra að það þurfi að vera nokkur vafi um þetta atriði 1. gr. Mér sýnist þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hafa verið að bjóða upp á það í þessum umr. að menn sameinuðust um að flytja brtt. við brbl. og n. stæði þá öll að slíkum brtt.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég þarf varla að svara útúrsnúningum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar öðruvísi en ég gerði úr sæti mínu. Ég sagði að ríkisstj. hefði verið mynduð með svikum og undirferli og við það stend ég. Ég held að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson viti hvernig að því var farið og að því var staðið. Ég sagði ekkert um að hæstv. landbrh. hefði staðið fyrir þeim svikum. Hann gekk síðastur inn í þá ríkisstj. ásamt hæstv. dómsmrh. Það veit allur landslýður. Það þarf ekkert frekar um það að deila.

Ég sagði líka að foringjar beggja stjórnarflokkanna marglýstu því yfir að þeir væru að stefna að kosningum til að styrkja meiri hl. stjórnarinnar, þeir fara ekkert dult með það, og forsrh. gerði það líka. Þess vegna væri keppt að því af þessum þrem aðilum að halda stjórnartaumunum þegar talið er upp úr kössunum til þess að geta haldið þeim áfram og reyna þá að þvælast í stjórn áfram a. m. k. eða hugsanlega ná í einkvers konar flokksbrot með sér til að ná meiri hl. og halda áfram næstu fjögur ár. Þetta er það sem mennirnir segja. Þetta þarf fólkið að skilja. Þess vegna neita þeir alltaf að segja af sér. — Bara rjúfa þing, aldrei að segja af okkur. (**ÓRG:** Hv. þm. Hefur nokkuð annað komið fram frá ráðh. Sjálfstfl.?) Hefur nokkuð annað komið fram? Þeir hafa a. m. k. ekki lýst þessu yfir. Þeir hafa þó kannske ekki lýst yfir því gagnstæða. En við

skulum láta útrætt um þetta í bili.

En ég held því fram, a. m. k. grunar mig það, að það sé engin tilviljun að 1. gr. er svona orðuð, heldur hafi verið reynt að orða hana þannig að hver sem væri gæti lesið út úr henni það sem hann vildi, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gæti lesið út úr henni að kjaraskerðingin ætti bara að vera einu sinni t. d. og að hv. þm. Halldór Ásgrímsson gæti gert sér vonir um að hún yrði eitthvað meiri og oftar. Og ég er nokkurn veginn viss um hver meistarinn er sem þetta samdi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að segja okkur það sem hann sagði áðan, þó að ég dragi fyllilega í efa að uppi hafi ekki verið hugmyndir innan fjh.- og viðskn. frá ákveðnum einstaklingum þar eftir að Þorsteinn Pálsson lýsti þeirri skoðun sinni að hugsanlega væri þetta rétt þó ekki hafi hann lýst því yfir að það ætti að vera svona.

Mér dettur ekki í hug að halda að lagaprófessorinn, sem er sendur á vettvang fjh.- og viðskn. frá Háskólanum, hafi ekki kynnt sér þau gögn sem tiltekin lagagr. fjallaði um — komi bara án þess að hafa undirbúið sig á nokkurn hátt undir að svara því sem var kannske fyrst og fremst vitað um að hann yrði spurður að — þó að ég skilji ósköp vel að hann vilji áður en hann sendir frá sér formlega slíka umsögn fá einhvern tíma til að ganga frá henni. Mér finnst móðgun við lagaprófessor frá Háskólanum að segja að hann komi á fund þingnefndar án þess að hafa kynnt sér þau gögn sem lúta að því máli sem hann er beðinn um að veita umsögn. Tíðkist slíkt í Háskólanum dreg ég enn frekar í efa nauðsyn ýmislegs sem þar kann að eiga sér stað. En nóg um það.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er undrandi á því, — að ég svari ekki fyrir Matthías Á. Mathiesen, en hann hóf þessar umr., — að umr. hefst um slíkt mál. Í mínum huga, og ég hygg a. m. k. í hugum launþega, er það stórt mál hvort kjaraskerðing á verðbótaþætti launa verður bara 1. des. eða hvort hún verður áframhaldandi meðan lögin kunna að gilda. Það er stórt mál í mínum huga þó að hv. 11. þm. Reykv., formanni þingflokks Alþb., þyki það ekki stórt mál eða þess eðlis að það þurfi að ræða fyrir opnum tjöldum á Alþingi. En það er hans hugsun en ekki mín. (**ÓRG:** Nei, nei.) Það þýðir ekki að segja nei, hv. þm., því lýstirðu yfir áðan úr ræðustól, og ég segi við þig eins og þú sagðir við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson: Það er þá eins gott að þú segir eitthvað annað á eftir.

Auðvitað kemur í ljós hvað hér er um að ræða, hvort það eru uppi hugmyndir meðal stjórnarliða, sem að einhverju leyti eru að gæla við það, um að þarna verði ítrekaðar skerðingar. Það hlýtur að koma í ljós. Ég tek undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ef einhver minnsti vafi leikur á að hér sé einvörðungu um að ræða skerðingu 1. des. og ekki meir verður því ótvírætt að breyta. Það getur ekki gengið að það sé látið í veðri vaka og þjóðin öll eða að mestu leyti a. m. k. hafi skilið þessa lagagr. svo, að hér sé einvörðungu um skerðingu að ræða 1. des., en síðan kunni hitt að verða ofan á, að skerðingarnar séu ítrekaðar. Það verður að taka af öll tvímæli. Það er því ekki að nauðsynjalausu að umr. af þessu tagi fer fram á hv. Alþingi. Þetta er slíkt stórmál að þjóðin krefst ábyggilega öll svars við þeim spurningum hvort það sé hér um að ræða slíka meðferð málsins eða ekki. Ég ítreka það, sem ég sagði hér í dag, að ekki hvarflar að mér eitt augnablik að viðbrögð verkalýðsforustunnar, hvar í flokki sem þeir menn kunna að standa sem þar eru í fyrirsvari, forustumanna hennar og launþega almennt í landinu, hefðu ekki orðið miklu harkalegri ef hefði verið ljóst að fyrir þeim sem að þessari lagasmíð standa vekti að skerðingin ætti að vera með þeim hætti sem hér hefur borið á góma, sem ég vona þó að sé ekki.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umr., sem mér finnst eiga betur heima á nefndarfundum í fjh.- og viðskn. Ed. Það er verið að ræða hér sama mál og var til umr. þar í morgun, vegna þess að það var kallað þar á ákveðinn prófessor og hann beðinn um að segja skoðun sína á því hvað mundi gerast ef brbl. yrðu felld. Í framhaldi af því spurðu menn hvernig bæri að skilja ákveðna setningu í 1. gr. Hann svaraði um hæl: Án þess að ég hafi nokkuð athugað það sýnist mér að það beri að skilja hana þannig, en tel að verði að athuga það nánar. — Viðkomandi maður hefur ekki athugað það nánar. Það hefur ekki heldur verið kallað á þá lögfræðinga sem stóðu að þessum texta. Svo standa menn hér upp, maður eftir mann, á Alþingi, hv. þm. Karvel Pálmason o. fl., og beita útúrsnúningum. Ég hélt að það væri betra að nota tíma Sþ. í eitthvað annað.

Það liggur alveg fyrir og það hefur aldrei neitt annað komið fram, að hér er eingöngu um að ræða skerðingu 1. des. Hverjum haldið þið að detti í hug að koma fram fyrir þjóðina og tilkynna ráðstafanir í efnahagsmálum, hvort sem það er forsrh. eða aðrir ráðh. eða þm., en meina allt annað? Halda menn að það sé farið að stunda slík vinnubrögð hér í landinu að menn ætli sér að setja hér lög, hvort sem það eru brbl. eða venjuleg lög, og ætli ekki einu sinni að hafa fyrir því að segja fólkinu í landinu hvað þeir eiga við, að hér eigi að viðhafa helmingsskerðingu á vísitölu jafnvel næstu áratugi eða þar til væntanlegur kosningasigur Sjálfstfl. verður að veruleika, á hvaða áratug sem það verður nú? Er það það sem menn eru að gera skóna hér? Ég skil ekki þessa umr. (Gripið fram í.)

Varðandi það sem hér hefur annars farið fram og þá umr. sem hér fer fram um kjaraskerðingu. Menn tala um að það sé samasemmerki á milli kjaraskerðingar og breytingar á vísitölu. Hefur vísitölukerfið á Íslandi tryggt laun í gegnum tíðina? Hefur það gert að verkum að kaupmáttur launa er sá sem hann er? Þetta kerfi hefur verið í gangi hér síðan 1939 eða í rúm 42 ár og hvað ætli það sé oft þessi 42 ár sem kerfið hefur virkað fullkomlega án þess að nokkurt inngrip hafi verið? Árin eru reyndar bara þrjú, 1945 til 1947. Í átta ár hefur verið skerðing á vísitölunni samkv. lögum. Í 32 ár hefur verið annað inngrip í vísitöluna. Halda menn svo að þetta kerfi geri að verkum að þjóðin býr við þau kjör sem hún býr í dag? Og leyfa sér hvað eftir annað að tala um á Alþingi að það sé kjaraskerðing að skerða þessa vísitölu! Nú eru þm. Sjálfstfl. orðnir bestir í þeirri umr. og hafa algerlega slegið þm. Alþb. út í þeirri speki. Þeir voru þó allgóðir í henni 1977 og 1978. Það er alveg eins og þessir ágætu menn hafi lært ræðurnar þeirra utanbókar. Þetta er rangt. Og það er ósæmilegt af þm. að halda uppi þessari umr. dag eftir dag og ár eftir ár á Alþingi því hún er bæði villandi og ósmekkleg.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þegar hinn dagfarsprúði hv. 3. þm. Austurl., varaformaður Framsfl.,

Halldór Ásgrímsson, hleypir í sig slíkum æsingi sem viðstaddir tóku eftir og efnir til almennrar efnahagsumr. mundu kannske einhverjir láta sér detta í hug: Sök bítur sekan. Að vísu var hann ekki á þingi haustið 1978, en það var hans flokkur sem þá efndi til vinstri stjórnar undir kjörorðinu „Samningana í gildi" og gekk á bak ráðstafana og orða sinna um nauðsyn þess að eitthvað yrði gert í baráttunni gegn verðbólgunni fyrr á árinu 1978. Hann hefur gengið götu blekkinga síðan gagnvart launþegum annars vegar og fyrri heitum hins vegar. Þessi maður talar úr glerhúsi og ætti ekki að efna til almennra efnahagsumræðna af því að sú ríkisstj. sem nú situr hefur brotið ríkisstjórna oftast og mest af sér gagnvart vísitölu og beitt vísitölufölsunum. Og það vil ég segja, að það er allt annað mál að koma beint framan að fólki og gera ákveðnar ráðstafanir og skýra hvað í þeim felst en fara á bak við fólk, eins og núv. ríkisstj. og fyrri vinstri stjórnir hafa gera á fjögurra ára ferli.

Því vildi ég líka bæta við, að þegar menn eru að tala hér um að það sé óeðlilegt að krefjast þess að löggjöf sem samþykkt er eða afgreidd og er til meðferðar hér á Alþingi sé skýr og menn vita hvað átt er við, þegar svo slík krafa er gerð og hún er túlkuð sem svo, að menn séu tilbúnir að standa að því að skerða vísitöluna áfram allt vísitöluútreikningstímabilið á næsta ári, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lét í veðri vaka, tala menn út og suður og eru ekki að tala um málefnið sjálft. Það er ekki að furða þó að þessi brbl. valdi deilum. Það er ekki að furða þótt þau séu túlkuð með mismunandi hætti. Það er bersýnilegt að undirbúningur þessarar löggjafar hefur verið með endemum, þó ekki sé litið á þann undirbúning nema frá lagatæknilegu sjónarmiði og þótt látið sé liggja á milli hluta hver efnistilgangur laganna átti að vera og er. Það þarf ekki að vera með svo lágkúrulegan málflutning sem mér finnst hafa gætt bæði hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og, sem mér kemur nú fremur á óvörum, hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hugsa að það hafi farið fyrir fleiri hv. þm. eins og mér eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, formanns fjh.- og viðskn. Nd., það ég best veit, varaformanns Framsfl., og það sé ekki að ósekju að manni dettur í hug að einhvers staðar innan ríkisstjórnaraðildarinnar séu hugmyndir um frekari kjaraskerðingu. Þessi hv. þm. sagði um stjórnarandstöðuna: Þeir leyfa sér að fullyrða að það sé kjaraskerðing að falsa vísitöluna. (Gripið fram í.) Falsa vísitöluna, já. Það er að falsa vísitöluna að breyta henni með þeim hætti sem núv. hæstv. ríkisstj. gerir og allar ríkisstjórnir í landinu hafa líklega gert.

Ég get verið sammála hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni um að núverandi vísitölukerfi hefur ekki fært launþegum það sem ætlast var til, en hv. þm. hefði átt að bæta við: Hvers vegna hefur það ekki fært þeim það? Það er vegna þess að stjórnvöld hafa alltaf gripið inn í og notað þetta tæki til að skerða launin. Það er þess vegna sem þetta kerfi, sem við búum við og höfum búið við ædilengi, hefur ekki fært launafólki það sem til var ætlast á sínum tíma. Og verkalýðshreyfingin hefur krafist og krefst enn réttlátara verðbótakerfis. Það á ekki að kenna vísitölukerfinu út af fyrir sig um þetta. Þar má um kenna inngripi stjórnvalda hverju sinni og þar á meðal og ekki síst inngripi núv. hæstv. ríkisstj.

En ég vek athygli á því aftur, að það er ekki að ástæðulausu að hv. þm. hefur dottið í hug að einhverjar hugmyndir væru á kreiki hjá hv. þm. stjórnarliðsins um frekari kjaraskerðingar en þær sem út úr brbl. hefur mátt lesa hinað til, sem virðist nú vera að breytast.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir tækifærið til að fá að gera þessa athugasemd.

1. liður hennar er sá, að síðan þessi ríkisstjórn var mynduð hefur vísitölunni verið breytt aðeins tvisvar sinnum vegna löggjafar sem hún hefur beitt sér fyrir. (**GeirH:** En síðustu 4 árin síðan 1978?) Vill ekki hv. þm. Geir Hallgrímsson sýna þá hógværð og trúmennsku sem hann var hér í ræðustól áðan að tala um að væri nauðsynlegt að menn sýndu — eða er samviskan eitthvað farin að naga þm.? Er hann farinn að muna eftir fljótræðinu með febrúarlögin, sem hann þurfti síðan að bæta fyrir með maílögunum af því að hann hafði greinilega ekki hugmynd um hvað var í febrúarlögunum, sem hann sjálfur setti, og þurfti að grípa til þess rétt fyrir kosningar að leiðrétta mestu vitleysurnar í febrúarlögunum? Sjálfur forsætisráðherrann hafði ekki hugmynd um hvað í þeim fólst. Geir Hallgrímsson er eini forsætisráðherrann á Íslandi sem hefur orðið að setja brbl. til að leiðrétta það sem hann hafði ekki einu sinni hugmynd um sjálfur að fælist í eigin lögum. Maílögin 1978 eru vitnisburður um lagasetningu ríkisstjórnar sem gerði sér ekki sjálf grein fyrir hvað fólst í eigin lögum og þurfti rétt fyrir kosningar að grípa til þess að leiðrétta þau með maílögunum. Það voru öll vönduðu vinnubrögðin. Það voru öll heilindin í að gera sjálfum sér og þjóðinni grein fyrir hvað fælist í lagasetningunni. (**GeirH:** Það kom sér vel fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu.) Það kom úr hörðustu átt þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson fer að tala hér um vandaða lagasetningu vegna þess að hann er eini ráðherrann sem hefur orðið að grípa til stórfelldrar brbl. - setningar til að leiðrétta lagasetningu sem hann sjálfur beitti sér fyrir.

En að gefnu tilefni frá Karvel Pálmasyni vildi ég ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að síðan þessi ríkisstjórn var mynduð hefur hún aðeins tvisvar beitt sér fyrir sérstökum breytingum á kaupgjaldsvísitölu frá framfærsluvísitölu. Allar aðrar breytingar, sem gerðar hafa verið á þessu tímabili, eru í samræmi við lög sem Alþfl. gerði að höfuðkröfu sinni á fyrri hluta árs 1979 að væru sett og sem efsti maður á lista Alþfl. í væntanlegum þingkosningum hér í Reykjavík á næsta ári lýsti yfir í útvarpsumræðum á Alþingi að ætti að kenna við Alþfl. (Gripið fram í.) Það er rétt að hv. þm. Alþfl. minnist þess, að allar nema tvær breytingar sem gerðar hafa verið á vísitölu setningu sem forustumenn Alþfl. vilja kenna við Alþfl. og samkvæmt kröfum sem forsvarsmenn Alþfl. settu fram í febrúar- og marsmánuði 1979. Það hefur enginn þm. Alþfl. komið upp í ræðustól á undanförnum árum og lagt til að þessum ákvæðum yrði breytt, ekki einn einasti. (**Gripið fram í:** Því að hafa þau í gildi?) Vegna þess að við féllumst á að þessi lög væru sett höfum við auðvitað látið þau vera í gildi.

Það sem ég er hér að benda á er þessi hræsni og þessi yfirborðsmennska þm. Alþfl. að vera sífellt að hamra hér á sífellum kjaraskerðingum á undanförnum árum þegar þeim er fullvel ljóst að nær allar þessar breytingar nema tvær eru samkv. þeirri lagasetningu sem þeir vilja láta kenna við Alþfl. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram í

þessum umr. hér og að menn geri sér skýra grein fyrir því.

En hitt vil ég svo að lokum láta koma fram, herra forseti, að engan þarf að undra þótt það hvarfli að manni að sú ríka áhersla sem þm. Sjálfstfl., bæði í umr. í dag og á fundum fjh.- og viðskn. undanfarna daga, hafa lagt á hvernig eigi að túlka l. mgr. 1. gr. brbl. og hvernig þeir hafa látið allt snúast um það — á að túlka hana svona eða á að túlka hana hinsegin? — sé undanfari þess að Sjálfstfl. sé að leita eftir möguleika til að breyta fyrri afstöðu til brbl. Það þarf engan að undra þó maður leggi þann pólitíska skilning í alla þá loftfimleika sem hér hafa verið hafðir í frammi af hálfu Sjálfstfl. um túlkun.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 3. þm. Austurl. og hv. 6. landsk. þm. véku hér að vísitölufölsun. Ég held ég fari rétt með að hv. 6. landsk. þm. telur að allar ríkisstjórnir hafi staðið fyrir vísitölufölsun. Þessu mótmæli ég. Ég kannast ekki við að hafa staðið fyrir vísitölufölsun. Ég kannast við að hafa veitt fjármagni á sínum tíma úr ríkissjóði til að hafa áhrif á vísitölu, en ekki til þess að falsa vísitölu.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði að hv. 1. þm. Reykv. væri eini forsætisráðherrann sem hefði orðið að breyta efnahagslöggjöf með brbl. Mig langar til þess að spyrja þennan (**ÓRG:** Vegna þess að hann vissi ekki hvað hann átti að gera.) hv. þm. að því, hversu oft ríkisstjórnir, sem hann hefur stutt og Alþb. núna á fjórum árum, hafi komið með efnahagsmálafrv. til Alþingis til umfjöllunar með eðlilegum hætti, eins og á að gera. Svarið er: Aldrei, aldrei, (**Gripið fram í:** Ævinlega.) aldrei. Ríkisstjórnirnar hafa báðar, bæði vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar og vinstri stjórn Gunnars Thoroddsens, afgreitt efnahagsmálin með brbl. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Þær hafa ýmist beðið eftir því að Alþingi færi heim eða gert ráðstafanirnar rétt áður. Ólafslög voru undantekning í þeim málum og Ólafslög voru nánast ekkert annað en „ritual" sem þeir ráðh. sem þá sátu ætluðu sér að fara eftir, en fóru aldrei eftir, aldrei nokkurn tíma, því að þeir hafa ekki haldið eina einustu grein af lögunum frá 1979. Umræðurnar í dag snúast einmitt um það. Hvað stendur í 14. gr., hvað á að gera og hvað er ekki gert? Við skulum átta okkur á því, að lánsfjáráætlunin hefur aldrei verið afgreidd eins og lögin frá 1979 segja til um. Menn voru gagnrýndir fyrir að þeir voru of seinir áður, en síðan hefur farið með allt öðrum hætti. Ólafslög voru ekki neinar efnahagsráðstafanir. Ólafslög voru rammi um hvernig ætti að stjórna efnahagsmálum, sem menn hafa svo aldrei farið eftir.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt um telst ég víst ekki lengur til Alþfl., heldur til stjórnmálasamtaka sem eru í burðarliðnum. En það, herra forseti, breytir ekki því, að ég tel mér skylt að kannast við fulla ábyrgð á því sem ég hef staðið að hér á mínum ferli, einnig þegar ég taldist til þess sem ég hef sagt skilið við. Ég ber, eins og hv. 11. þm. Reykv., fulla ábyrgð á lögum sem manna á meðal eru kölluð Ólafslög og mér finnst að við ættum báðir að vera menn til að kannast við þá ábyrgð sem við berum á þessum lögum. Að vísu vildu a. m. k. nokkrir í Alþfl. heldur hafa lögin eins og þau litu út þremur vikum áður en þau endanlega voru hér samþykkt, eins og þeir hv. þm. sem þá sátu á Alþingi efalítið muna. Á þeim tíma var flutt till. um að leggja þau lög, eins og þau þá voru, undir þjóðaratkvæði, sem menn efalítið muna einnig. En kjarni málsins er sá, að ég er eiginlega gáttaður á því að hv. 11. þm. Reykv. skuli tala eins og hann gerir og vera að rekja ábyrgð á framkvæmd laga til baka með þeim hætti sem hann gerir.

Þannig er, að eins og þetta kerfi okkar er byggt upp þarf meiri hluta á þessu háa Alþingi sem stendur að ríkisstjórn. Þessi meiri hluti getur breytt lögum hvenær sem er, þar með talinni 14. gr. nefndra laga. En það gerir hann ekki, heldur moðar stöðugt og ruglar á milli og kennir öðrum um ábyrgð á lögum sem hann sjálfur framkvæmir. Þeir stjórnarliðar rugla stöðugt um framkvæmdina á 33. gr. nefndra laga. Ég vil rifja upp, vegna þess að hér nota menn allt of mikið orð eins og heilindi, að þegar átti að fara að framkvæma 33. gr. nefndra Ólafslaga, nefnilega í verðtryggingarmálum, hóf Þjóðviljinn mikla herferð á hendur okkar, sem vissulega áttum frumkvæðið að því að sú grein varð til, um hversu vondir við værum við húsbyggjendur. Einnig gerðist það 1. sept., þegar næsta hækkun átti að koma til, og þá var stjórnarsamstarfið búið. Og þó að það þyrfti að draga einn hv. ráðh. með töngum út úr ríkisstjórninni, eins og menn vita, stóð meiri hluti í mínum gamla flokki allt öðruvísi að þeim málum. En sleppum þeirri hörmungarsögu í bili.

Kjarni málsins er þessi, að í fyrsta lagi eiga menn að kannast við þau lög sem þeir hér samþykkja. Ég geri það, tek fulla ábyrgð á nefndum lögum, og er meira að segja stoltur af, þó ég hefði heldur viljað hafa þau eins og þau voru þremur vikum fyrr. En það er önnur saga.

En í annan stað finnst mér afleitt, og ég nefni til hv. 11. þm. Reykv., sem ég met meira en marga aðra hér, að greiða atkvæði lögum, en kannast svo ekki við þau í framkvæmd, eins og vaxtaklásúlurnar og eins og viðskiptakjaravísitöluna. Þessu hefði meiri hluti getað breytt, sé hann þeirrar skoðunar að viðskiptakjaravísitalan sé röng. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Hann hefði getað breytt því en gerir það ekki. Þeir samþykktu vaxtaklásúlurnar, en réðust stöðugt á framkvæmdina á þeim. Hvernig átti slíkt að ganga? Það gekk ekki. Þeir samþykktu viðskiptakjaraviðmiðunina, en eru nú að ráðast á framkvæmdina á henni og segja: Það er einhver gamall meiri hluti, sem var hér fyrir síðustu kosningar, sem ber ábyrgð á svokallaðri kjaraskerðingu — sem er auðvitað rangnefni eins og hv. 3. þm. Austurl. sagði réttilega áðan.

Það er þetta rugl með hvað er meiri hluti á Alþingi, hverjir setja lögin og hverjir framkvæma þau sem enn brýst fram og nú hjá þeim sem síst skyldi finnst mér satt að segja. Núverandi 4. þm. Reykv. og núverandi hv. 11. þm. Reykv. stóðu báðir að nefndum lögum og eiga báðir að kannast við að hafa gert það. Við getum gert það með mismunandi stolti. Sjálfur er ég stoltur af því, en hv. 11. þm. Reykv. kannske ekki. En þeir orðaleikir, sem hér eru settir upp. Ég rifja upp eina skelfilega afleiðingu þess. Á tveimur næstu vaxtatímabilum samkv. vaxtastefnu Ólafslaga fóru viss stjórnmálasamtök herferð á hendur þeim sem áttu að framkvæma lögin. Hvernig gat þetta gengið? Ég skal greina hv. Alþingi frá því að ég hélt að þetta gengi yfir einu sinni, en þegar það kom fyrir í annað skiptið, þ. e. í september, vissi ég að stjórnarsamstarfinu var lokið, enda dó stjórnin mánuði seinna. Allt er þetta vegna óheiðarleika. Það er ekki heiðarlegt að greiða lögum atkvæði, en neita hins vegar að kannast við efni þeirra, meira að segja að framkvæma þau og skilja

ekki að hlutverk framkvæmdavalds er það eitt að framfylgja lögum sem Alþingi hefur sett.

Enn má rekja veikleika í þessu kerfi til þessa fádæma ruglings. Stöðu sinnar vegna finnst mér að hv. 11. þm. Reykv. sé sá síðasti, eða einn af þeim síðustu, sem megi gera sig enn sekan um þennan rugling. Nefnd grein laganna, sú 33., er staðreynd. Hún var studd meirihlutavilja Alþingis á sínum tíma og hana átti að framkvæma. Það gerðu ekki allir — réðust meira að segja að og kenndu einum aðilanum um þó að þeir væru 40 sem að þessum lögum stæðu — og hafa með því gengið frá þeirri ríkisstjórn sem þá sat. Víst urðu vandræði í mínum gamla flokki, eins og hv. 5. þm. Suðurl. mundi sennilega þekkja hér manna gleggst, en það var aukatriði sem til varð síðar.

Það er kjarni málsins, herra forseti, að þingmeirihluti getur vitaskuld hvenær sem er breytt lögum. Okkar kerfi er þannig uppbyggt, að til þess að standa að ríkisstjórn, fá heimild til að mynda hana og reka hana hér á þinginu, þarf m. a. s. aukinn meiri hluta, 32 þingmenn. Sömu 32 þingmenn geta hvenær sem er breytt lögum. Ef þessir herramenn eru svo mikið á móti viðskiptakjaravísitölunni er þeim hægur vandi að afleggja hana. Það gera þeir ekki. Ef þeim er svo mikið í mun að vextir skuli vera dúndrandi neikvæðir geta þeir breytt 33. gr. nefndra laga. En það gera þeir ekki. Og af hverju gera þeir það ekki? Til að geta þeytt upp þessu viðurstyggilega moldviðri og kennt um þingmeirihluta sem búið er að kjósa burtu. Það eru meira að segja búnar að vera kosningar í millitíðinni. Allt er þetta til þess að geta leikið þessa Heimdallarleiki, þessa stresstöskuleiki, þessa pólitísku leiki staksteinahöfunda á öllum dagblöðunum. Það er þetta. En aukin upplýsing í þessu samfélagi er farin að sjá í gegnum þessa leiki. (**ÓRG:** Sú upplýsing hefur ekki enn náð til þm.) Það er ég hræddur um að hún hafi gert, hv. þm. Það er ég hræddur um að sé nákvæmlega það sem hefur gerst.

Herra forseti. Ég vil aðeins draga saman þessi efnisatriði: Meiri hl. hv. Alþingis getur hvenær sem er breytt lögum. Það gengur ekki að kenna framkvæmd laga þeim meiri hl. sem var til staðar fyrir þremur árum. Ef núverandi meiri hl. vill breyta lögum á hann að vera til staðar, sé það vilji ríkisstj. Og ríkisstj. og þeir sem að henni standa á umfram allt að kannast við framkvæmd þeirra laga sem verið er að framkvæma eða breyta þeim ella. Í því er hin ranga hugsun hv. þm. fólgin.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég trúi því, sem fram hefur komið, að sú kjaraskerðing, sem á að eiga sér stað 1. des., verði bara einu sinni og ef hægt er að túlka brbl., eins og þau liggja fyrir í frumdrögum nú, á annan hátt verði þeim breytt og orðalagið leiðrétt. En ég vil taka undir með hv. 1. þm. Reykv. að auðvitað á sér stað gríðarlega mikil blekking í þessum lögum og blekkingin hefur átt sér stað áður.

Því hefur verið flaggað af hálfu stjórnarliða að hér sé um brbl. að ræða sem berjist að einhverju leyti gegn verðbólgu, að einhverju leyti gegn þeim efnahagsvanda sem steðjar að okkur. Ef vísitölulækkun á almennum launum hefði verið fylgt eftir með samdrætti í innheimtu ríkissjóðstekna hefði ég verið reiðubúinn að taka undir. Það hefði verið barátta gegn verðbólgu og skref í áttina að lausn á efnahagsvandanum. En það er ekki svo. Þess vegna vil ég taka undir með hv. 1. þm. Reykv. að hér er um gífurlega mikinn blekkingarleik að ræða.

Úr því að ekki var staðið þannig að að ríkissjóðstekjur væru lækkaðar jafnframt vísitölunni er vísitöluskerðingin ekki neitt annað en útgjaldasparnaður fyrir stærsta vinnuveitanda þjóðarinnar, sem er ríkið sjálft og sveitarfélögin. Í stað þess að minnka tekjuöflun sína eykur ríkissjóður tekjurnar með því að hækka vörugjaldið. Og það er ekki nóg með það, heldur bætir hún við vöruflokkum í vörugjaldstekjusöfnuninni. Síðan tekur ríkisstj. gengismun af eigendum birgða og með honum er staðið undir fjárfestingarsjóðum og hlaupið undir bagga með togaraflotanum og fiskvinnslunni. Þetta er allt útgjaldasparandi fyrir ríkissjóð, en skaðar að sjálfsögðu eigendur útflutningsafurða. Síðan kemur lækkandi verslunarálagning. Allt er þetta skerðing, bæði fyrir launþega og atvinnurekendur, en tekjuauki eða útgjaldasparnaður ríkissjóðs. Og hverjum er svo hægt að telja trú um að hér sé ekki verið að blekkja? Hér er verið að blekkja.

Ekki er hægt að nota þau orð um þetta frv., sem notuð hafa verið, að það sé vörn eða barátta gegn verðbólgunni eða skref áfram í baráttu gegn efnahagsvanda. Það er svo langt frá því. Þetta er útgjaldasparandi fyrir ríkissjóð. Þarna verður tekjuaukning fyrir ríkissjóð. Síðan á að blekkja ennþá meira og reyna að fá fólk til að trúa því, til þess að þagga niður í verkalýðshreyfingunni, að aukið orlof, viðbótarfrídagar, bæti kjör fólksins, það auki framleiðsluna í landinu. Hvern er ekki verið að blekkja? Það stóreykur erfiðleika heimilanna og aðila vinnumarkaðarins á sama tíma. Þetta þýðir einfaldlega að það eru minnkandi tekjur fyrir fólkið. Minnkandi kaupmáttur og hækkandi vöruverð undirstrikar það sem ég var að segja.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka umburðarlyndi forseta. Það sætir nokkrum tíðindum að hv. þm. Vilmundur Gylfason skuli hætta sér út í umr. hér í Sþ., þar sem hægt er að tala við hann, þó að maður sé búinn að tala sig dauðan áður en að því kemur. Hann hefur hingað til skýlt sér á bak við það að tala bara í Nd. (Gripið fram í.) Það er rétt, en það eru fáir sem þekkja eins mikið veikleikann í málflutningi þínum og ég.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason var að gera mikið úr því áðan að ég hefði minnt á að Alþfl. bæri ábyrgð á 10 breytingum sem gerðar hefðu verið á kauplagsvísitölu frá framfærsluvísitölu síðan þessi ríkisstj. var mynduð. Það var ekki sagt vegna þess að ég væri að hlaupa frá einhverri ábyrgð, hv. þm., það er mesti misskilningur. Formaður Alþfl., varaformaður Alþfl. og formaður þingflokks Alþfl. hafa hvað eftir annað haldið því fram á gagnrýninn hátt í garð þessarar ríkisstj. að hún hafi 12 sinnum gripið inn í vísitölumál síðan hún var mynduð og breytt vísitölu launafólks frá framfærsluvísitölu. Þeir hafa haldið harðar gagnrýnisræður um það. Ég var eingöngu að benda á að Alþfl. ber jafnmikla ábyrgð á 10 þessara breytinga og við. Ég var ekki að hlaupast frá neinni ábyrgð í þessu sambandi. Ég var hins vegar að vekja athygli á flótta forustu Alþfl. frá þessari ábyrgð. Það væri nær að hv. þm. Vilmundur Gylfason beindi spjótum sínum þangað. Ég hef aldrei hlaupist frá þessari ábyrgð, þvert á móti. En ég er hins vegar að benda á þá yfirborðsmennsku forustu Alþfl. að segja að 12—14 breytingar hafi verið gerðar og gagnrýna þær allar, þegar 10 þeirra eru gerðar á grundvelli lagasetningar sem

Alþfl.- menn sjálfir stóðu að og bera sameiginlega ábyrgð á ásamt okkur hinum.

Að lokum, herra forseti. Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur hvað eftir annað sungið sinn vaxtasöng hér í ræðustól. Hverjir voru það sem innleiddu fulla verðtryggingu á sparifé almennings í þessu landi? Var það Alþfl.? Nei. Gerði hv. þm. Vilmundur Gylfason það þegar hann var ráðh. í fjóra mánuði og gat gert það? Nei. Gerði formaður Alþfl. það þegar hann var viðskrh. í fjóra mánuði og gat gert það? Nei. Hverjir voru það sem opnuðu fulla verðtryggingarreikninga í bankakerfinu? Það var þessi hæstv. ríkisstj. Hv. þm. Vilmundur Gylfason ætti að kynna sér það, að þegar á þessu ári hafa hundruð millj. kr. bæst inn í bankakerfið á fullverðtryggðum reikningum, þar sem sérhver sparifjáreigandi í landinu, sem vill geyma fé sitt á fullri verðtryggingu, getur gert það. Það er þessi ríkisstj., með þátttöku Alþb., sem hefur opnað þá leið fyrir almenning í þessu landi, hvern og einn sem vill fara hana. Hv. þm. Vilmundur Gylfason getur labbað í banka strax í fyrramálið og geymt, ef hann vill, fé sitt á fullri verðtryggingu. Þessi ríkisstj. er eina ríkisstj. í landinu sem hefur opnað almenningi möguleika á að geyma fé sitt á fullverðtryggðum reikningum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þetta var einkennileg ræða í framhaldi af umr. um 33. gr. Ólafslaga. En herra forseti. Ég vil vekja athygli á einni lítilli staðreynd, einni ótrúlega ruglingslegri staðreynd, sem gekk fram af munni hv. síðasta ræðumanns og er nú inntakið í því sem ég hef verið að segja í ýmsum myndum í mörg ár. Hann segir: Þegar hann var ráðh. í fjóra mánuði og gat gert það. Í fyrsta lagi sat þá minnihlutastjórn, en í öðru lagi setja ríkisstjórnir ekki lög. Það er það sem ég er að reyna að kenna þessum hv. þm. æ ofan í æ. Það var minnihlutastjórn sem sat — og hvar áttum við að leita bandamanna? Hjá Lúðvík Jósepssyni? (**ÓRG:** Setti þm. ekki sjálfur brbl. meðan hann sat í þessari ríkisstj.?) Koma á raunvöxtum með brbl.? (**ÓRG:** Já.) Það skýrir málið. (Gripið fram í.) Koma á raunvöxtum með brbl.? (**ÓRG:** Því ekki það?) Góð hugmynd að koma á raunvöxtum með brbl. (**Gripið fram í:** Það er það sem hann meinti.) Og enn, herra forseti, verður málflutningur hv. þm. ruglingslegri. Það er þessi grundvallarruglingur sem fram gengur í ótrúlegustu myndum frá allri línunni, hv. þm. Albert, hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. (**ÓRG:** Af hverju setti þm. brbl. þegar hann var ráðh.?) Það voru ein brbl. og það var um kosningar, 2. og 3. des. Þetta er fullkominn útúrsnúningur manns sem eina ferðina enn hefur orðið undir í málflutningi. Hann vildi að ráðh. í minnihlutastjórn setti lög um vexti. Málið er það. (**Forseti:** Ekki samtal.)

Herra forseti. Eina ferðina enn er það undirstrikað svo rækilega hvernig þessir menn, sem sitja á ráðherrafundum með öðrum formönnum þingflokkanna, ræða með hvaða hætti eigi að brjóta lögin í landinu, — ekki breyta þeim, heldur brjóta þau. Ég nefni framkvæmdina á vaxtamálunum og nú kemur hann og segir: Af hverju setti minnihlutastjórn ekki lög á sínum tíma? Fyrst og fremst setur engin ríkisstjórn lög. Og ennfremur, hv. þm., minnihlutastjórn setur enn síður lög. Og ég bið hv. 11. þm. Reykv. að skammast sín nú, segja ekki neitt, koma ekki í pontu, en fara heim og velta þessu fyrir sér, af hverju þessi endalausi ruglingur gengur aftur og aftur fram í þessu máli. (**ÓRG:** Hvaða ríkisstj. opnaði verðtryggðan reikning í bankakerfinu?)

Upphaf að svokölluðum verðtryggingum rekur sig til 33. gr. nefndra Ólafslaga. (**ÓRG:** Því svararðu ekki? Hvaða ríkisstj. opnaði verðtryggðan reikning í bankakerfinu?) Ég er að fara að svara því. Framan af, fyrstu 18 mánuðina, stóð þessi ríkisstj. sig vel í vaxtamálum, en þegar hún byrjaði að svíkja — það eru tæp tvö ár núna síðan það var — byrjaði líka að halla undan fæti fyrir henni. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Ég var að óska eftir því að það sé ekki samtal.) Alveg sjálfsagt að maðurinn tali við sál sína. (**ÓRG:** það er alveg auðheyrt að þm. veit eiginlega ekkert hvað hann er að tala um.)

Herra forseti. Ég kom hér í ræðustól aðeins til að vekja athygli á að hv. 11. þm. Reykv. fann mjög að því að minnihlutastjórn Alþfl., sem sat frá byrjun des. 1979 og til byrjunar febrúarmánaðar 1980, skyldi ekki hafa gefið út lög um vaxtamál. Það er þessi ruglandaháttur sem er meiri skaðvaldur í öllu okkar stjórnkerfi en nokkuð annað. (**ÓRG:** Hefur nokkuð gengið að framkvæma þau lög sem voru í gildi meðan ríkisstj. sat? Átti hún ekki að beita sér fyrir því að lög sem voru í gildi þegar hún sat yrðu þá framkvæmd?) Þannig er að... (Gripið fram í.) (**Forseti:** Ekki samtal.) Í minnihlutastjórn Alþfl. var hv. 2. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson viðskrh. Hann skal alltaf eiga mína virðingu fyrir að hann hefur staðið sig í verðtryggingarmálum, meira að segja þannig að vextir voru snarhækkaðir 1. des. 1979, daginn áður en alþingiskosningar fóru fram. Hinu skal ég greina frá í fullri hreinskilni, að vissulega voru þau ræflarök til í okkar röðum að við skyldum ekki gera þetta fyrir kosningar. En það var gert. Ég hef átt margan ágreining við þennan hv. þm., en ævinlega skal hann eiga mína virðingu fyrir að lögin voru framkvæmd eins og þessar greinar í þeim gefa tilefni til. (**ÓRG:** Minnihlutastjórnin reyndi þá að koma á raunvöxtum eftir allt saman?) Hún framkvæmdi lögin sem voru fyrir. Þessi lög voru samþykkt hér í byrjun apríl 1979. Ríkisstj. á að framkvæma lög. Þetta er enn einn rugluþankinn. Ríkisstj. á að framkvæma lög þangað til meiri hl. Alþingis hefur breytt þeim. (**ÓRG:** Af hverju framkvæmdi hún þau ekki alveg?) Hún gerði það. (**ÓRG:** Nei. Þetta var ekki verðtryggingarhækkun á vöxtum. Það var fyrst þegar þessi ríkisstj. kom og opnaði verðtryggðan reikning sem ...)

Herra forseti. Ég biðst afsökunar, en ég verð augljóslega að setja mig í hlutverk barnaskólakennarans og útskýra fyrir hv. þm. 33. gr. nefndra laga fjallar um áfangahækkanir sem áttu að taka yfir gefið tímabil. Einn áfanginn skyldi koma til framkvæmda 1. des. og þeim áfanga, eins og Seðlabankinn lagði til að hann yrði framkvæmdur, var fylgt í botn daginn fyrir kosningar. Okkur var ljóst að þetta var óvinsæl ráðstöfun sem kynni að svipta okkur einhverjum atkv. En lög eru lög. Sá sem bar ábyrgð á framkvæmd þessara laga var páv. bankamálaráðherra, núv. hv. 2. þm. Reykn., og hann var gagnrýndur mjög. Ég þekki þar gerst til. Og ég stóð með honum í því að þetta skyldi gert með þessum hætti. Hann hefur hvorki hagað sér sem lýðskrumari né lítilmenni í þessum málum, en því miður er ekki hægt að segja þá sögu af öllum hv. þm. Þm. veit ekki hvað stendur í lagagr. Það er alveg augljóst. Hann þekkir það ekki. (**ÓRG:** Þm. veit ekki hvaða reikningar eru í bankakerfinu greinilega.) Ég er ekki að tala um það. (Gripið fram í.) Það er rétt. (**ÓRG:** Hvað er hv. þm. þá að tala um?)

Herra forseti. Það þyrfti að fá túlk til að skilja hvað hv.

þm. er að reyna að segja. Ég kom hér í ræðustól, hæstv. forseti, til að vekja athygli á þeirri litlu aths. hv. 11. þm. Reykv. að hann vékst að minnihlutastjórn Alþfl., sem sat í þrjá mánuði, fyrir að hafa ekki gefið út lög um áhugamál sín. Því miður er þetta ekki mismæli, því að hv. þm. mismælir sig ekki, og því miður er ekki heldur um að ræða að hann vilji segja rangt frá í þessum efnum. Hv. þm. veit ekki betur og hann skilur ekki að þessi stofnun, Alþingi, er til að setja lög. Þeir sem í ríkisstj. sitja eiga að framkvæma þau. Hann skilur það ekki. Hann er liður í þessu ruglaða kerfi, sem öllum þessum skaða hefur valdið, og kom kyrfilega upp um sig með því að finna að því að minnihlutastjórn, sem nýtur ekki trausts meiri hl. Alþingis eins og menn vita, skyldi ekki gefa út lög. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Ekki samtal.) Í fyrsta lagi er það ekki frv., heldur þáltill., og í annan stað bið ég hv. þm. að lesa þskj. og spyrja svo. (Gripið fram í.) Þegar menn verða illa úti í umr., hv. þm. Eyjólfur Konráð, láta þeir eins og 11. þm. Reykv. lætur nú. Hann hóf ræðu sína á því að kvarta yfir því að ég hefði ekki átt við hann orðastað hér í Sþ. Hans vegna og málflutningsins, herra forseti, legg ég til að hann haldi sig í Ed. og ég fái að vera í neðri.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér heyrist ástæða til að fara að ljúka þessari umr., en mér ofbýður alveg framkoma hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar undir umr. Ég er ekki prófessor, það vita menn, í stjórnlagafræði, ég er ekki kennari við Háskólann og ég er lítt lærður, en slík framkoma, eins og hv. þm. sýnir hér í umr. trekk í trekk ekki bara í dag, gengur a. m. k. fram af mér. Ég vek athygli á að það hefði verið ástæða til að sjónvarpa nú frá umr. hér á Alþingi þannig að þjóðin fengi að sjá hvernig þeir haga sér sem framkvæma í raun og veru þá meginkennslu sem menn telja að þjóðlífið eigi að byggja á í framtíðinni. Þetta ætlaði ég ekki að tala um, en mér ofbauð þannig að það varð að komast að.

Það var sagt fyrr í umr. í dag um þetta mikilvæga mál, sem er spurningin um túlkun á 1. gr. brbl., og það var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem vakti athygli á því, að það væri mjög sérstakt að við Nd.-þm. skyldum ræða þetta hér. Ég vil aðeins greina frá því, að eftir að vitneskja barst um ummæli Sigurðar Líndals lagaprófessors á fundi fjh.- og viðskn. í morgun hafa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, Alþýðusambandsins, tekið við sér vegna þessa. Í dag var gengið á fund forsrh. vegna þess að menn töldu þetta svo alvarlegt mál að fá yrði úr því skorið hvaða skilningur væri hér á ferðinni. Það hefði að sjálfsögðu verið ástæða til að slík yfirlýsing kæmi fram í þessum umr., en slík yfirlýsing mun að sjálfsögðu koma fram, það best ég veit, frá hæstv. forsrh. í umr. í Ed. Alþingis þegar málið kemur til 2. umr., að hér sé einvörðungu um að ræða skerðingu 1. des. Komi ekki slík yfirlýsing verður flutt brtt. við lögin þar og af hálfu forsrh. þá. Þetta taldi ég rétt að upplýsa vegna þess að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar litu þetta svo alvarlegum augum að það var strax farið í að kynna sér hvernig málið væri vaxið og við hverju mætti búast.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Aths. mín verður örstutt. Ég tek undir gagnrýni síðasta ræðumanns, hv. þm. Karvels Pálmasonar, varðandi framkomu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. En ég hlýt að vekja athygli á því, að kyndugt er það þegar formælendur núverandi og fyrrverandi svokallaðra A-flokka eru að metast á um það í framíköllum og ræðum hvor þeirra sé meiri og betri málsvari hærri raunávöxtunar fjármagns í landinu. En látum það liggja á milli hluta. Hinu hafði ég meira gaman af, að þessir fulltrúar A-flokkanna, minnugur 1978 og framkomu þeirra þá, voru að metast um hvor þeirra væri meiri kjaraskerðingarflokkur.

Laxveiðar Færeyinga í sjó, þáltill. (þskj. 36). — Frh. einnar umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hefði haft áhuga á að hv. 1. flm. yrði viðstaddur þessa umr.

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir að verða við beiðni minni um daginn og fresta umr. um þessa þáltill., þegar hún var þá til umr., og gefa mér þannig tækifæri til að taka þátt í umr., en ég var staddur erlendis þegar umr. hófst.

Ég tel mér skylt að játa að ég varð mjög undrandi þegar ég sá þessa till. á þskj. 36. Ekki vegna þess að mig undraði að einhver gerði aths. við laxveiði Færeyinga, það fannst mér mjög eðlilegt, heldur vegna þess hve tillagan er harðorð. Þar eru settar fram fullyrðingar sem ekki eru að mínum dómi byggðar á nægilegum rannsóknum. Ég er ekki að segja með þessu, að þær staðhæfingar, sem þarna eru settar fram, hljóti að vera rangar, en að við höfum ekki ennþá þekkingu sem þarf til þess að staðhæfa á þann hátt sem þar er gert vegna þess að rannsóknirnar vanti.

Það tekur þó alveg steininn úr í ræðum hv. 1. flm., þar sem hann kallar athæfi Færeyinga bæði siðlaust og löglaust o. s. frv. Hv. 1. flm. vitnaði í fyrirvara eftir sjálfan sig við umr. um þingmál hér áður, en ég verð að vekja athygli hv. 1. flm. á að orð hans hafa ekki lagagildi í sjálfu sér, þó að þingheimur mótmæli þeim ekki af nenningarleysi eða einhverjum öðrum orsökum.

Það er ekki furða þó að margir Íslendingar eða jafnvel flestir líti tortryggnisaugum til laxveiða Færeyinga. Það hefur orðið alvarlegur aflabrestur á laxi í íslenskum ám á s. l. þremur árum. Ég hef í höndum línurit um laxveiði á stöng, annars vegar meðaltal áranna 1977, 1978 og 1979 og hins vegar veiðina 1981 til samanburðar. Á móti hverjum 100 löxum, sem var meðalveiði á ákveðnum svæðum 1977—1979, er veiðin 1981 úr ánum í kringum Reykjavík 72 laxar, í ánum frá Hvalfirði og vestur um Borgarfjörð og Mýrar 46 laxar á móti 100, úr ánum á Snæfellsnesi og í Hnappadalssýslu og í Dölum 83 á móti 100, ám í Húnavatnssýslum og á Skaga 73 á móti 100, ám í Skagafirði og Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu 46 á móti 100, ám í Norður-Þingeyjarsýslu 36 á móti 100 og ám á Austfjörðum einungis 15 á móti 100. Það er ekki undravert þó að menn líti þetta alvarlegum augum og leiti að skýringunum.

Samkv. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði segir svo: „Eigi má veiða lax í sjó". Þetta er grundvallaratriði í laxveiðilögum okkar. Endurskoðunarnefnd laxveiðilaganna, sem nú er að ljúka störfum, leggur til að þær fáu sjávarveiðilagnir sem heimilaðar hafa verið til þessa verði bannaðar og komi bætur fyrir. Því eru veiðiaðferðir Færeyinga okkur þyrnir í augum. Það réttlætir þó ekki þann tón sem í till. felst né heldur ræður flm.

Færeyingar standa okkur næst allra þjóða, eru næstu grannar okkar, frændur og eina þjóðin í veröldinni þar

sem skilningur á tungu okkar er nokkuð almennur. Þeir verða eins og við að lifa af því landi og af þeim sjó sem forsjónin hefur fengið þeim.

Alþingi hefur alla tíð til þessa viljað ástunda góð samskipti við Færeyinga. Í því skyni ákvað Alþingi fyrir sitt leyti að koma á fót sameiginlegri þingmannanefnd Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga, er vinni að auknu samstarfi. Ég á sæti í þessari nefnd fyrir hönd okkar ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Stefáni Jónssyni og Sverri Hermannssyni. Á fundi sem við áttum 26. okt. s. l. í Kaupmannahöfn með Færeyingum ræddum við að sjálfsögðu þessi laxveiðimál. Ég tel rétt að láta koma fram í þessari umr. þær röksemdir sem Færeyingar höfðu á hraðbergi á þeim fundi.

Þeir lögðu á það áherslu að Íslendingar væru þeirra nánustu frændur og vinir. Færeyingar hefðu alla tíð sótt sér björg í hafið umhverfis eyjarnar og einnig á fjarlæg fiskimið, m. a. við Ísland. Með útfærslu Íslendinga í 200 mílur, svo og landhelgisútfærslu annarra þjóða í kjölfar Íslendinga, hafi mjög stórum hafsvæðum verið lokað fyrir þeim. Þótt Færeyingar hafi gert fiskveiðisamninga við mörg ríki hafi fiskveiðisamningar við Íslendinga verið þeim mjög mikils virði.

Í umr. um laxveiðar sérstaklega tóku þeir skýrt fram og undirstrikuðu að laxinn væri veiddur innan þeirra eigin landhelgi og þeir kváðust ekki stunda rányrkju eins og t. d. Englendingar, Skotar og Norðmenn gerðu að þeirra dómi. Þeir kváðust sannfærðir um að þeir væru ekki að veiða Íslenskan lax og ítrekuðu rétt þjóða til fiskjar sem, eins og þeir orðuðu það, „væri á beit“ við strendur landa þeirra.

Þeir tóku fram, að í þessu máli gæti annar aðilinn þó ekki haft allan rétt og hinn engan. Færeyingar gerðu sér ljóst að við veiðarnar yrðu þeir að haga sér samkvæmt stofnstærð, og þeir minntust á samkomulag um veiðar í Norður-Atlantshafi. Þeir kváðust mundu reyna að eignast sinn eigin laxastofn svo þeir þyrftu ekkert frá öðrum að taka.

Íslendinga báðu þeir að gera sér grein fyrir stöðu Færeyinga í þessu máli og mikilvægi laxveiðanna fyrir þá. Efnahagslega væru veiðarnar orðnar umtalsverður þáttur í heildartekjum þeirra og stunduðu veiðarnar allmörg skip og með því að beina þessum skipum á laxveiðar drægi það úr ásókn í hvers konar botnfisk, sem ætti einnig mjög undir högg að sækja. Vitnuðu þeir síðan í færeyska fiskifræðinga, sem fullyrtu, að stofninn, sem væri á hafbeit við Færeyjar, væri mjög stór og engin hætta væri á ofveiði.

Færeyingar lögðu áherslu á að rannsóknir á laxinum við Færeyjar hefði staðið í mörg ár og íslenskum fiskifræðingum hefði ávallt staðið til boða að fylgjast með þessum laxveiðum. 1300 tonna hámarksafli þeirra hefði byggst á vísindalegum niðurstöðum.

Þeir töldu ennfremur að það gæti haft mjög alvarleg áhrif á samkomulag og samvinnu þjóðanna ef Íslendingar reyndu að þvinga Færeyinga til að draga úr laxveiðum með því að hóta þeim að banna veiðar sem þegar hefðu verið gerðir samningar um.

Þeir héldu jafnframt fram, að þeir gætu haldið laxveiðunum áfram um ókominn tíma og jafnvel aukið þær, en þá mundu þeir að sjálfsögðu að verða að auka seiðasleppingar, sem þeir hafa mikil áform um, og í samræmi við það yrði þessi aukning að verða, ef af henni yrði.

Hins vegar voru þeir inni á því að það þyrfti að auka sameiginlegar vísindalegar rannsóknir á þessum laxveiðum og stórauka merkingar á íslenskum laxi og birta eins fljótt og unnt væri allar niðurstöður um laxveiðar Færeyinga sem byggðu á vísindalegum grunni.

Ég vil taka það fram, að nm. voru sammála um það allir, bæði við og Færeyingarnir, að þetta mál mætti ekki verða til þess að skapa úlfúð með þjóðunum eða stofna vináttu þeirra í hættu. Af hálfu Færeyinga sátu þennan fund Jogvan Sundstein, Atli Dam, Peter Reinert, Agnar Nielsen, Sigurd Juul Jakobsson og Jóhann Djurhuus.

Ég hef í höndum skýrslu, sem Derek Mills og Noel Smart frá Atlantic Salmon Trust gerðu um kynnisför til Færeyja í mars 1982 og ennfremur blaðagrein eftir William Brewster um sömu ferð. International Salmon Foundation sendi nefnd manna til Færeyja til þess að kanna hvort Færeyingar væru að eyðileggja laxveiði annarra. Í þessari ferð tóku þátt Alfred Meister, aðallíffræðingur Atlantic Salmon Commission í Maine, dr. Derek Mills lektor í vatnavistfræði og fiskveiðistjórnun við Edinborgarháskóla, Noel Smart, formaður The Salmon Fishing Association Atlantic og William Brewster frá Plymouth í Massachusetts, sem er stangveiðimaður og stjórnandi International Atlantic Salmon Foundation. Hann hefur stundað laxveiðar víða um heim. M. a. er hann kunnugur í ám á Íslandi. Niðurstaða þessa hóps varð sú, að ekki stafaði hætta af veiðum Færeyinga fyrir laxveiðar annarra þjóða, svo framarlega sem þeir framleiddu lax sjálfir, en fiskirækt hafa þeir mjög á sinni stefnuskrá eins og ég sagði áðan.

Ég vil ekki leggja neinn dóm á þessa skýrslu, hvort hún segi allan sannleikann, ég vil taka það skýrt fram, en ég vil ekki heldur fullyrða að hún sé röng.

Mér sýnist að það sem mest ríður á fyrir okkur Íslendinga sé að ganga úr skugga um hvort eða í hve miklum mæli Færeyingar séu að veiða íslenskan lax. Þetta verður ekki gert nema með stórauknum rannsóknum og merkingum á seiðum. Færeyingar vilja fyrir sitt leyti stuðla að auknum rannsóknum og við Íslendingar verðum að verja til þess fjármunum og mannafla. Við verðum að vinda að þessu bráðan bug. Það eru stórfelldir hagsmunir í húfi. Ef of mikið af þessum laxi er úr íslenskum ám, eins og hv. flm. till. vilja vera láta, er hér virkilega háski á ferðum. En fyrr en við getum sannað það er fásinna að samþykkja svona tillögur og orðbragðið er þannig að það er naumast nokkurn tíma viðeigandi að nota það.

Færeyingar eru, að minni hyggju, fúsir að draga úr laxveiðum fyrir orðastað Íslendinga, fái þeir t. d. auknar veiðiheimildir hér. En það er að vísu þröngt um það. Það getur líka komið til greina, að minni hyggju, að beita hafréttarsáttmálanum svo langt sem hann nær, en því aðeins að við sjálfir, Færeyingar og nágrannaríki okkar viti að þarna sé verið að veiða okkar lax og vinna tjón á okkar ám. Áður en rannsóknir undirbyggja þá sókn held ég að ekki sé grundvöllur til þeirra aðgerða sem farið er fram á með tillögunni.

Embættismannanefnd Norðurlandaráðs um byggðamálefni hefur nú nýlega ákveðið að verja 200 þús. norskum kr. í ár og væntanlega þrjú næstu árin til þess að merkja lax í Vopnafjarðará. Það að embættismannanefndin skuli verja fé í þessu skyni byggist á því að hún telur að vinskapur tveggja norrænna þjóða geti verið í hættu út af laxveiðimálum, svo og mikilvægir byggðahagsmunir. Þrátt fyrir þetta mikilsverða framlag tel ég að

ekki sé nóg að gert, og við Davíð Aðalsteinsson og Guðmundur Bjarnason höfum flutt till. til þál. á þskj. 127 um eflingu rannsókna á laxastofninum. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að nú þegar verði rannsóknir á laxastofninum stóreflda vegna aukinnar sjávarveiði Færeyinga á laxi".

Þessari till. fylgir ítarleg grg. eða nokkuð ítarleg og í henni eru ýmsar tölulegar upplýsingar um þessar veiðar.

Það er lögð áhersla á að hinar auknu laxveiðar Færeyinga hafa átt sér stað samtímis því að laxveiðar hér hafi minnkað hvað tölu laxa snertir og bent á að e. t. v. kunni að vera þarna samband á milli. Á hinn bóginn er líka á það bent, að ekki sé vitað nóg um göngur laxins og hvert hann leiti frá Íslandi. Það er vitað að laxinn okkar leitar líka til Grænlands og veiðist þar. Sjö íslenskum laxamerkjum hefur verið skilað frá Grænlandi og auk þess hefur lax sem merktur var við Vestur-Grænland veiðst í Laxá í Dölum.

Það er bent á það í þessari grg. að vera kunni að fleiri orsakir séu til rýrnandi laxveiði, svo sem vetrar-, vor- og sumarkuldar 1979 og lágur sjávarhiti fyrir Norður- og Austurlandi. Við teljum að það sé mjög mikilvægt að fá betri mynd af því hvernig laxinn ferðast um úthafið. Jafnframt verðum við að ganga úr skugga um í hve miklum mæli nágrannar okkar veiða hann og taka þátt í alþjóðlegri samvinnu þar um.

Það er gert ráð fyrir að þátttökulöndin í rannsóknunum hljóti að standa hvert um sig undir kostnaði við framlag sitt til rannsóknanna.

Í desembermánuði 1981 komu saman í Þórshöfn fiskifræðingar frá upprunalöndum laxins til að semja um áætlun um rannsóknirnar, sem ná bæði til gagnasöfnunar og úrvinnslu gagna. Ennfremur var verkefnum skipt á milli þátttökulandanna. Ísland tekur þátt í þessum rannsóknum og er framlag okkar fólgið í laxaseiðamerkingu, endurheimt merkja og gagnasöfnun um borð í færeyskum laxveiðibátum.

Veiðimálastofnunin sendi, eins og fyrr hefur komið fram við þessa umr., rannsóknarmann til Færeyja í febrúar 1982, sem dvaldist þar í þrjár vikur um borð í laxveiðibáti til gagna- og upplýsingasöfnunar. Ég er ekki viss um að það hafi tekist allt nógu nákvæmlega í þeirri ferð, en vissa vísbendingu gefur að ekki skuli hafa fundist fleira af merkjum en raun varð á.

Það er sem sagt skoðun okkar, sem flytjum þessa till., að það þurfi að efla þessar rannsóknir og niðurstöður rannsóknanna muni verða haldbestu rökin þegar samið er um að draga úr eða stöðva laxveiðar utan upprunalanda laxins og því þurfi að stórauka fjárframlög til þessara rannsókna.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þótt ég þakki hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir þátttöku í þessum umr., þá kemst ég því miður ekki hjá að lýsa vonbrigðum mínum yfir tóninum í ræðu hans, svo að ég noti nú hans orðalag, og þeirri neikvæðu afstöðu, sem mér finnst gæta í orðum hans, og óneitanlega skilningsleysi á alþjóðalögum, og þá sérstaklega efni 66. gr. hafréttarsáttmálans, sem einmitt verður undirritaður eftir örfáa daga, þar sem við væntanlega vinnum endanlega sigra í okkar landhelgisbaráttu. Endanlega, sagði ég. Við eigum að vísu eftir að fylgja fram ýmsum ákvæðum samkomulagsins í hafsbotnsréttindum, einmitt að því er varðar að fá aðra til þess að hlíta sáttmálanum, og þá ekki síst Færeyinga. Um það fjallar einmitt þetta mál.

Það kann að vera rétt að fullar sannanir vanti fyrir því að íslenskur lax sé á Færeyjamiðum þessa stundina. Þar hafa þó fundist íslensk merki og það er enginn vafi á því að þangað hefur íslenskur lax gengið. Mér dettur ekki í hug að halda annað en svo sé. Ég stend við hvert einasta orð, sem ég bæði hef sagt og skrifað um þetta, þar með að þetta sé siðlaust og löglaust athæfi. Það stend ég við. Að orð mín hafi ekki lagagildi er mér fullljóst. En það er nú einu sinni svo, að fyrirvarar nefndarmanna, jafnvel þótt í ræðum séu, og ég á sæti í utanrmn., sem um þann vandræðasamning sem gerður var á s. l. vetri fjallaði, hafa auðvitað ekki lagagildi. En það hefur þýðingu að vitna til þeirra ákvæða, þegar þau eru mælt fram á Alþingi með þeim hætti sem ég gerði, og mér finnst að enginn hv. alþm. eigi að reyna að gera lítið úr því og draga með þeim hætti úr rétti Íslendinga, heldur eigi að standa saman um að halda til haga okkar rétti eins miklum og frekast er unnt að lögum, og ég undirstrika það, að alþjóðalögum.

Víst er það að nánustu frændur okkar og vinir eru Færeyingar. Það er raunar tekið fram í þáltill. Og ég held að það séu ekki margir þm. sem hafa lengur en ég barist fyrir því að auka og bæta samskiptin við Færeyinga. Ég veit ekki til annars en ég hafi stutt hvert einasta réttlætismál þeirra, um veiðiheimildir o. s. frv. En þeim er ekkert gott gert með því að láta þá komast upp með þessi lögbrot, vegna þess að það endar með skelfingu og það getur gerst fyrr en síðar. Það getur verið búið að eyðileggja villta laxastofninn á Atlantshafi innan eins eða tveggja ára og þar með allar íslenskar ár. Og ef Færeyingum verður kennt um það, þá er ég hræddur um að vináttan kynni að kólna. Þess vegna er ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Auðvitað er ég hlynntur rannsóknum. En rannsóknir sem taka kannske 5—10 ár ætla ég ekki að láta mér lynda að sé eina úrræðið. 200 þús. norskar kr. eru vissulega peningur, en það þarf að merkja í miklu, miklu stærri stíl ef eitthvert mark á að taka á endurheimtu merkinga á næstu árum. Þegar veidd eru kannske 1000—1500 tonn af laxinum, 5—10 sinnum meira en fiskast í öllum íslenskum ám, þá sjá menn hve gífurleg rányrkja þetta er.

Auðvitað er ekki allur laxinn upprunninn á Íslandsmiðum. Þess vegna er einmitt í till. gert ráð fyrir því að hafa samstarf við aðrar þjóðir og önnur upprunalönd laxins, sem eiga þessa fiska, alveg upp í landsteina Grænlands. Þeir mega ekki einu sinni fiska með þessum hætti innan 12 mílnanna. Það er alger misskilningur á 66. gr. hafréttarsáttmálans að þeir hafi eitthvað frekari rétt fyrir það að þeir hafi 12 mílna landhelgi eða 200 mílna efnahagslögsögu. Þeir mega ekki veiða þennan fisk, þeir eiga hann ekki. Þeir mega einungis veiða hann eftir samkomulagi við aðra. Upprunaríkin eiga þennan fisk og geta ákveðið aflahámark. Einustu undantekningarnar eru þær, þegar um er að ræða að hefðbundnum veiðum er stofnað í hættu og þar með efnahagslegu öryggi, skulum við segja. Það er orðað „economic dislocation". Það er kannske eitthvað erfitt í þýðingu, en það er einasta undantekningin, og þá á að taka tillit til hagsmunaríkisins, Færeyja í þessu efni. Það er aldrei skylt að gera það annars. Þess vegna er nauðsynlegt að Íslendingar geri sér grein fyrir þessum rétti sem þeir eiga. Og ekki bara rétti, heldur skyldu. Það er líka skylda upprunaþjóða laxins að varðveita stofninn.

Mér er ómögulegt að skilja þau orð hv. þm. að það sé ekki hægt að samþykkja þessa till. vegna orðalags, að mér skildist nánast dónaskapar. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að stöðva rányrkju Færeyinga við veiðar Atlantshafslaxins í efnahagslögsögu sinni og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, sem nauðsynlegt reynist."

Ég tel engan dónaskap í þessu. Það á að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til að stöðva veiðarnar. Það tekur auðvitað svolítinn tíma að gera þessar ráðstafanir. Og auðvitað á að gera það með siðaðra manna hætti í samningum og samkomulagi, með því að segja upp samningnum frá því í vetur ef nauðsyn krefur, hann er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Ég geri mér engar vonir um að þessar veiðar verði stöðvaðar á næsta ári. En ég vonast til að það verði kannske hægt að minnka þær um helming frá því sem er á þessu ári og stöðva þær síðan algerlega innan eins eða tveggja ára, eða kannske að heimila veiðar á 100 tonnum eða þar um bil, sem Færeyingar veiddu áður en þetta urðu alþjóðalög. Þeir byrjuðu þessar veiðar ekki fyrr en það voru orðin alþjóðalög, stendur í 46. gr. Þeir hafa aldrei haft rétt til þess að veiða laxinn. Það er algert hámark, þessi 50—100 tonn, sem þeir veiddu hér í gamla daga.

Öll þessi rök mín eru þegar komin í mínar ræður, greinargerðir, greinar o. s. frv. Nú er farið að kvölda og ég skal þess vegna ekki rekja þetta. En ég bið hv. 1. þm. Norðurl. v. að skoða hug sinn betur og kynna sér málin betur áður en hann heldur því fram að ekki megi samþykkja þessa till. Ég sé ekkert orð, sem gefur tilefni til þeirra ummæla hans, ekki einu sinni í grg. Ég sé ekki annað en hún sé fullkomlega kurteisleg og vel rökstudd. En ég er svo sannarlega til viðræðna um að breyta orðalagi og ræða einhverjar aðrar leiðir en nákvæmlega þessa till. til að hindra þessa rányrkju, þetta siðlausa athæfi Færeyinga, einmitt af því að ég vil vináttu sem mesta við þá, og ég veit að vinátta getur ekki byggst á því að lögbrot séu viðhöfð til þess að ganga á rétt annarra. Þó að við séum auðvitað fyrst og fremst að hugsa um okkar eigin réttindi, að þarna er íslenskur lax, þá erum við líka að hugsa um að varðveita Atlantshafslaxinn í heild, laxastofninn. Þess vegna eigum við að hafa samvinnu við aðra þá sem þennan stofn eiga og samstarf sem best, og þar með Færeyinga. Ef þeim tekst að auka sína laxarækt, sem ég vona og treysti, þá verði það auðvitað til umr. hvort þeir vilja rányrkja sinn eiginn stofn með úthafsveiðum eða veiða innan sinnar efnahagslögsögu. Ég er alveg viss um að þeir vilja það ekki þegar þeir kynnast laxinum meira en þeir þekkja hann nú. Þá verða þeir kannske aðalbandamenn okkar í því að stöðva allar veiðar í sjó, í öllu Atlantshafi. Það er takmarkið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð. En vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns sé ég mig til þess knúinn að segja örfá orð.

Ég er ekki að leggja það til að við beitum aldrei 66. gr. hafréttarsáttmálans. En ég er að leggja það til að við undirbyggjum sóknina með öðrum hætti en gert er samkv. þeirri tillögu sem hér er til umr.

Hv. flm. gerði því skóna að þær rannsóknir, sem ég vil láta fara fram, komi til með að þurfa að standa í 5—10 ár. Ég held að mjög augljós vísbending fáist á miklu skemmri tíma. Hann talaði um að 200 þús. kr. norskar væri of lítið. Það finnst mér líka. Þess vegna flytjum við þessa þáltill. til að reyna að fá íslenskt framlag sérstaklega til þess verkefnis á móti.

Hvað varðar orðalag till., sem mér finnst ekki viðeigandi, þá er þar sett fram fullyrðing um að veiðarnar séu rányrkja. Ég get ekki samþykkt þá fullyrðingu. Og ég vil heldur ekki tala um siðlaust athæfi þrátt fyrir það að ég hafi ýmislegt við veiðar Færeyinga að athuga.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, þá vænti ég þess að fullt samkomulag náist um að gæta hagsmuna Íslands í þessu mikilvæga máli hér innan Alþingis og meðal Íslendinga. Og svo sannarlega set ég ekki fyrir mig breytingu á einu orði. Þó að ég fari ekkert ofan af því að þetta sé rányrkja, þá má auðvitað að sjálfsögðu breyta því og öllu mögulegu öðru. Ég treysti því raunar, að við hv. 1. þm. Norðurl. v. verðum um það er lýkur sammála um aðgerðir sem bera muni árangur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 105). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni, 4. þm. Norðurl. e., að flytja hér frv. til l. til breytingar á umferðarlögum, þess efnis að við 27. gr. laganna bætist ný mgr. sem orðist svo með leyfi forseta:

„Ökuskírteini útgefin af til þess bærum yfirvöldum á Álandseyjum, í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð skulu hér á landi jafngild íslenskum örkuskírteinum."

Í nýlegum gögnum frá Norðurlandaráði mátti lesa það að umr. urðu um þessi mál í samgöngunefnd ráðsins. Þar kom í ljós að Danir, Norðmenn og Svíar hafa nú ákveðið að norræn ökuskírteini skuli þar fullgild og það eins þótt skírteinishafi sé fluttur til viðkomandi lands og hafi tekið sér þar búfestu. Þessi ákvörðun stjórnvalda þar tekur þó ekki til íslenskra ökuskírteina í Danmörku og Svíþjóð. Þar hefur einnig komið fram að tregða Svía til þess að taka gild ökuskírteini frá Íslandi byggist á því, að Íslensk yfirvöld viðurkenna ekki sænsk ökuskírteini einhverra hluta vegna.

Þetta frv. er eingöngu flutt til þess að taka af tvímæli og staðfesta í lögum að ökuskírteini, sem útgefin eru á hinum Norðurlöndunum, séu gild hér. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum í þessari hv. deild hvert starf

hefur verið unnið til að samræma löggjöf á Norðurlöndum og til að vinna að því að réttindi, sem menn ávinna sér í einu Norðurlandanna, séu jafngild á hinum. Það er nú svo og hefur verið um nokkra hríð, að við Íslendingar höfum gjarnan einhverra hluta vegna verið síðastir í þessum efnum til að samþykkja slík réttindi og láta þau taka gildi. Nægir þar að minna á t. d. kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum. Það var núna á s. l. vori fyrst að norrænir menn, hér búsettir, gátu neytt kosningarréttar í þeim kosningum. Hafði slíkt þó tíðkast um hríð annars staðar.

Þetta er tiltölulega lítið mál og raunar stórfurðulegt að íslensk yfirvöld skuli ekki viðurkenna skírteini sem gefin eru út í Svíþjóð. Íslensk ökuskírteini eru viðurkennd mjög víða. Það er mér kunnugt um af reynslu. T. d. í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu eru þau tekin góð og gild þó ekki séu kannske formlegar reglur í gildi um það. Það skýtur þess vegna mjög skökku við að þau skuli ekki vera viðurkennd í Svíþjóð og Danmörku, grannlöndum okkar, vegna þess við við höfum ekki viðurkennt þeirra skírteini. Þetta er ekki stórt mál, en þetta er kannske einn steinninn til viðbótar í þann samstarfsvegg sem Norðurlöndin hafa með sér myndað.

Ég legg til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til allshn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki löngu máli við að bæta ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar, 1. flm. þessa frv. Vil aðeins greina frá því, því að ég á sæti í samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs, að nú á þessu hausti bar þá spurningu í þriðja sinn eftir að ég tók sæti í þessari samgöngumálanefnd upp á fundi með ráðherrum, hvernig á því stæði að Íslendingar væru settir hjá í þessu efni í Danmörku og Svíþjóð. Nú fyrst á nefndarfundinum í haust fengust skýr svör af hálfu Svía um ástæðuna. Hún var einfaldlega sú, að oft hefur verið eftir því rekið við Íslendinga að þeir ætluðu sænskum þegnum þann rétt sem þeir óska af grannþjóðum sínum á Norðurlöndum varðandi ökuskírteini, en því ávallt árum saman verið við borið, að íslensk umferðarlög væru í endurskoðun og senn mundi koma fram heildarfrv. þar sem þessu atriði væri einnig kippt í liðinn.

Þetta hefur dregist sem sagt árum saman, að Alþingi fengi heildarfrv. varðandi umferðarmálin til umfjöllunar. Það er skoðun mín sem og hv. þm. Eiðs Guðnasonar, að okkur sé kostnaðarlítið að breyta þessu eina ákvæði núna, þannig að við þurfum ekki að fara þarna lengur bónleiðir til búðar og æskja réttinda af grönnum okkar, sem við erum þá ekki reiðubúnir jafnframt samtímis til þess að láta þeim í té.

Ég vil ennfremur bæta við þeirri ósk minni, að afgreiðslu málsins verði flýtt hér í Ed. á þann veg, að við getum átt nokkra von í því að næst þegar haldinn verði fundur í samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs þurfum við hv. þm. Eiður Guðnason og ég ekki að standa á þingi Norðurlandaráðs nú í vetur sem óverðugir vonbiðlar þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Lækkun gjalda af fasteignum, frv. (þskj. 137). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Frv. sem ég mæli hér fyrir hefur þann tilgang að draga úr húsnæðiskostnaði á tímum minnkandi kaupmáttar og koma í veg fyrir að greiðslubyrði af íbúðareign eða af húsaleigu aukist vegna þess að fasteignamat hafi verið stórhækkað langt umfram það sem laun hafa hækkað í landinu.

Í auglýsingu frá fjmrh. nr. 634, sem birtist í Stjórnartíðindum 26. nóv. s. l., var gert ráð fyrir því að mat á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 78% á sama tíma og laun hækka um 48%, en annars staðar á landinu yrði þessi hækkun 65%. Þessi mikla hækkun á fasteignamatinu veldur augljóslega mikilli aukningu á húsnæðiskostnaði, bæði hjá þeim sem búa í eigin húsnæði og eins hinum sem leigja íbúðir, því að leigan er líklega oftast bundin við vísitölu húsnæðiskostnaðar. Þessi aukning á greiðslubyrði hlýtur að vera mjög tilfinnanleg á tímum slaknandi og versnandi kaupmáttar. Ég held að öllum alþm. hljóti að vera ljóst að það er ekki góð aðferð að nefnd úti í bæ, jafnvel þó hún heyri undir fjmrh., geti tekið ákvarðanir sem hafi mjög mikla aukningu gjalda í för með sér fyrir fólkið í landinu. Sú hækkun sem hér hefur verið tilkynnt á vegum fjmrn. á fasteignamati mun auðvitað stórhækka gjöld heimilanna, ef hún fær fram að ganga og hið nýja fasteignamat verður nýtt sem gjaldstofn, hvort heldur er í fasteignagjöldum, í eignarskatti, í erfðafjárskatti eða í stimpilgjöldum.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að á árinu 1983 skuli lækka gjaldstofninn, sem notaður er til álagningar, frá hinni auglýstu upphæð sem nemur 20%. Nánar tiltekið er þetta orðað þannig í frv.: "Hvarvetna þar sem í lögum segir, að gjöld eða skattar til ríkis og sveitarfélaga skuli reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamati fasteigna, þar með talið mat fasteigna til eignar vegna álagningar eignarskatts, skal lækka gjaldstofn til álagningarinnar um 20% fyrir þau gjöld og skatta sem reiknast á ársgrundvelli, en frá og með gildistöku laganna til 1. des. 1983 að öðrum kosti," þ. e. yfir það tímabil sem það fasteignamat á að gilda sem nýlega hefur verið auglýst.

Þá er í sömu gr. það ákvæði sem nú skal greina: "Jafnframt er óheimilt að hækka viðkomandi álagningarprósentu á árinu 1983 frá því sem gilti á árinu 1982."

Eins og kom fram hjá mér áðan miðast ýmis gjöld við fasteignamat, gjöld bæði til ríkis og sveitarfélaga. Í grg. er gert ráð fyrir því að svo sé um fasteignagjöld til sveitarfélaga, eignarskatt, erfðafjárskatt og stimpilgjöld til ríkissjóðs. Það má vera að gjöldin séu fleiri, en þetta eru þau gjöld sem flm. er kunnugt um. Samþykkt þessa frv. hefur því bein áhrif á þessa gjaldstofna. Auk þess hefur upphæð fasteignagjalda áhrif á vísitölu húsnæðiskostnaðar. Hækkun fasteignagjalda mundi hafa áhrif á þá vísitölu og þannig auka greiðslubyrði hjá því fólki sem býr í leiguhúsnæði. Meginhækkunin á vísitölu húsnæðiskostnaðar á sér stað 1. apríl ár hvert og þar er fyrst og fremst fasteignagjöldum um að kenna. Undanfarin ár hefur vísitala húsnæðiskostnaðar hækkað allt að 40% á þeim degi. Hún mundi væntanlega hækka miklum mun meira ef það fasteignamat, sem nú hefur verið birt auglýsing um á vegum fjmrn., fengi að nýtast sem gjaldstofn óbreytt.

Kaup launþega hefur hvergi nærri fylgt þessari 65—78% hækkun. Þess vegna verður að teljast eðlilegt að spyrna sérlega fótum við hækkuninni og létta greiðslubyrðina af húsnæði, hvort heldur er um að ræða húsnæði í eigin eign eða leiguhúsnæði. Sú breyting, sem hér er gerð, mundi hafa þau áhrif í för með sér að gjaldstofninn hækkaði um rúmlega 40%, eða réttara sagt 42.4%, í stað þess að hækka um 78%.

Við flm. höfum valið að láta þessa breytingu einungis ná til eins árs, að hafa hana eins einfalda og hugsast getur, þ. e. altæka, en vitaskuld er íhugunarefni sú mismunun í gjaldbyrði sem kemur fram af fasteignum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og í öðrum landshlutum hins vegar. Það er skoðun okkar að þetta ár, sem hér um ræðir, ætti að nota til að athuga þessa gjaldtöku í heild sinni og hyggja að endurskoðun hennar. Hins vegar teljum við algerlega nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög komi til móts við launafólkið í landinu á tímum versnandi kaupmáttar með því að lækka gjaldstofninn þegar á þessu ári um þau 20% sem hér er gerð tillaga um.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs til að vekja athygli hv. þd. á því, að á dagskrá Nd. í dag er frv. til l. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem gengur mjög í sömu átt og það frv. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson var að mæla hér fyrir áðan. Það frv. á þskj. 141 gerir ráð fyrir því, að grunnurinn fyrir álagningu fasteignagjalda verði lækkaður frá því sem útreikningur hjá yfirfasteignamatinu gerir ráð fyrir og að fasteignagjöld hækki ekki meira í Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum en annars staðar á landinu. Það er grundvallaratriði í þessum tillögum, eins og þær koma frá ríkisstj. á þessu þskj., að íbúum þéttbýlisins sé hlíft við því að þurfa að greiða meiri hækkun á fasteignagjöldum en gerist annars staðar á milli áranna 1982 og 1983. Annars vegar var um það að ræða að fasteignagjöld í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi hefðu að óbreyttu hækkað um 78%. En breytingarhugmyndin, sem fram kemur frá ríkisstj. á þessu þskj., gerir ráð fyrir því að um verði að ræða 65% hækkun í mesta lagi.

Nú er það auðvitað þannig, að álagning fasteignagjalda er á valdi sveitarstjórnanna á hverju svæði. Það er gert ráð fyrir því ef ég man rétt í tekjustofnalögunum, að heimilt sé að hækka fasteignagjöldin eða lækka um 25%, þannig að það er nokkurt hlaup í þessu. Og það hlaup stendur eftir sem áður, eins og frv. er úr garði gert frá ríkisstj. Þess vegna geta sveitarfélögin auðvitað farið vægar í sakirnar en að hækka þetta um 65% á milli ára. Hér kemur mjög vel fram sá mismunur á milli byggðarlaga sem iðulega á sér stað og birtist í kostnaði við rekstur húss og heimila þess fólks sem býr hér á þéttbýlissvæðinu. Þetta er þáttur sem mjög sjaldan er tekinn til athugunar og mjög sjaldan minnst á þegar rætt er um byggðamismun í landinu. Hann birtist íbúum þéttbýlisins á þennan hátt vegna þess að markaðurinn hækkar húsnæðið í verði frá því sem er annars staðar í landinu.

Það frv. sem hér er flutt af hálfu ríkisstj. og ég var að nefna snertir eingöngu tekjustofna sveitarfélaga, þ. e. fasteignagjöldin. Það snertir ekki eignarskattinn og ekki þá skatta sem teknir eru til ríkisins, þ. e. erfðafjárskatt og fleiri skatta, sem miðaðir eru við fasteignagjöld. Það er ætlun ríkisstj. að hér komi á borð þm. alveg næstu daga frv. sem snertir þá skatta sem ganga til ríkisins, þ. e. sérstaklega eignarskattinn. Það er raunar tilviljun að þessi frv. fylgjast ekki að. Það var ætlunin að þau fylgdust að svo að menn gætu tekið afstöðu til þeirra beggja, en heppilegra þótti að hafa þetta í tveimur frumvörpum en í einu af lagatæknilegum ástæðum. Fyrir utan eignarskattinn eru það sem sagt stimpilgjöld, sem hreyfast eftir fasteignamati, og sömuleiðis erfðafjárskatturinn að einhverju leyti. Það er aftur mál sem ég hef verið að athuga sérstaklega. Yrði kannske að koma þriðja frv. um erfðafjárskattinn og mundi þá koma hér inn rétt fyrir eða eftir áramótin. Væri í sjálfu sér einfalt að afgreiða það mál hér eftir að þingið hefði markað sína afstöðu með því að afgreiða þær hugmyndir sem hér lúta að tekjustofnum sveitarfélaga og svo eignarskattinum.

Mér heyrist á öllu að það sé góður skilningur á þessu máli hér á hv. Alþingi. Ég vil þar af leiðandi vænta þess, að þessi mál fái afgreiðslu fyrir áramót. Þó að tími sé stuttur og fáir þingdagar eftir til jóla, þá verð ég að fara fram á það, því að frv. þarf helst að verða að lögum, ef það á að gera gagn, eða þær hugmyndir sem hér er um að ræða, áður en menn leggja fasteignaskattana á. En það er venjulega gert í janúarmánuði svo að þetta þarf að fá skjóta meðferð.

Ég þakka hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og hans flokksbræðrum fyrir að hreyfa þessu máli. Mér sýnist að hér sé um að ræða mál sem við eigum að geta hnýtt saman og lokið á þeim fáu þingdögum sem eftir eru til áramóta. Til að undirstrika það kvaddi ég mér hljóðs.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég fagna því að þessi mál hafa verið til meðferðar í ríkisstj. og hér er þó a. m. k. komið frv. sem gengur í þessa átt að því er fasteignagjöldin varðar. Hins vegar sýnist mér að í því felist alls ekki nægileg trygging fyrir launþega, eins og það er úr garði gert af hálfu ríkisstj. Það gerir einungis ráð fyrir því að á höfuðborgarsvæðinu verði ekki meiri hækkun á gjaldstofni en annars staðar á landinu, þ. e. 65%. Ríkisstj. gerir sem sagt ráð fyrir því að hækka gjaldstofninn yfir allt landið um 65% á sama tíma og kaup hækkar um 48%. Tilgangur með okkar frv. var sá að sjá til þess að greiðslubyrði af fasteignum færi ekki hækkandi, miðað við kaup milli áranna, heldur frekar eitthvað lækkandi.

Ég nefndi það að í okkar frv. væri gert ráð fyrir því að gjaldstofninn á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 42%, þ. e. heldur minna en kaup hefur hækkað. Við teljum það nauðsynlegt á þeim tímum sem nú eru, þegar sverfur að í kaupmætti heimilanna og húsnæðiskostnaður er orðinn óheyrilega mikill. Við teljum að á þeim tímum sé nauðsynlegt að ríkið og sveitarfélögin komi nokkuð til móts við launþega.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að kaup var skert um nær 8% hinn 1. des. s. l. Það er byrði sem launþegum er gert að bera. Það hefur hins vegar ekkert komið fram af því tagi að ríkið eða sveitarfélögin taki jafnframt á sig byrðar til þess að mæta þeim erfiðleikum sem þjóðarbúið vissulega á við að stríða. Samþykkt frv. í því formi sem við höfum flutt hér mundi einmitt vera loforð um að ríkið og sveitarfélögin legðu eitthvað af mörkum, kannske ekki stóran skerf samkv. þessu frv. okkar en þó eitthvað,

til að mæta þessum vanda og létta byrðum af launþegunum þegar kaupið hefur verið skert. Við höfum valið að gera þetta með einfaldasta hætti í einu lagafrv., sem er altækt og tekur til þessa gjaldstofns hvarvetna þar sem hann kemur fyrir.

Við höfum enga hugmynd um það — þó að hæstv. félmrh. boðaði hér áðan að flutt yrði eitthvert frv. varðandi eignarskattinn — við höfum enga hugmynd um það hvaða prósentur verði látnar gilda þar. Ég held að það séu langtum betri vinnubrögð og hreinlegra í þessu tilviki að afgreiða þetta mál í einu lagafrv., að því er alla þá hluti varðar sem miðaðir eru við fasteignamat, þannig að launþegar í landinu, íbúðarhúsaeigendur og leigutakar, geti fengið að vita það á einu bretti með hvaða hætti ríkið og sveitarfélögin ætli að koma til móts við þá að því er þetta mál varðar.

Hæstv. félmrh. minntist á að það væri 25% hlaup hjá sveitarfélögunum í álagningarprósentunni. Það er vissulega rétt. En þá vek ég athygli á því, að það sveitarfélag sem hefur verið með venjulega álagningu án 25% álags gæti samkv. frv., eins og það liggur fyrir frá hæstv. félmrh., tvöfaldað fasteignaskattinn milli ára, annars vegar vegna 65% hækkunar á gjaldstofninum sjálfum og hins vegar með 25% álagi. Og þegar það tvennt kæmi saman, þá mundi það þýða 106% hækkun á fasteignaskattinum.

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. þm. hér í deild sjái að á þeim tímum sem nú ríkja, þá er eðlilegt að koma til móts við launafólkið í landinu með þessum hætti, að sveitarfélög og ríki leggi sitt af mörkum og sjái til þess að hækkun þessara gjalda verði minni en kauphækkunin milli ára, og að málið sé afgreitt í einu lagi eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna vænti ég góðs stuðnings við frv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nokkuð óvenjulegt að heyra hér fulltrúa hinna sósíalistísku flokka á Alþingi hvern af öðrum lýsa áhuga sínum á skattalækkunum. Ég verð að lýsa ánægju minni yfir þeim viðhorfum sem í þessu efni hafa komið fram hjá hv. síðasta ræðumanni og hæstv. félmrh. Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því, að það sé full ástæða til að hafa uppi aðgerðir til þess að létta greiðslubyrði íbúðaeigenda. Í upphafi grg. þess frv. sem við nú ræðum stendur feitletrað að tilgangur frv. sé að draga úr húsnæðiskostnaði á tímum minnkandi kaupmáttar og koma í veg fyrir að greiðslubyrði af íbúðareign eða húsaleigu aukist vegna stórhækkaðs fasteignamats, sem er í engu samræmi við þróun launa.

Ég er fullkomlega sammála þessum tilgangi. Ég held að þetta sé nauðsynlegt til þess að treysta möguleika fólks til að eignast, eiga og standa undir eigin íbúðum. En ég þarf ekki að taka það fram, að það er grundvallaratriði í stefnu okkar sjálfstæðismanna í húsnæðismálunum að það sé einmitt á hverjum tíma grundvöllur fyrir því að einstaklingarnir geti komið sér upp þaki yfir höfuðið, staðið undir kostnaði af þeirri framkvæmd af almennum launatekjum og þeim sé ekki íþyngt með sköttum á eigin íbúðir.

Ég skal ekki blanda mér í orðaskipti hæstv. félmrh. og hv. 2. þm. Reykn. um það, með hvaða hætti best verður að vinna að þessu marki, hvort það verður betur gert með einu eða fleiri frv. Það er í raun og veru ekki atriðið, heldur að eitthvað raunhæft gerist í þessum málum í samræmi við þann tilgang, sem lýst hefur verið í frv. því sem við hér ræðum. Þess vegna vænti ég að þetta frv. fái jákvæða meðferð í hv. fjh.- og viðskn., sem ég hygg að frv. verði vísað til. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd og get því ekki komið að þeirri meðferð frv. sem ég hins vegar sé í hendi minni nú að ég hefði getað gert ef málinu hefði verið vísað sem húsnæðismáli til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Fundarsókn þingmanna.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er ekki nóg með að hér sé með fádæmum illa og óstundvíslega mætt, heldur má maður vart heyra til sjálfs sín fyrir skrafi, ysi og þysi og rausi í þessari deild. (**ÓE:** Það þýðir nú ekki að vera að skamma okkur fyrir það.) Skamma hv. þingdeild? Flestir og þar á meðal formaður þingflokks Sjálfstfl. komu langtum of seint til fundar. (**ÓE:** Nokkuð fleira sem forsetinn vill segja?) Já, það mun verða gert í bréfi til þingflokksformanna, þannig að breytt verði út af þessum ósið sem hér viðgengst.

Umræður utan dagskrár.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að hafa gefið leyfi til þess að ég tæki til máls hér utan dagskrár. Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að eins og allir þingmenn vita og a. m. k. allir neytendur hafa orðið varir við, verður hér, eftir að vísitala var skert 1. des., hækkun á landbúnaðarafurðum frá 13 og upp í 21%. Að vísu er þessi prósentutala ekki raunveruleg hækkun til aðila, heldur kemur þarna til að niðurgreiðslur eru ekki auknar. Hins vegar verð ég að lýsa því yfir, að þessar stórfelldu hækkanir vekja slíka ógn og skelfingu almenns launamanns að menn spyrja, og ekki að ósekju, hvað valdi.

Að vísu skal það viðurkennt að það er sjálfvirkt kerfi sem þarna er á ferðinni og fer eftir ákveðnum reglum sem Alþingi eða ríkisstj. kemur ekki nærri nema hvað snertir niðurgreiðslur. Ég held þó að ástæða sé til að staldra ofurlítið við eftir að þessar hækkanir hafa verið tilkynntar á landbúnaðarafurðum. Niðurgreiðslur eru ekki auknar og sjálfsagt er enginn leikur fyrir ríkissjóð að standa í því. Hins vegar hlýtur þessi hækkun, það hefur reynslan sannað, að verða til þess að neysla landbúnaðarafurða minnkar. Þá leitar á mann hvort það sé hyggilegur búskapur að grípa til ráðstafana sem leiða til minnkandi neyslu landbúnaðarafurða innanlands — og mundu þá þýða aukinn útflutning, en á þessu ári mun vera varið tæpum 200 millj. kr. í útflutningsbætur og í drögum að fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir 262.5 millj. kr. útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir. Til

viðbótar þessum rúml. 262 millj. koma síðan 55 millj. röskar upp í lántökur vegna niðurgreiðslna á árunum 1980 og 1981 og reyndar 1982 líka. Síðan mun vera eitthvað þarna úr Byggðasjóði o. fl. Þarna eru komnar útflutningsuppbætur sem nema á fjórða hundrað millj. Það hvarflar því að manni hvort þarna sé hyggilega að málum staðið og hvort enn eigi að auka þær uppbætur sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, svo að menn geti, ef þeir eiga leið um Færeyjar, keypt þar íslenskar landbúnaðarafurðir fyrir hálfvirði þess sem þeir greiða fyrir þær hér.

Ég ætlaði nú ekki að fjalla ítarlega um þessi mál, enda hef ég heimild utan dagskrár fyrir örstuttri athugasemd. Ég vil taka það fram í upphafi, til að menn fari ekki að núa mér því um nasir að ég sé að ofsækja bændur og lítilsvirða og reyna að reyta af þeim kaup og kjör, ég vonast til að svipaður málflutningur og var hér viðhafður í gær verði ekki notaður á mig, ég vil lýsa því yfir að smærri bændur eru ekki ofhaldnir. Það eru menn sem vinna hörðum höndum og út af fyrir sig þarf enginn að sjá ofsjónum yfir því sem þeir bera úr býtum. Á hinn bóginn held ég að allt verðmyndunarkerfið þurfi rækilegrar endurskoðunar við.

Það er töluvert deilt um verðlagsgrundvöllinn í sambandi við Sexmannanefnd. Þar má deila um fjölmarga hluti. Það má deila um það hvort viðhald girðinga og vegabætur eigi að hækka um 12% í des.—mars, hvort heyhleðsluvagnar eða heyvinnsluvélar eigi að hækka á þessu tímabili í verði. Ég fer ekki út í það. Mér virðist að Sexmannanefnd sé nokkurs konar sjálfsafgreiðsluklúbbur, þar sem fulltrúar neytenda eru ekki með neina starfsmenn eða aðstöðu til þess að kanna þann grundvöll sem notaður er. Nú tek ég það fram að ég held að það hættulegasta sé ekki að kaup bóndans hækkar um 11%. Af kostnaðarhækkun rekstrarliða í verðlagsgrundvellinum, hvað snertir búið, eru 7.72 70 vísitöluhækkun, hitt er hækkun á ýmsum rekstrarvörum sem má deila talsvert um. En sleppum því.

Ég held að á liðunum vinnslu og dreifingu sé allur tilkostnaður himingnæfandi og þar sé öllu frekar séð um hag viðkomandi stofnana en smábændanna sjálfra. Það vekur nokkra furðu og liggur reyndar fyrir í Árbók landbúnaðarins að sláturhúsakostnaður á Íslandi er þrisvar sinnum meiri en á Nýja-Sjálandi, og er þó kaup hærra á Nýja-Sjálandi heldur en á Íslandi. Þetta má lesa í Árbók landbúnaðarins frá 1980 í sambandi við kynningarferð sem til Nýja-Sjálands var farin. Ég held að neytendahópur eða fulltrúar í Sexmannanefnd þyrftu að hafa aðstöðu til að kynna sér það kerfi sem þarna er á ferðinni. Þarna koma sláturhús, mjólkurstöðvar og dreifingarkostnaður inn í.

Það vekur t. d. nokkra furðu að álagning á kjöti í smásölu skuli hækkuð sérstaklega 1. des., á sama tíma og verið er að skerða vísitöluna. Ég verð nú að segja að ég skil hreinlega ekki þessa pólitík.

Það vekur líka meira en litla furðu að þrátt fyrir þessar miklu hækkanir og þennan gífurlega sláturhúsakostnað, sem menn geta ekki skilgreint í samanburði við önnur lönd, er þó álitið að við stöndum þeim á flestum sviðum ekki tæknilega að baki, enda hafa einstakir bændafulltrúar, hv. þm., lýst undrun sinni á þessu.

Þetta margflókna kerfi, sem ég fer ekki hér út í, felst í því svo eitt dæmi sé tekið, að lagt er á verðmiðlunargjald. Um það hefur Framleiðsluráð sjálfdæmi. Það er 18 aurar á hvern mjólkurlítra og er lagt á sérstaklega. Þar af fær mjólkurstöð á Akureyri 9 aura af hverjum mjólkurlítra, sem seldur er, vegna þess hvað hann er stór og dýr. Maður hlýtur að spyrja hvað valdi því að svona hlutir fái að dansa ár eftir ár í kerfinu. Og ég leyfi mér að fullyrða og gæti fært að því rök við betra tækifæri, að ýmis atriði önnur þyrftu ekki síður ítarlega athugun.

Það væri full ástæða til að taka fjölmörg önnur dæmi inn í þetta. Ég hef t. d. nokkra vissu fyrir því að krafa frá fulltrúum bænda, sem fór ekki í gegn núna, um verulega hækkun á sláturhúsakostnaði komi inn í verðlag 1. mars. Ég lýsi vantrú minni á það verðmyndunarkerfi sem þarna á sér stað og held að það þurfi fullrar endurskoðunar við. Ég er ekki að ráðast á einstaka bændur eða telja þá of haldna. En ég verð þó að segja að ég tel það orka mjög tvímælis að takmarka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir, sem kannske orsakar svo auknar útflutningsbætur. Ætli það sé ekki réttara að greiða frekar niður mat í landsmenn sjálfa en í útlendinga?

Sexmannanefnd fær engu um það ráðið hvort framleiddir eru ostar eða einhverjar aðrar landbúnaðarafurðir sem seldar eru erlendis á verði sem ekki dugir fyrir vinnslu- og dreifingarkostnaði. Þetta er sjálfvirkt kerfi sem neytendur og ríkisvald hafa að mínum dómi allt of lítil afskipti af. Ég viðurkenni að landbúnaðarmál eru víðast hvar ákaflega mikið vandamál, offramleiðsla er mikill vandi. En ég verð að segja það að þessi hækkun hafði þau áhrif á mig að mér datt í hug gömul saga sem ég heyrði einu sinni. Hún var um hrossaprangara vestur á Snæfellsnesi. Hann þótti ansi snjall í sínu hestaprangi, hann kembdi sín hross vel og þau voru svo gljáandi að það stirndi á þau. Þó þau væru orðin þrettán vetra þá var hægt að segja þau kannske átta eða níu. Og það var kannske ekki frítt við það að sett væri pipar eða sinnep undir taglið, til þess að viðkomandi hross léti ófriðlega.

Þessi ágæti hrossakaupmaður var einhvern tíma spurður hvernig hann kynni við þetta starf, þessa verslunarhætti. Hann sagði: Ég kann nú nokkuð vel við þetta. En það sáminnkar í manni þetta göfuga.

Ég verð nú að segja að þegar maður á að fara að styðja svona hluti, þá sáminnkar í manni sjálfum þetta göfuga.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. hefur gert hér að umtalsefni verðhækkun á búvöru nú 1. des. og það verðlagningarkerfi sem unnið er eftir við þessar verðákvarðanir.

Svo sem kunnugt er þá er verð á landbúnaðarafurðum ákveðið samkvæmt framleiðsluráðslögum. Á grundvelli þeirra laga starfar svokölluð Sexmannanefnd, skipuð þremur fulltrúum framleiðenda og þremur fulltrúum neytenda. Sexmannanefnd tekur ákvörðun um hækkun verðlagsgrundvallar landbúnaðarins hverju sinni og reiknar síðan út samkvæmt því smásöluverð og útsöluverð á einstökum vörutegundum, en hefur þá einnig tekið ákvörðun um hækkun á smásölukostnaði og vinnslu og heildsölukostnaði búvara.

Við þá verðákvörðun sem gerð var 1. des. hækkaði verðgrundvöllurinn um 10.96% og útsöluverð á einstökum vörutegundum hækkaði, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að, um 12—21%. Það er ósköp eðlilegt að ýmsum hnykki nokkuð við við þessa miklu verðhækkun á búvörum. En skýringarnar eru nokkrar augljósar sem þarf að taka með í reikninginn.

Fyrst er rétt að geta þess, sem raunar kom fram hjá hv.

7. þm. Reykv., að launaliður bóndans hækkar ekki meira en hjá almennum launþega, eða um 7.72%. Sömu sögu er að segja um laun í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara. Á hinn bóginn verkar það mjög á útsöluverðið að að þessu sinni eru niðurgreiðslur ekki auknar. Ef niðurgreiðslur hefðu verið auknar til þess að mæta hlutfallslega þeirri verðhækkun sem hér varð hefðu þær þurft að aukast sem svarar um 30% af grundvallarhækkuninni, eða sem svarar um 240 millj. kr. á ársgrundvelli. Það var ekki gert ráð fyrir þeirri hækkun niðurgreiðslna nú og ekki gert ráð fyrir þeirri hækkun í fjárlögum þessa árs. En við þetta skekkist útkoman þannig, að hlutfallshækkanir í útsölu verða til muna meiri en hækkun verðgrundvallarins, sem er hækkun án allra niðurgreiðslna.

Ég veit að hv. fyrirspyrjandi er nákvæmlega inni í þessu og þarf ekki að fara um það mörgum orðum. En þetta er meginorsökin til þess að niðurgreidd vara, t. d. mjólk, sem fær á sig grundvallarhækkun um 10.96%, hækkar um 16.2% í útsölu vegna þess að heildarverðhækkunin kemur niður í útsölu á niðurgreitt verð, og niðurgreiðslur eru ekki auknar.

Ég dreg ekkert úr því að þessar verðhækkanir valda áhyggjum. Þær eiga sinn þátt í því að auka þá erfiðleika sem við er að fást í þjóðfélaginu. En við höfum ekki fundið ráð til að koma í veg fyrir þessar verðhækkanir á búvörum ef við ætlum að halda hlut bændanna nokkurn veginn til jafns við hlut annarra landsmanna í því verðbólguskriði sem yfir þjóðfélagið gengur.

Ef við lítum aðeins á hvernig þessar verðhækkanir hafa komið út eftir einstökum vörutegundum þá sjáum við að ýmsar vörur hafa hækkað meira en matvörur. Ef við til að mynda lítum á þær tölur, sem lagðar eru til grundvallar í vísitölu framfærslukostnaðar, og sjáum hver hefur orðið breytingin frá því í febrúarbyrjun 1981 þangað til í nóv. 1982, en þær tölur eru lagðar til grundvallar þeirri verðhækkun á búvöru sem er ákveðin 1. des., þá sjáum við að matvörur í heild hafa hækkað um 105%. (**HBl:** Síðan hvenær?) Frá jan. 1981 til nóv. 1982. En landbúnaðarvörur hafa hækkað minna en matvörur í heild. Þannig hafa t. d. kjöt og kjötvörur hækkað um 98% á sama tímabili og mjólk og mjólkurvörur, feitmeti og egg um 95%. Á hinn bóginn hafa til að mynda ávextir hækkað um 165% og ýmsar aðrar vörur hafa hækkað til muna meira á þessu tímabili en matvörur. Þannig hafa til að mynda ýmsir þjónustuliðir, svo sem hiti og rafmagn, hækkað um 175%. Fargjöld og flutningsgjöld ýmiss konar hafa hækkað um 153%. Þannig hafa fjölmargir kostnaðarliðir við rekstur heimilis hækkað til muna meira á þessu tímabili heldur en matvörur og verulega meira en búvörur.

Sexmannanefnd, sem tekur ákvörðun um verðlagningu landbúnaðarvara, fær sínar upplýsingar frá Hagstofu Íslands. Að þessu sinni var farið nákvæmlega eftir þeim upplýsingum sem Hagstofa Íslands gaf. Mér hefur ekki boðið í grun að vefengd væru gögn frá Hagstofu Íslands og ég hygg að það sé heldur ekki í þessu tilviki. Þá hefur það einnig gerst við þessa verðákvörðun, sem raunar oft áður, að Sexmannanefnd hefur orðið sammála um niðurstöðu. Þar eru, eins og áður segir, fulltrúar bæði af hálfu neytenda og framleiðenda. Í þeim gögnum sem fyrir liggja og þeim ákvörðunum sem teknar eru af fulltrúum, sem gæta eiga hags bæði neytenda og framleiðenda, er ekki, a. m. k. að komið verður auga á í fljótu bragði, að finna neitt það er gefur tilefni til tortryggni þess efnis, að þarna sé farið umfram það sem rétt er og réttmætt. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að eftir að lög um verðlagsaðhald, sem sett voru í apríl 1981, féllu úr gildi um síðustu áramót hefur ekki verið talin nein nauðsyn að bera ákvarðanir Sexmannanefndar undir ríkisstj. til staðfestingar. Það var ekki gert að þessu sinni, en ég hafði samband við einstaka ráðh. um þá niðurstöðu sem hér var um að tefla, þar á meðal um það, hvort ástæða væri til að taka málið upp á þeim grundvelli að til greina kæmi að auka niðurgreiðslur að þessu sinni.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði að útflutningsuppbætur á þessu ári væru 200 millj. kr. (**Gripið fram í:** Tæpar.) Tæpar, já. Hið rétta er að útflutningsbótarétturinn, réttur landbúnaðarins til útflutningsbóta er á þessu ári 192.6 millj. kr., sem er 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarins, og er það byggt á niðurstöðum Hagstofu Íslands um þetta efni. Ekki liggur neitt fyrir um það endanlega hver útflutningsbótaþörfin verður. Það er búið að greiða reikninga sem nema um 175 millj. kr. Nokkrir reikningar eru enn í kerfinu, en það er a. m. k. ekki í mínum huga neitt sem stefnir í það að farið verði fram á fjárhæð sem er meira en þetta að þessu sinni og engar óskir um nýjar lántökur til að mæta þörfum landbúnaðarins vegna halla á útflutningi að þessu sinni.

Á hinn bóginn er það rétt, að vegna mikilla vandkvæða á síðustu árum hafa verið tekin lán til þess að mæta því sem vantað hefur á útflutningsuppbætur og af þeim sökum leggjast baggar á ríkissjóð, sem hér var tekið fram af hv. málshefjanda í þessari umr. Þetta hafa menn vitaskuld gert með opin augun, en þessar fjárhæðir vaxa auðvitað í þeirri verðbólgu sem hjá okkur ríkir.

Ég get ekki sagt um það á þessari stundu hver útflutningsbótaþörfin verður á næsta ári. Það liggur hins vegar fyrir að mjólkurframleiðslan er í svipuðu horfi og verið hefur í þrjú ár og það liggur fyrir að verulegur samdráttur hefur orðið í sauðfjárafurðaframleiðslu. Á s. l. hausti varð dilkakjötsframleiðslan um 11 500 tonn og kjöt af fullorðnu rúmlega 2 100 tonn, en þetta er um 700 tonnum minni framleiðsla heldur en var árið á undan. Það liggur jafnframt fyrir að í haust varð veruleg fækkun á sauðfjárstofninum, sem og varð á árinu á undan. Á þessu stigi er auðvitað ekkert hægt að segja til um það, hver þörf verður fyrir útflutningsbætur til að mæta framleiðslu þessa verðlagsárs til 31. ágúst n. k., en það er ljóst að framleiðslan hefur dregist saman. Það hefur verið að því stefnt m. a. til þess að draga úr hinni miklu útflutningsbótaþörf.

Hér var rætt um sláturkostnað. Ég hef látið það í ljós fyrr að sláturkostnaður er hár hér á landi. Hann er til muna hærri en til að mynda eins og sagt var á Nýja-Sjálandi. Það er m. a. vegna þess að sláturtíð stendur skamman tíma hér á landi, eða venjulega 2—3 mánuði, og við höfum verið að byggja upp sláturhúsin með nýjum og fullkomnum mannvirkjum til þess að mæta kröfum markaðarins, bæði innanlands og utan, og höfum orðið að taka á okkur allstífar kvaðir til þess að geta staðist þær kröfur sem til okkar eru gerðar á erlendum markaði. Ég vil hins vegar minna á að á síðasta hausti hækkaði sláturkostnaður um 48.4% frá árinu á undan, sem er þó minna en til að mynda launahækkun varð á sama tímabili, en hækkun launaliðar í verðlagsgrundvelli var um 54.2% og verðlagsgrundvöllurinn hækkaði í heild í kringum 54% á milli ára. Þarna varð því um minni

hækkun að ræða á sláturkostnaðinum s. l. haust heldur en á verðlagsgrundvellinum í heild.

Ég gat þess í umr. hér fyrr á þessu þingi að ég teldi að það gæti verið full ástæða til þess að setja að nýju nefnd til að kanna sláturkostnaðinn. Það var gert fyrir verðlagninguna 1981 og ég get ítrekað það hér, að ég mun íhuga hvort ekki sé ástæða til að láta slíka athugun fara fram.

Í athugun sem gerð var fyrir verðlagninguna 1981 kemur fram að þyngstu liðirnir í slátur- og heildsölukostnaði eru laun og launatengd gjöld, sem eru milli 20 og 30% af heildinni, og heildsölukostnaður, sem er innan við 20%. Það er til sundurliðuð athugun á sláturkostnaðinum, sem er rúmlega eins árs gömul, og það kann að vera ástæða til að gera slíka athugun að nýju og leita að leiðum til að spara í þessum milliliðakostnaði.

Ég tek undir það með hv. 7. þm. Reykv. að ég undraðist kannske nokkuð við þessa verðlagningu að hækkun á smásöluálagningu á kjöti varð meiri en heildsöluverðshækkun og verðlagsgrundvallarhækkun. En það er ljóst að Sexmannanefnd hafði vald til þess að ákveða þetta og hún var sammála. Ég gerði að vissu leyti athugasemd við þennan lið. En á það hefur verið bent að smásöluaðilar, þ. e. kaupmenn, telja að þeir geti ekki lagt nægilega vinnu og aðstöðu í smásöluverslunina með kjöt og kjötvörur eins og þarf til að sinna þessari vöru. Þessi rök hafa að einhverju leyti verið tekin til greina.

Ég vil ekki fara hér út í ítarlegar umr. um það kerfi sem starfað er eftir. Því kerfi er ætlað að tryggja bændum sambærilegar tekjur eins og verkamönnum og sjómönnum. Það hefur ekki nálægt því alltaf tekist og hefur stundum vantað mjög á að svo hafi verið. Í stefnuyfirlýsingum ríkisstj. hefur verið að því vikið að hafnar verði viðræður um athugun á þessu kerfi, en því hefur jafnframt verið lýst yfir í stefnuyfirlýsingum ríkisstj., og þá á ég við till. til þál. um stefnu í landbúnaði, að það verði byggt á framleiðsluráðslögum, það verði byggt á því að bændur hafi sambærilegar tekjur eins og þær stéttir, sem laun þeirra eða tekjur hafa verið miðaðar við, og það verði byggt á því að útflutningsbótarétturinn haldi sér. Þetta kemur fram í þeim stefnuyfirlýsingum, sem frá ríkisstj. hafa komið, og ég vænti þess að eftir því verði starfað.

Á hinn bóginn er ljóst að kerfi af þessu tagi er þess efnis, að það þarf sífelldrar athugunar við. Það eru margir krókar í því og kimar, sem getur þurft að athuga, og að því er sjálfsagt að starfa.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Bragð er að þá barnið finnur. Nú er loksins komið svo, að formaður Verkamannasambandsins getur ekki lengur orða bundist yfir þeirri dýrtíðarstefnu, sem ríkisstj. hefur haldið uppi í landinu og er í stórum dráttum rekin annars vegar á kostnað launþega og hins vegar á kostnað fyrirtækjanna, og svo er ávísað til framtíðarinnar með vaxandi skuldasöfnun erlendis.

Það er öldungis rétt hjá hæstv. landbrh., að hækkunin á landbúnaðarvörunum varð svo mikil sem raun ber vitni 1. des. vegna þess að ríkissjóður treysti sér ekki til að halda uppi sömu niðurgreiðslum að verðmæti eins og áður. Þó felst í brbl. að skattheimta í landinu er verulega aukin. Í þessum sömu lögum og gerðu ráð fyrir skerðingunni á kaupgjaldinu. Við skulum aðeins rifja upp hver var skerðing kaupgjaldsins. Af hverjum 10 kr., sem vörur hækkuðu um frá 1. ágúst til 1. nóv., voru teknar af launþegum 5.60 kr. Þeir fengu að halda 4.40 kr. af hverjum 10. Þetta er allmikil fórn. Og í ljósi þess ástands, sem er í þjóðfélaginu, er kannske virðingarvert að Alþýðusamband Íslands skuli m. a. segja í ályktun sinni frá 29. nóv., með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandsstjórnarfundur ASÍ tekur undir samþykkt miðstjórnar frá 22. ágúst, sem fundurinn telur rétt viðbrögð við afskiptum stjórnvalda. Sambandsstjórn telur að við núverandi aðstæður sé ekki raunhæft að efna til andófs vegna brbl. en ítrekar þá afstöðu miðstjórnar, að verkalýðshreyfingin hlýtur að hafa fyllsta fyrirvara og áskilja sér allan rétt."

Samtímis því sem þessi ályktun er gerð er lögð fram verðbólguspá Alþýðusambands Íslands, þar sem gengið er út frá 60% verðbólgu. (Gripið fram í.) Ja, Alþýðusambandið gerir ekki athugasemd við það. Sýnir það betur en allt annað að Alþýðusambandið hefur ekki uppi neina viðleitni til þess að knýja á um breytta efnahagsstefnu í þá veru að verðbólgunni verði komið niður og lífskjörin vernduð á næsta ári. Þetta er ekki lítil fórn, sem verkalýðurinn hefur fært á árinu 1982.

Hæstv. landbrh. talar í þeim tón, að það sé svo sem ekkert til að óskapast út af þótt kjöt hafi hækkað um 98% á þessu ári og mjólk um 95%. Og af hverju vex honum það ekki í augum? Vegna þess að aðrar matvörur hafa hækkað miklu meir, miklu meir. Hann nefnir dæmi um það að ávextir hafi hækkað um 165% og segir að ýmsar aðrar vörur, sem séu stór liður í neyslu heimilanna, hafi hækkað til muna meir. Hiti og rafmagn segir hann að hafi hækkað um 175% á árinu, ég er með tölur um það. Það má vera að hitinn sé eitthvað minni. Rafmagn hefur hækkað um 125% á þessu ári! Ég bið afsökunar, ég skildi þig svo að það væri á þessu ári. (Gripið fram í.) Já, ég tók rangt eftir. Og hitaveita hefur hækkað á þessu ári um 97.8%. Voru þessar tölur miðaðar við 1981 allar? (**Landbrh.:** Frá 1. jan. 1981 til nóv. 1982). Þá biðst ég afsökunar. Mér blöskruðu þessar tölur. En það hlaut raunar að vera að það væri lengra tímabil. En eigi að síður er þessi hækkun mjög veruleg.

Það hefur komið fram að fasteignamat allra eigna mun hækka um 77% á þessu ári, sem mun þýða hlutfallslega jafnmikla hækkun fasteignagjalda, að ég ætla, á næsta ári miðað við að sveitarfélögin noti heimildir sínar með sama hætti.

Þetta er nú enn athyglisverðara raunar en tölurnar bera með sér, þessi hækkun um 98%, 95% og 165%, fyrst miðað er við 1. jan. 1981, vegna þess að gífurlegar hækkanir á öllum hlutum áttu sér stað í desembermánuði 1980. Og það er raunar líka rétt, að engin verðkönnun fór fram fyrstu dagana í jan. á því ári, þannig að allar þær hækkanir sem samþykktar voru 31. des. 1981 voru reiknaðar til janúarverðs, það er staðreynd. Þessar hækkanir eru því raunverulega mun meiri en þetta.

Ég var ekki viðbúinn þessum umr., mér þykir slæmt að ég skuli ekki geta gert samsvarandi spá um matvörur á þessu ári. Ég tók vitlaust eftir, en rafmagn hefur sem sagt hækkað um 125% í Reykjavík og hitaveitan um 97,8% á þessu ári og það er ekki lítið. Það vekur líka athygli að 56% af bensínhækkuninni á dögunum renna beint í ríkissjóð. Þetta ber því allt að sama brunni. Meginþunginn af þessum ráðstöfunum er lagður á herðar launþeganna og það er kannske eðlilegt þegar svo er komið, að atvinnuvegirnir eru ekki aflögufærir og þau miklu

fyrirheit sem m. a. hæstv. sjútvrh. gaf útgerðarmönnum, þegar þeir lögðu skipum sínum í byrjun sept., hafa reynst blekking tóm og yfirklór. Enn liggur ekki fyrir með hvaða hætti skuldbreytingin verður. Svo er að sjá sem til stöðvunar flotans kunni að koma jafnvel nú í jólamánuði, í síðasta lagi eftir áramótin.

Samkvæmt nýjustu spám Þjóðhagsstofnunar verður hækkun verðbólgunnar 62% frá 1. febr. 1981 til 1. febr. 1982, 64% frá 1. maí 1981 til 1. maí 1982, 63% frá 1. ágúst 1981 til 1. ágúst 1982. Meðalhækkun frá fyrra ári er 60—63% og frá upphafi til loka árs er hér gert ráð fyrir 53—56% hækkun. En miðað við fyrri spár Þjóðhagsstofnunar verður að ætla að hækkunin verði raunverulega meiri, þar sem Þjóðhagsstofnun hefur jafnan verið varkár í sínum verðbólguspám. Það er því algerlega augljóst að kaupskerðingin núna gefur ekki fyrirheit um að ávinningur náist í efnahagsmálunum. Og það er út af fyrir sig alvarlegur hlutur þegar slík fórn er færð til einskis. Ef við berum þá gífurlegu kaupskerðingu sem nú er orðin saman við febrúarlögin 1978, sem hæstv. félmrh. skrifaði sig hásan út af — (**Félmrh.:** Skrifaði hann sig hásan?) Ég sagði að hann hefði skrifað sig hásan, já. Heyrði félmrh. rangt? (**Félmrh.:** Skrifað sig hásan?) Ég sagði það. Félmrh. hefur lag á því. Það eru nú ekki allir sem geta skrifað sig hása. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki svo. Og efndi til Alþingis götunnar út af. Ef við förum aftur til þess tíma og hugsum okkur að Ólafslög hefðu verið í gildi frá sólstöðusamningum til 1. mars 1978, hefði kjaraskerðingin samkv. þeim lögum ekki þurft að verða nema 1—2. Það sýnir muninn. Nú er hún tíföld.

Það hefur löngum verið vísað til þess, að Íslendingar hafi átt erfitt með að stjórna málum sínum í góðæri, og hefur áþreifanlega sannast á síðustu árum í stjórnartíð þessarar hæstv. ríkisstj. Fram undan er erfitt tímabil og krafan um að til stjórnarskipta komi verður æ háværari og bergmálar af flokksþingum bæði Framsfl. og Alþb. Það er kannske ekki nema von. Ef við athugum kaupmátt kauptaxta kemur í ljós að hann skerðist um 4.9% 1980, um 1% 1981, stóð í stað á mesta góðæri sem yfir okkur hefur gengið og á næsta ári er spáð að kaupmáttur kauptaxta muni enn rýrna um 7%. Það er miðað við framfærsluvísitölu. Hið sama er að segja um ráðstöfunartekjur. Þær dragast saman. Það þarf ekki að segja mönnum hvernig efnahag heimila hefur hrakað á þessu ári og enn er því spáð að ráðstöfunartekjurnar dragist saman um 6% á næsta ári. Inni í þessum tölum er ekki sá þungi baggi af vaxtahækkunum og verðtryggingum lána, sem þau heimili verða að bera sem skulda verulega. Sú byrði er ekki að fullu inni í þessu dæmi og því er dæmið í rauninni enn svartara en hér er tíundað.

Ég tek undir með landbrh. í því efni, að bændur, sérstaklega sauðfjárbændur, eru ekkert sérstaklega öfundsverðir um þessar mundir. Það hafa orðið hjá þeim eins og öðrum gífurlegar kostnaðarhækkanir í rekstrinum, enda þurfa menn ekki lengi að fara um sveitir landsins til að heyra að það er uppgjafartónn í bændum. Búum fer fækkandi og ungir menn sjá ekki fram á, þeir sem forsjálir eru, hvernig þeim eigi að takast að hefja búrekstur með sæmilegu móti. Þetta sanna tölur. Greiðslustaða bænda í kaupfélögunum er víða mjög bágborin, svo að þess eru dæmi, að kaupfélagsstjórar hafi sent þeim nótu um að þeir geti ekki vænst þess að fá reiðufé í hendur fyrir afurðir sínar, heldur verði að taka alla sína úttekt út í verslunum kaupfélagsins. Hagur dreifbýlisverslunarinnar endurspeglar líka afkomu bænda.

Það er oft rætt um það að þessi eða hinn landbúnaðarstefnan sé rétt eða röng. Ég skal ekki fara á breiðum grundvelli að ræða landbúnaðarmál. En hitt sjáum við allir, að svo er komið fyrir þessum grundvallaratvinnuvegi okkar, að eina ráðið virðist vera það að fækka sauðkindinni verulega. Það eru uppi áætlanir um það, bæði hjá Stéttarsambandi bænda og hjá landbrn. Vera má að það dragist enn um hríð að sveitir fari í eyði. En hitt er ljóst, að mönnum er enginn greiði gerður með því að gefa þeim tækifæri til að hokra áfram. Sveitir landsins geta ekki staðið nema efnahagur bænda, sem þar eru, sé góður og sambærilegur við það sem hann hefur verið og sambærilegur við hag annarra þegna þjóðfélagsins. Það hefur að vísu nokkru fé verið varið til þess að auðvelda mönnum nýjan búrekstur. Þar hefur þó ekki við það að borga sömu verðmæti í niðurgreiðslu á þessi nýi búrekstur við erfiðar aðstæður að etja, þar sem leiðréttinga er þörf, en í sumum greinum hefur það verið leiðrétt nú nýverið.

Herra forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar til hv. 7. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á landbúnaðarvöruhækkununum. Þær sýna að ríkisstj. ætlast til þess að allir leggi í sölurnar nema hún sjálf. Launþegar eiga að láta sér nægja minna, það hefur verið hert að fyrirtækjunum, en ríkissjóður ætlar að taka allt sitt á þurru. Hann stendur ekki við það að borga sömu verðmæti í niðurgreiðslu landbúnaðarvara og áður, sem veldur þeirri miklu hækkun sem raun ber vitni, og ýmsar þjónustustofnanir ríkisins hafa gengið á undan með góðu eftirdæmi í sambandi við hækkanir, bæði nú og oft áður, þegar farið hefur verið í vasa fólksins í landinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv., fyrrum flokksbróðir minn, hefur vakið á því athygli nokkrum sinnum hvílíks tvískinnungsháttar gætir oft í afstöðu sjálfstæðismanna til ýmissa mála. Nú liggur það fyrir, a. m. k. virðist sú vera stefna Sjálfstfl., að það eigi að hverfa frá hinum miklu niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðir innanlands, sem m. a. hafa verið ær og kýr núv. ríkisstj. Hins vegar var ekki að skilja annað á máli síðasta hv. ræðumanns en hann væri að krefjast þess, að þessar niðurgreiðslur yrðu auknar í krónutölu. Þarna rekur sig eitt á annars horn eins og oft gætir hjá þeim ágæta flokki. Látið er í veðri vaka að það sé stefna flokksins að þessar niðurgreiðslur séu stórvarasamar og frá þeim beri að hverfa, en sá þm. flokksins, sem talaði hér síðastur, gerir kröfu um þveröfuga framkvæmd. Hann kvartar undan því að niðurgreiðslufjárhæðirnar úr ríkissjóði séu ekki hækkaðar að sama skapi og verðhækkanirnar hafa verið á landbúnaðarafurðum. Þetta er þessi tvískinnungur í afstöðu sem hv. 4. þm. Reykv. hefur oft nefnt.

Örfá orð um það sem fram kom hjá hæstv. landbrh. hér áðan. Hann sagði að framleiðendur landbúnaðarafurða ættu rétt á útflutningsbótum sem næmu 10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar hverju sinni. Þetta er ekki rétt. Í lögum er hvergi sagt að framleiðendur landbúnaðarafurða eigi þennan rétt. Þvert á móti er sagt að ríkisvaldinu sé heimilt að greiða þessar fjárhæðir. M. ö. o. er ekki heimilt að greiða meira. Þetta ætti hæstv. landbrh. að sjálfsögðu að vita,

enda veit ég að hann veit það. En þessi lagafyrirmæli hafa oft verið túlkuð þannig, að hér væri um kröfurétt framleiðenda að ræða, þegar um það er að ræða að verið er að setja þak á heimild ríkisins til að greiða fé skattborgara í þessu skyni.

Ég veit ekki hvort menn gera sér alveg fyllilega ljóst um hvað er hér að tefla. Það er um það að ræða að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á hverju *ári er metið í íslenskum krónum, ekki aðeins verðmæti* hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu eins og sauðfjárafurða og mjólkurafurða, heldur er einnig inn í þetta dæmi tekið áætlað verðmæti ýmissa hlunninda, svo sem lax- og silungsveiði, hrognkelsaveiði, rekatöku, dúntekju, selveiði og annað eftir því. Þetta allt saman er síðan lagt við verðmæti hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu og 10% af þessu samanlagða verðmæti er það sem ríkissjóði er heimilt að greiða í uppbætur með útfluttum landbúnaðarafurðum. M. ö. o., ef veiðist vel í laxi og silungi eitt árið, þá ber ríkissjóði samkv. þessum skilgreiningum að hækka fjárhæðir *sínar í niðurgreiðslur* á kjöt og smjör til erlendra neytenda. Ef það er gott dúntekjuár, þá á ríkissjóður að greiða meira í niðurgreiðslur með landbúnaðarafurðum til útlanda o. s. frv. Þannig er þetta framkvæmt. Ef aukin fiskirækt skyldi bera einhvern árangur, sem vonandi gerist, og tekjur aukast af lax- og silungsveiði, sem m. a. er horft mjög á sem aukabúgrein sem gæti skilað miklum arði, þá yrði ríkissjóður dæmdur samkv. kerfinu til þess að greiða *stöðugt hærri og hærri fjárhæðir í útflutningsbótum* með afurðum hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu, sem nú eru komnar langt fram úr því marki sem Íslendingar sjálfir þurfa á að halda. Vonir manna um umbætur í landbúnaðarmálunum þegar dæmið er gert upp, ef þær vonir rætast, munu koma fram með þeim hætti að íslenskir skattborgarar þurfi í síauknum mæli að verja peningum úr sameiginlegum sjóðum sínum í útflutningsbætur með landbúnaðarafurðum.

Í öðru lagi er auðvitað algerlega fráleitt, eins og hæstv. landbrh. gerði hér áðan, að bera saman verð á innlendri framleiðslu, sem fyrst og fremst tekur verðákvarðanir sínar með hliðsjón af innlendum kostnaðarþáttum, bera saman verðþróun á slíkum afurðum annars vegar og hins vegar innfluttri framleiðslu þar sem verðlag ræðst m. a. af stefnu stjórnvalda hverju sinni í gengismálum. Auðvitað er hægt að velja alls konar samanburð í þessu sambandi. T. d. hefði slíkur samanburður verið mun óhagstæðari fyrir hæstv. landbrh. ef valið hefði verið árið sem fylgt var svokallaðri stöðugri gengisstefnu á Íslandi. Samanburður milli tveggja neysluþátta eins og hér um ræðir, þar sem annar byggist á innflutningi og þeirri gengisstefnu sem fylgt er hverju sinni og hinn ræðst af innlendum kostnaðartilefnum, er að sjálfsögðu algerlega út í hött.

Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni í fsp. hans. Ég hef, eins og hann og allir hv. þm., orðið var við mjög mikla ólgu meðal almennings út af þessari síðustu verðhækkunarskriðu á mikilvægustu neysluvörum heimilanna. Það er auðvitað mjög skiljanlegt að almenningur skuli bregðast þannig við, því að um svipað leyti og laun almenns launafólks í landinu eru skert um helming þeirrar hækkunar, sem á þessi laun á að koma í jólamánuði, hækka mikilvægustu neysluvörur alþýðuheimila á bilinu 16—25%. Það er von að fólki blöskri þetta. Og menn skyldu hyggja að því að launafólkið, sem á fyrir *höndum að lifa slíkan jólamánuð, fær þessar hækkanir* ekki bættar fyrr en eftir þrjá mánuði, ef þær fást bættar þá, sem ekki virðist vera samkv. þeirri túlkun sem sumir hafa gefið á 1. gr. brbl. hæstv. ríkisstj.

Menn skyldu gera sér grein fyrir einu meginatriði í þessu máli. Það er að verðmyndunarkerfið á landbúnaðarafurðum er ekki orðið til og hefur aldrei verið sniðið fyrir bændur. Það hefur aldrei starfað í þágu bænda, í þágu þeirra sem framleiða viðkomandi afurð, heldur *hefur allt kerfið ávallt verið sniðið* og uppbyggt með þarfir þeirra fyrir augum, sem eru milliliðir á leiðinni frá bóndanum til neytandans. Það sést gleggst á því sem hæstv. landbrh. sagði með réttu, að þetta verðmyndunarkerfi hefur aldrei getað tryggt framleiðendunum, bændunum sjálfum, þau laun sem þeir eiga að bera úr býtum lögum samkv. og viðmiðunarkerfið átti að miðast við. Af hverju? Vegna þess að þetta verðmyndunarkerfi er þannig, að framleiðendurnir, bændurnir sjálfir, hafa *ávallt verið látnir mæta afgangi. Í þeirra hlut hefur aldrei* komið annað en þeir molar sem eftir hafa verið á borðunum, þegar allir hinir hafa verið *búnir að fá sitt.*

Verðmyndunarkerfið í landbúnaði er fyrst og fremst skapað og starfrækt til þess að tryggja hagsmuni þeirra sem vinna úr framleiðsluvörum bændanna. Menn vita mætavel að ýmis framleiðslu- og þjónustufyrirtæki hér á Íslandi, bæði í opinberri eigu og einkaeigu, hafa á undanförnum árum orðið að una því hvað eftir annað, að verðlagsyfirvöld hafa skammtað þeim aðeins brot af þeirri hækkun sem þessi fyrirtæki hafa farið fram á, og sem þau *telja sig geta sannað að þau þurfi, vegna innlendra* kostnaðartilefna. Þau einu fyrirtæki sem ekki hafa þurft að sæta þessari meðferð eru framleiðslufyrirtæki og úrvinnslufyrirtæki landbúnaðarins. Vegna hvers ekki? Vegna þess að þeirra hagsmunir eru fast niðurnjörvaðir í verðmyndunarkerfi landbúnaðarafurða. Verðmyndunarkerfið er þannig uppbyggt, að það er ógerningur að láta þessi fyrirtæki sæta sömu meðferð og önnur sambærileg fyrirtæki í hliðstæðri framleiðslu hafa orðið að sæta af hálfu verðlagsyfirvalda. Framleiðsluaðilar landbúnaðarvara eru nefnilega búnir að festa sig þannig í kerfinu að það er gersamlega útilokað annað en þeir fái ávallt fulla þá hækkun sem þeir telja sig eiga kröfu á og telja sig geta sannað fyrir þeirri nefnd sem úrskurðar verð landbúnaðarafurða. Það er fyrir þessa aðila en ekki bændurna sem verðmyndunarkerfið er búið til.

Ég átti hlut að því í minnihlutastjórn Alþfl. 1979-1980 að gera tilraun til þess, sem þá var gerð í fyrsta skipti, að vinnslustöðvar landbúnaðar fengju einhverja sambærilega meðhöndlun í sambandi við verðákvarðanir eins og önnur framleiðslufyrirtæki á öðrum sviðum í landinu þyrftu að sæta. Minnihlutastjórn Alþfl. neitaði að fallast á þá niðurstöðu verðlagsnefndarinnar, að þessi fyrirtæki fengju þær hækkanir á vinnslukostnaði sínum sem þau töldu sig hafa getað sannað fyrir verðlagsráðinu að þau ættu kröfu til. Það ætlaði allt vitlaust að verða. Þetta var í fyrsta skipti sem gerð var tilraun til þess að halda eitthvað aftur af þeim hækkunarkröfum, sem vinnslustöðvar landbúnaðarins voru búnar að geirnegla til sín innan *verðmyndunarkerfis landbúnaðarafurða.*

Þetta, herra forseti, er skýringin á því, að þrátt fyrir þær hörmungar sem sagt er að landbúnaðurinn eigi við að stríða skuli vera unnt að byggja stórhýsi, stærsta mjólkurvinnslufyrirtæki á öllum Norðurlöndum, sem nú

stendur til að reist verði á vegum mjólkursölu- og dreifingaraðila hér í Reykjavík. Þar er enga kreppu að sjá, vegna þess að þetta eru einu framleiðsluaðilarnir innanlands sem eru búnir að sníða sér slíkt kerfi, að til þeirra krafna verður ávallt tekið fyllsta tillit við verðákvarðanir á landbúnaðarafurðum, en bændurnir eru látnir mæta afgangi. Það er þetta sem menn gera sér ekki fyllilega grein fyrir. Verðmyndunarkerfið hefur aldrei verið starfrækt í þágu bænda. Það var smíðað fyrir milliliðina og það er starfrækt í þeirra þágu. Bændunum er hins vegar ætlað að hirða þá mola sem eftir eru á borðunum, þegar allir milliliðirnir eru búnir að fá sitt.

Það er enginn vandi, herra forseti, að tryggja bændum ákveðnar lágmarkstekjur miðað við lágmarkstekjur annarra stétta með því að afnema þetta verðmyndunarkerfi. Við skulum átta okkur á því, að niðurgreiðslufjárhæðin, sem greidd er á næsta ári skv. fjárlfrv. hæstv. ríkisstj., nemur 240 þús. kr. á hvern einasta framleiðanda landbúnaðarafurða í landinu. 240 þús. kr. renna inn í þetta millifærslukerfi. Halda menn að ekki væri hægt að nota þá fjármuni til þess að tryggja bændum mannsæmandi lífskjör ef þeir þyrftu ekki að draga á eftir sér allt þetta milliliðakerfi sem þrífst á þessum fjárgreiðslum ríkisins? Útflutningsbæturnar einar nema 64 þús. kr. á hvern einasta framleiðanda landbúnaðarvöru í landinu. En það eru ekki þeir sem fá þetta. Þeir njóta ekki nema mjög takmarkaðs góðs af þessu fé. Þetta fé rennur til þeirra aðila sem taka við framleiðslu íslenska bóndans og skila henni á markað til neytendans. Þetta er sannleikurinn um landbúnaðarkerfið.

Gleggsta dæmið um þetta kerfi allt saman held ég að komi þó í ljós ef menn skoða hvernig haldið er á greiðslu útflutningsbóta vegna landbúnaðarafurða og hvernig ferill slíkra greiðslna er. Nú er það vitað, og engin nýlunda fyrir neinn Íslending, að útflutningur landbúnaðarafurða, t. d. dilkakjöts, á sér gjarnan stað mörgum mánuðum eftir að slátrað er. Nú skulum við rekja sögu einnar slíkrar sendingar til þess að við áttum okkur á fyrir hvern þetta er upp byggt.

Þegar slík sending hefur farið úr landi til erlends kaupanda, þá greiðir hann fyrir hvert kíló af dilkakjöti, sem hann kaupir, verð sem ekki einu sinni nemur sláturkostnaðinum á hvert kíló, ef marka má upplýsingar dagblaðsins Tímans. Í Tímanum kom það fram — og ekki er hann málgagn sem ætti að vera fjandsamlegt bændastéttinni — nú á síðustu dögum að andvirðið, sem fæst á erlendum markaði fyrir íslenskt dilkakjöt, dugi ekki einu sinni til að greiða sláturkostnaðinn á hverju kílói. Með þessum prís er varan seld úr landi. Þegar liggja fyrir í bönkum skil hins erlenda kaupanda, sem greiðir kannske innan við þriðjunginn af því verði sem þarf að fást fyrir þessar afurðir, og síðan greiðir ríkissjóður afganginn af verðinu, eftir því sem útflutningsbætur hrökkva til, þá tvo þriðju sem upp á vantar.

Hvað er gert við þetta fé ríkissjóðs? Hafa menn áttað sig á því? Það skal ég segja ykkur. Það er byrjað á að greiða útflytjandanum sölulaun. Hvað eru sölulaunin há? Þau nema tveimur prósentum, ekki af því verði sem fæst fyrir dilkakjötið erlendis, heldur af verðinu á innanlandsmarkaði. Það skiptir því útflytjandann ekki neinu máli á hvaða verði honum tekst að selja afurðirnar erlendis, hann hefur alltaf sitt á hreinu, hann fær 2% í söluþóknun af innanlandsverðinu. Hann mundi fá söluþóknunina óbreytta þó hann stæði fyrir því að gefa kjötið.

Hvaða áhuga haldið þið nú að slíkur útflytjandi hafi á að ná góðum viðskiptasamböndum erlendis, þegar það hefur engin áhrif á þóknunina til hans hvaða verð hann fær fyrir vöruna úti? Og hvaða aðili skyldi það nú vera sem fær þessa söluþóknun? Ætli hæstv. landbrh. hafi fengið einhvern stuðning þaðan í prófkjörinu sínu? Það skyldi þó ekki hafa verið. Það skyldi þó ekki vera er að einhver hafi lánað honum eitthvað úr þeim herbúðum. Hann borgar það sjálfsagt aftur með rentum.

Nú hlýtur einhver að hafa varðveitt þær kjötbirgðir sem út voru fluttar frá því að slátrun átti sér stað, t. d. í septembermánuði, þangað til að útflutningi kom. Einhver frystihús hljóta að hafa varðveitt þessar birgðir. Hver skyldi eiga það frystihús? Spyr sá sem ekki veit. En sú regla hefur verið í gildi um nokkurra ára skeið, að heimilt sé að greiða vaxta- og geymslukostnað af útflutningsbótafénu úr ríkissjóði áður en aðrir reikningar eru greiddir. Með öðrum orðum, útflytjandinn, sá sem annast söluna á afurðunum til útlanda, hann hefur allt sitt á hreinu. Sá aðilinn sem hefur geymt vöruna í frystihúsum sínum, hann hefur ríkisstjórnarsamþykkt fyrir því að hann fái sitt strax greitt. Sá aðili sem hefur séð um ávöxtunina á þessu öllu saman og orðið fyrir vaxtakostnaði, hann fær það greitt úr ríkissjóði.

Sá fjórði í röðinni, það er þá væntanlega sláturleyfishafinn eða vinnslustöðin sem þessar afurðir hefur unnið, hann fær sinn reikning greiddan. Undir hvaða hatt skyldi sá aðili vera seldur? Spyr sá sem ekki veit, en hefur grunsemdir um ýmislegt. Þegar allir þessir aðilar eru búnir að fá sitt á hreinu, mörgum mánuðum eftir að slátrun hefur átt sér stað, mörgum mánuðum eftir að útflutningurinn hefur átt sér stað, þá er loksins komið að síðasta hlekknum í keðjunni, bóndanum sjálfum. Og þá fær hann molana sem eftir kunna að vera á borðinu þegar hinir aðilarnir allir eru búnir með kökuna. Að ráðast á þetta kerfi er ekki að ráðast á íslenska bændastétt, vegna þess að þetta kerfi hefur aldrei verið byggt með þarfir hennar fyrir augum. Það eru aðrir í samfélaginu sem hafa byggt upp þetta kerfi, það eru aðrir aðilar sem njóta góðs af því, og það eru aðrir aðilar en íslenskir bændur sjálfir sem rísa upp til varnar ef á að breyta þessu kerfi.

Um niðurgreiðslurnar sérstaklega. Auðvitað hljóta menn að sjá það, að þegar niðurgreiðslur á eina afurð geta numið allt að helmingi, jafnvel rúmum helmingi af verðinu, þá hlýtur það að hafa áhrif á neysluvenjur alls almennings. Ég spyr: Lætur nokkur sér detta það í hug, að neysla landbúnaðarafurða í landinu héldist óbreytt ef þær væru seldar yfir búðarborðið á raunverulegu söluverði, ef niðurgreiðslurnar yrðu felldar niður og fólkið í landinu þyrfti að greiða raunverulegan kostnað, sem það greiðir að hluta til í sköttum, fyrir þær afurðir sem framleiddar eru á vegum þessara atvinnugreina? Auðvitað ekki. En þessi staðreynd, að niðurgreiðslunum skuli vera beitt af svo miklu afli sem ríkisstj. gerir, hefur þær afleiðingar, að gersamlega er komið í veg fyrir það að nokkur eðlileg verðlagsþróun geti átt sér stað á þessu sviði, því að auðvitað lætur enginn sér til hugar koma að það mundi geta gerst hér á Íslandi, ef niðurgreiðslum yrði aflétt, að verðlag á landbúnaðarafurðum yrði látið hækka sem því næmi, því að þá yrðu þessar afurðir ekki keyptar nema í mjög litlum mæli.

Fólk mundi snúa sér að öðrum neysluvörum, m. a.

vörum sem aðrir þættir landbúnaðarins framleiða, öðrum neysluvörum en hinum hefðbundnu neysluvörum í körfu vísitölufjölskyldunnar. Og ef menn stæðu frammi fyrir því hef ég þá trú, að verðmyndun öll mundi verða tekin til endurskoðunar og verðþróunin á landbúnaðarframleiðslunni yrði öll önnur en átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Auðvitað er okkur öllum ljóst sem hér erum inni, í hvaða flokki svo sem við erum, að það er ekki unnt að aflétta þessum miklu niðurgreiðslum í einu vetfangi. Það yrði slíkt áfall fyrir íslenska bændastétt. Og það yrði hún sem yrði fyrir áfallinu, en ekki vinnslustöðvarnar, sem menn hafa verið að byggja upp með peningum íslenskra skattborgara á undanförnum árum. Mér er það alveg jafn ljóst og öðrum, að ef ætti að afnema þessar miklu niðurgreiðslur í einni svipan, þá yrði það til mikils áfalls fyrir íslenska bændastétt. Ég hef ekki nokkurn áhuga á að stuðla að slíku. Það sem ég vil stuðla að er að menn geti fetað sig út úr þessu kerfi í áföngum, án þess að verða landbúnaðinum að tjóni. Það sem ég vil stuðla að er að menn tryggi íslenskum bændum mannsæmandi lífskjör og afkomu, svo að þeir geti stundað sinn búskap með eðlilegum hætti, í samræmi við eigin óskir og þarfir þjóðarinnar. Ég er andvígur því að íslenskir skattborgarar og bændur sjálfir séu að draga á eftir sér allt þetta dýra vinnslu- og sölukerfi, sem verðmyndunarkerfi landbúnaðarins og útflutningsbótakerfið eins og við þekkjum það er fyrst og fremst orðið, til þess að láta íslenska skattborgara greiða kostnaðinn af því. Það eru ekki bændurnir sem eru byrði á íslenskum skattborgurum. Það er þetta kerfi. Og það vita varðhundar þessa kerfis öllum öðrum mönnum betur. Þess vegna skjóta þeir alltaf bændum fyrir sig ef á að ræða þessi mál við þá. Þess vegna segja þeir alltaf: Gagnrýni á kerfið er árás á íslenska bændastétt. Þetta segja þeir vegna þess að þeir hvorki geta né þora að segja annað.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get lofað því að verða stuttorðari en síðustu ræðumenn og ég ætla ekki í þetta skipti að fara að munnhöggvast við landbúnaðarkassettuna í hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Það verður bara til þess að hann endurtekur aftur ræðu sína. Hitt vil ég láta í ljós, að mér finnst það leiðinlegur atburður þegar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, samstarfsmaður minn í stjórnarliðinu, stendur hér upp utan dagskrár og fer að telja eftir þá hækkun sem varð á landbúnaðarvörum um daginn.

Vissulega er þetta mikil hækkun fyrir neytendur og kemur vafalaust illa við pyngju þeirra, ég er ekki að gera lítið úr því, en af því að hv. þm. Guðmundur J. hefur alla tíð verið mikill talsmaður þeirra sem minna mega sín í landinu urðu það mér mikil vonbrigði að hann skyldi taka þetta ráð því að sannarlega eru bændur ekki ofhaldnir, jafnvel þó þeir fái sinn hlut af þessari hækkun. Hlutur bænda er nefnilega ekkert sérstaklega góður í dag, a. m. k. ekki sauðfjárbænda. Hann er þvert á móti ákaflega slæmur.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson taldi ekki eftir sér eða sínum flokki 1978 að taka undir kröfur bændastéttarinnar um bætt lífskjör, en ég vil segja það sem mína skoðun að það hefur mikið dregið sundur með íslenskum bændum, þ. e. þeim hluta sem er lakar settur, og hinum almenna launþega síðan 1978.

Sauðfjárbændur, sérstaklega þeir, sem ekki eiga það fjármagn sem þeir þurfa að velta, eiga margir mjög erfitt um þessi áramót. Kostnaðarhækkanir hafa dunið yfir og ekki síður á bændum en öðrum. Núverandi vaxtakjör eru náttúrlega algjörlega óbærileg, ekki síst í atvinnuvegi eins og landbúnaði, þar sem peningarnir velta hægt. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, ef ekki á að fara mjög illa fyrir alltof stórum hópi bænda, að grípa til skuldbreytinga eða einhverra þvílíkra ráða til þess að létta undir með þeim sem hafa lakastan fjárhaginn.

Ég tek undir það, að það er afar mikilvægt að halda niðri tilkostnaði sem allra mest. Að því hefur verið unnið og að því þarf að vinna í framtíðinni, einbeita sér að því að halda honum niðri, en það er ekki gott viðgerðar.

Sumt af neysluvörum búanna, sem ómögulegt er að komast af án, eins og t. d. áburður, hækkar ekki í takt við verðbólguna, heldur miklu hraðar en verðbólgan, m. a. vegna dýrra lána og fjármagnskostnaðar í áburðarframleiðslunni. Ég vil taka undir að það er mjög mikilvægt að halda niðri svo sem frekast er unnt sláturkostnaði, en verulegir hlutar í sláturkostnaðinum eru t. d. laun og launatengd gjöld og fæðiskostnaður verkafólks. Það vóg í sláturkostnaðinum 1981 — ég er með tölur fyrir það ár — 29%. Þetta er m. a. vegna þess að verkalýðsforingjar okkar hafa verið duglegir að gæta réttar verkafólks við slátrun.

Ég vil vekja athygli á því, að inni í sláturkostnaðinum er líka heildsölukostnaður, sem vegur þungt. Það eru frysting, byggingar, skrifstofukostnaður annar en laun og laun á skrifstofu reyndar líka. Sá baggi er líka 29%. Þannig eru komin 58% af kostnaðinum í þessa tvo pósta. Þá er eftir rafmagn, olía, umbúðir, afskriftir, viðhald, viðgerðir o. s. frv., húsnæðiskostnaður, vextir og bankakostnaður.

Ég held að við þurfum að leita allra leiða til að halda þessum kostnaði niðri. Það er ekki aðferðin að setja þessi fyrirtæki á höfuðið því það á eftir að hefna sín. Við verðum náttúrlega að geta rekið þau með sæmilegum myndarbrag. Við þurfum að framleiða mátulega mikið af landbúnaðarvörum við þrifalegar aðstæður, framleiða góða vöru og meðhöndla hana með sem bestum hætti. Við þurfum að framleiða mátulega mikið.

Hér var mikil umr. í gær um að bændur hefðu ekki vikist nógu vel undir að fækka fé sínu, semja við ríkið um að fækka ánum í haust. Mér kom ekki á óvart þó að bændur væru ekki ginkeyptir fyrir þeim kjörum sem þeim voru boðin. Ég held að það hafi ekki verið haldið reglulega vel á því máli og ef menn á annað borð ætluðu að ná einhverjum árangri með þessu ættu þeir að vinna öðruvísi að en þarna var gert. T. d. þurfti að fara af stað með málið miklu fyrr á árinu. Það þurfti að gera það strax í vor. Okkur var að vísu ljóst í mínum þingflokki að það þurfti að gera og héldum að það væri í burðarliðnum. Auðvitað þurftu menn að vita þegar þeir báru á í vor hve mikið þeir ætluðu að setja á af bústofni í haust. Bæturnar, sem þarna voru boðnar, urðu svo náttúrlega að engu því að bændunum var boðið upp á að fá borgað grunvallarverð á ærkjötið. Það var nú allt og sumt. Auðvitað hefði þurft að borga þeim einhverja tekjutryggingu fyrir að minnka búin, því á einhverju urðu menn irnir að lifa þau ár sem þeir voru búnir að afsala sér réttinum til framleiðslu. Raunverulega var keyptur þarna kvóti af þessum mönnum og þeir fá ekki að framleiða næstu ár það sem þeirra kvóti sagði til um.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ræddi um hrossakaupmenn í lok ræðu sinnar. Ég held að hann sjái hrossakaupmenn í eilítið rómantískara ljósi en ég geri. Ég þekki nokkra þeirra og ég vil taka það fram að yfirleitt eru þeir a. m. k. ekki lakari en aðrir. Hv. þm. hafði áhyggjur af því að það smáminnkaði í sér þetta göfuga, eins og hann sagði, en ég verð að hugga bæði hann og okkur með því að ég held að af nógu sé að taka. (**Forseti:** Það líður nú mjög á fundartímann og ég má til að biðja hv. ræðumenn að stytta mál sitt, ef þess er kostur.)

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það fór reyndar eins og málshefjanda grunaði, að það hlaut að koma að því að einhver stæði hér upp og færi að búa til orð og leggja orð í munn þm., sem hér hafa talað um þau vandamál sem á hefur verið drepið, því að hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Páll Pétursson, kom auðvitað að því að hér væri verið, eins og áður hefur komið fram þegar talað er um landbúnaðarmál, að ráðast að bændum. Ég tók einmitt eftir því, að hjá málshefjanda var það skýrt undirstrikað, og reyndar hjá öllum þm. sem hér hafa talað, að ekki væri verið að ráðast að bændum eða bændastéttinni.

Ég held að allir geti tekið undir það, að ýmsir og flestir smábændur búa við ekkert of góðan kost í þessu þjóðfélagi. Reyndar eru þeir ekki þeir einu. Það er hægt að segja að allur almenningur í þessu landi búi ekki við of góðan kost þessa dagana. Það er enginn vafi á því. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á þakkir skilið fyrir að hafa vakið máls á þessu máli í dag, en ekki vandlætingu frá prófkjörspálum Framsfl., sem finna að því við stjórnarþm. ef þeir sjá eitthvað sem ekki á svo að vera í stjórnarstefnunni. Hann á þakkir skilið fyrir að standa nú upp og vekja athygli á þeim miklu verðhækkunum sem hafa orðið að undanförnu. Ég tel að þegar honum, sem fram til þessa í tíð núv. ríkisstj., sem hann styður, hefur setið undir 13 verðbótaskerðingum á laun, er farið að hitna svo í hamsi að hann þarf að standa upp til að finna að hvernig að verðlagsmálunum í heild er staðið, þá sé von að við hinir stöndum kannske á fætur einnig til að láta okkar skoðanir koma fram.

Ég verð að segja að það sem hv. 7. þm. Reykv. drap á er allt hárrétt. Hann var ekki að ráðast að bændum, hann tók það fram. Hins vegar var hann, eins og aðrir ræðumenn sem hér hafa talað, að minnast á aðallega þrjú atriði sem hafa komið fram. Það er sá óhæfilegi milliliðakostnaður, sem virðist vera í sambandi við þennan atvinnuveg, og það er það kerfi, sem búið er við, og nauðsyn þess að gera á því nokkrar breytingar, og svo það, sem mér fannst auðvitað vera meginmál málshefjanda, hvort það væri ekki hægt að gera þá breytingu að borga frekar niður til neyslu fyrir Íslendinga en fyrir útlendinga. Þetta hljóta auðvitað allir að geta verið sammála um.

En það er ekki þar með sagt að neinn sem talar á þennan veg beri þá ósk í brjósti að skerða laun eða kjör bænda í þessu landi. Það er fjarri því. Ég hef aldrei hugsað þannig og hugsa ekki þannig, en hins vegar tel ég að þetta sé það stórt mál fyrir íslensku þjóðina, fyrir fjárhag þjóðarinnar fyrir alla landsmenn, að það beri að leita allra ráða til að ná niður þeim mikla kostnaði sem er orðinn á þessum liðum.

Það kom að vísu fram áðan í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, 3. þm. Vestf., sem ég ætlaði vegna ræðu hæstv. landbrh. að spyrja um vegna þess að ég mun líklega vera sá eini eða kannske einn af fáum þm. sem sátu á þingi þegar þessi lög voru sett. Ég fæ ekki séð annað, þó að það horfi til leiðréttingar, en hv. þm. hafi farið með rangt mál þegar hann sagði í ræðu sinni að það væri aðeins heimild í lögum til að borga útflutningsbæturnar. Ég fletti upp í frv., sem hann vitnaði til og hann er sjálfur 1. flm. að. Það segir í grg. frv., með leyfi forseta, en það er verið að vitna í umrædd lög:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárhæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar".

Ég sé ekki að þetta sé nein heimild. Ég sé ekki annað en beina fyrirskipun og lagaákvæði um að þetta eigi að gera.

En það er annað sem ég ætlaði að spyrja hæstv. landbrh. um, sem kom reyndar að nokkru fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Það var: Hvað hefur aukist mikið umfang þessarar framleiðslu, sem við samþykktum lög um 1959 og reyndar voru gerðar breytingar á síðar — það var í tíð viðreisnarstjórnar — hvað hefur aukist umfang þess sem þá var reiknað með að yrði tekið inn í þessar útflutningsbætur? Ég man eftir því að okkur var sagt: Það þarf ekkert að óttast að þetta verði neitt á næstu árum. Enginn gerði sér þá grein fyrir þeirri stórkostlegu framleiðniþróun sem varð í landbúnaðarmálum á næstu árum, en eftir að hún var farin að segja til sín fann ríkissjóður fyrir þessu ákvæði í lögunum. Gott og vel, en það sem ég á við og reyndar kom fram í ræðu þm. líka er sú viðbót sem hefur hlaðist á það sem ákveðið var þá að félli undir útflutningsbæturnar. Það eru í raun allar afurðir sem teljast til landbúnaðarins í dag. Það er alveg sama hvort það er silungur eða lax, dúntekja, alifuglarækt, tómata- og gúrkuframleiðsla eða hvað það er, þetta hefur allt saman bæst við á þessum árum. Ég veit ekki hvort það eigi að skýra þessa lagagrein beint þannig, að öll þessi framleiðsla, öll nýframleiðsla, allar nýjar búvörugreinar, sem við erum öll sammála hér um á hv. Alþingi að við eigum að stuðla að að bændastéttin öðlist og fái notið, eigi að falla undir þetta ákvæði og hvort útflutningsbætur eiga að aukast að sama skapi og þær tekjur sem fást fyrir slíkar nýjar búgreinar. Ég efast um að það hafi verið skilningur löggjafans í þá daga og ég kannast ekki við það. Ég efast um að þetta fái staðist. Allavega hlýtur að koma að því að það verði að endurskoða þetta ákvæði. Auðvitað er leið til þess.

Það kom fram hjá hæstv. landbrh. að Sexmannanefndin er eins og við vitum notuð sem blóraböggull við verðákvarðanir sem eru gerðar á skakkan hátt. Það eru nokkuð mörg ár síðan Alþýðusambandið dró sinn fulltrúa út úr Sexmannanefnd. Ég er í stéttarfélagi sem samkv. gamalli hefð og reyndar ákvæðum í lögunum skipar einn fulltrúa, svokallaðan neytendafulltrúa, í þessa nefnd. Það er komið nokkuð á annað ár ef ekki orðin tvö ár síðan aðalfundur þess félags samþykkti að ef ekki yrði gengið til þess að endurskoða þessi ákvæði og önnur í lögunum mundi það draga sinn fulltrúa út úr nefndinni. Ég sé ekki annað en það sé orðið mjög tímabært að svo verði gert til þess að endurskoðun fáist á þessum málum í heild og þó sérstaklega á ákvæðinu um Sexmannanefndina. Ég fæ ekki annað séð en þeir góðu

menn, og ég undirstrika að það eru hinir ágætustu menn sem þar hafa starfað svo lengi sem ég man, allavega þeir sem ég þekki og eru fulltrúar neytenda þar, hafi unnið sín verk samviskusamlega og vel, en þeir hafa unnið samkv. gildandi lagaákvæðum og því er sú útkoma eins og hún er sem við sjáum m. a. þegar verðhækkanir verða.

Ég viðurkenni auðvitað fúslega að laun bænda þurfa að hækka ekki síður en laun annarra. En ég fæ ekki séð hvaða hlutverki það gegnir hjá hæstv. ráðh. að vera að draga hér upp og skýra okkur frá stórkostlegum hækkunum einstakra afurða, einstakra liða úr munstri þess sem við notum daglega og heimilin nota daglega í landinu, og bera það saman við kannske heldur minni hækkanir landbúnaðarafurða. Mér finnst að þetta sé afstætt nema hæstv. ráðh. dragi þá fram um leið hver hefur verið hækkun launanna á þessu tímabili. Hafa þau staðið í stað? Hafa þau verið skert eða hafa þau stórhækkað? Þá getum við séð á einhvern hátt hvernig þessi þróun hefur verið fyrir neytendurna, fyrir heimilin í landinu.

Mér fannst líka að hann væri að leita að ástæðum í sambandi við dreifingaraðilana ekki síður en þegar hann talaði um Sexmannanefndina, það væri verið að benda á að þeir hefðu gert kröfu til hækkana og það hefði komið honum sérstaklega á óvart og hann hefði skoðað það sérstaklega, en það hefði hins vegar verið talið rétt að Sexmannanefndin fengi að ráða. Vita ekki allir hér inni hvernig ástand smásöluverslunar er í þessu landi? Veit ekki hæstv. ráðh. um þær kvartanir og þær kröfur sem hafa komið frá kaupfélögunum úti um land? Veit hann ekki að smásöluverslunin er að gefast upp úti um land og hún er að gefast upp hér í Reykjavík? Það er alveg út í hött að ætla sér að fara að kenna kaupmönnum í Reykjavík um, hvort sem þeir eru einstakir eða það séu stærri verslanir um það, að landbúnaðarverðið hækkar á þennan máta. Þetta er einn angi óðaverðbólgunnar, sem ríkir í þessu landi og sem hefur ríkt alla stjórnartíð þessarar hæstv. ríkisstj. Því er það enn frekar út í hött þegar slegið er á strengi landbúnaðarkassettunnar hjá Alþfl. og formaður þingflokks Alþfl. fer að vitna í fyrsta sinn í þingsögunni í væntanlegan formann Bandalags jafnaðarmanna og telur að það sé tvískinnungur hjá okkur sjálfstæðismönnum þegar við tölum um það nú að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur 1. des. hefðu átt að vera jafngildar í krónum því sem áður var til þess að aukahækkanirnar kæmu ekki einmitt á sama tíma og hæstv. ríkisstj. telur nauðsynlegt að skerða verðbætur á laun. Það er enginn tvískinnungur í þessu vegna þess að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum eru hluti af stjórnarstefnunni. Þessi ríkisstj. hefði aldrei getað haldið sér á floti í þessu þrjú ár nema vegna þess að niðurgreiðslurnar eru hluti af efnahagsstefnu ríkisstj., þ. e. að falsa verð og falsa laun með kerfinu sem ríkir. Þess vegna hefur ríkisstj. lifað jafnlengi og hún hefur.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh., sem hafði orð á því að það þyrfti að endurskoða ákvæði laga um útflutningsbótarétt. Það á auðvitað að gera, og það er ekki nokkur maður sem telur ekki rétt að innan framleiðsluráðslaganna séu ákvæði um þetta. Ég held að ekki verði neinn hér á hv. Alþingi til þess að hafa á móti því að áfram verði einhvers konar ákvæði um að tekjur bænda, sem hafa vissulega töluverða sérstöðu, séu sambærilegar og annarra atvinnustétta. Við verðum þó að hafa í huga þá ósk þeirra sjálfra í stórum mæli að þeir teljist atvinnurekendur, en ekki launþegar í þeirri merkingu. En það þarf auðvitað ekki að hafa nein áhrif á að þeim séu tryggð laun sem séu sambærileg við aðrar stéttir. Því tel ég það ekki óeðlilegt að ákvæði um sambærileg laun séu innan þessara laga, þannig að ekki á að þurfa að vera nein og þarf ekki að verða nein andstaða frá launþegum í þessu landi þótt lögin verði endurskoðuð með það í huga. Hins vegar hlýtur sú spurning að vakna, hvort það séu ekki einhverjar stéttir í þessu landi sem þurfi að fá slík ákvæði inn í íslensk lög eða inn í sína kjarasamninga líka. Bændur hafa þetta, opinberir starfsmenn hafa þetta í raun. Það er spurning hvort það eigi þá ekki að fara alla leiðina og tryggja öllum sambærileg laun með lögum, vera ekki að láta örfáa aðila standa í því að berjast notandi verkfallsvopnið til þess að rífa upp alla þjóðina í launatekjum. Það gæti kannske orðið ódýrara fyrir íslenska þjóð.

Ég vildi aðeins, herra forseti, láta þetta koma fram. Ég skal ekki eyða tíma fundarins lengur. Ég þykist vita að hæstv. ráðh. þurfi að svara ýmsu því sem hér hefur komið fram í dag í þeim ræðum sem þm. hafa hér flutt. En ég vil taka undir þær þakkir sem hafa verið færðar hv. 7. þm. Reykv. fyrir að hefja máls á þessu þýðingarmikla máli og í raun hef ég fulla ástæðu til að þakka hæstv. landbrh. líka fyrir að hafa tekið á málinu þannig hér utan dagskrár að ræða það efnislega og ræða það þannig að það má vel búast við því að aðilar sameinist um endurskoðun laganna. Ég veit að hv. 7. þm. Reykv., þó að hann hafi kannske orðið í morgun fyrir skömmum í miðstjórn Alþýðusambandsins eða stjórn Verkamannasambandsins eða í stjórn Dagsbrúnar, hefur líka í huga að gæta hagsmuna þess fólks sem hann er umbjóðandi fyrir, bæði hér og annars staðar, þannig að mér sýnist að það ætti að vera vel hægt fyrir þessa aðila að sameinast um endurskoðun á þessum lögum — endurskoðun sem gæti orðið ekki aðeins bændum til góða heldur líka neytendum. Eitt af því sem þar verður auðvitað að skoða og lagfæra er nýskipan verðmyndunarkerfisins. Alla vega tel ég að orðið sé tímabært að Sexmannanefndin, í þeirri mynd sem hún starfar í, kveði.

Umr. frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 141). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna þess að það frv. sem hér um ræðir snertir álagningu fasteignagjalda í janúarmánuði er nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu til þess fyrir jól og þess vegna bað ég um að málið fengi að koma hér fyrir.

Frv. gerir ráð fyrir að í 1. gr. verði heimilt að skipta greiðslum fasteignagjalda meira en verið hefur. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að heimavistir, þar með taldir stúdentagarðar og hjónagarðar, falli undan álagningu fasteignagjalda. Og í 4. gr. er gert ráð fyrir að fasteignamat undir fasteignaskatta í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi hækki ekki meira en annars staðar á landinu á þessu ári og jafnvel minna ef sveitarfélög nota þær lækkunarheimildir sem öll sveitarfélög hafa. Það er heimilt að lækka fasteignagjöld um 25% og nú fá þau að hækka þau líka um 25%. Hér er sem sagt um að ræða frv. sem gerir ráð fyrir að dregið verði úr þeirri mismunun eftir lands-

hlutum sem íbúar þéttbýlisins verða stundum að sæta.

Ég vil skýra frá því, herra forseti, að það er einnig von á frv. til l. um breyt. á lögum um eignarskatt, sem hefur í raun og veru sama efni að flytja, þ. e. að hið háa fasteignamat hér á þéttbýlissvæðinu verði ekki til að hækka eignarskatta á þessu svæði umfram það sem verður annars staðar.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn. og fer þess á leit við hv. nefnd að hún ljúki málinu svo fljótt að afstaða þingsins liggi fyrir fyrir áramót þannig að frv. geti orðið að lögum og taka megi tillit til þess við álagningu fasteignagjalda í janúarmánuði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 21, n. 140). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál., sem liggur fyrir á þskj. 140, um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, sem er 21. mál þingsins. Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt 1. gr. og 3. gr., en leggur til að 2. gr. falli niður.

Ég tel rétt að gera örstutta grein fyrir efni frv., þó að það hafi verið gert við flutning þess. (**Forseti:** Það verður að vera stutt.) Það skal verða stutt, herra forseti.

Meginefni þess er að veita börnum þeirra öryrkja sem njóta lífeyris frá slysatryggingasjóði sama rétt til barnalífeyris og börnum þeirra öryrkja sem bóta njóta frá lífeyristryggingum. Sá mismunur sem nú viðgengst felst í því, að þeir öryrkjar sem taka bætur úr slysatryggingasjóði, sem eins og kunnugt er er fjármagnaður af atvinnurekendum, fá einungis greiddan barnalífeyri með þeim börnum sínum sem fædd voru þegar slysið varð, en ekki með þeim sem fæðast eftir það. Lífeyrisupphæðir eru hinar sömu í báðum tilvikum að þessu undanskildu. Þeir sem slysaörorku njóta eru öryrkjar vegna vinnuslysa, slysa við akstur og björgunarstörf og einnig þeir sem slasast hafa við íþróttir.

Nefndin var einhuga um að þennan mismun bæri að lagfæra. Kristján Guðjónsson deildarstjóri Tryggingastofnunar ríkisins kom á fund nefndarinnar og taldi þessa leiðréttingu eðlilega. Rætt var hvort eðlilegra væri að lífeyristryggingar tækju við greiðslu þessara bóta, en talið var að framkvæmd yrði flóknari og eðlilegra að slysatryggingasjóður bæri allan kostnað af örorku hins tryggða. Tekið skal fram að hér er um upphæðir að ræða sem eru afar lítill þáttur í kostnaði sjóðsins og taldi deildarstjórinn þessa viðbót engu máli skipta, enda sjóðurinn vel stæður. Var því einhugur um þetta atriði.

Allir nefndarmenn töldu nauðsynlegt að breyta 16 ára aldursmarkinu í 18 ár til samræmis við barnalögin frá 1981, enda framkvæmdir þegar raunveruleiki.

Í 2. gr. frv. er þessi aldursmarkssamræming einnig lögð til af sömu ástæðu, en Kristján Guðjónsson taldi þessa brtt. í raun óþarfa, en hún er till. til breytingar á d-lið 35. gr. almannatryggingalaga. Ég skal taka fram að ég er rétt að ljúka máli mínu. Ég tel mig þó hafa nokkurn rétt til að tala svo sem eins og þrjár mínútur eftir nær tveggja tíma umr. utan dagskrár. En liðurinn hljóðar svo, með leyfi forseta, og fjallar um þá sem greiða skal dánarbætur:

„Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minna en kr. 28 270.00 og allt að kr. 84 810.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á."

Sannleikurinn er sá, að á þessa greiðslu hefur aldrei reynt í neinu slysatryggingamáli hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. upplýsingum þaðan. Nefndin taldi því ástæðulaust að hækka aldurslágmark þetta og áleit það ekki endilega í rökrænu samhengi við 18 ára aldursmark barnalífeyris samkvæmt barnalögum.

Allir nefndarmenn féllust því á að greiðsla þessi eins og hún er nú stæði áfram óbreytt. Ekki tæki því að skerða þennan rétt, ef um slíkt tilvik yrði að ræða. Eins og áður sagði hefur þessi greiðsla aldrei komið til og því er þetta ekkert atriði fyrir sjóðinn.

Ég vil að lokum þakka nefndinni skjóta og góða afgreiðslu að vanda. Það skal tekið fram, að hæstv. landbrh. var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Hef ég nú lokið máli mínu, herra forseti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 140 (2. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár (frh.).

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég er ekki vanur að halda langar ræður í þessari deild.

Ég hlustaði á umr. utan dagskrár í gær í Sþ. og ég skrifaði hjá mér þau orð sem virtust vera algengust í þeirri umr. þegar menn voru að tala um stjórnvöld þessa lands og hugarfar þeirra sem eru að fást við efnahagsstjórn í landinu. Það voru orð eins og blekkja, falsa, skerða, stela og svíkja. Það er allmikið harmsefni að þetta orðfæri hefur að nokkru leyti verið notað aftur við þessa umr., sérstaklega af þingflokksformanni Alþfl. hér áðan. Það má vel vera að komið sé svo í þessu landi og orðið álit margra í þinginu að svo sé hugsað í þessu landi. Ég er ekki þeirra skoðunar. En mér finnst mikið alvörumál þegar menn tala í þessum dúr hér á Alþingi. Það er þó ekki til umr. hér, heldur verðlagning landbúnaðarafurða.

Það er öllum ljóst, sem hér hafa talað, að minnsta kosti hafa menn viðurkennt það í orði, að það eru miklir erfiðleikar í landbúnaði og forustumenn bændastéttarinnar hafa reynt að taka og tekið mjög föstum tökum á þessum vandamálum. Þeir hafa reynt að telja mönnum trú um að það þyrfti að draga saman og minnka framleiðslu. Það er ekki einfalt og auðvelt hlutskipti fyrir forustumenn í stéttum að gera slíkt. Þeir hafa samt gert þetta og fengið ámæli úr öllum áttum og öllum stjórnmálaflokkum. Og menn tala út og suður. Fyrir nokkrum dögum talaði forustumaður Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum fyrir hönd Sjálfstfl. og hann skammaði ríkisstjórnina

og landbrh. fyrir að hafa staðið að því að framleiðsla hafi minnkað. Nú standa aðrir sjálfstæðismenn upp og tala um hið gagnstæða. Á sama hátt hafa forustumenn í landbúnaðinum legið undir slíku ámæli.

Það er alveg rétt að ólga er meðal almennings í þessu landi vegna erfiðleika og afkoma heimilanna er slæm. Það er líka ólga meðal bænda. Það er ekki skemmtilegt fyrir heila stétt manna eins og bændur að hlusta á það nánast á hverjum einasta degi að þeir séu of margir, þeir framleiði of mikið og þeir séu hálfgerður baggi á þjóðfélaginu. Það er ekkert skemmtilegt fyrir eina stétt að hlusta á slíkt tal í fjölmiðlum þessa lands dag eftir dag, mánuð eftir mánuð og jafnvel ár eftir ár. Við þetta búa þessir menn og er eiginlega mesta furða hvað þeir taka því vel, og hef ég fundið það í viðtölum við þá.

Ég er þeirrar trúar, að bændur í landinu skilji þessi vandamál og þeir séu best til þess færir að taka á þeim sjálfir. Ég held að forustumenn annarra stétta ættu ekki að blanda sér þar mikið inn í. Hitt er svo annað mál og er mikið áhyggjuefni hvað orðin er mikil tortryggni á milli stétta í landinu og hvað lítið samstarf er á milli stétta.

Það kom fram áðan að Alþýðusamband Íslands hefði dregið sinn fulltrúa út úr Sexmannanefnd. Áður fyrr mættu fulltrúar frá Alþýðusambandinu á fund Stéttarsambands bænda til að hlusta á þeirra málflutning og bændur mættu á Alþýðusambandsþing til að hlusta á málflutning þeirra sem þar eiga hagsmuna að gæta. Nú hafa menn lagt þennan sið af og eru hættir að sinna slíkum boðum. Sennilega eru menn hættir að senda slík boð. Væri betur ef menn væru tilbúnir til þess að hlusta meira á vandamálin hver hjá öðrum og býst ég við því að þá væri meiri skilningur á þeim en kom fram í hugsjónaræðu þingflokksformanns Alþfl. áðan. Þá loksins var hin eina og sanna hugsjón fundin, enda talaði hann af slíkum eldmóði hér að ég hef aldrei heyrt hann tala svo áður utan einu sinni, þegar hann ræddi einslega við Ólaf Jóhannesson að þjóðinni allri ásjáandi. Það er í eina skiptið sem ég hef áður — mér þykir slæmt að þingflokksformaðurinn skuli ekki vera hér — séð hann tala af slíkri hugsjón og slíkri hugsjónaauðgi.

Herra forseti. Ég sé að fundartími er liðinn og ég hef ekki lokið máli mínu. Ég veit ekki hvort mér leyfist að halda áfram (**Forseti:** Síðar, já, já.) eða hvort ég á að gera hlé (**Forseti:** Ég skal ekki slíta umræðunni.) á ræðu minni. Ég hafði hugsað mér að tala hérna eitthvað lengur. (**Forseti:** Já, það er ágætt. Ég skal fresta umr. Ráðh. fær að segja örfá orð, en ég fresta svo umr.) Nú já. Ég vildi kannske nota allan tímann, ef ég fæ lengri tíma. Ég skal þó taka tillit til óska forseta, en vænti þess, að það verði þá slíkt fordæmi að ýmsir málglaðir menn hér í deildinni geri slíkt hið sama.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið frá því sem þegar er orðið.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson taldi mig fara með rangt mál um það sem ég kallaði útflutningsbótarétt, að bændastéttin ætti þar tiltekinn rétt í lögum. Hann taldi að þessi réttur væri ekki löghelgaður, heldur væri hér um heimild að ræða. Hann sagði: Að sjálfsögðu veit ráðh. hið sanna. — Ég get sagt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að ég veit hið sanna, en hann veit það ekki eða fer vísvitandi með rangt mál.

Ég ætla þess vegna að lesa lagagreinina eins og hún liggur fyrir. Hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar.“

Síðan segir í lögum þessum að ríkissjóður beri kostnað vegna þessara laga.

Ég tel rétt að þetta komi hér fram svo skýrt að ekki orki tvímælis, enda þótt þessi hv. þm. sé ekki inni í þingsalnum.

Hv. þm. taldi mjög athugavert og mjög stórt mál að þessi verðhækkun á búvöru kæmi fram á sama tíma og laun væru skert um helming til launþega. Hann gætti þess ekki að laun eru skert um helming til bænda einmitt á sama tíma og laun launþega.

Til þess að tefja ekki tímann skal ég ekki fara út í fleiri atriði í ræðu þessa hv. þm., sem væri þó full ástæða til að svara og það í alllöngu máli.

Ég vil aðeins geta ummæla í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar, þar sem hann gat þess að dregist hefði nokkuð á langinn framkvæmd varðandi svokallaða fækkun sauðfjár á s. l. hausti og í framhaldi af því að bætur hefðu orðið sama og engar. Um þetta vil ég láta þau orð falla, að bætur þær sem greiddar eru af ríkisvaldinu í þessu skyni eru í öllum greinum jafnmiklar og farið var fram á af hálfu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og í sumum greinum verulega hærri. Þannig er ekki við ríkisstjórnina að sakast þótt hv. þm. Páll Pétursson telji að þessar bætur hafi verið minni en hann hefði sjálfur óskað.

Varðandi fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar um hvað umfang landbúnaðarframleiðslunnar hefði aukist frá 1959, þá er ég ekki með þær tölur við hendina. Framleiðslan hefur vissulega vaxið, en þeir liðir, sem hann tók sérstaklega, svo sem hlunnindaliðir, loðdýraframleiðsla, hafa verið framreiknaðir óbreyttir að magni til, en aðeins með verðlagsbreytingum ár frá ári nú um langa hríð, þannig að það skekkir ekki þennan grundvöll.

Ég var ekki að kenna kaupmönnum í Reykjavík um landbúnaðarvöruverð. Hins vegar tók ég undir það með málshefjanda í þessari umr., að það hefði vakið athygli mína, og ég hef spurst sérstaklega fyrir um það og gert við það nokkra athugasemd, að smásöluverð hækkaði til að mynda á kjöti til muna meira að þessu sinni en heildsöluverðshækkuninni nam. Með þeim orðum var ég ekki beint að kenna kaupmönnum um það þó hækkun verði á þessari vöru, en staðreynd er að þeir fengu að þessu sinni meiri hækkun í sinn hlut en bændur.

Sameinað þing, 28. fundur.

Fimmtudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Öryggiskröfur til hjólbarða, þáltill. (þskj. 145). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Hafnaraðstaða í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 146). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Laxveiðar Færeyinga í sjó, þáltill. (þskj. 36). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umferðarmiðstöð á Egilsstöðum, þáltill. (þskj. 103). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er nýlokið viðræðufundi milli mín og fulltrúa Alusuisse, öðrum fundi á stuttum tíma. Það eitt út af fyrir sig væri ekki tilefni af minni hálfu til að óska eftir að taka til máls utan dagskrár hér í hv. Sþ., ef ekki hefði dregið til óvæntra og stærri tíðinda er tengjast þessu máli og alþjóð var vitni að við útsendingu sjónvarpsfrétta í gærkvöld, er sett var á svið sýning sem verður að teljast nokkuð sérstæð og fátíð í íslenskri stjórnmálasögu, þar sem fulltrúi eins ríkisstjórnaraðilans, stærsta stjórnarflokksins, Framsfl., sá ástæðu til að ganga fram fyrir alþjóð og koma á framfæri ákveðnum skilaboðum. Um þetta hafði hann greinilega gott samráð við þennan ríkisfjölmiðil, sem ekki hafði séð ástæðu til að inna mig frétta af þessu máli eða því sem fram yrði reitt í þessum fréttatíma.

Ég vil vekja athygli á því, að sá fréttaflutningur sem þarna kom fram var á margan hátt mjög sérstæður, ekki aðeins sá málflutningur sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson valdi að koma á framfæri með þessum hætti, heldur sá rammi og umbúnaður sem honum var valinn. Fréttamaður sjónvarpsins sá ástæðu til að geta þess í inngangi, að ég hafi undanfarin tvö ár borið Alusuisse þungum sökum um að hagræða verði á aðföngum og hagræða bókhaldi til skaða fyrir Íslendinga, auk margs annars sem fram kom í hans máli, þ. á m. þessar upplýsingar, svo að orðrétt sé vitnað í fréttamanninn:

„Í nóvember barst hins vegar mjög jákvætt bréf frá Alusuisse, þar sem boðið er upp á samningaviðræður, sem m. a. fjalli um nýtt orkuverð og að tekið verði mið af orkuverði í Evrópu og Bandaríkjunum."

Síðar segir sami aðili, þegar búið er að lýsa því að enginn árangur hafi orðið af síðasta fundi:

„Þegar hér var komið sögu ákvað Guðmundur G. Þórarinsson alþm. að segja sig úr nefndinni. Hann er nú staddur hér í sjónvarpssal."

Síðan hófst hans málflutningur. Ég ætla hér ekki að endurtaka það, enda liggur það skjalfest fyrir sem hann hafði þar fram að færa og hefur komið fram í fjölmiðlum, m. a. í málgagni hans flokks á forsíðu, þar sem segir: „Ég lýsi allri ábyrgð á hendur iðnaðarráðherra."

Það mega út af fyrir sig teljast nokkur tíðindi að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson skuli telja það sérstaka frétt til uppsláttar og hans flokksmálgagn, að ég beri ábyrgð á þessu máli, og hann þurfi að lýsa þeirri ábyrgð á hendur mér. Ég hef ekki vitað annað eða metið málið öðruvísi en ég beri ábyrgð í þessu máli. En ég hef talið ástæðu til að kveðja þar til samráðs ekki aðeins fulltrúa stjórnaraðila, heldur einnig fulltrúa stjórnarandstöðu, sem hafa borið saman bækur sínar ásamt sérfræðingum í svokallaðri álviðræðunefnd, sem starfað hefur síðan í ágústbyrjun 1981.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur valið sér það hlutskipti að hlaupa þar undan merkjum einn manna, og ber fram fyrir því ástæður sem alþjóð hefur nú heyrt. Hann orðar það svo í sjónvarpinu í gærkvöld, þegar spurt er um árangur af starfi álviðræðunefndar, orðrétt til vitnað: „Ja, ég er nú satt að segja eftir allan tímann og setu í þessari nefnd að komast að þeirri niðurstöðu, að annaðhvort vilji iðnrh. ekki semja eða geti það ekki, nema hvort tveggja sé." Ég læt hv. alþm. um að meta þessi ummæli, sem fram eru borin og valinn til þess sá vettvangur sem hér um ræðir.

En það er nauðsynlegt að gæta að málsatvikum. Ég hef ekkert við það að athuga að í samráðsnefndum stjórnmálaaðila á Íslandi komi fram skiptar skoðanir. Það er ekki nema eðlilegt að menn beri þar saman ráð sín og skiptist á sjónarmiðum og reyni að jafna ágreining, ef fram kemur, ekki síst í stóru lífshagsmunamáli okkar þjóðar eins og þessu. En hver er sá ágreiningur sem hv. þm. færir fram sem rök fyrir því að hann stígur þetta skref? Hann er sá, samkvæmt hans eigin orðum og málflutningi, að ég hafi ekki fengist til þess í viðræðum s. l. þriðjudag við Alusuisse að bera fram tillögu, sem hann hafði reifað á fundi álviðræðunefndar kvöldið áður, að bera þá tillögu fram sem tillögu Íslands í viðræðunum við Alusuisse. Hann heldur því fram, að þessi tillaga hafi fengið meirihlutastuðning í álviðræðunefnd, og lætur að því liggja, að það hafi verið eðlilegt og sjálfsagt að ég hefði eftir henni farið.

Ég vil upplýsa það hér, sem þegar hefur raunar fram komið, að engin slík tillaga var afgreidd frá álviðræðunefnd eða borin inn á mitt borð í nafni nefndarinnar, heldur var mér greint frá umræðum í nefndinni á þriðjudagsmorgni af formanni álviðræðunefndar. Og sú tillaga, sem Guðmundur G. Þórarinsson gerði að úrslitaatriði fyrir framhaldandi starfi sínu í álviðræðunefnd, hún er þess efnis að það er fyllsta ástæða til að fara yfir hana. Ég hlýt jafnframt að fara yfir nokkur meginatriði í stöðu málsins eins og þau nú blasa við.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gerði það að tillögu sinni og úrslitaatriði um áframhaldandi setu í nefndinni að ég bæri fram kröfu um 20% hækkun orkuverðs til álversins í Straumsvík og raunar hafði hann í upphafi talað um 15% hækkun raforkuverðsins frá og með 1. febr. n. k. Samkv. tillögu Guðmundar átti ég

einnig að fallast á kröfur Alusuisse um heimild til að fá að stækka álverið og taka inn nýjan samstarfsaðila, nýjan eignaraðila að þessu fyrirtæki, sem næmi 50% eignarhlutdeildar, sem er meira en núverandi lög leyfa eða ákveða. Þessu verði skyldi það keypt að reiða fram þessa tillögu, sem hann ekki taldi að ætti að vera úrslitaatriði, heldur mætti vænta gagnviðbragða af hálfu Alusuisse, sem þá yrði að meta þegar þar að kæmi.

Hvernig stóðu málin í viðræðunum við Alusuisse þegar þessi krafa var borin fram af fulltrúa Framsfl.? Alusuisse hafði ekki aðeins hafnað algjörlega í þessum viðræðum að verða við kröfu Íslendinga um hina minnstu hækkun á raforkuverði til álversins að óbreyttum núverandi samningum. Í öðru lagi hafði fyrirtækið borið fram kröfu um það að fá verulegar hagsbætur í sinn hlut. Þessar kröfur voru í fyrsta lagi um heimild til stækkunar, sem meta má til verulegra hagsbóta samkvæmt málflutningi fyrirtækisins, í öðru lagi um að fá inn nýjan eignaraðila, og síðast en ekki síst að fá lækkuð kaupskylduákvæði í raforkusamningnum við Landsvirkjun niður í 50%. Um þessar kröfur var álviðræðunefnd upplýst að kvöldi 6. des. og enn frekar og skýrar á fundi eftir hádegi í fundarhléi mínu við Alusuisse, en þá var nefndin kvödd saman, og þar var gerð grein fyrir þessum kröfuatriðum af Alusuisse hálfu. Samt sem áður gerði Guðmundur G. Þórarinsson það að úrslitaatriði að ég bæri fram tillögu hans.

Við skulum aðeins líta áfram á hvað hér er verið að fara. Hækkun á raforkuverði til álversins í Straumsvík um 20%, sem gerð er tillaga um að reynt yrði að ná fram sem áfangahækkun, gæfi á einu ári í auknar tekjur til Landsvirkjunar samkvæmt áætlaðri sölu á næsta ári 1.7 millj. Bandaríkjadala. Lækkun á kaupskylduákvæði í raforkusamningnum við Landsvirkjun, ef fyrirtækið hagnýtti sér það, eins og það getur haft fullan hug á miðað við núverandi stöðu markaðar, mundi þýða rýrnun á tekjum til Landsvirkjunar sem nemur 3 millj. dollara, sem nemur 3 millj. dollara á móti því sem fram er sett í sambandi við raforkuverðshækkun upp á 1.7 millj. dala. Og það segir ekki alla sögu, því að ef Alusuisse hagnýtti sér lækkaða kaupskyldu á raforku þá skiluðu sér að sjálfsögðu minni aðrar tekjur, eða aðeins helmingur, þannig að mismunurinn eru röskar 2 millj. dala, er upp væri staðið.

Guðmundur G. Þórarinsson hefur eflaust ekki ætlað sér að niðurstaða úr viðræðu við Alusuisse gengi þannig eftir, það ætla ég honum ekki. Hann er með vonir um það að ef gengið yrði til viðræðna á þessum grundvelli, þá væri hægt að fá fram leiðréttingu á raforkuverði í slíkum samningum, en tryggingu fyrir slíku hefur hann enga. Og ég verð að upplýsa það hér, að þær viðræður sem fram hafa farið að undanförnu við Alusuisse, þar sem gengið hefur verið eftir því við fyrirtækið hvort og hversu mikið það væri reiðubúið að ganga til móts við okkar sanngirniskröfur, hafa ekki borið vott um það að þeir væru reiðubúnir að gera það að neinu leyti, þrátt fyrir það að þeir segi í orðsendingu til Íslendinga að þeir séu reiðubúnir að ræða við okkur um endurskoðun á raforkuverði með tilliti til samninga um raforkuverð til álvera í Evrópu og Ameríku og að teknu tilliti til samkeppnisaðstöðu ÍSALs. Þegar farið er að þreifa á kjarnanum í þessum orðum kemur það fram að Alusuisse telur að slíkur samanburður þurfi ekki að skila neinu í hlut Íslendinga eftir að þeir hefðu leitt okkur í allan sannleika um sín viðhorf í þessu máli. Þetta verða menn að hafa í huga þegar litið er á efnisþætti þessa máls.

En í rauninni er málið annað og miklu stærra heldur en hér er borið fram í sambandi við krónur og aura. 20% hækkunin, sem Guðmundur G. Þórarinsson er að stinga upp á og gera kröfu um að ég beri fram við Alusuisse, á meðan þeir eru með gagnkröfur af slíku tagi sem ég hef hér rakið, mundi svara til tveggja aura hækkunar á kwst. á sama tíma og almenningsveitur í landinu kaupa raforku á hátt í 50 aura kwst. en Alusuisse borgar um 10 aura.

En það sem alvarlegast er í þessu máli er það, að hér hleypur fulltrúi stærsta stjórnaraðilans undan merkjum á úrslitastundu, þegar verið er að takast á um íslenska hagsmuni í þessu máli, og færir víglínuna frá því að vera á milli Íslands og Alusuisse og setur í staðinn Íslendinga gegn Íslendingum, færir víglínuna yfir í átök hér innanlands um málsmeðferð og efnisatriði. Slíkt er fáheyrt. Og það er fáheyrt að slíkt skuli gerast með þeim hætti sem þessi hv. fulltrúi Framsfl. í álviðræðunefnd kaus.

Eftir að hafa heyrt viðbrögð, og viðræður í álviðræðunefnd á mánudagskvöldið var bar ég fram í samráði við mína ráðgjafa sáttatillögu af Íslands hálfu inn í viðræðurnar við Alusuisse. Það er rétt að ég kynni hv. alþm. efni þeirrar tillögu, eins og hún er hér í lauslegri þýðingu úr ensku, en á ensku var textinn fram lagður í þessum viðræðum. Hann var svofelldur:

„Til að unnt sé að hefjast handa um alhliða samningaviðræður um öll óleyst atriði milli aðilanna með það að markmiði að ná sáttum í vinsemd og koma samskiptum aðila í eðlilegt horf hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi". — Þetta er tillaga að sameiginlegri yfirlýsingu:

„Ísland fellst á málsmeðferð þá sem Alusuisse hefur gert tillögu um í telexi dags. 10. nóv. 1982, atriði 1 a—c, með breytingum, en samkvæmt henni á að vísa öllum lögfræðilegum deilum aðila, sem lúta að skattalegum skuldbindingum ÍSALs, til úrskurðaraðila, og samþykkir að hefja nú þegar sameiginlegar undirbúningsaðgerðir í því skyni. Alusuisse samþykkir það meginsjónarmið að réttmætt sé að leiðrétta orkuverð til ÍSALs og er reiðubúið að hefja nú þegar samningaviðræður um endurskoðun rafmagnssamningsins og samþykkir verulega áfangahækkun á núverandi raforkuverði til að sýna að fyrirtækið byrjar samningaviðræður í góðri trú þegar í stað varðandi endurskoðun rafmagnssamningsins.

Báðir aðilar lýsa því yfir að þeir eru í hvívetna reiðubúnir að ræða og taka upp samningaviðræður um öll atriði varðandi framtíðarrekstur ÍSALs og samskipti Alusuisse og Íslands. Þetta nær til allra atriða sem aðilar hafa þegar sett fram eða kynnu að setja fram meðan á viðræðum stendur."

Þetta var tillaga til sátta, tilraun til sátta af Íslands hálfu í þessu máli, fram borin á þriðjudagsmorgni í viðræðum við Alusuisse. Viðbrögð Alusuisse við þessari tillögu voru nei og aftur nei um að fallast á það grundvallarviðhorf að raforkuverðið beri að hækka, og að fallast á verulega áfangahækkun á núverandi raforkuverði gegn því að deilumál um lögfræðilegan ágreining varðandi fortíðina og skattalega meðferð færu til úrskurðaraðila, eins og þeir höfðu lagt til.

Herra forseti. Ég sá ástæðu til þess að greina hér frá þessu m. a. vegna þess að menn gætu skilið það af málflutningi hv. 12. þm. Reykv. að ég hafi ekki sýnt áhuga á því að koma af stað alvarlegum samningaviðræðum við Alusuisse. Niðurstöðurnar af viðræðum við Alusuisse í

lok fundar á þriðjudag voru þær að fyrirtækið hafði neitað þeim kröfum sem við höfum ítrekað fram borið um lágmarksleiðréttingu á raforkuverði gegn því að við féllumst á tillögu þeirra um málsmeðferð varðandi ágreining fyrri tíðar. Það höfðu hins vegar ekki verið settir fram neinir úrslitakostir á þessum tíma. Og það hafði verið um það sammæli í álviðræðunefnd að á þessum fundum væri ekki rétt að setja fram slíka úrslitakosti. En hv. 12. þm. Reykv. sá ástæðu til að gera kröfu til þess að slíkir kostir yrðu fram settir, eða tilboð af Íslands hálfu, inn í þetta samhengi sem þarna lá fyrir, raunverulega kröfu Alusuisse um lækkun á raforkuverði til Íslendinga.

Það var ásetningur minn að sjálfsögðu að þessum fundi loknum að bera saman bækur við ríkisstj. og gera henni grein fyrir stöðu mála. Það var gert á ríkisstjórnarfundi í morgun. Það var einnig sjálfsagt mál í mínum augum að álviðræðunefnd fjallaði frekar um þessi atriði. En inn í þetta samhengi hefur nú hv. 12. þm. Reykv. komið með þeim hætti sem raun ber vitni og gjörbreytt vígstöðunni í þessu máli, íslenskum málstað í óhag.

Háttvirtir þingmenn. Þessi atburður er augljós og þýðing hans og alvara hans. En hann segir mönnum kannske hér í hv. Sþ. við hvað hefur verið að fást í þessu máli á tveggja ára tímabili, þar sem reynt hefur verið að ná fram lágmarksleiðréttingum og sanngirniskröfum okkar Íslendinga. Það hefur ekki verið sú samstaða, því miður, í sambandi við málafylgju í þessu afdrifaríka máli, sem nauðsynleg er. En við höfum reynt að stilla saman og ég hef talið það mitt hlutverk að reyna að skapa hér sem víðtækasta samstöðu í þessu afdrifaríka máli. Og það er ennþá nauðsyn að á það verði látið reyna. En það verður ekki hægt með þeim hætti sem ég hafði ráðgert, eftir það sem nú hefur gerst. Við höfum ekki lengur þau vopn sem við gátum haft, eftir að fulltrúi Framsfl. hefur hlaupið úr álviðræðunefnd og opinberað fyrir gagnaðilanum sín sjónarmið og þann ágreining, sem hann hefur uppi gagnvart mér og málafylgju í þessu máli, og fært þessi mál út á víðan völl deilna hér innbyrðis í landinu.

Hér eru stórir hagsmunir á ferð. Hagsmunir sem varða hvert einasta heimili í þessu landi. Þjóðin horfir upp á síaukinn mismun á milli raforkuverðs til orkufreks iðnaðar til álversins í Straumsvík alveg sérstaklega og til almenningsveitna. Þar er nú nær fimmfaldur munur á og sá mismunur mun vaxa til muna ef farið verður að áætlunum og óskum Landsvirkjunar um hækkanir á raforkuverði til almenningsveitna á næstunni. Hvert einasta heimili í landinu er að leggja til stórar fjárhæðir í meðgjöf til þess aðila sem stundar álbræðslu í Straumsvík. Það er þjóðarnauðsyn að snúa þessu dæmi við. Þess vegna þarf samstöðu í þessu máli, og þess vegna verður á þetta mál að reyna til leiðréttingar í ljósi þess sem gerst hefur, með tilliti til þess sem gerst hefur, og ég vona það sannarlega að Framsfl. beri gæfu til þess að taka þátt í að leiðrétta þá vígstöðu sem hann hefur nú riðlað og veikt svo mjög með frammistöðu síns fulltrúa í álviðræðunefnd.

Við höfum, svo sem alþjóð er kunnugt, verið að athuga alla þætti þessara mála og álviðræðunefnd hefur fengið öll málsgögn, sem þetta snerta, til skoðunar. Jafnframt hefur verið til athugunar hvaða ráð Íslendingum væru tiltæk ef Alusuisse verður ekki við okkar lágmarks sanngirniskröfum. Ég hef sagt það oft og ítrekað að þá hljótum við að grípa til eigin aðgerða. Og undir það hefur ríkisstj. tekið í samþykktum sínum. Ég hef unnið að þessu máli innan ramma þeirra samþykkta sem ríkisstj. hefur markað. Hún hefur ekki tekið neinar ákvarðanir um einhliða aðgerðir í þessu máli, en hún hefur lýst þeirri stefnu sinni að ef ekki fáist sanngjörn leiðrétting á raforkuverði hljóti íslensk stjórnvöld að grípa til eigin ráða.

Ég mun í framhaldi af því sem nú liggur fyrir gera tillögur um það innan ríkisstj. í næstu viku að við Íslendingar grípum til þeirra ráða sem helst eru tiltæk, grípum til einhliða aðgerða í þessu máli til hækkunar á raforkuverði, ef ekki verði orðið við okkar lágmarkssanngirniskröfum, aðgerða til leiðréttingar á raforkuverði, og að sjálfsögðu einnig til þess að innheimta þau gjöld sem okkur ber með réttu vegna vantalins hagnaðar álversins í Straumsvík á undanförnum árum.

Það verður að sjálfsögðu verkefni ríkisstj. að fjalla um slíkar tillögur og hv. Alþingis þegar þar að kemur. En ég vil ekki ganga hér úr þessum ræðustóli án þess að það liggi fyrir að slíkar tillögur hljóta að koma fram. Við hljótum að skoða þær og spurningin um það, hvort þær bera árangur til þess að knýja fram lágmarksbreytingar án þess að við þurfum að láta á reyna til hins ýtrasta, veltur á því hvort samstaða verður innan ríkisstj. og hér á hv. Alþingi um þetta stóra mál.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu á sér nokkuð langan aðdraganda. Það munu vera tvö ár í dag síðan sú deila hófst sem nú stendur enn yfir um samskipti Íslendinga við svissneska álhringinn Alusuisse. Ég hygg að öllum Íslendingum sé það kunnugt að árangurinn af þeim viðræðum og þeirri vinnu sem unnin hefur verið á þessum tveimur árum er næsta lítil. Ég hygg að öllum Íslendingum sé jafnframt kunnugt með hverjum hætti upphaf málsins var. Ég ætla ekki að endurvekja hér í þessu húsi deilur um það hvort upphaf málsins og þær bumbur, sem iðnrh. barði á sínum tíma, hafi skaðað meðferð málsins á síðari stigum. Hitt er ljóst, að hvorki hefur gengið né rekið í þessu máli allan þann tíma.

Til þess að gera langt mál stutt og án þess að rekja alla forsöguna vil ég byrja á að segja það að álviðræðunefnd, sú sem hér er mjög til umræðu og á að sjálfsögðu samkvæmt nafni sínu og skipunarbréfi að annast viðræður við svissneska álhringinn Alusuisse um þessi deilumál, hefur ekki tekið þátt í viðræðum við Alusuisse eða ÍSAL á þessu ári. Hins vegar hefur ráðh. átt nokkra fundi með Alusuisse um það nánast hvort viðræður skuli teknar upp. Í þessari nefnd hefur á ýmsu gengið og margt verið rætt sem alþjóð er ekki kunnugt um. Í upphafi starfs nefndarinnar varð það samkomulag að starf hennar skyldi verða trúnaðarmál. Þess vegna hafa menn lítið fylgst með því sem þar hefur gengið á.

Ég hygg að menn muni það að þegar ráðh. átti viðræður við Alusuisse í vor sem leið urðu niðurstöður þær hjá honum að enginn grundvöllur væri til samninga við svissneska álhringinn. Ég vil ítreka það í þessu sambandi hversu mikil nauðsyn það er fyrir Íslendinga að fá orkuverðið hækkað. Það er mál málanna varðandi þennan samning. Ráðherra stóð að þeim viðræðum nánast einn. Álviðræðunefnd tók ekki þátt í þeim. Hún fékk hins vegar upplýsingar frá ráðh. um niðurstöður þeirra viðræðna sem þá fóru fram. Þær voru á þann veg, eins og ég hygg að menn muni, að enginn grundvöllur væri fyrir

frekari samningum, árangur væri enginn.

Með þá niðurstöðu að leiðarljósi hélt álviðræðunefnd áfram að vinna. Endanlegar niðurstöður voru fengnar frá breska alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand. Umræður innan nefndarinnar snerust síðan um það hvort ekki væri eðlilegt að beina því máli beint í skattameðferð, þ. e. að lagðir yrðu skattar á ÍSAL í samræmi við þá útreikninga sem breska endurskoðunarfyrirtækið hafði lagt fram.

Ég hygg að það hafi verið einum eða tveimur dögum eftir að álviðræðunefnd fékk hinar endanlegu skýrslur enska endurskoðunarfyrirtækisins í hendur sem tilmæli bárust frá iðnrh. um að álviðræðunefndin afgreiddi það mál sem skattamál þá þegar, á sínum fyrsta fundi eftir að hún fékk þetta í hendur. Nefndarmenn höfðu þá ekki einu sinni lesið þessar endanlegu niðurstöður. Ég bað því um nokkurn frest meðan ég færi yfir skýrslurnar. Það var gagnrýnt af fulltrúum ráðh. því að svo lá á að afgreiða málið í nefndinni. Þegar síðan málið kom fyrir í nefndinni var mér skyndilega ljóst að Alusuisse eða ÍSAL, fulltrúar þeirra, höfðu ekki einu sinni fengið í hendur þau gögn sem um var að ræða. Þeir höfðu ekki einu sinni fengið í hendur þau gögn sem iðnrh. var að leggja til að skattar yrðu lagðir á eftir. Þá gerði ég þá sjálfsögðu sanngirniskröfu að öll gögn í málinu yrðu send gagnaðilanum, ekki vegna þess að ég hefði neina sérstaka samúð með honum, þvert á móti, heldur vegna þess að almennar umgengnisreglur hljóta að vera á þann veg, þegar tveir deila, að báðir aðilar hafi í höndum þau gögn sem verið er að reyna að meta. Eftir nokkurt japl og jaml og fuður var fallist á það. Gögnin voru send Alusuisse og ákveðið að nefndin tæki ekki afstöðu í málinu fyrr en hinn erlendi aðili hefði þó gögnin í höndum.

Síðan berst bréf frá svissneska álhringnum, það bréf sem sjónvarpsfréttamaður vitnaði til í sjónvarpi að mjög jákvætt hefði verið. Vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið um þetta mál og allrar þeirrar deilu sem nú er upp risin held ég að rétt sé að gera í nokkru máli grein fyrir hvað í þessu bréfi stóð, á hvaða grundvelli svissneski álhringurinn vildi hefja viðræður um endurskoðun raforkusamningsins og lausn þeirra deilumála sem fyrir liggja. Enn á ný ítreka ég að ég ætla ekki að gera grein fyrir því hér vegna þess að ég hafi neina samúð með svissneska álhringnum, langt í frá, heldur af hinu, að ástæða er til að öll gögn málsins komi fram. Allir eiga auðvitað að njóta sannmælis í sínu máli.

Í bréfi svissneska álhringsins segir að þeir leggi til, til þess að sýna fram á vilja þeirra til að leysa deilumálið vinsamlega, — og fer ég nú allhratt yfir sögu án þess að lesa orðrétt bréfið sem hér liggur fyrir á ensku — að deilumál varðandi fortíðina, sem risið hafa mjög hátt þessi tvö ár, verði lögð í nokkurs konar gerð, þ. e. að tilnefndir verði þrír lögfræðingar til að skera úr um lagalegan ágreining í þessari deilu. Einn lögfræðingur verði tilnefndur af Íslendingum, annar af Alusuisse, en þeir komi sér síðan saman um þriðja lögfræðinginn.

Þessi lögfræðingagerðardómur skeri úr um lögfræðilegan ágreining. Í fyrsta lagi hvernig túlka beri afstöðuna, annars vegar til ákvæða í aðalsamningi um að samskipti ÍSALs og Alusuisse skuli vera sem samskipti milli óháðra aðila, og hins vegar til ákvæða í hjálparsamningi um að Alusuisse skuli beita sér fyrir því að ÍSAL njóti bestu kjara í kaupum sínum á hráefni. Þarna er um að ræða mjög mikilvægt atriði hvernig túlka skuli. Við höfum túlkað það svo, að rétt sé með farið hjá breska endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand. Þeir hafa túlkað það svo, að í viðskiptum milli óháðra aðila, hvort heldur er á súráli eða rafskautum, sé ekki um neitt sérstakt, ákveðið eitt verð að ræða, heldur liggi það verð á ákveðnu bili í heimsviðskiptum. En vegna ákvæða hjálparsamningsins um að ÍSAL skuli njóta bestu kjara sé eðlilegt að meta innkaup ÍSALs á þessum hráefnum á þann veg að verðið skuli vera í neðra kanti þessa bils. Þess vegna er túlkun á þessum ákvæðum mjög mikilsverð. Og ég vil leggja áherslu á að samkvæmt aðalsamningi á svissneski álhringurinn auðvitað rétt á því að óska eftir gerðardómsúrskurði um ágreiningsmál. Jafnvel þó að við vildum ekki samþykkja að leggja slík mál í gerð, þá geta þeir óskað eftir því og fengið málið í gegn samkvæmt ákvæðum aðalsamnings.

Jafnframt óska þeir eftir að þessi gerðardómur þriggja lögfræðinga úrskurði um lagalegan rétt Íslendinga til að leggja skatta á ÍSAL aftur í tímann allt til ársins 1975, en eins og menn vita stendur þessi deila um hækkun í hafi og óeðlilega hátt verð á hráefnum allt frá árinu 1975.

Þeir leggja einnig til að sérstakur gerðardómur íslenskra lögfræðinga úrskurði um deiluna varðandi afskriftaraðferðir sem Alusuisse hefur notað.

Þeir gera síðan ráð fyrir því, að þegar úrskurður liggi fyrir frá þessum lögfræðingum verði enn á ný endurmetin krafa til skatta, miðað við það að sú niðurstaða sem Coopers & Lybrand hafa komist að kynni að einhverju leyti að breytast eftir þann lagaúrskurð. Þá segir Alusuisse í bréfi sínu:

Verði þessi málsmeðferð höfð uppi um túlkun á lagalegum ágreiningi og skattainneignin eða skattaálagning metin aftur, eftir úrskurð á þennan hátt, munum við ekki gera talnalegan ágreining um álagningu skatta í þessu máli. Þegar mál hafa verið meðhöndluð á þennan veg munum við ekki gera ágreining um þá skattaálagningu sem út úr því kemur.

Þessi málsmeðferð virðist mjög eðlileg, enda eiga þeir kröfu á því samkvæmt aðalsamningi að skorið sé úr með gerðardómi ef ágreiningur er varðandi atriði samningsins.

Þeir segja síðan:

Verði samkomulag um að leysa deilumálin aftur í tímann á þennan hátt, þá erum við tilbúnir til að taka nú þegar upp samninga um endurskoðun raforkusamningsins, þar sem tekið verði tillit til þess raforkuverðs sem greitt er til álvera í Evrópu og Ameríku, jafnframt því sem tekið sé tillit til samkeppnisaðstöðu ÍSALs.

Þá segir enn í bréfinu:

Við erum jafnframt tilbúnir til að taka þá þegar upp samninga um endurskoðun skattareglna í aðalsamningi.

Og áfram segir:

Inn í þessar viðræður komi viðræður um stækkun álversins í Straumsvík og þátttöku nýs hluthafa í ÍSAL. Jafnframt komi inn viðræður um möguleika íslenska ríkisins til þess að gerast hluthafi í ÍSAL síðar ef íslenska ríkið óskar.

Að lokum bæta þeir við í bréfi sínu að þeir séu tilbúnir að ganga út frá því, ef málum sé hagað á þennan veg, að samningaviðræðum verði lokið á fyrsta ársfjórðungi 1983, þ. e. fyrir 1. apríl 1983.

Ég hygg að ég hafi ekki verið einn um það, að mér kom þetta bréf Alusuisse nokkuð á óvart. Sérstaklega í fram-

haldi af þeim fundi sem iðnrh. hafði átt með fulltrúum félagsins í vor, þar sem niðurstaðan var sú, að engin leið væri að ræða við þá um neina lagfæringu á þessum samningi. Hvernig stendur á því, eftir að þær niðurstöður fengust af fundi iðnrh. með þessum mönnum að ekkert sé hægt að komast áfram með þessa samninga, að svohljóðandi bréf kemur frá þessum aðilum? Mér er náttúrlega spurn hvort menn telji það frágangssök að taka upp viðræður, sem nánast eru án nokkurra skuldbindinga, á þeim grundvelli sem þetta bréf gerir ráð fyrir.

Það er rétt að um þetta bréf var mikið fjallað í álviðræðunefnd. Menn voru þeirrar skoðunar að þarna væri kominn fram jákvæður grundvöllur til að hefja samningaviðræður á, sem sjálfsagt væri að láta reyna á. Auðvitað væri einnig rétt að láta reyna á hvort unnt væri að fá fram einhverja frekari jákvæða punkta áður en samningaviðræður hæfust. Einkum var rætt um hvort unnt væri að fá Alusuisse til að fallast á einhverja hækkun á raforkuverði þá þegar, áður en samningaviðræður hæfust, til að sýna góðan vilja til samninga, jafnframt því sem mikill ávinningur væri fyrir Íslendinga ef unnt væri að fá Alusuisse til að fallast á tímasetningu, hvenær nýr raforkusamningur tæki gildi, áður en í sjálfu sér væri farið að semja um hann. M. ö. o. þó að samningar drægjust eitthvað á langinn, jafnvel fram yfir 1. apríl, sem þeir höfðu sjálfir gert ráð fyrir að væri lokapunktur í samningum, þá væri búið að festa það hvenær samningurinn tæki gildi og þar með reynt að tryggja íslenska hagsmuni.

Með þessi skilaboð fór iðnrh. síðan á fund með Alusuisse 22. nóv., ef ég man dagsetninguna rétt. Þær viðræður iðnrh. snerust auðvitað um það hvort hefja ætti viðræður á þeim grundvelli sem hér er um að ræða. Niðurstöður iðnrh., sem hann skýrði nefndinni síðan frá, voru þær að engin leið væri að ræða við þessa erlendu menn um þessi atriði og þeir virtust ekki meina neitt af því sem í þessu bréfi þeirra stæði. Engu hefði þokað áfram, en þó hefði verið ákveðinn annar fundur 6.—7. des.

Eftir þennan fund sendi ráðh. síðan Alusuisse telex, sem ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni, en ég verð þó að segja að fleiri en einn og fleiri en tveir nm. í álviðræðunefnd lýstu undrun sinni á skilningi ráðh. í þeim telexum sem hann sendi þá frá sér. Viðræður hófust á ný 6. des. Og niðurstöður ráðh., að ég hygg af tveimur fundum sem haldnir voru þann 6. des., voru þær, sem hann skýrði frá í álviðræðunefnd að kvöldi 6. des., að enginn grundvöllur væri til að hefja viðræður við þessa aðila. Þeir vildu ekki hækka orkuverðið og þeir vildu ekki ganga til móts við sjónarmið Íslendinga á neinn hátt, en hefðu uppi ýmsar kröfur.

Það var á þessu augnabliki sem ég ákvað að leggja fram ákveðna tillögu í álviðræðunefndinni, sem í nokkrum punktum miðaði að því að opna samningaviðræðurnar, tillögu, sem væri dálítil lagfæring á þeim grundvelli sem Alusuisse hafði sjálft lagt fram, og freista þess með ákveðnum punktum, sem þeir stæðu frammi fyrir, að láta þá svara því hvort þeir væru tilbúnir að ganga til samningaviðræðna á slíkum grundvelli.

Ég kynnti þessa tillögu í álviðræðunefndinni. Og vegna þess hve mikið fjaðrafok hefur orðið út af tillögunni ætla ég að gera hér lítillega grein fyrir henni á hv. Alþingi.

Fyrsta atriði tillögunnar var að Alusuisse féllist á 20% hækkun raforkunnar 1. febr., áður en nokkrar viðræður færu af stað, eingöngu til að sýna að þeir hefðu góðan vilja til að hefja viðræður um endurskoðun orkusamningsins. Þegar þeir hefðu fallist á 20% hækkun yrðu hafnar viðræður um endurskoðun raforkusamningsins á grundvelli þess orkuverðs sem greitt er í Evrópu og Ameríku og samkeppnisaðstöðu ÍSALs.

Þetta atriði hefur iðnrh. leyft sér að rangtúlka á allan veg, bæði í ræðu sinni hér áðan og í útvarpsumræðum. Hann skýrir það nánast svo, bæði í útvarpi og hér, að ég sé að leggja til að samið sé við Alusuisse um 20% hækkun á raforkuverði. Ég verð nú bara að segja beint út: Hvers konar málstað hafa þeir menn sem þannig þurfa að hagræða sannleikanum í fjölmiðlum og vita þó gjörla um málsatvik? Mér er skapi næst að spyrja hér, eftir allt sem á undan er gengið: Er líklegt að sá sannleikur, sem iðnrh. hefur borið okkur í álviðræðunefnd af viðræðum við Alusuisse, sé eitthvað í svipuðum dúr og sá sannleikur sem hann ber hér á borð varðandi þá tillögu sem ég hef lagt fram í álviðræðunefndinni? Þá er ekki von á góðu. Sú 20% hækkun sem ég lagði til að farið væri fram á á raforkuverðinu strax var eingöngu til þess að Alusuisse sýndi að þeir ætluðu að ganga til samninga um hækkun raforkuverðs með góðum vilja. Þetta veit iðnrh. vel. En í ræðu sinni hér á undan tvinnar hann inn í þetta að á móti hafi komið krafa frá Alusuisse um að lækka kaupskylduna niður í 50% á raforku. (**Iðnrh.:** Þú vissir af því.) Ég vissi að Alusuisse hafði lagt fram slíka kröfu í viðræðum við iðnrh. En iðnrh. kaus að túlka það svo hér í sinni ræðu áðan, að það færi algjörlega saman, svo að af orðum hans mátti skilja að í minni tillögu væri það fólgið að 20% hækkun þýddi að fallið væri frá kaupskyldunni sem nemur 50%.

Þetta þykir mér ekki vænlegur málflutningur. Ég verð að segja það að ég er gjörsamlega undrandi á þessum málflutningi ráðh. Ég er gjörsamlega undrandi á því að hann skuli ekki treysta sér til að ræða þessa tillögu efnislega eins og hún er, en tjá sig tilknúinn að blanda inn í ræðu sína alls konar atriðum, sem alls ekki snerta málið, til þess eins að gera mína tillögu tortryggilega. Málstaður manna, sem þannig haga máli sínu, er ekki sterkur. Ég árétta enn á ný að ef sá sannleikur, sem fyrir mig er borinn í álviðræðunefnd af samningaviðræðunum við Alusuisse, er eitthvað á borð við þann sannleika sem iðnrh. ástundar í túlkun á þessari tillögu minni, þá er ekki von á góðu. Í því tilefni held ég að ástæða sé til að ég endurtaki þau orð mín að líklega geti iðnrh. ekki staðið að þessum samningi ef hann hagar orðum sínum á þennan veg.

Jafnframt var í minni tillögu sagt að þegar Alusuisse hefði fallist á 20% hækkun, áður en nokkrar viðræður hæfust um endurskoðun orkusamningsins, mundum við fallast á að setja fyrri deilumál í þriggja lögfræðinga gerð, með nokkrum breytingum, sem ég hafði áður gert grein fyrir í nefndinni frá því sem þeir höfðu sjálfir farið fram á. Jafnframt yrðu þegar hafnar viðræður um endurskoðun orkusamningsins, þar sem byggt væri á því orkuverði sem nú gerist í Evrópu og Ameríku og samkeppnisaðstöðu ÍSALs, jafnframt því sem inn í þá samninga yrði sérstaklega tekin ákveðin hækkunarformúla, þar sem verðið á raforkunni yrði miðað við uppsveiflu á álverði.

Í minni tillögu var síðan gert ráð fyrir að þegar eftir að Alusuisse hefði fallist á 20% hækkun á raforkuverði, eingöngu til að sýna góðan vilja í þessum samningum, yrðu hafnar viðræður við þá um endurskoðun skatta-

ákvæða aðalsamningsins ásamt fleiri slíkum atriðum.

Það er alveg rétt að í minni tillögu er sagt að Íslendingar fallist á stækkun álversins, ef samningar náist um önnur atriði, og þá sérstaklega miðað við að samningar náist um viðunandi raforkuverð og viðunandi endurskoðun á þeim orkusamningi sem nú liggur fyrir. Á þeirri yfirlýsingu varðandi stækkun álversins eru því fjölmargir fyrirvarar, fyrirvarar sem að fullu tryggja rétt Íslendinga á allan hátt. Jafnframt að við föllumst á að Alusuisse fái að taka inn nýja hluthafa í rekstur ÍSALs, auðvitað eftir samninga við okkur og þau skilyrði sem við getum fallist á.

Nú telur iðnrh. það slæmt mál að ég skuli hafa gert tillögu um að Alusuisse fái að taka inn nýjan hluthafa í ÍSAL. En ég man ekki betur en iðnrh. hafi sjálfur í upphafi deilunnar gert kröfu um það að hluthafar yrðu fleiri, að nýir aðilar yrðu teknir inn í rekstur ÍSALs. Hann er líklega búinn að gleyma því. Nú er þetta talið slæmt mál af minni hálfu, þó að reynt hafi verið á sínum tíma að tryggja rekstur ÍSALs með því að fá einhvern nýjan aðila að þessum rekstri til að hafa ábyrgð þar líka, auk þessara — ég vil segja allt að því glæpamanna sem iðnrh. telur sig eiga við í Alusuisse. Þar má enginn annar koma við sögu en þessir menn sem hann á engan hátt getur samið við, að því er hann segir, og telur slæma á ýmsan hátt. En ekki bara það, heldur leyfir hæstv. ráðh. sér í ræðu sinni áðan að túlka mína tillögu þannig, að ég hafi farið fram á að þeir fengju nýjan hluthafa sem ætti 50% eignaraðild. Hvaðan hefur iðnrh. það?

Enn á ný sér ráðh. sig tilknúinn að rangtúlka mína tillögu og hagræða sannleikanum til þess að bæta sinn málstað. Málstaðurinn er ekki betri en það, að ráðh. sér sér engan veginn fært að gera þessa tillögu að umræðuefni hér á hæstv. Alþingi eins og hún er. Það þarf að hagræða sannleikanum, segja rangt frá, gefa ýmislegt í skyn. Og eins og menn vita: „Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi." Ég tel að málflutningur ráðh. sé fyrir neðan allar hellur og honum til stórrar vansæmdar.

Jafnframt er í þessari tillögu minni gert ráð fyrir því, að svissneski álhringurinn fallist á að íslenska ríkið geti síðar meir orðið eignaraðili að þessu álveri ef það óskar eftir. Þar er um engar skuldbindingar að ræða heldur eingöngu ósk um það og yfirlýsingu um að við getum komið þarna til greina sem aðili. Í erindisbréfi sem iðnrh. setti álviðræðunefnd — sem hann reyndar telur enga viðræðunefnd, vegna þess að nú á hún að vera honum til ráðuneytis, þó að í skipunarbréfi eigi hún fyrst og fremst að vera til viðræðna — í því erindisbréfi er það tekið fram að álviðræðunefnd skuli í samningaviðræðum leggja áherslu á að íslenska ríkið geti í þrepum orðið meirihlutaaðili, eignaraðili að ÍSAL. Það er nú ekkert annað.

Í einhverju blaðaviðtalinu segir iðnrh. í dag að í tillögu minni felist margvísleg fríðindi fyrir ÍSAL. Ég vil biðja iðnrh. að gera grein fyrir því hvaða fríðindi það eru. Ég sé ekki að í þessari tillögu séu nein loforð, sem ekki eru háð strängustu úrslitum um samninga, og allir fyrirvarar settir af hálfu Íslendinga varðandi þetta mál. Síðasti liðurinn í tillögu minni er svo sá, að samningum verði lokið fyrir 1. apríl, á fyrsta ársfjórðungi ársins 1983.

Tillaga mín var tekin til umræðu í álviðræðunefnd. Ég kynnti þessa hugmynd þar. Fulltrúi Alþfl., Sigþór Jóhannesson verkfræðingur lýsti því strax yfir að hann teldi eðlilegt og rétt á þessu stigi, þegar aðeins einn dagur væri eftir af viðræðum iðnrh. og Alusuisse, að reynt væri að koma með einhverja fastmótaða tillögu í þessa átt. Hann sagði reyndar að hún gæti verið á ýmsa vegu og nefndi ýmsa möguleika í því sambandi, en sagðist þó fyllilega geta fallist á að tillaga yrði lögð fram í þessum dúr, eins og ég hefði lagt hana fram.

Formaður viðræðunefndarinnar, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, gerði tillöguna að umræðuefni, skrifaði hana upp á nýtt og bar fram brtt. Breytingarnar fólust að mestu í breytingu á uppsetningu, í breytingu á röðun punktanna eins og þeir liggja fyrir í tillögu minni, jafnframt þessi 20% hækkun sem yrði að koma strax áður en við hæfum samningaviðræður, til að Alusuisse skildi að ætlunin væri að semja í góðri trú. Formaður viðræðunefndar, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, sagði þá að hann teldi æskilegt að tillaga í þessum dúr yrði lögð fram.

Það sem næst skeði, þar sem við sátum í hring við borðið, var að formaður sagði: „Það er rétt að við tökum einn hring og heyrum afstöðu manna í þessu máli." Ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, sagðist telja eðlilegt að lögð yrði fyrir Svisslendingana tillaga í þessum dúr. Þóroddur Th. Sigurðsson, fulltrúi sjálfstæðismanna í ríkisstj., taldi eðlilegt að lögð yrði fram tillaga í þessum dúr, en velti fyrir sér hvort byrjunarhækkun ætti að vera 20 eða 25%. Ragnar Aðalsteinsson, sérstakur lögfræðilegur ráðgjafi iðnrh. í nefndinni, sagði sem svo, að hann teldi hættulegt að nefna nokkra tölu í þessu sambandi, það gæti reynst okkur illa í framtíðinni, og hann vildi ekki tengja stækkun álversins viðræðum um endurskoðun orkusamningsins.

Ingi R. Helgason, fulltrúi Alþb. í nefndinni, gerði nokkrar brtt. við tillögu mína. Þær brtt. sem hann skrifaði niður voru tvenns konar. Annars vegar að í stað þessara 20%, sem iðnrh. nú telur óalandi og óferjandi og reynir að rangtúlka hér á allan hátt, komi 25%. Hins vegar að í stað þess að við lýstum yfir því að við værum samþykkir því að stækka álverið, ef fullnægjandi samningar næðust fyrir Íslendinga í öðrum atriðum, skyldi greinin orðast þannig, að við værum samþykkir því að hefja viðræður um stækkun álversins ef samningar næðust um önnur atriði. Stærri ágreiningsmál hafði hann ekki á því stigi.

Fulltrúi Sjálfstfl., Hjörtur Torfason, sagðist ekki vera mótfallinn því að till. í þessum dúr yrði lögð fram. Hins vegar mundi hann sitja hjá við atkvgr. þar sem hann hefði ekki haft neitt samráð við sína flokksmenn.

Það var því alveg ljóst að það var meiri hluti fyrir því í álviðræðunefnd að leggja fram slíka hugmynd á þessu stigi mála. Það var alveg ljóst að meiri hlutinn taldi nauðsynlegt og eðlilegt að á þessu stigi mála yrði lögð fram einhver „konkret" hugmynd, sem Svisslendingarnir stæðu frammi fyrir, um hvað við vildum gera.

Það skeði síðan að bæði fulltrúi Alþb. og formaður nefndarinnar, sérstaklega skipaður af ráðh., fóru í símann og hringdu í ráðh. Ég lýsti því þá yfir, að ég kynni því illa að fulltrúar í álviðræðunefnd færu í símann til þess að bera undir ráðh. hvaða ráðleggingar nefndin ætti að gefa honum á fundi sínum fyrir viðræðurnar við Svisslendingana daginn eftir. Þegar þetta skeði var orðið áliðið nætur. Formaður viðræðunefndarinnar var þetta kvöld lengi í símanum að skýra iðnrh. frá þessari tillögu. Við biðum allir á meðan. Hvað segir svo iðnrh. hér á hv. Alþingi? Hann segir: Formaður nefndarinnar gerði mér grein fyrir þessum tillögum á þriðjudagsmorgni. Enn ein

ósannindi iðnrh. í þessu máli. Sú spurning hlýtur að vakna hvernig standi á því að iðnrh. getur nánast ekki greint rétt eða satt frá neinu aðalatriði þessa máls. Ég hlýt enn að spyrja sjálfan mig: Skyldi það allt vera rétt sem hann er búinn að segja okkur um viðræðurnar við Svisslendingana, eftir að hafa hlustað á hvernig hann lýsir mínum tillögum og túlkar þær og gerir grein fyrir viðræðunum sem þar fóru fram?

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Það er alveg ljóst að mikill meiri hluti var í nefndinni fyrir því að ráðh. legði fram ákveðna tillögu. Og ég legg áherslu á það að þessi tillaga batt ekki hendur Íslendinga á nokkurn hátt. Hún fól eingöngu í sér að við fengjum 20% hækkun á raforkuverðinu áður en samningar hæfust um endurskoðun orkusamningsins, og jafnframt að Svisslendingarnir skuldbyndu sig fyrir fram til að ljúka viðræðunum fyrir 1. apríl. Hvað skyldi hafa verið í hættunni að bera slíka tillögu fram? Hvers vegna skyldi hafa verið ómögulegt að gera það, úr því að mikill meiri hluti í nefndinni var sammála um að stíga eitthvert skref í slíkum dúr?

Að morgni 7. des. hóf iðnrh. enn einn fund sinn með Alusuisse um það hvort hefja skyldi viðræður, hvort farið skyldi að tala saman um endurskoðun þessara orkusamninga. Kl. 2. s. d. var haldinn enn á ný fundur í álviðræðunefnd. Þar gerði iðnrh. grein fyrir því sem komið hefði fram á fundinum um morguninn og lýsti þeim tillögum sem hann hafði lagt fram og fyrirspurnarbréfi sem hann hafði einnig lagt fyrir Alusuisse. Þegar hann hafði lokið máli sínu lýsti ég miklum vonbrigðum mínum með það að hann skyldi ekki hafa tekið tillit til þess sjónarmiðs, sem fram hafði komið í álviðræðunefndinni, að nauðsynlegt væri að leggja fram í ákveðnum atriðum tillögur um að opna samningaviðræðurnar. Iðnrh. skýrði frá því að það væri tilgangslaust. Fulltrúar Svisslendinganna neituðu gjörsamlega að ræða nokkra hækkun. Ég fór þess á leit að á þeim fundi sem átti að hefjast kl. 4 um daginn legði ráðh. fram hugmyndir í þessum dúr. Ég fór ekki einu sinni fram á það að mín tillaga yrði lögð fram eða endilega þau atriði sem ég var með, heldur að tillaga í þeim dúr yrði lögð fram í ákveðnum liðum til þess að Svisslendingarnir stæðu frammi fyrir því að svara henni. Ég taldi að þarna væri um ákveðin tímamót að ræða vegna þess að þetta væri í annað skiptið sem fulltrúar Alusuisse væru komnir til að ræða við iðnrh. um það hvort viðræður ættu að hefjast. Þetta var líklega fimmti fundurinn á þessum tíma, á tveimur vikum eða þremur, um það hvort ætti að hefja viðræður á grundvelli þess bréfs sem Alusuisse hafði lagt fram. Iðnrh. lýsti því yfir að hann teldi engan grundvöll fyrir því að leggja slíkar hugmyndir fram. Ég man ekki hvort það kom fram hjá honum eða formanni nefndarinnar að sá fundur, sem fyrirhugaður væri seinna um daginn, væri ekki hugsaður til að leggja fram neinar tillögur, það væri allt öðruvísi fundur.

Ég lýsti því þá yfir að ef ráðh. færi ekki eftir því sem meiri hluti nefndarinnar teldi nauðsynlegt á þessum tímamótum, að ákveðin tillaga kæmi fram í þessum dúr á þessum síðasta fundi, þá teldi ég að grundvöllur fyrir samstarfi í nefndinni væri brostinn. Ég lýsti því yfir að ef hann ekki tæki einhver skref í þessa átt í þessum dúr, þá mundi ég segja mig úr nefndinni og lýsa allri ábyrgð á hendur iðnrh. varðandi framgang samningaviðræðnanna.

Þetta vissi iðnrh. þegar hann gekk á þennan síðasta fund með Alusuisse. Þrátt fyrir það vildi hann ekki á nokkurn hátt taka tillit til þess eða leggja fram tillögu, sem á engan hátt var skuldbindandi fyrir Íslendinga, gat ekkert falið í sér nema ávinning fyrir okkur og gat verið merkileg tilraun til að reyna að opna samningaviðræður.

Auðvitað var það rökrétt niðurstaða hjá mér að segja mig úr nefndinni. Ég segi það alveg eins og er að ég ætla ekki að sitja í einhverri nefnd, sem er kölluð álviðræðunefnd, viðræðunefnd fyrir aftan iðnrh., ef hann heldur hvern fundinn með Alusuisse á fætur öðrum um það hvort viðræður eigi að hefjast og skammtar okkur síðan upplýsingar af þeim fundum eftir því sem honum sýnist. Ég ætla ekki að sitja í neinni slíkri nefnd fyrir aftan iðnrh. og mynda með því eitthvað sem hann kallar þjóðarsamstöðu á bak við það sem honum dettur í hug að segja eða túlka í viðræðum við Alusuisse. Ég ætla mér ekki að sitja í einhverri álviðræðunefnd sem iðnrh. ætlar að reka eins og rússneskt hænsnabú. Það kemur ekki til greina. Það getur vel verið að stjórnarandstaðan vilji sætta sig við það. Það er hennar mál. Henni er það fullkomlega heimilt. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé ábyrgðarhluti að bera ábyrgð á því lengur hvernig iðnrh. heldur á þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar, að ég geti það ekki.

Þegar iðnrh. segir að ég hafi beint þessu máli nú í nýjan farveg, fært víglínuna, tel ég að það sé nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt að færa víglínuna. Það er nauðsynlegt að reyna að koma á þessum samningaviðræðum. Og mér er spurn: Hvers vegna gat iðnrh. ekki hugsað sér að bera fram slíka tillögu, sem ekkert fól í sér annað en tilraun til að botna samningaviðræður eftir tiltölulega jákvætt útspil frá svissneska álhringnum? Það getur orðið erfitt að skýra það. Ég ætla ekki að reyna að skýra hvað skeður í hugarfylgsnum iðnrh. En hitt er annað, að hann gerir því nokkuð skóna að nú muni hann grípa til þeirra aðgerða sem einar duga. Það skyldi þó aldrei vera að hann hafi hreinlega verið búinn að undirbúa einhliða aðgerðir og ekki haft nokkurn áhuga á að semja eða reyna að koma þessum samningaviðræðum á?

Það getur vel verið að iðnrh. hafi verið illa við að leggja þessi gömlu deilumál í gerð, í lögfræðingaúrskurð um lagalega túlkun á því hvernig okkar mál stæðu. Ég veit ekki nema hann hafi verið að hugsa um hvernig hann stæði í kosningum, ef úrskurður væri kominn áður en kosningar færu fram og sá úrskurður væri okkur ekki í vil. Ég er ekki að gera því skóna að hann verði okkur ekki í vil, langt í frá. En ég geri mér grein fyrir því, að þegar tveir deila geta verið uppi fleiri en eitt sjónarmið. Ég geri mér líka grein fyrir því að hversu illir sem við teljum að þessir svissnesku álhringsmenn séu, þá eiga þeir rétt á að óska eftir gerðardómsúrskurði um lagalega túlkun á deilumálum.

Fróðlegt er að íhuga það sem stendur í leiðara Þjóðviljans í dag. Leiðaranum lýkur svo með leyfi forseta:

„En það er nóg komið af neitunum frá þessum herramönnum, við þurfum ekki fleiri."

Við þurfum ekki fleiri. Skyldu þeir hafa ætlað að efna til fleiri samningafunda? Við þurfum ekki fleiri neitanir frá þeim, segir málgagn iðnrh., eftir að hann hefur sjálfur neitað gersamlega að fallast á vilja meiri hluta álviðræðunefndarinnar um að leggja fram tillögu um að opna samningaviðræður. Við þurfum ekki fleiri neitanir. Skyldi það benda til þess að hann hafi ætlað að halda

fleiri samningafundi? Nei. Jafnframt segir í þessum leiðara:

„Ísland er fullvalda ríki og í samræmi við það hljótum við að grípa til þeirra einu úrræða sem duga, þess réttar sem fullveldið veitir okkur til að ráða sjálf eigin málum. Það er mál að þófinu linni en verkin tali", segir í leiðaranum.

Iðnrh. hefur síðan sjálfur boðað hér einhliða aðgerðir til að hækka raforkuverðið. Nú vil ég segja það strax að ég hef hvað eftir annað hér í ræðustól á þingi sagt að ég útiloka það ekki að við verðum að grípa til einhliða aðgerða í þessu máli, ég útiloka það ekki. Það kann að fara svo. Auðvitað er það lífshagsmunamál fyrir okkur að fá raforkuverðið hækkað. En ég hefði talið sjálfsagt að reyna samninga til þrautar. Ég hefði talið sjálfsagt, á grundvelli þess bréfs sem fyrir liggur, að reyna að opna samninga með tillögu, sem felur í sér enga áhættu fyrir okkur, sem felur í sér 20% hækkun á raforkuverðinu, áður en til samninga er gengið um hækkun þess, tillögu sem felur í sér að þeim samningum skuli lokið fyrir 1. apríl á næsta ári. Herju tapa menn? Hverju tapa menn á slíkri tillögu? Ég segi engu. Ég fullyrði að aðstaða okkar til að grípa til einhliða aðgerða, ef til þess kemur, er auðvitað miklu sterkari og miklu betri ef við getum sýnt fram á það að við höfum þó ítarlega reynt á þennan hátt að ná samkomulagi.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að það er meginmál fyrir Íslendinga að árangur náist. Við leggjum áherslu á árangur en ekki áróður í þessu máli. Það er auðvitað rétt að æskilegt er að fá fram þjóðarsamstöðu, mikla samstöðu í þessu máli. En sú samstaða verður að vera um hagsmuni Íslendinga en ekki um Hjörleif Guttormsson. Það er ekki verið að tala um þjóðarsamstöðu um Hjörleif Guttormsson, það er verið að tala um þjóðarsamstöðu um hagsmuni Íslendinga. Hvað halda menn að það hafi kostað Íslendinga að eiga í tveggja ára þófi iðnrh. í þessu máli án þess að geta nokkurn hlut hreyft raforkuverðið? Það er þess vegna ábyrgðarhluti að halda áfram á þeirri braut sem iðnrh. hefur markað í þessu máli. Þess vegna hef ég sagt mig úr álviðræðunefnd og lýsi því yfir, að iðnrh. ber sjálfur ábyrgð á því sem hér eftir skeður í þessum samningaviðræðum. Ef hann hins vegar er tilbúinn að leggja fram slíka tillögu til að opna viðræður, eitthvað í þeim dúr sem ég lagði fram, með þeim breytingum sem formaður nefndarinnar gerði á þeirri tillögu, þá erum við framsóknarmenn tilbúnir að taka þátt í þeim viðræðum. En auðvitað hljótum við á allan hátt í öllu þessu máli að leggja áherslu á það, hver sem með þetta mál fer, að meginmálið er árangur en ekki áróður.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við höfum hér hlýtt á ítarlegar ræður hæstv. iðnrh. annars vegar og hins vegar hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, 12. þm. Reykv. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson ræddi málið allítarlega efnislega, fór yfir alla þætti þess, en mér fannst hins vegar ræða hæstv. iðnrh. vera frekar í vígorðastíl. En það mál sem hér er til umfjöllunar er í hnotskurn svolítið annað en beinlínis kemur fram í málflutningi þessara tveggja manna.

Það sem hefur gerst er að einn af þm. Framsfl., fulltrúi stærsta stjórnarflokksins, hefur í rauninni lýst vantrausti á iðnrh. í þessu máli. Hann hefur gert það með atbeina og stuðningi síns flokks. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, stjórnarsinni, segir að hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson geti ekki eða vilji ekki semja við Alusuisse. Hann segir að hæstv. iðnrh. taki ekkert tillit til viðræðunefndarinnar og þeirra sjónarmiða sem þar koma fram. Og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson segir að hann taki ekki ábyrgð á meðferð ráðh. á þessu máli. Á mannamáli þýðir þetta að þm. Framsfl. er að lýsa því yfir að hann telji hæstv. iðnrh. óhæfan til að fara með þessi mál. Svo einfalt er það sem felst í málflutningi hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar. Hann segir að hann vantreysti ráðh. Þetta er þess vegna ótvíræð vantraustsyfirlýsing frá sérfræðingi Framsfl. á þessu málasviði á hendur hæstv. iðnrh.

Við höfum heyrt það í máli þeirra hér á undan, hvernig þeir hafa sakað hvor annan um ósæmilegt framferði og brigslyrðin ganga á víxl. Hæstv. iðnrh. talar um dæmalaust framferði hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar. Hann talar um að þm. og Framsfl. séu farnir á taugum og hann talar um að hér sé efnt til óvinafagnaðar. Hv. þm. Framsfl. Guðmundur G. Þórarinsson margítrekaði áðan að ráðh. færi með ósatt mál í málflutningi sínum, færi með rangt mál og útúrsnúninga og hann gæti ekki búist við því að þær fregnir sem ráðh. bæri af fundum með fulltrúum Alusuisse væru réttar. Hann gaf sem sagt í skyn að það væri allt eins líklegt að það sem ráðh. flytti af viðræðufundunum til viðræðunefndarinnar væri ekki rétt. Þetta eru alvarlegar ásakanir.

Ég tók eftir því í blöðunum í morgun að hæstv. iðnrh. talaði um að hann mundi auðvitað taka þetta mál fyrir í ríkisstj. í dag. Fáum við ekkert að frétta af þessum ríkisstjórnarfundi? Stundum hefur það nú verið tilefni hjá hæstv. ráðh. hér að standa upp og lesa tilkynningar eða samþykktir frá ríkisstj. (**EKJ:** Er þá sett ráðherranefnd í þetta?) Var engin afstaða tekin til málsins í ríkisstj. í morgun?, spyr ég. Hér er um harla alvarlegt mál að ræða og hefði ekki verið óeðlilegt að ríkisstj. hefði gert einhverja samþykkt í málinu, að það bærist einhver tilkynning frá ríkisstj. En þessum miklu boðunum ráðh. í gær um að hann mundi auðvitað bera þetta mál upp í ríkisstj. í dag og fá það an atbeina í málinu fer ekki mikið fyrir í dag.

Um þetta mál er það að segja, að Alþfl. hefur verið og er reiðubúinn til samstarfs við aðra flokka um hvernig skuli halda á þessum málum og um samningaviðræðurnar. Með úrsögn fulltrúa Framsfl. úr þeirri viðræðunefnd sem hér um ræðir er hins vegar ljóst að grundvöllurinn fyrir nefndinni og nefndarstarfinu er gjörsamlega brostinn. Þá nefnd á þess vegna að leggja niður. Hún er ekki til neins lengur. Það eru engar forsendur fyrir áframhaldandi starfi hennar.

Vitaskuld verður að finna samningaumleitunum nýjan farveg og nýtt form. Till. okkar er sú, að það verði gert með því að setja á fót sérstaka samninganefnd sem taki við málinu. Við erum reiðubúnir til þátttöku í slíkri nefnd. Hins vegar liggur fyrir að hæstv. iðnrh. er ekki lengur málsvari ríkisstj. í þessu máli, hann nýtur ekki stuðnings stærsta stjórnarflokksins. Ríkisstj. stendur því frammi fyrir því, að hún verður að velja sér nýjan málsvara til að hafa þessi mál á hendi — málsvara sem getur talað í nafni allrar ríkisstj., nýtur trausts hennar allrar og sem getur tekið ábyrgð á þessu máli og haft á því forræði. Með þeim hætti að skipa hér nýja samninganefnd og ríkisstj. tilnefni fulltrúa af sinni hálfu, sem hún ber traust til, ætti að vera hægt að ná samstöðu um framhald

málsins, en meðan allt er í óvissu um afstöðu ríkisstj. er málið auðvitað í uppnámi. Ríkisstj. verður að gera hreint fyrir sínum dyrum. Afstaða ríkisstj. verður að liggja fyrir. Afstaða ríkisstj. verður að vera klár.

Það er í þessum anda sem þingflokkur Alþfl. hefur gert samþykkt í dag, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi forseta. Hún er þannig:

„Þingflokkur Alþfl. telur óhjákvæmilegt að viðræðunefnd við Alusuisse undir forræði iðnrh. verði lögð niður eftir að fulltrúi Framsfl. hefur sagt sig úr nefndinni og lýst vantrausti á forustu og forræði iðnrh. á málinu.

Þingflokkur Alþfl. telur rétt að nú verði skipuð sérstök samninganefnd, sem fari með samningaumleitanir við Alusuisse undir forustu aðila sem nýtur óskipts trausts ríkisstjórnarinnar og sé tilnefndur af hennar hálfu."

Þetta ætti að vera skýrt. Ég tel að það sé eindreginn meiri hluti í þinginu fyrir því að reyna til þrautar að ná samningum í þessu máli. Ég tel að það hafi komið fram í málflutningi allra flokka, en ríkisstj. verður að gera upp hug sinn um hver skuli bera ábyrgð í þessu máli, því að undir forræði og forustu ríkisstj. á málið auðvitað að vera. Sumir orða það svo, að Alþb. eigi e. t. v. tveggja kosta völ eins og málin standa nú, annaðhvort að fórna ríkisstjórninni fyrir Hjörleif eða Hjörleifi fyrir ríkisstjórnina. Má vera að það láti nærri.

Ég ætla ekki að rekja aðdraganda þessa máls í löngu máli, en ég hef áður oft og tíðum á s. l. vetri og fram á vor vakið athygli á því hversu mikilvægt væri að ná samningum og hvað töf á samningum væri dýr þegar hvert mill svarar til um 1 millj. dollara í tekjum til Landsvirkjunar.

Hæstv. iðnrh. hóf þetta mál með miklum hvelli eins og kunnugt er. Ég sagði að þeir yrðu að halda fast og vel á þessu máli, en það væri líka hættulegt ef úr því yrði vindhögg. Þær 47 millj. dala sem iðnrh. nefndi „svik í hafi" á sínum tíma eru nú orðnar að 1 millj. dollara í skattakröfum, en á meðan vitum við að 1 mill í raforkuverði er um 1.3 millj. dollara. Þetta mál má ekki teflast og flækjast svona öllu lengur. Það eru rétt um tvö ár síðan málið hófst og menn geta dundað sér við að reikna út hversu mikið hafi tapast á þeim tíma.

Við Alþfl.-menn leggjum þess vegna áherslu á að það verði tekið rösklega á þessu máli, því verði fundinn nýr farvegur og nýtt form og það verði þrautreynt að ná samningum.

Ég les það í blöðunum í dag að iðnrh. kunni nú þau ráð ein sem muni duga. Hann lýsti því yfir áðan að hann mundi gera tillögu um einhliða aðgerðir um hækkun raforkuverðs. Auðvitað hafa menn rætt sín í milli að það kynni að vera þrautalending, en ég er æðihræddur um að það veiki stöðu okkar mjög ef forsendan fyrir því að leggja út í einhliða aðgerðir sé sú að fulltrúi stjórnarflokksins hafi sagt sig úr viðræðunefnd. Það finnst mér ekki góður aðdragandi að því að leggja í einhliða aðgerðir. Það finnst mér ekki góð forsenda undir einhliða aðgerðum. Ég held að tímasetning hæstv. iðnrh. á þessari yfirlýsingu sé því ekki til þess að þjóna málstað okkar með besta hætti, þó að vitaskuld hafi þetta verið rætt manna á meðal og menn hafi talið að viðbrögð af þessu tagi gætu komið til greina.

Ég skal ekki fjölyrða öllu meira um þetta, en við Alþfl.-menn teljum að það sé augljóst að hér hafi verið lýst yfir vantrausti á hæstv. iðnrh. af einum stuðningsflokka ríkisstj. Af stöðu málsins verður ekki dregin nema ein ályktun: Viðræðunefndin getur ekki starfað lengur. Hana á að leggja niður. Það verður að finna nýtt form til þess að starfa að samningum og það getur gerst með því og á að gerast með því að ríkisstj. ákveði hver njóti trausts hennar til að hafa forræði og bera ábyrgð á þessu máli. Síðan á að skipa samninganefnd sem allir flokkar geta gjarnan átt aðild að. Við Alþfl.-menn eru tilbúnir að starfa í slíkri nefnd með sama hætti og við höfum starfað í þeirri viðræðunefnd sem nú er orðin ónýt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eðlilegt er að þau þyki tíðindi þegar stjórnarflokkar í einni ríkisstjórn takast á um stórmál á borð við það sem hér er til umræðu. Þó er það svo, að þetta er dæmigert um þá stöðu sem nú ríkir innan ríkisstj. Allt logar þar í slagsmálum og klögumálin ganga á víxl, ekki eingöngu í málinu sem hefur verið til umr. í dag heldur í fjölmörgum öðrum málum. Það sanna dæmin og þarf ekki að nefna þau, en minna má á t. d. viðmiðunarfrv. sem ekki fær afgreiðslu í ríkisstj.

Það er ekki tilefni til þess að rifja upp hvernig upphaf þessa máls, sem hér er til umr., varð fyrir u. þ. b. tveimur árum, þegar hæstv. iðnrh. talaði digurbarkalega og tók sér í munn setningu eins og þá, að um sviksamlegt athæfi væri að ræða hjá svissneska álhringnum Alusuisse. Stofnað var til álviðræðunefndar svokallaðrar. Þingflokkur Sjálfstfl. tók ákvörðun um að taka þátt í þeirri nefnd og samþykkti um það ályktun 20. júlí á s. l. ári þar sem ákveðið var að skipa mann í nefndina. Þar var sérstaklega tekið fram að störf nefndarinnar hlytu fyrst og fremst að snúast um þær ásakanir sem ráðh. hafði látið frá sér fara á hendur svissneska fyrirtækinu og snérust fyrst og fremst um súrálsverð, verð á rafskautum, skattgreiðslur o. fl. Þegar nefndin hóf störf sín kom í ljós að í erindisbréfi hennar voru tekin fram atriði um allt önnur efni en Sjálfstfl. taldi að ættu að vera á starfssviði nefndarinnar og í störfum nefndarinnar.

Í þessu máli öllu hefur það síðan gerst, eins og hér hefur verið rakið af öðrum hv. þm., að afskipti ráðh. hafa leitt til þess að nefndinni hefur verið skákað til hliðar og málið siglt í strand. Það var ekki fyrr en í lok októbermánaðar með bréfi hæstv. forsrh. til svissneska fyrirtækisins að það var staðfest með þýðingu á útskrift úr Alþingistíðindum og með þýðingu á yfirlýsingu forsrh. í blaðaviðtali að ekki væri um sviksamlegt athæfi að ræða. Þetta bréf var dags. 27. okt., undirritað af Jóni Ormi Halldórssyni aðstoðarmanni forsrh. og stílað til dr. Paul Müller í Zürich. Í framhaldi af þessu bréfi komu skilaboð frá svissneska fyrirtækinu um að það væri tilbúið að halda áfram viðræðum við íslensk stjórnvöld og þar komu fram fjölmörg atriði, sem þeir lögðu upp úr að skoðuð yrðu sérstaklega, og þarf ég ekki að telja þau, enda hefur það komið fram í ræðum fyrri hv. ræðumanna.

Það skal tekið fram að um langa hríð höfum við sjálfstæðismenn verið mjög óánægðir með störf álviðræðunefndarinnar og þegar fundir voru hér í Reykjavík 5. og 6. maí s. l. samþykkti þingflokkur Sjálfstfl. að senda bréf til iðnrh. þar sem sagt var skýrum stöfum að hverju óánægja flokksins beindist. Eftir að hafa fjallað í bréfinu um hvernig ráðh. hundsaði nefndina í starfi sínu sagði svo, með leyfi forseta:

„Af þessu tilefni vill Sjálfstfl. láta í ljós mikla óánægju yfir að ekki hefur af heilindum verið efnt til þess samstarfs við stjórnarandstöðuna sem nauðsynlegt verður að teljast í svo mikilvægu máli. Forsenda þess, að hægt sé að

ná þjóðarsamstöðu í slíku máli, er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum."

Og í lok bréfsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Um önnur atriði, eins og t. d. endurskoðun raforkuverðs, breytta eignaraðild og stækkun álvers, er nauðsynlegt og eðlilegt að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka og sérstök nefnd sé skipuð til að annast þær viðræður. Sjálfstfl. er að sjálfsögðu reiðubúinn fyrir sitt leyti að taka þátt í slíku samstarfi. Núverandi starfshættir eru hins vegar óþolandi, þar sem iðnrh. hefur ekki staðið við fyrirheit um samstarf við stjórnarandstöðuna eða sinnt boði Sjálfstfl. um samvinnu í þessu efni, eins og að framan hefur verið rakið."

Hér lýkur tilvitnun í bréf sem þingflokkur sjálfstæðismanna sendi hæstv. ráðh. og er dags. 5. maí s. l. Honum var jafnframt tilkynnt þá að efni þessa bréfs yrði ekki gert opinskátt að sinni og honum þannig gefið tækifæri til að ræða við Sjálfstfl. um frekari framgang mála.

Í framhaldi af þessu, nánar tiltekið síðar í maímánuði, kallaði hæstv. ráðh. á mig til viðtals í ráðuneyti sínu þar sem við skiptumst á skoðunum og ég gerði frekari grein fyrir þessum hugmyndum Sjálfstfl. Þeim viðræðum lauk með því, að hæstv. ráðh. ætlaði að hafa frekara samband við Sjálfstfl. þá stuttu síðar, og það gerðist um sumarið. Hann hafði samband við formann flokksins og þeir áttu umræður um þessi mál og voru þá enn ítrekuð sjónarmið sjálfstæðismanna.

Tveimur dögum áður en til viðræðna var gengið við Alusuisse, eða nánar tiltekið hinn 20. nóv., hitti hæstv. ráðh. forustumenn Sjálfstfl. og enn á ný ítrekuðum við rækilega okkar sjónarmið í þessu máli og jafnframt var þar rætt um efnisviðhorf okkar varðandi samningatilraunir við svissneska félagið. Það verður að segja þá sögu eins og er, að hæstv. ráðh. hefur algjörlega hundsað viðhorf Sjálfstfl. til þessara mála.

Ég legg á það áherslu að Sjálfstfl. telur afar nauðsynlegt að alvöruviðræður hefjist sem allra fyrst. Fulltrúi flokksins í álviðræðunefnd hefur ávallt stutt tillögu um það atriði. Það byggðist fyrst og fremst á formsatriðum, sem hæstv. ráðh. er fullkunnugt um, að hann skyldi sitja hjá um tillögu Guðmundar G. Þórarinssonar.

Það er hárrétt, sem hér hefur komið fram, að mikill meiri hluti álviðræðunefndarmanna var á þeirri skoðun að fylgja skyldi þeim vinnubrögðum sem hv. 12. þm. Reykv. lagði áherslu á og gerði tillögu um á fundi sem haldinn var s. l. mánudag. Hins vegar gerðist það, að hæstv. ráðh. sá sér ekki fært, vildi ekki eða gat ekki fylgt þessum tillögum fram í viðræðum við Alusuisse. Þá vil ég taka það sérstaklega fram að við lítum svo á, sjálfstæðismenn, að álviðræðunefndin sé hætt störfum, nefndin sé úr leik og það sé tilgangslaust að halda starfi hennar áfram, enda er samráðsgrundvöllurinn brostinn.

Við vísum í fyrsta lagi til þess, að sérfræðingar sem setið hafa í nefndinni hafa ákveðið að láta af störfum í nefndinni, og hins vegar til þess, að stærsti stjórnarflokkurinn hefur dregið mann sinn út úr henni. Við teljum þess vegna að hæstv. ráðh. beri skylda til að hafa beint samband við umbjóðendur þeirra sem skipuðu menn í viðkomandi nefnd. Ég legg áherslu á þetta og ítreka að við lítum svo á að nefndin sé úr leik og við okkur eigi að hafa samband beint. Þetta vil ég að hæstv. ráðh. skilji og þess vegna tek ég af öll tvímæli.

Ef hæstv. ráðh. ætlar að halda áfram samningatilraunum við svissneska félagið verður hann að gera upp sinn hug í þessu máli. Ætlar hann einn að bera ábyrgð á þessu máli eða ætlar hann að hafa samstarf og samráð við aðra? Kjósi hann þjóðarsamstöðu eða samstöðu við aðra þingflokka ber honum skylda til að efna til viðræðna um það mál. Eina raunhæfa leiðin út úr ógöngum hæstv. ráðh. er að ný viðræðunefnd verði skipuð og í henni sé fullt jafnræði á milli þingflokka og jafnframt að sú nefnd fái fullt vald á málinu þannig að hún bæði leggi grundvöllinn að samningaviðræðunum og taki beinan þátt í þeim. Þetta vil ég að hæstv. ráðh. skilji. Þetta hefur honum margoft verið sagt, líklega 10 eða 20 sinnum, og nú komumst við ekki hjá því að það sé sagt á þeim stað sem því verður trúað að þessu hafi verið haldið fram. Vilji hæstv. ráðh. ekki verða við þessum óskum hlýtur hann einn að bera ábyrgð á þessu máli, og eins og fram hefur komið fyrr í þessum umr. er vafasamt hvort hann hafi umboð hæstv. ríkisstj. til þess.

Ég ætla ekki hér, herra forseti, að gera að umtalsefni efnisatriði þeirra viðræðna sem átt hafa sér stað. Það er ekki við hæfi að það sé gert á opinberum vettvangi, þó ekki væri nema vegna þess að ný viðræðunefnd hlýtur að þurfa að móta algjörlega upp á nýtt þann grundvöll sem við viljum leggja upp með í samningaviðræðum við Alusuisse. Hins vegar veit hæstv. ráðh. hver okkar sjónarmið eru í þessu efni og honum hafa margoft verið kynnt þau.

Það er fyrst og fremst þráhyggja og metnaður hæstv. ráðh. sem hefur leitt til þess að viðræðunum hefur nú verið siglt í strand og til þessarar upplausnar hefur dregið. Hæstv. ráðh. vill nefnilega bæði stjórna viðræðunum, leggja grundvöll að samningaviðræðunum og gerir jafnframt kröfu til samstöðu, en sú samstaða á að byggjast á því að hann ráði ferðinni einn, geti síðan komið til fulltrúa annarra stjórnarflokka og fulltrúa stjórnarandstöðunnar og heimtað samstöðu um málið. Slík vinnubrögð ganga ekki og þetta er meginástæðan fyrir því að hæstv. ráðh. hefur siglt þessu máli í strand og klúðrað því algjörlega.

Þetta mál hefur leitt til upplausnar í stjórnarherbúðunum og í gær og í dag hafa gengið bréf á milli stjórnarflokkanna. Það hlýtur að teljast til tíðinda þegar stjórnarflokkar verða að skrifast á. Jafnvel er það haft fyrir satt að í slíkum bréfum sé hótað ýmsu. Það er aðalatriði þessa máls að komið verði í veg fyrir að hæstv. ráðh. haldi áfram á þeirri línu, sem hann hefur fylgt hingað til, þar sem aðalatriðið hefur verið pólitískur áróður í stað árangurs, þar sem uppskeran hefur verið upplausn í stað einingar. Þetta gagnrýnum við sjálfstæðismenn um leið og við ítrekum okkar viðhorf um nýja viðræðunefnd.

Það sem skiptir auðvitað langmestu máli er að allan þann tíma sem þetta mál hefur verið í höndum núverandi hæstv. iðnrh. erum við að tapa vegna þess að orkuverðið hækkar ekki. 1 mill þýðir meira en milljón dollara á ári. Það er þess vegna ábyrgðarhluti þegar hæstv. ráðh. situr svo lengi á þessu máli strandaður, eins og fyrr hefur verið lýst.

Ég vil að lokum, herra forseti, biðja hæstv. ráðh. að skýra það hér og nú hvað hafi gerst á ríkisstjórnarfundi í morgun. Hann segir á forsíðu Þjóðviljans í dag að þetta mál hafi verið rætt á ríkisstjórnarfundi í morgun. Þar hlýtur ríkisstj. að hafa tekið afstöðu til málsins. Jafnframt segir hæstv. ráðh., eins og fyrr hefur komið fram á

þessum fundi, og leyfi ég mér að vitna til áðurnefndrar Þjóðviljafréttar í dag, með leyfi forseta:

„Við munum að sjálfsögðu ræða þessi mál á fundi ríkisstjórnarinnar á morgun (þ. e. í dag), og ég hlýt í framhaldi af þessu upphlaupi Framsóknar að skýra opinberlega frá efnisatriðum málsins og leggja fyrr en varir fram þær tillögur sem helst geta gagnað íslenskum málstað eins og nú er komið.

Þessa yfirlýsingu ber auðvitað að skoða með hliðsjón af leiðaraskrifum Þjóðviljans, sem hv. 12. þm. Reykv. gat um í sínu máli.

Það er skýlaus krafa að hæstv. ráðh. segi það hér og nú hvort fyrir honum hafi vakað allan tímann að sigla þessu máli í strand og efna í kjölfarið til einhliða aðgerða. Ég tek fyllilega undir það sem hv. 12. þm. Reykv. sagði. Það hafa vaknað grunsemdir um þetta mál og hæstv. ráðh. verður annaðhvort að koma hreint til dyranna og hreinsa sig af þessum áburði eða draga verður þá ályktun af hans málflutningi og hans vinnubrögðum allan tímann að sá einn hafi verið tilgangurinn að koma í veg fyrir árangur í viðræðunum til þess eins að hann gæti þjónað þeim málstað að efna til einhliða aðgerða í þessu máli. — [Fundarhlé.]

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér hefur þetta mál verið rætt af nokkrum hv. þm. og það væri sannarlega ástæða til að koma að mjög mörgum atriðum úr þeirra máli, en ég mun aðeins einskorða mig við tiltölulega fá að þessu sinni, því að mál þetta á eftir að verða á dagskrá áframhaldandi, geri ég ráð fyrir, og tækifæri til að koma þá að einstökum þáttum málsins frekar.

Ég ætla ekki að fara að gefa hv. 12. þm. Reykv. neinar einkunnir fyrir hans málflutning. Eg eftirlæt þeim sem á hafa hlýtt að meta hann og þeim sem þingtíðindi lesa, þar á meðal það sem fram var borið af hans hálfu ítrekað varðandi sannsögli mína eða ósannsögli. Ég vil aðeins að því leyti vísa til þess, að í þeim viðræðum, sem fram hafa farið fjórum sinnum á þessu ári við fulltrúa Alusuisse til að reyna að brjóta ísinn fyrir samningaviðræður um endurskoðun samninga, hækkun raforkuverðs og fleira, hef ég ekki setið einn við borðið á móti fulltrúum Alusuisse, heldur hafa þar verið þrír aðrir með mér, þar á meðal formaður álviðræðunefndar, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, og þeir sem eru að bera mér á brýn ósannsögli í frásögnum af fundum nefndarinnar eru um leið að brennimerkja þessa menn og þessi vitni með sama hætti. Ég tel það vera nokkur tíðindi að slíkur málflutningur skuli vera hafður uppi hér á hv. Alþingi og aðdróttanir í minn garð og þeirra manna sem þarna hafa staðið að viðræðum með mér.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er hér með ásakanir í minn garð fyrir að dráttur hafi orðið á því að Alusuisse hafi fengist að samningaborði. Hann er með ásakanir í þá átt, og undir það hefur verið tekið af fulltrúum stjórnarandstöðu, þó ekki með sama hætti, að það sé mér að kenna og málsmeðferð minni að ekki skuli renna í sjóð Landsvirkjunar nú þegar hærra gjald fyrir þá raforku, sem ÍSAL kaupir af Landsvirkjun, og menn eru að nefna hér upphæðir í því sambandi. Það eru ekki léttvægar aðdróttanir sem hér eru uppi hafðar.

Það er látið að því liggja að ég hafi einhvern sérstakan áhuga á því að halda þeirri nefnd, sem sett var á laggirnar í ágúst 1981 til samráðs um þessi mál milli stjórnmálaflokka í landinu, utan við samningaviðræður við Alusuisse, en hv. 12. þm. Reykv. veit mætavel og hv. 10. þm. Reykv. einnig, að viðræðum var siglt í strand af Alusuisse með því að aflýsa fundi snemma á þessu ári, nánar tiltekið 3. mars, sem ákveðinn hafði verið, og viðræðum einhliða riftað af hálfu Alusuisse þá. Það var við þær aðstæður sem ég óskaði eftir að fulltrúar félagsins kæmu til viðræðna við mig til að láta á það reyna að koma af stað samningaviðræðum. Síðan hef ég hitt formann framkvæmdastjórnar fyrirtækisins fjórum sinnum á þessu ári í þeim tilgangi. Hér hefur hv. 12. þm. Reykv. talað um 4—5 fundi á síðustu vikum. Það hafa verið haldnir tveir fundir, 22. nóv. og 6. og 7. des. s. l., og á þeim fundum hefur formaður álviðræðunefndar verið í umboði nefndarinnar og með samþykki hennar sem hennar fulltrúi á þessum fundum til þess að fylgjast milliliðalaust með því sem þar hefur fram farið, og hann er þar einnig til frásagnar. Ég eftirlæt svo hv. 12. þm. Reykv. að leggja öðrum orð í munn og rekja hér skoðanir manna úr þessari nefnd í þessum ræðustól í einstökum atriðum.

En meginatriðið, þegar metið er það frumhlaup sem hv. fulltrúi Framsfl. hefur staðið hér fyrir og sá óvinafagnaður sem hann er upphafsmaður að í þessari málsmeðferð, hlýtur að vera þetta: Stenst sú krafa hans að ég bæri fram umrædda tillögu hans, sem hann hefur hér farið mörgum orðum um, sem tillögu af Íslands hálfu inn í umræðurnar við dr. Müller, formann framkvæmdastjórnar Alusuisse, á þriðjudaginn var? Telur hv. 12. þm. Reykv. sig vera dómbæran á það, dómbærari en ég er, hvað skynsamlegt væri að gera við þær aðstæður sem þar lágu fyrir? Hann hefur raunar þegar svarað þeirri spurningu og hann hefur látið fylgja að hann kæri sig ekkert um að sitja aftan við iðnrh. í sambandi við meðferð þessa máls. Orð af slíku tagi lýsa kannske svolítið upp hugarheim þessa hv. þm., — og ég verð að undrast það nokkuð þegar ýmsir hv. þm. hér, a. m. k. tveir hv. þm., hv. 10. og hv. 12. þm. Reykv., eru að láta að því liggja að stjórnarfarsleg ábyrgð á þessu máli geti verið annars staðar en hjá því stjórnvaldi sem með málið fer að réttum lögum.

Þá vil ég enn og aftur víkja að efni þeirrar margumræddu hugmyndar sem hv. 12. þm. Reykv. gerði að úrslitakröfu að fram yrði sett kl. 16 á þriðjudaginn. Hvernig stóðu mál þá? Alusuisse hafði ekki aðeins neitað að fallast á nokkra raforkuverðhækkun að óbreyttum samningum að öðru leyti, heldur hafði fyrirtækið sett fram gagnkröfu af sinni hálfu um þrjú meginatriði sem algert skilyrði fyrir því að það tæki til athugunar hvort það treysti sér til að íhuga möguleika á að bjóða einhverja hækkun á raforkuverði -- gegn því að á þessar þrjár kröfur þeirra yrði fallist af Íslands háflu: Stækkun álversins í Straumsvík, nýr eignaraðili með 50% eignaraðild. — Ég hlýt af því tilefni að benda hv. þm. á að ég var ekki að segja að hans hugmynd hefði lotið að þessu, heldur að það væri hygmynd Alusuisse og krafa sem þarna lá fyrir um að fallist yrði á nýjan eignaraðila með 50% eignaraðild. — Þriðja atriði og kannske stærsta atriðið í þessu samhengi er að kaupskylduákvæði ÍSALs yrði aflétt niður að 50% marki. Inn í þetta samhengi gerir hv. þm. kröfu um að ég beri fram hans tillögu sem andsvar við þessu um 20% hækkun á raforkuverði til ÍSALs frá og með 1. febr. n. k. Raunar sagði hann í

sjónvarpinu í gær, að eftir þann tíma og jafnvel fyrr mætti svo fara að tala um hækkað raforkuverð og endurskoðaðan raforkusamning, sem að hans dómi ætti þá að taka gildi 1. apríl. Það ætti að takast á tveimur mánuðum að ná niðurstöðu við Alusuisse.

Það var þetta sem ég var í upphafsræðu minni að benda á að væri útilokað, að fara að taka inn sjónarmið af þessu tagi við þessar aðstæður og lái mér hver sem vill. Hvernig hefði slík tillaga verið metin af gagnaðilanum? Hún hefði verið metin þannig, að við værum að fallast á hans kröfur, sem fram hefðu verið settar, og tefla þar á móti kröfu um 20% hækkun á raforkuverði. Ég benti á hvað það sem hér er um að tefla þýddi tekjulega séð. Einnig er hægt að leggja talnalegt mat, að vísu ekkert óyggjandi, á það hagræði sem hringurinn teldi sér að því að hafa á hendi yfirlýsingu um stækkun álversins og nýjan eignaraðila upp að 50%. Það er ekki lítið sem hv. 12. þm. Reykv. ætlar sér í þessum efnum. Hann gerir það að úrslitaatriði fyrir áframhaldandi samráði um þetta mál að þessi krafa hans væri borin fram af Íslands hálfu. Og hann er farinn úr nefndinni. Ég er ekkert hissa þó að hv. stjórnarandstæðingar komi hér upp á eftir, hv. þm. Kjartan Jóhannsson og hv. 10. þm. Reykv. Friðrik Sophusson, og segi að það sé nú lítill veigur orðið í þessum samráðsvettvangi og viðræðunefnd þegar fulltrúi stærsta ríkisstjórnaraðilans er hlaupinn fyrir borð. Ég er ekkert hissa á því. Og mér er fyllilega ljóst að það hlýtur að þurfa að endurskoða þau efni. Annað væri að sjálfsögðu óraunsætt. En ég ber áframhaldandi ábyrgð á þessu máli og ég ætla ekkert að hlaupast undan þeirri ábyrgð.

Þetta er í rauninni meginefnið í því sem hér er um deilt og þau hörmulegu mistök sem fulltrúa Framsfl. hafa orðið á í meðferð þessa máls. Það er kátt í höllinni í aðalstöðvum Alusuisse suður í Zürich í dag og það er ekki að ástæðulausu. Það er þess vegna sem ég bar fram þá von og ósk að Framsfl. íhugaði sinn gang í þessu máli og þá ósk bar ég einnig fram á ríkisstjórnarfundi í morgun. (**SvH:** Hverju svöruðu þeir?) Málið var á þeim fundi rætt, en engar ákvarðanir teknar eða niðurstöður urðu á þeim fundi. Ég geri ráð fyrir að menn þurfi nokkurn tíma til að meta stöðuna. Mín ætlan var sú, að málið kæmi þar til umr. og mats í öðru samhengi en nú liggur fyrir. Og um leið og ég el þá von í brjósti að Framsfl. beri gæfu til að endurmeta viðhorf sitt í þessu máli og fylki sér ekki í kringum það frumhlaup sem talsmaður hans í álviðræðunefnd hefur staðið fyrir er ég jafnframt viss um að þessi málafylgja er í hrópandi andstöðu við viðhorf meiri hluta þess fólks sem treyst hefur Framsfl. til forustu og veitt honum atfylgi til áhrifa á hv. Alþingi. Ég er nokkuð viss um að það á eftir að heyrast frá því fólki sem þar á í hlut, þar á meðal því fólki sem nú ber sívaxandi byrðar raforkukostnaðar vegna meðgjafar og niðurgreiðslu á raforku til álversins í Straumsvík.

Ég vil svo víkja að máli hv. 2. þm. Reykn., þó að það séu út af fyrir sig ekki margar aths. sem ég hef við hans mál að gera á þessu stigi. Ég er ekkert hissa á þeim orðum sem frá honum féllu inn í það samhengi og þá umr. sem fram hafði farið áður en hann tók til máls. Ég er ekkert hissa þótt hv. stjórnarandstæðingar hlakki yfir því að það liggur fyrir opinn ágreiningur af hálfu ríkisstjórnarflokkanna í sambandi við svo örlagaríkt og þýðingarmikið mál. En ég fagna því, að það kemur fram ákveðinn vilji af hálfu Alþfl. um að hafa samráð um málafylgju í þessu efni áfram og útiloka ekkert í því sambandi, ekki heldur einhliða aðgerðir ef á þarf að halda, til þess að ná fram okkar rétti.

En ég vildi aðeins koma að einu atriði, sem hv. 2. þm. Reykn. vék að í máli sínu, sem snertir forsögu þessa máls og tengist sumpart þeirri deilu sem við eigum í við Alusuisse, sem gerð var grein fyrir á hv. Alþingi í desembermánuði 1980, — og raunar eru í dag tvö ár liðin síðan ríkisstj. gerði samþykkt sem fól í sér kröfu um að endurskoðaðir yrðu samningarnir um álverið í Straumsvík. Hv. þm. talaði um að ég hefði hér borið fram upplýsingar eða staðhæfingar — ég man ekki nákvæmlega hans orð — um 47 millj. dala „svik í hafi", held ég að hv. þm. hafi sagt, — „hækkun í hafi" höfum við kallað það, — sem var mismunurinn á útflutningsverði súráls frá Ástralíu og innflutningsverði til Íslands á sömu vöru. Þar var aldrei nein staðhæfing uppi höfð um það í þeim umr. þá né síðar að þetta væri nákvæmlega sá hagnaður sem Alusuisse hefði stungið undan í reikningum sínum á þessu árabili, heldur einfaldlega að þessi munur lægi fyrir staðfestur, og hann hefur ekki verið vefengdur umfram 100 þús. dali sem reyndist vera samlagningarskekkja í talnadálkum sem þarna var um að ræða. Þessi „hækkun í hafi" liggur fyrir og óvefengd sem slík af Alusuisse, þ. e. munur á fobverði út úr Ástralíu og innflutningsverði til Íslands. Þeir hafa borið ýmislegt fram sem þeir vildu að þarna væri tekið með í reikninginn og Coopers & Lybrand, sem fóru yfir málin, komust að þeirri niðurstöðu að það mætti út af fyrir sig líta svo á að sumt af þeim málsbótum sem Alusuisse vildi færa fram sér til handa gæti komið til álita að taka með inn í þetta dæmi þannig að næmi allt að helmingi þeirrar upphæðar sem fyrir liggur sem „hækkun í hafi". Og hver var einn af þáttunum sem þar komu til álita? Það voru farmgjöldin milli Ástralíu og Íslands. Og á hverju byggðum við tölurnar um farmgjöld hingað? Við byggðum þær á innflutningsgögnum undirrituðum af framkvæmdastjóra ÍSALs, núverandi formanni Verslunarráðs Íslands, sem staðfestu upphæð farmgjalda frá skipi til skips, sem kom með varninginn á þessu tímabili, en móðurfyrirtækið sá sig tilknúið, til að bæta sína stöðu varðandi „hækkun í hafi", að bera fram kröfu um leiðréttingu á þessari upphæð farmgjalda um 5 millj. Bandaríkjadala — leiðréttingu á þeim upphæðum sem framkvæmdastjóri dótturfyrirtækisins hafði skrifað upp á. Það væri kannske eðlilegt að einhverjir leituðu til hans eftir skýringum á slíkri bókfærslu. Kannske gæti Verslunarráð Íslands fengið einhver ráð hjá hv. framkvæmdastjóra í sambandi við slíkt bókhald.

Hv. 2. þm. Reykn. talaði um að af þessari upphæð stæði nú bara eftir 1 millj. Bandaríkjadala sem skattkrafa, ef ég hef skilið hann rétt. Ég veit ekki hvaðan hv. þm. hefur þessar upplýsingar. Ég taldi mig hafa upplýst það hér í þingræðu um daginn, að þegar endurskoðunarfyrirtækið Coopers & Lybrand er búið að fara yfir verðlagningu á aðföngum til ÍSALs á árunum 1975—1981 er það mat þess að aðföngin séu verðlögð of hátt sem nemur nær 32 millj. Bandaríkjadala og afskriftir að auki sem nema röskum 4 millj. Bandaríkjadala eða samtals sé á þessu tímabili yfirverð á aðföngum plús oftaldar afskriftir sem nemi 36 millj. dala. Þetta eru á núverandi gengi hátt í 600 millj. íslenskra króna.

Í máli mínu hér áðan vék ég að inngangi þeirrar málafylgju, sem uppi var höfð í sjónvarpinu í gærkvöldi af fréttamanni sjónvarpsins, þar sem sagt var að iðnrh.

hefði verið með staðhæfingar uppi um svik og rangfærslur Alusuisse á undanförnum tveimur árum sem næmi verulegum upphæðum. Iðnrh. væri með það uppi, svona rétt eins og þetta væru einhverjar óskatölur sem hann væri að grípa úr lausu lofti. Ég vil spyrja hv. þm. og fyrrv. fulltrúa í álviðræðunefnd: Ætla þeir að vefengja þessar niðurstöður, sem hafa verið fluttar til mín sem lokaniðurstaða þessarar endurskoðunar Coopers & Lybrand og mundu, ef teknar væru til endurákvörðunar á skatti, verða til hækkunar miðað við undanfarin sex ár sem nemur um 6 millj. Bandaríkjadala í endurákvörðuðu framleiðslugjaldi? Ég vil jafnframt rifja það upp af þessu tilefni, að mat Coopers & Lybrand er, að mati þeirra sem yfir hafa farið, mjög varfærið svo að ekki sé meira sagt, enda fyrirtækið reiðubúið að standa fyrir máli sínu fyrir hvaða dómstóli sem er í sambandi við sínar niðurstöður. Aðrir sérfræðingar, erlendir og innlendir, sem yfir þessi mál hafa farið, telja raunverulega að um mun meira yfirverð á aðföngum sé að ræða, sérstaklega á rafskautum, sem mundi hækka þessar tölur, tvöfalda þá tölu sem Coopers & Lybrand nota í sinni niðurstöðu, og hækka skattgreiðslukröfuna á ÍSAL um helming eða tvöfalda hana þannig að hún yrði nærfellt 12 millj. Bandaríkjadala. Ég held að hv. þm. eigi að festa sér þessar tölur í minni og átta sig á því, kannske betur en hefur mátt lesa hér út úr máli manna, að viðskiptaaðili okkar í Straumsvík er ekkert góðgerðarfyrirtæki, sem ætlar sér að leiðrétta hlut okkar Íslendinga með hægu móti, en er brynjaður gegn okkar kröfum um endurskoðun á raforkuverði á sama hátt og hann hefur að sjálfsögðu reynt að verjast því alþjóðlega endurskoðaða mati á verðlagi aðfanga sem fyrir liggur. Það er mikill barnaskapur, sem lesa má út úr málflutningi t. d. og sérstaklega hv. 12. þm. Reykv., að reikna megi með því sem auðveldum leik að ná fram hækkun á raforkuverði sem um munar á stuttum tíma frá þessu fyrirtæki út á góð orð. En það mátti nánast á honum skilja að það væri sjálfsagt að hlaupa inn á þann grundvöll sem þeir lögðu með bréfi sínu þann 10. nóv. s. l. Það væri kosmetisk aðgerð eða snyrting að fara fram á 20% leiðréttingu á raforkuverði í leiðinni. Ég verð að segja að mikil er trú þín, hv. þm.

Ég hef hér vikið frá því sem hv. 2. þm. Reykn. sagði og beint máli mínu til annarra, en hann kom þarna með tölur sem hefðu valdið misskilningi ef ekki hefðu verið leiðréttar.

Hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, kvartar mjög undan því að samráð við sinn flokk hafi verið ónóg og ekki í því horfi sem Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hefði kosið. Slíkan málflutning geta menn haft uppi og hann hefur verið hafður uppi af hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Þeir hafa meira að segja flutt hér inn á Alþingi, í byrjun þessa þings, sérstaka þáltill. þar sem þeir leggja til allt aðra málsmeðferð. Hér hefur farið fram hluti af umr. um þá till. og ég þarf ekki annað en vísa til þess sem ég sagði við þá umr. og ætla ekki að lengja það mikið. Ég vildi þó aðeins segja við hv. 10. þm. Reykv. vegna orða hans um hversu dýrkeypt það sé að láta mig fara með þetta mál — ég held dag hvern og hvern mánuð: Það var ekki fyrr en á árinu sem leið sem það fór að heyrast úr munni og í málflutningi hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu að það væri einhver ástæða til að fá leiðréttingu á raforkuverði til álversins í Straumsvík. Þeir geta leitað með logandi ljósi í þingtíðindum, þessir hv. þm., í sambandi við umr. um stóriðjutillögur sínar hér til þess að færa sönnur á að þeir hafi staðið þar á verði. Það var búið að ræða það mál hér æ og ítrekað og skora á þá að slást í hópinn um þá kröfu. Það hafa þeir nú gert og ég þakka þeim fyrir að hafa gert það, en það verður líka að fylgja því máli eftir í reynd.

Ég tel að það gæti nokkurs misskilnings hjá þeim hv. þm. sem eru hér að gera ráð fyrir að hægt sé að færa ábyrgð á meðferð þessa máls frá því stjórnarvaldi sem með það fer yfir í hendur einhverra annarra sem eigi raunverulega að bera þar ábyrgð. Menn hljóta að gera greinarmun á samráði og pólitískri ábyrgð í máli. Um leið og ég segi þetta undirstrika ég þýðingu þess, að það sé uppi haft pólitískt samráð og menn reyni að feta saman sem lengst í máli sem þessu, en ábyrgðin hlýtur að vera hjá því stjórnvaldi og viðkomandi ríkisstj., að svo miklu leyti sem hún þarf að taka sameiginlega á máli, og það hlýtur að reyna á það í stórmálum sem þessum að menn reyni að vera þar samstíga. Hin pólitíska ábyrgð hlýtur að verða á sínum stað hver sem í ríkisstj. er og skipar viðkomandi ráðherrasæti.

Ég vil ljúka máli mínu, herra forseti, með þessum aths., sem hér hafa fram komið, um leið og ég endurtek þá von mína að menn nái, þrátt fyrir það sem hér hefur gerst síðustu sólarhringa, að stilla saman á nýjan leik, finna leið til samstöðu í þessu knýjandi hagsmunamáli okkar Íslendinga og taka á því saman með þeim hætti sem leiðir til árangurs. En þar getur reynt á að við þurfum að láta sverfa að með því að bera okkur saman um einhliða aðgerðir í málinu, og það kemur þá í ljós, ef menn ná saman um slíkt, og það vona ég að geti orðið, af því að það virðist vera þörf á slíku, hvort hinn erlendi viðræðuaðili sjái sitt óvænna og fallist á lágmarksleiðréttingu á samningsákvæðum og fallist á hækkun raforkuverðs svo að um muni. Á því er brýn nauðsyn. Ég hlýt að bera fram tillögur þar að lútandi, en ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að hlusta á viðhorf annarra í því efni. Ég vil minna hv. alþm. á að við erum ekki einir vestrænna ríkja og lýðræðisríkja sem hafa þurft að grípa til slíkra ráða og hafa gripið til slíkra ráða með árangri. Ég gæti nefnt hér dæmi. Ég hef gert það áður í þingræðum og þau dæmi verða framreidd í tengslum við þá tillögugerð sem ég hef í undirbúningi og mun leggja fram í ríkisstj. innan skamms.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. bar sig nokkuð illa upp undan því í ræðu sinni hér áðan, að ég hefði sakað hann um að segja rangt frá fundum sem hann hefði haldið með Alusuisse. Þetta er ekki rétt og þarfnast nokkurra leiðréttinga. (Gripið fram í.) Ég leiddi að því líkur en fullyrti það ekki, þm. Sverrir Hermannsson. En eins og um margt annað í máli ráðh., sem þyrfti leiðréttingar við, verð ég að fara fáeinum orðum um þessi orð ráðh.

Það sem ég gerði grein fyrir áðan var undrun mín yfir því að ráðh. skyldi takast að fara rangt með öll aðalatriði þeirrar tillögu sem ég hef flutt í þessu máli. Ég lýsti undrun minni á því að maður, sem gjörla þekkti það sem skeð hafði og vissi hvað hafði farið fram, skyldi falla í þá gryfju að segja rangt frá öllum aðalatriðum til þess að reyna að villa um fyrir þeim sem á orð hans hlýddu, ekki bara í fjölmiðlum og Ríkisútvarpi, heldur líka hér á Alþingi.

Í fyrsta lagi hélt ráðh. því fram að ég hefði flutt tillögu um að raforkuverð yrði hækkað um 20% og þar við sæti,

en gegn því fengi Alusuisse að stækka álverið. Auðvitað er þetta eins fjarri lagi og hægt er. Ég furðaði mig á því að ráðh. skyldi þurfa að grípa til slíkra ósanninda til þess að fegra sína frásögn. Það bendir til þess að málstaðurinn sé ekki góður. Á fleiri atriðum slíkum flaskaði ráðh. og fór rangt með.

Ég hef ekki haft mikil samskipti við ráðh. en ég hef hingað til verið þeirrar skoðunar, að hann væri tiltölulega sannorður maður. Eftir að hafa heyrt þessa lýsingu á þeirri tillögu sem ég flutti og hann vissi nákvæmlega hvernig var fór ég auðvitað að efast um að þetta væri í einu skiptin sem ráðh. hefði sagt ósatt. Ég verð að játa það, að beiti menn almennum líkindareikningi aukast talsvert líkurnar fyrir því að ráðh. hafi sagt ósatt oftar, og ég verð að játa að eftir lýsingu hans á þessari tillögu fer maður að velta því fyrir sér hversu oft hann hefur sagt satt. Ég ætla hins vegar ekki að fara nánar út í það. Ég fullyrti ekki að ráðh. hefði sagt ósatt á fundum sínum með Alusuisse. Ég sagði hins vegar að það hlyti að hvarfla að manni við að hlusta á meðferð hans á tillögu minni að verið gæti að það væri ekki heldur allt satt sem þar hefði verið sagt.

Ég ætla ekki að fara að elta ólar við allt sem ráðh. sagði. Hann sagði að ég hefði talað um 4—5 fundi þessar 2—3 vikur, þeir hefðu hins vegar verið tveir. Það sem um var að ræða var það, að suma dagana voru tveir fundir, þannig að ég taldi þetta vera 4—5 fundi. Það má vera að ráðh. vilji túlka þetta sem fund og síðan hlé og svo fund aftur seinna um daginn eða eitthvað slíkt. Ég sé að hann nikkar höfði við því og við getum sjálfsagt fallist á það, svo að þar ber ekki endilega mikið á milli. Það sem kannske ber verulega á milli er það, að ráðh. mat stöðuna þannig, að ógerningur hefði verið að bera fram þá tillögu sem ég hafði áhuga á að yrði kynnt. En málið er auðvitað það, að meiri hluti álviðræðunefndar var á því að nauðsynlegt væri í þessari samningastöðu að bera fram slíka tillögu. Það væri rétt og það væri nauðsynlegt einmitt á þeim tímamótum sem við stóðum á í þessum viðræðum.

Það kann að vera að ráðh. segi það núna, að þrátt fyrir öll þau nei sem hann hafi fengið á fundunum 6. og 7. des. hafi hann ætlað að halda áfram að ræða við Alusuisse. En í leiðara Þjóðviljans, málgagni ráðh., segir þó í dag að þeir þurfi ekki fleiri nei. Og þá hlýtur maður að fara að velta því fyrir sér, hvort ráðh. hafi yfir höfuð nokkurn tíma ætlað að semja. Ég verð að játa að ég efast meira og meira um það eftir málflutning hans og eftir að hafa séð og heyrt hans kynningu á því hversu langt hann er kominn með þessar einhliða aðgerðir. Ég leit svo á að það væri nauðsynlegt að varpa fram tillögu sem gæti opnað samningaviðræðurnar. Ég er þeirrar skoðunar enn. Ráðh. gerði nokkurt veður úr því hvort menn gætu áttað sig á hvílíkt hagræði það væri fyrir Alusuisse að fá yfirlýsingu um að þeir mættu stækka álverið og taka inn nýjan hluthafa. Enn á ný misskilur ráðh. í grundvallaratriðum það sem um er að ræða. Þarna er auðvitað um það að ræða, eins og ég skýrði mjög ítarlega áður í minni framsöguræðu hér, að öllum fyrirheitum um umræður um slíka hækkun eða nýjan hluthafa fylgdu fjölmargir skilmálar um að samningar næðust um önnur atriði.

Ég vil síðan segja það, að ég vefengi ekki niðurstöður Coopers & Lybrand varðandi athuganir á yfirverði Alusuisse til ÍSALs aftur í tímann, ég geri það ekki. Ég tel að þessar niðurstöður Coopers & Lybrand séu eins góðar og unnt er að fá í þessari stöðu, séu það raunhæfasta mat sem hægt er að fá. Og ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að taka á Alusuisse með fullri festu í þessu máli. Á því er enginn vafi. Ég er alveg viss um að Alusuisse hefur beitt yfirverði á hráefnum til ÍSALs á undanförnum árum. Ég er viss um að langsamlega flest fjölþjóðafyrirtæki vinna þannig, að þau beita yfirverði gagnvart dótturfyrirtækjum sínum í hinum ýmsu löndum og draga þannig megnið af hagnaðinum inn til Sviss, þar sem skattar eru miklu vægari en í flestum þessum löndum.

Grundvallarmálið er það, að skattar í Sviss eru kannske upp undir helmingi lægri en í nærliggjandi löndum, Þýskalandi og Frakklandi. Þetta verður til þess að fjölmörg þessara fjölþjóðafyrirtækja hafa sínar höfuðstöðvar í Sviss. Síðan verðleggja þessi fyrirtæki hráefni og þjónustu í gegnum höfuðstöðvarnar út til dótturfyrirtækjanna og með slíkri hagræðingu sjá þau til þess að hagnaður verði lítill sem enginn í dótturfyrirtækjunum, hann myndist í höfuðstöðvunum í Sviss þar sem skattagreiðslur eru mjög lágar. Þetta gera þessi fyrirtæki yfirleitt öll og það er enginn vafi á því, að Alusuisse hefur gert það. Ég er alveg sannfærður um það eftir þann tíma sem ég hef unnið að þessum málum. Ég tel nánast að hér sé um að ræða mál sem eigi líka að ræða við ríkisstjórn Sviss. Hvað eru menn að tala um fríverslun? Hvað er fríverslun? Er það bara niðurfelling tolla? Það kemur fjölmargt fleira til, sem ég ætla ekki að fara út í núna, en auðvitað er ljóst að skattareglurnar í Sviss valda því að fé er dregið út úr fjölmörgum löndum inn til Sviss, og þar liggur galdurinn að baki hinu svissneska efnahagsundri, að baki hinu alþjóðlega svissneska bankakerfi. Á þessu er enginn vafi. Við þurfum að halda á málum gagnvart Alusuisse af mikilli festu. Við þurfum að halda vel á þeim og það má ekki gefa þeim eftir í því. Hitt er annað, að það þarf náttúrlega að gera það skynsamlega og það þarf líka að gera það af sanngirni.

Ég tel að á þessari stundu hefði verið hárrétt að leggja fram tillögu og leita eftir frekari samningum á þennan hátt. Sú hækkun sem hefði komið út úr þessu var í vasanum. Hún var þá komin þó ekki væri nema 20%, án nokkurra skuldbindinga af okkar hálfu annarra en þeirra að fara í viðræður um endurskoðun samninganna, viðræður sem gert var ráð fyrir að lokið væri 1. apríl og þess vegna engu að tapa og á ekkert hætt. Hefði að slíkum viðræðum loknum slitnaði upp úr án möguleika til að fá leiðréttingar, þá hefði ráðh. hæglega getið dregið upp úr tösku sinni allar sínar áætlanir um einhliða hækkanir, og þá hygg ég að hann hefði fengið víðtækari samstöðu um slíka afstöðu heldur en hann á eftir að fá núna, ef hann ætlar að starfa að þessu máli eins og hann raunar kynnir núna. Ég tel að aðstaða til einhliða hækkunar núna sé óheppileg, tímasetning sé óheppileg vegna þeirrar lægðar sem í áliðnaðinum er almennt. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hér, það er ástæðulaust, en ég ítreka það, að með því að reyna að opna samningaviðræður á þann hátt sem ég lagði til, með þeim breytingum sem formaður nefndarinnar lagði til, á þann hátt sem meiri hluti nefndarinnar taldi eðlilegt að að þessu væri staðið, var engu að tapa en allt að vinna. Og í kjölfar þess hefði mátt grípa til harðari aðgerða ef nauðsynlegt hefði verið.

Aðalatriðið enn á ný í þessu máli er það, að menn verða að gera sér grein fyrir því að það sem skiptir máli er árangur í þessu máli en ekki áróður.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Út af staðhæfingum hæstv. iðnrh. hér áðan á talnasviðinu, sem ég geri ekki að aðalatriði þessa máls, tel ég rétt að upplýsa sannleikann í því máli. Samkv. yfirlýsingum í des. 1980 af hálfu hæstv. iðnrh. var „hækkun í hafi" talin 47 millj. dollara, en samkv. athugun Coopers & Lybrand var hún talin 22.7—25.5 millj. dollara og yfirverð samkv. samningi 16.2 millj. dollara. Fyrir tímabilið 1975—1979 þýðir þetta yfirverð á súráli 1 millj. 21 þús. dala. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna ummæla hæstv. iðnrh.

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 24). — Frh. fyrri umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Umr. þær, sem hér hafa farið fram utan dagskrár, sýna það og sanna að þörf var á flutningi till. þessarar til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse, sem raunar var hér fyrsta mál á dagskrá, er til umr. kæmi. Það hefur komið hér berlega fram að þáltill. á rétt á sér, en í henni er mörkuð stefna um hvernig við eigum að halda á samningum við Alusuisse og greint frá því að besta leiðin sé að kjósa 7 manna nefnd hlutfallskosningu á Alþingi til viðræðna við Alusuisse.

Það fer ekki hjá því að í þessum tillöguflutningi felst nokkurt vantraust á iðnrh. og greindi 1. flm. till., hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, frá því í framsöguræðu þegar till. var hér til umr. áður. Í grg. er komist svo að orði:

„Öllum Íslendingum ætti nú að vera ljóst að núv. iðnrh. hefur enga getu til að ráða fram úr þessu mikilvæga hagsmunamáli. Þess vegna er það brýnt, að Alþingi taki í taumana og veiti forustu í þeim viðræðum sem nú hafa farið út um þúfur við Alusuisse. Þess vegna er þessi þáltill. flutt."

Hafi verið ástæða til þess að komast svona að orði í þingbyrjun, þegar viðræður við Alusuisse höfðu legið niðri frá því í maí, er ekki síður nú ástæða til að undirstrika þessi orð eftir að samningsviðræður voru teknar upp að nýju í lok nóv. og byrjun desembermánaðar án þess að nokkur árangur yrði af þeim viðræðum og með þeim eftirmála sem við höfum sérstaklega rætt hér í dag.

Þýðing þess atburðar, sem hér hefur verið ræddur, er ákaflega mikil. Það er óhætt að segja, að hvarvetna, í það minnsta annars staðar en á Íslandi, mundi atburður slíkur sem þessi hafa þýtt að til stjórnarskipta hefði dregið eða a. m. k. ráðherraskipta. Ríkisstj. og ráðh. bera pólitíska ábyrgð, eins og hæstv. iðnrh. komst að orði, og hann hlýtur að taka afleiðingunum af því þegar stuðningsmenn hans lýsa því yfir að þeir beri ekki lengur traust til hans og draga í efa hæfni hans til þess að halda á málum framvegis. Þetta kom berlega í ljós í máli hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar eins og það kom fram í málflutningi 1. flm. þeirrar till. sem nú er til umr., hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, og annarra formælenda Sjálfstfl. í þessum málum.

Ég hlýt að rifja það upp, að í maímánuði s. l. skrifaði þingflokkur Sjálfstfl., formenn flokks og þingflokks, iðnrh. bréf þar sem að því var fundið að fullt samráð væri ekki haft við Sjálfstfl. í þessu máli þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar hæstv. iðnrh. þar að lútandi. Ég hlýt að rifja það upp, að í samtali við hæstv. iðnrh. í byrjun júní s. l. varaði ég iðnrh. við þeirri stefnu, sem hann hefði í þessu máli, sem hlyti að stefna málinu í strand, ef framfylgt yrði. Þá var það ætlun hæstv. iðnrh. að hafa samráð við okkur í ágústmánuði. Það samráð var að vísu ekki haft fyrr en rétt áður en til viðræðufundar við fulltrúa Alusuisse kom í nóv. s. l. Látum það liggja á milli hluta, það hefur ekki efnisþýðingu úr því sem komið er, en í þeim viðræðum sem við áttum saman fyrir hönd Sjálfstfl., varaformaður flokksins Friðrik Sophusson og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson auk mín, lögðum við áherslu á að í viðræðum sem í hönd færu væri haft fullt samráð við þingflokkana og buðum fram að útnefna fulltrúa þingflokks Sjálfstfl. gegn því skilyrði að þessir fulltrúar þingflokkanna hefðu samráð sín á milli og við hæstv. iðnrh. og fylgdust beint með viðræðunum og tækju þátt í viðræðunum. Með þeim hætti væru skilyrði sköpuð til þess að skapa þjóðarsamstöðu og leggja grundvöll að því að við næðum fram hagsmunamálum okkar í samningaviðræðunum. En það er skemmst frá að segja, að hæstv. iðnrh. sinnti í engu þessum óskum og tillögum okkar fulltrúa Sjálfstfl. nú síðast í lok nóvembermánaðar og hélt málinu í sínum höndum með þeim afleiðingum sem hér eru fram komnar, þannig að hann hefur ekki eingöngu fyrirgert trausti okkar í stjórnarandstöðunni um frekari meðferð málsins, heldur og fulltrúa stærsta stjórnarflokksins, Framsfl.

Það er frá því skýrt í Morgunblaðinu í morgun, að Alþb. hafi sent bréf til Framsfl. og óskað svara frá Framsfl. þegar í stað, en þeim spurningum var beint til Framsfl. í þessu bréfi, hvort Framsfl. væri samþykkur tillögum hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og hvort Framsfl. væri reiðubúinn að skipa fulltrúa í viðræðunefnd í stað Guðmundar G. Þórarinssonar, sem hefði sagt af sér í þeirri nefnd. Það fylgir þessari sögu, að Framsfl. hafði svarað um hæl að hann væri samþykkur afstöðu Guðmundar G. Þórarinssonar og hann væri ekki reiðubúinn að skipa fulltrúa í viðræðunefndina í stað Guðmundar G. Þórarinssonar. Ég hygg að nauðsynlegt sé að þetta komi fram í þessum umr. og af þessu verði ekki dregnar aðrar ályktanir en þær, að um meðferð þessa máls ríki skoðanaágreiningur innan ríkisstj., og er raunar ekki að furða eftir þá meðferð sem hæstv. iðnrh. hefur staðið fyrir á þessu máli, þegar hann meira að segja gengur framhjá samráðherrum sínum, sem skipaðir eru í ráðherranefnd til að fjalla um þetta mál. En það kom fram í umr. hér utan dagskrár, þegar samningaviðræður við Alusuisse rofnuðu í maímánuði s. l., að samningsgrundvöllur hæstv. iðnrh. hafði ekki einu sinni verið kynntur hæstv. forsrh. eða hæstv. sjútvrh. áður en iðnrh. kynnti fulltrúum Alusuisse á hvaða grundvelli hann vildi halda á málinu, þ. e. hæstv. iðnrh. sýndi fulltrúum Alusuisse samningsgrundvöll sinn áður en hann sendi hann samráðherrum sínum. Þegar samstarfsaðilar hæstv. iðnrh. verða að búa við þvílíka framkomu hans er e. t. v. ekki að undra framkomu hans gagnvart stjórnarandstöðunni. En hæstv. iðnrh. heldur áfram slíkri framkomu gagnvart samstarfsaðilum, sem leitt hefur til afsagnar hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar úr viðræðunefndinni. Ég hygg því að ljóst sé að nú sé tími til kominn að Alþingi taki mál þetta í sínar hendur.

Hér hefur verið sagt, að eðli málsins samkv. eigi þetta mál að vera í höndum framkvæmdavaldsins, þess ráðh. sem hafi forræði málsins og þeirrar ríkisstj. sem beri pólitíska ábyrgð. Nú er það svo, að fram hefur komið að núv. ríkisstj. hefur ekki starfhæfan meiri hluta á Alþingi og ennfremur að henni er um megn að bera pólitíska

ábyrgð. Það hefur og komið fram að hæstv. iðnrh. nýtur ekki stuðnings þm. er hingað til hafa veitt ríkisstj. stuðning og því er ekki um annað að ræða en Alþingi taki málið í sínar hendur.

Á það má og minna, að í samningaviðræðum við Alusuisse er rætt um efnisatriði sem hljóta að koma til kasta Alþingis. Þar er um löggjafaratriði að ræða, endurskoðun á samningum við Alusuisse um starfrækslu álbræðslunnar í Straumsvík. Um þá er löggjöf, sem Alþingi þess vegna þarf að fjalla um, og eðlilegt að Alþingi taki við málinu og marki þá stefnu er skynsamlegust er til þess að mál þetta sé ekki áfram í þeirri sjálfheldu sem raun ber vitni.

Herra forseti. Ég vænti þess því, að þáltill. þessi gangi nú til nefndar og hljóti þar hraða og góða afgreiðslu og að lokinni þeirri meðferð verði hún samþykkt, svo að sjálfhelda sú sem við Íslendingar erum í í þessu máli vegna meðferðar hæstv. iðnrh. verði ekki viðvarandi, heldur megi úr henni brjótast og ganga svo frá þessu máli að hagsmunum Íslands sé fullnægt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Langt er nú umliðið síðan þessi þáltill., sem nú er á dagskrá, var til umr. hér í Sþ. Það voru ýmis atriði í málflutningi þeirra, sem ræddu hana á þeim tíma, sem ég hefði talið ástæðu til að víkja að, en sumt af því er mér úr minni liðið nú og ég hef ekki tekið með mér þau gögn sem ég hefði viljað hafa í höndum í sambandi við málið. En segja má að það sé kannske ekki þörf á því eftir þá löngu umr. sem hér hefur farið fram í dag utan dagskrár um málefni Alusuisse og samskiptamál íslenskra stjórnvalda við fyrirtækið. Ég ætla því ekki að orðlengja þetta efni mikið að þessu sinni. Ég vil aðeins ítreka að mín skoðun á málsmeðferð er óbreytt frá því sem ég lýsti við umr. um daginn um þessa þáltill. og að málefni þetta hlýtur að verða í höndum framkvæmdavaldsins sem ber á því stjórnarfarslega ábyrgð.

Ég vil benda á, að nokkurs ósamræmis gætir í þeim málflutningi sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. fyrr í dag við umr., þar sem hann útilokaði ekki, ef ég hef skilið hann rétt, að samráð yrði með öðrum hætti um þetta mál. Hann var með eindregnar óskir um breytta hætti í því efni. Ég hlustaði á þær hugmyndir og óskir, en þær lutu að því að það yrði annar aðili, nefnd á vegum stjórnvalda, iðnrn., með tengslum við þingflokka, sem tæki á þessu máli. Ég dreg þær ályktanir af þeim málflutningi að hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu sé þessi till.-flutningur, sem þeir hófu hér á þingi í haustbyrjun, ekki fastur í hendi. Það verður hins vegar að koma í ljós við frekari athugun þessa máls og mat á þeirri stöðu sem nú liggur fyrir.

Það kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. hér áðan í sambandi við málsmeðferð í viðræðum við Alusuisse fyrr á þessu ári að hann var að gera því skóna að ég hafi ekki starfað í samráði við aðila að ríkisstjórn í sambandi við till.-gerð og minntist þar sérstaklega á fund í maímánuði, ef ég hef tekið rétt eftir. Ég vil af þessu tilefni upplýsa, að þær tillögur til málamiðlunar sem þar voru fram bornar voru í einu og öllu innan ramma þeirrar samþykktar sem ríkisstj. hafði gert 26. febr. á þessu ári. Þar var lagður grundvöllur af hálfu ríkisstj. að málsmeðferð eftir að Alusuisse hafði einhliða slitið viðræðum við álviðræðunefnd og aflýst boðuðum fundi þann 3. mars. Á grundvelli þeirrar samþykktar, svo og samþykktar ríkisstj. 9. des. 1980 og 16. júlí 1981, hefur verið að þessu máli unnið af hálfu iðnrn.

Ég minntist á það fyrr í umr. um þessa þáltill., að það hefðu ekki komið fram ábendingar af hálfu hv. 1. flm., sem mælti fyrir þessu máli, um till.-gerð af hálfu Sjálfstfl. á árunum 1980 og 1981 varðandi raforkuverðshækkun til álversins í Straumsvík. Ég bað hv. þm. um að nefna mér dæmi um hvernig á því máli hefði verið haldið af þeirra hálfu og koma þá fram með upplýsingar, ef hann hefði einhverjar, um að slík málafylgja hefði verið höfð uppi á árinu 1980 og fram eftir ári 1981. Þar sem hv. 1. flm. till. er hér ekki ætlast ég auðvitað ekki til þess að það sé verið að draga umr. af þessum sökum, en það mætti þá taka það upp aftur, þegar mál þetta kemur frá nefnd til 2. umr., sem ég hygg að sé meiningin að yrði um þessa till. ef nefnd afgreiðir hana aftur til þingsins.

Ég læt þetta nægja, herra forseti, um málið að þessu sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 131, n. 144). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar og mælir með að það verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. skrifa Eiður Guðnason, formaður n., Eyjólfur Konráð Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason, Stefán Jónsson, Egill Jónsson og Stefán Guðmundsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins, frv. (þskj. 106). — Frh. 1. umr.

Flm. (Egill Jónsson) (frh.): Herra forseti. Þar var komið sögu að ég var að gera nokkrar aths. við ræðu hæstv. landbrh. Ég tel mikla þörf á að fá fram með skýrari hætti hans sjónarmið í þessu máli og ekki síst vegna þess að mér virtist sem hæstv. ráðh. hefði ekki eytt allt of miklum tíma í að fara yfir þessi mál. Er raunar óskiljanlegt hvað ráðh. var illa að sér í þessari löggjöf allri, þegar á heildina er litið. Það má vel vera að í því felist nokkur skýring á því hvernig honum hefur gengið að vinna sig áfram í þeim málum meðan hann hefur haft þau mál með höndum sem landbrh.

Það er út af fyrir sig rétt, sem hæstv. ráðh. tilgreindi í upphafi síns máls, að texti laganna um Framleiðnisjóð er æðirúmur. Eins og ég gat um voru lögin sett í þeim ákveðna tilgangi að færa fjármagn frá ríkisvaldinu yfir til vinnslustöðva landbúnaðarins og þannig hafa þau verið framkvæmd alla tíð. Þar er að vísu getið fleiri heimilda, en lög sem voru sett á áratugnum milli 1960 og 1970 geta að sjálfsögðu með engum hætti tekið til þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í íslenskum landbúnaði og af þeirri ástæðu er textinn varðandi markmið Framleiðnisjóðs endursaminn og skilgreindur miklu nánar en áður var.

Þá taldi hæstv. ráðh. líka að breytingin á skipun stjórnar sjóðsins væri óþörf og tilgreindi í því sambandi að þá tvo nm. sem ég vildi láta bændasamtökin útnefna, en ekki Stofnlánadeild og Framkvæmdastofnun, ætti áfram að útnefna eins og nú er vegna tengsla Framleiðnisjóðs við þær stofnanir. Þetta var út af fyrir sig eðlilegt þegar lögin voru upphaflega samþykkt, vegna þess að Framleiðnisjóðurinn átti að fjármagna á vissan hátt sömu framkvæmdir og hinir sjóðirnir tveir, Byggðasjóður og Stofnlánadeild. Nú er Framleiðnisjóðnum hins vegar ætlað miklu víðtækara hlutverk, m. a. að gera skipulagða áætlun um uppbyggingu nýrra viðfangsefna í sveitum landsins og hafa þar ákveðna forgöngu um. Það er fyrst og fremst af þeirri ástæðu sem á það er lögð áhersla að þetta verkefni verði í höndum bændasamtakanna að meginhluta, þó með því fyrirkomulagi sem felst í því að formaðurinn sé skipaður af landbrh. og þannig séu tengd saman áhrif og áform bændasamtakanna og ríkisvaldsins í þessum efnum.

Þetta hvort tveggja má í raun segja að skipti minna máli. En svo fjallar hæstv. landbrh. í nokkuð löngu máli um breytingar, sem voru gerðar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir einu ári, og ber fyrir sig að það sé óeðlilegt að gera breytingar núna á þeirri löggjöf vegna þess að um þær breytingar, sem gerðar voru fyrir ári, hafi tekist víðtæk samstaða. Það er þá fyrst á að líta í hverju sú samstaða fólst og er sannarlega undravert að hæstv. landbrh. skuli vera að tala um það hér að menn skuli ekki rjúfa samkomulag. Sannleikurinn er sá, að ég veit ekki um nema einn mann sem hefur rofið það samkomulag og það er hæstv. landbrh. sjálfur. Það liggur fyrir um það bókun frá Búnaðarþingi með hvaða skilyrðum bændasamtökin féllust á þessa breytingu. Búnaðarþing bókaði fjóra fyrirvara varðandi sína afstöðu til málsins. Einn þessara fyrirvara var sá, að ekki skyldi gengið á opinber framlög til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það frv., sem ég hef flutt um það efni og verður rætt hér á eftir, gefur til kynna með hvaða hætti ríkisstj. og hæstv. landbrh. hafa staðið við það samkomulag.

Það er alveg ljóst að samkomulagið hefur einmitt verið rofið af hæstv. landbrh. og engum öðrum og það er líka alveg ljóst að það sem kemur fram í frv. um Framleiðnisjóð gengur ekki á nokkurn hátt gegn þeim fyrirvörum sem bændasamtökin settu þegar þau féllust á að breyta lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Hæstv. landbrh. klykkir svo út með því að tala um að hæpið sé að viðhafa hér flutning á till. um þreföldun á venjulegu, eins og hæstv. ráðh. orðar það, gjaldi til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég spyr hæstv. landbrh. úr þessum ræðustól: Hver er að flytja þær tillögur, hæstv. landbrh.? Hver er að flytja um það tillögur hér á Alþingi að þrefalda þetta venjulega stofnlánadeildarsjóðsgjald? Í tillögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sem ég er hér að mæla fyrir, er ekki gert ráð fyrir að þessi gjöld hækki um eina einustu krónu, ekki einn einasta eyri. Það er hins vegar gert ráð fyrir að skipta stofnlánasjóðsgjaldinu, eins og það er nú í lögum, og færa helminginn af því yfir í Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Það er vitanlega allt annað en að þrefalda gjaldið, eins og hæstv. landbrh. talar um.

Það væri hægt að hafa hér miklu fleiri orð um stofnlánasjóðsgjaldið og afstöðu bændasamtakanna til þess gjalds. Það vill svo vel til að tæpt ár er síðan Búnaðarþing setti fram sínar skoðanir í þeim efnum. Eru þær í raun mjög í samræmi við þann tillöguflutning sem hér á sér stað, þ. e. að stofnlánasjóðsgjaldið verði fellt niður í áföngum og það verði algerlega fellt niður árið 1986, þegar niður falla skyldur Stofnlánadeildar landbúnaðarins til greiðslu á lífeyrissjóðsframlagi til bænda.

Það voru hér til viðbótar fleiri atriði, sem að sjálfsögðu eru ekki eins þýðingarmikil og það sem ég hef nú fjallað um.

Hæstv. landbrh. segir að í þeirri breytingu sem var gerð á jarðræktarlögunum 1979 sé kveðið svo á, að árlegt framlag samkvæmt verðtryggingarákvæði þeirra laga eigi að vera sem næst meðaltali áranna 1978 og 1979. Þetta er rangt. Það er alveg skýrt kveðið á um að það eigi á fjárlögum hvers árs að setja inn með verðtryggingu þá upphæð sem kom inn á fjárlög árið 1978 og

1979 í gegnum jarðræktarlögin. Það eru engir fyrirvarar á. Ég hef aldrei heyrt nokkurn einasta mann, sem hefur fjallað um þessi mál, fyrr en hæstv. landbrh. núna, túlka það þannig að þarna væru fyrirvarar á. Getur vel verið að í því felist nokkur skýring á því hvernig staðið hefur verið við þetta ákvæði í hans ráðherratíð.

Hæstv. ráðh. viðurkennir hins vegar, svo að það sé notað hans eigið orðalag, að nokkuð hafi skort á að fjármagn til hagræðingar í landbúnaði og nýrra búgreina hafi skilað sér. En það sem vekur þó alveg sérstaka furðu er það, að landbrh. segir að það framlag hafi skekkst í meðförum Alþingis. Sannleikurinn er hins vegar sá, að þó að hlutur Alþingis í þessum efnum sé ekki merkilegur hefur það þó gerst við afgreiðslu fjárlaga öll þau ár síðan þetta ákvæði komst inn í jarðræktarlög, að það fjármagn, sem hefur verið til staðar og verið lagt til landbúnaðarins í gegnum þetta lagaákvæði, hefur í meginatriðum komið inn við meðferð þessara mála á Alþingi. Ríkisstj. hefur ekki skilað um það tillögum í fjárlagafrv. að þetta fjármagn ætti að vera til staðar. Hæstv. landbrh. hefur sem aðili að ríkisstj. samþykkt hvert fjárlagafrv. á fætur öðru án þess að þetta fjármagn væri til staðar. Og ég endurtek, að þótt hlutur Alþingis í þessum efnum sé ekki merkilegur er það harður dómur hjá hæstv. landbrh. að bera það á Alþingi að það hafi skert þetta fjármagn. Það verður betur vikið að því í sambandi við frv. um breytingar á jarðræktarlögum hvernig við þetta hefur verið staðið. Það væri fróðlegt að fá vitneskju um það núna, af því að fjárlagaafgreiðslu er ekki lokið og vegna þess að það fer að draga til úrslita í þessum efnum, hvaða upphæð hæstv. landbrh. ætlar að hafa til þessara mála í fjárlögunum sem nú eru til umr. og meðferðar á Alþingi. Eins og hæstv. landbrh. skilaði þessu frá sér til Alþingis er ekki einu sinni ætlað nægilegt fjármagn til að framkvæma jarðræktarlögin sjálf. Meira að segja er ekki nægilegt fjármagn þó að skerðingu sé beitt. En hér gefst hæstv. landbrh., og á vissan hátt hefur hann kastað þeim teningi sjálfur, kærkomið tækifæri til að skýra frá því hvaða fjármagn hann ætlar til þessara verkefna á næsta ári.

Hæstv. landbrh. sagði að ég hefði farið rangt með tölur þar sem ég tilgreindi hve mikið fjármagn hefði komið í gegnum verðtryggingarákvæði jarðræktarlaganna til nýrra búgreina og nýrra viðfangsefna í landbúnaði á s. l. ári. Það sem ég sagði var alveg rétt, — ekki upp á krónu, heldur upp á eyri, ef þeir hefðu verið tilgreindir. Hæstv. ráðh. sagði að það hefðu komið 7.6 millj. Þetta er ekki rétt. Svo mikið fjármagn var ekki veitt til þessara viðfangsefna. Það komu 2.44 millj. í gegnum verðtryggingarákvæðið og í rauninni kom ekki einu sinni það fjármagn til skila þar sem stór hluti af því fór svo beint yfir til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þaðan var það svo aftur lánað með venjulegum stofnlánadeildarkjörum. Hins vegar skilaði skerðingin sér að sjálfsögðu yfir í þessi verkefni, en það er fjármagnið sem bændurnir í þessu landi afsöluðu sér og gerðu það að sjálfsögðu með þeim fyrirvara og í þeirri góðu trú að það yrði staðið við það samkomulag sem var gert árið 1979.

Herra forseti. Ég fagna því að hafa átt þess kost að koma þessum leiðréttingum hér á framfæri. Ég er að vísu þakklátur hæstv. landbrh. fyrir það sem hann sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að hann virti áhuga flm. fyrir umbótum í þessu máli. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að gefa slíkar yfirlýsingar, en heldur vildi ég þiggja stuðning hans, þótt ekki væri nema í litlum mæli, til þess að leiðrétta þessi mál og til þess að unnt væri að hefjast handa um skipulegt átak og skipuleg viðfangsefni til að treysta byggð í íslenskum sveitum. Það væri að sjálfsögðu meira virði fyrir bændurna í þessu landi og raunar fyrir þjóðina alla en fáein viðurkenningarorð um áhuga og vilja flm. Það bætir ekki stöðu þessara mála sérstaklega þegar á hitt er litið, að svo virðist sem hæstv. landbrh. ætli að beita sér gegn því að þessi mikilvæga breyting, þessi mikilvæga stefnumótun í íslenskri landbúnaðarlöggjöf, sem hér er gert ráð fyrir, nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 107). — 1. umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. hafa orðið vitni að hefur það frv. sem við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir höfum flutt um breytingu á jarðræktarlögunum æðimikið blandast inn í þær umr. sem hafa átt sér stað um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Frv. felur það í sér, að bráðabirgðaákvæðið sem sett var inn í jarðræktarlögin árið 1979 og á að vara í 5 ár falli brott og að jarðræktarlögin komi í þá mynd sem þau voru í eftir að þeim var breytt árið 1972.

Meginrökstuðningur fyrir þessari breytingu er sá, að verðtryggingarféð, sem lögin áttu að gefa, er ekki lengur til staðar. Þessi upphæð var árið 1980 4.68 millj. og má segja að það sé eina árið sem þetta fjármagn hafi verið nokkurn veginn það sem lögin gerðu ráð fyrir, en samkv. ákvæðum laganna hefði það átt að nema 4.81 millj. kr. Árið 1981 hefði það átt að nema 8.32 millj. kr., en þá skilaði það aðeins 4.84 millj. Árið 1982 átti það að nema 8.70 millj. kr., en skilaði aðeins 2.44. Á næsta ári ætti þetta fjármagn að nema 13.68 millj. kr., en samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er ekki ætluð til þessara verkefna ein einasta króna og reyndar minna en það. Þannig er það, að það fjármagn, sem kemur hugsanlega inn í gegnum jarðræktarlögin, mundi þó raunar ekki verða neitt núna vegna þess að það eru ekki heldur til staðar peningar til að fjármagna sparnaðarféð. Lögin hafa þannig gengið sér til húðar. Og með tilliti til þeirra breytinga sem gert er ráð fyrir á lögunum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins er að sjálfsögðu ekki ástæða til að viðhalda bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna.

Þetta frv. felur m. ö. o. það í sér, að jarðræktarlögin komist í þá mynd sem þau voru í eftir breytinguna 1972 og með hliðsjón af því að þeim verkefnum, sem breytingin frá 1979 gerði ráð fyrir, er komið fyrir á öðrum stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 108). — 1. umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur auk mín flutt frv. til l. um breyting á

lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þetta frv. felur það í sér, að 4. gr. laganna verði breytt þannig að helmingurinn af búvörugjaldi, sem hefur verið greitt til Stofnlánadeildarinnar á grundvelli þessarar greinar, falli til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Það er eins með þetta frv. og það sem ég var að skýra hér áðan, frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, að það hefur æðimikið blandast inn í umr. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og ég get að verulegu leyti vísað til þeirrar umr. Hins vegar vil ég vekja athygli á því sem kemur fram í grg. um ákveðið samkomulag, sem var gert á milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins, þegar fallist var á að taka upp fulla verðtryggingu á lánum til landbúnaðarins árið 1979, en þá gerðu fulltrúar bænda þann fyrirvara að tekjur Stofnlánadeildarinnar yrðu að öðru leyti ekki skertar og færu þær eftir þeim lögboðnu leiðum sem fyrir hendi voru og eru.

Nú hefur það hins vegar komið í ljós, að frá árinu 1979 til og með fjárlagagerðar þessa árs hefur framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins verið skert og hefur sú skerðing farið vaxandi ár frá ári og nemur nú í heild sinni 45.35 millj. kr. Þetta er sem sagt svarið við því samkomulagi og efndirnar á því, sem var gert árið 1979.

Það er að sjálfsögðu líka augljóst, að eftir að búið er að taka upp fulla verðtryggingu á öll lán landbúnaðarins eða svo gott sem eru ekki lengur orðin til staðar nein rök fyrir því að bændur leggi af eigin aflafé fjármagn til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, a. m. k. alls ekki fram yfir þá upphæð sem Stofnlánadeildin greiðir vegna lífeyrissjóðs aldraðra bænda. Þess vegna er hér lagt til að Stofnlánadeildin haldi hálfum sínum tekjum af búvörugjaldinu eins og þær hafa verið og hitt færist yfir í Framleiðnisjóð landbúnaðarins þar sem það mundi þjóna þeim megintilgangi þeirrar löggjafar, ef fram næðist, að byggja upp ný viðfangsefni í landbúnaði. Að sjálfsögðu tel ég að eðlilegt sé að bændurnir í þessu landi taki þátt í því, og í rauninni er það á vissan hátt í fullu samræmi við það sem ákveðið var með setningu laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir rúmum tveimur árum.

Ég held að það sé óþarft að ég skýri þetta mál nákvæmar, herra forseti, en geri það að tillögu minni að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til landbn. Að sjálfsögðu geri ég það einnig að till. minni varðandi frv. um jarðræktarlögin. Ég held að ég hafi gleymt áðan að gera það að tillögu minni að vísa því til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 13. des., að loknum 16. fundi.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 131). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 115, n. 155, 156). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til umfjöllunar 112. mál, þ. e. frv. til breytinga á lögum um eftirlaun til aldraðra. Eins og fram kemur í nál. var n. sammála um afgreiðslu frv. og mælir með samþykkt þess ásamt með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj.

Það frv., sem hér er til umfjöllunar, gerir í fyrsta lagi ráð fyrir framlengingu á verðtryggingarákvæðum í eftirlaunum til aldraðra og í öðru lagi er breyting að því er varðar dagsetningar vegna gjalddaga áætlaðs framlags áranna 1983 og 1984.

Sú brtt., sem ég gat um áðan og nefndin flytur, er fyrst og fremst flutt til að sýna þann vilja sem ríkir, þ. e. að greiðslum vegna þriggja stiganna verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði í áföngum, enda kemur það fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að þar er gert ráð fyrir greiðslu á 5.5 millj. í þessu skyni. Við töldum ekki fært í nefndinni að segja til um í dagsetningum hvenær þessi yfirtaka skyldi verða að fullu, en það varð að ráði að láta koma fram með þessari brtt. hver hinn óyggjandi vilji væri meðal nm. í þessu tilliti.

Fjarverandi afgreiðslu þessa máls í n. voru Karl Steinar Guðnason og Gunnar Thoroddsen, eins og fram kemur í nál.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um þetta frekar. Eins og fram hefur komið og fram kom í n. er þetta algert samkomulagsmál og stíga allir fram sem einn maður um afgreiðslu þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 156 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—6. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 13. des., að loknum 17. fundi.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 115, 162). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Alexander Stefánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. des. 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson lektor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Guðmundur G. Þórarinsson,
12. þm. Reykv."

Haraldur Ólafsson hefur áður átt sæti á Alþingi og þarf því eigi að athuga kjörbréf hans. Ég býð hann velkominn til starfa.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 28, n. 152, 153). — 2. umr.

Forseti (Alexander Stefánsson): Ég vil geta þess hér í upphafi að þess verður freistað að afgreiða þetta mál í gegnum 2. umr. og síðan í framhaldi þess að setja annan fund og afgreiða málið í gegnum 3. umr. og til Ed.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. hv. deildar. Samkomulag hefur orðið í n. um afgreiðslu þessa máls. Eins og segir í nál., sem hefur verið útbýtt hér í deildinni, var flestum ljóst á s. l. vori að það yrði mjög erfitt að ná þessu máli fram á þeim stutta tíma sem væri til þinsloka, og óvinnandi með öllu ef ætti að leita umsagna hjá þeim fjölmörgu hagsmunaaðilum sem mál þetta varðar. Því varð samkomulag um það í n. að betra væri að nota tímann milli þinga til að gefa aðilum tækifæri til að skoða frv. vandlega og koma ábendingum og aðfinnslum til n. í þingbyrjun nú, svo freista mætti þess að fá málið samþykkt áður en ár aldraðra er á enda.

Hins vegar vantaði mikið á skil umsagna þegar þing kom saman nú í haust, svo að n. varð að senda það á nýjan leik til fjölmargra aðila. Í nál. er getið um þá sem sendu inn umsagnir og það sem þýðingarmest var, að í þessari seinni umleitan bárust umsagnir frá sveitarfélögum, fjórðungssamböndum, einstökum félagsmálastofnunum, bæjarstjórnum og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Áður hafði borist umsögn frá Öldrunarráði Íslands fyrir hönd aðila þess, sem eru fjölmargir, bæði hagsmunasamtök og opinberir aðilar auk Rauða krossins og þjóðkirkjunnar.

Vissulega komu fram margar aðfinnslur við frv. Heilbr.- og trn. ásamt þeirri nefnd sem samdi frv., en til hennar var leitað með umsagnir um frv., fór mjög vandlega yfir allar aðfinnslur og var reynt að taka allar athugasemdir til greina. Þegar umsagnirnar voru skoðaðar má segja að komið hafi í ljós að það hafi verið átta meginatriði sem að var fundið.

Það var í fyrsta lagi hvort nokkurt réttlæti væri í að setja sérlög um málefni aldraðra. Lagaákvæði um þessi málefni ættu heima í heildarlögum um félagslega þjónustu.

Í öðru lagi hvort nauðsynlegt væri að setja á fót sérstaka deild innan heilbr.- og trmrn. til að sinna öldrunarmálum.

Í þriðja lagi var fundið að þeim fjölda sem lagt var til að yrði í samstarfsnefnd um málefni aldraðra og tilnefningu þeirra sem þar áttu að fá sæti og verkefni.

Í fjórða lagi var bent á að ekki væri tryggt í frv. að samstarf stjórna heilsugæslustöðva og félagsmálaráða yrði virkt, sbr. 5. og 16. gr.

Í fimmta lagi kom fram sú aðfinnsla frá félagsmálaráði Reykjavíkurborgar að svæðisskipulag öldrunarmála tæki ekki mið af sérstöðu höfuðborgarinnar.

Í sjötta lagi var aðfinnsla um stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Í sjöunda lagi að ekki væri nægilega tryggt í frv. ákvæði um framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Og í áttunda lagi voru aðfinnslur vegna fyrirkomulags á stjórnun dvalarstofnana fyrir aldraða.

Við flytjum brtt. í samræmi við þessar aðfinnslur. Þær eru á sérstöku þskj., þskj. 153 og eru í 15 liðum. Samhliða því sem ég fer yfir þessi aðfinnsluatriði mun ég geta um brtt. Um fyrsta atriðið, sem varðar þá athugasemd margra aðila að ekki væri rétt að setja sérlög um málefni aldraðra, þau ættu frekar heima í heildarlöggjöf um félagslega þjónustu, er það að segja að bæði heilbr.- og trn. hv. deildar og sú nefnd sem samdi frv. þetta eru sammála um að vissulega megi fallast á þessa gagnrýni og líka á þá skoðun að málefni aldraðra ættu heima í heildarlögum um félagslega þjónustu.

Þess ber þó að geta, að í mörg ár hefur verið starfandi hópur sem hefur haft það verkefni að semja frv. til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga. En allt bendir til þess að það sé langt í land að slíkt frv. sjái dagsins ljós. Og meðan slík löggjöf er ekki fyrir hendi þarf á einhvern hátt að tryggja þjónustu við ýmsa þjóðfélagshópa sem á einhvern hátt eru verr settir en aðrir. Í því skyni hefur Alþingi gripið til þess ráðs að setja sérlög um málefni þeirra, t. d. lög um þroskahefta. Ennfremur liggur fyrir í þinginu frv. til laga um málefni fatlaðra og nú það frv. sem hér er til umr. um málefni aldraðra. Það er að sjálfsögðu ekki á neinn hátt verið að leggja stein í götu þess að sett verði heildarlöggjöf um félagslega þjónustu þótt slík sérlöggjöf sé sett, heldur teljum við í heilbr.- og trn. að verið sé að ýta undir setningu hennar. Sérlög um ákveðna þjóðfélagshópa yrðu þá vísir að sérköflum innan slíkrar heildarlöggjafar. Heildarlöggjöfin hlýtur alltaf að verða mjög kaflaskipt, sbr. t. d. slíka félagsmálalöggjöf í okkar nágrannalöndum.

Varðandi athugasemdina um sérstaka deild innan heilbr.- og trmrn. til að sinna öldrunarmálum má segja að það sé ekki ástæða til að setja slíkt efni í lagafrv. Hins vegar mun ástæðan vera sú að það er áralöng reynsla fyrir því, að ef slík ákvæði eru ekki sett inn í frv. og fáist samþykkt með þeim, þá taki oft á tíðum mörg ár fyrir rn. að fá nauðsynlegar stöðuheimildir eftir að lög hafa verið samþykkt sem leggja aukna vinnu á herðar rn. Það var í ljósi þessarar reynslu sem sérstaklega var tekið fram að deildarstjóri skyldi stýra þessum málefnum innan heilbr.- og trmrn.

Heilbr.- og trn. hefur tekið til greina þriðju aðfinnsl-

una, um að samstarfsnefndin sé óþarflega fjölmenn. Í frv. er gert ráð fyrir að hafa þar fimm aðila, en við leggjum til í 2. brtt. okkar að þeir verði aðeins þrír, og teljum að við komum þá jafnframt til móts við þá sem hafa gagnrýnt skipan hennar, því að þarna er lagt til að aðeins einn verði frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félmrn., sem er tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, og einn skipaður af heilbr.- og trmrh. án tilnefningar. En í 1. brtt. okkar tökum við út till. um að sett verði á stofn sérstök deild. Hins vegar höldum við okkur við það að þessi málefni skuli vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra, svo að það kemur þá fram þarna óbein aðstoð við rn. og ráðh. til að ná því fram að einhver ákveðinn aðili sinni þessum málum.

Eitt gagnrýnisatriðið, sem kom fram hjá nokkrum aðilum, var að óþarft væri að vera með sérstaka stjórn yfir Framkvæmdasjóði aldraðra, það væri vel hægt að sameina þetta hvort tveggja og fela samstarfsnefndinni, sem á að fara með þessi mál í samvinnu við rn., að annast úthlutun og það verkefni sem stjórn Framkvæmdasjóðs hefur haft. Heilbr.- og trn. varð sammála um að fallast á þessa ábendingu. Leggjum við því til að samstarfsnefndin taki við þessu starfi. Um það fjallar 3. brtt. okkar, við 4. gr., að þar komi nýr töluliður sem varðar verkefni samstarfsnefndarinnar og hljóði svo með leyfi forseta: „Annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og gera tillögur til ráðh. um úthlutanir úr sjóðnum."

Fjórða og fimmta atriðið eru um það að í frv. sé ekki tryggt nægilega það samstarf sem þarf að vera milli stjórna heilsugæslustöðva og félagsmálaráða. Í fáum orðum má segja að áratuga gamalt fyrirbæri komi þarna upp á yfirborðið á milli þessara aðila, að það skarast ýmis störf sem þarf að vinna á vegum sveitarfélaganna eða kannske frekar fyrir íbúa sveitarfélaganna. Annars vegar eru þeir aðilar sem falla undir heilbrigðiskerfið og hins vegar þeir sem falla undir félagsmálahliðina.

Það er enginn vafi á því að þetta lagafrv., ef samþykkt verður, verður endurskoðað innan þeirra fimm ára sem frv. kveður á um. Við vitum að á þeim tíma munu koma fram ýmsir agnúar, vegna þess að með frv. er ætlast til að þessir aðilar nái samstarfi og samvinnu sín á milli. Við vitum vel um þá miklu annmarka sem eru víða á því samstarfi, en með þeim breytingum sem við leggjum til að séu gerðar á frv. teljum við okkur gera báðum aðilum jafnhátt undir höfði. Það er ekki verið að lítillækka annan aðilann vegna hins, heldur kemur fram í okkar brtt. og reyndar í frv. öllu að þessir aðilar eiga og verða að vinna saman.

Það má segja að þetta sé eitt af grundvallaratriðum í framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á Vínarráðstefnunni í sumar, að þessir aðilar, hið opinbera, hin félagslega hlið eða sveitarfélögin, heilbrigðiskerfið og áhugamannasamtök tækju höndum saman til að nýta sem best þá fjármuni sem þessir aðilar hefðu undir höndum og nýta sem best það vinnuafl sem viðkomandi aðilar hafa einnig yfir að ráða. Við teljum að breytingin sem við leggjum til að gerð sé á 1. málsgr. 5. gr. þjóni þessu markmiði, en þar leggjum við til að orðalagið sé á þann veg að stjórnin skuli vera í höndum heilsugæslustöðvar og félagsmálaráðs, ef það er til staðar. Og að sjálfsögðu eru fulltrúar sveitarfélaganna einnig í stjórn heilsugæslustöðvanna.

Í samræmi við það sem ég hef þegar sagt leggjum við til að 11. gr. sé breytt á þann veg sem segir í 5. brtt. okkar, að stjórnin er falin samstarfsnefndinni, eins og ég hef þegar sagt.

Við 12. gr. gerum við brtt. sem fellur í sama farveg og þingið sjálft afgreiddi lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra á s. l. þingi. Til þess að mæta 3. tölulið í 12. gr. gerum við ráð fyrir, eins og þingið samþykkti með yfirgnæfandi meiri hluta, að jafnhá upphæð komi úr ríkissjóði árlega á móti þessum kostnaði.

7. og 8. brtt. við 15. og 16. gr. eru einnig til að taka af allan vafa um að það eru báðir aðilar sem eiga að vinna að því sem þar segir.

Með 9. og 10. brtt. er verið að taka af allan vafa um hvað Framkvæmdasjóður aldraðra eigi að gera. Í 9. brtt. segir að hann eigi að stuðla að byggingu íbúða og dvalarstofnana fyrir aldraða. Við teljum að í IV. kafla þurfi bæði fyrirsögnin og upphaf 17. gr. að fjalla um íbúðirnar einnig. En það kemur ekki fram í fyrirsögn eða upphafi 17. gr. þótt hins vegar sé skilgreint hvað við sé átt með sérhönnuðum íbúðum fyrir þarfir aldraðra.

Við leggjum til breytingu við 18. gr. þess efnis að í stað þess að forstöðumaður eigi að gera tillögur um vistun eigi að leita álits hans. Þetta er gert með tilliti til aðfinnslna sem fram komu frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Við 22. gr. er einnig gerð breyting. Sú grein fjallar um stjórn dvalarstofnana fyrir aldraða. Samkv. frv. á slík stofnun skilyrðislaust að lúta heilbrigðislögunum, 30. gr. þeirra laga. En við leggjum til að þetta eigi ekki við nema viðkomandi stofnun sé í beinum starfstengslum við sjúkrahús sem ákvæði þessara laga ná yfir, þannig að aðrar dvalarstofnanir, bæði stofnanir sveitarfélaga og sjálfseignarstofnanir, séu með sína eigin stjórn eins og verið hefur, en þó með þeim ákvæðum sem um getur í till. okkar.

Það kom fram sú athugasemd við 26. gr., sem er þýðingarmikil breyting á gildandi ákvæðum, að orðalag þeirrar greinar, eins og hún er orðuð í frv., mætti skilja þannig að ef aldraður einstaklingur þyrfti á sjúkrahúsvist að halda þyrfti hann að borga fyrir þá vist sjálfur. Til að taka af allan vafa um að til þess sé ekki ætlast flytjum við brtt. við þá grein á þessa leið:

„Um dvöl á spítaladeildum, sem ætlaðar eru til skammtímavistunar, gilda ákvæði laga um almannatryggingar."

Þessi ákvæði almannatrygginga eru um sex mánaða dvöl, svo að ef viðkomandi aðili þarf að dveljast þar lengur, kannske það sem hann á eftir ólifað, þá taka við ákvæði þessara laga, en annars þau lög sem gilda um allan almenning í landinu hvort sem viðkomandi einstaklingur er ungur eða gamall.

Einnig er sú breyting gerð við 27. gr. til að taka af allan vafa, að til rekstrarkostnaðar, sem sjúkrasamlög greiða, teljast ekki laun lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta sem ríkið greiðir samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Þetta er í raun engin breyting að okkar mati, en hins vegar er þarna verið að taka af vafa, eins og ég hef þegar sagt.

15. brtt. við ákvæði til bráðabirgða er gerð til samræmis við þegar gerða breytingu um samstarfsnefndina og stöðu hennar innan rn.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir þessar brtt. Ég vil taka það fram að fyrir þessari hv. deild liggur frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. 1. flm. er Magnús H. Magnússon. Það frv. fjallar um breytingar á

5. málsgr. 51. gr. laganna, um elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega. Þegar fylgifrv. sem þurfa að fylgja þessum lögum hafa verið samþykkt, sem vonandi verður á þessu ári, þarf að flytja nokkrar brtt. við almannatryggingalögin. Þá tel ég að eigi að athuga um leið þetta frv., sem hv. þm. Magnús H. Magnússon og samflokksmenn hans nokkrir hafa flutt, þá þurfi að athuga það vegna þess að í því felst hluti af því sem þessar væntanlegu brtt. munu fjalla um.

Ég vil að lokum í fyrsta lagi þakka forseta fyrir að hafa orðið við tilmælum n. um að flýta málinu og koma því til Ed. sem fyrst, svo að freista mætti að ná þessu frv. fram og gera það að lögum áður en þessu þingi er lokið. Við höfum tækifæri til, ef einhverjar aðfinnslur koma fram til viðbótar, að skoða málið með heilbr.- og trn. Ed., en sú n. hefur þegar setið fund með okkur nm. hér í Nd., og höfum þá aðstöðu til að kanna betur það sem upp kann að koma í millitíðinni. Ég þakka meðnm. og öðrum sem hafa hvatt okkur til að koma þessu máli áfram, og eins og ég sagði áðan, ég vona að okkur lánist að samþykkja þetta frv. áður en ári aldraðra lýkur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður í umr. um þetta mál, að ég tel eðlilegt að fjvn. ráði mestu um það hvernig fjármagni úr sjóðnum er ráðstafað. Rökin fyrir því eru þau, að hún er kosin lýðræðislega af þinginu sem heild og er ætlað í hliðstæðum málum, þar sem verið er að veita fjármagn, að vera sá aðili sem leggur fyrir þingið sitt álit til samþykktar eða synjunar. Í því máli sem hér er um að ræða er vissulega verið að ráðstafa stórum fjárhæðum, sem munu vonandi skipta sköpum, til að bæta hag aldraðra, en einnig hljóta þær ákvarðanir að hafa mikil áhrif á byggðaþróun í landinu. Þess vegna finnst mér sanngjarnt að það komi hér fram hjá talsmanni n., hv. 1. landsk. þm., hvernig fyrirhugað er að tveir aðilar skuli gera tillögur til ráðh. um ráðstöfun fjárins. Samkv. 5. brtt., sem er breyting á 11. gr., skal greinin hljóða svo samkv. till. n., með leyfi forseta:

„Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra samkv. 3. gr., sbr. og 5. tölul. 4. gr., sem gerir tillögur til ráðh. um úthlutanir úr sjóðnum."

Svo stendur hér í 13. gr. frv., með leyfi forseta:

„Ráðh. gerir í samráði við fjvn. og stjórn sjóðsins áætlun til fimm ára um framkvæmdir."

Hver er hugsunin á bak við þetta, hvar er valdið sem ræður? Er það ráðh., er það samstarfsnefndin, er það fjvn.? Nú veit ég að óþarfi er að minna á það, af því að flm. er landsþekktur sem sjómaður, að þó vel hafi verið mönnuð skip á Íslandi þá hafa menn haft einn skipstjóra en ekki marga, og þar hefur það vald verið sem skorið hefur úr. Í þessu sambandi hlýtur það líka að geta farið svo að sitt sýnist hverjum, samstarfsnefndinni, fjvn. og ráðh. Ég á ákaflega erfitt með að una því, að í ákvarðanatöku um dreifingu fjármagns sé einhverjum einum manni t. d. falið það vald eins og ráðh. Það er andstætt mínum skoðunum á lýðræði. Ég á líka erfitt með að una því, að stjórn sjóðsins, sem vissulega stendur ákveðnum hóp manna í hinum ýmsu tilfellum skil á gjörðum sínum, sé sett ofar en fjvn. í þessum efnum og þar með ábyrgð þingsins á framkvæmd laganna.

Það má vel vera að þetta sé þannig hugsað að það rekist ekki á, og að flm. muni leggja til ákvarðanir í fyrirhugaðri reglugerð með frv. sem geri það að verkum að þetta renni allt í einn farveg. En mér þætti vænt um ef flm. n. gerði grein fyrir því hvar hið endanlega vald í dreifingu þessa fjármagns á að vera og hver rökin eru fyrir því.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning strax, þá er ég ekki flm. þessa frv. Ég er frsm. heilbr.- og trn. Frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. sem hv. þm. styður. Það er hæstv. heilbrmrh. sem hefur flutt þetta mál tvívegis hér í þinginu og í samræmi við það hefur það verið rætt ítarlega í tvígang, við 1. umr. í bæði skiptin. Hv. 5. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson spyr mig hver það sé sem hafi valdið til að ákveða og úthluta. Nú gætir hér mikils misskilnings hjá hv. þm. Hann er það þingvanur að hann veit að fjöldinn allur af sjóðum hefur annaðhvort ákveðinn markaðan tekjustofn eða þá fjárveitingu sem stjórn viðkomandi sjóðs fer með og deilir út, oftast nær þó háð samþykki ráðh. Ég bendi á sjóð eins og Erfðafjársjóð o. fl. Og að ekki sé hægt að ákveða slíkt af Alþingi án þess að fjvn. þurfi um að fjalla, ég fæ nú ekki séð að það þurfi að vera. Ég geri þá ráð fyrir að hv. þm. verði fljótur til, ef hann virkilega teldi það, að kalla eftir því að það vald sem t. d. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur í meðferð fjármuna yrði kallað til fjvn. en ekki haft í höndum stjórnar sem þar er kjörin til þeirra verka.

Ég vil líka taka það fram að meginfjármagnið, sem kemur inn í Framkvæmdasjóð aldraðra, fæst vegna nefskatts sem er lagður á tímabundið en er ekki ætlað að vera fastur framtíðarskattur. Þetta er skattur sem er lagður á nú til fimm ára samkv. gildandi lögum, því er við haldið í þessu frv. að hafa það til fimm ára og í 13. gr. segir skýrum stöfum að ramminn, sem gera eigi utan um það fjármagn sem ætlað er að komi inn á þessu tímabili, skuli gerður í samráði við fjvn. og stjórn sjóðsins.

Hins vegar segir í 11. gr. að stjórnin sem fer með þessi málefni, eins og segir í 3. gr. laganna og er nánar útfært í 4. gr. hvað hún eigi að gera, geri tillögur til ráðh. Að sjálfsögðu getur ráðh. samþykkt eða hafnað þeim tillögum ef honum sýnist það ekki horfa í rétta átt sem stjórnin leggur til.

En ég bendi á að það er ætlan þeirra sem samþykktu frv., samkv. 4. gr. þess, að þessi samstarfsnefnd eigi að hafa frumkvæðið að stefnumótun um málefni aldraðra. Hvernig ætti að fara að flytja það yfir til fjvn., sem skiptir kannske um menn árlega, og taka úr höndum sérfróðra manna sem koma annars vegar frá félmrn. samkv. tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga og hins vegar frá heilbrmrn. sjálfu og í þriðja lagi frá einhverjum þeirra aðila að Öldrunarráði Íslands sem það skipar? Þar eru í raun saman komnir allir aðilar í þjóðfélaginu sem nú fást við þessi mál. Ég get ekki séð hvernig ætti að flytja þá stefnumótun frá þessum þremur sérfróðu mönnum — sem ég vil kalla þó að ekki sé búið að skipa þá ennþá, — til fjvn.? Ég mundi telja það illa farið ef það væri gert.

Þessi nefnd á líka samkv. 2. tölul. að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild. Og þar er auðvitað komið að því sem hv. þm. hefur verið að finna að, ekki aðeins núna heldur áður, og vel er hægt að taka

undir, að auðvitað verður að gæta þess að það þarf að vinna að þessum málum um allt landið, m. a. til þess að raska ekki þeirri búsetu sem er í landinu nú. En eins og ég sagði fyrr í sambandi við þetta mál í umr. hér á þingi, þá var það ætlan þeirra sem að því stóðu að koma á þessum nefskatti, að hann yrði nýttur í fyrstu lotu til að létta af því neyðarástandi sem ríkti hér á höfuðborgarsvæðinu og reyndar á Eyjafjarðarsvæðinu líka. Það hefur verið gert og má vera að strax síðari hluta næsta árs verði hægt að snúa sér frekar að framkvæmd þessara laga fyrir aðra aðila.

Ennfremur á þessi nefnd að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka og hún á að vera ráðh. og ríkisstj. til ráðuneytis um málefni aldraðra. Hún á að skera úr um ágreiningsmál, sem upp kunna að koma um málefni aldraðra samkv. lögum þessum og hún á að gera tillögur til ráðh. um samræmdar reglur um mat. Til að vinna að þessu verkefni þarf auðvitað að leita til fleiri aðila, sem hafa sérþekkingu til þess, en þarna er verið að fá til starfa aðila, sem við leggjum til að verði þrír, sem hafi yfirumsjón þessara mála í sínum höndum.

En til þess að ég svari spurningu hv. þm. aftur þá er enginn vafi á því að endanlegt vald í sambandi við úthlutun fjármuna verður í höndum ráðh., eins og við höfum fjölmörg dæmi um í sambandi við ein og önnur lög sem við höfum samþykkt hér á hv. Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 153,1 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 153,2 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 153,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 153,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
9.—10 gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 153,5 (ný 11. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 153,6 samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 153,7 samþ. með 26 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 153,8 (ný 16. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 153,9 (ný fyrirsögn IV. kafla) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 153,10 samþ. með 25 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 153,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 153,12 (ný 22. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 153,13 samþ. með 27 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 153,14 samþ. með 27 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 153,15 samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 13. des., að loknum 16. fundi.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 28, 164). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 148). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. (þskj. 119). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 119 um breyt. á lögum um grunnskóla. Flm. þessa frv. auk mín eru þau Jóhanna Sigurðardóttir, Alexander Stefánsson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson og Birgir Ísl. Gunnarsson. Þetta frv. var borið fram seint á síðasta vorþingi, en fékk þá ekki afgreiðslu og er endurflutt nú. Það felur í sér einfaldlega þá breytingu á grunnskólalögum, að inn í þau verði tekin ákvæði varðandi fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna. Í 42. gr. laganna er kveðið svo á, að menntmrn. skuli setja grunnskólum aðalnámsskrá þar sem nánar er kveðið á um kennslu í þeim greinum sem taldar eru upp í 42. gr. í 11 stafliðum. Með samþykkt þessa frv. yrðu stafliðirnir 12.

Það var bent á það við flutning þessa máls s. l. vor, að það færi illa á því að ekki væri í grunnskólalögum ákvæði um fíkniefnafræðslu í skólum landsins. Jafnframt var þá bent á þá staðreynd, að í gildandi áfengislögum frá 1969 eru tvímælalaus ákvæði um þetta að því er áfengi varðar og einnig er til um þetta allítarleg og góð grg. með eldri áfengislögum frá 1954. Það er skemmst frá að segja, að enda þótt þessi ákvæði í nefndri reglugerð standi fyrir sínu hefur þeim verið mjög slælega framfylgt og sums staðar alls ekki.

Ég vil sérstaklega ítreka, sem kemur fram í þessari

grg., að í þessum reglugerðarákvæðum um bindindisfræðslu er hvergi bent á að fræðslu þurfi varðandi önnur ávana- og fíkniefni en áfengi. Ákvæði varðandi fíkniefni sem slík, sem hafa komið til í íslensku þjóðlífi eftir að þessar reglugerðir voru samdar með eldri áfengislögum, eru sem sagt alls ekki fyrir hendi.

Sumir kunna að benda á að í deiglunni sé endurskoðun á grunnskólalögunum sem heild. Og það er rétt. Komið er út nál. þar sem gerðar eru allfjölþættar og viðamiklar brtt. við gildandi grunnskólalög. Ég tel þó engan veginn rétt að bíða þess með framkvæmd þess sem hér er farið fram á að þær brtt. nái í gegnum þingið. Við vitum af fyrri reynslu að þessi mál eru þung í vöfum og tekur oft langan tíma að koma þeim í gegnum Alþingi. Hér er því ekki eftir neinu að bíða. Hér er um að ræða gloppu í gildandi grunnskólalögum sem ekki er við hæfi að sé lengur látin ófyllt.

Í grg. þessa frv. nú er getið um að tveir menn frá menntmrn. hafi farið í náms- og kynnisferð til Bretlands í því skyni að kynna sér fræðslu um ávana- og fíkniefni innan skóla sem utan. Þessir menn voru þeir Sigurður Pálsson námsstjóri í kristnum fræðum, sem hefur jafnframt umsjón með bindindisfræðslu, og Ingvar Sigurgeirsson námsstjóri í samfélagsfræðum. Þessi ferð var farin í boði UNESCO, sem hefur að undanförnu staðið fyrir umfangsmiklum aðgerðum á sviði ávana- og fíkniefnamála og gefið út ítarlega skýrslu þar sem birtar eru niðurstöður rannsókna. Þessir tveir menn hafa gefið út mjög fróðlega og ítarlega skýrslu um þessa kynnisför sína og hef ég viðað að mér nokkrum fróðleik úr þessari skýrslu, sem ég tel að eigi erindi inn í framsögu þessa máls nú.

Það er ekki í fyrsta skipti sem hér er minnst á fræðslu um fíkniefni, en engin ákvörðun er enn tekin, framkvæmd öll í lausu lofti og raunar varla hægt að segja að undirbúningur sé hafinn að gagni. Þessu frv. er ætlað að bæta hér úr, ef að lögum yrði. Á það benda þeir félagarnir í skýrslu sinni, og við vitum það raunar vel, að sú litla fræðsla sem hefur verið uppi höfð gegn fíkniefnum hefur hingað til aðallega beinst að áfengi og tóbaki. Fræðslan hefur að stórum hluta beinst að efnunum sjálfum, að skaðsemi þeirra og upplýsingum um verkan þeirra í notkun. Hins vegar eru nú uppi nýjar hugmyndir um að nálgast þetta viðfangsefni eftir dálítið ólíkum leiðum. Það er lagt mikið upp úr því að fræðslan tengist í ríkara mæli en áður aðstæðum og umhverfi nemendanna og að fræðslan sé í senn jákvæð og upplýsandi. Athyglinni er beint að áhrifavöldum í umhverfinu, svo sem félagahópum ekki hvað síst og vali á sjálfstæðum ákvörðunum við ólíkar aðstæður. Þetta er einmitt höfuðmarkmiðið, að þjálfa nemendur í að taka sjálfstæðar ákvarðanir á grundvelli staðgóðrar þekkingar, sem hjálpi þeim til að standa gegn utanaðkomandi áhrifum og þrýstingi og þá ekki hvað síst, eins og ég sagði, frá félagahópnum sem þau umgangast.

Ég geri þó ráð fyrir að þegar allt kemur til alls verði *það vafalaust uppeldisleg mótun á heimilinu, innan* fjölskyldunnar, sem þarna hefur úrslitaáhrif, en við megum ekki loka augum fyrir öllum þeim utanaðkomandi áhrifum sem börn og unglingar búa við í sínu uppeldi í dag. Heimilið og fjölskyldan leysir þó ekki allan vanda. Hér verður fleira að koma til. Þá höfum við helst augastað á fræðslu innan skólanna. En hvernig verður sú fræðsla framkvæmd? Það er hin stóra og vandasama spurning. Eins og bent er á í grg. þessa frv. er sérstaklega staðhæft að fræðsla sem er rangt við höfð geti haft verri áhrif en bætandi. Það er því verr af stað farið en heima setið með svona fræðslu, sé hún ekki vandlega undirbúin og markviss.

Miklar og víðtækar rannsóknir er búið að gera á undanförnum árum, erlendis aðallega, og eru slíkar rannsóknir í gangi núna í nágrannalöndum okkar bæði á vegum stjórnvalda í skóla- og heilbrigðiskerfinu og á vegum sjálfstæðra stofnana og áhugamanna. Ein af meginniðurstöðum þessara rannsókna er að leggja beri aukna áherslu á innan skólanna að fella fíkniefnafræðsluna inn í annað námsefni, og þá er staldrað fyrst og fremst við heilsufræði og samfélagsfræði. Það er að sjálfsögðu mikið vandaverk að semja slíkt kennsluefni, en *mestu máli varðar þó, að ég hygg, að kennslan og* fræðslan sé í höndum vel menntaðra, vel upplýstra og vel þjálfaðra kennara. Því hefur athyglin í vaxandi mæli beinst að þjálfun kennara í þessum efnum.

Í skýrslu þeirra félaga, Sigurðar og Ingvars, er vitnað alloft í fyrrv. námsstjóra í heilbrigðisfræðum í Bretlandi, sem er kona að nafni Mary Holmes. Hún er einn af aðalhöfundum umræddrar skýrslu á vegum UNESCO. Hún leggur áherslu á að gögnin sem kennarinn hafi í höndum skipti í rauninni minnstu máli, svo djúpt tekur hún í árinni. Kennarar og þjálfun þeirra sé aðalatriðið. Hún telur jafnframt að allar heimsóknir utanaðkomandi aðila í skólana orki tvímælis og séu stundum beinlínis óæskilegar. Þessi fræðsla eigi að tengjast daglegu skólastarfi og vera í höndum starfsliðs skólanna. Því er það, að menntun og þjálfun kennaranna er talin undirstöðuþáttur fræðslunnar til skólanemenda.

Í skýrslu þessari frá UNESCO er sérstaklega tekin fyrir sú fræðsluaðferð, sem ég aðeins minntist á áðan, sem byggist á að vekja ótta og hrylling hjá nemendum og hefur löngum verið talin ein sú líklegasta til að vara unglinga við fíkniefnaneyslu. Þessi aðferð er nú talin hæpin, hræðsluaðferðin svokallaða. Reynslan þykir hafa sýnt að hún sé gagnslítil þegar til lengdar lætur. Hún sé ofhlaðin af tilfinningum og feli auk þess oft í sér rangar upplýsingar. Oft sé með þessum hætti varpað óeðlilega sterku ljósi á þær hættur sem eru samfara fíkniefnaneyslu og auki á dulúðina í kringum hana, sem geti í vissum tilfellum frekar laðað að en fælt frá notkun fíkniefna. Í staðinn fyrir of einhliða upplýsingamiðlun þurfi því að koma fræðsla sem höfðar til viðhorfa og raunar einnig til tilfinninga og byggir upp sjálfstæði og dómgreind nemandans sem einstaklings. Hún þarf að tengjast daglegu lífi nemandans.

Herra forseti. Það er ljóst að við eigum hér vandasamt verkefni fyrir höndum, sem við verðum að ráðast til atlögu við af fullri alvöru og á öllum vígstöðvum í senn. Mikið undirbúningsstarf er óunnið hjá okkur, en mikið af góðum efnivið er þegar fyrir hendi og áhugasamir og hæfir menn sem eru reiðubúnir að leggja vinnu í þann undirbúning, sem veltur mikið á að vandað sé til svo sem kostur er. Við hljótum að byggja hér á reynslu nágrannaþjóða okkar, sem hafa kostað miklu fé og mikilli fyrirhöfn í að rannsaka þetta vandamál til hlítar og athuga hvað sé helst til varnar.

Íslenskir skólar verða fyrir sitt leyti að vinna gegn þessum bölvaldi, fíkniefnaneyslunni, sem ógnar ungu fólki nú um heim allan og er, að ég hygg að ég megi fullyrða, útbreiddari nú orðið hjá okkur en við gerum

okkur grein fyrir.

Ég minnist í því sambandi að mér var sagt af — ég heyrði það ekki sjálf — útvarpsviðtali í íslenska útvarpinu fyrir ekki mjög löngu, þar sem kom fram kona er sagði frá óhugnanlegri persónulegri reynslu sinni. Ung dóttir hennar, 13—14 ára, gerbreytti um alla hegðan. Hún missti áhuga á skólanum. Hún varð sljó og eins og utan við heiminn. Það var velt vöngum yfir því hvað ylli þessari breytingu á stúlkunni. Þegar loksins sannleikurinn kom í ljós reyndist barnið vera á kafi í neyslu eiturlyfja og hafði verið um nokkurt skeið án þess að nokkur innan fjölskyldunnar hefði hugmynd um það. Þetta minnir með nokkuð sláandi hætti á athyglisverða kvikmynd, sem nú er sýnd hér í bænum, um dýragarðsbörnin, þar sem 14 ára vestur-þýsk stúlka verður eiturlyfjaneyslu að bráð. Ég held að alþm. verðu tímanum vel með því að sjá þessa mynd, ef þeir hefðu tíma nú í jólaönnunum. Það er því og hlýtur að vera sjálfsögð krafa að ákvæðið sem þetta frv. felur í sér komi inn í grunnskólalögin strax og skapi, eins og segir í niðurlagi grg., „eðlilegan grundvöll að þessum vandmeðfarna fræðsluþætti innan skólanna."

Ég ítreka það, sem kemur fram í grg., að hvorki hvarflar að mér né, að ég þori að fullyrða, samflm. að þessu máli að við teljum björninn unninn í baráttunni gegn fíkniefnaneyslunni þó að við fáum þetta inn í lög. Það væri auðvitað grunnhyggni af stærstu gráðu. En í grunnskólalögunum á þetta heima. Ég vona því að þetta mál, svo sjálfsagt sem það virðist vera, fái greiðan framgang í þinginu og að hv. menntmn., sem fær það til meðferðar, muni leggja sig fram um að afgreiða það fljótt og vel.

Ég minnist þess, að á flokksþingum flokks hæstv. menntmrh., sem því miður hefur séð ástæðu til að hverfa úr þingsal þegar þetta mál kom til umr., hefur samflokksfólk hans ítrekað gert tillögur sem stefna beinlínis í þessa átt, fela raunar í sér nákvæmlega þau ákvæði sem við erum að fara fram á nú að verði felld inn í grunnskólalögin. Ég þykist því vita að hæstv. menntmrh. og flokkurinn sem á bak við hann stendur séu þessu máli hlynntir.

Ég þarf ekki að efast, og ekkert okkar, um afstöðu skólamanna almennt til þessa máls. Ég hef kannað það og ég veit að það er samdóma álit þeirra að það sé einkennilegt, að ekki sé meira sagt, að ákvæði þetta varðandi skuli ekki að finna í grunnskólalögunum sem íslenskir skólar starfa eftir.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við framsöguræðu hv. flm. þessa frv., enda hef ég gerst meðflm. þess, hefði enda ekki staðið hér upp nema til þess eins að benda enn einu sinni á það ástand sem ríkir á hinu háa Alþingi í hvert sinn sem talað er um málefni sem varða börn og unglinga þessa lands. Það er sorglegt til þess að vita að ævinlega þegar stendur upp flm. slíks frv., sem oftast er af kvenkyni fækkar í salnum. Erum við raunar allar þrjár komnar í salinn að þessu sinni, en inni sitja að þessu sinni óvenjumargir karlmenn, þ. e. þrír að tölu. Það er kannske þess vegna sem svo er komið. Stjórnmálamenn virðast hafa áhuga á flestu öðru en málefnum barna og unglinga.

Hér er þó ekkert smámál á ferðinni og auðvitað er afskaplega erfitt að tala um það nema í miklu víðara samhengi. Ég hef gerst stuðningsmaður þessa frv. og meðflm. í fyrsta lagi af hreinum prinsipástæðum. Ég tel alveg rétt athugað hjá hv. flm. að ákvæði um kennslu í grunnskólum eigi að vera inni í grunnskólalögum, en ekki í einhverjum allt öðrum lögum, eins og á sér stað í áfengislögum frá 1969. Ég minnist þess, að í grunnskólalög var á sínum tíma sett ákvæði sem varðar framkvæmd almannatrygginga. Það er auðvitað ósiður, sem nið háa Alþingi ætti að varast sem allra mest, að dreifa lagaákvæðum fyrir hinar ýmsu stofnanir hér og þar um lagakerfið í stað þess að reyna að hafa þau í samhengi.

En vitaskuld er annað og meira í þessu frv. en þetta. Við vitum ósköp vel hvernig ástandið er hér í þessum efnum, þ. e. ef við þorum að játa það. Mönnum hættir gjarnan til að líta framhjá slíku, en ég held að ekki þurfi annað en horfa ofurlítið í kringum sig til að sjá að fíkniefni auk áfengisvandamáls eru óðum að ryðja sér til rúms hér á landi.

Það er ákaflega erfitt og flókið mál að reyna að átta sig á hvers vegna svo er komið. Við getum öll haft ýmsar meiningar um hvernig þjóðfélagsástandið almennt er í þessu landi, hvernig fjölskyldan stendur við sitt hlutverk. Hinu er ekki heldur að leyna, að vandamál sem upp koma í nágrannalöndunum, eins og síaukin fíkniefnaneysla, flytjast líka inn hingað hvort sem við viljum eða viljum ekki.

Persónulega er ég ekki hissa á því þó að börn og unglingar séu kannske á margan hátt svartsýnni og vonlausari en við vorum á þeirra aldri. Nýlega var haldin teikningasamkeppni á Norðurlöndum — og hvað birtist á annarri hverri teikningu sem börnin og unglingarnir skila frá sér? Það er skelfing þeirra og hræðsla við núverandi ástand heimsmála, óöryggi og ótti við kjarnorkuvopn og annað slíkt. Það er auðvitað samhengi þarna á milli. Börn og unglingar eru á margan hátt öryggislausari en þau hafa verið áður. Og allt hlýtur þetta að skoðast í samhengi.

Ég er alveg sammála hv. flm. um að það er ákaflega erfitt að inna kennslu á borð við þessa af hendi. Öll kennsla verður að vera raunhæf til þess að hún þjóni einhverjum tilgangi og kennarinn þarf að eiga traust nemanda síns til þess að mark verði tekið á kennslunni. Svipað má vitaskuld segja um samband barna og foreldra. Það er ákaflega lítils virði ef annar aðilinn, og þá sá sem eldri er og reyndari, segir vísvitandi ósatt og hlífist við að segja sannleikann. Þetta er því auðvitað stórt og flókið mál, sem er bæði stórpólitískt mál og fjölskyldupólitískt mál, og þinginu gefst eflaust ekki tími til þess nú, enda sýnist áhugi takmarkaður, að ræða þau mál til hlítar. Ég legg þó áherslu á að ég held að hið háa Alþingi ætti að gera meira af því í framtíðinni en það hefur gert hingað til.

Ég vil eindregið fara þess á leit við hv. deild að þessu máli verði veitt brautargengi. Ég held að það sé gott mál og skynsamlegt, en ég tel ákaflega mikilvægt að hæstv. menntmrh. sem hefur brugðið sér frá undir þessari umr., gangi þá dyggilega frá því að málinu verði fylgt eftir og samin reglugerð eða reglur um skipulagða fræðslu í þessum málum, auk þess sem bæði við sem íslenskir stjórnmálamenn og stjórnmálamenn allra þjóða ættu að sjá til þess að heimurinn sé ekki svo vonlaus sem hann er, svo að börnin okkar og unglingarnir þurfi að leita á náðir vímugjafa til að geta horfst í augu við ástandið í heiminum.

Forseti (Alexander Stefánsson): Mér þykir ástæða til að taka það fram að hæstv. menntmrh. tilkynnti að hann yrði að víkja af fundi út af öðrum erindum. Þar af leiðandi er fengin skýring á því að hann er ekki viðstaddur nú.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér rennur blóðið til skyldunnar þegar sagt er að enginn maður af mínu kynferði nenni að hafa afskipti af skólamálum. Ég er ekki öldungis sannfærður um að þetta sé rétt, en hitt er náttúrlega jafnrétt, að þeir sem næst skólamálum standa hafa gegnum sögu þingsins venjulega haft mest afskipti af þeim málaflokki.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt um nauðsyn þess að færa fræðslu um neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna inn í skólakerfið með þeim hætti að sú fræðsla sé færð í fastari skorður en verið hefur og henni gefinn meiri gaumur. Hitt er líka jafnrétt, að þessi fræðsla á ekki eingöngu að eiga sér stað í grunnskólunum, heldur er nauðsynlegt að hún gangi í gegnum framhaldsskólann. Ég held að þörfin á henni sé jafnvel enn meiri þar, vegna þess að viðhorf breytast mjög mikið þegar unglingarnir fara úr einum skóla í annan og það er viðkvæmasta aldursskeið við skólaskiptin.

En ég vil taka undir það, að þessu máli sé gefinn góður gaumur og vænti þess að í menntamálanefnd gefist tækifæri til að fara ofan í málið og það megi koma það snemma úr nefnd að Alþingi geti tekið afstöðu til þess á þessu þingi.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég kem hér mest til að þakka þeim fáu sem hafa sýnt góðan skilning og áhuga á þessu máli, sem er brýnt, það er enginn vafi. Hvað sem þessu ákvæði um fræðslu varðandi fíkniefni í grunnskólalögunum líður er hér meira stórmál á ferð en við gerum okkur yfirleitt grein fyrir.

Ég tel rétt, af því ég vitnaði nokkuð oft í skýrslu þeirra félaga frá menntmrn. og kynnisferð þeirra til Bretlands, að ég lesi, með leyfi forseta, þeirra lokaorð og fáeinar tillögur er lúta að málinu. Þeir segja:

„Ofneysla ávana- og fíkniefna er flókinn vandi. Viðbrögð við þeim vanda hljóta því að vera margvísleg og snerta ólík svið þjóðlífsins. Fræðsla, hvort sem hún fer fram innan skóla eða utan, nær skammt ein sér. Heilbrigðisþjónusta, löggæsla, tómstunda- og æskulýðsstarf, skipulag íbúðarhverfa og skólastærð eru aðeins nokkrir af fjölmörgum þáttum sem huga þarf að.

Sem dæmi um atriði sem í fljótu bragði virðist ekki koma þessu máli við sérstaklega, en gerir það þegar betur er að gáð, má nefna niðurstöður úr könnun, sem gerð var í Bandaríkjunum og gerð er grein fyrir í riti Helen Nowlis, Drugs Demystified."

Þessu ættum við að leggja nokkuð eyrun við, því það snertir okkur beint. Helen Nowlis segir: „Fylgni milli skólastærðar og fíkniefnaneyslu var eitt af því sem skýrast kom fram. Því stærri skóli, þeim mun meiri fíkniefnaneysla og skipti þá engu hvort skólinn var í stórri borg eða lítilli." Þetta er vissulega hugleiðingarefni fyrir okkur, sem byggjum stórar hallir yfir þúsundir nemenda, sem ætti ekki að tíðkast í skólakerfinu. Ég held áfram, með leyfi forseta:

„Það er því ljóst, að eigi árangur að nást þurfa fjölmargir aðilar að vinna saman og efla þarf vitund allra sem hlut eiga að máli um að þessi vandi verður ekki leystur með einföldum aðgerðum. Af þessum sökum leyfum við okkur að leggja áherslu á að unnið verði að heildstæðri stefnumörkun að frumkvæði opinberra aðila. Nú þegar er margt gert í þessum málum af ýmsum aðilum og til þessa starfs er að líkindum varið ærnu fé og mikilli vinnu. Æskilegt væri að samræma og samhæfa þessar aðgerðir þannig að fjármunir og mannafli nýtist sem best.

Að því er varðar skólastarf sérstaklega leggjum við til eftirfarandi:

1. Bæklingurinn Drugs Demystified (sem áður var nefndur) eftir Helen Nowlis, verði þýddur og gefinn út. Hann mundi koma að miklum notum í menntun og endurmenntun kennara, auk þess sem hann er upplýsandi fyrir alla þá sem að þessum málum vinna og á enda erindi til alls almennings.

2. Lögð verði áhersla á að þætta fræðslu um ávana- og fíkniefni inn í sem flesta þætti skólastarfs, bæði á grunnskóla- og ekki síður á framhaldsskólastigi. Lögð verði áhersla á að fræðslan verði sniðin að þeim hópum sem henni er beint að hverju sinni.

3. Gert verði átak í menntun og endurmenntun kennara á þessu sviði.

4. Unnið verði að því í samvinnu við Námsgagnastofnun að koma á fót hugmynda- og gagnasafni um fíkniefnafræðslu.

5. Ráðinn verði tímabundið að skólarannsóknadeild menntmrn. starfsmaður til að sinna þessum málum innan skólakerfisins. Hér er átt við ráðningu í fullt starf."

Svo mörg voru þau orð. Eins og ég sagði áðan höfum við veganesti og efnivið til að moða úr. Við höfum góða menn, sem eru reiðubúnir að fylgja þessu máli eftir. Það er Alþingis nú að láta ekki sitt eftir liggja og koma þessu atriði inn í lög sem skólarnir okkar starfa eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tónskáldasjóður Íslands, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Við sex þingmenn úr menntmn. Nd. stöndum saman um frv. til l. um Tónskáldasjóð Íslands. Efni frv. er í höfuðdráttum það að stofna skuli Tónskáldasjóð Íslands og skuli stofnféð vera tíföld meðalárslaun menntaskólakennara og greiðast úr ríkissjóði.

Í 2. gr. stendur: „Fjárveiting samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1983." Það er nú borin von að úr því geti orðið. Getum við flm. trauðla vænst þess að svo fljótt verði brugðið við, en munum á hinn bóginn leggja áherslu á að frv. verði afgreitt á þessu þingi svo að hægt verði að taka tillit til þess við fjárlög ársins 1984. Við gerum ráð fyrir því að í fjárlögum hvert sinn skuli sjóðnum áætluð fjárveiting er eigi nemi lægri fjárhæð en að ofan greinir. Tilgangurinn er að sjálfsögðu sá að hvetja tónskáld til starfa og stuðla að útbreiðslu íslenskrar tónlistar hér á landi sem erlendis.

Til eftirtalinna verkefna má veita framlög úr sjóðnum:

a) Til tónsmíða, enda hafi umsækjandi gert grein fyrir hvernig hann hyggist vinna að þeim.

b) Til útgáfu íslenskrar tónlistar á hljómplötum, snældum og nótum.

c) Til kynningar á íslenskri tónlist innanlands og utan.

Við höfum ekki talið rétt að skilgreina verkefnin

frekar. Við teljum að reynslan verði að leiða í ljós hvaða áherslu rétt sé að leggja á hvern einstakan þátt þar sem hér er um að ræða nýjung og erfitt að segja fyrir fram hvar þörfin kunni að vera brýnust.

Í frv. er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi fimm manna stjórn Tónskáldasjóðsins til fjögurra ára í senn. Formaður skuli skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Tónskáldafélags Íslands, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Félags ísl. tónlistarmanna.

Það er kannske eitt helsta einkennið á okkar þjóðfélagi í dag að því er lýtur að menningarmálum hversu mikill gróandi hefur verið í tónlistarmálunum. Það má raunar færa fyrir því sannfærandi rök að engin listgrein standi með jafnmiklum blóma um þessar mundir. Skal ég ekki fara frekar út í það, en ég get þó rifjað upp óperuhúsið nýja í Gamlabíó eða þá nýju hljómsveit sem stofnuð hefur verið.

Ég held að við getum öll verið sammála um að okkur er mikill sómi að frammistöðu okkar tónlistarmanna, ekki síst tónskálda okkar á erlendum vettvangi. Okkur er í fersku minni þegar Atli Heimir Sveinsson hlaut tónskáldaverðlaun Norðurlanda og þótti vel að þeim kominn hvarvetna. Fyrr á þessu ári var frumflutt í Þjóðleikhúsinu óperuverkið Silkitromman sem fékk frábærar undirtektir. Og nú liggur fyrir að farið verður með þá óperu víða um lönd og álfur. Ég hygg að Suður-Ameríka sé þar efst á blaði og enginn vafi á því að það verk muni auka hróður okkar víða.

Það frv. sem hér liggur fyrir er sniðið eftir lögum um Launasjóð rithöfunda og Þýðingarsjóð og þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um Launasjóð myndlistarmanna, en nefnd sem vann að samningu frv. um hann hefur nú lokið störfum. Höfuðhlutverk sjóðsins er að örva tónskáld til dáða og fylgja eftir þeirri tónlistarvakningu sem hér hefur orðið á undanförnum árum.

Það er skoðun flm. að frumkvæði og sjálfstæði í menningarmálum sé ekki síður mikilvægt en efnaleg velgengni, enda styður það hvort annað. Nauðsynlegt er að hvetja til skapandi starfs á sviði allra listgreina og einn liður í því er að endurskoða fjárveitingar til menningarmála með betri nýtingu þeirra í huga. Blómlegt menningarlíf gerir mannlífið auðugra og innihaldsríkara.

Ég vil í þessu samhengi ítreka þá skoðun, sem ég hef áður látið í ljós, að ég tel að þær fjárveitingar sem við verjum til menningarmála séu mjög tilviljunarkenndar og ekki nógu markvissar. Ég tel nauðsynlegt að gömlu listamannalaunin verði lögð niður í því formi sem þau eru núna, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að huga að því hvernig unnt sé að hlúa að okkar gömlu listamönnum, sem ekki eiga rétt á lífeyrissjóði af einu eða neinu tagi, svo að þeir þurfi ekki að líða skort í elli sinni þótt dragi úr listsköpun þeirra.

Listamannalaunin voru á sínum tíma merkilegt framtak, en mönnum í listamannastétt hefur fjölgað svo að undanförnu að úthlutun af þessu tagi getur aldrei orðið annað en handahófskennd og í rauninni marklaus, eins og að henni er staðið.

Ég vil vekja athygli á því líka í tengslum við þetta frv. að ýmsir af okkar helstu tónlistarmönnum, sem gjarnan óska að setjast að hér á landi vegna tryggðar við ættjörðina, eiga í erfiðleikum vegna tónleikahalds erlendis. Það kemur of oft fyrir að þeim sé boðið að vera einleikarar eða halda tónleika í löndum Evrópu eða vestan hafs, en hafi ekki ráð á að þiggja þau góðu boð vegna þess þröskuldar sem fargjöldin til útlanda eru. Þeir hafa einfaldlega ekki ráð á því að fljúga svo oft yfir hafið sem æskilegt væri.

Þar er einn þáttur í okkar tónlistarlífi sem við þurfum að gefa betri gaum. Það er spurning hvort unnt sé að koma til móts við þarfir þessara einleikara með samningum við Flugfélag Íslands, sem yrðu þá í höndum Félags ísl. hljómlistarmanna, eða hvort einhver önnur leið sé fær, hvort ríkið eigi að koma þar inn o. s. frv. Ég hef nú ekki hugsað þetta mál til hlítar og gert mér grein fyrir hvernig best sé að því að standa. En reynslan hefur sýnt að fjölmargir snjallir tónlistarmenn hafa neyðst til að setjast að erlendis einungis af fjárhagslegum ástæðum.

Það mál sem var hér á dagskrá á undan snerti grunnskóla. Þar var m. a. talað um að nauðsynlegt væri að auka fræðslu í sambandi við skaðsemi ávana- og fíkniefna. Ég hygg að það sé sammæli flestra kennara að þeir nemendur, sem á annað borð læra að meta og túlka og gefa sig að tónlist, góðri tónlist, leggja sig fram um að læra hljóðfæraleik og eru lifandi á þeim vettvangi, standi sig yfirleitt vel í öðrum námsgreinum einnig og verði nýtir þjóðfélagsborgarar síðar meir.

Tónlistin er nú einu sinni sú listgrein sem er mest agandi, krefst mest af einstaklingnum þannig að hann verður að leggja sig allan fram, og þær miklu kröfur um sjálfsaga sem tónlistin gerir til unnenda sinna valda því að þeim gengur líka betur á öðrum sviðum. Þótt iðkun tónlistarinnar taki mikinn tíma hefur reynslan sýnt að þeir sem þar skara fram úr hafa kannske einna mestan tímann til annarra hluta einnig, vegna þess hversu góða stjórn þeir hafa á sínum málum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. — Mér er kunnugt um það að í Tónskáldafélagi Íslands er áhugi fyrir því að sjóður af þessu tagi verði stofnaður. Það eru skiptar skoðanir um hvort tilgangur sjóðsins eigi endilega að vera sá sem hér er lagt til eða hvort færa eigi út verksvið hans. Mér þykir rétt að það verði athugað í nefnd og þeir aðilar sem hér eru taldir upp verði kallaðir á fund nefndarinnar til skrafs og ráðagerðar.

Ég vil svo, herra forseti, óska eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég þakka hv. 7. landsk. þm. fyrir það frumkvæði sem hann hefur sýnt með flutningi þessa máls. Frumkvæðið er hans, og þetta er í annað skipti sem þetta frv. er lagt fram fyrir þessa virðulegu deild.

Ég vil mjög taka undir það í máli hv. þm., sem raunar einnig kom fram á liðnu þingi, hinu 104., að það er gífurlegur gróandi í tónlistarlífi hér á landi. Ein af allra merkilegustu menningarlegu staðreyndum samtímans er kannske hið þéttriðna net tónlistarskóla sem risið hefur vítt og breitt um landið. Mér er kunnugt um að erlent fólk, sem hingað kemur, horfir mjög til þessarar staðreyndar, að hún sé hluti af hversdagslegum veruleika fyrir okkur sem hér búum. Það er nú einu sinni svo með menningarsöguna, að það tekur kannske eina eða tvær kynslóðir að átta sig á því hvað þar hefur risið hátt og svo hinu sem lægra hefur farið.

Mín spá er sú, að þegar fram líða stundir þyki virknin og hin almenna þátttaka hér í tónlistarlífi, sem kannske ekki síst má rekja til tónlistarskólanna, vera með merki-

legri staðreyndum.

Ég endurtek þakklæti mitt fyrir það frumkvæði sem hv. 7. landsk. þm. hefur sýnt með flutningi þessa máls.

En erindi mitt hingað í ræðustól, herra forseti, er þó annað. Þó að ég sé einn af flm. þessa frv. hefur athygli mín verið vakin á einu atriði í 5. gr. frv. Þar eru taldir upp þeir sem skipa skuli stjórn þessa fyrirtækis.

Auðvitað gera sér allir ljóst að svona stjórnir fela ævinlega í sér skömmtun og það verða auðvitað vissir erfiðleikar sem því eru samfara. Það fylgir allri slíkri starfsemi og út af fyrir sig ekkert við því að segja. En það hefði kannske að ósekju mátt bæta við einum aðila. Það eru samtök sem skammstöfuð er SATT, sem útleggst Samtök alþýðutónskálda.

Einnig á þessu sviði tónlistar hefur verið gífurlegur vaxtarbroddur að undanförnu. Vitaskuld eru gæðin misjöfn, en smekkur manna er líka misjafn og við því er ekkert að segja. Það gildir þar, geri ég ráð fyrir, eins og á öllum öðrum sviðum tónlistar. En skynsamlegt væri að hið háa Alþingi liti ekki fram hjá því að á þessu sviði tónlistar er gífurlegur vaxtarbroddur. Ég mundi í hv. menntmn., sem væntanlega fær þetta mál til umsagnar eins og hv. 1. flm. hefur lagt til, gera það að tillögu minni, og vona að það verði í góðri sátt allra aðila, að þessum samtökum verði bætt við í 5. gr. frv. sem vonandi verður að lögum á þessu þingi.

Að öðru leyti vil ég enn ítreka það að hér er verið að sýna að minni hyggju merkilegt frumkvæði. Við getum deilt endalaust um það hvert tekjuinnstreymið inn í slíkan sjóð eigi að vera, við þekkjum það að það er vandi þessarar stofnunar oft og iðulega, en undir allan hinn almenna málflutning hv. 1. flm. vil ég mjög taka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 95). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 95 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, Árna Gunnarssyni, Karvel Pálmasyni og Sighvati Björgvinssyni að endurflytja frv. um breyt. á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu.

Með leyfi forseta hljóðar frvgr. svo:

„Gjaldskrá og verðtaxtar, sem settir eru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, skulu vera undir sérstöku eftirliti.

Sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skulu sérhæfa sig í uppbyggingu slíkra gjaldskráa og verðtaxta og hafa reglulegt eftirlit með þeim.

Með þeim er skylt að senda rökstudda grg., þar sem á fullnægjandi hátt er gerð grein fyrir einstökum kostnaðarliðum. Ennfremur þarf að tilgreina sérstaklega þóknunar- eða álagningarhluta hverrar einstakrar verðlagningar.

Allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs að fenginni umsögn Verðlagsstofnunar.

Óheimilt er að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð.

Gjaldskrár og verðtaxtar skulu hverju sinni auglýst á þann hátt að aðgengilegt sé almenningi."

Þegar frv. þetta var til meðferðar á síðasta Alþingi sendi Verðlagsstofnun inn umsögn um málið, en þar kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eftirlit með verðtöxtum þessara aðila hefur að undanförnu falist í að fylgjast með að breytingar á töxtunum séu í samræmi við almennar kostnaðarhækkanir, en að öðru leyti hafa verðlagsyfirvöld lítil afskipti haft af þeim. Taxtagrunnurinn hefur því ekki verið kannaður og er ástæðan sú, að verðlagsyfirvöld hafa ekki haft sérhæfðan mannafla til að sinna því verkefni. Í frv. er réttilega bent á að þarna hefur verið um vissa mismunun að ræða, sumir þessara aðila hafi getað skammtað sér hærri laun en e. t. v. getur eðlilegt talist, en það hefur sýnt sig í nágrannalöndunum að lagfæring á þessum málum er ekki einföld viðureignar."

Það kemur fram í umsögn Verðlagsstofnunar að taxtagrunnur þjónustuaðila sem einhliða setja sínar gjaldskrár hefur ekki verið kannaður. Hér er auðvitað um veigamikið atriði að ræða. Allir hljóta að sjá að nauðsynlegt eftirlit verður ekki haft með þessum gjaldskrám og verðtöxtum nema vitað sé hvernig verðmyndunargrunnurinn er byggður upp. Samkv. þessum upplýsingum Verðlagsstofnunar er ekki vitað hve stór hluti gjaldskrárinnar er rekstrarkostnaður eða fjármagnskostnaður eða hvað lagt er til grundvallar í því efni í gjaldskránni. Þegar ekki er vitað hvernig kostnaðarþættir í gjaldskrám eða verðtöxtum eru byggðir upp er einnig lítið vitað um hve stór þáttur launaliðurinn er í gjaldskránni. M. ö. o.: þessir aðilar skammta sér laun sjálfir án nokkurs eftirlits eða aðhalds.

Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. er mjög misjafnt hvað gjaldskrár og verðtaxtar, sem settir eru af ýmsum þjónustuaðilum öðrum en hinu opinbera, eru undir virku eftirliti hjá Verðlagsstofnun. Þannig má benda á að hækkanir á útseldri vinnu, t. d. byggingarmeistara, rafverktaka og málm- og skipasmiða, þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs. Þjónustuaðilar, eins og hárgreiðslu- og hárskerameistarar, þurfa einnig að sækja um hækkanir á sínum gjaldskrám og fá þær samþykktar. Sama gildir um þjónustufyrirtæki eins og efnalaugar og þvottahús svo og gjaldskrá leigubifreiðastjóra. Hins vegar má benda á þjónustuaðila sem setja einhliða sínar gjaldskrár og verðtaxta og lítið er fylgst með af Verðlagsstofnun. Þar má nefna lögfræðinga, arkitekta, verkfræðinga og kannske ekki síst tannlækna.

Það er auðvitað misjafnt hvað allur almenningur þarf oft að leita til þeirra aðila sem hér hafa verið tilgreindir og eru undir nánast engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun. Tannlæknar eru þó tvímælalaust sá aðili sem allur almenningur þarf mikið að leita til. Í grg. hef ég því valið að taka dæmi af þeim aðilum, en ég sá ekki ástæðu til að tíunda það frekar en þar er gert.

Það er engum blöðum um það að fletta að þjónusta þeirra er mjög dýr, enda minnist ég þess að taxtar tannlækna og laun þeirra hafa oft komið til umr. hér í þingsölum. Erfitt hefur reynst að hafa nokkurt eftirlit með gjaldskrám tannlækna, ekki eingöngu hjá Verðlagsstofnun heldur einnig að því er varðar að fá fram sundurliðun á greiðslukvittun fyrir þjónustu sem þeir veita og greidd hefur verið af almannatryggingum. Þar að auki gefa þeir út lágmarkstaxta, þannig að erfitt er að henda reiður á hvað greiða þarf fyrir þessa þjónustu.

Það verður að segjast að vægast sagt er óeðlilegt að án

nokkurs eftirlits hafi nokkrir aðilar í þjóðfélaginu þá sérstöðu að geta skammtað sér laun og tekjur fyrir sína þjónustu, sem oft hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir allan almenning. Það er því skylda stjórnvalda að grípa inn í með ákveðnu, virku og skipulegu eftirliti til að tryggja eðlilega verðmyndun fyrir þá þjónustu sem veitt er samkv. gjaldskrám og verðtöxtum.

Eins og fram kemur í þessu frv., og raunar umsögn Verðlagsstofnunar einnig frá því á síðasta þingi, verður að líta svo á samkv. 2. og 4. gr. laga um verðlag og samkeppnishömlur að Verðlagsstofnun geti haft eftirlit með einhliða settum gjaldskrám og verðtöxtum. Ætla verður einnig, að það sé á hennar valdi að ákveða að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi að hljóta staðfestingu verðlagsráðs, þó hvergi séu um það bein ákvæði í lögunum. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að setja um það sérstakt ákvæði í verðlagslöggjöf til að tryggja í framkvæmd að verðtaxtar þessara aðila séu undir sérstöku eftirliti og sérstakt eftirlit verði einnig haft með verðmyndun á grunni gjaldskránna og úttekt fari fram á þeim þætti.

Í frvgr. er kveðið á um að sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skuli sérhæfa sig í uppbyggingu gjaldskráa og verðtaxta. Það er bæði umfangsmikið verk og flókið að fara ofan í saumana á öllum gjaldskrám svo að vel sé, en hjá því verður ekki komist. Ég tel að reynslan kenni okkur að Verðlagsstofnun fái ekki til þess nauðsynlegt starfslið nema til komi bein verðlagslagaákvæði sem tryggi það.

Í umsögn Verðlagsstofnunar frá síðasta þingi kom reyndar fram að Verðlagsstofnun treystir sér ekki til að fara út í umfangsmiklar athuganir á jafnflóknum töxtum og hér um ræðir nema fá til þess sérfræðilega aðstoð. Í því sambandi vil ég benda á, að þegar frv. þetta var til umr. á síðasta þingi upplýsti viðskrh. að Verðlagsstofnun hefði í hyggju að hefja athugun á verðmyndunartöxtum tannlækna. Rétt er það, að könnun þessari var hrundið af stað á vegum Verðlagsstofnunar, en vegna fjárskorts hefur Verðlagsstofnun ekki getað lokið þessu verkefni og óvíst hvenær það getur orðið. Er þetta auðvitað ein sönnun þess, að nauðsynlegt er að hafa skýr ákvæði um hvernig eftirliti skuli háttað með verðskrám og verðtöxtum.

Í frvgr. er einnig lagt til að með gjaldskrám og verðtöxtum verði skylt að senda inn rökstudda greinargerð. Til að auðvelda allt eftirlit er það fyrirkomulag nauðsynlegt, þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir vægi einstakra kostnaðarþátta í gjaldskránni, svo að álagningarhluti hverra einstakra verðþátta í heildarverðmynduninni sé ljós.

Til að hægt sé að meta hvað réttlætir hækkanir á gjaldskrám og verðtöxtum er rökstudd greinargerð um hvern þátt fyrir sig í verðmynduninni því mjög nauðsynleg, enda mjög afgerandi þáttur í þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Það fyrirkomulag, sem gilt hefur í sumum tilfellum, að gefnir séu út lágmarkstaxtar, er vægast sagt mjög óeðlilegt og lítt í samræmi við tilgang laganna frá 1978 um verðlag og samkeppnishömlur. Því er lagt til í þessu frv. að ekki sé heimilt að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð. Líta verði því á útgefna taxta sem hámarkstaxta. Þetta fyrirkomulag tryggir mun betur að neytandinn viti hverju sinni hvers hann má vænta í kostnaði þegar hann sækir sér þjónustu sem greiðsla er krafin fyrir samkv. einhliða settum gjaldskrám eða verðtöxtum.

Einnig er kveðið á um það í frv. að gjaldskrárnar séu hverju sinni auglýstar á þann hátt að aðgengilegar séu almenningi, þannig að á hverjum tíma sé þeim ljóst, sem leita þurfi sér þjónustu sem greitt er fyrir samkv. gjaldskrám og verðtöxtum, hvert sé leyfilegt verð fyrir þá þjónustu. Er það vitaskuld stór þáttur í virku eftirliti að neytandanum sé kunnugt um leyfilegt verð fyrir þjónustu sem greitt er fyrir samkv. gjaldskrá.

Í frv. eru tekin af öll tvímæli um að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi samþykki verðlagsráðs. Sýnir það sig að slíkt ákvæði er nauðsynlegt, þegar reynslan er að nokkrir aðilar þurfa ekki að leita til Verðlagsstofnunar til að fá samþykki eða staðfestingu verðlagsráðs á sínum gjaldskrám. Það kann að vera að flestar gjaldskrár þessara aðila séu sendar Verðlagsstofnun til kynningar, en ljóst er að þær hafa ekki þurft að hljóta samþykki Verðlagsstofnunar áður en farið er að vinna eftir þeim. Það liggur í hlutarins eðli að nauðsynlegt er að breyta því fyrirkomulagi þannig að allir aðilar sem setja gjaldskrár og verðtaxta búi við sömu skyldu í því efni og aðrir sem lúta eftirliti Verðlagsstofnunar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það kom skýrt fram í ræðu flm., að hann byggir allan málflutning sinn á því að ekki sé unnt að skapa hér eðlilegt verðmyndunarkerfi með öðrum hætti en þeim, að ákveðinni opinberri stofnun sé ætlað að ráðskast með hvað hvaðeina kosti. Það mætti ætla að hv. flm. væri þeirrar skoðunar að störf Verðlagsstofnunar og pólitísk afskipti ríkisstjórna af störfum hennar á undanförnum árum hafi gefist sérstaklega vel og af þeim sökum sé nauðsynlegt að auka umsvif og valdsvið þessarar stofnunar.

Ég er ekki á sama máli um það. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi þess, að afskipti Verðlagsstofnunarinnar af verðlagi og verðmyndun hafi reynst afskaplega illa og í mörgum tilvikum valdið því annars vegar að vöruverð hefur hækkað í einstökum greinum meira en ella mundi og í öðrum greinum komið í veg fyrir eðlilega framþróun í vissum greinum.

Ég get tekið sem dæmi, að fyrir allmörgum árum, þegar smásíldveiði var leyfð í Eyjafirði, óskaði niðursuðuverksmiðja K. Jónssonar eftir því að fá að verðleggja sardínur með mismunandi hætti eftir því hversu margar síldar væru í hverri dós. Verðlagsstofnun gat ekki á þetta fallist, vildi heldur að neytandinn keypti köttinn í sekknum, og stóð gegn því að þessi verksmiðja gæti komið til móts við neytendur, selt sumt ódýrara og annað dýrara eftir eðli málsins.

Við getum horft á afskipti Verðlagsstofnunar af Hitaveitu Reykjavíkur og raunar af öðrum hitaveitum á landinu þ. e. opinberir þjónustuaðilar sem ekki hafa fengið að skrá sína þjónustu á hverjum tíma eins og þeir hafa viljað, með þeim afleiðingum að heita vatnið hér í Reykjavík hefur verið óeðlilega lágt verðlagt, sem aftur hefur valdið því að Hitaveita Reykjavíkur hefur safnað skuldum, bæði hér á landi og erlendis, og hefur ekki sömu möguleika og áður til að standa undir nýframkvæmdum og eðlilegri útþenslu á sínu kerfi af eigin fé. Ég man eftir háværri deilu um þessi efni, sem upp kom fyrir einum tveimur árum. Þá var það málflutningur ríkis-

valdsins að allt það fé sem Hitaveita Reykjavíkur legði fram til nýframkvæmda væri í rauninni ekkert annað en hagnaður og þess vegna væri óþarfi að leyfa hækkun á hitaveitugjöldunum, eðlilegra væri að standa undir þeim með dýrum lánum. Ef við tökum líkingu af ríkissjóði sjálfum, þá getum við náttúrlega sagt að allt það fé sem á fjárlögum er varið til skólabygginga, vegaframkvæmda og annars slíks sé hagnaður af rekstri ríkisins og þess vegna ástæðulaust að hafa skattana svona háa. Eðlilegra sé að stilla þeim svo í hóf að ríkið geti ekki lagt í nýframkvæmdir án þess að standa undir þeim með lántökum.

Það er ekki langt síðan, svo að ég taki enn eitt dæmi, að Verðlagsstofnun stóð á móti hækkun á ákveðnum iðnvarningi hér í Reykjavík í trássi við verkalýðshreyfinguna, svo að hún snerist gegn þeim ákvörðunum og krafðist tiltekinnar hækkunar á þessari framleiðslu til þess að atvinnu yrði haldið uppi í viðkomandi verksmiðjum.

Við getum þannig talið dæmi hvert af öðru. Við munum eftir því að Verðlagsstofnun taldi að brauð af ákveðnu tagi og vínarbrauð af ákveðnu tagi mætti ekki hækka nema svo og svo mikið með þeim afleiðingum að bakararnir hættu að baka þau brauð og fóru að baka önnur, sem aftur urðu dýrari. Þetta var nauðsynlegt til þess að menn fengju yfirleitt brauð í brauðbúðunum, því að auðvitað gátu bakararnir ekki staðið í því að gefa Íslendingum í stórum stíl svo og svo mikið af brauði á hverjum degi. Slíkt mundi að sjálfsögðu leiða til stöðvunar eða leiða til gjaldþrots á brauðgerðum innan skamms tíma. Sennilega yrði afleiðingin sú, að ríkið tæki þar yfir og síðan yrði brauðið niðurgreitt gegnum opinber gjöld.

Þannig getum við haldið áfram að telja upp. Hvernig er samkeppnisaðstaða iðnaðarins núna? Getum við hrósað því hvernig verðmyndunarkerfið hefur leikið íslenskan iðnað? Hvernig stendur á því að hann er svona illa haldinn um þessar mundir? Af hverju skuldar hann svona mikið? Getur verið að hann hafi verið píndur til þess á ákveðnum tímum að selja vörur sínar undir framleiðsluverði og þannig safnað upp skuldum, sem er dýrt þegar verðtryggð lán eru komin til sögunnar? Við vitum það, sem höfum talað við framleiðendur, að þeir fara stundum fram á meira en þeir kannske þurfa að því að sú regla hefur stundum verið tekin upp að skera allar hækkunarbeiðnir niður um svo og svo mikið.

Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, að flestar greinar okkar iðnaðar standa í mjög harðri samkeppni við innfluttan varning, bæði gæðasamkeppni og verðsamkeppni. Sá varningur sem fluttur er til landsins er ekki háður neinum verðlagshöftum. Hann hækkar jafnt og þétt í verði í réttu hlutfalli við verðfall krónunnar. Ef verðfall krónunnar dregst úr hömlu hefur það þær afleiðingar að sá erlendi varningur verður ódýrari og ódýrari í hlutfalli við þann mikla kostnað sem leggst á innlenda framleiðslu.

Ég er að ræða um Verðlagsstofnunina og hvernig hún kemur út. Undir hitt skal ég taka, að það er náttúrlega nauðsynlegt að Verðlagsstofnunin hafi visst eftirlit og aðhald, ekki síst nú þegar verðbólgan er eins mikil og raun ber vitni. En við skulum líka athuga hitt, að það liggja engar nýjar heimildir fyrir um stöðu einstakra atvinnugreina í heild hjá opinberum aðilum. Afkoma þessara greina byggist að mestum hluta á framreikningi frá löngu liðnum tíma. Ég geri ráð fyrir að á þessu ári sé reiknað út frá framreikningi hvernig afkoma viðkomandi atvinnugreina var á árunum 1979 og 1980. Það hefur afskaplega mikið breyst á þessum tíma og möguleikar verðlagsskrifstofunnar til þess að fylgjast nógu vel með verða sí minni eftir því sem þjóðfélagið verður fjölbreytilegra og eftir því sem það efnahagskerfi sem við lifum í, umhverfi þeirra sem eiga að starfa í þjóðfélaginu, verður ótryggara og óvissara.

Á hinn bóginn er tilgangurinn á bak við þennan tilöguflutning náttúrlega fallegur og góður, ég veit það vel. Hann byggist á því, að hægt sé að búa til einhvern hlutlausan opinberan dómstól sem skuli á hverjum tíma kveða upp úr um hvað hvaðeina skuli kosta. Þannig skildi ég inntak ræðu hv. flm.

Um þau efni sérstaklega, sem hér er fjallað um, skal ég svo ekki ræða frekar. Mér finnst eðlilegt að könnun fari fram á því, hver reynslan er af afskiptum verðlagsskrifstofunnar af einstökum töxtum. Mér finnst nauðsynlegt að sú reynsla verði könnuð hvernig þetta hefur tekist. Ég er síður en svo á móti því að efni frv. verði athugað gaumgæfilega í nefnd, en ég vara á hinn bóginn við þeirri tilhneigingu að Verðlagsstofnunin geti orðið einhver allra meina bót. Það held ég ekki.

Hér er sérstaklega rætt um tannlækna og tannlæknaþjónustu. Ég hef verið einn þeirra manna sem telja að skattalögin eins og þau eru núna séu alltof miskunnarlaus í mörgum tilvikum. Beinu skattarnir eru of háir og við álagningu þeirra er ekki tekið tillit til margvíslegra atriða sem nauðsynlegt er að taka tillit til þegar um svo þunga og mikla skattheimtu er að ræða. Ég tel þess vegna að það komi mjög til álita að öll heilbrigðisþjónusta, og nú er ég ekki eingöngu að tala um tannlæknaþjónustu heldur heilbrigðisþjónustu yfirleitt, sem fellur e. t. v. með miklum þunga eitt eða tvö ár á afmörkuðum tímum á einstaklinga, verði undanþegin tekjuskatti. Það tel ég eðlilegt. (Gripið fram í.) Ég vil ekki binda það við tannlækna. Það er vinsælt mál að tala um tannlækna, en ég er að tala um heilbrigðisþjónustuna almennt. Ég geri ráð fyrir að fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar muni athuga það frv. ef það er þangað komið, sem ég tel vera.

Nú er það svo, að sú breyting var gerð fyrir nokkrum árum að tannlæknaþjónusta við börn og unglinga yrði greidd af sjúkrasamlagi. Niðurstaðan af því hefur orðið sú, að sá kostnaður hefur mjög vaxið, hlaupið upp. Það er kannske ekki fyrst og fremst því um að kenna að taxtinn sé út af fyrir sig of hár, heldur hinu, að farið er í miklu dýrari aðgerðir en annars. Þar liggur hundurinn grafinn. Það er alltaf hætta á að menn setji þjónustu af þessu tagi undir opinberan hatt, en loki á eftir augunum fyrir því hvað þar er að gerast og gleymi því.

Ég geri ráð fyrir að tillaga liggi fyrir um að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. ekki svo? **(Forseti:** Ég vil aðeins trufla ræðumann. Fundartíminn er löngu liðinn og þessari umr. verður ekki lokið um málið. En ef hann er að ljúka máli sínu skal ég hinkra við ögn enn.)

Já, ég hef ekkert á móti því að fundi sé slitið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bregða út af vana mínum og gera stutta athugasemd við þingsköp.

Við 2. umr. fjárlaga sem fram á hér að fara á eftir, hefur hvorki fjvn. né aðrir alþm. fengið í hendur fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, sem skýr lagafyrirmæli eru um að lögð skuli fram með fjárlagafrv. hverju sinni.

Í lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála, segir svo í upphafi 14. gr.: „Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv.“ Þessi fyrirmæli um meðferð ríkisfjármála í umræðum á Alþingi voru sett fyrir forgöngu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, þ. á m. Alþb. og Framsfl. Eftir þessu, sem stundum hefur verið nefnt frv. til lánsfjárlaga, hefur verið gengið utan dagskrár og af fjvn. að ósk minni hlutans, en óljós svör fengist, jafnvel óvíst talið að þetta mikilvæga þskj. eða hluti þess sjáist fyrir jól.

Það er jafnan svo, og undir það hafa ýmsir forráðamenn ríkisstj. tekið, að lánsfjárlög eru ekki síður stefnumótandi um ríkisfjármál en almenn fjárlög. Það er útilokað að ræða þann þátt ríkisfjármálanna, sem fram kemur í frv. til fjárlaga, þannig að heildaryfirsýn fáist um ríkisbúskapinn, nema á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eða frv. að lánsfjárlögum.

Að þessu sinni er þingheimi ennþá meiri vandi á höndum en oft áður, þar sem fjárlagafrv. það sem hér á að taka til 2. umr. virðist svo óraunhæft miðað við stefnuyfirlýsingar ríkisstj. að milljarð skorti á að endar nái saman.

Ríkisstj. segist t. d. stefna að óbreyttri samneyslu á árinu 1983, en hundruð milljóna skortir á að tillit sé tekið til þess í fjárlagafrv. Um þetta eru ítarlegir útreikningar í nál. okkar í minni hl. fjvn.

Ríkisstj. áformar 8% niðurskurð framkvæmda í heild á árinu 1983. Á því er byggt í forsendum þessa fjárlagafrv. Ef þær forsendur bresta, sem fram kemur að sjálfsögðu í frv. til lánsfjárlaga fer þetta frv. úr böndum. Það eru því alveg sérstakar ástæður, herra forseti, sem liggja til þess að þessi umr. verður hrein sýndarumræða ef ekki liggja fyrir þær veigamiklu upplýsingar sem felast í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að hann láti í ljós álit sitt á því, hvort það samrýmist góðum og þinglegum vinnubrögðum að 2. umr. fjárlaga fari fram án þess að fullnægt sé í einhverju fyrirmælum skýlausra laga um að fjárfestinga- og lánsfjáráætlun skuli liggja fyrir. Ég vil í því sambandi leggja sérstaka áherslu á þær aðstæður sem nú eru og ég hef hér tíundað. Ég hef gert hæstv. forseta viðvart um að ég mundi bera fram þessar óskir og vænti úrskurðar hans.

Forseti (Jón Helgason): Vegna fyrirspurnar hv. 3. þm. Norðurl. e. vil ég benda á það, að í þingsköpum eru engin ákvæði sem veita forseta vald til að stöðva framgang fjárlagafrv. eða koma í veg fyrir að hv. alþingismönnum gefist kostur á að taka afstöðu til þess, þegar fjvn. hefur skilað nál. og brtt. til 2. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða um afgreiðslu lánsfjáráætlunar þar sem það mál var rætt utan dagskrár nú fyrir nokkrum dögum. Ég veitti þá þær upplýsingar að lánsfjáráætlun yrði ekki afgreidd fyrir jól og sennilegast ekki lögð fram fyrir jól. Ég hygg að óhætt sá að staðfesta það nú að lánsfjáráætlun verður ekki lögð fram fyrir jól.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að í lögum er sett sú verklagsregla að lánsfjáráætlun skuli fylgja fjárlagafrv. Það er líka alkunna að lánsfjáráætlun hefur mjög oft — og raunar oftast nær verið afgreidd á allt öðrum og miklu seinni tíma en fjárlagafrv. Það er höfuðnauðsyn að fjárlög liggi fyrir um áramót. Aftur á móti er ekki sama nauðsyn að lánsfjáráætlun liggi fyrir um áramót. Hefur því oft dregist nokkuð að frá henni væri gengið. Menn hafa viljað gefa sér tíma til að athuga allar aðstæður áður en ákvarðanir væru teknar um erlendar lántökur.

Nú er óvenjulegt og sérstakt ástand bæði í íslensku stjórnmálalífi og íslensku efnahagslífi. Það er í fyrsta lagi allt í óvissu um framgang mikilvægra mála, sem þurfa að fara í gegnum Nd. Alþingis, og hafa verið viðræður í gangi milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu um þau mál. Ég lít ekki svo á að þeim viðræðum sé lokið. Einnig er mjög sérstakt ástand í efnahagslífi Íslendinga og brýn þörf á að draga úr erlendum lántökum eins og nokkur kostur er.

Það kemur engum á óvart, ekki nokkrum einasta þm. á óvart að lánsfjáráætlun skuli ekki afgreidd fyrir jól. Og það breytir að sjálfsögðu engu um þá afgreiðslu fjárlaga sem nú á að fara fram. Ég tel það satt að segja nokkuð sérkennilega og óvenjulega málefnafátækt að menn skuli gera svo mikið veður út af þessu, að þeir taki til máls hér utan dagskrár aftur og aftur.

Varðandi ummæli hv. þm. um að milljarð skorti á að fjárlög verði afgreidd með eðlilegum hætti, þá gefst tækifæri til að ræða þá fullyrðingu í umræðunum hér á eftir. En ef það er tillaga Sjálfstfl. að hækka fjárlögin og útgjöld þeirra um einn milljarð, þá býst ég við að einhver landsmanna þakki sínum sæla fyrir að Sjálfstfl. skuli ekki hafa forustu um ríkisfjármál um þessar mundir.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það voru orð hæstv. fjmrh. hér áðan, þar sem hann var að svara mjög réttmætri gagnrýni hv. 3. þm. Norðurl. e., sem urðu þess valdandi að ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp.

Hæstv. ráðh. lauk máli með því að tala um málefnafátækt hjá stjórnarandstöðu, þegar einn af fjárveitinganefndarmönnum Alþingis kemur hér fram og gerir kröfur til þess að ríkisstj. fari að lögum landsins.

Ég veit ekki hvernig hægt er að kalla það málefnafátækt þegar alþingismenn gera kröfu til þess að stjórnvöld, þ. e. ríkisstj. fari að lögum og leggi fyrir Alþingi þau gögn sem talið er að á þurfi að halda við ákvarðanatöku í ekki veigaminna máli en þegar afgreiðsla fjárlagafrv. fer fram. Hæstv. ráðh. sagði að mjög oft eða oftast nær hefðu lánsfjárlög verið afgreidd á öðrum tíma en fjárlög. Það er rétt að eftir að farið var að afgreiða lánsfjáráætlun í þeirri mynd sem hún er nú lögð fyrir Alþingi og lánsfjárlög henni tilheyrandi hefur það komið fyrir í fjögur skipti að lánsfjárlög hafa ekki verið afgreidd með fjárlögum. Í þrjú skipti hafa lánsfjárlög verið afgreidd á sama tíma og fjárlög. Og ég vil vekja

athygli hæstv. fjmrh. á því, að það er eftir að hann og hans flokkur komast til áhrifa að lánsfjárlög eru ekki afgreidd með fjárlögum.

Lánsfjárlög fyrir árin 1976, 1977 og 1978 voru afgreidd með fjárlögum, að vísu lögð fram nokkuð seint, það skal viðurkennt. Það voru gerðar athugasemdir við það af fulltrúum stjórnarandstöðunnar á þeim tíma og þess vegna að sjálfsögðu sett þau lög um stjórn efnahagsmála nr. 13 1979 sem samþykkt voru. En síðan hafa lánsfjárlög í hvert einasta skipti verið afgreidd á allt öðrum tíma og miklu seinna en fjárlög.

Hæstv. ráðh. vék að því hér áðan, að draga þyrfti úr erlendum lántökum. Það er einmitt þess vegna sem lánsfjárlög þarf að afgreiða á sama tíma og fjárlög ríkisins. Það er einmitt þess vegna sem við þurfum að hafa yfirsýn á sama tíma yfir fjárlög ríkisins og lánsfjárlög, en ekki haga verkum eins og verið hefur, að draga afgreiðslu lánsfjárlaga fram eftir árinu til þess að hægt sé að koma þar að meiri erlendum lántökum en rétt er og skaplegt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta. Ég þakka hæstv. forseta fyrir hans úrskurð. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ég held að það sé íhugunarefni fyrir þingheim að hæstv. forseti hefur ekki vald til að framfylgja fyrirmælum Alþingis í lögum að hans mati. Ég tel þetta afar alvarlegt mál.

Ég skal ekki hafa hér mörg orð um ræðu hæstv. fjmrh. Ég skil að mörgu leyti hans aðstöðu. Í ríkisstj. eru mikil átök og deilur um öll mál og sjálfsagt líka um lánsfjáráætlun. En það afsakar það ekki, það er einmitt vegna þess, hæstv. ráðh., að það er óvenjulegt ástand í stjórnmálum og efnahagsmálum þjóðarinnar, hættuástand, að Alþingi á kröfu á því að fá að fjalla a. m. k. um drög að lánsfjáráætlun samtímis fjárlagaafgreiðslu. Ég byggði minn málflutning sértaklega á því hve óvenjulegt ástandið væri. Að oft væri þörf, en nú væri nauðsyn. Út af þeim athugasemdum hæstv. ráðh. að það sé tillaga Sjálfstfl. að hækka útgjöld fjárlaga um milljarð vil ég aðeins segja það, að þetta er einfaldlega framreikningur á því sem hæstv. ríkisstj. hefur sagt sjálf. Hún hefur sagst ætla að halda samneyslu í sama horfi og í fyrra og samneysla jókst í ár um 2%. Þetta er einfaldur reikningur, jafnvel fyrir hæstv. ráðh., ef hann kærir sig um að gá að því að það eru tillögur ríkisstj. sem gera þetta að verkum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er aðeins ein stutt spurning til hæstv. ráðh. Nú virðist ljóst vera að ekki verður fyrir jólaleyfi lagt fram frv. til lánsfjárlaga. Þess vegna leikur mér hugur á að fá að vita hvort hæstv. fjmrh. hefur þá í hyggju að leggja fram tillögu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga um að honum verði heimilað að taka erlend lán á næsta ári. Um það var harkalega deilt á Alþingi í fyrra hvort slík afgreiðsla væri raunar samboðin þinginu. Menn voru almennt sammála um að svo væri ekki, þó svo að hæstv. fjmrh. hefði sitt mál fram þá. Af því gefna tilefni vil ég spyrja hvort hæstv. ráðh. hyggst leggja fram tillögu við afgreiðslu fjárlaga um að honum verði heimilt að taka erlend lán, þó svo að lánsfjárlög hafi ekki verið afgreidd.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort ég hyggist flytja tillögu í tengslum við fjárlög sem varði töku erlendra lána á næsta ári. Ég vil minna á í þessu sambandi að slíkar heimildir eru yfirleitt veittar í tengslum við 6. gr. fjárlaga. Þessi mál koma þar af leiðandi til umfjöllunar við 3. umr. Það er ekki búið að fjalla um það enn hvaða tillögur verða lagðar fram nú að heimildum til ríkisstj. svo að ég tel eðlilegra að ræða það mál á síðara stigi.

Ég þykist muna það rétt að í fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir eru einhverjar lántökuheimildir eins og alltaf er. Og vissulega kann að vera að einhverjar lántökuheimildir verði í fjárlögum þegar þau verða afgreidd eins og alltaf hefur verið, ég gæti trúað að það væri leitun að fjárlagafrv. á seinustu 30 árum þar sem ekki hafa verið fleiri eða færri lántökuheimildir. Það uppistand, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen gerði hér í fyrra út af þessu máli, mun vera nokkurt einsdæmi. En um þetta mál er miklu betra að ræða á síðara stigi, þegar ríkisstj. og fjvn. hefur fjallað um þessa hlið málsins. Það hefur enn ekki verið gert og ég er því ekki reiðubúinn til að ræða það mál nú, síst af öllu utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins ítrekað vekja athygli á því við hvaða aðstæður Alþingi er ætlað að starfa. Hæstv. ráðh. hefur upplýst að ekki náist samkomulag um svo mikið sem að leggja fram frv. til lánsfjárlaga hvað þá heldur að afgreiða það núna fyrir jólin. Það næst ekki einu sinni samkomulag um að leggja það fram. Og þegar 2. umr. fjárlaga á að hefjast og 3. umr. hefur verið boðuð innan örfárra daga þá fæst ekki einu sinni upplýst frá ráðh. hvort hann hugsar sér að gera tillögu um lánsfjáröflun við afgreiðslu fjárlaga eða ekki. Hann upplýsir að það mál sé enn órætt í ríkisstj. Hvernig í ósköpunum geta menn gengið til afgreiðslu fjármála ríkisins á þessum grundvelli? Það er ofvaxið mínum skilningi. Það nær ekki nokkurri átt að menn skuli nú vera að tilkynna þinginu að það sé ekki einu sinni búið að fjalla um mál eins og þetta í ríkisstj., hvað þá heldur að það sé komið á þann grundvöll að hægt sé að fara að ræða það í fjvn. eða á Alþingi. Málið hefur ekki einu sinni verið rætt, segir hæstv. ráðh., í ríkisstjórn landsins. Og það eru örfáir sólarhringar þangað til á að afgreiða héðan fjárlög.

Fjárlög 1983, frv. (þskj. 1, n. 158, 159 og 165, 149, 157). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þeim tíma sem fjvn. hefur haft til að afgreiða fjárlagafrv. til 2. umr. hefur ríkt nokkur óvissa í stjórnmálum, órói og sviptingar á heildina litið og í einstökum flokkum. Fjárveitinganefndarmenn, sem jafnan hafa þurft að láta störf í nefndinni koma niður á almennum þingstörfum, hafa að þessu sinni verið undirorpnir þessu sérstæða pólitíska ástandi og því þurft að sinna ýmsu sem af því hefur leitt til hliðar við nefndarstörfin í ríkara mæli en almennt hefur áður verið, þegar lygnara hefur verið í stjórnmálum. Þeim mun meiri ástæðu hef ég til að þakka meðnefndarmönnum mínum öllum fyrir mikil og tímafrek störf í nefndinni og mjög ánægjulegt samstarf og þolinmæði í minn garð. Ég flyt ennfremur nýjum starfsmanni nefndarinnar, Þorsteini Steinssyni, þakkir fyrir vel unnin störf og hagsýslustjóra, Magnúsi Péturssyni, og starfsliði hans

margháttaða aðstoð.

Fjvn. hefur fjallað um frv. til fjárl. á 43 fundum, auk þess sem hún átti viðtöl við fulltrúa um 80 sveitarfélaga á tímabilinu 1.—11. okt., þ. e. áður en þinghald hófst. Þá hafa undirnefndir að venju starfað að undirbúningi að afgreiðslu einstakra málaflokka. Alls mun nefndin hafa átt viðtöl við um 200 aðila, auk þess að einstakir nefndarmenn hafa að sjálfsögðu verið umsetnir og sinnt utan funda viðræðum við fjölmarga sem á fund þeirra hafa leitað til að greina frá óskum sínum og þörfum á því að hlutur stofnana þeirra eða félagssamtaka verði bættur frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þá hafa nefndinni borist mörg hundruð skrifleg erindi.

Allt tekur þetta ærinn tíma og að venju naumast nægur tími fyrir nefndina að fjalla sameiginlega og í sínum hópum einstaka fjárlagaliði og erindi sem fyrir liggja. Er þó óhætt að fullyrða að veruleg bót hefur orðið á í þessu efni eftir að nefndin tók upp þann hátt að ljúka viðtölum við sveitarstjórnarmenn áður en þing kemur saman.

Enda þótt ýmsum kunni að þykja árangur viðræðna við fjvn. ærið rýr þegar till. hennar liggja fyrir tel ég það nefndinni mikils virði að vera í beinu persónulegu sambandi við þá einstaklinga sem ef svo má segja standa á bak við þá tölustafi sem birtir eru í fjárlagafrv. sem mynd hinna einstöku stofnana og félagssamtaka. Á þeim skamma tíma sem nefndin hefur til afgreiðslu svo viðamikils máls sem afgreiðsla fjárl. er fær nefndin þó með þessum viðtölum milliliðalausar útlistanir viðkomandi aðila á því hversu raunhæfar eða óraunhæfar áætlanir fjárlagafrv. eru að þeirra dómi að því er varðar stofnanir þeirra eða félagssamtök samtímis því sem nefndinni og þessum viðmælendum hennar gefst færi á að kanna andsvör fulltrúa fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem undirbúið hefur ákvarðanatöku í þessum efnum við gerð fjárlagafrv.

Það vantar vissulega mikið á að fjvn. geti í hverju og einu tilviki kannað einstök mál sem skyldi þegar er um að ræða svo óvenjumörg og ólík efnisatriði sem fjárlagafrv. spannar. Til þess að einhver úrbót fengist í þeim efnum og fjvn. gæti orðið virkari þátttakandi í ákvarðanatöku, yrði að taka upp þá starfshætti, sem tíðkast sums staðar með öðrum þjóðum, að nm. starfi að undirbúningi fjárlagafrv. allan þann tíma sem sá undirbúningur stendur. Þá skipta nm. með sér verkum á þann veg, að hver fyrir sig annast undirbúning að fjárlagagerð varðandi tiltekin rn. og stofnanir þeirra eða skipta með sér störfum með öðrum hætti og hver og einn nm. leggur síðar upplýsingar sínar og tillögur varðandi sitt verksvið fyrir alla n. til umræðu og afgreiðslu. Með þessum hætti væri að sjálfsögðu betur tryggt en nú getur verið um að ræða, að innan n. sjálfrar sé fyrir hendi sú vitneskja og þekking á rekstri og stöðu hverrar ríkisstofnunar og rekstrareiningar og upplýsingar um einstaka útgjaldaliði sem þörf er á ef ætla á n. raunverulega það eftirlit og aðhaldsstarf sem ákvarðanataka þarf að byggjast á. Með slíkum starfsháttum væri aðstaða nm. til að hafa grundaða skoðun á hverri einustu till., sem í fjárlagafrv. felst, allt önnur en nú. En til þess að af þessu yrði þarf hvort tveggja til: vilja Alþingis til slíkrar breytingar á starfssviði og starfsháttum fjvn. og vilja þeirra sem n. skipa á hverjum tíma til þess að sinna svo umfangsmiklum störfum, sem stæðu nánast allt árið, til viðbótar við önnur þingstörf.

Jafnframt ætti þá fjvn. að taka að sér að vera fulltrúi Alþingis, sem hefur fjárveitingarvaldið, gagnvart ákvörðunum um aukafjárveitingar, eins og þekkist í störfum slíkra n. í öðrum löndum, þannig að samþykkt fjáraukalaga gæti gagnvart Alþingi orðið annað en formsatriði, skýrslugjöf eins og nú er, heldur hefðu fulltrúar þingflokkanna upplýsingar um aukafjárveitingar áður en þær væru veittar og gætu a. m. k. komið sínum athugasemdum að á ákvörðunarstigi.

Ýmsar aukafjárveitingar eru í eðli sínu nánast sjálfkrafa ákvarðanir þar sem um er að ræða uppfærslu útgjaldaupphæðar í samræmi við mismun verðlagsþróunar og reikningsforsendna fjárlaga. Slík ný ákvörðun um útgjaldagreiðslu til stofnunar gefur þó að sjálfsögðu alltaf tilefni til og færi á að endurmeta þörfina hverju sinni og versnandi afkoma ríkissjóðs miðað við fjárlög kallar á nauðsyn þess að herða enn frekar að en gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðslu. Leiðrétting gæti einnig verið á hinn veginn af þeim sökum að vanmetin hefði verið óhjákvæmileg útgjaldaþörf í fjárlögum.

Varðandi aukafjárveitingar vegna framkvæmdaliða gegnir nokkuð öðru máli. Óhjákvæmilegt getur að vísu stundum reynst af tæknilegum ástæðum að ljúka áfanga sem reyndist dýrari í framkvæmd en áætlað var, en ákvörðun um algerlega nýja framkvæmdaþætti, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum, á ekki að vera í höndum ráðh. heldur Alþingis eða fulltrúa þingflokkanna. Sama gildir þegar um er að ræða hækkun félagastyrkja eða hliðstæðra greiðslna á fjárlagaárinu umfram fjárlagaupphæðir.

Við afgreiðslu fjárlaga leitast Alþingi m. a. við að ná fram ákveðnu innbyrðis jafnvægi að því er það varðar hvernig sinnt er óskum um fjárveitingar til framkvæmda og alls kyns styrki til sveitarfélaga, samtaka, stofnana og einstaklinga. Það er afar óheppilegt og óeðlilegt þegar ráðh. ákveður upp á sitt eindæmi að lokinni fjárlagaafgreiðslu að raska slíkum ákvörðunum Alþingis. Ákvarðanir þingsins kunna að vera og eru án efa umdeilanlegar, en þær eru ákvarðanir Alþingis. Í þessum orðum mínum felst ekki ásökun á hendur núv. ráðh. sérstaklega. Á þennan hátt hefur jafnan verið staðið að aukafjárveitingum og þm. ekki fjallað um þær á annan veg en þann að afgreiða þær í heildarsummum sem formsatriði í fjáraukalögum.

Mér finnst jafnvel þægilegra að finna að þessum starfsháttum nú þegar í hlut á fjmrh. úr þeim flokki sem ég skipa. Ef um annan fjmrh. væri að ræða er hættara við að orð mín yrðu skilin sem flokkspólitískt karp.

Aukafjárveitingar komu til umræðu í fjvn. og ég bauðst til þess að útvega n. skrá um allar slíkar greiðslur á þessu ári, fram að þeim tíma sem þá var. Á því stóð ekki að fjvnm. fengju slíka skrá í hendur. Ég held að það sé í fyrsta sinn á a. m. k. síðustu tuttugu árum, en lengra aftur þekki ég ekki til í þessu efni.

Sá samdráttur, sem orðið hefur í þjóðartekjum á þessu ári og fyrirsjáanlegur er á næsta ári, setur mark sitt á afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni. Áhrifin á tekjur ríkissjóðs eru ljós þegar haft er í huga að óbeinir skattar nema um 80% af heildartekjum ríkissjóðs, en spáð er um 8% samdrætti í almennum vöruinnflutningi að raungildi á næsta ári. En pólitískar stjórnunaraðgerðir í þjóðfélaginu hljóta að stefna að því að draga úr viðskiptahallanum svo sem unnt er.

Í forsendum fjárlagafrv. er í samræmi við þjóðhagsspár gert ráð fyrir meiri almennum verðlagshækkunum á

næsta ári en hækkunum tekna ríkissjóðs. Miðað við reikniforsendur frv. er hlutfallið milli aukningar útgjalda miðað við aukningu ríkistekna á þann veg, að móti 42% almennum verðlagshækkunum gæti hækkun tekna ríkissjóðs numið 36%. Þetta bil er sá vandi sem m. a. er við að fást og er þá á það að líta að miðað við sömu forsendur verður að gera ráð fyrir að ákveðnir stórir útgjaldaliðir hækki verulega meir en almennum verðlagshækkunum nemur. Útgjöld til allra sjúkrahúsa í landinu og til tryggingabóta almannatrygginga, sem nema 33% af heildarútgjöldum ríkissjóðs, hækka þannig um 61.4% miðað við sömu forsendur um 42% almennar verðlagshækkanir.

Það þrengist því um aðra þætti í fjárlagafrv., einkum þegar sú stefna er grundvallaratriði í fjárlagagerðinni að félagsleg þjónusta sé hvergi skert, heldur þvert á móti aukin á ýmsum sviðum, á sama tíma og nágrannaþjóðir okkar mæta fjárhagserfiðleikunum með því að stórskerða þjónustu sem almenningur hefur notið af opinberri hálfu. Það hefur því við fjárlagagerðina orðið að þrengja að í ýmsum rekstrargjöldum og framkvæmdaliðum og ljóst er að ýmsir munu finna til þess. Hin síðari ár, þegar þjóðartekjur jukust, hafa félagsleg þjónusta og félagsleg réttindi verið aukin á margvíslegan hátt. Má þar til nefna greiðslur úr almannatryggingum á nýjum þjónustuþáttum, greiðslur fæðingarorlofs, hækkun raungildis tekjutryggingar, bætta heilsugæslu, aukna aðstoð við þroskahefta og ellihruma.

Ég hafði áður minnt á að slík stórfelld árleg aukning þjónustu hlýtur að jafnaði að verða að byggjast á verðmætaaukningu í framleiðsluatvinnuvegunum ef slík þjónusta á ekki að draga úr ráðstöfunarfé þjóðfélagsþegnanna á öðrum sviðum. Slík tilfærsla á nýtingu fjármuna á fullan rétt á sér, en menn verða þá að gera sér grein fyrir að reikning aukinnar þjónustu og samfélagslegrar neyslu, jafnt á þessum sviðum sem á öðrum, hljóta þjóðfélagsþegnarnir að greiða og ættu því að láta sig miklu varða hvernig að henni er staðið, hvort aðhald er t. d. viðhaft varðandi húsnæðisnotkun og starfsmannahald þeirra stofnana sem þjónustuna veita. Það er oft býsna erfitt að koma við slíku aðhaldi. Ráðamenn stofnana telja sig færasta um að dæma um þessar þarfir og viðkomandi fagráðuneyti verða á stundum hluti þrýstihóps í þessu efni.

Þegar ríkissjóður greiðir 85% byggingarkostnaðar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og 100% byggingarkostnaðar heimavistarhúsnæðis í skólum er hætt við að þeir sem kalla eftir slíku húsnæði skeri stundum ekki við nögl þær kröfur sem þeir gera. Síðan taka rekstrargjöldin að íþyngja þeim sem við húsnæðinu tóku og þá í einhverjum eða verulegum mæli meiri rekstrargjöld en þurft hefðu að vera ef kröfurnar hefðu verið meira við hæfi. Þá er baráttan hafin fyrir aukinni þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaðinum. Þetta getur orðið útgjaldavítahringur. Þetta er sannarlega ekki heppileg tilhögun í stjórnsýslu, að þeir sem miklu, jafnvel mestu, geta með einum eða öðrum hætti ráðið um byggingarframkvæmdir, stærðir og tilhögun mannvirkja séu samtímis að miklu eða öllu leyti firrtir algerlega ábyrgð á rekstrarkostnaði sem oft ræðst í verulegum mæli af því hvort aðhalds hefur verið gætt um stærðir og hagkvæmni mannvirkja.

Við höfum á sumum sviðum tekið hluta af tekjum ríkissjóðs og gert að sérstökum sjóðum sem standa fyrir byggingu þjónustustofnana, en rekstur er síðan að öllu leyti á kostnað ríkissjóðs og í stöku tilfellum að nokkru leyti á kostnað sveitarfélaga sem engu ráða um byggingarframkvæmdir. Ég held að þetta geti til langframa naumast verið ákjósanlegt fyrirkomulag. Þeir sem efna til framkvæmdanna og ráða að mestu eða öllu um tilhögun þeirra hafa í rauninni engra hagsmuna að gæta í því efni að aðhald sé viðhaft um stærð húsa og mannahald í framhaldi af því. Betra væri að slíkir sjóðir væru þá stærri, en tækju að einhverju leyti þátt í rekstri í nógu ríkum mæli til að hafa beinna hagsmuna að gæta í því efni að ekki fari meira fé til reksturs en brýnasta nauðsyn krefur. En það atriði ræðst að verulegu leyti við ákvörðun um stærð og tilhögun byggingarinnar.

Það kom fram í sjónvarpi fyrir skemmstu, sem rétt er, að gamlar stofnanir, eins og Kópavogshæli sem annast þjónustu við vangefna við erfiðar aðstæður og knappt mannahald svo ekki sé meira sagt, fá í raun ekki svo fljótt sem skyldi úrbætur í þessu efni, vegna þess m. a. að ríkissjóður þarf á hverju ári að sjá fyrir nýju starfsliði í nýjar stofnanir, þar sem allt aðrar og meiri kröfur eru gerðar um húsrými og fjölda starfsliðs. Fram undan hjá þeim sjóði, sem að þessum vissulega bráðnauðsynlegu framkvæmdum stendur, er að hrinda í framkvæmd fyrri fyrirætlan um að við þeirri starfsemi, sem nú fer fram í Kjarvalshúsinu og ekki er nægilega fyrir séð, taki nýbygging sem kosta mun 75 millj. kr. með 54 manna starfsliði. Hverjir verða möguleikar til að bæta úr þar sem starfsemi er nú rekin við illan aðbúnað þegar kemur að því að sinna þeim útgjöldum sem fylgja slíkum nýbyggingum?

Ég held að ekki verði nægilega á það minnt að byggingarkostnaður er í sjálfu sér tiltölulega lítill hluti þeirra vandamála sem allir keppast við að leysa á hinum ýmsu sviðum í heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum, og ég tel ekki heppilegt að alls engin tengsl séu milli þess eðlilega framtaks ýmissa aðila að knýja á um uppbyggingu stofnana og síðan ábyrgð á því hvernig verður fyrir rekstrarkostnaðinum séð. Menn mega kalla þetta íhaldssamar skoðanir. Ég kippi mér ekki upp við það. Sjóðir hafa ekki annað hlutverk en koma fjármunum ríkisins í byggingar nýrra stofnana hvernig sem árar. Rekstrarkostnaðurinn bætist einfaldlega við ríkisútgjöldin. Félagssamtök hefja byggingu þjónustustofnana og fara fram á nokkar milljónir í byggingarstyrk. Það er í sjálfu sér minnsta málið að verða við því. En síðan eru ríkinu afhentir árlegir rekstrarreikningar til greiðslu og þeir geta verið nokkuð háir.

Söfnun sem myndarlega var að staðið meðal allra landsmanna nú nýlega var talin bera mikinn árangur. Landsmenn afhentu líklega 13 millj. kr. til að koma í framkvæmd miklu nauðsynjamáli. Á sama tíma stóðu auð 20 rúm í nýrri sjúkrastofnun norður í landi. Árlegur rekstrarkostnaður við að nýta þessi fáu rúm verður ekki langt frá þeirri tölu sem hið mikla átak meðal allra landsmanna skilaði. Ég nefni þetta einungis til að menn átti sig á því um hvaða tölur er verið að fjalla.

Á allri þessari þjónustu þurfum við að halda og víða er úrbóta þörf. En til þess að undir kostnaði verði staðið með sæmilegu móti og til þess að það verði gert án þess að skerða lífskjör okkar að öðru leyti að óþörfu verður að koma til meiri aðgæsla varðandi húsnæðisþörf og mannahald í hverri einstakri stofnun og hverjum þjónustuþætti og að mínum dómi einhver ábyrgð fram-

kvæmdaaðila á rekstri þar sem því verður við komið. Það kann ekki góðri lukku að stýra að þeir sem gera kröfur varðandi húsnæði og mannaflaþörf hafi enga minnstu hagsmuni af því til hve mikils rekstrarkostnaðar er efnt.

Eins og ég áður sagði hefur við fjárlagagerðina orðið að þrengja að í rekstrargjöldum og framkvæmdum og ýmsir munu finna til þess. Almenningur hefur orðið og mun verða að haga heimilisrekstri sínum í samræmi við þrengri kjör. Forstöðumenn stofnana ríkisins verða og að gera sér það ljóst og það verða stofnanirnar líka að gera að því er varðar almennar reglur og framkvæmdir.

Oft hefur verið á það minnst að ríkissjóður hafi síðustu ár aukið tekjuöflun sína samanborið við t. d. árin 1974 og 1978, en framhjá því litið að á þeim árum voru útgjöld ríkissjóðs verulega hærri en tekjur. Það var ekki aflað tekna fyrir öllum útgjöldum þeirra ára, heldur var hallanum þá mætt með seðlaprentun hjá Seðlabankanum. Til viðbótar útgjöldum hinna síðustu ára hefur því einnig orðið að afla tekna til að greiða skuldahala ríkissjóðs frá hinum fyrri. Skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann námu í árslok 1978 á núgildandi verðlagi 1 406.3 millj. kr. eða 140 milljörðum gkr. og á þriggja ára tímabilinu 1979—1981 hefur ríkissjóður greitt í vexti og afborganir af þessari skuld upphæð sem nemur tæplega 1400 millj. kr. eða jafngildi allra framkvæmda eins og lagt er til að þær verði á næstu fjárlögum til grunnskóla, dagvistarstofnana, íþróttamannvirkja, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, hafnarframkvæmda og flugmála í 3½ ár. Þetta hefur farið til að greiða skuldaslóða ríkissjóðs hjá Seðlabankanum.

Nú þegar þrengir að er ekki ætlunin að leysa vandann með hliðstæðum hallarekstri. En það hefur í för með sér að herða verður að víða í ríkisrekstrinum. Æði oft hefur það verið svo, þegar komið er að afgreiðslu fjárlagafrv., að endurskoðun á tekjuhlið þess hefur gefið tilefni til að hækka tekjutölur svo að verulega hefur um munað. Svo er ekki að þessu sinni. Samkv. upplýsingum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, en hann kom á fund fjvn. fyrir skemmstu, er almennt ekki unnt að gera ráð fyrir að tekjuhliðin geti verið hærri, enda þótt ávallt sé um nokkra óvissu að ræða í því efni í einstökum atriðum. Með tilliti til þessara aðstæðna hefur fjvn. í störfum sínum takmarkað brtt. sínar sem allra mest við að hækka framlög, einkum til félagssamtaka, að krónutölu í átt við þá verðlagsþróun sem orðið hefur á þessu ári, en þessi framlög eru mörg hver óbreytt í fjárlagafrv. frá núgildandi fjárlögum, svo og að leiðrétta nokkra útgjaldaliði þar sem ekki verður undan vikist. Um helmingur þeirrar útgjaldahækkunar, sem í tillögum n. felst, er á framkvæmdaliðum, sem eru hækkaðir nokkuð í átt við verðlagsbreytingar, en í frv. voru þeir að krónutölu hækkaðir að meðaltali aðeins um 30% frá raungildi framkvæmdafjár á þessu ári.

Fjvn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu fjárlagafrv. og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa skilað sérálitum, en nefndin flytur sameiginlegar brtt. á þskj. 149 og 157. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa fyrirvara um fylgi við einstakar brtt., sem n. flytur, og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja till. sem fram kunna að koma.

Nefndin hefur fyrir 2. umr. afgreitt alla framkvæmdaflokka nema fyrirhleðslur auk einstakra tillagna. Til 3. umr. bíða, auk tekjuhliðar, afgreiðsla B-hluta fyrirtækja, heimildargreinar, vegamál, málefni Háskóla Íslands og Lánasjóðs ísl. námsmanna, byggingarmál Landspítalans og nokkur einstök atriði.

Brtt. n. við frv. eru þessar:

Við tekjuhlið frv. er flutt ein till. við 2. umr. Lagt er til að skipaskoðunargjald hækki um 600 þús. kr. til samræmis við endurmat á útgjöldum Siglingamálastofnunar ríkisins.

Við menntmrn.

Rannsóknaráð ríkisins: Útgjöld hækka í heild um 515 þús. kr., þar af 100 þús. kr. vegna skipulags- og þróunarmála, 215 þús. kr. vegna upplýsingamála og 200 þús. kr. vegna liðarins Nýting náttúruauðæfa.

Menntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækkar um 100 þús. kr. í 200 þús.

Menntaskólinn á Ísafirði: Stofnkostnaður hækkar um 300 þús. í 5.3 millj.

Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Stofnkostnaður hækkar um 800 þús. í 8 millj. 360 þús.

Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli: Stofnkostnaður hækkar um 700 þús. eða í 1 millj. 50 þús.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Stofnkostnaður hækkar um 500 þús. og verður 800 þús.

Verkmenntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækkar um 3 millj. kr. og verður 9.1 millj.

Námsgagnastofnun: Önnur rekstrargjöld hækka um 1.5 millj. og verða 14 millj. 713 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 millj. vegna myndbandavæðingar og verður 1 millj. 60 þús.

Tækniskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 100 þús. kr. vegna bókasafns.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Viðhald hækkar um 100 þús. kr. og verður 185 þús. kr.

Sjómannaskólahúsið: Stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr. vegna áframhaldandi lagfæringa á húsinu og verður upphæðin þá 2 millj. kr.

Héraðsskólar, almennt: Stofnkostnaður hækkar um 1.9 millj. kr. í 5 millj. 850 þús. kr., en sundurliðun kemur fram í brtt. n.

Grunnskólar í Reykjavík: Laun hækka um 80 þús. kr. vegna skólaathvarfs í Breiðholti.

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Stofnkostnaður hækkar um 15 millj. 615 þús. kr. í 97 millj. 35 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í brtt. n., en í þeirri sundurliðun þarf að leiðrétta eitt atriði sem hefur misritast í prentun. Það er Akureyri, íþróttahús. Í stað 1000 kr. á að koma 1 millj. kr.

Skólar fyrir þroskaheft börn: Framlag til þjálfunarskóla hækki um 965 þús. kr. í 14 millj. 448 þús. kr. og framlag til dagvistunar forskólabarna hækki um 357 þús. kr. í 5 millj. 90 þús.

Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Framlag til dagvistarheimila hækki um 5 millj. kr. í 27 millj., en þetta er sá framkvæmdaliður sem hækkar mest, eða um 91.5%, að krónutölu frá fjárlögum 1982. Sundurliðun kemur fram í brtt. n.

Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækkar um 15 þús. kr. og verður 45 þús. kr. Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 90 þús. kr. og verður 420 þús. kr., sem fjvn. skiptir síðan milli viðtakenda. Liðurinn Starfsemi stúdenta hækkar um 9 þús. kr. og verður 27 þús. kr.

Þjóðminjasafn Íslands: Laun hækka um 136 þús. Í þessari fjárveitingu felst heimild til að ráða húsvörð fyrir hús Þjóðminjasafns og Listasafns. Önnur rekstrargjöld

hækka um 15 þús. kr., einnig vegna ráðningar húsvarðar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 200 þús. kr. til lagfæringar á skrifstofu. Liðurinn Til sveitarfélaga hækkar um 120 þús. kr., verður 2 millj. 520 þús. kr., en fjvn. skiptir þessum lið að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Liðurinn til einstaklinga og samtaka, þ. e. liðurinn til Sjóminjasafns Íslands, hækkar um 800 þús. kr. og verður 1.2 millj. kr.

Kvikmyndasafn Íslands: Sértekjur falli niður, þar sem hér mun hafa verið um að ræða tímabundinn styrk.

Liðurinn Blindrabókasafn Íslands, sem verður nú sérstök stofnun: Þar er lagt til að laun verði 1 millj. 411 þús. kr., sem eru laun sex starfsmanna. Önnur rekstrargjöld verði 300 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 300 þús. kr. eða alls 2 millj. 11 þús. kr.

Listir, framlög: Liðurinn hækki alls um 1 millj. 371 þús. kr., sem skiptist svo sem hér segir: Leikfélag Reykjavíkur hækki um 788 þús. og verði 2 millj. kr. Leikfélag Akureyrar hækki um 288 þús. kr. og verði 1.5 millj. kr. Liðurinn Leiklistarstarfsemi hækki um 150 þús. kr. og verði 1 millj. 800 þús. Liðurinn Ferðaleikhúsið orðist svo: a) rekstrarstyrkur 60 þús. kr. og b) stofnkostnaður 50 þús. Liðurinn hækki því alls um 65 þús. kr. Tekinn verði upp nýr liður: Íslenskir menningardagar í Berlín 80 þús. kr.

Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 200 þús. kr. og bygging íþróttamannvirkja hækki um 2 millj. 970 þús. kr. og verði 15.6 millj. kr., sem skiptist eins og fram kemur í brtt. fjvn.

Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 176 þús. kr. Æskulýðssamband Íslands hækki um 10 þús. Ungmennafélag Íslands um 104 þús. Bandalag ísl. skáta um 29 þús. Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns 7 þús. kr. Íslenskir ungtemplarar 10 þús. kr. Landssamband KFUM og KFUK 7 þús. kr. KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 5 þús. kr. KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 4 þús. kr. Með þessum breytingum hafa fjárveitingar á liðnum Æskulýðsmál almennt verið hækkaðar um 50% frá núgildandi fjárlögum, en þær voru óbreyttar í fjárlagafrv.

Ýmis íþróttamál: Liðurinn forseti FIDE lækki um 640 þús. kr. og verði 160 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir að þessari upphæð verði varið til skuldagreiðslna.

Þá er það liðurinn Ýmislegt. Hann hækki um 583 þús. kr. Almennt er hér um að ræða að fjárveitingar til þeirra félagssamtaka sem hér um ræðir hækki að krónutölu um 50% frá núgildandi fjárlögum. Liðirnir Landakotsskóli og Hlíðardalsskóli hækka þó nokkru meir og liðurinn Endurbygging Búðakirkju fellur niður á þessum stað, en færist á safnlið hjá Þjóðminjasafni Íslands. Vert er að geta þess að fellt er niður framlag til Hljóðbókasafns, því að áætlað er fyrir því á nýjum lið, Blindrabókasafni Íslands.

Er þá komið að utanrrn.

Ýmis utanríkismál: Liðurinn Lögberg-Heimskringla hækki um 56 þús. kr. og Háskóli Sameinuðu þjóðanna hækki um 800 þús. kr., en Íslendingar hafa um þriggja ára skeið starfrækt jarðhitadeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Háskólinn hefur nú ákveðið að leggja ekki lengur fram hluta af rekstrarkostnaði og er lagt til að hlutur Íslands verði hækkaður sem því nemur til þess að starfsemi jarðhitadeildarinnar geti haldið áfram.

Landbrn.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Nýr liður. Tilraunabú óskipt 1.5 millj. kr. Þessi liður nemur 1.2 millj. kr. á núgildandi fjárlögum, en féll niður í fjárlagafrv. Liðurinn Stóra-Ármót hækki um 200 þús. kr. og verði 300 þús. kr. vegna fjósbyggingar.

Skógrækt ríkisins: Nýir liðir: Útivistarsvæði 150 þús. kr. og 100 þús. kr. vegna tilrauna við rótarskóga í Hjaltastaðahreppi.

Veiðimálaskrifstofan: Önnur rekstrargjöld hækka um 100 þús. kr., en þessi upphæð er ætluð til þess að fylgjast með laxveiðum Færeyinga í sjó.

Yfirdýralæknir: Framlag til héraðsdýralækna hækki um 171 þús. kr., þar af 146 þús. kr. vegna launa eins dýralæknis frá 1. júlí á næsta ári.

Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 386 þús. kr., sem skiptist þannig: Norræna búfræðifélagið hækki um 1000 kr. Liðurinn Landssamband ísl. hestamannafélaga falli niður, en Landssamband ísl. hestamanna, til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 7 þús. kr. og verði 10 þús. kr. Landvernd hækki um 100 þús. kr. Búnaðarfélag Austur-Skaftafellssýslu hækki um 30 þús. kr. Og upp verði tekinn nýr liður: Til rannsókna á lifnaðarháttum æðarfugls 250 þús. kr. Hér er um að ræða framkvæmd á þáltill. sem Alþingi hefur samþykkt.

Bændaskólinn á Hólum: Stofnkostnaðarframlag hækki um 250 þús. kr. vegna frágangs á sundlaug.

Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna, viðhald: Liðurinn hækkar um 330 þús. kr. vegna samningsbundins viðhalds á tölvum.

Sjútvrn.

Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Liðurinn Veiðieftirlit hækki um 260 þús. kr. vegna launa eins veiðieftirlitsmanns, en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir annarri nýrri stöðu veiðieftirlitsmanns.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Rannsóknarlögregla ríkisins: Laun hækki um 1.5 millj. kr., aðallega vegna yfirvinnu, og önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr.

Sýslumaður og bæjarfógeti í Keflavík: Laun hækki um 81 þús. kr., en þar er um að ræða $^{4}/_{10}$ úr stöðu fulltrúa í Grindavík til þess að unnt sé að hafa þar opna afgreiðslu á venjulegum skrifstofutíma.

Landhelgisgæslan: Framlag hækki alls um 9 millj. 792 þús. kr., sem skiptist þannig: Ægir hækkar um 1 millj. 831 þús. kr. Óðinn 1 millj. 317 þús. kr. Þór 1 millj. 157 þús. kr. Týr 1 millj. 957 þús. kr. Fluggæsla 4 millj. 265 þús. kr. Landhelgissjóður lækki um 735 þús. kr. Hér er einungis um að ræða hækkun á útgjaldatölum til samræmis við verðhækkanir á olíu og tryggingum síðan frv. var samið. Þó er vert að geta þess, að hér er gert ráð fyrir 12 nýjum flugtímum á næsta ári í stað 1000, sem var gert ráð fyrir í fjárlagafrv.

Almannavarnir: Önnur rekstrargjöld hækki um 50 þús. kr. og stofnkostnaður um 47 þús. kr.

Þjóðkirkjan: Framlag hækki alls um 410 þús. kr. og skiptist þannig: Álag vegna afhendingar kirkna hækki um 100 þús. kr., framlag til Hallgrímskirkju í Reykjavík hækki um 250 þús. kr. og til Hjálparstofnunar kirkjunnar um 60 þús. kr.

Félmrn.

Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta: Framlag hækki alls um 3 millj. 676 þús. kr. og verði 19 millj. 603 þús. kr., sem skiptist eins og hér segir: Svæðisstjórnir hækka um 360 þús. kr. í 2 millj. 719 þús. Sambýli hækki um 1 millj. 409 þús. í 5 millj. 287 þús., þar af 1 millj. 48

þús. kr. hækkun vegna nýrra sambýla að Drekavogi og Háteigsvegi í Reykjavík og er þar reiknað með launakostnaði 10½ starfsmanns og öðrum kostnaði frá 1. apríl 1983. Verndaðir vinnustaðir hækki um 195 þús. kr. í 5 millj. 855 þús. kr. Leiktækjasöfn hækki um 262 þús. kr. í 651 þús. kr., þar af verði 148 þús. kr. vegna nýs leiktækjasafns á Siglufirði. Gert er ráð fyrir að þar starfi einn starfsmaður. Kostnaður samkv. 15. gr. hækki um 1 millj. 339 þús. kr. í 2 millj. 339 þús. kr. og liðurinn Heimili fyrir einhverf börn hækki um 111 þús. kr. í 2 millj. 91 þús. kr.

Heimili fyrir þroskahefta: Skálatún hækki um 1 millj. og Sólborg hækki um 2.2 millj. kr., en fjvn. mun taka mál þessara stofnana til nánari skoðunar á milli 2. og 3. umr.

Vinnumál: Nýr liður: Sjómannasamtök, lögskráning 200 þús. kr., en liður þessi féll niður í fjárlagafrv.

Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 1 millj. 668 þús. kr., og er vísað til brtt. n. um einstakar breytingar á viðfangsefni.

Heilbrmrn.

Tryggingastofnun ríkisins: Liðurinn lækki um 2 millj. 25 þús. kr. Sama fjárhæð færist á Krabbameinsfélag Íslands, en hér er um að ræða kostnað við skoðanir sem tryggingarnar sjá nú um að greiða.

Landlæknir: Yfirstjórn hækki um 115 þús. kr. vegna skráningar og úrvinnslu upplýsinga.

Heyrnar- og talmeinastöð: Laun hækki um 290 þús. kr. vegna hálfrar stöðu læknis og einnar stöðu talmeinafræðings, sem ráðinn yrði frá 1. júlí 1983. Önnur rekstrargjöld hækki um 100 þús. kr. og yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækki um 700 þús. kr. til kaupa á heyrnartækjum.

Landspítalinn: Framlag til viðhalds hækki um 2 millj.

Sjúkrahús og læknisbústaðir: Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 21 millj. 615 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í brtt. n. Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur hækki um 1.5 millj. kr. og verði 3 millj. Landakotsspítali, röntgentæki, þessi liður fellur niður og færist á nýjan lið. Þá er liðurinn DAS, Hrafnista, Hafnarfirði, byggingarstyrkur, þriðja greiðsla af fimm. Lagt er til að liðurinn hækki um 328 þús. og í stað þess að greiðslurnar verði fimm er lagt til að þær verði sex og tekinn upp nýr liður: hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi, 1 millj. kr., sem er sama upphæð og á núgildandi fjárlögum.

Landakotsspítali: Liðurinn orðist svo: St. Jósefsspítali, Landakoti. Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 2 millj.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Laun hækki um 5 millj. 145 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 4 millj. 705 þús. kr. vegna nýrra starfsmanna við sjúkradeild sem tekur til starfa snemma á næsta ári. Skiptingin milli launa og annarra rekstrargjalda er röng á þskj. 149 og verður leiðrétt. Viðhald hækkar um 2.5 millj. kr.

Með því fjárlagafrv. sem hér er til umr. verður sú breyting á samkv. heimild í lögum, að tvö sjúkrahús, St. Jósefsspítali, Landakoti, og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verða fjármögnuð með föstum fjárlögum í stað daggjalda, en framlög til sjúkratrygginga breytast að sama skapi. Með brtt. fjvn. um hækkun frá fjárlagatillögum til þessara sjúkrahúsa er leitast við að bæta nokkuð þann reikningsgrunn sem lagður er til áframhaldandi fjárveitinga til þessara stofnana þegar þær eru nú teknar inn á beinar fjárlagagreiðslur. En án efa þarf að huga vel að stöðu þeirra að ári við næstu fjárlagagerð. Samkv. bráðabirgðauppgjöri sjúkrahúsanna tveggja verður um allnokkurn rekstrarhalla að ræða á þessu ári. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hve stór hluti þessa halla verður bættur á árinu 1982. Eðlilegast væri að upp úr áramótum yrði hraðað bókhaldsuppgjöri sjúkrahúsanna vegna ársins 1982, þannig að bæta megi sjúkrahúsunum halla þessa árs á fyrri hluta næsta árs, enda er áætlað fyrir halladaggjöldum á sjúkratryggingalið Tryggingastofnunar ríkisins. Eðlilegt væri að halli ársins 1982 verði bættur með beinum greiðslum til sjúkrahúsanna fremur en með því að miða við legudaga. Hér er að öðru leyti að nokkru um tæknilegt mál að ræða, sem eðlilegast er að heilbr.- og trmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnun og hlutaðeigandi aðilar leysi.

Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn Hjartavernd hækki um 650 þús. kr. Krabbameinsfélag Íslands hækki um 2 millj. 875 þús. kr. Þar af eru 2 millj. 25 þús. kr. fluttar af framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins, þar sem skoðunargjöld verða nú greidd með beinu framlagi til félagsins, en Tryggingastofnunin hefur áður greitt þau. Sjúkraflug hækki um 75 þús. kr. Félag astmasjúklinga hækki um 2000 kr. Exem- og psoriasissjúklingar hækki um 3000 kr. og ýmis framlög um 50 þús. kr.

Gæsluvistarsjóður, framlag: Bláa bandið hækki um 12 þús. kr. Vernd, félagssamtök hækki um 15 þús. kr. Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið hækki um 70 þús. kr.

Bindindisstarfsemi: Nýr liður: Til einstaklinga og samtaka 225 þús. kr. Aftan við liðinn komi tvö ný viðfangsefni: Áfengisvarnir 1 millj. 181 þús. kr. og Stórstúka Íslands 225 þús. kr., en sá liður féll niður í fjárlagafrv.

Samgrn.

Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 37 millj. 538 þús. kr. og verði 98.6 millj. kr. Sundurliðun kemur fram í brtt. n. Ferjubryggjur hækki um 375 þús. kr. Hafnabótasjóður, framlag hækki um 3 millj. 943 þús. kr. Sjóvarnargarðar hækki um 3 millj. 36 þús. kr. og verði 4 millj. 80 þús. kr., en sundurliðun kemur fram í brtt. fjvn. Liðurinn Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar falli niður, en upphæðin er felld saman við liðinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur.

Siglingamálastofnun ríkisins: Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. Á móti komi jafnmikil hækkun á skipaskoðunargjaldi, sem fram kemur í 3. gr. fjárlaga.

Sjóslysanefnd: Nýr liður: Til einstaklinga og samtaka verði 110 þús. kr.

Flugmálastjórn: Framlag til Flugvalladeildar hækki um 5 millj. kr. og verði 19 millj. 583 þús. kr., en þar er um að ræða viðhald á flugvöllum. Framkvæmdir á flugvöllum hækki um 4 millj. 875 þús. kr. og verði 46 millj. 250 þús., sem skiptist eins og sýnt er í tillögum fjvn.

Ýmis framlög: Liðurinn Flugbjörgunarsveitir hækki um 100 þús. kr. Slysavarnafélag Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa hækki um 68 þús. kr. og verði 1 millj. 293 þús. kr. Nýr liður: Fræðsluefni um öryggismál sjómanna verði 300 þús. kr., en þetta fé er sérstaklega ætlað til að kaupa myndefni um öryggismál sjómanna og dreifa því til skipa.

Iðnrn.

Iðntæknistofnun Íslands: Liðurinn Iðntækniþjónusta hækkar um 640 þús. kr., verður 13 millj. 137 þús. kr. Þar af verði 270 þús. kr. vegna launa eins ráðgjafa í yfir-

borðsmeðhöndlun. Á móti hækki sértekjur um 200 þús. kr.

Iðja og iðnaður, framlög: Liðurinn Iðnráðgjafar hækki um 420 þús. kr. vegna yfirvinnu iðnráðgjafa sem starfar á vegum landshlutasamtaka.

Og þá er komið að síðustu till. Hún er hjá viðskrn.

Aðalskrifstofa: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 20 þús. kr., en þar er um að ræða Neytendasamtökin.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur starfað á venjubundinn hátt á þessu hausti og haldið sínu starfsama striki þrátt fyrir þá óvissu sem forustuleysi ríkisstj. hefur haft í för með sér á störf Alþingis. Enn hefur nefndin ekki fengið í hendur fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, sem þó eru fyrirmæli um í lögum að skuli liggja fyrir samtímis fjárlagafrv., en ógerningur er að gera sér grein fyrir heildarumsvifum og áhrifum ríkisfjármálanna á þjóðarbúskapinn nema svo stefnumótandi upplýsingar liggi fyrir, eins og ég benti á hér í umr. um þingsköp áðan.

Hér er síður en svo við meðnm. úr fjvn. að sakast. Þeir hafa gert sitt besta til að fá þessar upplýsingar. En ríkisstj. virðist ekki fær um að taka þær ákvarðanir sem þarf í þessu sambandi. Við minnihlutamenn þökkum formanni nefndarinnar og meðnm. okkar öllum fyrir ánægjulegt samstarf, lipurð og umburðarlyndi í okkar garð. Hagsýslustjóra og ritara n. þökkum við aðstoð og veittar upplýsingar.

Fjvn. flytur öll að venju sameiginlegar tillögur til breytinga á frv., með fyrirvara af hálfu minni hl., sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Minni hl. er á hinn bóginn algerlega andvígur stefnu frv. og þeirri efnahagsstefnu ríkisstj. sem það endurspeglar. Á undanförnum þingum hef ég rætt almennt um efnahagsstefnu ríkisstj. við 2. umr. fjárl. auk ríkisfjármálanna. Að þessu sinni mun ég beina athyglinni sérstaklega að ríkisfjármálunum, bæði vegna þess að fjárlagafrv. er að þessu sinni í engu samræmi við raunveruleikann, ef marka má stefnu og yfirlýsingar ríkisstj. sjálfrar, og auk þess er búist við almennum umr. um efnahagsmál í sambandi við afgreiðslu brbl. ríkisstj. frá Ed. nú næstu daga, og þá mun e. t. v. gefast tækifæri til að gera almenna úttekt á þeirri haldlitlu og öfugsnúnu stefnu niðurtalningar og hafta sem ríkisstj. hefur fylgt í efnahagsmálum.

Í tekjuáætlun fjárlagafrv. er gert ráð fyrir minni tekjum að raungildi en ríkissjóður hefur haft, af ástæðum sem ég kem að síðar. Á hinn bóginn er það yfirlýst stefna ríkisstj. í þjóðhagsáætlun að draga ekki úr samneyslu og auka rekstrarútgjöld að raungildi á sumum sviðum. Við minnihlutamenn höfum látið reikna hvað þessi stefna þýðir í ríkisútgjöldum og hvort tekjur nægi á árinu 1983 til þess að framfylgja henni. Byggt er einfaldlega á framreikningi ríkisreiknings fyrir árið 1981, sem er síðasta og besta vitneskja um raunverulegt umfang ríkiskerfisins. Þá kemur í ljós að nálægt 1 000 millj. kr. skortir á að endar náist saman. Svo óraunhæf er útgjaldaáætlun frv., ef taka á mark á stefnu ríkisstj., þeirri stefnu sem hún hefur verið sérstaklega trú, að auka sífellt eyðsluútgjöld ríkissjóðs. Þetta kemur fram í fskj. með nál. okkar, en þar er birt nýtt frv. til fjárlaga fyrir árið 1983, sem er byggt á stefnuyfirlýsingum ríkisstj. sjálfrar og raunhæfum verðlagsforsendum, byggðum á framreikningi Þjóðhagsstofnunar á líklegum verðbreytingum milli áranna 1982 og 1983.

Ekki þarf að taka fram að hér er ekki um frv. að ræða, sem felur í sér stefnu sjálfstæðismanna í ríkisfjármálum, þvert á móti. Þetta er frv. sem sýnir svart á hvítu að það umfang, sem ríkisstj. hefur komið ríkisbúskapnum í, og þau áform hennar að halda óbreyttri samneyslu kosta einfaldlega miklu meira en frv. gerir ráð fyrir. Það er því óraunhæft pappírsplagg og ætlað að dylja raunverulegan halla á ríkisbúskapnum.

Megineinkenni þessa frv. eru hin sömu og verið hafa í ríkisfjármálum í tíð núv. ríkisstj. og raunar einnig í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Ómenguð vinstri stefna hefur setið í fyrirrúmi á þessu mikilvæga sviði þjóðarbúskaparins eins og víðar. Raunar er það svo, að ekki hefur síður hallað á ógæfuhliðina nú síðustu árin, enda Alþb. og framsóknarmenn með forræði 10 ráðuneyta af 13 og Alþb. með ríkisfjármálin í sínum höndum.

Í þessu sambandi má enn minna á orð formanns þingflokks Alþb. í Þjóðviljanum. Þar sagði hann orðrétt með leyfi hæstv. forseta:

„Efnahagsstefna ríkisstj. ber mjög svip þeirrar afstöðu sem Alþb. hefur haft síðan 1978. Sú afstaða varð undir í ríkisstj. 1978—1979 (vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar). Nú hefur hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþb. og árangurinn er að koma í ljós.“

Vinnubrögð við gerð fjárlaga og stjórn ríkisfjármála hafa verið losaraleg, ruglingsleg og ómarkviss, eins og vill verða undir stjórn vinstri flokka.

Verðlagsforsendur fjárlagafrv. hafa verið vísvitandi rangar. Útgjöld fjárlagafrv. hafa verið áætluð á grundvelli gildandi fjárlaga, en ekki tekið mið af raunverulegu umfangi og útgjöldum. Síðan hefur verið gripið til þess ráðs að veita aukafjárveitingar þegar komið hefur í ljós að viðkomandi fjárlagaliður reynist markleysa — ýmist hreinlega vanáætlaður eða verðbólga hefur reynst meiri en gert er ráð fyrir við gerð fjárlaga.

Það gefur auga leið að í 50—60% verðbólgu, sem ávallt hefur reynst miklu meiri en svonefndar reiknitölur fjárlagafrv. hafa gert ráð fyrir, bitnar þetta ráðslag þungt á raungildi framkvæmdaliða, enda hafa þeir liðir lækkað ár eftir ár að raungildi eins og fylgt hafi verið þaulhugsaðri niðurtalningarformúlu. Á því sviði hefur niðurtalningin tekist.

Þegar þannig er staðið að fjárlagagerð er ríkisvaldið í raun og veru að svipta sjálft sig því mikilvæga stjórntæki sem raunsæ fjárlög eru hverju sinni. Sama gildir um lánsfjárlög. Þau fjalla þó að verulegu leyti um framkvæmdir. Í þeim er oftast gert ráð fyrir fastri krónutölu. Þess vegna eru rangar verðlagsforsendur þeim mun verri við gerð lánsfjárlaga en almennra fjárlaga. Og í samræmi við það er gildi þeirra sem stjórntækis rýrt þeim mun meir sem fáránlegar er haldið á verðlagsforsendum þeirra.

Þessi vinnubrögð einkenna ekki síst frv. til fjárlaga fyrir árið 1983. Það er hreinlega gripið til þess ráðs að áætla vísvitandi of lágar upphæðir til rekstrar og viðhalds þess ríkisbákns sem ríkisstj. hefur þanið kerfisbundið út og gert er ráð fyrir að viðhalda eða auka samkv. forsendum í þjóðhagsáætlun og grg. fjárlagafrv. Þetta virðist gert, eins og ég sagði áðan, til þess að dylja að raunverulega vantar rúman milljarð kr. á að endar nái saman í frv., ef framangreind markmið ríkisstj. um umfang ríkisbúskaparins eiga að nást.

Ástæðan fyrir þessari vöntun er einfaldlega sú, að í

tekjuáætlun er ekki gert ráð fyrir því, að sú gífurlega eftirspurnarþensla haldist sem valdið hefur vaxandi innflutningi hátollavöru, aukinni veltu og viðskiptahalla, sem mætt hefur verið með gífurlegri eyðsluskuldasöfnun erlendis.

Því miður er þó ekki horfið algerlega frá þessari óheillabraut. Á næsta ári er samkv. þjóðhagsspá ríkisstj. stefnt að því, að þjóðarútgjöld verði meiri en tekjur, viðskiptahalli verði verulegur og eyðsluskuldasöfnun haldi áfram. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður „hagnist" enn á næsta ári á þessu háttalagi, þótt í minna mæli sé en verið hefur.

Gengisstefna ríkisstj. hefur leitt til útsölu á gjaldeyri misserum saman, stóraukins viðskiptahalla og eyðsluskulda, er stefnt hafa fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í fullkomna tvísýnu. Þessi ranga gengisstefna hefur vegna mikils innflutnings umfram útflutning valdið tekjuauka hjá ríkissjóði sem nemur miklum fjárhæðum undanfarin ár. Efnahagssjúkdómur þjóðarinnar verður þannig að tekjuuppsprettu ríkissjóðs.

Um þetta segir svo í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 15. mars s. l.:

„Á síðasta ári var þróun ríkisfjármála með þeim hætti, að töluverður greiðsluafgangur var á ríkissjóði, hann bætti stöðu sína við Seðlabankann. Meginástæða þessarar útkomu var mikil tekjuaukning, einkum af aðflutningsgjöldum og söluskatti vegna mikils innflutnings."

Sama þróun hefur átt sér stað fyrstu mánuði yfirstandandi árs. Í þjóðhagsáætlun, sem var lögð fyrir Alþingi í haust af hæstv. forsrh., segir svo um framvindu ríkisfjármála:

„Tímabilið janúar-ágúst í ár voru innheimtar tekjur um 50% meiri en á sama tíma í fyrra og var það umfram hækkun verðlags á þessu tímabili, vegna mikillar veltu og innflutnings fyrstu mánuði ársins."

Þar segir einnig:

„Tímabilið janúar-ágúst í ár var innheimtur söluskattur 63% meiri en í fyrra og tolltekjur 73% meiri. Á sama tíma var útgjaldaaukningin 58%."

Að mati sérfróðra manna má áætla að tekjuauki ríkissjóðs vegna umframeftirspurnar eftir innflutningi og óvenjumikillar veltu 1981 og það sem af er þessu ári hafi a. m. k. numið um 800 millj. kr.

Á árinu 1981 og 1982 er talið að viðskiptahalli við útlönd verði hvorki meira né minna bæði árin en um það bil 5 000 millj. kr. á verðlagi ársins í ár. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu í ár. Greiðslubyrði erlendra lána er að verða svo þung að Seðlabankinn áætlar að hún muni nema 25% af útflutningstekjum á næsta ári, m. a. vegna óreiðu- og eyðslulána sem taka þarf til þess að fleyta atvinnuvegunum og jafna viðskiptahalla.

Þannig hafa upplausn og óstjórn í efnahagsmálum, þótt mótsagnakennt sé, valdið því, að ríkissjóður hefur verið í formlegu jafnvægi 1981 og sýnist ætla að verða það nokkurn veginn á þessu ári. Ef ríkissjóður hefði á hinn bóginn ekki fengið þessar tekjur væri bullandi greiðsluhalli á ríkissjóði. Skuldir hans hafa aukist um 700—800 millj. þrátt fyrir stórfelldar skattahækkanir ár eftir ár.

Skal nú vikið að megineinkennum á stefnu frv. til fjárlaga fyrir árið 1983, en þau eru flest hin sömu og einkennt hafa stefnuna í ríkisfjármálum í tíð núv. ríkisstj. og raunar einnig í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Ég fjalla nánar um þessi atriði síðar, en megineinkennin í stuttu máli eru þessi:

1. Í frv. eru vísvitandi rangar verðlagsforsendur. Samkv. þjóðhagsáætlun er markmið ríkisstj. að verðbólgan verði 40—50% frá upphafi til loka árs 1983. Verðbólgan verður á árinu 1982 um 62% frá upphafi til loka árs. Þetta þýðir að meðalhækkun milli áranna 1982 og 1983 verður ekki undir 50%. Það er reikningslega útilokað. Reiknitala frv. er á hinn bóginn 42%. Hún er því ekki í neinu samræmi við bjartsýnar verðbólguspár ríkisstj. á árinu 1983, sem engin skýring hefur fengist á hvernig eigi að ná fram. Hér er um vísvitandi rangar verðlagsforsendur við fjárlagagerðina að ræða eins og undanfarin ár.

2. Óbreytt skattastefna leiðir enn til skattahækkunar. Þannig á að þrengja að heimilunum bæði með skattahækkun og annarri kjaraskerðingu sem felst í brbl. ríkisstj. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður sýni gott fordæmi og rifi seglin. Almenningur á einungis að herða sultarólina.

Skattar í heild til ríkis og sveitarfélaga eru nú áætlaðir 38% af þjóðarframleiðslu. Þetta hlutfall var 31.6% árið 1977. Hækkunin er 6.4% á valdatíma vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og núv. ríkisstj. Þetta svarar til 2 660 millj. kr. eða fjárhæðar sem nemur 57 800 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Miðað er við verðlag fjárlagafrv. 1983.

Á valdatíma núv. ríkisstj. hafa skattar til ríkisins eins hækkað um 3.1% af þjóðarframleiðslu. Þetta jafngildir 1 290 millj. kr. eða 28 000 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu á verðlagi fjárlagafrv. fyrir árið 1983. Á sama tíma hækkuðu skattar til sveitarfélaga um 0.3—0.4% af þjóðarframleiðslu, þ. e. 166 millj. kr. Samtals er skattahækkunin á þessum þremur árum í tíð núv. ríkisstj. því 31 600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

Þriðja megineinkennið er að eyðsluútgjöld ríkissjóðs aukast eitt árið enn langt umfram gefnar verðlagsforsendur og eru þau þó vanáætluð víða miðað við það umfang sem ríkisreksturinn er kominn í, svo sem áður segir. Ríkisumsvifin eru aukin ár frá ári. Þannig eru rekstrarútgjöld hækkuð um 65% eða langt fram úr þeirri reiknitölu sem frv. er miðað við, 42%.

Fjórða megineinkennið er að niðurgreiðslur og millifærslur eru langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Sú ákvörðun að auka niðurgreiðslur um 6 prósentustig í framfærsluvísitölu fyrri hluta ársins í ár var nánast eina úrræði ríkisstj. gegn verðbólgu á þeim tíma. Það kostar 800 millj. kr. að greiða eingöngu þessi 6% niður á næsta ári á verðlagi fjárlagafrv. Áður var greitt niður sem svaraði rúmlega 5% í verðbótum á laun. Það er því ljóst, að ríkisstj. hefur gefist upp á þessu bjargráði sínu, og verði krónutöluhækkun ekki á niðurgreiðslum á næsta ári en verðbólga svipuð og gert er ráð fyrir í spám, verða niðurgreiðslur ekki meiri en þær voru þegar þessar ákvarðanir voru teknar. Þessi saga hefur endurtekið sig með stuttu millibili frá því í des. 1978. Niðurgreiðslur hafa verið stórauknar af og til, en jafnharðan gefist upp á að afla fjár til þess að standa undir slíkum „efnahagsúrræðum", ef efnahagsúrræði skyldi kalla.

Fimmta meginatriðið er að árlegur niðurskurður á raungildi fjárveitinga til verklegra framkvæmda heldur áfram og nú enn frekar en áður. Sama gildir um framlög til sjóða og atvinnuvega. Sem dæmi má nefna að raungildi framlaga til hafna, grunnskólabygginga og íþrótta-

mannvirkja, en það eru mannvirki sem minni sveitarfélög í landinu eru flest að glíma við, hefur verið skorið niður í 65 ef miðað er við 100 árið 1978. Fjárveitingar til verklegra framkvæmda hækka samkv. frv. um 31% frá gildandi fjárlögum, en rekstur, eins og áður segir, um 65%.

Sjötta meginatriðið er að lántökur eru auknar og enn eru ný lán tekin til greiðslu óreiðuskulda. Augljóst er á grg. frv. að ríkisstj. hefur gefist upp á að sýna áformaðar lántökur til A- og B- hluta kerfisins. Í því efni er vísað til væntanlegrar lánsfjáráætlunar. Á þessu sviði eru því miður ekki öll kurl komin til grafar í frv. Í þessu sambandi er athyglisvert að samkv. upplýsingum frá Seðlabankanum hafa erlendar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana hækkað úr 3 345 millj. kr. árið 1977 í 4 839 millj. 1981, reiknað á föstu gengi. Þetta er aukning erlendra skulda ríkisbúskaparins um 45% á föstu gengi.

Þessi sex framangreind meginatriði um stefnu eða stefnuleysi í ríkisfjármálum undanfarin ár eru gamalkunn. Þessi saga hefur endurtekið sig ár eftir ár. Nú horfir á hinn bóginn þannig við, að þegar draga þarf saman seglin og ríkissjóður fær minni tekjur af umframeyðslu og þjóðarútgjöldum, sem fara fram úr þjóðartekjum, þá verður sú mynd skýrari hvernig ríkisfjármálin eru í raun byggð á sandi. Greinilega kemur þá í ljós eitt megineinkenni á stefnu og störfum ríkisstjórna sem fylgja vinstri stefnu. Þær bregða fyrir sig hverjum blekkingarhjúpnum eftir annan. Fjárlagafrv. fyrir árið 1983 er óbrotgjarn minnisvarði um þessi vinnubrögð.

Ég vík þá aðeins nánar að verðlagsforsendum frv. Í fyrsta fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj., frv. fyrir árið 1980, segir svo orðrétt:

„Í stjórnarsáttmálanum eru boðaðar eftirtaldar aðgerðir í verðlagsmálum í því skyni að draga úr verðbólgu:

Verðlagshækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóv. 5%."

Áfram er haldið í grg. frv. og nákvæmlega tíundað hvernig niðurtalningarformúlan hljóðaði í stjórnarsáttmálanum. Síðan segir í grg. frv.:

„Í samræmi við þetta er frv. miðað við það að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979–1980 verði 45–46%."

Hér er það alveg skýrt að stefna ríkisstj. í verðlagsmálum er lögð til grundvallar verðforsendum sem fjárlagafrv. hvíldi á.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1981 er komist ofurlítið óljósar að orði. Þar segir í 4. lið þegar verið er að ræða meginforsendur frv.:

„Verðlagshækkanir frá miðju árinu 1980 til miðs árs 1981 verði um 42%, sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur um skeið."

Í þriðja fjárlagafrv. ríkisstj., fyrir árið 1982, hefur ríkisstj. fyrir alvöru „undanhald samkv. áætlun" í þessum efnum. Þar er með öllu horfið frá því að stefna að ákveðnu verðbólgumarkmiði sem fjárlög síðan hvíli á. Þar segir orðrétt:

„Reiknitala fjárlagafrv. varðandi hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli áranna 1980 og 1982." Á þessu herrans ári er hin svokallaða reiknitala uppgötvuð.

Í fjórða frv. ríkisstj. til fjárlaga, fyrir árið 1983, er ekki lengur talað um „hugsanlega hækkun verðlags og launa." Þar segir orðrétt:

„Reiknitala fjárlagafrv. er miðuð við 42% hækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Rétt er að minna á að reiknitala fjárlaganna hefur aldrei verið verðbólguspá fyrir komandi ár."

Af því sem ég hef lesið hér úr greinargerðum fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. má sjá að það er ekki rétt sem segir í aths. fjárlagafrv. um verðlagsforsendur. Það gerðist nefnilega nokkurn veginn samtímis að ríkisstj. gafst upp við að hamla gegn verðbólgunni og að miða við ákveðið verðbólgumarkmið sem fjárlögin yrðu byggð á.

Þegar verðbólga er svo mikil sem raun ber vitni verða bæði fjárlög og lánsfjárlög, sem byggjast á óraunhæfum verðlagsforsendum, hrein markleysa. Upp hafa verið teknar aðferðir sem byggjast á fjárlögum til þess að fylgjast með útgjöldum einstakra ráðuneyta og stofnana. Gerðar eru greiðsluáætlanir á grundvelli fjárlaga. Síðan er fylgst í tölvubókhaldi með framkvæmd þessara áætlana. Laun eru jafnan verðbætt að nokkru, en önnur rekstrarútgjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður ekki. Ef laun hækka meira en verðlagsforsendur fjárlaga ganga þau út yfir aðra rekstrarliði og gjaldfærðan stofnkostnað. Augljóst er því að þeim mun betri sem verðlagsforsendur eru þeim mun betra stjórntæki eru fjárlög og sú greiðsluáætlun sem á þeim byggist. Það er því alveg út í hött að tala um að reiknitala eða verðlagsforsendur fjárlagafrv. skipti ekki verulegu máli.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1983 er byggt á þeirri forsendu að verðlag hækki um 42% að meðaltali milli áranna 1982 og 1983, eins og áður segir. Þessi verðlagsforsenda er allt of lág og ekki í samræmi við neinar spár um þróun verðlags milli áranna 1982 og 1983 né heldur í samræmi við yfirlýst verðbólgumarkmið ríkisstj.

Nú liggur fyrir að framreiknuð framfærsluvísitala frá upphafi til loka þessa árs sýnir um það bil 62% hækkun og byggingarvísitala 64–65% hækkun. Ef taka ætti mark á markmiði ríkisstj. um 40–45% verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs, þá getur meðalhækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983 ekki verið undir 50%. Önnur niðurstaða er reikningslega útilokuð. Verðlagsforsenda fjárlagafrv. er því hreinlega úr lausu lofti gripin.

Í þjóðhagsáætlun er spáð 58% verðlagshækkun framfærsluvísitölunnar milli áranna 1982 og 1983. Í nýjum framreikningi Þjóðhagsstofnunar, sem fram kemur í bréfi til fjh.- og viðskn. Ed., dags. 26. nóv. s. l., kemur fram að Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir meiri verðbólgu en í þjóðhagsáætlun. Hún gerir nú ráð fyrir 60–63% meðalhækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Þær spár, sem gefnar hafa verið út af einkaaðilum, gera yfirleitt ráð fyrir meðalhækkun um eða yfir 70%. Spá Vinnuveitendasambands Íslands gerir t. d. ráð fyrir 69.1% meðalhækkun framfærsluvísitölu milli ára og spá Sambands ísl. samvinnufélaga gerir ráð fyrir rúmlega 70% hækkun. Flest opinber fyrirtæki gera sömuleiðis ráð fyrir 60–70% verðbólgu á næsta ári og á Spástefnu Stjórnunarfélagsins, sem haldin var nýlega, talaði forstjóri Þjóðhagsstofnunar um 60–80% verðbólgu.

Það liggur því ljóst fyrir að enginn aðili í þjóðfélaginu treystir sér til að taka mark á verðbólgumarkmiði ríkisstj. Í því frv. sem þessi sama ríkisstj. leggur fyrir Alþingi er ekki gert ráð fyrir 40–50% verðbólgu, eins og ríkisstj. hefur að markmiði, heldur aðeins 20% frá ársbyrjun til ársloka. Svo óraunhæfar og beinlínis hlægilegar eru verðlagsforsendur þessa frv.

Ríkisstj. hefur gumað mjög af hallalausum ríkisrekstri og minnkandi skuldum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Í raun er þessu öfugt farið. Sá þáttur ríkisfjármálanna sem nefndur er A-hluti hefur verið í formlegu jafnvægi á árunum 1980 og 1981 vegna mikilla umframtekna ríkissjóðs af innflutningi og veltu í þjóðfélaginu, vegna þess að þjóðarútgjöld hafa farið langt fram úr tekjum, þ. e. þjóðin hefur eytt um efni fram. Stefna ríkisstj. hefur ýtt undir þessa óheillaþróun, eins og ég hef áður rökstutt. Því má slá föstu, að raunverulegur halli ríkissjóðs þessi tvö ár og á yfirstandandi ári nema a. m. k. 1 000 millj. kr., þar af 800 millj. kr. í fyrra og í ár.

Þessu til viðbótar hefur ríkisbúskapurinn í heild verið rekinn með auknum lántökum. Erlendar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana hafa hækkað mjög ár frá ári, reiknað á föstu gengi, og ennþá meira ef ríkisfyrirtæki eru tekin inn í dæmið. Þannig voru löng erlend lán til hins opinbera 35% hærri í Bandaríkjadollurum í árslok 1981 en í árslok 1978 og 18% hærri en í árslok 1979.

Fjárfesting hefur á hinn bóginn dregist saman að magni til og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á þessu tímabili. Á þessu ári er áætlað að fjárfesting nemi 25.1% af þjóðarframleiðslu og þetta hlutfall hefur ekki verið jafnlágt frá árinu 1969. Þetta gefur til kynna að eyðsla í ríkiskerfinu hefur aukist. Eftir hefur staðið síminnkandi hluti fjármagns til fjárfestingar, sem þó hefur verið haldið uppi með lántökum, þ. á m. erlendum lántökum.

Skuldastaða ríkissjóðs við einn lánardrottna sinna, þ. e. Seðlabankann, sem fjmrh. hælir sér af að hafa bætt, segir því enga sögu. Raunar gefur það alranga mynd af raunveruleika ríkisbúskaparins að halda slíkri blekkingu að fólki.

Þegar þetta „kreppufrv." til fjárlaga fyrir árið 1983, svo að notuð séu orð fjmrh., er skoðað kemur þessi beiski veruleiki ennþá betur í ljós.

Tekjur frv. eru áætlaðar á þeim forsendum, að þjóðin eyði og fjárfesti minna (þjóðarútgjöld minnki) umfram þjóðartekjur og viðskiptahalli verði minni en í ár. Þetta dregur úr tekjum ríkissjóðs af umframeyðslu. Þess vegna er úr minni ríkistekjum að spila samkv. fjárlagafrv. en verið hefur undanfarin óstjórnarár.

Þá er gripið til örþrifaráða. Margir mikilvægir útgjaldaliðir eru stórlega vanáætlaðir miðað við umfang ríkisbúskaparins eins og hann er orðinn undir stjórn núverandi valdhafa. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar og aths. í fjárlagafrv. skortir til að mynda 10.2% á að raungildi samneyslu sé það sama og samkv. ríkisreikningi fyrir árið 1981.

Í þjóðhagsáætlun er spáð óbreyttri samneyslu á næsta ári, en hún jókst um 2% í ár frá 1981. Séu tölur úr ríkisreikningi árið 1981, sem sýna samneyslu á því ári, framreiknaðar og leiðréttar vegna flutnings tveggja sjúkrahúsa og fjögurra heilbrigðisstofnana af daggjaldakerfi yfir í A-hluta kemur eftirfarandi í ljós:

Á samneyslunni í heild munar hvorki meira né minna en 566 millj. kr. eða 10.2%, eins og ég sagði áðan. Laun eiga samkv. þessu að lækka að raungildi í frv. 1983 um 3.4% á sama tíma sem ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað. Önnur rekstrargjöld eiga að lækka að raungildi um 30%, miðað við framreikning frá 1981, og viðhald um 24.2%.

Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 15% að raungildi í frv. miðað við ríkisreikning 1981. Þessi lækkun þýðir vitaskuld verulegan niðurskurð á framkvæmdum og fjárfestingu. Niðurgreiðslur eru óbreyttar frá 1981, en lækka um 30% að raungildi miðað við árið í ár. Þetta samrýmist illa fyrri yfirlýsingum ríkisstj. um lækkun verðbólgu með þessu uppáhaldsbjargráði, en það var eina lausnin sem á dagskrá var frá áramótum og fram yfir sveitarstjórnarkosningar í vor.

Að formi til ætlar ríkisstj. að láta líta svo út að síðustu fjárlög hennar séu í jafnvægi, því að þetta eru fjárlög sem viðtakandi ríkisstj. þarf að framkvæma og bera ábyrgð á. Gripið er til framangreindra blekkingaraðferða og „niðurskurðar", sem sýnist „ekta" á pappírnum. Öðru máli gegnir um framkvæmdir og framlög til atvinnuvegasjóða. Í þeim efnum er skorið niður í fullu samræmi við fyrri stefnu og gerðir ríkisstj.

Ég vík þá nánar að þróuninni í skattamálum undanfarin ár. Vinstri stjórnin hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka tekju- og eignarskatta haustið 1978. Þessar hækkanir hafa haldist síðan og aukist. Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: Gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskatt um 2%, úr 20 í 22%, haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Hún hóf þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir, sem hefur aukist síðan án þess að sem nokkru nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núv. ríkisstj. hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjald er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald" sem í raun er 1.5% söluskattur. Þá hefur hún lagt á tollafgreiðslugjald og skatt á innlánsstofnanir auk þess sem hún hefur hækkað vörugjald nú nýverið með brbl.

Ég vil rekja hér í stuttu máli samandreginn skattreikning Alþb., Framsfl. og raunar Alþfl. til þjóðarinnar, en Alþfl. ber auðvitað ábyrgð á hluta þess skattreiknings vegna skattaálaga vinstri stjórnarinnar. Þessi viðbótarskattreikningur liti einhvern veginn þannig út á verðlagi 1983: Hækkun eignarskatta og tekjuskatta að frádreginni lækkun sjúkratryggingagjalds 650 millj. kr. Hækkun söluskatts 516 millj. kr. Hækkun vörugjalds 470 millj. kr. Gjald á ferðalög 45 millj. kr. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði 49 millj. kr. Verðjöfnunargjald á raforku 38 millj. kr. Skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir 349 millj. kr. „Orkujöfnunargjald", sem er 1.5% söluskattur, 288 millj. kr. Gjald í Framkvæmdasjóðs aldraðra 28 millj. kr. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð 150 millj. kr. Tollafgreiðslugjald 62 millj. kr. Skattur á innlánsstofnanir 50 millj. kr.

Frá dregst: Niðurfelling söluskatts á matvörur, lækkun tolla og launaskatts um 480 millj. kr.

Samtals er þessi aukaskattreikningur að upphæð 2 245 millj. kr.

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, Úr þjóðarbúskapnum, nr. 13, frá mars s. l., segir svo:

„Álagning beinna skatta ríkisins á einstaklinga á árinu 1982 er samkv. fjárlögum talin hækka um 52% frá árinu 1981, og álagðir skattar til sveitarfélaga munu líklega hækka heldur meira. Á þeim forsendum um þróun tekna á árinu 1982, sem áður var getið, hefði þetta í för með sér aukna skattbyrði og ráðstöfunartekjur hækkuðu því minna en tekjur fyrir skatt."

Þetta er í algeru ósamræmi við það sem fjmrh. og forráðamenn ríkisstj. héldu fram við umr. um fjárlög í fyrra og skattamál á síðasta þingi, en þá var sagt að ekki

væri meiningin að auka skattbyrðina.

Í aths. í fjárlagafrv., sem hér er til umr., kemur fram að innheimtur tekjuskattur verður líklega liðlega 70 millj. kr. hærri en fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir.

Skattbyrði beinna skatta hefur farið jafnt og þétt hækkandi frá árinu 1977. Eignarskattar voru til að mynda 1977 einungis 0.29% af tekjum greiðsluárs, en verða í ár um 0.51%. Þetta er nærri tvöföldun á skattbyrði eignarskatta. Tekjuskattar voru árið 1977 einungis 3.9% af tekjum greiðsluárs, en verða í ár liðlega 6%. Þetta er rúmlega 50% aukning á skattbyrði tekjuskatts.

Þá vil ég víkja nánar stuttlega að samdrætti raungildis fjárveitinga til framkvæmda og sjóða. Samkv. frv. er þeirri stefnu haldið áfram, eins og ég sagði áðan, að skera niður raungildi fjárveitinga til framkvæmda og framlög til fjárfestingarlánasjóða og sjóða með félagsleg markmið. Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að dregið sé úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða sem lána fé sitt verðtryggt með eðlilegum vöxtum. Á hitt ber að líta, að þessi „sparnaður" svonefndi er ekki nýttur til skattalækkunar, heldur til aukinnar eyðslu. Sé talið eðlilegt að lækka framlög til sjóða með félagsleg markmið, t. d. Erfðafjársjóðs, á að sjálfsögðu að gera það með breytingum á lögum. Sé það ekki gert er skatturinn innheimtur á fölskum forsendum.

Í nál. okkar minnihlutamanna er gerð grein fyrir samdrætti fjárveitingar til framkvæmda. Flest sveitarfélög, stór og smá, glíma við að byggja skóla, hafnir og íþróttamannvirki. Þar eru birtar töflur yfir samdrátt þessara fjárveitinga að raungildi undanfarin ár og kemur þar fram mjög skemmtilegt niðurtalningarmynstur á öllum þessum sviðum.

Nýlega mælti samgrh. fyrir till. að nýrri langtímaáætlun í vegagerð. Með henni átti að auka vegaframkvæmdir. Samkv. fjárlagafrv., sem hér er til umr., verður verulegur samdráttur í nýframkvæmdum vega frá því í ár. Samkv. útreikningi fjárlaga- og hagsýslustofnunar minnka nýframkvæmdir vega og brúa úr því að vera 100 1982 í 92 eða 83 á árinu 1983. Fyrri útkoman fæst með því að reikna með verðlagsforsendum frv. (þessari hlægilegu forsendu, 20–22% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári) og hin síðari með venjulegum framreikningi Þjóðhagsstofnunar. Þannig lítur nú út um þennan þátt, sem svo margir hafa áhuga á og sem samstaða skapaðist um hér á Alþingi hver stefnan skyldi vera.

Framlög til fjárfestingarsjóða eru skorin niður eins og jafnan áður en auk þess hafa framlög til ýmissa annarra sjóða, sem ekki beinlínis teljast fjárfestingarsjóðir í venjulegum skilningi, verið skorin niður. Þar er t. d. um að ræða Byggðasjóð, Orkusjóð, Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna svo að dæmi séu nefnd.

Ef litið er á Byggðasjóð, þá er það svo að samkv. lögum um Byggðasjóð skal framlag ríkisins ekki vera minna en svo, að ráðstöfunarfé hans nemi 2% af útgjaldafjárhæð fjárlagafrv. Þetta hefur verið framkvæmt þannig, að beinar fjárveitingar eru nú samkv. frv. einungis rúmur þriðjungur þess sem þær voru að raungildi 1978. Fjárveiting til sjóðsins er samkv. frv. 69.8 millj. kr., en ætti að vera 178 millj. miðað við sama raungildi og 1978.

Sama gildir um fjárveitingar til Orkusjóðs. Frá því að nýja „orkujöfnunargjaldið" var lagt á árið 1980, sem nemur nú 288 millj. kr., hafa fjárveitingar til Orkusjóðs verið skertar verulega að raungildi. Framlagið hækkar að vísu nokkuð í frv. frá því í fyrra, en raungildi þess er miklum mun minna en 1980. Skerðingin nemur yfir 40%.

Ef litið er á fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Fjárveitingar til húsnæðismála í heild hafa verið skornar gífurlega niður á undangengnum árum. Samkv. fyrri lögum áttu 2% af launaskatti að renna í Byggingarsjóð ríkisins og auk þess svonefnt byggingarsjóðsgjald sem var 1% álag á tekju- og eignarskatt og aðflutningsgjöld.

Árið 1979 voru þessir tekjustofnar fyrst skertir, að hluta til með samningum milli launþega og ríkisvaldsins.

Skerðing launaskatts var 620 millj. gkr. 1978 og 3 660 millj. 1980. Árið 1981 var launaskattur felldur niður sem tekjustofn Byggingarsjóðs, en 1% af skattinum gert að sérstökum tekjustofni Byggingarsjóðs verkamanna. Þannig var helmingurinn af þeim launaskatti, sem áður var tekjustofn húsnæðiskerfisins, tekinn í ríkissjóð auk alls byggingarsjóðsgjaldsins. Eftir stendur þó í lögum um launaskatt að 2% hans, af 3.5% alls, skuli renna til húsnæðismála.

Beinar fjárveitingar til beggja sjóðanna hafa verið skornar þannig niður, að fjárveiting er nú helmingur af raungildi þeirra fjárveitinga sem gengu í báða sjóðina 1978. Þótt sérstök fjárveiting, sem mikið er af gumað, 85 millj. kr., sé reiknuð með — en sú ákvörðun var tekin í sambandi við útgáfu brbl. — verður raungildi framlaga úr ríkissjóði til húsnæðismála þriðjungi minna á næsta ári en 1978.

Allur sá mikli niðurskurður sem ég hef hér tíundað hefur ekki verið nýttur til skattalækkunar og lækkunar á ríkisútgjöldum, heldur varið jafnharðan til aukinna eyðsluútgjalda. Framkvæmdafé og framlög til uppbyggingar eru þannig minni og minni þáttur í ríkisútgjöldunum en eyðsluútgjöldin meiri.

Herra forseti. Ein alvarlegasta afleiðingin af óraunsærri fjárlagagerð á undanförnum árum kemur fram í því, að einstakir ráðherrar og ríkisstj. í heild veita hundruð aukafjárveitinga án nokkurs samráðs við Alþingi eða fjárveitingavaldið.

Á fskj. II. í nál. minni hl. er listi yfir slíkar aukafjárveitingar til októberloka í ár. Hér er sumpart um að ræða fjárveitingar vegna rangra verðlagsforsendna og óhjákvæmilegra ástæðna, sumpart vegna beinna ákvarðana sem ríkisstj. tekur án heimildar Alþingis. Samtals nemur þessi fjárhæð 541.8 millj. kr. eða þrefaldri þeirri upphæð sem fjvn. Alþingis fjallaði um við breytingar á fjárlagafrv. við 2. umr.

Dæmi um þessar aukafjárveitingar skulu nefnd. Menntmrn. hefur fengið 80.2 millj., landbrn. 13.6, dóms- og kirkjumálaráðuneytið 21, heilbr.- og trmrn. 61, samgrn. 26.9, iðnrn. 16.9 og viðskrn. 272 millj. kr. Hér er gengið svo langt að segja má að verið sé að svipta Alþingi fjárveitingavaldinu. Erlendis, t. d. í Danmörku, fjallar fjvn. um slíkar aukafjárveitingar. Spurning er hvort ekki þarf að taka upp slík vinnubrögð, ef ekki er unnt að standa betur að fjárlagagerð hverju sinni en gert hefur verið.

Herra forseti. Þetta frv. ber öll merki um að ríkisstj. sé að fara frá og ætli sér ekki að bera ábyrgð á framkvæmd þessara laga. Þess vegna er með ýmsum hætti reynt að fela þá erfiðleika sem blasa við. Jafnframt er reynt að hylja þær tilfærslur á útgjöldum frá fjárfestingu til eyðslu

sem er óumflýjanleg afleiðing þessara vinnubragða.

Frv. til lánsfjárlaga og fjárfestingaráætlun hefur enn ekki séð dagsins ljós hér á Alþingi þrátt fyrir skýlaus lagaákvæði þar að lútandi. Þess vegna er ekki hægt að gera sér nægjanlega góða grein fyrir heildarumfangi ríkisfjármála á næsta ári.

Ágreiningur er innan ríkisstj. um fjölmörg mikilvæg mál, sem snerta efnahagsþróunina á næstu misserum og geta haft veruleg áhrif á forsendur þessa frv. Því miður er sýnt að hér stefnir í ábyrgðarlausa og marklausa fjárlagaafgreiðslu ef allt fer fram sem horfir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að mæla fyrir till. á þskj. 169 sem við 10 sjálfstæðismenn flytjum varðandi fjáröflun til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Ég vil aðeins, áður en ég vík að þessari till., taka fram, sem öllum má vera ljóst, hvers konar plagg það er sem við erum að ræða hér þar sem er frv. til fjárlaga fyrir árið 1983. Það er á margan hátt, eins og hér hefur komið fram áður í umr., með einstökum hætti og ber öll merki þess að ríkisstj. hefur misst öll tök á efnahagsmálum landsins. Þetta frv. er meira og minna óraunhæft. Það kemur fram í mörgum myndum. Ég býst við að það hafi komið fram hjá þm. allra kjördæma eitthvað svipað og komið hefur fram hjá þm. Vestfjarðakjördæmis, þegar við höfum undanfarna daga og vikur verið að velta fyrir okkur með hverjum hætti við ættum að skipta fjárveitingu, sem fallið hefur í hlut kjördæmisins til hinna einstöku málefna.

Ég vil taka það fram að við höfum viðhaft nú sömu vinnubrögð og jafnan áður, að leita eftir fullri samstöðu allra þm. kjördæmisins. Það verður ekki í því efni deilt neitt á stjórnarþm. í þessum efnum. Við höfum allir verið undir sömu sökina seldir og allir orðið að mæta þeim erfiðleikum sem hér er við að glíma, þó að stjórnarliðið beri auðvitað fulla ábyrgð á því hvernig málum er komið.

Ég get nefnt hér eitt atriði sem dæmi um hvers konar ástand þetta er og hvernig málin snúa í þessum efnum að einstökum þm. í mínu kjördæmi. Þá vík ég aðeins að einum málaflokki þar sem eru hafnamálin. Það vildi svo til að á síðasta þingi báru allir þm. Vestfjarða fram till. varðandi hafnarmál í Árneshreppi í Strandasýslu. Í þessari till. okkar var gert ráð fyrir að ríkisstj. léti þegar hefja framkvæmdir við undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu. Það var gert ráð fyrir að gerðar yrðu kostnaðaráætlanir um þessar framkvæmdir og tillögur gerðar um fjáröflun til að standa undir þeim. Það var gert ráð fyrir að stefnt yrði að því að vinna við framkvæmdir gæti hafist vorið 1983. Þetta lögðu allir þm. Vestfjarðakjördæmis til, þ. á m. sá ráðh. sem þessi mál heyra undir, hæstv. samgrh.

Þetta góða mál, þessi góða till. var samþykkt sem þál. frá Alþingi 3. maí s. l. En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir vilja Alþingis, þrátt fyrir till. allra þm. Vestf., þar með talið þess ráðh. sem málið heyrir undir, þá er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í þessar framkvæmdir. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál sérstaklega nema aðeins til að benda á hvernig málin liggja fyrir við afgreiðslu þessara fjárlaga. Þetta er aðeins eitt dæmi.

Hér var af síðasta ræðumanni vikið að orkujöfnunargjaldi sem lagt er á samkv. lögum í þeim tilgangi að jafna hitunarkostnað í landinu. Og það var ekki að ófyrirsynju að vikið væri að þessu máli, vegna þess að fátt misrétti hefur verið meira í þessu landi á undanförnum árum en einmitt misréttið í hitunarkostnaði landsmanna. Og nú vill svo til, að síðan 1980 hafa verið lög í landinu sem hafa gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun í því skyni að bæta úr í þessu efni. En nú kemur það í ljós, eins og hefur komið í ljós á undanförnum árum við afgreiðslu fjárlaga, að svikist er um af hálfu ríkisstj. að verja þessu fé í þeim tilgangi sem lögin gera ráð fyrir. M. ö. o., það hefur verið leikinn sá leikur að leggja á skatt undir fölsku yfirskini. Þetta er ljótur leikur og hann á ekki að viðgangast átölulaust.

Síðasti ræðumaður spurði hvað væri varið miklu af því fjármagni sem kæmi inn, andvirði orkujöfnunargjaldsins, til þess að jafna hitunarkostnað í landinu. Það kemur fram í fjárlagafrv. að gert er ráð fyrir 29 millj. 200 þús. kr. í þessu skyni, og það er til þess að greiða niður olíu til húshitunar. Þetta er það sem ríkisstj. leggur til. Þó hefur ríkisstj. á þessu ári gefið hátíðlegar yfirlýsingar um gagngerðar ráðstafanir til að draga úr mismun upphitunarkostnaðar. Það er gert ráð fyrir að það kosti um 130 millj. á ári að framkvæma þessa yfirlýstu stefnu ríkisstj. En það eru tæpar 30 millj. sem eru ætlaðar í þessu skyni. Þó er það fjármagn, sem kemur inn vegna orkujöfnunargjaldsins, áætlað 308 millj. kr. á næsta ári. Það þyrfti ekki að taka nema 130 millj. af þessum 308 til þess að ríkisstj. stæði við þær yfirlýsingar sem hún hefur hátíðlega gefið. Þá gæti hún tekið afganginn í ríkishítina. En það er ekki nægilegt fyrir ríkisstj. því að hún leggur aðeins til að tæpar 30 millj. fari til að jafna hitunarkostnað í landinu.

Þetta er gott dæmi upp á ástand mála í dag. Þetta er gott dæmi upp á ósvífni stjórnvalda, svo mikla ósvífni að ég held að slíks séu fá dæmi.

En nú ætla ég að koma að öðru dæmi. Það varðar till. þá sem ég ætla að mæla fyrir á þskj. 169 frá okkur 10 sjálfstæðismönnum um fjármögnun til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Það vill þannig til, og á ekki að þurfa að taka það fram, að það eru lög í landinu um skyldusparnað. Samkv. þeim lögum á að verja 2% af launaskatti til Byggingarsjóðs ríkisins. Það eru lög í landinu um þetta og á meðan þessi lög gilda á að framkvæma þetta. Það á að fara fjármagn í Byggingarsjóð sem svarar 2% launaskatts. Það er áætlað að á næsta ári gefi 2% launaskatts 340 millj. kr. Tillaga okkar sjálfstæðismanna á þskj. 169 er um það að þetta fjármagn, sem samkvæmt gildandi lögum á að fara í Byggingarsjóð ríkisins, fari þangað. En í frv. ríkisstj. er einungis gert ráð fyrir að 71.5 millj. kr. sé varið í þessu skyni. Mismuninum á að stela af Byggingarsjóði ríkisins og taka í ríkishítina, verja því fé á annan hátt en lög gera ráð fyrir.

Það er augljóst mál að ekki er hægt að láta óátalið slíkt framferði sem þetta. Með tilliti til þess berum við sjálfstæðismenn fram tillögu um að þetta verði leiðrétt og lögum um launaskatt sé framfylgt. Það er ekki meira sem við förum fram á. En auk þessa er það augljóst og verður ekki mótmælt af neinum, að það er brýn þörf að efla Byggingarsjóð ríkisins á þennan hátt, til þess hann geti sinnt sínum verkefnum. Um það þarf ég ekki að fjölyrða hér og um það ætla ég ekki að fjölyrða hér. Ég verð að óreyndu að gera ráð fyrir því að hér sé um að ræða svo sjálfsagt mál, að ég þurfi ekki að eyða fleiri orðum til að mæla fyrir því.

Ég hygg að það sé ekki stætt á öðru en að samþykkja þessa tillögu, ef menn vilja sýna einhvern snefil af velsæmi í afgreiðslu þessara mála.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég varð að hinkra aðeins við. Ég las það í einu dagblaðanna í dag, blaði sem oft gengur undir nafninu „Blað allra landsmanna", — það var í fréttum héðan frá Alþingi — að hv. 3. þm. Vestf. ætti að mæla fyrir nál. fyrir hönd Alþfl. við þessa umr. Ég taldi því rétt að hinkra við, ef þetta kynni að reynast rétt. En það er kannske eins og oft kemur fyrir í því ágæta blaði ekki alltaf fullt mark á öllu takandi.

Eins og hér hefur komið fram varð í þetta skiptið eins og oft áður raunin sú, að fjvn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. við 2. umr. Eigi að síður eru fluttar sameiginlegar brtt., en minni hl. áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja hugsanlegum brtt. sem fram kynnu að koma.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Ég þakka formanni n. sérstaklega fyrir ágætt samstarf, eins og raunar í öll þau skipti sem ég hef starfað með honum að þessum málum, og einnig meðnm. mínum. Það er ekki heiglum hent að stýra þessu starfi undir því oki sem á formann og kannske meiri hl. fjvn. er lagt við þær kringumstæður sem nú ríkja, en eigi að síður hefur hv. þm. Geir Gunnarsson, eins og venjulega, stýrt því sem að honum snýr í starfinu vel. Ég tek einnig undir þakkir til ritara nefndarinnar og starfsmanns og hagsýslustjóra og starfsmanna hans.

Það er augljóst öllum sem hér eru inni, og þarf í raun og veru ekki að fara mörgum orðum þar um, að við 2. umr. fjárl. fyrir árið 1983 ríkja mjög óvenjulegar kringumstæður á Alþingi — kringumstæður sem kannske eiga ekki sinn líka, þ. e. að ríkisstj. missti starfhæfan meiri hl. til að koma frumvörpum í gegnum aðra þd. á Alþingi. Þetta hefur þær afleiðingar, að um framgang þeirra tekjuöflunarfrv., sem fylgja fjárlagafrv., er allsendis óvíst. Það eitt setur auðvitað það strik í afgreiðslu fjárlaga, auk margs annars, að hér er meira og minna um að ræða pappírsgagn sem ekki hefur við neina raunverulega stoð að styðjast í veruleikanum. Það má segja að ríkisstj. getur að nafninu til fengið afgreitt fjárlagafrv. í Sþ., en þau tekjuöflunarfrv., sem því verða að fylgja og óafgreidd eru, er allsendis óljóst um, hvort þau ná fram að ganga í þinginu, þannig að þetta fjárlagafrv., sem er nú rætt við 2. umr. á Alþingi, stendur á brauðfótum.

Það er auðvitað grundvallaratriði, og ég geri ráð fyrir að öllum sé það ljóst og allir séu sammála um það, að við afgreiðslu fjárlaga sé tryggður meiri hl. til afgreiðslu allra teknaþátta að því er fjárlögin varðar. Það liggur alls ekki fyrir nú.

Hæstv. ráðh. hafa sumir hverjir gefið þessu fjárlagafrv. ákveðið heiti. Þetta er kreppufrv., segja þeir. Hæstv. fjmrh. hefur sagt þetta og hæstv. samgrh. — kreppufjárlög fyrir árið 1983. Það er út af fyrir sig rétt, að í ýmsum mikilvægum þáttum er hér um kreppufjárlög að ræða, verði þau afgreidd á þeim nótum sem hér er lagt til. Það er þó ekki um að ræða kreppu að því er varðar þann þátt fjárlagaafgreiðslunnar eða fjárveitinga sem snýr að ráðh. sjálfum, þ. e. ráðuneytunum. Þar ætla hæstv. ráðherrar að taka drjúgum meira sér til handa en öðrum er ætlað í fjárveitingu til ýmissa framkvæmda, þjónustu og annars slíks í fjárlagafrv.

Það hefur gerst undanfarið, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar hafa beint umr. um efnahagsmálin og það öngþveiti, sem stjórnarstefnan er komin í, og hefur hún raunar beðið skipbrot, inn á þær brautir að allt sé utanaðkomandi aðstæðum að kenna, utanaðkomandi áhrifum sem ríkisstjórnin ráði ekki við. Auðvitað er þetta í meginatriðum rangt. Það skal hins vegar viðurkennt, að nokkur utanaðkomandi atriði hafa orðið þess valdandi að heldur hefur syrt í álinn. En í meginatriðum er það ástand sem hér ríkir í efnahagsmálum til orðið vegna rangrar og óskynsamlegrar stjórnarstefnu í efnahagsmálum. Og það skal hér skýrt tekið fram, að sá vandi, sem er vissulega fyrir hendi, verður ekki leystur með sífelldum bráðabirgðaráðstöfunum, eins og t. d. brbl. hæstv. ríkisstj., sem út voru gefin á s. l. hausti, sem eru raunar einvörðungu um að skerða laun hjá launafólki. Vandi efnahagsmálanna verður ekki leystur á þann veg einan að skerða laun hjá hinum almenna launamanni. (**StJ:** Við höfum heyrt þetta áður.) Já, hv. þm. Stefán Jónsson hefur ábyggilega heyrt þetta áður og líklega hefur hann heyrt þetta oftast í eigin þingflokki, ég þykist vita það. (Gripið fram í.) Það er hins vegar æðioft sem vantar samnefnara milli orða og gerða í þeim þingflokki. Það er það sem á skortir. (**VG:** Það er víðar.) Það er víðar, segir hv. þm. væntanlegs flokks, sem hér greip fram í. (**Forseti:** Ég vil biðja menn að vera ekki með samtöl hér.) (**VG:** Af hverju ekki?) Það er mér að meinalausu, herra forseti. Ef mönnum er svona mikið niðri fyrir er það leyfilegt að því er mig varðar. (**Forseti:** Hér er það ekki leyft.)

Það er augljóst, að haldi fram sem horfir að því er varðar stöðu efnahagsmála verður það dökk mynd sem við blasir í þjóðlífinu strax í byrjun næsta árs. Alþfl. hefur lengi hamrað á því að það þurfi gerbreytta stefnu í efnahagsmálum. Þar er um að ræða breytta stefnu til skemmri tíma til þeirra vandamála sem nú þegar blasa við, en einnig breytta stefnu varðandi efnahagsmálin og úrlausnir þar til lengri tíma. Þessi málflutningur Alþfl. hefur ekki fengið þann hljómgrunn sem skyldi, þó að hins vegar örli á því að í sumum tilvikum hafi aðrir stjórnmálaflokkar tekið upp að nokkru leyti baráttumál og tillögur Alþfl., sem hann hefur flutt hér á Alþingi til breytinga, um aðgerðir í efnahagsmálum, gerbreytta stefnu og gerbreytt vinnubrögð.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982, þ. e. fyrir um ári, benti Alþfl. rækilega á þær óraunsæju forsendur sem þá voru lagðar til grundvallar fjárlagaafgreiðslunni fyrir árið 1982. Alþfl. benti rækilega á að vinnubrögð af því tagi sem þá voru viðhöfð væru óraunsæ og raunar óverjandi. Ef við víkjum aðeins að þessu að því er varðar afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 hefur það raunar komið í ljós og sannast að það sem bent var á af hálfu Alþfl. við þá fjárlagaafgreiðslu var hið rétta í málinu. Það var vikið að því aðeins hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, að það hefur komið í ljós að fyrstu 10 mánuði ársins í ár hafa verið sett upp við hliðina á þeim fjárlögum sem Alþingi afgreiðir fjárlög sem kalla mætti ráðherrafjárlög með aukafjárveitingum upp á tæplega 550 millj. kr. á fyrstu 10 mánuðum ársins. Auðvitað verður þetta reynslan ef áfram verður haldið að hafa rangar forsendur undir fjárlagagerðinni.

Það er nauðsynlegt að líta til baka að því er þetta varðar og gera sér grein fyrir því, að það hefur komið allt saman fram sem bent var á við afgreiðslu fjárl. á s. l. ári. T. d. er nú ljóst, að forsendur fyrir árið 1982, sem lagðar voru til grundvallar í fjárlagafrv. ríkisstj. þá um 33% hækkun verðlags milli ára, hafa víðs fjarri staðist. Nú er

orðið ljóst að verðlagshækkanir milli ára eru um 50% og það er æðimikil skekkja, þegar verið er að grundvalla fjárlög ríkisins fyrir heilt ár, og allillt að slík skekkja skuli vera í forsendum sem gefnar eru. Það er því augljóst, að verði haldið áfram á þeirri braut sem nú hefur verið farin verða í gangi meira og minna tvenns konar fjárlög að því er varðar ríkisbúskapinn.

Það er birtur með nál. 2. minni hl. sem fskj. listi yfir þessar aukafjárveitingar og ég hygg að ýmsum leiki forvitni á og hafi gaman af að líta yfir þann lista sem þar er birtur. Ég skal ekki fara út í að taka fyrir einstaka þætti hans, en það er fróðlegt, bæði fyrir þm. og fyrir almenning í landinu, að fylgjast með því hvernig framkvæmdin á sér stað í raun og veru.

Þá er einnig ljóst, eins og bent var á af hálfu Alþfl. við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1982, að útgjöld ríkissjóðs verða í raun miklu meiri en fjárl. gera ráð fyrir í ár. Verðhækkun milli ára 1981 og 1982 er um 50%, en útgjaldaaukning ríkissjóðs er um 58%. Hér er um æðimikinn mun að ræða.

Lítum aðeins á einn þáttinn enn varðandi forsendur þess frv. sem afgreitt var fyrir árið 1982, skattbyrðina. Því var haldið fram sem einni af forsendum fjárlagagerðarinnar fyrir árið 1982, að skattbyrði héldist óbreytt á yfirstandandi ári. Hins vegar hefur komið í ljós að hér var rangt metið, rangt lagt til grundvallar, því að skattbyrði hefur aukist. Það hefur komið í ljós og kemur fram í spá Þjóðhagsstofnunar, ef ég man rétt, að skattbyrði hefur aukist. Það er að vísu ekki tekið fram hversu mikil sú aukning er, en fróðlegt væri að fá um það að heyra hjá hæstv. fjmrh. hversu mikið skattbyrðin hefur í raun og veru aukist, því að fyrir liggur og er viðurkennt að hún er meiri en gert var ráð fyrir.

Enn ein forsenda fyrir afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1982 var sú, að kaupmáttur almennings héldist óbreyttur. Einnig þessi forsenda hefur ekki staðist. Það hefur komið í ljós, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á yfirstandandi ári mun minnka um 1—2%. Haldi fram sem horfir að því er varðar stjórn efnahagsmála og það sem við blasir er allt útlit fyrir að kaupmáttur minnki a. m. k. um 6% á næsta ári.

Það sem hér hefur verið tekið til og auðvitað ótalmargt fleira er augljóst merki þess, að forsendur þess fjárlagafrv. sem afgreitt var haustið 1981 voru rangar, þær voru óraunhæfar. En ef litið er til þessarar reynslu er augljóst að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar því fjárlagafrv. sem nú er til 2. umr. eru enn þá óraunsærri en forsendurnar voru við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1982.

Eins og hér hefur komið fram og margoft hefur verið lýst gefur hin margumtalaða reiknitala, sem menn kalla svo í fjárlagafrv., til kynna 42% verðlagshækkanir milli áranna 1982 og 1983. Ég held að það dyljist engum að það er gersamlega óraunhæft að gera ráð fyrir 42% verðlagshækkun milli áranna í því ástandi sem nú er, enda er það svo, að Þjóðhagsstofnun sjálf spáir að verðlagshækkun milli áranna 1982 og 1983 muni verða um 58% og þá er búið að taka inn í spána þá kauplækkun sem átti sér stað 1. des. s. l. og einnig er búið að taka inn í spá Þjóðhagstofnunar þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstj. segist ætla að gera í peninga- og fjárfestingarmálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þær forsendur sem fjárlagafrv. byggir á eru því allt aðrar en þær sem Þjóðhagsstofnun gefur sér um þróun mála árið 1983. Að vísu er eitt atriði enn að því er varðar forsendur þessa fjárlagafrv. og spá þess um 42% verðbreytingar næsta ár sem þarf að taka inn í þessa mynd og þess er getið í þjóðhagsspánni líka, en þar er gert ráð fyrir breytingu á vísitöluviðmiðun kaupgjalds. Ef forsenda fjárlaga fyrir árið 1983 um 42% hækkun milli ára ætti að standast og breyttur vísitölugrundvöllur og verðbætur á laun ættu að skýra þann mun sem þarna er á, þá sjá menn að hér er í raun og veru verið að leggja til kjaraskerðingu hjá almenningi í landinu á komandi ári. Mundu þessar spár ganga fram með eðlilegum hætti ætti verðbólga frá upphafi árs 1983 til loka árs 1983 ekki að verða nema 20%. Ég hygg að engum detti í hug að slík spá komi til með að rætast og það sé víðs fjarri því, nema því aðeins, eins og skilja má á annars vegar forsendum fjárlagafrv. og hins vegar spá Þjóðhagsstofnunar, að hér sé verið að leggja til og sigla inn í einhverja stórfelldustu lífskjaraskerðingu sem um getur um langt árabil.

Það er gert ráð fyrir því í frv. að því er varðar launaþróunina að vegin meðalhækkun á árinu 1983 verði um 14.5%, þ. e. 10.5% vegna hækkunar á verðbótum og 4% grunnkaupshækkun. Eigi þetta að standast þurfa viðtækari ráðstafanir í efnahagsmálum til að koma en þegar liggja fyrir, því að þær verðhækkanir, sem urðu í byrjun þessa mánaðar á t. d. landbúnaðarvörum og fleira og ríkisstj. hefur hleypt af stað, þýða 1. febr. n. k. a. m. k. þrefalda hækkun miðað við það sem hér er gert ráð fyrir. Strax 1. mars ætti hér að öllu óbreyttu að verða um þreföld sú hækkun sem forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir að því er varðar launaþróunina í landinu. Það er full ástæða til að biðja hæstv. fjmrh. um skýringar að því er varðar þennan þátt málsins, hvaða forsendur það séu sem ríkisstj. ætlar sér að byggja á ef þetta á að ná fram að ganga. Ég sé ekki betur en með slíku sé verið að boða stórfellda kjaraskerðingu og sumum þykir nóg um það sem af er þó að ekki bætist við enn frekar og þá eins stórtækt og hér sýnist vera gert ráð fyrir.

Hvað boðar núv. fjárlagafrv. að því er varðar skattamál? Aukning tekna ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga á árinu 1982 mun vera um 70%. 70% hækkun tekjuskatts einstaklinga verður á árinu 1982 á sama tíma og laun hækkuðu ekki nema um 52%. Þarna er um æðimikinn mun að ræða og þyngingu skatta að því er varðar tekjuskattinn. En hvað boðar fjárlagafrv. það sem nú er verið að ræða fyrir árið 1983 að því er varðar skattamál í þessu tilfelli? Það er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga á árinu 1983 eigi að hækka um 55%. 55% hækkun verður á tekjuskatti einstaklinga á árinu 1983 á sama tíma og ríkisstj. virðist ætla að stöðva launahækkunina við 34%. Enn skal haldið lengra á þeirri braut að þyngja skattaálögur á almenning á sama tíma og stórkostlegar kjaraskerðingar eru framkvæmdar. Þetta er enn eitt dæmið um — ég sé ekki betur — að forsendur frv. geri ráð fyrir stórfelldri kjaraskerðingu, kjararýrnun, eigi þær forsendur sem það byggir á að standast.

Ég vék að því áðan að hæstv. ráðherrar hafa sjálfir gefið þessu fjárlagafrv. heitið kreppufrv. Það er mín skoðun, að í slíku ástandi, þegar að kreppir, sé ekki síst skylda stjórnvalda að gæta réttlætis og jöfnunar í útdeilingu þeirra fjárframlaga sem ríkið veitir á ári hverju til framkvæmdaþátta hinna ýmsu. Nú er það kunnugt öllum, að orkuframkvæmdir munu hafa algeran forgang á næsta ári og kannske næstu árum. Í ljósi þess er það skylda stjórnvalda að sjá svo um að framkvæmdafjárveitingar til þeirra landssvæða sem ekki njóta forgangs í

orkuframkvæmdum séu ekki skornar niður, en meðhöndlaðar á sama hátt og forgangsframkvæmdir. Mér sýnist að það sé víðs fjarri að til þessa hafi verið litið. Ég vil nota tækifærið hér til að koma á framfæri megnustu óánægju minni með að ekki skyldi tekið meira tillit til framkvæmdafjárveitinga af hálfu ríkisins á næsta ári í ljósi þessara staðreynda. Ég bendi t. d. á Vestfirði. Þar er um að ræða landshluta sem á engan hátt kemur til með að njóta neinna þeirra framkvæmda sem eiga að hafa forgang af hálfu ríkisins á næsta ári. Þess vegna hefði verið full ástæða til þess og raunar skylda ríkisvaldsins að sjá svo um, að framkvæmdafjárveitingar til þess kjördæmis m. a. væru með þeim hætti að séð væri sómasamlega fyrir atvinnuástandi þar á næsta ári, eins og meiningin er að gera í þeim kjördæmum sem njóta kunna orkufrekra framkvæmda og njóta forgangs.

En víkjum aftur að nafngift hæstv. ráðherra á fjárlagafrv., kreppufjárlög. Eins og ég sagði áðan er ekki að sjá að hæstv. ráðherrar ætli sér að missa neinn spón úr aski að því er fjármagn varðar á árinu 1983. Þeir hafa séð svo um, og ætla sér að sjá svo um, að þeirra eigin stofnanir, reksturinn í rn., toppurinn í ríkiskerfinu, haldi miklu meira eftir af fjárveitingum og fái drýgri fjárveitingar en öðrum framkvæmdaþáttum er ætlað að búa við miðað við það ástand sem nú er í uppsiglingu. Það er t. d. nokkuð fróðlegt að skyggnast um og athuga hver hækkunin er á hinum ýmsu yfirstjórnum í hinum ýmsu rn.

Ef menn skoða þetta kemur t. d. í ljós að til yfirstjórnarinnar í menntmrn. þarf að hækka framlag um 55,6% frá því sem er í ár á sama tíma og hinum mikilvægustu *málaflokkum og framkvæmdum, eins og hafnarmálum* og öðrum slíkum, er ætlað að búa við 42% hámark. Framkvæmdafjárlög til hinna ýmsu framkvæmdaþátta hafa að vísu, að því að best verður séð, farið allt niður í 30% miðað við það sem er gert ráð fyrir í fjárlagatill. fyrir árið 1983.

Hjá yfirstjórninni í utanrrn. á hækkun að vera 57,5% á sama tíma og meðaltalshækkun á ekki að vera nema 42% hjá öðrum. Í sjútvrn. á yfirstjórnin að hækka um 57.4%. Í dóms- og kirkjumrn. á yfirstjórnin að hækka um 52.6%. Hjá félmrn. á yfirstjórnin að hækka um 53.6%. Heilbr.- og trmrh. ætlar ekkert að missa af sínu, því þar á yfirstjórnin að hækka um 67.6%. Og sjálft fjmrn., sem ætti nú að sýna gott fordæmi og þykjast geta lifað á sama skammti og það ætlar öðrum í þjóðfélaginu á næsta ári, ætlar sér 55.4% hækkun á sama tíma og það skammtar öðrum miklu naumar. Yfirstjórnin í samgrn. á að hækka um 54.5% og iðnrh. ætlar að taka sinn skerf. Þar þarf 63.4% hækkun frá því sem er í ár.

Á sama tíma og hægt er að rekja svona hækkanir á yfirstjórn hjá ráðh. sjálfum í rn. ætla þeir til hinna ýmsu brýnustu og nauðsynlegustu framkvæmda víðs vegar um landið hækkun á bilinu frá 28 til 30%. Í nokkuð mörgum tilfellum hækka ráðh. framlög til yfirstjórnar í rn. nær tvöfalt meira 1982—1983 en þeir ætla öðrum í þjóðfélaginu að búa við á sama tímabili. Ekki verður þetta kölluð aðhaldsstefna í fjármálum ríkisins.

Á sama hátt má segja að það er greinilegt miðað við frv. að sama óráðsía í rekstri ríkisins á að halda áfram og verið hefur. T. d. á að hækka liðinn Önnur rekstrargjöld um 73.5%. Á sama tíma og forsenda frv. um verðbreytingar milli ára er 42% eiga önnur rekstrargjöld að því er varðar ríkið sjálft að hækka um 73.5%.

Ekki er ástæða til að gleyma t. d. þeim þætti í þessu máli öllu saman sem eru niðurgreiðslur, en sá liður á að hækka um hvorki meira né minna en 80%.

Það vekur athygli mína líka að því er varðar frv. til fjárlaga, sem hér er til umr., að á sama tíma og svona naumt er skammtað til framkvæmdaþátta sem eru undirstöðuframkvæmdir, undirstaða undir allt athafnalíf og atvinnulíf í landinu, er t. d. gert ráð fyrir að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki um 82%. Nú erum við að tala um það sem er á þessari stundu. Trúlega á þetta eftir að hækka og kannske verulega. Á sama tíma eru líka auknar lántökuheimildir til þessa sama sjóðs um 80%. Allt er þetta gert af ríkisstj. Það er verið að tala um hennar verk. En svo skýtur nokkuð skökku við. Á sama tíma og 82% hækkun skal verða á framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna á t. d. ekki að hækka framlag til Byggingarsjóðs ríkisins nema um 33% og til Byggingarsjóðs verkamanna um 41.5% — ekki einu sinni þá prósentutölu í hækkun sem forsendur frv. gera ráð fyrir að verði breytingin á milli ára.

Ég minni á einnig að t. d. skal framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra hækka um 42%, en hjá ráðh. sjálfum er allt upp í milli 70 og 80% hækkun.

Á sama tíma og til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra er ætluð 42% hækkun er liðurinn Landbúnaður, framlög, hækkaður um 78%. Sjá menn nú ekki hversu geigvænlegt ósamræmi og raunar óréttlæti er þarna á ferðinni af hálfu hæstv. ríkisstj. í tillögum til framkvæmda og fjárveitinga til hinna ýmsu þátta þjóðlífsins á árinu 1983? Liðurinn Landbúnaður, framlög, hækkar um 78.91%, en Félagsheimilasjóður fær framlag *ríkissjóðs hækkað* um 42%. Þarna er enn um helmings hækkun að ræða í landbúnaðarþættinum umfram t. d. Félagsheimilasjóð, sem skuldar mörg ár aftur í tímann einstaklingum sem hann á að standa skil. Það er svo langur skuldahalinn og háar upphæðirnar að það er alveg augljóst að haldi áfram þetta fjársvelti Félagsheimilasjóðs verður liðið á annan áratug áður en sjóðurinn getur staðið skil á því sem hann á að standa skil á lögum samkvæmt.

En á sama tíma og hækkun ríkissjóðs á framlagi til Félagsheimilasjóðs er 42% og til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra 42% er þó hækkunin til Háskólans, sem hvað mest hefur verið býsnast yfir að væri svo lítil, og væntanlega á eftir að koma þrýstihópur þaðan til að þrýsta á um verulega hærri fjárveitingu en þarna er um að ræða, um 53.1%. 53.1% hækkun verður á framlögum til Háskólans þó að þar hafi verið stunið undan óréttlætinu.

Þannig mætti halda áfram að telja, fara í gegnum fjárlagafrv. og bera saman hina ýmsu liði og þætti sem þar er gert ráð fyrir að styðja við bakið á, en þó með eins geigvænlega miklum mun og hér hefur verið frá greint.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í að vitna til samanburðar af því er þetta snertir, en ég minni enn einu sinni á að mér virðist að það sé víðs fjarri að gætt sé samræmis að því er varðar tillögur til fjárveitinga til hinna ýmsu stofnana og þátta í því frv. sem hér er nú til 2. umr.

Ég vil þó ekki skilja við þennan þátt án þess að minnast sérstaklega á einn lið úr fjárlögum yfirstandandi árs. Liðurinn heitir Orkujöfnunargjald og var upp á um 190 millj. í fjárlögum yfirstandandi árs, þ. e. skattlagning á þjóðfélagsþegna til að jafna orkuverð í landinu. Aðeins

um 20 millj. af þessum 190 munu hafa verið notaðar til jöfnunarinnar á þessu ári. Mismunurinn hefur farið í ríkishítina, sem aldrei var ætlunin og engin lög heimila. Nú bregður svo við, að þessi liður er strikaður út úr fjárlagafrv. og sést hvergi, en er settur inn í tekjur af söluskatti. Eins og menn muna var um að ræða þegar þetta var á sett, muni ég rétt, um 1.5 söluskattsstig. Mér sýnist allt benda til þess að hæstv. ráðh. hafi verið farnir að finna til undir þeim þunga sem að þeim hefur beinst vegna þess óréttlætis sem þeir hafa beitt með því að taka ófrjálsri hendi meginhlutann af því fjármagni sem fékkst með þessari skattlagningu og nota það til annars og hafa viljað koma í veg fyrir a. m. k. að liðurinn Orkujöfnunargjald minnti fólk á óréttlætið áfram, hafa því blandað því inn í söluskattstekjurnar hjá ríkissjóði. Þessi skattlagning mun gefa á árinu 1983 hátt í 300 millj. kr., sem á að taka af almenningi í landinu til jöfnunar orkuverðs, þar sem er gífurlegur mismunur milli hinna ýmsu staða. 300 millj. á að taka og bæta í ríkishítina ráðh. sjálfum til handa til útdeilingar — eða hver er skýringin á því, hæstv. fjmrh., að þessi liður er strikaður út úr frv.? Hver skyldi vera skýringin á því að þessi liður, sem er í fjárlögum yfirstandandi árs og heitir orkujöfnunargjald, sem gaf rúmar 190 millj. í ár og mun gefa í kringum 300 millj. næsta ár, finnst nú hvergi sem sérstakur liður í frv.? (Gripið fram í.) Hefur hæstv. fjmrh. nokkra skýringu? Já, hann er það, en hver er ástæðan? Það er það sem vantar. Af hverju stendur hann ekki áfram óbreyttur sem sérstakur liður í fjárlagafrv., eins og hann gerir í fjárlögum yfirstandandi árs? Hver er skýringin á því? (**Fjmrh.:** Þess gerist ekki þörf.) Vegna hvers ekki? Vegna hvers gerist þess ekki þörf? (**Fjmrh.:** Af því að þetta er ekki markaður tekjustofn.) Hefur minnkað þörfin á því að jafna þennan mun frá því sem er á yfirstandandi ári? Ber að skilja þetta framíkall hæstv. fjmrh. svo, að það sé meining hans og hæstv. ríkisstj. að ráðstafa ekki eyri af þessum skattpeningum til jöfnunar orkuverðs? (**Fjmrh.:** Nei.) Hvað á mikið af því að fara til þess? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hér hversu miklu af þessum 300 millj. á að verja til hins upprunanlega verksviðs þessarar skattheimtu, jöfnunar á orkuverði. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað á mikið af þessum 300 millj. að fara til þess verkefnis sem lögin gerðu ráð fyrir og gera ráð fyrir enn? (**Fjmrh.:** Það má lesa um það í fjárlögum.) Nei. Hæstv. fjmrh., hafi honum vafist þarna tunga um tönn, skýri frá því síðar.

Mér finnst, eins og ég hef áður sagt, að með þessu háttalagi sé hæstv. ríkisstj. að koma aftan að almenningi í landinu, sem er skattlagður til að jafna þennan ákveðna þátt, en peningarnir svo notaðir til alls annars. Mér liggur við að segja að framkoma af þessu tagi sé ekki sæmandi hæstv. ráðh. og ríkisstj. — að skattleggja almenning á gersamlega fölskum forsendum eins og hér er gert.

Herra forseti. Það er augljóst að verði fjárlög fyrir árið 1983 afgreidd á þeim forsendum, sem frv. gerir ráð fyrir, er vísvitandi verið að blekkja fólk. Tilgangurinn er augljóslega sá og sá einn að fela þá staðreynd að stefna núv. ríkisstj. í efnahags- og fjármálum hefur beðið skipbrot.

Stefna núv. ríkisstj. í efnahags- og fjármálum hefur þegar orðið þjóðinni dýrkeypt, en hún á eftir að verða ennþá dýrkeyptari ef að fram heldur sem horfir og eins og líkur benda til. Öllum er ljóst að allir helstu atvinnuvegir landsmanna eru að stöðvast eða þegar stöðvaðir og komnir í greiðsluþrot. Þjóðin lifir nú, og hefur lifað lengst af þann tíma sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að völdum, á gegndarlausum erlendum lántökum. Auk þess finna launþegar allhastarlega fyrir þeirri efnahagsstefnu og fjármálastefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt og er að beita og ætlar greinilega, eigi að marka forsendur þessa fjárlagafrv. og spá Þjóðhagsstofnunar, að framkvæma miklu stórfelldari kjaraskerðingu en um getur um langt árabil. Það er við þessar aðstæður sem Alþingi er ætlað að afgreiða fjárlög fyrir 1983 og á gersamlega röngum forsendum sem ekki fá staðist.

Við þetta bætist svo, og það kórónar í raun og veru alla málsmeðferð af hálfu hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst hæstv. fjmrh., að hvorki lánsfjárlög né lánsfjáráætlun hafa verið sýnd, a. m. k. veit ekki stjórnarandstaðan í Alþfl. hvað þar kann að hanga á spýtunni, en afgreiðsla þeirra mála er auðvitað hluti af ríkisfjármálum. Það er ekki sýnt. Að öllu þessu athuguðu er það hrein firra og raunar hneyksli að ætla Alþingi að afgreiða slíkt brauðfótafrv. til fjárlaga sem hér er á ferðinni.

Alþfl. varar mjög alvarlega við eins óraunhæfri afgreiðslu og hér er lögð til og lýsir ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstj. og vill ekki trúa því að ríkisstj. sé svo heillum horfin og misbjóði svo virðingu Alþingis að ætla því að afgreiða fjárlög á eins óábyrgan hátt og hér er lagt til.

Alþfl. mun ekki, í ljósi þeirrar stöðu sem málið er nú í, flytja brtt. við þessa umr. Alþfl. minnir enn á að hann einn flokka á Alþingi hefur margítrekað bent á nauðsyn breyttrar stefnu í efnahagsmálum og vísar til margfluttra frv. hér á Alþingi af hálfu flokksins þeirri stefnumörkun til staðfestingar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 169) samþ. með 32 shlj. atkv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 169. Þessi brtt. felur í sér að í 4. gr. 02 999 undir yfirskriftinni Ýmislegt komi inn þrír nýir liðir til þriggja kvenfélagasambanda, Sambands norðlenskra kvenna, Sambands austfirskra kvenna og Sambands vestfirskra kvenna. Farið er fram á 3000 kr. til hvers þessara sambanda fyrir sig.

Málavextir í þessu máli eru þeir, og ég hlýt að taka það fram hér í upphafi, að áratugum saman, að ég hygg, hafa þessir liðir verið inni á íslenskum fjárlögum. Þeir voru það á síðastliðnu ári þar til kom fram undir mitt árið 1982 að hinir slyngu sláttumenn í hagsýslustofnun og fjmrn. tóku til við að spara. Þá voru þessir liðir látnir hverfa af fjárlögum íslenska ríkisins. Ekki skal ég mæla því í mót að sparnaðar er þörf á ýmsum sviðum í okkar þjóðlífi, en mér fannst að þarna væri nú langt seilst, að kippa út einu þúsundi frá hverju þessara kvenfélagasambanda, sem verið hefur fastur fjárlagaliður í gegnum árin.

Kvenfélagasambönd á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum hafa notið þessa styrks frá ríkinu umfram önnur kvenfélagasambönd á landinu vegna þess að aðstæður í þessum landshlutum eru á ýmsan hátt erfiðari vegna mjög mikilla samgönguerfiðleika og dreifbýlis þannig að kostnaður allur við starf félaganna og samband félaganna á milli í hverjum landshluta verður þeim mun meiri sem erfiðara er að ná saman.

Sú upphæð, sem þessi kvenfélagasambönd hafa fengið gegnum árin, hefur auðvitað hvergi nærri, og mjög langt í frá, fylgt almennri verðlagsþróun. Upphæðin var um tíma 25 þús., fór upp í 50 þús. og síðast upp í 100 þús. Þá er ég að sjálfsögðu að tala um gamlar krónur. Hér er gert ráð fyrir að 1 þús., sem á fjárl. var síðast, verði 3 þús. handa hverju sambandi.

Ég skil ekki að þetta ráði ýkjamiklu um afkomu íslenska ríkisins og vissulega dugar það skammt til þeirra fjölmörgu verkefna sem kvenfélögin úti um land beita sér fyrir. Ég hygg að af hálfu Alþingis, eins og í mínum huga, hafi í gegnum tíðina verið litið á þessa upphæð sem viðurkenningu og hvatningu fremur en umbun og því síður laun fyrir hinar ótöldu vinnustundir íslenskra kvenna innan kvenfélagasamtakanna. Það er óhætt að segja að allt það starf hefur verið unnið í þágu menningar- og framfaramála.

Óhætt er að fullyrða að kvenfélögin úti um allt land hafi með starfi sínu sparað bæði sveitarfélögum og ríkinu *stórfé í beinhörðum peningum. Kvenfélögin ganga yfirleitt hávaðalaust* til starfa, eru ekki dugleg að auglýsa eða básúna það sem þau eru að gera hverju sinni. Ég hygg þó að almenningur í landinu meti starf þeirra að verðleikum og sýnu fátæklegra yrði um að lítast á sviði menningar- og félagsmála ef þessa starfs þeirra nyti ekki við. Það á ekki síst við úti um hinar dreifðu byggðir landsins þar sem kvenfélögin halda í mörgum tilvikum uppi því eina félagsstarfi sem til er að dreifa.

Ég geri mér grein fyrir að ég ætti sem ábyrgur þm. að gera tillögu til lækkunar annars staðar í fjárlagafrumvarpinu á móti því sem ég fer fram á til viðbótar, en mér fannst satt að segja, þessi upphæð, sem ég er að tala hér um, það lítil að það tæki því varla. Hins vegar festi ég auga á vissum lið í frv. sem hugsanlega mætti sníða eitthvað af. Það er liður sem heitir Önnur rekstrarútgjöld menntmrn. og nemur 5.3 milljónum kr. eða næstum helmingi af launagreiðslum rn. skrifstofunnar sem hér er um að ræða. Algerlega er þetta ósundurliðað og ég hef satt að segja ekki hugmynd um til hvers það á að fara.

En maður spyr, þegar verið er að tala um þetta litlar upphæðir til að styðja við eitthvert gott mál: Hvað um allar aukagreiðslur hinna ýmsu rn. sem fara fram úr *árlega svo og svo mikið í alls konar rekstrarútgjöldum*? Hvar kemur það í dagsljósið? Væntanlega er hægt að finna það í ríkisreikningnum. Ég trúi ekki að með tilliti til allrar þeirrar eyðslu og að ég er hrædd um óhóflega miklu eyðslu í rekstri ríkisins almennt séu einar 9 þús. kr. stór hluti sem þurfi að velta mjög vöngum yfir.

Ég hef átt tal um þetta við okkar ágæta formann fjvn., sem að sjálfsögðu gætir þeirrar skyldu sinnar að halda í hvað hann getur, en það er oft erfitt um vik. Mér hefur verið svarað til af honum og fleirum í fjvn.: Við hækkuðum drjúgum framlag til Kvenfélagasambands Íslands og Kvenfélagasamband Íslands á að geta miðlað kvenfélagasamböndunum úti um landið einhverju af þeim fjármunum sem til þess fellur á fjárlögum ríkisins. En á síðasta ári nam fjárveiting til Kvenfélagasambands Íslands 150 000 kr. Hún er hækkuð í ár úr 150 000 í 210 000. Staðreyndin er hins vegar sú, að í umsókn Kvenfélagasambands Íslands til fjvn. er farið, í mjög vel sundurliðaðri fjárhagsáætlun, fram á 358 000 til að geta staðið undir þeirri starfsemi sem Kvenfélagasamband Íslands innir af höndum, m. a. í rekstur leiðbeiningarstöðvar húsmæðra, sem ég hika ekki við að segja að gegnir mjög þörfu og mikilvægu hlutverki, enda er annríkið það mikið á þessari skrifstofu, sem ekki er hægt peningaleysis vegna að halda opinni nema hálfan daginn, að hún fær vart annað öllum þeim beiðnum um upplýsingar og leiðbeiningar sem bæði varða heimilisrekstur, innkaup til heimila og allt að því lútandi. Þarna er því virkilega enginn hégómi á ferð. Það er því tómt mál að tala um að Kvenfélagasambandið geti miðlað kvenfélagasamböndunum úti um land.

Það er líka bent á kvenfélögin. Kvenfélögin geta borgað til sinna félaga — er sagt. Það er alveg rétt, enda gera þau það og gera það í vaxandi mæli. Meðal annars leggja þau hvert sinn skerf til Kvenfélagasambands Íslands til þess að það geti sinnt sínu hlutverki að sinna ýmiss konar fræðslustarfsemi og menningarstarfsemi. Það er ekki bara það sem varðar heimilisstörf innan veggja heimilisins. Þau hafa fjölmargt á sinni stefnuskrá; garðyrkju, skógrækt og þar fram eftir götunum. Að öllu sem lýtur að framförum og ég vil segja betra og fegurra mannlífi vinna kvenfélögin. Þau gera það hávaðalaust, eins og ég sagði, án þess að ætlast til þess að þeim sé hrósað eða hælt fyrir það.

Ég hef verið brýnd á því sem sjálfstæðismaður, að ég vilji vera að sækja um styrk til ríkisins til að halda uppi frjálsu félagsstarfi. Þetta er að vissu leyti rétt athugasemd. En ég lít ekki á þetta sem fjárfúlgur til að halda uppi félagsstarfinu. Ég lít á þetta sem hvatningu og smástuðning við mikilvægt áhugamannastarf. Það er fjöldinn allur af félögum inni á fjárlögum sem nýtur smástuðnings frá ríkinu einmitt þess vegna. Það er ekki verið að standa undir þeirra starfi, heldur viðurkenna það og örva félagsmenn til frekari dáða. Það er þetta sem fyrir mér vakir með flutningi þessarar litlu breytingartillögu, að þessu merka starfi, sem íslenskar konur úti um allar byggðir landsins vinna í þágu góðra þjóðþrifamála, sé ekki gleymt.

Ég vil líka minnast sérstaklega á í þessu sambandi að þetta eru félög sem standa utan við alla flokkspólitík. Þarna taka konur höndum saman alveg án tillits til þess hvaða pólitískum flokki þær tilheyra. Ég verð að segja að það færi betur ef við Íslendingar gætum víðar litið framhjá flokkspólitíkinni og unnið saman án tillits til hennar að þeim málum sem við þurfum að ná fram.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar hér. Ég vona að þessi litla tillaga njóti skilnings hv. alþm. Ég held hún kollvarpi ekki fjárhag ríkisins og ég held hún sé sanngjörn og réttmæt. Ég ætla að brottfelling þessara liða af fjárlögum á árinu 1982 sé til komin fyrir hugsunarleysi eða jafnvel vangá fremur en vanmat á hinu gagnmerka og óeigingjarna starfi íslenskra kvenfélaga fram á þennan dag.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hygg að umræður við 2. umr. fjárlaga hafi oft staðið lengur en nú virðast horfur á, *því ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs*. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fjvn. fyrir ágæt störf hennar að undirbúningi 2. umr. fjárlaga.

Vissulega hefði verið ástæða til að fara nokkrum orðum um ýmislegt það sem fram hefur komið í máli stjórnarandstæðinga. Sérstaklega hefur komið til greina að fjalla nokkuð um þessi nýju fjárlög sem hv. þm. Lárus Jónsson hefur borið fram á sérstöku þingskjali og fela í sér að ríkisreikningur fyrir árið 1981 er framreiknaður. Af máli hv. þm. Lárusar Jónssonar má helst skilja, að ef

menn einu sinni hafa fengið eina ákveðna fjárveitingu í fjárlögum til ákveðinnar starfsemi eigi að vera svo um aldur og ævi og ekki geti komið til greina að draga þar neitt úr, jafnvel þótt aðstæður breytist. A. m. k. bera þessar framreikningsaðferðir hans vott um að hann virðist ekki vera mjög hlynntur svokallaðri núllgrunnsaðferð, sem sumir flokksmenn hans eru hvað hrifnastir af. (**FrS:** Þetta er allt á grundvelli stefnu ríkisstjórnarinnar.) En hér er um að ræða, eins og hv. þm. veit, að verið er að framreikna ríkisreikning fyrir árið 1981, og verður þá ekki annað séð en hann geri ráð fyrir að nákvæmlega þau útgjöld sem urðu á því ári hljóti að verða á árinu 1983. (**FrS:** Það segir í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar sjálfrar.) Ekki segir það nú í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar sjálfrar. (**FrS:** Hæstv. ráðh. hefur ekki lesið þjóðhagsáætlunina.) Ekki segir það nú í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar, að útgjöld sem urðu á árinu 1981 hljóti sjálfkrafa að koma fram á árinu 1983. Ekki hef ég orðið var við það, en fróðlegt væri ef hv. þm., sem er svo mjög mál að koma að sínum sjónarmiðum, gæti bent mér á hvar þetta stendur. (**FrS:** Það get ég gert.)

Með hliðsjón að því, að 3. umr. er eftir og fáir þingmenn eftir hér í þingsölum sé ég ekki ástæðu til að lengja þessar umr. Ég áskil mér hins vegar rétt til að koma ýmsum sjónarmiðum á framfæri, sem ástæða væri til að fjalla sérstaklega um við 3. umr. Þó vil ég kannske nefna sérstaklega hér eitt atriði. Það hefur verið nokkuð spurt um vaxta- og geymslugjald af landbúnaðarvörum og hvernig greiðslu þess yrði háttað á næsta ári. Ég hygg að þm. hafi tekið eftir því, að ekki er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að mikið fjármagn verði veitt til aukningar á niðurgreiðslum og ekki er gert ráð fyrir kosnaði vegna vaxta- og geymslukostnaðar. Hins vegar er þó dálítið fé til aukningar á niðurgreiðslum, en það er verulega takmarkað.

Vegna fyrirspurnar um hvernig þessu verður hagað skal það tekið fram að það er gert ráð fyrir að þessu verði hagað óbreytt fyrst um sinn, en viðræður fari fram við forustumenn stéttarsamtaka bænda og við Framleiðsluráð um hvernig þessum málum verði best fyrir komið á næsta ári. Þessu vildi ég koma hér á framfæri vegna þess að ég var beðinn um að upplýsa um hvort veruleg breyting yrði í þessum efnum um næstkomandi áramót. Það verður ekki því að fyrirkomulag þessara mála verður óbreytt fyrst um sinn.

Herra forseti. Ég hef ekki sérstaka ástæðu til að bæta neinu við þessa umræðu að sinni — ekki nema sérstakt tilefni gefist til — og læt því þessi orð nægja.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég átti ekki von á að hæstv. ráðh. færi að vefengja það sem stæði í þjóðhagsáætlun ríkisstj. um forsendur þessara fjárlaga, en þar er tafla á bls. 32 sem ég vil gjarnan benda hæstv. ráðh. á. Þar er gert ráð fyrir að samneysla, þ. e. ýmis útgjöld ríkissjóðs, aukist að magni til á þessu ári um 2%. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. viti hvað í þessu hugtaki felst. Það eru ýmsir útgjaldaliðir ríkissjóðs. Mér hefur skilist að það hafi stundum verið stefnumið hans flokks að gera veg þessa útgjaldaliðs sem mestan vegna þess að í þessum lið felst ýmislegt sem ríkissjóður gerir fyrir sína þegna, ýmis félagsleg þjónusta o. s. frv.

Í sömu þjóðhagsáætlun er á sömu blaðsíðu gert ráð fyrir að á árinu 1983 verði magn samneyslu hið sama og í ár. Þetta þýðir á mæltu máli að samneysla hafi aukist að raungildi frá 1981. Það sem gert er í þeim útreikningum, sem við sem skipum minni hlutann höfum gert, er einfaldlega að taka þessar forsendur hæstv. ríkisstj. og framreikna samneyslu í samræmi við þær. Raunar gerum við það ekki alveg því við aukum ekki magn samneyslunnar, eins og gert er ráð fyrir að verði í ár, heldur tökum einfaldlega tölurnar eins og þær eru í ríkisreikningi 1981, þar sem samneyslan er sýnd, og framreiknum þær til frv. sem fyrir liggur. Þá vantar tæpar 600 millj. kr. á að útgjöld til samneyslu séu í samræmi við meginforsendur hæstv. ríkisstj. Það er þetta sem við eigum við, hæstv. forseti.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ítreka það, sem ég lét koma fram áðan, að ég tel að þessar reikningsaðferðir hv. þm. séu algerlega fráleit aðferð til að reikna út væntanleg útgjöld ríkisins á árinu 1983, þó að það komi fram í ákveðinni spá, í ákveðinni spátöflu á vegum Þjóðhagsstofnunar, að miðað er við í útreikningum að samneysla sé óbreytt, þ. e. það sé hvorki vöxtur eða samdráttur. Hún hefur ekki haft neina aðra tölu við að miða vegna þess að ekki var m. a. búið að afgreiða fjárlög og ekki búið að afgreiða áætlanir sveitarfélaga eða ýmislegt annað sem fellur undir þessa tölu, sem er auðvitað margt fleira en fjárlög ríkisins. Hér er verið að tala um samneyslu alls þjóðarbúsins.

Það er alveg vafalaust að í þessari tölu er fleira en bara útgjöld ríkisins. Þó að Þjóðhagsstofnun hafi gert ráð fyrir að þessi tala sé óbreytt og þó að að því sé stefnt af hálfu ríkisstjórnarinnar að félagsleg þjónusta sé ekki skert í þeim þrengingum sem að steðja þýðir það alls ekki að stofnun, sem kannske hefur farið 20% fram úr áætlunum á árinu 1981 samkv. ríkisreikningi og eytt miklu meira fjármagni en henni var ætlað, fái þá alveg örugglega nákvæmlega sama fjármagn á árinu 1983 framreiknað samkvæmt vísitölu. Það væri aldeilis stjórnin á ríkisfjármálunum ef menn leyfðu sér þess háttar vinnubrögð. Ég veit að hv. þm. Sjálfstfl. mundu aldrei leyfa sér slík vinnubrögð ef þeir væru við stjórn og hefðu ríkisfjármálin með höndum. Þeir mundu að sjálfsögðu verða að meta umsvif viðkomandi stofnunar í samræmi við vilja Alþingis um starfsemi hennar.

Auðvitað segir það sig sjálft að á tveimur árum getur heilmikið breyst. Ýmsar þær stofnanir sem hafa t. d. farið talsvert fram úr á árinu 1981 hafa væntanlega fengið eitthvað minna í sinn hlut á árinu 1982. Þannig getur þetta gengið fram og aftur. Ég get ekki hugsað mér neinn hæpnari reiknigrundvöll til að reikna út fjárlög ársins 1983 út frá en ríkisreikning sem er orðinn tveggja ára gamall. (**FrS:** Hvaða verðlagsforsendur eru þetta?)

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að leggja hér í langa þrætubókarlist við hæstv. fjmrh. Hann talar um að miðað sé við spá Þjóðhagsstofnunar, þ. e. óbreytta samneyslu á milli ársins í ár og næsta árs. Þetta er ekki rétt. Í því plaggi sem heitir þjóðhagsáætlun og er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, lagt fram af forsrh., eru helstu stefnumarkmið ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Það kemur úr hörðustu átt ef hæstv. ráðh. vill ekki viðurkenna sitt eigið plagg og sína eigin stefnu. Það er satt að segja mjög undarlegt að heyra hæstv. ráðh. ræða hér um samneyslu eins og það sé eitthvað annað en ákveðin ríkisútgjöld. Samneysla hefur ævinlega verið skilgreind sem opinber samneysla, þ. e.

það sem ríkið leggur til ákveðinna félagslegra þarfa í þjóðfélaginu. Það er einfaldlega átt við það, hæstv. ráðh., og það eru einvörðungu ríkisútgjöld sem átt er við (**Fjmrh.:** Hvað um sveitarfélögin?) þegar talað er um þetta. Það er gert ráð fyrir að útgjöld sveitarfélaga aukist heldur á næsta ári, þannig að þar er um opinber útgjöld að ræða.

Ég skal alveg taka undir það með hæstv. ráðh. að auðvitað þarf að meta umsvif einstakra stofnana. Það er ekki okkar hugmynd að það sé bara litið á umsvif ríkisins eins og þau eru. En þegar gert er ráð fyrir að laun lækki að raungildi milli áranna 1981 og 1983, hvað er þá á ferðinni? Við vitum að það hefur stórfjölgað starfsliði í ríkiskerfinu, en þó er áætlað að t. d. önnur rekstrargjöld hjá ríkisstjórn verði 79.4% minni að raungildi í frv. en var 1981. Hvað er þá á ferðinni? Þegar laun hjá embætti forseta Íslands eru 25% lægri að raungildi en á árinu 1981, hvað er þá á ferðinni? Þegar viðhald hjá Háskóla Íslands er 100% minna að raungildi en 1981, hvað er þá á ferðinni? Hvaða sögu segir þetta okkur?

Ég gæti rakið hér hundrað eða tvö hundruð fáránleg dæmi um hvernig einstakir liðir líta út, ef menn bera saman þann raunveruleika um umfang ríkisbúskaparins sem var árið 1981 og þetta frv. Við erum einmitt með þessum dæmum að sýna fram á að ekki er hægt að skera niður bara með því að setja óraunhæfa tölu í fjárlög. Menn verða að taka ríkisbúskapinn og stokka hann upp og gefa sér einhverjar aðrar forsendur en að halda ríkisbúskapnum í sama umfangi og áður ef menn ætla að ná árangri í því að lækka ríkisútgjöld.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil gera örfáar athugasemdir við málflutning hv. þm. Lárusar Jónssonar. Hann og aðrir stjórnarandstæðingar hafa við afgreiðslu fjárlaga undanfarin þrjú ár í hvert einasta sinn haldið því fram að fjárlögin væru óraunhæf, það væri svo og svo mikið af götum í fjárlögunum, það væri svo og svo mikið af fjárvöntun sem ekki væri séð fyrir að fylla þyrfti. En hver hefur reynslan orðið? Ríkisreikningur fyrir árið 1980 segir hver hafði rétt fyrir sér þegar fjárlög þess árs voru afgreidd. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1980 var um 3.4% rekstrarafgangur af ríkissjóði það ár. Þær miklu sögusagnir sem gengu um að göt væru á þeim fjárlögum sem afgreidd voru vorið 1980 voru rangar. Sama sagan gerðist 1981. Þá var talað um það hér, þegar fjárlagafrumvarpið kemur fram, feiknalega mikið í útvarpi og sjónvarpi og hér á Alþingi, að fjárlögin væru einskisvert plagg og ekkert að marka þau og ótal göt, að fjárlögin væru gatasigti o. s. frv. Hver var svo reynslan? Jú, reynslan er sú, að samkvæmt ríkisreikningi var 3% afgangur á fjárlögum ársins 1981. Og í þriðja sinn er sagan að endurtaka sig á þessu ári, því að það var ekki svo lítið talað um þetta sama þegar fjárlög ársins 1982 voru afgreidd.

Staðreyndin er sú, að þegar ellefu mánuðir ársins eru liðnir eru fjárlög enn í jafnvægi — þessu formlega jafnvægi sem hv. þingmaður Lárus Jónsson nefndi hér áðan, og var þá erfitt að útskýra hver munurinn væri á þessu formlega jafnvægi fjárlaganna og svo aftur fjármálalegu jafnvægi, sem auðvitað var þarna um að ræða. Ég get upplýst það hér og nú, að samkvæmt seinustu upplýsingum er þó heldur afgangur eftir fyrstu ellefu mánuði ársins, þó að skeiki ekki miklu. Það er því allt útlit fyrir að fjárhagsafkoma ársins geti orðið nokkurn veginn í jafnvægi þó að auðvitað verði ekkert um það fullyrt meðan einn mánuður er eftir af árinu.

Þannig hefur þetta gengið þrjú ár í röð. Alltaf hefur verið þessi söngur og suð hjá stjórnarandstæðingum um að fjárlögin væru óraunhæf og ekkert að marka þau og það vantaði svo og svo háar fjárhæðir inn í þau, en þegar til hefur átt að taka hefur það reynst rangt og fjárlögin hafa verið í jafnvægi, m. a. s. verið lítilsháttar afgangur hverju sinni. Ég held því að þessu tali hv. þm. Lárusar Jónssonar verði helst svarað með því að vísa á reynslu liðinna ára og bæta við þeirri eindregnu sannfæringu minni að þessi fjárlög þurfi ekki að vera neitt verr úr garði gerð en verið hefur á undanförnum árum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þessar umræður, sem hér hafa orðið í lok 2. umr. vegna fjárlaga, hafa svo sem ekki komið á óvart og kannske eðlilegt að menn deili um atriði eins og hér er verið að deila um. En mér þykir ráðh. nokkuð djarfur að halda því fram sem hann hefur gert í sínum málflutningi, þegar hann reynir að verjast þeirri gagnrýni sem komið hefur fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, sem sýnt hefur fram á að þetta fjárlagafrumvarp, sem hér er til umr. stenst engan veginn þær kröfur sem gera verður til fjárlagafrumvarps.

Það er ætlunin samkv. lögum að fjárlagafrumvarp á hverjum tíma áætli og lýsi tekjum og gjöldum ríkissjóðs og umfangi ríkisbúskaparins á því ári sem fjárlögin varða. Við höfum sýnt fram á að þetta fjárlagafrumvarp gerir það alls ekki. Hæstv. ráðh. heldur því fram í sínum málflutningi, að það afsanni okkar kenningar að mælst hafi afgangur á ríkisreikningi undanfarinna ára. Þetta sannar ekkert. Þetta sannar ekkert um að tekjuáætlun og gjaldaáætlun fjárlaga fyrir þau ár hafi staðist. Þetta segir aðeins að munurinn hafi verið ríkissjóði hagstæður. Það er það eina sem má lesa út úr orðum hæstv. ráðh. — Og þá má spyrja: Hvernig getur staðið á því að útkoma sé hagstæð fyrir ríkissjóð? Því er til að svara að ríkissjóður er einn fárra aðila hér á landi sem hefur sínar tekjur á þurru að langmestu leyti í mikilli verðbólgu. Það gildir ekki um sveitarfélögin. Sveitarfélög hafa nefnilega að langmestu leyti tekjur sem eru miðaðar við stofn frá fyrra ári, en ríkið að langmestum hluta vegna innflutnings og framleiðslu, sem þýðir að tekjur ríkissjóðs eru verðbættar á hverjum tíma. Síðan bregður svo við, að ef innflutningur verður langt umfram útflutning, eins og verið hefur í óstjórn undanfarinna ára, fær ríkissjóður aukið fjármagn út á þennan sjúkdóm þjóðfélagsins. Á meðan atvinnuvegirnir berjast í bökkum græðir ríkið á sjúklingnum. Mikill viðskiptahalli þýðir nefnilega auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Það eru einmitt þær tekjur, sem þannig myndast, sem verða til hjá sjúklingnum, sem hæstv. fjmrh. hefur notað til að deila út aukafjárveitingum og þannig haldið stofnunum ríkisins og ríkisrekstri gangandi. Það er jafnframt þetta nýja fjármagn, sem fæst vegna þess hve sjúkdómurinn er mikill, sem verður til þess að nokkur tekjuafgangur er hjá ríkissjóði.

Þetta er meginskýringin, en eftir sem áður stendur sú staðreynd óhögguð, og það má lesa úr ríkisreikningi, að það hafa orðið breytingar ef ríkisreikningur er borinn saman við fjárlögin. Þegar reiknitalan sem nú er notuð, 42%, er notuð í fjárlögum skekkist þessi mynd enn meira. Það verður sem kallað er gífurleg „strúktúrbreyting" á ríkisútgjöldum. Hún gerist þannig, að laun eru látin ganga fyrir. Það er ávallt reynt að greiða út laun

og þau eru verðbætt. Sé ekki til fjármagn fyrir launum og fáist ekki aukafjárveiting frá ríkissjóði ganga stofnanir, opinber fyrirtæki og þau fyrirtæki sem haldið er úti af ríkissjóði á aðra liði, fyrst og fremst önnur rekstrargjöld og jafnvel á gjaldfærðan stofnkostnað. Það er þetta sem hefur verið að gerast allan tímann.

Smám saman hefur það verið að gerast hér í ríkisfjármálunum að tekjur ríkissjóðs standa ekki undir nema nánast rekstri ríkisins, en ekki gjaldfærðum stofnkostnaði. Þessi þróun er ekki bundin við Ísland. Þessi þróun hefur átt sér stað í nálægum löndum jafnframt. En hæstv. ráðh. neitar að viðurkenna þessa staðreynd. Hann lemur höfðinu við steininn og segir: Þetta er bara einhver vitleysa hjá stjórnarandstöðunni. Svo segir hann: Það er allt í lagi að nota þessar reiknitölur. — Ég býst við að hæstv. ráðh. telji að það sé allt í lagi að nota reiknitöluna 42% vegna þess að hún sé aðhaldssöm í sjálfu sér. Margir liðir á fjárlögum eru óverðbættir, aðrir liðir en laun, og þar með dregur úr notkunargildi þeirra fjárupphæða.

Með því að hafa reiknitöluna 42% í fjárlagafrumvarpinu gerir hæstv. ráðh. ráð fyrir að verðbólgan frá upphafi næsta árs til loka næsta árs sé á bilinu 20—25%. Með því að nota reiknitöluna 42%, sem má með öðrum orðum segja að sé meðalhækkun verðbólgu milli ára, má auðveldlega finna það út að ráð sé gert fyrir því að verðbólgan frá upphafi til loka næsta árs sé 20—25%. Skyldi þetta nú vera nálægt raunveruleikanum? Við skulum spyrja forstjóra Þjóðhagsstofnunar að þessu. Hann hefur reyndar gefið svar því að á ráðstefnu Stjórnunarfélagsins, þar sem þessi ágæti maður, Ólafur Davíðsson, var mættur til að gera grein fyrir því hver væri verðbólguspá á næsta ári, sagði hann ekki að verðbólgan yrði 20—25%. Veit hæstv. ráðh. hvaða tölu hann talaði um þar? Hefur hæstv. ráðh. fylgst með því hvað forstjóri Þjóðhagsstofnunar sagði um þetta mál? Hefur hæstv. fjmrh. lesið blöðin? Hlustar hann á útvarp, fylgist hann almennt með efnahagsmálunum? Ef svo er hlýtur hæstv. ráðh. að hafa tekið eftir því að Ólafur Davíðsson taldi að miðað við sömu stefnu ríkisstjórnarinnar mætti búast við að verðbólgan yrði ekki 20—25% á næsta ári, heldur 60—80%.

Ef við notuðum þá tölu yrði reiknitalan að vera miklu hærri en hún er í frv. En við í stjórnarandstöðunni erum miklu hóflegri en Ólafur Davíðsson þjóðhagsstofustjóri. Við tökum nefnilega mark á þjóðhagsáætlun sjálfrar ríkisstjórnarinnar. Það gerir Ólafur Davíðsson ekki. Hann segir að hún sé ómerkt plagg. Og það gerir ríkisstjórnin ekki heldur. Hún ómerkir eigin ummæli í þjóðhagsáætlun með því að vera með rangar reiknitölur í fjárlögunum. Um þetta snýst þetta mál.

Við höfum sýnt fram á að ef marka má þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar, þar sem segir að umfangið skuli vera með svipuðu sniði í ríkisbúskapnum næsta ár og undanfarin ár, og ef notuð er sú reiknitala sem þar kemur fram, sem er 58%, vantar 1 milljarð til þess að endar nái saman. Nú veit ég auðvitað að þetta verður leyst með öðrum hætti. Þetta verður leyst með því að skera enn meira niður gjaldfærðan stofnkostnað og önnur rekstrargjöld vegna þess að á næsta ári skapast ekki þær umframtekjur sem hafa orðið til á þessu ári og síðasta ári með hinum mikla innflutningi umfram útflutning.

Þetta verður hæstv. ráðh. að viðurkenna, jafnvel þó hann ætli sér ekki að bera ábyrgð á framkvæmd þessara fjárlaga einfaldlega vegna þess að hæstv. ráðh. er á förum úr fjmrh.-embættinu. Hann hefur ásamt sínum kollegum í ríkisstjórninni nefnilega ákveðið að fara úr ríkisstjórninni, láta efna til kosninga áður en kjörtímabilinu lýkur. Það er vissulega ánægjuefni og kannske er það stærsta efnahagsákvörðun þessarar hæstv. ríkisstj.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil upplýsa þm. Friðrik Sophusson um að ég les blöð. Ég vaki og ég er sem sagt lifandi, ef hann er í einhverjum vafa um það. En það breytir ekki því, að það sem ég hef sagt um reiknitölur fjárlaga stendur eftir sem áður. Það stendur hér í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið: „Reiknitala fjárlagafrumvarps er miðuð við 42% hækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Rétt er að minna á, að reiknitala fjárlaga hefur aldrei verið verðbólguspá fyrir komandi ár“ — og er það ekki enn. Það breytir því engu hvað forstjóri Þjóðhagsstofnunar telur að verði verðbólga á komandi ári. Það var ekki meiningin þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram og verður ekki meiningin þegar það verður afgreitt að haga reiknitölum fjárlaga í fullu samræmi við það sem menn telja hugsanlega að kunni að verða verðbólga á því ári. Það hefur aldrei verið gert.

Við skulum hafa í huga að á þeim tímum þegar engin verðbólga er er auðvitað verulegur vandi á ferðum og dæmið ganga upp í samræmi við fjárlögin, en þegar mikil verðbólga er auðvitað verulegur vandi á ferðum og veruleg hætta á ferðum. Hættan er fólgin í því, að menn noti reiknitölu í fjárlögum sem sé hærri en verðbólguþróunin verður á komandi ári. Það er hættan. Það væri það versta sem gæti gerst. Ef menn leyfðu sér að nota reiknitölu sem væri langtum hærri en verðbólguþróunin verður mundi fjárhagur ríkisins lenda í miklum þrengingum. Ég þarf ekki að rökstyðja það frekar fyrir hv. þm. Aftur á móti er hitt miklu hægara. Ef reiknitalan er örugglega lægri en verðbólguþróunin verður er sem sagt hægt að bæta þar við með aukafjárveitingum og svo verða að sjálfsögðu tekjurnar meiri vegna aukinnar veltu í þjóðfélaginu. Þannig verður að halda á þessum málum. Fjmrh. sem leyfði sér að reyna að giska nákvæmlega á verðbólgu á komandi ári og setja svo slíka tölu inn í fjárlagafrumvarpið ætti á hættu að framkvæmd fjárlaga færi algerlega úr böndunum ef betur tækist til í baráttunni við verðbólguna en reiknað var með.

Auðvitað hljótum við að vonast til þess að vel gangi í baráttunni við verðbólguna og við megum aldrei setja okkur í það haft að við verðum að halda uppi svo og svo mikilli verðbólgu til þess einungis að fjárlögin gangi upp. Af þessu leiðir að reiknitala fjárlaga verður að vera töluvert undir raunverulegri væntanlegri verðbólgu. Þetta hefur alltaf verið. Ég er undrandi á því að hv. þm. skuli leyfa sér að mótmæla þessu.

Ég get hæglega sýnt fram á að munurinn á fjárlögum annars vegar og framkvæmd fjárlaga hins vegar, þ. e. tölunum eins og þær birtast í ríkisreikningi, hefur aldrei verið minni en 10% á seinustu 12 árum. Raunar hygg ég að þegar hv. þm. Matthías Mathiesen var fjmrh. hafi þessi munur oftast verið í kringum 20%. Ég vek á því athygli, að á árinu 1980 var munurinn rétt um 10% og má teljast gott. Það er sennilega eitt það besta sem hefur verið, eitt það næsta sem við höfum komið fjárlögunum við framkvæmd fjárlaga, þ. e. í ríkisreikningi.

Ég er undrandi á því hvað hv. stjórnarandstæðingar

leyfa sér að halda uppi miklu málæði og málþófi um þessar svokölluðu reiknitölu fjárlaga, þó að staðreyndin sé sú, að það sé ekki hægt að halda á þessu máli með öðrum hætti en gert er. Þetta vita þeir sjálfir. Þeir vita hvernig þetta var framkvæmt í fjmrh.-tíð Matthíasar Á. Mathiesen. Þeir vita það sjálfir, að ef þeir færu með þessi mál nú yrðu þeir að haga málunum með svipuðum hætti. Allt þetta þóf og þras hér árum saman — búið að standa nú í þrjú ár — um það að reiknitala fjárlaga sé önnur en væntanleg verðbólga vita þeir að er innantómt kjaftæði og ekkert annað, sem hefur enga merkingu. Ég verð að segja alveg eins og er, að þegar menn halda uppi í svona löngu máli ítrekuðum umræðum um gjörsamlega innantómt atriði eins og þetta, sem allir skilja að hlýtur að vera svo og getur ekki öðruvísi verið, ber það vott um átakanlega málefnafátækt. Þá er eitthvað að. Þá virðast stjórnarandstæðingar ekki hafa nægilega sterk og stór mál til að berjast fyrir við fjárlagaafgreiðsluna eða ekki nægilega hvassa gagnrýni á það sem þeir telja að illa fari við gerð fjárlaganna. Þetta atriði vita þeir sjálfir að er ekkert annað en hjómið og að þeir eru þarna að ræða um algerlega fánýtt atriði.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður.

Ég held að það hljóti allir að vera sammála um að verðbólga á yfirstandandi ári er talin verða 62% mæld í framfærslukostnaði. Ég held að við getum öll verið sammála um það jafnframt, að sé reiknitala sett 42%, eins og er gert í þessu frv., þýðir það að ætlunin sé að verðbólgan verði á milli 20 og 25% á næsta ári. Við höfum hingað til verið að vekja athygli á að þetta er þrefalt lægri tala en nýjustu verðbólguspár segja til um. Hæstv. ráðh. hefði þess vegna getað sett hvaða tölu sem var inn í frv. aðra en 42%, t. d. 10%, sem hefði gefið bestan árangur, 20%, 30% eða 50%. Það sem hann hefur verið að segja í þessum umræðum er ekkert annað en að reiknitalan skipti engu máli, aðalatriðið sé að hún sé vel fyrir neðan verðbólgustigið. Þetta er afar skiljanlegt.

Síðan segir hann: Það hefur aldrei verið ætlunin að með þessari reiknitölu væri um að ræða verðbólguspá. Í aths. við það fjárlagafrumvarp sem átti að gilda 1980 — það var flutt af ríkisstjórn sem hæstv. ráðh. átti aðild að, — sagði svo, með leyfi forseta: „Í samræmi við þetta er frv. miðað við það að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði 31% og meðalhækkun verðlags 1979—1980 verði 45—46%."

Það er bókstaflega tekið fram að miðað sé við þessar verðhækkanir. (**Fjmrh.:** Reiknitalan.) Reiknitalan sé miðuð við alveg ákveðnar verðhækkanir, sem þá voru byggðar á verðbólguspá.

Árið 1980 kom fram fjárlagafrumvarp fyrir 1981 og þá sagði um sama efni, með leyfi forseta: „Verðlagshækkanir frá miðju árinu 1980 til miðs árs 1981 verði um 42%, sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur um skeið".

Enn á ný er reiknitalan miðuð við að spáð sé ferli verðbólgunnar.

Þá komum við að fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi ár. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Reiknitala fjárlagafrumvarpsins varðandi" — og nú kemur nýtt orð „hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli áranna 1981 og 1982".

Ég vek athygli á því, að nú er komið orðið „hugsanlega", sem vissulega er afsláttarorð. Hæstv. ráðh. dregur í land við undirbúning fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Svo vitna ég til athugasemda þess frv. sem hér er til umr., með leyfi forseta, en það segir. „Reiknitala fjárlagafrumvarps er miðuð við 42% hækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Rétt er að minna á, að reiknitala fjárlaganna hefur aldrei verið verðbólguspá fyrir komandi ár".

Þetta er í fyrsta skipti um margra ára skeið sem þetta er tekið sérstaklega fram, einfaldlega vegna þess að reiknitölur undanfarinna ára hafa verið rangar, verðbólgan hefur verið miklu meiri. Það er einmitt þetta sem hefur gert það að verkum að mikil tilfærsla hefur verið á milli útgjaldaliða ríkisins. Og þetta er auðvitað gert viljandi. Þetta er ákveðin aðhaldsaðgerð sem er gerð til þess að villa mönnum sýn. Þetta er meginkjarninn í okkar gagnrýni og hún stendur.

Það getur vel verið að hæstv. ráðh. telji það vera málefnafátækt að segja að sjálfur grundvöllurinn undir fjárlögunum sé rangur. Ég veit ekki hvað er málefnafátækt ef það er málefnafátækt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Miðvikudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1983, frv. (þskj. 1, n. 158, 159 og 165, 149, 157, 166, 169). — Frh. 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Við upphaf þessarar atkvgr. kom strax í ljós að vegna fjarveru stjórnarþm. er ekki hægt að koma fjárlagafrv. í gegnum 2. umr. með öðrum hætti en þeim, að nafnakall verði við hvern þátt frv. sem stjórnarandstaðan mundi sitja hjá við. Ég vil upplýsa það, að til þess að þessi atkvgr. geti farið fram án þess að nafnakall verði við nær því hvern þátt frv., þá mun stjórnarandstaðan sjá fyrir nægilega mörgum mótatkv. til að slíkt nafnakall þurfi ekki að fara fram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það fyrir hönd okkar Alþfl., sem fram kom hjá formanni þingflokks Sjálfstfl., sem talaði hér áðan. Við munum sjá til þess að útvega mótatkv. í þeim atkvgr. sem við ella hefðum setið hjá um til þess að tryggja það, að afgreiðsla málsins geti gengið fyrir sig án þess að þurfi að framkvæma nafnakall í öllum þeim atriðum, sem ella þyrfti að viðhafa nafnakall.

1. gr. samþ. með 30:2 atkv.

2. gr. samþ. með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IGuðn, IGísl, JE, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, JH.

nei: AG.

JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, GK, HBl greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓRG, SvH, EG) fjarstaddir.
Brtt. 149,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
3. gr. 0117 samþ. með32:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AS, ÁG, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, JH.
nei: AG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LárJ, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SteinG, ÞK.
JS, JBH, KSG, KP, KJ, MHM, SighB greiddu ekki atkv.
3 þm. (EG, ÓRG, SvH) fjarstaddir.
3. gr. 0681 samþ. með 30:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
nei: MHM, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, LárJ.
3 þm. (ÓRG, SvH, EG) fjarstaddir.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30:2 atkv.
Brtt. 149,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 157,1—5 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 166,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 149,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 157,6 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 149,4 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 157,7 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 149,5 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 157,8—9 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 166,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 157,10 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 149,6 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 166,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 157,11—12 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 149,7 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 157,13 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 149,8—9 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 157,14 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 149,10 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 157,15—16 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 149,11—12 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 166,4 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 169,1 tekin aftur.
— 157,17 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 149,13—16 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 157,18—19 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 166,5 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 149,17 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 157,20 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 149,18—21 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 157,21 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 149,22 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 157,22—24 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 169,2 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SteinG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EH, EgJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB.
nei: StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, JH.
3 þm. (SvH, EG, ÓRG) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þessi till., sem hér er flutt, er ótímabær og ekki í réttu samhengi í þessari umr. Í fyrsta lagi vegna þess að fyrir þinginu liggja viðamiklar brtt. við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem m. a. gera ráð fyrir tvöföldun á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári. Í öðru lagi er till. þessi óeðlileg vegna þess að hún er hrein sýndarmennska, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni fjáröflun á móti þeim miklu útgjöldum sem hér er gerð till. um, upp á um það bil 270 millj. kr. Og í þriðja lagi vil ég benda á að þessi till. gerir ráð fyrir mun meiri framlögum í Byggingarsjóð ríkisins en Sjálfstfl. sjálfur hafði gert till. um í stefnumótun um húsnæðismál, sem flutt er hér á þáltill. af hv. þm. Halldóri Blöndal og fleirum. Till. er því ómerkilegur áróður eins og hún er sett fram hér og ég segi nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Burtséð frá öllu öðru, þá er það auðvitað laukrétt hjá hæstv. ráðh. að þessi till. er nauðaómerkilegur áróður. Ég segi nei.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að þessi till. væri ótímabær. Í lögum um launaskatt nr. 14 frá 1965 með síðari breytingum er svo ákveðið að 2% af launaskatti skuli ganga til Byggingarsjóðs ríkisins. Það er beint brot á þessum lögum ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að þetta fjármagn renni til Byggingarsjóðs ríkisins samkv. fjárl. fyrir árið 1983. Það er blekking, sem hæstv. félmrh. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu í tillögugerð sinni hér á þingi ekki gert ráð fyrir því að 2% fari til Byggingarsjóðs ríkisins eins og vera á samkv. lögum um launaskatt. Fyrir Ed. liggur frv. frá okkur sjálfstæðismönnum þar sem þetta er beint tekið fram. Fyrir sameinuðu þingi er þáltill. þar sem tekið er fram að gerðar verði margháttaðar ráðstafanir til eflingar Byggingarsjóðs ríkisins, en launaskattur megi aldrei vera lægri en 1%. Þetta breytir engu um það sem ég hef sagt áður. Það ber skylda til þess að 2% renni í Byggingarsjóð ríkisins.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason stóð að flutningi sams konar till. á síðasta þingi og greiddi henni atkv., en það sem hann taldi vera rétt þá segir hann nú nauðaómerkilegt. Enginn tekur mark á slíku fleipri. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hér er lagt til að framlagið úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins nemi tveimur launaskattsstigum, eins og skylt er að gera samkv. lögum um launaskatt, en með lögum skal land byggja. Í orði kveðnu hafa allir stjórnmálaflokkar lýst því yfir, að þeir telji lán til íbúðabygginga og kaupa á eldri íbúðum með öllu óviðunandi og segjast vilja hækka þau. Forsendan fyrir því að hægt sé að gera það nógu myndarlega er sú, að framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðsins hækki eins og hér er lagt til. Þessi atkvgr. sker því úr um það, hvort vilji manna standi til þess að hækka lán til húsbyggjenda á næsta ári eða ekki. Eftir því mun verða tekið hvaða alþm. hafa kjark til að segja já og eru

reiðubúnir til þess að takast á við fjárhagsvanda ríkissjóðs á þeim grundvelli.

Það kom fram í ummælum hæstv. félmrh. að hann er allra síst reiðubúinn til þess að gera það og kemur það engum á óvart. Ég segi já.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að tvöfalda ætti framlög til Byggingarsjóðs ríkisins frá því sem nú er. Þó svo væri, þá verða tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins innan við helmingur af því sem markaðir tekjustofnar gerðu ráð fyrir. Alþfl. hefur flutt sams konar frumvörp á undanförnum þingum og jafnhliða bent á lækkun útgjalda. Þessi brtt. gengur aðeins út á það eitt, að farið sé að lögum um launaskatt. Ég segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði hér áðan að það væri sýndarmennska að flytja till. um þessa útgjaldaaukningu án þess að flytja till. um tekjuöflun á móti. Tekjuöflunin fer fram. Það hafa verið lagðir á skattar til þessarar tekjuöflunar. Tekjunum af viðkomandi sköttum er hins vegar ekki ráðstafað eins og lög mæla fyrir um. Sú till. sem hér er flutt fjallar aðeins um það að lög, sem hafa verið sett af Alþingi, séu virt. Þeir sem greiða atkv. á móti slíkri till. greiða atkv. gegn því að lög, sem þeir hafa sjálfir sett, séu virt. Ég segi já.

Brtt. 169,3 tekin aftur.
— 149,23—30 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 166,6 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 157,25—26 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 149,31 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 157,27 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 149,32—33 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 157,28 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 149,34—36 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 157,29—33 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 149,37—39 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 157,34 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 149,40 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 157,35 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 166,7 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 149, 41—42 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 157,36 samþ. með 36 shlj. atkv.

01 171 Byggðasjóður, framlag samþ. með 32:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SteinG, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, EgJ, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

nei: SigurlB. VG, JBH, MHM.

MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EKJ, FrS, GeirH, GK, GHelg, GBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓRG, SvH, EG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þessi fjárlagaliður er táknrænn fyrir það samtryggða bákn og þá pólitísku peningaspillingu, sem allt of margir hér vilja kyrrt, en við hins vegar mörg, aðallega fyrir utan þetta hús þó, viljum burt. Skynsamlegt væri að áætlunardeild í byggðamálum starfaði á vegum rn., t. d. félmrn., en þessi fjárhæð kemur því auðvitað ekkert við. Þetta eru nefndir, ráð pólitískra manna, sem eru að hygla vinum sínum að langmestu leyti. Þetta er táknrænt mál fyrir það sem við verðum að losna við í þessu samfélagi. Það er lærdómsríkt að sjá hv. þm. Sjálfstfl. greiða atkv. til þriggja átta, eða svo margra sem hægt er í þessu máli, og kemur engum á óvart. Þessa stofnun á auðvitað að leggja niður eins og hún leggur sig, því að hún er dæmi um þá peningaspillingu í þröngum pólitískum hringum, sem verður að útrýma. Ég segi nei.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Þó vert væri að svara þessari gatslitnu plötu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, þá nenni ég ekki að gera það. En ég vil vekja athygli á, úr því að hér eru greidd atkv. með nafnakalli, að ríkisstjórnir hafa árum saman skert mjög framlög Byggðasjóðs frá því sem þau eiga að vera lögum samkvæmt. Og enn hefur verið vegið stórlega í sama knérunn hjá þessari ríkisstj. En þrátt fyrir það segi ég já.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og ég hef margsinnis sagt, m. a. úr þessum ræðustól, þá tel ég að leggja eigi Framsóknarstofnun — Framkvæmdastofnun, — við skulum hafa það Framsóknarstofnun, en hún heitir nú víst Framkvæmdastofnun, ég tel að hana eigi að leggja niður — gjarnan Framsfl. líka. (Gripið fram í.) Við skulum gleyma því. En það er allt annað mál hvort greiða á fé til Byggðasjóðs. Byggðasjóð má reka með mjög litlu starfsmannahaldi og litlum kostnaði. Þetta er auðvitað mál sem þarf að ræða miklu nánar. Þess vegna greiði ég ekki atkv. nú.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29:2 atkv.
5. gr. samþ. með 30:2 atkv.
6. gr. samþ. með 30:2 atkv.
7. gr. samþ. með 30:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 24). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Efri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 148). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 164). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. um málefni aldraðra hefur nú sætt meðferð í hv. Nd. og það er í rauninni komið í annað sinn fyrir þingið, því að ég lagði það einnig fyrir síðasta Alþingi, en það hlaut þá ekki afgreiðslu. Það má líka segja að þetta mál hafi verið nokkuð lengi til meðferðar hér á hv. Alþingi. Allt frá 1980 hafa málefni aldraðra verið rædd hér, í báðum deildum þingsins og í Sþ. Árangurinn af þeirri umræðu hefur raunar þegar komið fram, m. a. í þessu frv. og samningu þess og á ári aldraðra, sem ákveðið var hér á Alþingi fyrir árið 1982. Sérstaklega hefur þó þetta komið í ljós með þeim hætti, að framkvæmdir í þágu aldraðra hafa verið stórauknar frá því sem áður var. Framkvæmdageta þess fjármagns, sem nú fer til byggingar fyrir aldraða á árinu 1982, er liðlega tífföld á við það sem var árið 1976. Hér hefur sem sagt mikil umræða um stórt mál skilað árangri, þar sem margir hafa lagt góða hönd að.

Þetta frv., sem hér er um að ræða, var samið af nefnd sem ég skipaði 24. júlí 1981. Í nefndinni voru Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Hrafn Sæmundsson prentari og Pétur Sigurðsson alþingismaður, sem voru skipaðir af ráðh. án tilnefningar. Auk þess voru í nefndinni, sem undirbjó frv., þeir sömu og skipa stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, þ. e. Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri, tilnefnd af Öldrunarfræðafélagi Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var ráðin Dögg Pálsdóttir lögfræðingur og hefur hún starfað að málefnum aldraðra í heilbrmrn. um nokkurt skeið.

Eins og ég gat um hefur mál þetta þegar sætt meðferð í hv. Nd. Ætla ég því ekki að fjölyrða um efni frv. í einstökum atriðum þar sem mér er kunnugt um að heilbr.- og trn. þessarar deildar hefur starfað með n. í Nd. að málinu. Í Nd. tók frv. nokkrum breytingum sem ekki eru stórvægilegar í rauninni, og eru flestar til bóta að mínu mati. Málið fékk þar hraðan byr og samhljóða afgreiðslu. Vil ég leyfa mér að láta þá ósk í ljós að hv. Ed. treysti sér til að afgreiða málið nú þegar, fyrir áramót, svo að lögin um málefni aldraðra verði til á því ári sem helgað er þeim sérstaklega.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til, nema til þess gefist önnur tilefni, að fjölyrða frekar um málið. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki fremur en hæstv. ráðh. að fjalla um efnisatriði í frv. því sem hér er til umr., þ. e. um málefni aldraðra. Ég vil aðeins víkja að málsmeðferðinni. Eins og hv. alþm. er vel kunnugt er skammt til jóla. Ekki hefur verið tilkynnt hversu marga daga þingið muni starfa fyrir jólaleyfi. Ég segi þetta vegna þess að það er rétt að hluta til, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að nefndirnar hafa starfað saman. En það var á síðari stigum málsmeðferðar í Nd.-nefndinni. Hins vegar get ég greint frá því, að það er mikill vilji fyrir hendi hjá öllum aðilum að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrir jólahlé. Við höfum orðið ásátt um að taka málið til umfjöllunar svo fljótt sem auðið verður. Það er í sjálfu sér ekki hægt að dagsetja það hvenær við ljúkum umfjöllun um það í nefndinni, en ég staðfesti að við munum reyna að hraða því svo sem mest má verða.

Það er kannske einn ljóður á. Ekki hefur enn borist umsögn — ef til vill hefur ekki verið eftir henni leitað — frá fjárlaga- og hagsýslustofnun um hugsanlegar kostnaðarbreytingar ef þetta frv. verður samþykkt. Fleira vildi ég ekki ræða að þessu sinni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni fyrir góðar undirtektir við málið og skil hann svo, að hann muni leggja kapp á að ljúka afgreiðslu þess fyrir áramót. Varðandi síðustu setningarnar í máli hans, um kostnaðaráætlun vegna frv. þessa, þá hefur það að sjálfsögðu verið reiknað út þegar frv. var til meðferðar í ríkisstj. á sínum tíma. Þá var rækilega farið yfir öll kostnaðarákvæði frv., eins og reyndar er skylt að gera samkv. lögum nr. 13 frá 1979, svokölluðum „Ólafslögum." Það var farið mjög ítarlega yfir þessi ákvæði.

Ég ætla að fara fram á það við hv. þm., sem jafnframt er formaður í n. sem fær málið til meðhöndlunar, að hann fái þessa umsögn frá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Hún liggur þar fyrir og hefur lengi legið, svo að þar ætti ekkert að þurfa að fara á milli mála. Ég þori ekki að fara með þessar tölur alveg eftir minni, en má þó segja að ef við lítum aðeins yfir frv. þá sé ljóst að þar sé ekki um verulegan kostnaðarauka að ræða. Ég ætla aðeins að hlaupa yfir frv. með tilliti til kostnaðarins.

Í I. kafla er fjallað um skipulag öldrunarþjónustu. Sá kafli á ekki að hafa í för með sér annan kostnað en þann sem fylgir störfum þeirra nefnda og samstarfshópa sem þar er gert ráð fyrir. Þó á t. d. þjónustuhópur við aldraða, sem er samstarfshópur starfsfólks á heilsugæslustöðvum, ekki að kosta aukafjármuni, vegna þess að þar er um að ræða fólk sem starfar hvort eð er á þessum stöðvum og þiggur þegar laun að mestu leyti frá ríkinu.

Eini viðbótarkostnaðurinn, sem um er að ræða samkv. I. kafla og í rauninni skiptir e. t. v. einhverju verulegu, er vegna 2. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að það verði starfandi deild öldrunarmálefna í heilbr.- og trmrn. Hér er um að ræða laun eins starfsmanns eða svo, ég geri ekki ráð fyrir að slík deild verði fjölmennari en það. Og raunar hefur þegar verið að störfum í heilbr.- og trmrn. einn maður í þágu málefna aldraðra.

II. kafli frv. fjallar um Framkvæmdasjóð aldraðra. Þar er aðeins verið að staðfesta lög sem þegar hafa verið samþykkt. Það er verið að setja lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra, sem voru samþykkt 1980, inn í ný lög um málefni aldraðra. Sá kafli á því ekki að hafa breytingar í för með sér frá því sem nú er þegar í lögum. Það er auðvitað sá kafli sem er lang fjárfrekastur, en þar eiga ekki að vera ný kostnaðarákvæði umfram það sem þegar er í lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra.

III. kaflinn er sá kafli sem aðallega hefur í för með sér kostnaðarauka. Sá kafli gerir ráð fyrir því að heimaþjón-

usta verði að nokkru leyti greidd af ríkinu. Nánari ákvæði um þetta er að finna í 27. gr. frv. Þar stendur: „Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skal greiddur af sjúkrasamlögum, þó þannig að sveitarfélögin greiða 65% kostnaðar en ríki 35% kostnaðar.“ Þetta ákvæði er auðvitað sett þarna inn til að ýta undir það að sveitarfélögin verði með þjónustu við aldraða í heimahúsum, svo að minna þurfi en ella af stofnunum fyrir aldraða, húsum sem þurfi að reisa til að taka við þeim í hjúkrunarþjónustu eða til dvalar.

Kostnaðurinn við þessa grein, þegar hann var reiknaður út á s. l. ári, var að mig minnir 5—6 millj. kr., miðað við þá heimaþjónustu sem þá þegar var komin í hinum ýmsu sveitarfélögum í landinu, sem eru auðvitað einkum þau stærri. Á móti þessu kemur svo það að ríkið losnar við verulegan kostnað af heilbrigðisþjónustu með því að heilsugæslustöðvar taka til starfa í hinum einstöku umdæmum.

Það er alveg ljóst að heilsugæslustöðvarnar eru ódýrari fyrir ríkið heldur en gamla númeralæknakerfið. Á síðasta ári reiknuðum við út hvaða áhrif það hefði ef heilsugæslustöðvar tækju til starfa í Reykjavík einnig, en númeralæknakerfið yrði lagt niður þar á móti. Niðurstaðan af þeirri athugun sýndi að sú kerfisbreyting ein út af fyrir sig hefði sparað ríkinu í kringum 10 millj. kr. á verðlagi ársins 1981.

Þegar ég var að ræða þessi mál m. a. í ríkisstj. og við fjmrn. lagði ég áherslu á að rekstur heimaþjónustunnar mætti gjarnan skoða sem þátt í viðleitni okkar til að koma heilsugæslustöðvafyrirkomulaginu á hér í Reykjavík. Borgarstjórn Reykjavíkur tók — og tekur reyndar enn mjög vel undir þetta sjónarmið. Samþykkt þessa frv. með þessu ákvæði í 27. gr. er í raun og veru ein af nauðsynlegum forsendum þess að borgarstjórn Reykjavíkur fallist á að koma á heilsugæslustöðvakerfi hér í borginni. Þess vegna er samþykkt þessa frv. mikilvægur liður í því að bæta heilsugæslufyrirkomulagið hér í Reykjavík, sem að mörgu leyti er skemmra á veg komið en hjá ýmsum öðrum byggðarlögum í landinu.

Annar kostnaður í frv. kemur aðallega fram í 26. gr. Þar er um að ræða nýmæli sem hefur í raun og veru í för með sér miklar breytingar á fyrirkomulagi greiðslu fyrir vistun aldraðra á stofnunum. Hér er um að ræða viðkvæmt mál að mörgu leyti sem hefur tekið nokkurn tíma að fá menn til að sættast á. Eins og þessu er nú háttað greiða aldraðir vistmenn á dvalarheimilum eða svokölluðum eilliheimilum eins mikið og þeir geta af sínum ellilífeyri og sínum lífeyri úr lífeyrissjóðum fyrir dvölina á elliheimilinu, en síðan bætir Tryggingastofnun ríkisins þar nokkru við.

Þegar sami aldraður einstaklingur leggst inn á hjúkrunarheimili, sem oft vill verða, þá gerist það að lífeyrir hans úr lífeyrissjóði fer ekki til að kosta vistunina heldur rennur þessi lífeyrir beint inn á bók hjá viðkomandi einstaklingi, hann gengur beint til þessa manns. Þegar tillit er tekið til svokallaðra vasapeninga og annars, þá hefur aldraður maður á elliheimili yfirleitt mjög knappan fjárhag. Hér er gert ráð fyrir að lagfæra það nokkuð. Hins vegar þegar hann kemur á hjúkrunarheimili batnar fjárhagur hans, þó að viðkomandi aldraður einstaklingur sé að jafnaði rúmfastur eða svo til, þegar hann nýtur hjúkrunarþjónustunnar. Þetta er auðvitað mjög óeðlilegt fyrirkomulag. Í þessu frv. er stigið það mikilvæga skref að reyna að hafa sams konar fjármögnun hvort sem hinn aldraði einstaklingur er á dvalarstofnun eða hjúkrunarheimili.

Þetta hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Raunar mun þetta draga úr kostnaði fyrir ríkissjóð við langleguvistun þegar fram í sækir. Þegar lífeyrissjóðirnir eflast og fleiri og fleiri fá lífeyri úr lífeyrissjóðum, þá mun það gerast að þeir yfirtaka stærri og stærri hluta af kostnaðinum við vistun á hjúkrunarheimilum. Í rauninni er því verið að leggja til í 26. gr. að færa byrðar vegna langleguvistunar aldraðra yfir af ríkissjóði að nokkru leyti yfir á lífeyrissjóðina. Þetta gerist hins vegar á löngum tíma. Það er ómögulegt að segja hversu hratt það gerist.

Ég held, herra forseti, að mér sé alveg óhætt að segja það með góðri samvisku að þetta frv. út af fyrir sig flytur ekki verulegar kostnaðarbyrðar yfir á ríkissjóð. En allar upplýsingar um þau efni er hægt að fá í fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ég vil þó benda á að sú stofnun hefur jafnan þann hátt á að reikna allt til hins ýtrasta. Þegar hún fékk til meðferðar frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, sem hv. þm. Nd. kannast við, reiknaði stofnunin með því að allir sjúkraþjálfararnir væru komnir til starfa á öllum heilsugæslustöðvum á landinu, a. m. k. einn á hverri stöð og jafnvel fleiri, enda þótt vitað sé að ekki eru til nema kannske fimm eða tíu sjúkraþjálfarar til að gegna þeim störfum sem þar er um að ræða. Þó að fjárlaga- og hagsýslustofnun reikni oft rétt, þá reiknar hún suma hluti fullítarlega stundum að mínu mati og gleymir því iðulega, að það er Alþingi sem auðvitað ákveður hvernig til kostnaðarins er stofnað hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 123). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að samgrn. fái heimild til að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, eins og þar segir, miðað við búnað og/eða verkefni skips. Jafnframt segir þar að þetta sé heimilt að fengnum tillögum mönnunarnefndar, sem skipuð skuli þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerðaraðila kaupskipa og oddamanni, sem tilnefndur sé af aðilum sameiginlega eða af Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki.

Brbl. þessi voru sett í samræmi við þá lausn sem fékkst á allharðri deilu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og útgerðaraðila verslunarskipa. Hér er um að ræða, eins og fram kemur í greininni, frávik frá þeirri skyldu sem nú er um mönnun þessara skipa.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál mörg orð. Nefnd sú sem um ræðir í 1. gr. hefur þegar verið skipuð og samkomulag varð um formann eða oddamann. Hér er farið fram á að Alþingi staðfesti þessi brbl. og þar með

lausn á þeirri deilu sem ég nefndi á milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og útgerðaraðila.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tónskáldasjóður Íslands, frv. (þskj. 114). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 119). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir fjallar um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, á þeim ákvæðum laganna er varða sektarheimild lögreglumanna og lögreglustjóra. Það er komið óbreytt frá Ed. Þessar sektarheimildir eru nú bundnar við 300 kr. að því er varðar lögreglumenn, 3 000 kr. að því er varðar lögreglustjóra. Þá er heimild lögreglustjóra til að ákveða eignaupptöku bundin við 1 000 kr. verðmæti. Þessar fjárhæðir eru bundnar við tiltekna málaflokka, þ. e. brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðseturskipta og lögreglusamþykktum. Lætur ríkissaksóknari lögreglustjórum í té skrá yfir þau brot sem sektarheimildin nær til, og eru í þeirri skrá leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Vegna verðlagsþróunar undanfarin ár er nauðsynlegt að hækka fjárhæðir þær sem í lögum standa.

Sú skipan að afgreiða mál með lögreglusekt hefur gefið góða raun og léttir verulega starfi af dómstólum. Með frv. þessu er lagt til að sektaheimild lögreglumanna hækki í 1 200 kr. og sektaheimild lögreglustjóra í 12 000 kr. Jafnframt hækki verðmæti þess sem lögreglustjóri hefur heimild til að ákveða eignaupptöku samhliða sektarákvæðum í 4 000 kr.

Eins og áður segir hafa sektargerðir þessar reynst vel og létt verulegu starfi af dómstólum. Hins vegar er svo um hnúta búið að máli verður ekki lokið með þessari aðferð nema aðili samþykki. Ef hann samþykkir ekki þessa málsmeðferð verður máli vísað til meðferðar dómstóla.

Herra forseti. Ég hef rakið meginefni frv. þessa. Ég vil mælast til þess að frv. geti hlotið afgreiðslu fyrir jól, en þannig stendur á að eigi mun nú unnt að endurskoða þær leiðbeiningar sem ríkissaksóknari gefur út, þar sem eðlileg endurskoðun fjárhæðanna mundi fara upp fyrir þau takmörk sem lögin setja í dag. Hins vegar er nauðsynlegt að sektarfjárhæðir þessar verði hækkaðar og þær séu jafnan í samræmi við verðlag á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frv. (þskj. 96). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir til umr. er nú endurflutt, en það var lagt fyrir Alþingi skömmu fyrir þinglok s. l. vor. Í meginatriðum er þetta frv. efnislega hið sama og frv. til laga um sparisjóði, sem lagt var fram á Alþingi í apríl 1978 ásamt tveimur bankafrv. Öll þessi frv. döguðu þá uppi án þess að koma til umr.

Eins og kunnugt er starfar nú bankamálanefnd, sem vinnur að endurskoðun bankakerfisins, m. a. í því skyni að einfalda kerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabankana. Nefnd þessi er skipuð fulltrúum allra þingflokkanna. Það mætti spyrja hvort heppilegra hefði verið að leggja fram frv. til l. um sparisjóði samtímis lagafrv. um viðskiptabankana, líkt og gert var 1978. Vafalaust er að það hefði veitt á margan hátt betri yfirsýn yfir þessi mál í heild. Hinu má þó ekki gleyma, að óvíst er hvenær bankamálanefndin lýkur störfum. Auk þess hefur sparisjóðasambandið lagt mikla áherslu á að frv. kæmi sem fyrst fyrir Alþingi. Þess vegna hef ég talið rétt að leggja frv. fram nú þegar.

Það er ástæða til að rekja nokkuð hvað áður hefur gerst í þessu máli. Það mætti segja að forsaga þessa frv., sem hér liggur fyrir, nái allt til ársins 1972. Það ár skipaði þáv. viðskrh. bankamálanefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáv. ríkisstj. Nefnd þessi tók m. a. saman frumdrög að nýrri löggjöf um sparisjóði. Þessi drög voru síðar notuð þegar skipuð var önnur nefnd árið 1975 til þess að semja sérstaklega frv. til l. um sparisjóði. Nefndin studdist einnig við löggjöf um sparisjóði á Norðurlöndum, sérstaklega dönsku lögin um banka og sparisjóði frá 1974. Við samningu frv. var þó meginálhersla lögð á að finna lausnir og leiðir sem væru í sem bestu samræmi við íslenska staðhætti og íslenskt efnahags- og fjármálalíf. Nefndin kappkostaði að hafa samráð við Samband ísl. sparisjóða og var tekið tillit til margvíslegra ábendinga og aths. frá sambandinu. Jafnframt var leitað til einstakra sparisjóðsstjóra um gerð frv. Nefndin skilaði af sér frv. til nýrra laga um sparisjóði og var það lagt fyrir Alþingi 1978, eins og ég sagði áður.

Um mitt árið 1981 ákvað ég að hafin skyldi endur-

skoðun á frv. Í ljós hafði komið að Samband ísl. sparisjóða taldi vera á því nokkra hnökra, þótt það gæti í meginatriðum fellt sig við frv. eins og það var lagt fram 1978. Stjórn sambandsins var ritað bréf í ágústmánuði 1981, þar sem þeim tilmælum var beint til hennar að rn. yrði gerð bréflega grein fyrir brtt. sparisjóðasambandsins og léti jafnframt rökstuðning fylgja.

Í byrjun nóv. sama ár bárust rn. brtt. sambandsins við frv. Tillögur þessar reyndust mun umfangsmeiri en fyrri aths. sambandsins höfðu gefið til kynna. Voru tillögurnar skoðaðar í rn. og athugað að hve miklu leyti fært væri að taka þær upp í frv. Í ýmsum atriðum var fallist á tillögurnar eða komið til móts við þær. Jafnframt voru nokkrar aðrar breytingar gerðar á frv. frá því sem það var þegar það var lagt fram á Alþingi árið 1978. Engu að síður er hér í meginatriðum um sama frv. að ræða.

Áður en vikið verður að einstökum köflum frv. er rétt að fara nokkrum orðum um sparisjóði og sparisjóðalöggjöf.

Hinn 1. okt. s. l. var starfandi hér á landi 41 sparisjóður, þar af voru 13 starfandi á Vestfjörðum og 14 á Norðurlandi eystra. Sparisjóðunum hefur heldur farið fækkandi undanfarin ár, einkum vegna stofnunar nýrra útibúa viðskiptabankanna, sem hafa yfirtekið starfsemi sparisjóðanna.

Flestir voru sparisjóðirnir á árunum í kringum 1960 eða 63 talsins. Á rúmum 20 árum hefur því sparisjóðunum fækkað um 22 samtals. Hlutdeild sparisjóða í heildarinnlánum innlánsstofnana hefur yfirleitt farið nokkuð minnkandi. Þó er athyglisvert hve sparisjóðir halda hlut sínum þrátt fyrir fjölgun viðskiptabanka. Á því árabili sem flestir sparisjóðir eru starfandi er hlutdeild sjóðanna í heildarinnlánum tæp 21%, en síðastliðið ár nam hlutdeildin rúmum 16%, enda þótt sparisjóðum hafi fækkað um þriðjung.

Í árslok 1981 nam hlutdeild sparisjóða í heildarútlánum innlánsstofnana um 12% samkv. upplýsingum bankaeftirlitsins, ef miðað er við stöðuna í árslok 1981, og fer langstærsti hluti af útlánum sparisjóða til einstaklinga eða 57.8%, þar af 45% til húsbygginga, en um 12% í önnur neyslulán.

Hlutdeild sparisjóða í lánum til einstaklinga af heildarútlánum innlánsstofnana nema 30.8%. Útlán sparisjóðanna til einstaklinga hafa jafnan verið hlutfallslega mest. Stafar það sennilega einna helst af því, að sparisjóðirnir voru upphaflega stofnaðir til að ávaxta innlánsfé á sem tryggastan hátt, þ. e. í áhættulitlum útlánum.

Sparisjóðirnir hafa æ meir aukið lán til atvinnuveganna og einnig aukið hlutdeild sína í útlánum á ýmsum öðrum sviðum. Útlán til sveitarfélaga eru t. d. hlutfallslega mikil samanborið við heildarútlán innlánsstofnana eða um 18.1%. Útlán sparisjóða í árslok 1981 til sjávarútvegsins námu 3.6% af heildarútlánum sparisjóða, en það svarar til 1.8% af útlánum innlánsstofnana í heild til þess atvinnuvegar.

Almenn lög um sparisjóði voru fyrst sett árið 1915, en þá hafa starfandi sparisjóðir verið farnir að nálgast fjórða tuginn. Þessi lög, sem voru fyrstu heildarlögin hér á landi um sparisjóði, þóttu um margt ítarleg og skýr á þeim tíma og fullnægjandi miðað við sparisjóðastarfsemina eins og hún var þá.

Áður höfðu gilt nokkur ákvæði um sparisjóði samkv. tilskipun frá 1874. Hún bar heitið „Um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi". Tilskipun þessi hafði m. a. að geyma ákvæði um hvernig með skyldi fara ef viðskiptabók við sparisjóð rýrnaði.

Lögin um sparisjóði frá 1915 giltu í rúman aldarfjórðung. Árið 1941 voru sett ný lög um sparisjóði, sem eru enn í gildi. Þetta eru lög nr. 69 frá 1941. Lög þessi voru afrakstur af starfi milliþinganefndar er vann að endurskoðun bankamála á árunum 1937 til 1940. Lögunum hefur tvisvar verið breytt, nú síðast árið 1980. Með stoð í lögum þessum var gefin út reglugerð um sparisjóði 15. febr. 1941. Eftir lögum þessum og reglugerð svo og staðfestum samþykktum starfa sparisjóðirnir nú.

Lög um sparisjóði eru nú að ýmsu leyti úrelt, þó þau hafi á sínum tíma verið nýt lagasmíð. Með frv. þessu er stefnt að því að bæta hér nokkuð úr. Má segja að tilgangur frv. sé tvíþættur: Ætlunin er að treysta almennt stöðu sparisjóða meðal innlánsstofnana og auka aðhald og öryggi í rekstri þeirra í samræmi við kröfur tímans.

Skal nú vikið að einstökum köflum frv.

Frumvarpið telur 69 greinar og skiptist í 16 kafla. I. kafli frv. hefur að geyma tvær greinar, sem fjalla almennt um sparisjóði. Eru þetta ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum.

Í 1. gr. er leitast við að setja fram hvað felist í hugtakinu sparisjóður. Í því sambandi má nefna að með frv. er lagt til að stofnfjáreigendum verði heimilt að ráðstafa því verðmæti, sem felst í stofnfé þeirra, innan vissra marka. Er þetta rýmkun frá gildandi lögum, sem miðar að því að styrkja stöðu sparisjóða og gera stofnfjáreign í þeim eftirsóknarverða. Í greininni er einnig kveðið á um hlutverk sparisjóða og kem ég nánar að því þegar fjallað verður um VII. kafla frv.

Í 2. gr. frv. er m. a. tekið fram að sparisjóðum sé óheimilt að reka annars konar starfsemi en sparisjóðastarfsemi. Þetta er nýmæli.

II. kafli frv. fjallar um stofnun sparisjóða. Kaflinn hefur að geyma mun fyllri ákvæði en eru í gildandi lögum.

Samkv. 3. gr. verður stofnun sparisjóðs áfram háð leyfi viðskrh. Jafnframt eru settar ítarlegar reglur um hvernig gengið skuli frá umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs og um meðferð umsóknar hjá stjórnvöldum. Er lagt til í frv. að áður en ráðh. afgreiðir umsókn skuli leitað umsagnar hlutaðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna, Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Þessum reglum er ætlað að tryggja að ákvörðun um stofnun sparisjóðs sé tekin að vandlega athuguðu máli.

Í 4. gr. er lagt til að fleiri aðilum verði heimilt að stofna sparisjóði en er samkv. gildandi lögum. Aðalreglan verður að stofnendur skuli eigi vera færri en 30 talsins. Samkv. greininni verður starfsemi sparisjóðs áfram fyrst og fremst bundin við ákveðið svæði og skulu stofnendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði. Þetta skilyrði er sett sökum þess að sparisjóðir skulu almennt vera staðbundnar stofnanir, settar á fót til að þjóna ákveðnu byggðarlagi og íbúum þess. Á þetta sjónarmið er líka lögð áhersla í 3. gr. frv., en þar er mælt svo fyrir að þegar ráðh. afgreiðir umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skuli sérstaklega gefa því gaum hvort stofnun sjóðsins sé líkleg að vera til hagsbóta fyrir byggðarlagið og íbúa þess.

Samkv. 5. gr. verður það meginregla að sparisjóð megi ekki hér eftir stofna með lægra stofnfé en kr. 500 þús. Ráðh. verður þó heimilt að veita undanþágu frá þessari

reglu bæði til hækkunar og lækkunar. Undanþáguheimildin styðst við þau rök, að aðstæður og staðhættir hér á landi eru mismunandi. T. d. getur stofnun sparisjóðs í fámennu byggðarlagi, þar sem fjármagn er takmarkað, haft mikil áhrif á uppbyggingu byggðarlagsins. Ráðh. getur þó ekki beitt þessari heimild að eigin geðþótta, heldur ber honum að leita umsagnar Seðlabankans og Tryggingarsjóðs sparisjóða áður en undanþága er veitt.

Í síðustu grein kaflans, 6. gr., eru reglur um hvaða ákvæði samþykktir sparisjóðs skuli hafa að geyma. Ákvæðin eru ekki tæmandi talin í greininni. Samkv. þessum kafla verður framvegis óheimilt að stofna sparisjóð nema með innborguðu stofnfé. Sparisjóðir með ábyrgðarmannafyrirkomulagi verða því ekki stofnsettir. Á hinn bóginn þótti ekki fært að leggja þá skyldu á starfandi sparisjóði að taka upp stofnfé í stað ábyrgða við gildistöku laganna. Slíkt væri of þungbær skylda.

Í IV. kafla frv. er að finna reglur um hvernig með skuli fara ef aðalfundur sparisjóðs ákveður að í stað ábyrgða skuli koma innborgað stofnfé.

III. kafli frv. fjallar um stofnfjárhluti o. fl. Samkv. ákvæðum kaflans verður framsal stofnfjárhluta heimilt, að fengnu samþykki sparisjóðsstjórnar. Ætlunin er að gera eigendaskipti að stofnfjárhlutum heimil innan þröngra marka í því skyni að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari. Það ber hins vegar að taka fram, að alls ekki er stefnt að almennum viðskiptum með stofnfjárhluti eða stofnfjárbréf eins og um kvaðalaus hlutabréf eða önnur viðskiptabréf væri að ræða.

Í síðustu grein kaflans, í 12. gr., er að finna mikilvægt ákvæði sem kveður á um þá meginreglu að sparisjóður megi sjálfur ekki eiga meira en 10% af eign stofnfé. Nauðsynlegt er að setja þröngar skorður fyrir eignarhaldi sparisjóðs á eigin stofnfé, enda geta kaup sparisjóðs á stofnfjárhlutum stórlega rýrt stöðu sjóðsins.

IV. kaflinn fjallar um aukningu stofnfjár. Áður hefur verið vikið að því, að þessi kafli hefur að geyma ákvæði um hvernig með skuli fara ef aðalfundur sparisjóðs ákveður að í stað ábyrgðar skuli koma innborgað stofnfé. Í kaflanum er jafnframt ákvæði er mælir svo fyrir, að ákvörðun um að auka stofnfé í starfandi sparisjóði skuli tekinn á aðalfundi sjóðsins. Skal þá aðalfundurinn setja reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í V. kafla er fjallað um séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Stofnun séreignarsjóðs stofnfjáreigenda hjá sparisjóðum er nýmæli, sem er tilkomið vegna verðlagsþróunar undanfarinna ára. Við stofnun slíks sjóðs er stefnt að því að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari án þess að rýra stöðu eigin fjár hjá sparisjóði. Framlög í sjóðinn eru tvennskonar: Í sjóðinn skal leggja hluta þeirra vaxta sem aðalfundur sparisjóðs ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi. Þetta skal ég skýra örlítið nánar.

Samkv. 39. gr. frv. er m. a. heimilt að verja tekjuafgangi sparisjóðs til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Ársvextir mega þó ekki vera hærri en bestu innlánskjör eru á hverjum tíma. Aðalfundur sparisjóðs ákveður síðan hve mikill hluti vaxtanna skuli greiðast út til stofnfjáreigenda, en þau takmörk eru sett að fjárhæðin má ekki vera hærri en sem svarar til vaxta af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma, sem reiknaðir séu bæði af stofnfé og séreignarsjóði. Sá hluti vaxtanna, sem ekki greiðist út, skal lagður í séreignarsjóð stofnfjáreigenda.

Önnur framlög í séreignarsjóð stofnfjáreigenda eru fjárhæðir sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð bréfanna.

Í kaflanum er tekið fram að ekki megi skilja sundur rétt yfir stofnfjárbréfi og rétt yfir hlut í séreignarsjóði.

Um stjórn sparisjóða eru sett ítarleg ákvæði í VI. kafla frv., en gildandi lög eru fáorð um þetta efni. Þeirri stjórnunarlegu skipan, sem nú er við lýði í sparisjóðum, er í öllum meginatriðum haldið. Í frv. er leitast við að treysta það stjórnkerfi sem fyrir er hjá sparisjóðum og setja skýrari reglur um ýmislegt það sem skort hefur, lögfesta sumt sem í framkvæmd hefur tíðkast og almennt færa stjórnunarákvæðin í nútímalegra horf. Þessi skipan á stjórn sparisjóðanna er einföld og reynsla fengin fyrir henni. Því skal þó ekki leyna að sú reynsla er að vísu misjöfn. Hjá minni og meðalstórum sparisjóðum hafa stjórnir ekki verið eins virkar og nauðsynlegt er, en hjá hinum stærri hefur stjórnarframkvæmd verið mun traustari og sumsstaðar mjög góð.

Ekki þótti fært að taka upp þá skipan sem gildir hjá sparisjóðum á hinum Norðurlöndunum, enda er hún mun flóknari og viðameiri. Auk stjórnar og framkvæmdastjórnar er þar að finna svokallað fulltrúaráð og einnig er innstæðueigendum tryggð aðild að sparisjóðsstjórninni. Vegna fámennis og annarra sérstakra aðstæðna hér á landi var ekki talið rétt að feta í fótspor hinna Norðurlandanna, enda hafa hugmyndir um þá skipan mála ekki fengið hljómgrunn hjá íslenskum sparisjóðsmönnum.

Meðal nýmæla í kaflanum má nefna ákvæði um sparisjóðsstjóra. Samkv. frv. verður sparisjóðum ekki skylt að ráða sparisjóðsstjóra. Sé sparisjóðsstjóri hins vegar ráðinn fer hann ásamt sparisjóðsstjórninni sameiginlega með stjórn sparisjóðs. Sparisjóðsstjóri á að annast stjórn hins daglega rekstrar hjá sparisjóði og lúta í þeim efnum fyrirmælum og eftirliti sparisjóðsstjórnarinnar. Í frv. er ekki farin sú leið að tilgreina hvað fellur undir daglegan rekstur, heldur verður í því efni að hafa hliðsjón af umfangi starfseminnar og venjum á þessu sviði. Sú almenna takmörkun er þó gerð, að ráðstafanir sem eru óvenjulegar en mikils háttar falla ekki undir daglegan rekstur.

VII. kafli fjallar um starfsemi sparisjóða. Í upphafi kaflans er skýrt nánar hvað átt sé við með orðinu „sparisjóðsstarfsemi", sem minnst er á í I. kafla frv. Í 24. gr. segir að sparisjóðsstarfsemi sé fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri sparisjóðs- og þjónustustarfsemi sem er eðlileg í tengslum við slík viðskipti. Virðist þessi lýsing komast næst því sem almennt er álitið felast í hugtakinu „sparisjóðsstarfsemi" og þá jafnframt bankastarfsemi. Í kaflanum er einnig að finna margvísleg nýmæli sem eiga að tryggja rekstraröryggi sparisjóða betur en nú er, þar á meðal ítarlegri reglur um tryggingar sem setja skal fyrir útlánum.

VIII. kafli frv. hefur einnig að geyma reglur sem eiga að tryggja rekstraröryggi sparisjóða. Í fyrri grein kaflans, 36. gr., er fjallað um laust fé sparisjóða. Með ákvæðinu er stefnt að því að sparisjóður geti fullnægt þeirri skyldu að greiða innlánafé þegar þess er krafist af innistæðueigendum. Síðari greinin fjallar um eigið fé sparisjóða. Með framsetningu þessa ákvæðis er reynt að tryggja að hver og einn sparisjóður hafi á hverjum tíma yfir fullnægjandi eigin fé að ráða og sé fjárhagslega traustur. Samhliða

þessu er reynt að haga ákvæðinu á þann hátt að þessi skylda verði sparisjóðnum ekki fjötur um fót, heldur stuðli að frekari eflingu starfseminnar.

IX. kafli frv. fjallar um reikningsskil. Helsta nýmæli í þessum kafla er að finna í 39. gr., en þar er fjallað um ráðstöfun tekjuafgangs hjá sparisjóðunum. Í greininni er lögð sérstök áhersla á að efla varasjóð.

Í X. kafla frv. er fjallað um endurskoðun hjá sparisjóðunum. Er þar bæði að finna reglur um endurskoðendur og framkvæmd endurskoðunar.

Í XI. kaflanum er lagt til að stofnsettur verði nýr tryggingarsjóður sparisjóða. Allt frá gildistöku gildandi laga um sparisjóði hefur Tryggingarsjóður sparisjóða verið starfandi. Er hann í vörslu Seðlabanka Íslands. Árlega greiðir hver sparisjóður 2% af tekjuafgangi sínum í sjóðinn og er nú heildarfé í sjóðnum um 2.87 millj. kr. miðað við árslok 1981.

Hlutverk sjóðsins og annarra tryggingarsjóða af svipuðu tagi er að koma í veg fyrir að innistæðueigendur bíði tjón þótt innlánsstofnun verði fyrir svo miklu fjárhagslegu áfalli að hún geti ekki greitt skuldbindingar sínar að fullu.

Skipulag núverandi tryggingarsjóðs er með þeim hætti, að hann getur ekki valdið þessu hlutverki. Árleg tillög hvers sparisjóðs ásamt vöxtum skoðast sem séreign sparisjóðsins og færist sem eign í efnahagsreikningi hans. Af þessu leiðir að tryggingarsjóðurinn getur ekki veitt óafturkræft framlag til sparisjóðs sem þarf á því að halda til að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innistæðueiganda. Þetta er meginástæða þess að núverandi tryggingarsjóður hefur haft sáralítið gildi fyrir starfsemi sparisjóða. Á hinn bóginn leikur ekki á því nokkur vafi að rétt skipulagður tryggingarsjóður mundi auka fjárhagslegt öryggi sparisjóða og treysta hagsmuni innistæðueigenda. Forráðamenn sparisjóða hafa verið þess mjög lengi fýsandi að byggður verði upp öflugur tryggingarsjóður sem gegnt gæti hlutverki sínu. Með ákvæðum frv. um tryggingarsjóð sparisjóða er stefnt að þessum markmiðum.

Í XII. kafla frv. er fjallað um eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins með sparisjóðum og í XIII. kafla er fjallað um slit á sparisjóði, bæði frjáls slit og skyldu til þess að slíta sparisjóði. Ákvæðið miðar að því að hagsmunir innistæðueigenda séu tryggðir ef til slita á sparisjóði kemur. Jafnframt er í kaflanum mælt fyrir um meðferð mála við sparisjóðaslit.

XIV. kafli fjallar um sameiningu sparisjóða, sem segja má að séu sérstök tegund slita. Starfsemi sjóðanna heldur áfram þótt þeir teljist ekki lengur sjálfstæðir lögaðilar.

Í XV. og XVI. kafla er að finna refsiákvæði og ýmis almenn ákvæði og loks er að finna í frv. ákvæði til brb., sem gerir ráð fyrir að sparisjóðum verði heimilt að endurmeta stofnfé sitt innan tveggja ára frá gildistöku frv., ef að lögum verður. Í ákvæðinu eru settar sérstakar reglur um hvernig skuli haga því endurmati.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir og kynnt meginefni þess frv. sem hér liggur fyrir. Eins og áður hefur komið fram hefur á ýmsum stigum við gerð frv. verið leitað álits og tekið tillit til athugasemda og ábendinga frá Sambandi ísl. sparisjóða og einstökum sparisjóðsstjórum.

Meðal þeirra breytingartill. sem sparisjóðasambandið sendi rn. um mitt s. l. ár var till. um að tekin yrði upp í frv. nýr kafli um svonefnda lánastofnun sparisjóðanna. Hér var um nýja till. að ræða, sem sparisjóðasambandið hafði ekki sett áður fram mér vitanlega. Í till. er gert ráð fyrir að lánastofnunin hafi það meginhlutverk að stuðla að þróun og eflingu starfsemi sparisjóða. Samkv. því sem kemur fram í greinargerð með till. er lánastofnuninni ætlað að rækja þetta hlutverk með því að veita sparisjóðum lán til að jafna árstíðabundnar sveiflur í starfseminni. Jafnframt á stofnunin að gera sparisjóðum kleift að taka að sér útlán sem nú eru þeim ofviða. Loks á stofnunin að stuðla að rekstrarhagræðingu hjá sparisjóðum. Hér er þó ekki um tæmandi talningu að ræða, heldur minnst á meginatriði í þessum till.

Till. ber þess glögg merki að sparisjóðasambandið hefur í huga að lánastofnun sparisjóðanna hafi umfangsmikinn rekstur með höndum. Að lokinni athugun á till., sem framkvæmd var af starfsmönnum viðskn. og Seðlabankans, komst ég að þeirri niðurstöðu að taka hana ekki upp í frv. Þessa niðurstöðu má þó ekki skilja svo, að ég hafi að öllu leyti verið mótfallinn hugmyndinni sem lánastofnunin er reist á, heldur fyrst og fremst sem viðleitni til að sporna gegn aukinni þenslu í bankakerfinu, sem mörgum þykir ærin fyrir.

Eins og till. er sett fram er um umfangsmikla starfsemi að ræða og má jafnvel tala um bákn í því sambandi. Á það verður einnig að líta, að á hinum Norðurlöndunum, þar sem hliðstæðar stofnanir eru starfræktar, stunda þær almenna inn- og útlánastarfsemi við almenning. Reyndar er tekið fram í greinargerð sparisjóðasambandsins að þetta sé ekki ætlunin með lánastofnun sparisjóða. Engu að síður þykir mér trúlegt að starfsemi lánastofnunarinnar muni færast smátt og smátt inn á sömu braut og hliðstæðra stofnana á hinum Norðurlöndunum.

Þess sér reyndar merki í till. Þar sem gert er ráð fyrir að lánastofnunin geti ákveðið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að lána viðskiptamanni sparisjóðs fé með milligöngu hlutaðeigandi sparisjóðs.

Í annan stað sýnist till. gera ráð fyrir að lánastofnun færi nokkuð inn á það svið sem Tryggingarsjóði sparisjóða er ætlað að starfa á samkv. frv. Það getur ekki talist æskilegt að á vegum sparisjóðanna starfi tvær stofnanir sem hafa að nokkru leyti svipað hlutverk.

Af þessum ástæðum m. a. hef ég ekki talið fært að taka till. sparisjóðasambandsins upp í frv. Nefnd sú sem fær frv. til meðferðar leitar áreiðanlega umsagnar sparisjóðanna og geri ég þá ráð fyrir að sparisjóðasambandið fái tækifæri til að gera grein fyrir hugmyndum sínum varðandi lánastofnun sparisjóðanna.

Því er ekki að neita að það er nokkuð misvindasamt í stjórnmálunum eins og sakir standa og erfitt er að spá um hve langt þing verður í vetur. Eigi að síður geri ég mér vonir um að það vinnist nægur tími til þess að þetta frv. fái vandlega meðferð hér á hv. Alþingi. Ég mundi helst kjósa að unnt yrði að afgreiða frv. frá Alþingi sem lög áður en yfirstandandi þingi lýkur.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. frestað.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 162). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir um eftirlaun aldraðra, hefur þegar sætt meðferð í hv. Ed. og var afgreitt þaðan samhlj. Frv. gerir ráð fyrir að sú skipan á eftirlaunum aldraðra, sem ákveðin var á árunum 1976—1980, verði framlengd út árið 1984, en samkv. lögunum eins og þau voru útbúin var gert ráð fyrir að þessi skipan félli niður í lok ársins 1982. Hér þarf að framlengja þetta og fram eru komnar um það beiðnir frá öllum hagsmunaaðilum sem eiga menn í umsjónarnefnd eftirlauna.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, herra forseti. Það er í rauninni einfalt, — framlenging á fyrirkomulagi sem fullt samkomulag er um. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til hv. heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 31. fundur.

Fimmtudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun á reglum um ökukennslu, fsp. (þskj. 92). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 90 hef ég leyft mér að bera eftirfarandi fsp. fram til hæstv. dómsmrh. og hún er, með leyfi forseta, svohljóðandi:

„Hvað líður störfum starfshóps um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna sem skipaður var haustið 1979?“

Herra forseti. Sú er forsenda þessarar fsp., að árum saman höfðu ökukennarar eða félag þeirra haft af því áhyggjur að reglugerð sú sem hér um ræðir stæðist engan veginn kröfur sem til slíkrar menntunar og til slíkra starfa þyrfti að gera í nútímalegu þjóðfélagi. Fyrir vikið var haustið 1979 vegna beiðni þessara manna, sem þótti vera bæði sanngjörn og eðlileg þegar upp var borin, skipaður sá starfshópur sem um ræðir í nefndri fsp. Starfshópurinn hefur starfað að málinu og a. m. k. að einhverju leyti hafa frá honum komið tillögur, en að öðru leyti hefur þetta mál lítið eða ekkert hreyfst, og vísa ég þar m. a. til skilmerkilegrar greinar eftir formann Ökukennarafélagsins, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir fáum dögum. Það er af þessum ástæðum og alveg án annarra aths. sem hæstv. dómsmrh. er um það spurður, hvað líði störfum þessa starfshóps um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna, og vænti ég svara hæstv. ráðh. við spurningunni.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað líður störfum starfshóps um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna sem skipaður var haustið 1979?“

Svar: Í nóv. 1979 var komið á starfshópi til að vinna að endurskoðun reglugerðar um ökukennslu, próf ökumanna o. fl. Áttu sæti í starfshópnum skrifstofustjóri í dómsmrn., forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins og fulltrúi tilnefndur af Ökukennarafélagi Íslands. Starfshópur þessi kom saman nokkrum sinnum í upphafi árs 1980, fór yfir gildandi reglugerð um þetta efni og tillögur um breytingar er fyrir lágu frá Bifreiðaeftirliti og Ökukennarafélagi. Störf starfshópsins lögðust síðan niður, en á þessu ári hefur starfshópurinn yfirfarið drög að breytingum á reglugerðinni, sem m. a. fela í sér breytingar á hinu almenna ökuprófi. Er við það miðað að þessar breytingar geti tekið gildi snemma á næsta ári, en um það leyti er væntanleg ný kennslubók, sem ætluð er þeim sem ganga undir ökupróf. Stendur Ökukennarafélagið að útgáfu þessari, en slík kennslubók hefur verið ófáanleg í nokkur ár.

Rétt er að taka fram, að uppi hafa verið tillögur um ýmis atriði í sambandi við ökukennslu og próf sem varða umferðarlögin eða krefjast endurskoðunar þeirra. Þau atriði munu verða tekin til meðferðar af umferðarlaganefnd, sem vinnur undir forustu lögreglustjórans í Reykjavík að heildarendurskoðun umferðarlaga og reglugerðar samkv. þeim. Er þess vænst að tillögur nefndarinnar liggi fyrir á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil í framhaldi af svörum hæstv. dómsmrh. undirstrika mikilvægi þess, að til þeirra reglna sem gilda um bæði menntun ökukennara og um starf þeirra og kennslu og þá þjónustu sem þeir inna af hendi séu að öllu leyti gerðar nútímalegar kröfur því að það þarf ekki að undirstrika hversu mikilvæg sú starfsemi sem þar fer fram er af ýmsum ástæðum sem blasa við og ég hirði ekki um að vera að nefna frekar.

En einu hjó ég eftir í svari hæstv. dómsmrh., sem ég a. m. k. vona að sé heldur óvenjulegt, og það er það, að hann sagði að í upphafi árs 1980 hefðu störf nefnds starfshóps lagst niður. Mér er það alveg óskiljanlegt. Þessi starfshópur er skipaður í nóv. 1979 af augljósum ástæðum, af augljósri þörf og fyrir beiðni þeirra manna sem gerst þekkja til. En ráðh. segir, sem tók við embætti í febr. 1980, að störf hópsins hafi lagst niður. Ég vil undirstrika það, að forustu fyrir hópnum hafði starfsmaður í nefndu rn., en segir nú — að þremur árum liðnum — að það sé aftur að lifna yfir hópnum. Ég vona að hv. alþm. skilji að þessi er m. a. ástæðan fyrir því að spurningin er borin fram, því að minnsta kosti sumir þeirra sem í hópnum voru, voru nokkuð uggandi um hvernig starfi hans fram yndi. Og ég vildi satt að segja, bæði af almennum ástæðum og þeirri sérstöku ástæðu sem hér er spurt um, spyrja dómsmrh. aftur og biðja um skýr svör: Af hverju lágu störf niðri um tveggja til þriggja ára skeið frá því snemma á árinu 1980? Af hverju sofnaði þessi hópur — þó svo ég þakki fyrir að á síðustu mánuðum hafi verið að lifna yfir honum á nýjan leik?

Ég vek athygli á um hversu mikilvægt málefni hér er verið að spyrja og að hæstv. ráðh. segir í sínu svari að hópurinn hafi sofnað um tveggja til þriggja ára skeið. Mér er ljóst að það er kannske ekki allt líflegt sem er að gerast á þessum slóðum, en mér er alveg sama. Hér er um sýnist mér, mjög óvenjulegt mál að ræða. Að hluta til er mér málið skylt, því að ég átti hlut að því að þessi hópur fór af stað, og ég spyr: Af hverju sofnaði þessi nefnd um

tveggja til þriggja ára skeið? Ég óska eftir svari hér og nú, herra forseti.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli og ég hlýt að taka undir þau orð hv. 4. þm. Reykv. að undarlega seint hefur gengið að þessi starfshópur ljúki störfum og skili áliti.

Ég minnist þess, að þegar ég hér fyrir 5—6 árum flutti, að ég hygg fyrst manna, frv. til l. um lögleiðingu bílbelta á Íslandi, þá fól það frv. í sér ekki aðeins, og það var vegna náinnar samvinnu við umferðarráð og Ökukennarafélagið, lögleiðingu bílbelta, heldur einnig ákvæði sem snertu almenna umferð, þar á meðal að það er ekki nóg að ökukennslan sé í lagi, þó hún sé ákaflega mikilsverð, heldur er hitt ekki síður mikilvægt, og á það var ekkert minnst í sambandi við þennan starfshóp, að þeir sem þekkja best inn á umferðarmál telja brýna nauðsyn á að betur sé fylgst með ökumönnum eftir á, eftir að prófi lýkur. Þeir mæltu mjög eindregið með svokölluðu punktakerfi, sem fólst í því að það væri einfaldlega haldið saman óhöppum og árekstrum í umferðinni og þegar viss ökumaður hefði náð ákveðnum punktafjölda væri hann kallaður fyrir og hann skyldaður til að fara í endurhæfingu. Ég hefði talið að þetta væri mjög þarft og nauðsynlegt, enda þótt það sé vitað mál að einna flest umferðaróhöppin verða hjá ungum ökumönnum sem hafa nýlokið ökuprófi.

Ég vísa því til hæstv. ráðh. hvort ekki mætti beina til þessa starfshóps, áður en hann endanlega skilar af sér, að taka málið fyrir í nokkru víðara samhengi. En ég fagna því að þessi fsp. kom fram. Það er sannarlega ekki vanþörf á að hreyfa umferðarmálunum, svo mörg sem slysin eru með hroðalegum afleiðingum.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Eins og geta má nærri kann hv. fyrirspyrjandi margföldunartöfluna sína ennþá. Ég sagði aldrei að störf hópsins hefðu lagst niður um 2—3 ára skeið, heldur um sinn. Það var m. a. af því að við vorum þá að athuga hvernig best yrði staðið að endurskoðun umferðarlöggjafarinnar í heild. Nú er unnið að því starfi af fullum krafti og það hafa þegar verið lögð fram nokkur frumvörp eða a. m. k. tvö frv. frá umferðarlaganefnd hér á hv. Alþingi. Annað hefur orðið að lögum. Hitt féll hv. alþm. ekki í geð. Það er ekkert við því að segja. En hitt stendur óhaggað, að umferðarlaganefnd vinnur ötullega að þeim mikilvægu störfum, sem henni var falið að gegna, og hyggst skila endanlegu áliti á næsta ári.

Fleiri orð held ég að óþarft sé að hafa um þetta annað en það, að ég virði áhuga hv. 1. þm. Vestf. á umferðarmálum, sem og annarra hv. alþm. Þetta eru hin allra mikilvægustu mál, en þau eru margþætt og margslungin.

En ég minni á það, að þegar ég svaraði hér fsp. fyrir nokkru minnti ég á norræna umferðaröryggisárið, sem er fram undan, árið 1983. En þó að þeirri fsp. væri svarað í allítarlegu máli af minni hálfu minnist ég ekki að hafa séð neitt um það í dagblöðum eða fjölmiðlum né heldur getið um að norrænt umferðaröryggisár færi í hönd á næsta leiti.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég er hræddur um að ég hafi síst farið of skammt í því að lýsa doða þeirrar starfsemi sem nefnd hefur verið. Það er að koma árið 1983. Bráðum er liðið á fjórða ár síðan nefndur starfshópur var settur á laggirnar, en hann hefur ekki skilað af sér. Mér er kunnugt um að a. m. k. fulltrúa ökukennara í nefndinni hefur mislíkað mjög hægagangurinn á þessari starfsemi.

Annað í svari hæstv. ráðh. þykir mér mjög gagnrýni vert, en það er að rugla þessu saman við einhverja heildarendurskoðun á löggjöf. Hér er um að ræða starfshóp sem er að endurskoða reglugerð. Það er allt annað mál og algerlega einangrað viðfangsefni. Menn eiga ekkert að vera að rugla því saman við önnur og stærri mál.

Inntakið í þeim ályktunum sem ég dreg af svörum hæstv. ráðh. er að á þessu sviði hafi hæstv. ráðh. og starfsmenn hans ekki staðið sig sem skyldi. Ég vil því skora á ráðh., og veit að þar eru a. m. k. allmargir ökukennarar sem hagsmuna eiga að gæta sama sinnis, að störfum þessum verði hraðað hið fyrsta. Hér hefur verið lýst slælegri starfsemi í rn. Löggjafinn á að hafa áhuga á að þessari starfsemi verði hraðað og tíma sinnuleysisins sé lokið í þessu máli.

Endurskoðun siglingalaga, fsp. (þskj. 70). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Í framhaldi af ályktun Alþingis skipaði hæstv. samgrh. nefnd árið 1981 til að endurskoða ákvæði siglingalaga nr. 66 frá 1963, um björgun. Nefndin mun hafa samið frv. í þá átt ásamt ítarlegri grg. og ennfremur hefur þessi sama nefnd gert tillögu um afnám 12. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 frá 1967, en þetta lagaákvæði varðar skiptingu björgunarlauna sem til Landhelgisgæslunnar falla, en Landhelgisgæslan og starfsmenn hennar hafa í þessu tilfelli haft nokkra sérstöðu umfram önnur skip og áhafnir.

Það sem felst í fsp. minni til hæstv. ráðh. er hvað líði framgangi þessara mála. Megum við vænta þess að frv. þessa efnis verði lögð fyrir yfirstandandi Alþingi eða hefur komið upp eitthvert vandamál sem veldur því að þessi mál hafa ekki enn verið flutt hér á Alþingi, þótt frv. hafi legið fyrir um nokkurt skeið?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. fyrirspyrjandi spyrji um þetta frv. Mér er það kappsmál eins og honum að málið komi sem fyrst fyrir hv. Alþingi. Staðreyndin er að sú nefnd sem ég skipaði starfaði vel og lauk störfum s. l. haust. Að vísu hafa síðan komið fram nokkrar aths. sem ollu því að rn. taldi rétt að skoða málið betur. Ég lagði það þó fram í ríkisstj. fyrir 3—4 vikum og það er til meðferðar hjá þingflokkunum. Ég veit ekki til þess að nein andstaða sé við frv. og segja má að því valdi eingöngu annir að það er ekki enn komið fram. En það kemur fram, ef ekki fyrir jólaleyfi, þá þegar í upphafi þings eftir jólaleyfi. Ég leyfi mér að fullyrða það.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svar hans og ég læt mér nægja þær upplýsingar sem komu fram í ræðu hans. Ég tek undir óskir hans um að þetta frv. komi fram og nái fram áður en þingstörfum lýkur í vor.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 51 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh., sem er svohljóðandi:

„Hinn 5. mars 1981 var samþ. á Alþingi svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum."

Hvað líður framkvæmd þessarar tillögu?

Ég vil geta þess, að á sínum tíma var breytt reglum, sem í gildi hafa verið hjá Reykjavíkurborg að því er þetta snertir, og verkalok starfsmanna gerð sveigjanlegri en voru samkv. eldri reglum. Sú þáltill., sem samþykkt var á sínum tíma og ég var flm. að, miðaði að því að þær reglur sem giltu hjá ríkinu yrðu a. m. k. ekki lakari að þessu leyti. Þess vegna leikur mér nú forvitni á að vita hvað líður framkvæmd þessarar till.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur borið hér fram fsp. um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Í þessu sambandi er rétt að minna á að við gerð kjarasamninga milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs 20. ágúst 1980 var gert sérstakt samkomulag um málefni opinberra starfsmanna innan vébanda BSRB. Í 6. tölul. samkomulagsins er rætt um málefni eftirlaunafólks og öryrkja og sagði þar, með leyfi forseta:

„Sett verði nefnd til að gera tillögu um skipan málefna eftirlaunafólks og öryrkja, sem feli í sér rýmri heimildir til handa starfsmönnum að halda störfum sínum að hluta eftir að hámarksaldri er náð. Í því sambandi verði m. a. höfð hliðsjón af tillögu nefndar sem fjallað hefur um endurskoðun á reglum um aldurshámark starfsmanna Reykjavíkurborgar."

Tilsvarandi ákvæði er að finna í 6. tölul. samkomulags milli Bandalags háskólamanna og ríkisstj. um málefni ríkisstarfsmanna innan vébanda BHM frá 8. sept. 1980.

Til umræddrar nefndar var stofnað vorið 1981. Hana skipa þrír fulltrúar launþega og tveir fulltrúar ríkisvaldsins.

Nefndin hefur reynt að áætla þann fjölda ríkisstarfsmanna sem láta muni af störfum á n. k. árum. Þannig láta 53 starfsmenn af störfum fyrir aldurs sakir á því ári sem nú er að líða, 68 starfsmenn á næsta ári, 90 starfsmenn á árinu 1984 og 97 starfsmenn árið 1985, 120 1986 og 147 árið 1987.

Nefndin hefur haft hliðsjón af störfum annarrar nefndar, sem á sínum tíma endurskoðaði reglur um aldurshámark starfsmanna Reykjavíkurborgar. Einnig hefur nefndin skoðað hvaða reglur gilda um hliðstætt efni í nágrannalöndum okkar, einkum í Noregi.

Nefndin hefur ekki gert ráð fyrir að nein breyting verði á núgildandi reglu starfsmannalaganna nr. 38/1954 um lausn fyrir aldurs sakir, sbr. 13. gr. Aðalatriðið er að starfsmaður hafi nokkurt val um með hvaða hætti verklok verða, að hann geti um tiltekinn tíma haldið áfram sínu fyrra starfi eða sótt um annað starf hjá ríkinu, hálft eða fullt eftir því sem heilsa hans leyfir hverju sinni. Með því móti er ætlandi að dregið væri úr þeirri hættu sem skyndileg verklok geta haft.

Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að mat endurráðningar hlýtur ævinlega að verða afstætt, háð starfsgreinum o. fl. Verði settar sérstakar reglur um endurráðningu opinberra starfsmanna, sem veitt hefur verið lausn fyrir aldurs sakir, hlýtur að verða að skoða sérstaklega annars vegar lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 29/1963, þannig að tryggt sé að viðkomandi geti notið fullra launa og fyllsta lífeyris og jafnframt haldið áfram að ávinna sér lífeyrisrétt meðan endurráðning varir. Að vísu segir í niðurlagi 11. gr. laga um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, að á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi eftir að hann hefur verið frá því leystur eða hann fær af öðrum ástæðum greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris. Eðlilegast væri að lífeyrisgreiðslan væri að tiltölu við starfshlutfallið þannig að ef maður er í hluta af starfi geti hann fengið einhvern lífeyri. Annars er hætt við að hann gæti ekki séð sér og sínum farborða. Hins vegar ber að skoða rétt til launa í forföllum vegna veikinda, einkum ef um langvarandi veikindi er að tefla. Það er eðlilegt að lífeyrisrétturinn vakni að fullu hafi hann verið skertur fyrir.

Af því sem hér hefur verið sagt er ljóst að í mörg horn er að líta þegar gera á tillögu um málefni eftirlaunafólks með þeim hætti sem hér er um rætt. Viðhorf til þessara mála eru og síbreytileg.

Störf nefndarinnar féllu að hluta til niður á s. l. sumri vegna sumarfría og tafði það störf hennar nokkuð. Eigi að síður hefur nú verið gert ráð fyrir að nefndin gæti lokið störfum innan tíðar og þá væntanlega fljótlega á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og fagna því að nokkur hreyfing sé komin á þetta mál. Ég geri mér grein fyrir að það er nauðsynlegt að þessi mál séu leyst í fullu samráði við viðkomandi starfsmannafélög, en þannig var það þegar Reykjavíkurborg breytti sínum reglum.

Varðandi verklok er rétt að geta þess, hverjar þær reglur eru sem voru settar á sínum tíma hjá Reykjavíkurborg. Þær eru á þá leið, að starfsmaður skuli láta af störfum og starf hans verða laust um fyrstu mánaðamót eftir að hann nær 71 árs aldri. Það tímabil sem menn geta verið að störfum hefur því nokkuð lengst miðað við eldri reglur og miðað við þær reglur sem í gildi eru hjá ríkinu.

Lífeyrisgreiðslur hefjast þegar starfsmaður lætur af störfum í samræmi við reglugerð um Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Þegar starfsmaður sem náð hefur 70 ára aldri fer úr starfi sínu er heimilt að ráða hann á tímavinnukaupi í allt að hálft starf hjá Reykjavíkurborg án þess að það hafi áhrif á rétt hans til að taka lífeyri. Jafnframt er heimilt að ráða starfsmann á tímakaupi í fullt starf, enda fresti hann þá töku lífeyris án þess að það hafi áhrif til hækkunar lífeyris. Ef slík endurráðning er til starfa sem falla undir kjarasamninga verkalýðsfélaga greiðast laun samkv. þeim samningum, en annars greiðist tímavinnukaup samkv. aðalkjarasamningi starfsmanna borgarinnar.

Starfsmaður sem óskar að ráða sig í vinnu eftir sjötugt samkv. þessum skilmálum skal sækja um það skriflega til yfirmanns viðkomandi stofnunar með sex mánaða fyrirvara. Skal starfsmanni hafa borist svar innan þriggja mánaða frá umsókn. Sé unnt að verða við ósk starfsmanns skal ráðning gilda til tveggja ára eða til fyrstu mánaðamóta eftir að 73 ára aldri er náð, ef annar hvor aðili segir upp með venjulegum uppsagnarfresti. Við þau aldursmörk er heimilt á sama hátt og áður að framlengja starf hans um eitt ár. Starfsmaður skal láta af störfum 74 ára og eigi síðar en um næstu mánaðamót þar á eftir.

Þetta eru í meginatriðum þær reglur sem nú eru í gildi hjá Reykjavíkurborg. Eins og af þeim má sjá stuðla þær að því að milda nokkuð þann tíma, sem er erfiður í huga margra gamalla starfsmanna, þegar þeir þurfa að láta af störfum.

Það gerist æ tíðara hjá fyrirtækjum í einkarekstri að þau segja ekki upp starfsmönnum aldurs vegna, heldur leitast við að hafa starfsmenn í sínum störfum eins lengi og mögulegt er og eins lengi og þeir óska og eins lengi og heilsa og kraftar leyfa. Ég held að það sé æskilegt að ríkið taki upp svipaða reglu og að ekki verði beitt þeirri ströngu og ófrávíkjanlegu reglu sem í gildi hefur verið hjá ríkinu að þessu leyti.

Réttindi sjúkranuddara, fsp. (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 51 að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

Hver er staða sjúkranuddara í heilbrigðiskerfinu í dag og hverjar horfur eru á breytingum varðandi réttarstöðu þeirra?

Á seinni árum hefur verkaskipting við alla heilsugæslu og endurhæfingu vaxið mjög og æ fleiri sérmenntaðir starfshópar komið þar við sögu. Um einn þessara hópa er spurt hér þar sem nokkuð virðist svífa í lausu lofti um réttindi hópsins, þ. e. þeirra sjúkranuddara sem lokið hafa prófum frá viðurkenndum skólum. Þetta er fámennur hópur, vart yfir 10, og starfar ýmist á stofnunum eða sjálfstætt.

Þeir sem lokið hafa tilskildu námi telja sig eðlilega eiga að njóta lögverndaðra starfsréttinda, þó um langt skeið hafi þeir starfað með fullri vitund og vilja heilbrigðisyfirvalda. Vitað er og að læknar hafa mjög með þessari þjónustu mælt, hún gefist vel í ýmiss konar endurhæfingu. Það er einnig staðreynd, að réttindi sjúkranuddara skarast nokkuð við réttindi og starfssvið sjúkraþjálfara, enda mun hér um að ræða einn ákveðinn þátt í námi sjúkraþjálfara, en menntun þeirra öll viðameiri og snertir fleiri svið.

Ég veit að nokkur bréfaskipti hafa átt sér stað um þetta réttindamál og kann að vera að reynt sé að finna á því lausn, þ. e. afmarka starfssvið sjúkranuddara án þess að skerða í nokkru hlut sjúkraþjálfara, sem sýnist vandalítið hjá stofnunum sem reknar eru hjá ríki eða félagasamtökum, en kann að vera erfiðara í framkvæmd gagnvart sjálfstæðum rekstri. En nauðsyn ber til að þetta verði gert sem fyrst, bæði til að forða hugsanlegum árekstrum og eins til þess að menn sem eru án nauðsynlegs náms og réttar geti ekki gert sömu kröfur um t. d. endurgreiðslu sjúkrasamlags, svo að dæmi sé tekið, heldur sé þar eingöngu um þá að ræða sem til þess hafa tilskilin próf.

Hinn sívaxandi þáttur endurhæfingar í heilsugæslukerfi okkar krefst þess, að allar tiltækar leiðir séu reyndar að því marki að gera endurhæfinguna sem besta og virkasta. Hér er vissulega um þýðingarmikinn hluta þess starfs að ræða, vaxandi þátt í okkar endurhæfingu, og því er um réttindi þessa sérstaka starfshóps spurt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. þm. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., hefur lagt fram fsp. sem er á þessa leið:

„Hver er staða sjúkranuddara í heilbrigðiskerfinu í dag og hvaða horfur eru á breytingum varðandi réttarstöðu þeirra?"

Því miður er fyrri lið þessarar fsp. mjög fljótsvarað. Réttarstaða sjúkranuddara að lögum hér á landi er engin. Geta því í rauninni flestir kallað sig sjúkranuddara sem vilja og starfað sem slíkir, að svo miklu leyti sem starfsemin takmarkast ekki af ákvæðum læknalaga nr. 80/1969 og ákvæðum annarra sérlaga, sem gilda um heilbrigðisstéttir, svo sem laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun.

Á undanförnum árum hafa sjúkranuddarar hins vegar leitað hófanna hjá rn. eftir lögverndun starfs og starfsheitis á vegum heilbr.- og trmrn. Á undanförnum árum hafa sjúkranuddarar þeir, sem hafa verið starfandi hér á landi, starfað á eigin vegum og oft utan heilbrigðiskerfisins og án þess að tryggingakerfið taki þátt í kostnaði við störf þeirra. Eftirlit með starfsemi þeirra er bundið því, að þeir fari ekki inn á lögvarin svið heilbrigðisstétta eins og ég gat um.

Heilbrrn. er ljós sá mikli vandi, sem af þessu getur hlotist, sem ekki hvað síst er fólginn í því að í þessi störf sæki aðilar sem bæði sakir skorts á menntun og þjálfun hafa ekki til að bera þá færni til starfans sem hlýtur að vera nauðsynleg. Ekki er þar með sagt að svokallaðir sjúkranuddarar starfi eingöngu utan heilbrigðiskerfisins um þessar mundir. Bæði læknum og sjúkraþjálfurum er heimilt að hafa sér til aðstoðar nuddara sem ávallt starfar þá á ábyrgð og undir handleiðslu þeirra, þ. e. sem aðstoðarfólk. Þannig er læknum og sjúkraþjálfurum heimilt að hagnýta sér starfsemi sjúkranuddara undir þeim skilyrðum sem greint var frá.

Á undanförnum árum hefur færst mjög í vöxt að hinar ýmsu heilbrigðisstéttir hafi sótt um lögverndun starfs og starfsheitis. Hefur þá verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um hinar einstöku stéttir eða kveða á um þær í reglugerðum, sem settar hafa verið með stoð í lögum árið 1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, þ. e. hafi verið um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða, eins og röntgentækna og lyfjatækna svo tvö dæmi séu nefnd. Samkv. þessu nægir reglugerð sé um tæknimenntaða heilbrigðisstétt að ræða, en að öðrum kosti þarf sérlög.

Nú er það augljóst að setning sérlaga um einstakar heilbrigðisstéttir getur ekki gengið til lengdar. Spurningin er jafnvel sú, að mínu mati, hvort ekki hafi þegar verið gengið óþarflega langt í þeim efnum. Það er mín skoðun, að nær væri og skynsamlegra að reyna að útbúa heildstæða löggjöf um heilbrigðisstéttir, sem gæfi heimild til setningar reglugerða um hina einstöku hópa, þar sem tekið yrði á sérmálum þeirra, svo sem hverrar menntunar sé nauðsynlegt að krefjast, í hverju starfið skuli fólgið og þar með hver réttindi þeirra skuli vera og hvaða skyldur þeir skuli bera. Alger forsenda fyrir því að unnt sé að viðurkenna stétt sem heilbrigðisstétt hlýtur að

vera að fyrir liggi markvisst og skipulegt nám í skóla, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna, innanlands eða utan. Slíkt nám verður að miðast við ákveðna sérhæfingu vegna mikilvægis starfans og að það sé leyst af hendi á sem farsælastan hátt, enda ábyrgð heilbrigðisstétta meiri en víðast gerist, t. d. ef um verður að ræða mistök í starfi eða vanrækslu.

Af þessum ástæðum hef ég fyrir nokkrum vikum — það var reyndar seinni part sumars trúi ég — falið lögfræðing heilbrn. og landlækni að gera tillögur að frv. til laga um heilbrigðisstéttir, sem kæmi í stað laganna um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Stefni ég að framlagningu slíks frv. þegar á yfirstandandi þingi og nái það fram að ganga gefst tækifæri til að kveða á um réttindi og skyldur sjúkranuddara. Yrði þá tryggt að til slíkra starfa veldust eingöngu þeir sem til þess hafa menntun og færni.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað fsp. eins og kostur er á við þessar aðstæður.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og tek undir það með honum að út úr þessu máli sé sú ein leið, sem hann ræddi hér sérstaklega, þ. e. að setja heildstæða löggjöf um heilbrigðisstéttirnar og ákveða þeim að öðru leyti starfssvið í reglugerð. Ég óttast að vísu að varðandi þá löggjöf eigi margir eftir að koma og spyrja um sinn rétt og sínar fyrri tryggingar gagnvart starfsheitum og lögverndun þeirra, en vafalaust verður þannig um hnútana búið að þessir aðilar þurfi ekki undan að kvarta.

Ég vil svo ítreka enn og aftur mikilvægi þess að nýta alla starfskrafta sem unnt er til endurhæfingarstarfs. Það starf er oft um leið fyrirbyggjandi og hefur gerbreytt öllum lífshögum og líðan ótalinna aðila.

Ég tel einnig nauðsyn á að nám í þessum afmarkaða þætti sjúkraþjálfaranámsins gæti farið fram hér á landi í ljósi þess stórfellda skorts á sjúkraþjálfurum sem hér hefur verið og útlendingar hafa æ ofan í æ þurft að bjarga að miklu leyti.

Við vitum að það eru æ fleiri stöðvar sem rísa upp til endurhæfingar og þjálfunar. Heilsugæslustöðvar á öllum stærri stöðum munu reyna að fara inn á vissa endurhæfingu svo sem mögulegt er, og að ekki sé nú talað um sjúkrahúsin úti á landsbyggðinni. Þetta er þeim brýn nauðsyn. Og að ekki sé nú talað um íbúana á þessum stöðum, að þeir þurfi ekki ævinlega að fara hingað suður til þeirrar endurhæfingar sem þeim er talin nauðsyn til þess að þeir nái sínum fyrri starfskröftum t. d. eftir erfiðar aðgerðir.

Því legg ég áherslu á að þessi mál séu tekin upp á svipaðan hátt og hæstv. ráðh. var með hugmyndir um áðan, heildstæð löggjöf verði um þetta sett og allir kraftar í heilbrigðiskerfinu nýttir til hins ýtrasta til þess að koma endurhæfingarmálum okkar í sem best horf.

Sveitarafvæðing, fsp. (þskj. 109). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á fjárlögum fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að veita 2.7 millj. til sveitarafvæðingar og til viðbótar 4.5 millj. kr. á lánsfjáráætlun eða samtals 7.2 millj. kr. Síðan var ákveðið samkv. bréfi fjmrn. að skerða þessa fjárveitingu um 162 þús. kr. þannig að ráðstöfunarfé Orkusjóðs til sveitarafvæðingar á árinu 1982 er 7.038 millj. kr. Það er hlutverk orkuráðs að ráðstafa eða gera tillögur um ráðstöfun þessa fjár. Og þannig var málum háttað, að meginhluti þessa fjár þurfti að ganga til heimtaugalagna til húsa á eldri veitusvæðum og sáralítið var afgangs til nýrra veitulagna, eins og raunar hefur verið á undanförnum árum.

14. apríl s. l. gerði orkuráð samkv. lögum tillögur til iðnrh. um ráðstöfun þessa fjár. Var það með þeim hætti, að lagt var til að til heimtauga hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða væri varið 5.7 millj. kr. en eftirstöðvunum, 1.2 millj. eða 1.3 millj. kr., væri varið til nýrra veitulagna, eða til svokallaðrar Ketildalalínu í Vestur-Barðastrandarsýslu, Ketildalahreppi. Hæstv. iðnrh. samþykkti tillögu orkuráðs um ráðstöfun fjárins til heimtauga, en hann hefur ekki ennþá afgreitt tillögu orkuráðs um ráðstöfun þessa fjár til nýrra veitulagna, eða til Ketildalalínu, að upphæð 1.26 millj. kr.

Það verður nú að segjast eins og er og eru engin tíðindi, að það fé, sem var ráðstafað á fjárlögum fyrir árið 1982 til sveitarafvæðingar, var allt of lítið og í engu samræmi við tillögur orkuráðs í því efni. Samt sem áður skiptir máli að hagnýta þetta fé með eðlilegum hætti. Það hefur verið byggt á því að þessu fjármagni yrði ráðstafað í samræmi við tillögur orkuráðs. Samkv. tillögu formanns orkuráðs hóf Orkubú Vestfjarða þessar framkvæmdir í þeirri vissu, að það fengi það fjármagn til nýrra veitulagna árið 1982 sem ráðstafað hafði verið í þessum tilgangi. En það óvenjulega hefur skeð eða einstæða, að hæstv. iðnrh. hefur ekki afgreitt þessa tillögu orkuráðs, eins og ég sagði áðan eða samþykkt þessa ráðstöfun orkuráðs, svo sem jafnan hefur verið að iðnrh. hefur gert, en samkv. lögum á orkuráð að gera tillögur í þessu efni.

Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að bera fram fsp. til iðnrh. á þskj. 109, þar sem í fyrsta lagi er spurt hvers vegna iðnrh. hafi ekki afgreitt tillögu orkuráðs samkv. bréfi dags. 17. apríl s. l. og ítrekaða með bréfi dags. 21. okt. s. l., um ráðstöfun fjármagns sem ákveðið er til sveitarafvæðingar í fjárlögum fyrir árið 1982 vegna nýrra veitulagna. Og í öðru lagi hef ég leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvort hann vilji afgreiða tillögu orkuráðs þegar í stað, svo að nýta megi það fjármagn sem Alþingi hefur ákveðið að ganga skuli til sveitarafvæðingar á árinu 1982.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Málefni sveitarafvæðingar komu til umr. hér í síðustu viku, all ítarlegrar, og þá kom fram hver staðan væri varðandi fjárveitingar á þessu ári og margt fleira varðandi þetta mál.

Hér er borin fram fsp. varðandi ráðstöfun fjár samkv. tillögum orkuráðs frá því í apríl s. l. til Selárdalslínu vestra, en til ráðstöfunar voru að mati orkuráðs og samkv. fjárveitingum 1 millj. 261 þús. kr., en kostnaður við lagningu Selárdalslínu var áætlaður 2 millj. 355 þús. kr. Orkuráð gerði tillögu um að verja þessu takmarkaða fjármagni í þetta tiltekna verk og hafði fært upp á sinni skrá Selárdalslínu úr fimmta sæti, þar sem hún var í marsmánuði s. l. á skrá ráðsins, upp í fyrsta sæti 2—3 vikum síðar á grundvelli þess, að fundnir væru fleiri notendur í hreppnum heldur en áður var að mati ráðsins. Ég taldi, eftir að hafa fengið þessa tillögu orkuráðs með þessari skyndilegu breytingu á röðun á þessum raflínum,

nauðsynlegt að athuga þetta mál nokkru nánar, til þess að ljóst væri að þarna væri farið að með eðlilegum hætti og einnig hvaða möguleikar væru á því að ljúka þessu verki á þessu ári.

Áður hafði verið í fyrsta sæti á skrá orkuráðs frá held ég 24. eða 25. mars á þessu ári svokölluð Njarðvíkurlína í Borgarfirði eystra, og kostnaður við lagningu hennar var metinn á um 800 þús. kr. Það var því ljóst að fjármagnið, sem þarna var til ráðstöfunar, mundi hrökkva til að ljúka því verki og rúmlega það.

Ég lét kanna þetta mál s. l. sumar, líklega í júlímánuði, og frétti þá að framkvæmdir væru hafnar við lagningu Selárdalslínu án þess að staðfesting lægi fyrir af hálfu rn. á tillögu orkuráðs í þessu sambandi. Ég lét grennslast fyrir um það, hvernig það mætti vera, og þá höfðu farið þarna einhver munnleg skilaboð á milli, sem ég kann ekki nánar að greina frá, og Orkubú Vestfjarða hafði ráðist í verkið án þess að hafa tryggingu og nokkuð bréflegt um málið. Ég fékk upplýsingar um það frá orkuráði eða starfsmönnum þess, hvaða notendur hefðu fundist nýir í Ketildalahreppi. Þeir reyndust samkv. endurmati vera orðnir átta í staðinn fyrir fimm áður og þannig hafði þessi breyting verið gerð á röðun af hálfu orkuráðs. Ég ætla hér ekki að fara að tíunda hverjir þar voru tiltaldir nýir og ætla ekki út af fyrir sig að vefengja það, en kirkjan í hreppnum var, ef ég man rétt, í hópi hinna nýju notenda og ekki lasta ég það að fá ljós í kirkju.

Nú var það ljóst í sumar að þetta verk yrði unnið á vegum Orkubús Vestfjarða þrátt fyrir það að ljóst væri að fjárveiting hrykki ekki til þess, og ég hef verið áhugamaður um það að koma sveitarafvæðingu áfram. Ég tel að tillögur míns rn. beri vott um það frá liðnum árum. Því hóf ég málaleitun um það þá þegar að fá Byggðasjóð í lið við þetta mál og tókst í byrjun sept. að fá heimild fyrir Byggðasjóð til að taka á sínum vegum lán að upphæð 2 millj. kr. til þess að nóg efni væru til til að ljúka Selárdalslínu og einnig að ljúka lagningu Njarðvíkurlínu í Borgarfirði eystra. Það hefur því miður dregist hjá Byggðasjóði að afgreiða þetta mál, taka afstöðu til þessarar lántökuheimildar, sem sjóðurinn hefur, en ég geri mér von um að það fáist niðurstaða á næsta fundi Byggðasjóðs. Ég hef ákveðið að staðfesta þessa tillögu orkuráðs og vona sem sagt að geta bætt um betur og fengið með tilstyrk Byggðasjóðs nægjanlegt fé fyrir þessa framkvæmd í heild sinni í ár, þannig að það íþyngi ekki Orkubúi Vestfjarða, sem á við fjárhagsörðugleika að stríða, og auk þess verði hægt að leggja þá línu, sem að mati Orkuráðs í mars s. l. var efst á blaði, Njarðvíkurlínu í Borgarfirði eystra, en það mun þó fara mjög eftir tíðarfari, hvort unnt er að ljúka þeirri framkvæmd fyrir lok ársins eður ei.

Bréf frá orkuráði barst mér 23. nóv., þar sem ráðið ætlar að ég skuli ekki enn hafa afgreitt þetta og skorar á mig að afgreiða þetta þegar í stað. Hv. fyrirspyrjandi vitnaði til þess. Ég hef ekkert út af fyrir sig við það að athuga að ráðið sé með áskoranir af þessu tagi. En það er jafnljóst að það er ráðh. að taka við tillögum orkuráðs og taka afstöðu til þeirra samkv. lögum, og ég vænti að svar mitt skýri það, hvaða ástæður lágu til þess að ekki var þegar í stað við brugðist og orðið við þessari tillögu orkuráðs s. l. vor. Ég tel að það hafi verið gildar ástæður til að athuga málið betur, en það hefur aldrei verið í mínum huga að nýta ekki það takmarkaða fjármagn sem þarna var um að ræða. Þvert á móti hef ég lagst á árar til að fá viðbótarfjármagn og geri mér góðar vonir um að það fáist nú einhvern næstu daga með jákvæðum viðbrögðum frá Byggðasjóði um að taka þátt í lausn þessa máls. Með því mundi þeim jörðum innan 6 km meðaltalsfjarlægðar fækka úr 32, sem voru á skrá í ársbyrjun, um 10 eða niður í 22, sem þá væru eftir.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svar það sem hann hefur gefið, þó að mér þyki það ekki fullnægjandi skýring og raunar engin skýring á þeirri ákvörðun hæstv. iðnrh. að hafa ekki staðfest tillögur orkuráðs um ráðstöfun þess fjár sem átti að ganga til nýrra veitulagna á þessu ári.

Hæstv. ráðh. fór að tala um að það hefði orðið breyting á röðun framkvæmda eða framkvæmdaröð sveitalína sem eftir er að leggja. Hann talaði um það eins og það væri eitthvert einstakt tilvik. Það var gerð skrá um nær alla sveitabæi og allar sveitalínur sem þurfti að leggja þegar árið 1975. En það gefur auga leið að ýmsar breytingar hafa orðið varðandi búsetu sem hafa valdið því að það hafa orðið tilfæringar á þessum röðunarlista framkvæmda. Og það hefur verið einfalt reikningsdæmi starfsmanna Orkustofnunar að gera þessar breytingar, því að það hefur verið farið eftir ákveðinni reglu varðandi röðun, þ. e. eftir því hver væri meðalvegalengd á milli bæja og hver væri meðalkostnaður á hvert býli sem tekið væri fyrir í hvert sinn. Það sem skeði núna og hæstv. iðnrh. var að vitna til, að Selárdalslína eða Ketildalalína hefði verið færð upp fyrir Njarðvíkurlínu í Norður-Múlasýslu, er einfaldlega af þessum ástæðum og engu öðru. Ég vísa algerlega á bug öllum aðdróttunum um að starfsmenn Orkustofnunar hafi ekki unnið þetta verk samviskusamlega, að sjá um að röðunin væri í lagi, eins og þeir hafa alla tíð gert. Og það skiptir engu máli þó að annars vegar eigi mitt kjördæmi í hlut og hins vegar kjördæmi hæstv. iðnrh.

Þá, eins og ég sagði, vék ráðh. að því að framkvæmdir hefðu verið hafnar á Ketildalalínu og unnar af Orkubúi Vestfjarða án þess að staðfesting ráðh. hefði verið fengin á þessari ráðstöfun peninganna til sveitarafvæðingarinnar. Hæstv. ráðh. sagði að það mundu hafa farið fram munnleg skilaboð á milli Orkuráðs og Orkubús Vestfjarða og hann bætti við: en ég kann ekki deili á því. Hann kann ekki deili á því! Á ég þá ekki að segja honum hvað skeði? Formaður orkuráðs, Aage Steinsson, sem hæstv. ráðh. gerði að formanni orkuráðsins, var á þeim tíma starfsmaður Orkubús Vestfjarða og sá um þessar framkvæmdir. Aage Steinsson gerði það sem mér fannst ekki óeðlilegt, hann reiknaði einfaldlega með því að ráðh. mundi samþykkja tillögur orkuráðs eins og alltaf hefur verið, alla tíð. En það er það sem ekki skeður.

Nú segir hæstv. ráðh. að hann sé að vinna að því að fá Byggðasjóð til að taka 2 millj. kr. lán. Það er ekkert nema gott um það að segja. En að það hafi dregist hjá Byggðasjóði að tekin væri ákvörðun í þessu efni. Það hefur sannarlega ekki dregist. Byggðasjóður hefur gert það og ríkisstj. hefur fengið bréf um þetta efni. Það hefur staðið á ríkisstj. og hæstv. iðnrh. en ekki á Byggðasjóði.

Hæstv. iðnrh. sagði að nú ætlaði hann að staðfesta tillögur orkuráðs. Það er nú ekki seinna vænna. Það eru ekki eftir nema tvær, þrjár vikur af árinu, svo að ég held að hann ætti að standa við þetta fyrirheit og gera það þegar í stað í dag.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þetta er dálítið einkennilegur málflutningur hjá hv. fyrirspyrjanda að mér þykir. Hann er að gera hér sterkar athugasemdir um það, að ráðh. líti yfir tillögur sem frá orkuráði koma og skrifi ekki nánast upp á þær orðalaust, og hann hefur staðið að samþykktum þar í orkuráði, að ráðh. eigi bara að gera þetta þegar í stað og ekkert múður. (Gripið fram í.) Ég leyfi mér að spyrja: Hvers konar málflutningur er þetta? Ætlast hv. þm. til þess að orkuráð fái það vald sem ráðh. hefur að lögum í þessu máli? Síðan liggur það fyrir, það hefur legið fyrir frá því í sumar, að verkið hefur verið unnið þrátt fyrir það að þessa staðfestingu vantaði, þannig að ljóst er að það hafa verið notaðir þeir aurar sem fyrir lágu og helmingi meira til þessa verks. Ég tók það hér fram og ég ítreka það, að það hefur aldrei staðið til að nýta ekki þessa heimild. En ég vildi að það lægi jafnframt fyrir, hvort hægt væri að fá viðbótarfjármagn til að greiða þetta verk að fullu — og bæta um betur, taka tvo bæi til viðbótar sem voru efstir á skrá frá Orkustofnun á borði orkuráðs í marsmánuði síðla. En síðan gerðist það milli 24. mars og 14. apríl 1982 að lína, sem var í fimmta sæti á skránni skömmu áður, færðist upp í fyrsta sæti, en hinni var þokað til hliðar. Ég taldi fulla ástæðu til að athuga þetta og lái mér hver sem vill.

Það er einnig misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að það hafi verið ríkisstj. sem ekki vildi taka við fyrirgreiðslu af hálfu Byggðasjóðs í þessu máli. Þetta er einnig fjarstæða. Ríkisstj. hafði ekkert fyrirheit frá Byggðasjóði fyrr á árinu um það að hann tæki lán til sveitarafvæðingar. Ekkert slíkt lá fyrir.

Framkvæmdastofnun hafði óskað eftir því rétt eftir að menn afgreiddu lánsfjáráætlun hér s. l. vor, að tekin yrðu erlend lán til ýmissa framkvæmda til viðbótar, þ. á m. til sveitarafvæðingar, ekki á vegum Framkvæmdastofnunar eða á vegum Byggðasjóðs, heldur á vegum ríkissjóðs. Erindi mín við Byggðasjóð hafa ekki verið þess efnis, heldur að óska eftir því, að Byggðasjóður sjálfur stæði að slíkum lántökum og stæði undir fjármagnskostnaði við slíkar lántökur. Það er slíkt erindi sem legið hefur fyrir Byggðasjóði frá því snemma í september og sem stjórn sjóðsins hefur ekki tekið afstöðu til. En ég hef orð framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar, hv. þm. Sverris Hermannssonar, fyrir því, að þetta mál verði tekið til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar Byggðasjóðs. Ég efast ekki um að við það verði staðið og ég vænti þess, að það verði jákvætt svar. Þetta vildi ég að hér kæmi fram til leiðréttingar á því, sem fram kom í athugasemdum hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil fyrst aðeins leggja áherslu á að það er ekkert beint samband milli þess að taka ákvörðun um ráðstöfun þess fjármagns sem ráðstafað er á fjárlögum til sveitarafvæðingar og að leita leiða til að fá lánsfjármagn í þessu skyni. Í öðru lagi er það óhæfa að láta líða átta mánuði frá því að tillögur Orkusjóðs komu fram og þar til nú að ráðh. lofar að ganga frá þessu máli. Það er alger óhæfa. Það er staðreynd að Byggðasjóður og Framkvæmdastofnun og sérstaklega framkvæmdastjóri hennar, sem hér var nefndur á nafn, Sverrir Hermannsson, hefur haft mikinn áhuga á því að lánsfjármagn fengist í þessu skyni, en það hefur staðið á ríkisstj. Ef ríkisstj. hefði sýnt framtak þá væri búið að ganga frá þessu máli.

Rækjuveiðar við Húnaflóa, fsp. (þskj. 88). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 88 að flytja fsp. til hæstv. sjútvrh. um rækjuveiðar við Húnaflóa. Hún hljóðar svo með leyfi forseta:

„Hyggst sjútvrh. breyta þeim reglum sem nú gilda um skiptingu rækjuafla á Húnaflóa í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á atvinnuöryggi þeirra staða er aflans hafa notið?“

Ég mun skjóta nokkrum stoðum undir þessa fsp. Hún stafar af því, að á rækjuvertíðinni 1975—1976 var rækjuafla fyrst skipt á milli vinnslustöðva við Húnaflóa. Áður hafði verið samkomulag milli vinnslustöðvanna um að skipting væri jöfn milli staðanna fjögurra, Hólmavíkur, Drangsness, Hvammstanga og Skagastrandar.

Við skiptingu rn. er Blönduósi bætt inn sem vinnslustöð, og fær hún sinn aflahlut að sjö hundraðshlutum frá Hvammstanga og þremur hundraðshlutum frá Skagaströnd, samtals 10% af heildaraflanum. Þorpin vestan flóa héldu sínum hluta að fullu. Það er ljóst að Hvammstangamenn hafa frá upphafi mótmælt þessari skiptingu harðlega. Hefur hreppsnefnd Hvammstangahrepps bent á að forsendur upphaflegrar skiptingar væru nú allar brostnar, hafi þær þá nokkurn tíma verið fyrir hendi. Þeim stoðum er rennt undir það að þessar forsendur séu brostnar, að nú hafi þær breytingar orðið á atvinnulífi annarra staða að þar hafi atvinnulíf verið tryggt mun betur en áður var. M. a. er bent á það að Hólmvíkingar hafi nú eignast nýjan togara, sem muni auka mjög verulega eftirspurn eftir vinnuafli á staðnum og treysta atvinnulífið, og að síðan upphafleg skipting komst á hafi Skagstrendingar fengið tvo togara, sem gjörbreytt hafi atvinnuástandi þar, og á Blönduósi hafi verið mikil atvinna, m. a. hafi vinna við væntanlega Blönduvirkjun skapað þar jafnvel þenslu á vinnumarkaði. Það er af þessum sökum að fsp. er lögð hér fram um það, hvort ráðh. eða hans virðulega rn. hafi í hyggju að breyta þeim reglum sem nú eru í gildi á þessu svæði.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í raun og veru er spurningu þessari fljótsvarað. Sjútvrn. hefur ekki í huga að breyta þeirri reglu sem gildir um rækjuveiðar á Húnaflóa, a. m. k. ekki á þessari vertíð.

Eins og hv. fyrirspyrjandi rakti á þetta sér nokkra sögu. Strandamenn hófu rækjuveiðar á Húnaflóa eftir að aflabrestur varð á flóanum, þorskveiðar lögðust nánast af, og má segja að atvinnulíf á Hólmavík og Drangsnesi hafi byggst á rækjuveiðum eingöngu eftir 1963. Aðrir hófu síðar rækjuveiðar þar allmiklu seinna, þannig að nauðsynlegt þótti að skipta þessum veiðum, enda deilur orðnar allmiklar. Fyrrv. hæstv. sjútvrh. Matthías Bjarnason gekk í málið 1975. Það var erfitt mál og af sumum nefndur Húnaflóabardagi hinn síðari. Málið var nú leyst þannig að Strandamenn fengu 50% þess aflamagns sem leyft er á flóanum og Húnaflóahafnirnar jafnframt 50%.

Það er rétt að forsendur hafa nokkuð breyst, að vísu ekki ennþá Strandamegin. Ég vek athygli á því að sá togari, sem nefndur var, er ekki kominn til veiða enn og kemst vart til veiða á þessari rækjuvertíð. Hins vegar er ljóst að nokkur breyting hefur orðið á Skagaströnd. Þar

eru tveir togarar og má færa rök að því, að breyta mætti einhverju á milli Skagastrandar og Hvammstanga. Hins vegar varð niðurstaða mín sú, að réttara væri að bíða þar til þá enn frekari umsköpun atvinnulífs hefði orðið á Húnaflóasvæðinu og skoða málið þá í heild sinni. Því ákvað ég að breyta í engu því sem var ákveðið 1975 að þessu sinni.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. hans svör. Í rauninni bjóst ég ekki við öðrum svörum. En ég vil bara í framhaldi af því sem hæstv. ráðh. sagði hér hvetja til þess að fyrir næstu rækjuvertíð verði hugað vandlega að því, hvort ekki reynist unnt að breyta þessari skiptingu, m. a. með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á atvinnulífi annarra þeirra staða sem njóta hluta af þeirri skiptingu, og þeim reglum sem nú eru í gildi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa nokkurri óánægju með svör hæstv. sjútvrh. við þessari fsp. Ég átti að vísu ekki von á því fremur en fyrirspyrjandi, að hann færi að lýsa yfir því að hann ætlaði að beita sér fyrir breytingu á þessari rækjuvertíð, þar sem togari Hólmvíkinga er nú ekki farinn að mala þeim gull ennþá eða kominn til veiða. En maður vonar að að því reki og þá held ég að tækifærið sé að koma til að stokka þarna upp. Mér fundust sem sagt fyrirheitin vera svona í daufara lagi, hefði kosið að hafa þau snarpari, en treysti því þó að að því reki fyrr en síðar, að þetta verði stokkað upp. Og ég vil taka það fram, að ég held að það sé aldeilis ekki ráðið að minnka hlut Skagstrendinga í þessum veiðum, það er síður en svo, þeir eru ekki í neinum vandræðum með að vinna sinn afla sem þeir geta flutt að landi og gera úr honum verð. En ég held að það sé ekkert sem er sjálfgefið, að 50% af aflanum sé landað vestan flóans, hvort sem menn geta ráðið við að verka hann eða ekki.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Vestfirðingum farnaðist vel í Húnaflóabardaga hinum forna og höfðu þeir þá helmingi minna lið. Ég hygg að það sé einnig rétt að hugleiða það, að sá bardagi sem síðar varð og hafði í för með sér að gefið var eftir gagnvart rækjuveiði frá Strandasýslu og yfir flóann, hafi átt þátt í því að endurskipuleggja varð uppbyggingu atvinnulífs á Hólmavík og m. a. var farið út í að kaupa togara, sem er ekki kominn þar til starfa, eins og fram hefur komið.

Ég vil benda á það, að hugsanlegt er að það verði þá að fjölga þorpum fyrir norðan flóann ef það eitt á að ráða úrslitum. En mér þætti sanngjarnt að þeir sem telja þetta ranglátt í dag gefi það upp hvaða prósentuhlutföll þeir telja réttlát.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af þeim aths. sem hér hafa komið fram vil ég aðeins nefna það, að ef eitthvað hefur raskast það jafnvægi sem var 1975, þá er það heldur Húnaflóamönnum að austanverðu til hagsbóta. Þar hafa bæst við tveir togarar og ætti þá kannske að færa eitthvað af kvótanum vestur yfir. Ég vil vekja athygli á því. En ég hef það heldur ekki í huga.

Hins vegar ef hv. þm. Norðurl. v. vilja gera til mín sameiginlega tillögu um flutning á rækjukvóta milli staða við austanverðan flóann skal ég með ánægju skoða það.

Kostnaður vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins, fsp. (þskj. 117). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með bréfi frá ríkisbókhaldi dags. 15. nóv. s. l. var Hafnarfjarðarkaupstað tilkynnt að kaupstaðnum væri gert að taka þátt í kostnaði við athugun á starfsemi Íslenska álfélagsins, sem iðnrn. hefur staðið fyrir nú um rúmlega tveggja ára skeið. Þegar uppgjör fór fram á álgjaldinu síðla árs kom í ljós að frá álgjaldsgreiðslu til Hafnarfjarðar var dregin upphæð sem Hafnarfjarðarbær eða forsvarsmenn hans könnuðust ekki við. Í framhaldi af því leitaði bæjarstjórinn í Hafnarfirði eftir upplýsingum um hverju þetta sætti. Kom þá í ljós, eins og segir í bréfi, að Hafnarfjarðarbæ hafði verið gert að taka þátt í kostnaði af þeirri sérkennilegu rannsókn sem iðnrn. hefur látið fram fara á starfsemi og reikningum ÍSALs að undanförnu. Því er flutt á þskj. 117 fsp. til hæstv. fjmrh. í níu liðum, sem ég sé ekki ástæðu til að lesa hér upp. Hún hefur legið fyrir á þskj. um hríð. Ég vænti því svars ráðh.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur lagt hér fram fsp. í nokkrum liðum. Skal henni nú svarað.

Í fyrsta lagi spyr hann hvar sé að finna lagaákvæði eða samninga, þar sem Hafnarfjarðarkaupstað sé gert að taka þátt í kostnaði við athugun á starfsemi Íslenska álfélagsins, sem iðnrn. hefur staðið fyrir. Að mínu mati hefur í raun og veru aldrei verið um það að ræða að Hafnarfjarðarbæ hafi verið gert að taka þátt í kostnaði við athugun á starfsemi félagsins. Það væri rangt að orða það sem gerst hefur með þeim hætti. Allur slíkur kostnaður hefur verið greiddur úr ríkissjóði. Þegar síðan hefur komið að því að skipta tekjum Íslendinga af framleiðslugjaldi hefur kostnaður við hagsmunagæslu vegna þeirrar tekjuöflunar að sjálfsögðu verið dreginn frá brúttótekjunum, áður en til skipta kom, þannig að það er heildarupphæð hreinna tekna af álgjaldi sem til skipta hefur komið. Kostnaður við þessa hagsmunagæslu hefur þannig áhrif til lækkunar á þá upphæð sem til skipta kemur og þar með á hlutdeild hinna einstöku aðila í þeirri upphæð á sama hátt og árangur af þessari hagsmunagæslu mun leiða til hækkunar á beinum tekjum frá álfélaginu, sem til skipta koma.

Þær reglur sem farið hefur verið eftir við skiptingu hreinna tekna af álgjaldi eru því miður ekki eins formlegar og skyldi. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur frá upphafi fengið greidda hlutdeild af þessum tekjum. Greiðsluheimild til Hafnarfjarðarkaupstaðar byggðist upphaflega á ákvæðum 3. gr. laga nr. 69/1966, um Atvinnujöfnunarsjóð, en síðar á ákvæðum 28. gr. laga nr. 90/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Í kjölfar viðræðna, sem fram fóru milli Sviss Aluminium og ríkisstjórnar Íslands á árinu 1975 og leiddu til annars viðauka við aðalsamning, fóru fram viðræður milli fulltrúa ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar um hlutdeild bæjarins í tekjum af álgjaldi. Í framhaldi af þessum viðræðum ritaði iðnrn. bæjarstjóra Hafnarfjarðar bréf dags. 10. maí 1976, þar sem það lýsir því yfir, að það sé tilbúið að beita sér fyrir nýrri löggjöf um ráðstöfun gjaldsins, sem nánar er lýst í bréfi þessu. Staðreynd er

hins vegar sú, að slík löggjöf hefur ekki verið sett. Fyrri ákvæðin um skiptingu gjaldsins voru hins vegar felld úr gildi, felld út úr lögum með 14. gr. laga nr. 63 31. maí 1976. Mergurinn málsins er því sá, að frá gildistökudegi þeirra laga, 11. júní 1976, hefur skort beina lagaheimild til að greiða Hafnarfjarðarbæ hlutdeild í tekjum ríkissjóðs af álgjaldi, og að sjálfsögðu einnig lögákveðnar reglur við hvað slík hlutdeild skyldi miðuð.

Í framkvæmd hefur aftur á móti verið höfð hliðsjón af efnisreglum þeim er ráðgert var að lögfesta í fyrrgreindu bréfi iðnrn. Er megininnihald þeirra reglna að Hafnarfjarðarbær hefur fengið jafnvirði 250 þús. Bandaríkjadollara af heildartekjum af álgjaldinu óskiptu og að öðru leyti 18% af árlegum heildartekjum af gjaldinu. Ljóst er að ekki verður til frambúðar við það unað, að ekki séu í lögum ákvæði um hvernig tekjum af álgjaldi skuli skipt, og ber brýna nauðsyn til að lögfesta reglur um það efni. Er raunar hæpið að stætt sé á því að greiða Hafnarfjarðarbæ framvegis nokkra hlutdeild í álgjaldi án skýrari lagaheimilda en nú eru fyrir hendi. Þó er ekki með þessu sagt að greiðslur þessar muni falla niður, en aðeins á það bent að þessar greiðslur hljóti að teljast hæpnar, meðan ekki liggja fyrir skýrari lagaheimildir.

Önnur spurningin var þessi: „Hver tók þá ákvörðun, að Hafnarfjarðarkaupstað er gert að taka þátt í umræddum kostnaði, sem ríkisbókhaldið tilkynnir í bréfi 5. nóv. s. l.?" Svarið er: Ákvörðun um hvað skyldu teljast hreinar tekjur af álgjaldi, er til skipta koma, var tekin af fjmrh. og iðnrh. með hliðsjón af því sem áður hafði tíðkast.

Þriðja spurningin er: „Hefur Hafnarfjarðarkaupstað áður verið gert að taka þátt í slíkum kostnaði?" Svarið er jákvætt. Sem dæmi má nefna að kostnaður við endurskoðun á starfsemi álfélagsins á árinu 1973 var dreginn frá álgjaldi óskiptu á árinu 1974. Hafnarfjarðarbær mótmælti þessu formlega á þeim tíma. Svar fjmrn. við þeim mótmælum var á þessa leið með leyfi forseta: „Hafnarfjarðarbær, hr. bæjarstjóri Kristinn Ó. Guðmundsson.

Ráðuneytinu hefur borist bréf yðar, dags. 28. okt. 1974, þar sem því er mótmælt, að Hafnarfjarðarbæ beri á nokkurn hátt að standa undir kostnaði af endurskoðun, sem framkvæmd var af bókhaldi ÍSALs samkv. ósk rn., og þess krafist, að hluti Hafnarfjarðarbæjar af kostnaði þessum, kr. 344 237, verði endurgreiddur bæjarsjóði.

Ekki kemur fram í bréfi yðar hvort Hafnarfjarðarbær sé eða hafi verið andvígur því, að endurskoðun samkv. gr. 27 03 í álsamningnum færi fram í bókhaldi ÍSALs.

Rn. getur ekki fallist á þá kröfu sem fram kemur í bréfi yðar um endurgreiðslu á endurskoðunarkostnaðinum. Rn. telur þvert á móti eðlilegt að kostnaður þessi sé borinn af þeim aðilum sem njóta tekna af framleiðslugjaldi af útfluttu áli, enda er ljóst að tilgangur endurskoðunar á bókhaldi ÍSALs er sá að gæta hagsmuna þessara aðila."

Bréf Hafnarfjarðarbæjar til fjmrn. er dags. 28. okt. 1974. Svarbréfið hlýtur því að vera sent síðar, af sjálfu leiðir. Ég hygg að þá hafi verið fjmrh. Matthías Á. Mathiesen fyrirspyrjandi, en hvort hann hefur undirritað þetta bréf eða hvort það hefur verið gert á hans ábyrgð af embættismanni hef ég ekki upplýsingar um að svo stöddu.

Árið 1975 voru dregnar frá álgjaldi, áður en því var skipt, greiðslur fyrir endurskoðun og 1976 er enn færður endurskoðunarkostnaður til frádráttar álgjaldi óskiptu, en ætla má að sá kostnaður hafi tilheyrt endurskoðuninni 1975.

Síðan kemur 4. liður: „Hefur verið haft samráð við Hafnarfjarðarkaupstað um þá athugun sem fram hefur farið?" Því er til að svara, að athugun á starfsemi Íslenska álfélagsins hefur alfarið verið í höndum ríkisins án samráðs við Hafnarfjarðarbæ.

Fimmta spurningin er: „Var umrædd ákvörðun tekin með vitneskju Hafnarfjarðarkaupstaðar?" Hér er spurt um umrædda ákvörðun og má gera ráð fyrir að átt sé við þessa seinustu ákvörðun iðnrn. og fjmrn. um tilhögun þessara greiðslna. Þá er því til að svara, að ekki var haft samráð við Hafnarfjarðarkaupstað að þessu sinni, en um forsögu málsins og þau samráð sem áður höfðu átt sér stað í þessu máli vísast til þess sem þegar hefur verið greint hér um bréfaskipti Hafnarfjarðarbæjar og fjmrn. frá árinu 1974.

Sjötta fyrirspurn er þannig: „Hvenær hófust greiðslur á umræddum kostnaði?" Ég hygg enn að átt sé við þann kostnað sem hér er sérstaklega verið að spyrja um í fsp., þ. e. kostnaður vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins, sennilega þá undanskilinn sá kostnaður sem nú í seinni tíð hefur hlotist af þessum athugunum. Ég hygg að greiðslur vegna þessara síðari athugana hafi hafist á árinu 1980, en vísa enn til þess sem ég hef áður sagt, að slíkar athuganir fóru einnig fram fyrir nokkrum árum og hafa þá væntanlega átt sér stað á árinu 1974.

Herra forseti. Nú er ég búinn að svara sex liðum af níu liða fsp. og verð væntanlega að fá nokkrar mínútur enn til þess að ljúka við að svara fsp.

Sjöundi liðurinn er svohljóðandi: „Hvernig skiptist kostnaður á árinu 1981 vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins, að fjárhæð kr. 2 831 803, á eftirtalda útgjaldaflokka?"

Svarið er að skipting kostnaðar á árinu 1980 var sem hér segir á þessa útgjaldaflokka:

a. Aðkeypt sérfræðiþjónusta kr. 2 723 694.
b. Ferðakostnaður kr. 97 646.
c. Funda- og risnukostnaður kr. 74 994.
d. Annað kr. 189 004.

Samtals kr. 2 831 803.

Meðtalið í öðrum kostnaði er m. a. beinar launagreiðslur og akstur.

Áttunda fyrirspurnin er svohljóðandi: „Hver er útlagður kostnaður vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins til 31. okt. 1982 hvernig greinist hann á sömu útgjaldaflokka?"

Svarið er: Útlagður kostnaður vegna starfsemi Íslenska álfélagsins frá 1. jan. til 31. okt. var sem hér segir:

a. Aðkaypt sérfræðiþjónusta kr. 2 723 694.
b. Ferðakostnaður kr. 82 275.
c. Fundar- og risnukostnaður kr. 74 994.
d. Annað kr. 349 172.

Samtals kr. 3 230 135.

Meðtalið í öðrum kostnaði er m. a. beinar launagreiðslur og akstur.

Og þá er ég kominn að 9. lið fsp. sem var svohljóðandi: „Hefur verið tekin afstaða til athugasemda Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna umræddrar gjaldfærslu?"

Svarið er: Athugasemdir Hafnarfjarðarbæjar hafa ekki verið teknar til greina og kröfur bæjarins hafa ekki verið viðurkenndar. Málið verður hins vegar til áframhaldandi athugunar.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör þau sem hann gaf hér áðan. Ég verð á þeim örfáu mínútum sem ég hef til umráða að gera örlitla athugasemd við efnisinnihald þeirra svara sem fram komu hjá hæstv. ráðh.

Það er í fyrsta lagi þar sem hann segir að aldrei hafi verið ætlunin að Hafnarfjarðarbær tæki þátt í kostnaðinum, en síðan kemur fram að þegar kostnaðurinn lá fyrir þá var hann dreginn frá álgjaldinu, hlutfallslega dreginn frá því sem Hafnarfjarðarbær átti að fá samkvæmt þeim reglum sem um það hafa gilt. Það liggur náttúrlega í augum uppi að með því móti er verið að láta Hafnarfjarðarbæ greiða sinn hluta. Ég lít svo á, með tilvísun til þess sem ráðh. sagði að lokum, að þetta mál yrði áfram í athugun, að breyting geti orðið á þeirri ákvörðun sem tilkynnt var í bréfinu frá ríkisbókhaldinu, og Hafnarfjarðarbæ verði greitt álgjaldið að fullu eins og það kom frá Íslenska álfélaginu til ríkissjóðs.

Ráðh. vék hér að atriðum sem tilheyra liðnum tíma og vitnaði í bréf frá 1974. Þá er það 1973, það er 1975, það er 1976 sem átt hefur sér stað endurskoðun á reikningum álfélagsins af hálfu endurskoðendafyrirtækisins, sem um var samið á sínum tíma. En munurinn er sá, að fyrirtækið Íslenska álfélagið lítur á þetta sem útlagðan kostnað og það dregur frá útlagðan kostnað áður en það skilar álgjaldinu til ríkissjóðs.

Ég veit ekki til þess að áður hafi verið dregið af álgjaldinu hjá ríkissjóði sjálfum. Það hefur ekki gerst og það sem ráðh. sagði hér áðan staðfestir það. Endurskoðunarkostnaðinn, sem hefur orðið til vegna óska íslensku ríkisstjórnarinnar um sérstaka endurskoðun samkvæmt samningnum hefur álfélagið litið á sem sinn útlagða kostnað. Sú upphæð hefur komið inn í rekstrarkostnað fyrirtækisins og ekki verið til frádráttar af þeirri upphæð sem Íslenska álfélagið skilaði inn til ríkissjóðs og var til skipta.

En ef við hugleiðum þetta aðeins áfram og víkjum að þeim tölum sem í þessu dæmi eru, þá varð t. d. kostnaðurinn 1973 3 444 nýkr. en álgjaldið 1974, sem er það sem ber uppi þennan kostnað, er 717 þús. kr. Í ár er um allt aðrar upphæðir að ræða. Það eru 3 millj. 24 þús. sem Hafnarfjarðarbær fær árið 1981. Þá er búið að draga frá hjá ríkissjóði, ekki hjá Íslenska álfélaginu, 500 þús. kr.

Eins og fram kom hjá ráðh. er hér um að ræða ráðstöfun sem er gerð án vitundar og samþykkis Hafnarfjarðarbæjar. Samkv. túlkun þeirri sem kom fram í ræðu hans — þar til við lokasvar, þegar hann orðaði það svo að mótmæli Hafnarfjarðarbæjar væru til athugunar í rn. áfram — þá gæti farið svo að Hafnarfjarðarbær fengi ekki eina krónu af álgjaldinu, ef kostnaðurinn af athugun iðnrn. yrði sá hinn sami og álgjaldið væri.

Við sjáum af þessu hvað hér er í raun og veru að gerast, ráðslag sem ekki má viðgangast, því að álgjaldið til Hafnarfjarðarbæjar er samningsbundið gegn niðurfellingu þeirra gjalda sem önnur fyrirtæki í sveitarfélaginu borga í sveitarsjóð. Reglugerðin frá 10. júní 1976 gerir ráð fyrir, í framhaldi af samningnum, hvernig álgjaldsskiptingin skuli vera. En ég er sammála ráðh. í því að þetta verður að lögfesta, eins og þáv. iðnrh. lýsti sig reiðubúinn til þess að gera. Og ég trúi því ekki, þar sem hann nú gegnir embætti forsrh. í ríkisstj. og hefur lýst sig viljugan til endurskoðunar á þeim samningi eins og í honum stendur, að hann sé ekki reiðubúinn áður en þessu þingi lýkur til þess að lögfesta þann samning, sem ríkið þá gerði við Hafnarfjarðarbæ, en ég tel ekki nokkurn vafa á því að þar sé um skuldbindandi samning ríkissjóðs að ræða.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan að það hefði áður gerst að frá tekjum Hafnarfjarðarbæjar og annarra aðila væri dreginn kostnaður við endurskoðun á reikningum Íslenska álfélagsins, kostnaður af endurskoðun fyrirtækisins Coopers & Lybrand. Forskriftin fyrir því að fara út í þessa endurskoðun var sú, að þetta leiddi til hærri tekna fyrir Hafnarfjarðarbæ. Sú endurskoðun sem hér um ræðir leiddi í sjálfu sér ekki til hærri tekna fyrir Hafnarfjarðarbæ. Hún leiddi til nýrra samninga við Íslenska álfélagið og Alusuisse um hærra raforkuverð. Það var það sem kom út úr þessari endurskoðun, svo að forsendurnar fyrir frádrættinum voru heldur hæpnar þá líka.

Hins vegar var gerður samningur milli iðnrh. og Hafnarfjarðarbæjar um endurskoðun á tekjustofnum Hafnarfjarðar og gert ráð fyrir því, að löggjöf yrði flutt um það efni. Það hefur ekki enn verið efnt 7 eða 8 árum seinna. Hver er staða sveitarfélaga eða annarra, sem semja við ríkið, ef þeir samningar eru ekki haldnir? Ef ekki er sett sú löggjöf sem á að setja í því sambandi. Og það sem meira er, þegar ekki er staðið við að framfylgja þeim ákvæðum sem um var samið, t. d. varðandi endurskoðun á þeirri upphæð sem kæmi til greiðslu til sveitarfélagsins. Hvers konar ráðslag er það að ríkið leyfir sér að haga sér með þessum hætti?

Í fyrsta lagi voru engar forsendur fyrir frádrættinum 1975 af því tagi sem iðnrh. bendir á. Í annan stað var ekki efnt það loforð sem gefið var um að festa þetta í lög og framkvæma endurskoðun á upphæðinni með tilteknum hætti.

En að lokum, herra forseti. Alveg það sama gildir um þá athugun sem hér er í gangi. Það er ekkert vitað um það, hvort hún muni leiða til hærri tekna fyrir Hafnarfjarðarbæ. Þess vegna eru ekki heldur fram komnar neinar forsendur fyrir þessum frádrætti, hvorki að því er varðar þetta sveitarfélag né aðra þá sem eiga að fá hlut af framleiðslugjaldinu. Auk þess er hér um athugun að ræða, alveg sérstaklega í þessu tilviki núna, sem er mjög viðtæk. Og ég skil ekki hvar þetta getur endað. Getur iðnrh. bara fundið upp á því að athuga hvað sem er og senda hverjum sem er úti í bæ reikninginn?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann frekar um þetta mál. En ég verð að segja alveg eins og er, að ég sé ekki neinn mun á því sem hefur gerst nú í sambandi við þennan kostnað og svo aftur því sem gerðist árið 1974. Í báðum tilvikum féll til kostnaður vegna endurskoðunar og í báðum tilvikum var þessi kostnaður dreginn frá álgjaldinu, að vísu í öðru tilvikinu áður en félagið greiddi álgjaldið, en í hinu tilvikinu eftir að það hafði greitt álgjaldið. En kostnaðurinn var dreginn frá í báðum tilvikum. Hafnarfjarðarbær mótmælti í báðum tilvikum og fjmrn. féllst ekki á mótmælin í báðum tilvikum. Ég held satt að segja að eini munurinn á þessum tveimur tilvikum sé sá, að í fyrra sinnið var fjmrh. Matthías Á. Mathiesen, en í seinna tilvikinu er fjmrh. að nafni Ragnar Arnalds. Ég held að það sé eini munurinn.

Umræður utan dagskrár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár og vil byrja á að þakka forseta Sþ. fyrir þá heimild sem hann hefur til slíks veitt.

Ástæður fyrir því að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár eru þær, að á laugardaginn kemur, eftir því sem ég kemst næst, fara hv. alþm. í jólaleyfi og eftir því sem ég ennfremur kemst næst er talað um að þm. komi saman á nýjan leik hinn 17. jan. Það hefur verið hald manna um alllangt skeið að tillögur um breytingar á stjórnarskrá, sem unnar hefðu verið væntanlega í svokallaðri stjórnarskrárnefnd, yrðu lagðar fyrir Alþingi fyrir áramót, en af þeim dagsetningum sem ég hef nefnt er augljóst að varla verður af því á þessu ári. Eins og blasir auðvitað við og hv. alþm. er um kunnugt hlýtur þessi staðreynd að vekja nokkrar spurningar, m. a. vegna þess að af öðrum ástæðum liggur í loftinu og hefur verið um það rætt að þing verði hugsanlega rofið um miðjan febrúar og efnt til kosninga síðast í apríl. Um þetta hafa vitaskuld engar staðfestar yfirlýsingar verið útgefnar, en ég hygg að menn geti verið sammála um það orðalag að slíkt hafi legið í loftinu.

Þegar þessar tímasetningar eru allar skoðaðar í samhengi hlýtur að vera eðlilegt að hér á hinu háa Alþingi sé um það spurt og um það fáist upplýsingar áður en hv. alþm. fara í jólaleyfi, hvernig hæstv. forsrh., sem jafnframt er formaður stjórnarskrárnefndar, a. m. k. hugsar sér tímasetningar í þessum efnum. Fyrir vikið hef ég leyft mér, og fengið til þess leyfi forseta og raunar leyfi hæstv. forsrh. einnig, að bera upp við hæstv. forsrh. nokkrar spurningar, sem honum voru kynntar í morgun, sem er eðlilegt eðli málsins samkv. En að þessum spurningum vil ég þó hafa örstuttan formála.

Stjórnarskrárnefnd hefur starfað á fimmta ár. Hún er vinnuhópur á vegum Alþingis. Í henni sitja tveir fulltrúar frá hverjum hinna gömlu stjórnmálaflokka, alls 8. Það er alveg ljóst, að á störfum þessarar nefndar hefur verið mikill hægagangur.

Í hugum alls almennings og í hugum hv. alþm. einnig er störfum nefndarinnar tvískipt. Annars vegar eru þau sem fjalla um almenn ákvæði stjórnarskrárinnar og hins vegar þau sem fjalla um svokallað kjördæmamál og þá er átt við leiðréttingar á misvægi atkv. í landinu, með hverjum hætti sem það yrði framkvæmt.

Mér sýndist meðan ég starfaði í þingflokki Alþfl. og gat fylgst með þar að vinna nefndarinnar væri skammt á veg komin í hinum almennu ákvæðum, það sé ekki rétt, sem frá er greint, að henni sé lokið, þ. e. umfjöllun um ýmis nútímaleg ákvæði sem menn t. d. erlendis fjalla um við svipaðar aðstæður. Um það er ekki fjallað á þessu vinnustigi. En hitt er kannske lakara, þ. e. hinn armur þessa verks. Þar virðist vera sprunga í gegnum gamla flokkakerfið þvert og endilangt.

Um það ganga upplýsingar að á leiðinni hafi verið samkomulag um svokallað nýsköpunarform — það orð er notað í sögulegu tilliti — undir forustu Alþb., Alþfl. og Sjálfstfl. eða fyrir forgöngu forustumanna þessara flokka hafi verið gerð tilraun um að gera pólitískt bandalag framhjá fjórða stjórnmálaflokknum í hefðbundnum skilningi þess orðs. Þetta er raunar ekki óopinberri orðrómur en svo, að hæstv. utanrrh. hefur lýst þessu í blaðaviðtali, og ég segi það skilyrt, og væri svo komið — ég held að það hafi verið svo orðað — nálgaðist það að vera stjórnarrof. Eru sjónarmið hæstv. utanrrh. auðvitað ákaflega eðlileg í þeim efnum, a. m. k. ef miðað er við hefð.

Þetta eru auðvitað allnokkur tíðindi. Það eru gerðar tilraunir, án þess að nokkur maður um það viti, t. d. aðrir hér í þingsölum, hvað þá þjóðin og allur almenningur, til að ná samkomulagi sem mér skilst að hafi falið í sér fjölgun um þrjá þm. og breyttar reiknireglur í kjördæmunum. Það er auðvitað ekki nokkur lausn, en tilraun þó. Mér er svo sagt að það hafi gerst á föstudaginn var, sem eru auðvitað allnokkur tíðindi líka, að Sjálfstfl. hafi sprungið í umr. um þetta þannig að þessi lausn sé úr sögunni í bili.

Allt eru þetta auðvitað allnokkur tíðindi. En þetta er ekki einkamál t. d. formanna þriggja af gömlu stjórnmálaflokkunum. Þetta er mál sem öllum almenningi kemur við. Ég geri ráð fyrir að verið sé að finna lausn sem verndi óbreytt hagsmunakerfi í landinu. En það sem við mörg höfum ástæðu til að óttast er það, að hugmyndin hefur verið sú — ég veit ekki hversu langt eða skammt lausn af þessu tagi kann að hafa verið komin — að leggja fram slíka till. í þinginu framhjá Framsfl. og framhjá þeim sem teljast utan flokka og reyna að böðla því í gegn á skömmum tíma. Sé þetta hugmyndin er það náttúrlega ótækt með öllu. Þess utan eru eftir sjálfsagðir pólitískir mannasiðir í því formi sem við höfum, sem eru fundir af einu eða öðru tagi, að leitast við að spyrja þjóðina sjálfa hvaða skoðanir hún kunni að hafa á slíkum málum.

En ég endurtek það, að hafi verið samkomulag í uppsiglingu, sem þó sprakk á föstudag, eins og menn mæla hér sín á milli, og séu menn ennfremur enn að tala um þingrof í febr., þá sýnist mér staðreyndir í þessum efnum varðandi tíma vera þannig, að þær bitni einkum á fólkinu í landinu, sem er nú flest utan þessarar stofnunar. Það eru atriði í þessu, fari ég ekki einhvers staðar villur vega um dagsetningar, sem ganga einfaldlega ekki upp. Nú er ljóst að engar slíkar tillögur liggja fyrir fyrir áramót og þá er nú tíminn orðinn býsna naumur.

Það er ljóst að hæstv. ríkisstj. sem nú situr hefur ekki löggjafarvald í eiginlegum skilningi. Til þess skortir hana styrk í annarri deildinni. Hún á auðvitað seturétt svo lengi sem hún kýs, en löggjafarvald hefur hún ekki. Ég held að ég kynni hér ótta margra þegar ég segi að menn óttast að veikleiki núv. hæstv. ríkisstj. verði til þess að gripið verði til pólitískra örþrifaráða. Pólitísk örþrifaráð eru t. d. að grípa í skyndingu, í pólitísku fáti, til þingrofs. En menn skyldu athuga að það væri mjög alvarleg athöfn, ef það t. d. fæli í sér að öllum þessum málum væri slegið á frest um fjögur ár ennþá, vegna þess að skekkjurnar í kjördæmamálinu eru augljósar og færa má að því gild rök að þær skekkjur valdi jafnvægisleysi í efnahagslífinu, því sem við þekkjum mætavel.

Þau sjónarmið mín geta ekki komið neinum á óvart, að ég er þeirrar skoðunar að það sé alvarlegur trúnaðarbrestur milli gamla flokkakerfisins eins og það leggur sig og almennings í þessu landi. Ég hlýt að draga þá ályktun, að svo kunni að vera að verið sé að gera tilraun til þess og beitt sé til þess hraða að bola hér breytingum í gegn án þess að raunverulega sé spurt, eftir — ekki formlegum lýðræðislegum leiðum, heldur þeim óformlegu lýðræðislegu leiðum sem t. d. fundir af einu eða öðru tagi eru.

Við hljótum að líta það, svo að ég noti klassíska ís-

lenska setningu, alvarlegum augum þegar það kvisast hér um þingsali og er rætt um það í blöðum að forustumenn þriggja af gömlu flokkunum séu á góðri leið með að ná samkomulagi, þó svo það sé sprungið, og það eigi að þvinga það í gegn með hraði. Slíkt hefur auðvitað verið gert. (**Forseti:** Ég vil biðja ræðumann að stytta mál sitt.) Ég mun gera það, herra forseti. Forseti mun væntanlega sammála um að við erum að tala um alvörumál í þessum efnum, en ég mun auðvitað verða við þessum tilmælum.

Ég held að ég tali fyrir fleiri en sjálfan mig, herra forseti, þegar ég segi að óttinn við að í uppsiglingu kunni að vera að beitt verði pólitískum bolabrögðum í þessum efnum er til staðar víðar en hjá þeim sem nú stendur í þessum ræðustól. Einnig segi ég þetta vegna þess að sjálfur stend ég að till. til þál. um lausn á þessu máli með allt öðrum hætti en hér hefur verið talað um. Þetta þekkja hv. þm. Komi fram frv. verða þessar hugmyndir auðvitað kynntar þar í formi brtt. Sennilega verða þær fleiri en ein. En allt um það held ég að fyrir þessum ótta, sem ég hér hef nefnt, sé full ástæða. Þess vegna, herra forseti, hef ég leyft mér að bera eftirfarandi spurningar undir hæstv. forsrh., sem hann hefur tjáð mér að hann muni vera svo vinsamlegur og svara. (Gripið fram í.) Ég sagði vinsamlegur. Ég meina það.

1. Er samkomulag í sjónmáli í stjórnarskrárnefnd um tillögur í svokölluðu kjördæmamáli?

Ég vil aðeins flytja þá skýringu við þessa spurningu, að það hefur verið send reiknibók frá þessari nefnd, sem tiltekur einar 20 reiknikúnstir, en snertir hvergi á pólitískum raunveruleika í þessu máli. Þessi bók veldur áhyggjum vegna þess að hún er auðvitað lýsandi dæmi um að þarna er ekkert samkomulag. En engu að síður er svona spurt.

Í annan stað er svona spurt: Er forsrh. kunnugt um tillögur og jafnvel samkomulag forustumanna stjórnmálaflokkanna utan stjórnarskrárnefndar um breytingar í kjördæmamálinu?

Hér er auðvitað spurt af fyllstu ástæðu. Um þetta hefur verið fjallað í blöðum, þó svo þeir sem aðild eigi að málinu hafi ekki skýrt frá því með beinum hætti. Ég nefni sérstaklega að hæstv. utanrrh. hefur tjáð sig um það opinberlega hvað slíkt bandalag, sem yrði þá öðruvísi en það bandalag sem stendur að núv. hæstv. ríkisstj., hefði í för með sér. Ég tek undir almenna sjónarmiðið í því sem hann sagði í dagblaðinu Tímanum þar um.

Í þriðja lagi er spurt: Hvenær er þess að vænta að hæstv. forsrh. leggi drög að nýrri stjórnarskrá fyrir Alþingi, þar sem verða tillögur um svokölluð kjördæmamál? Eru líkur á því að slíkar tillögur njóti fyrir fram meirihlutafylgis hv. alþm.?

Hér er auðvitað ekki spurt að ástæðulausu og þar sem menn spyrja um meirihlutafylgi er auðvitað einkum átt við svokallað kjördæmamál.

Í fjórða lagi er spurt: Hvað teldi hæstv. forsrh. að Alþingi þyrfti langan tíma til að fjalla um nýja stjórnarskrá, þar með talin kjördæmamál?

Hér er spurt vegna grunsemda um að beita eigi pólitískum bolabrögðum.

Í fimmta lagi er spurt: Með hverjum hætti er ætlað að kynna þjóðinni drög að nýrri stjórnarskrá, áður en Alþingi tekur um hana endanlega ákvörðun?

Ég vil skjóta að þeirri persónulegu skoðun minni, að það er náttúrlega fáheyrt að ætla sér að afgreiða svona mál á 10 dögum, hafi einhverjum dottið það í hug. Við höfum ástæðu til að ætla að mönnum hafi í alvöru dottið slíkt í hug. Annars væru þeir ekki að tala um samkomulag á föstudaginn eða þingrof í febr. Annars væru menn ekki að tala um samkomulag síðla í des. og kosningar eða þingrof í febr. Því er spurt.

Og í sjötta lagi, sem er kannske einnig meiri háttar áhyggjuefni: Kemur til greina, að mati hæstv. forsrh., að beita þingrofsrétti áður en drög að nýrri stjórnarskrá hafi verið lögð fram og umr. farið fram um hana? Og ennfremur: Kemur til greina að beita þingrofsrétti áður en breytingar hafa verið gerðar í svokölluðum kjördæmamálum?

Lögformlega dreg ég auðvitað ekki frekar en nokkur maður í efa að þingrofsrétturinn er hjá hæstv. forsrh., en ég vil segja það, sem ég hef sagt áður, að ég teldi pólitískt óhæfuverk að beita þingrofsréttinum við þessar aðstæður. Það vald felur í sér valdið til að framlengja óbreytt ástand um tiltekinn árafjölda, allt upp í fjögur ár, og ef niðurstaðan af augljósum veikleikamerkjum í núverandi stjórnarsamstarfi, sem ég vil þó ekki gera meira úr en efni standa til, verður til þess að menn grípa til þess í pólitísku fáti að beita þingrofi, t. d. af því að menn kynnu að vera hræddir við nýtt stjórnmálaafl, væri að minni hyggju afar ranglega að farið. Því óska ég eftir, herra forseti, að fyrir liggi í opinberum heimildum svör og skoðanir hæstv. forsrh. í þessum efnum áður en hv. alþm. ganga til jólaleyfis.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara fsp. hv. þm.

Hann minntist fyrst á það í sínum inngangi, að hægagangur mikill hefði verið á störfum stjórnarskrárnefndar. Þetta stafar af ókunnugleika hjá hv. þm. Þessi nefnd hefur núna að vísu starfað í fjögur ár, en ég tel að hún hafi starfað vel og ég veit það líka að hliðstæðar nefndir í okkar nágrannalöndum, sem undirbúið hafa á svipaðan hátt breytingar á stjórnarskrá eða nýja stjórnarskrá, hafa jafnan tekið miklu lengri tíma en þessi.

Hv. þm. spyr hvort samkomulag sé í sjónmáli í stjórnarskrárnefnd um tillögur í kjördæmamálum. Stjórnarskrárnefndin hefur hagað þannig störfum sínum, að hún hefur rætt rækilega allar helstu leiðir og kosti í kjördæmamálinu, og hún hefur lagt þar til grundvallar nokkur meginsjónarmið sem hún hefur frá upphafi verið sammála um. Það er í stuttu máli að tryggja jafnrétti milli stjórnmálaflokka, að draga úr misvægi atkv. eftir byggðarlögum og að tryggja betur persónukjör en nú er. Stjórnarskrárnefndin hefur unnið á þessum grundvelli, að kanna allar helstu hugsanlegar leiðir til lausnar á þessum vandamálum og látið reikna út hvernig hver einstök þeirrra kæmi út miðað við alþingiskosningar um margra ára skeið. Niðurstöður af þessum könnunum hefur stjórnarskrárnefnd sett saman í skýrslu, sem nýlega hefur verið send þingflokkum eða alþm. og fjölmiðlum. Nefndin taldi eðlilegast að hafa þennan háttinn á og hún hefur ekki gert tillögur um ákveðna niðurstöðu eða ákveðna lausn á kjördæmamálinu, en talið er að með þessum útreikningum og rækilegum könnunum ætti að liggja nægilega traustur grundvöllur til þess að þm. gætu myndað sér sínar skoðanir. Í þessari skýrslu eru bæði reiknaðar út ýmsar leiðir miðaðar við að fjölga þm., en það eru einnig reiknaðar út leiðir og bent á leiðir til að leysa þessi vandamál án þess að fjölga þm.

Önnur spurning hv. þm. er sú, hvort mér sé kunnugt

um tillögu eða jafnvel samkomulag forustumanna stjórnmálaflokka utan stjórnarskrárnefndar um breytingar í kjördæmamálum. Það er náttúrlega öllum kunnugt, að formenn stjórnmálaflokkanna hafa um alllangt skeið haldið fundi til að fjalla um kjördæmamálið. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að samkomulag hafi komist á milli þeirra um tiltekna tillögu eða lausn á því máli.

Þriðja spurningin: Hvenær er þess að vænta að hæstv. forsrh. leggi fram drög að nýrri stjórnarskrá fyrir Alþingi, þar sem verða tillögur um svokölluð kjördæmamál, og eru líkur á að slíkar tillögur njóti fyrir fram meirihlutafylgis hv. alþm.? Nú vil ég taka það fram að endurskoðun stjórnarskrárinnar almennt er langt komið og er senn að ljúka á vegum stjórnarskrárnefndar. Hún vinnur að því nú að taka saman skýrslu til þm., þingflokka og fjölmiðla um þau mál, þ. e. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, að öðru leyti en snertir kjördæmamálið. Við stefnum að því að þessari greinargerð verði lokið á næstunni, a. m. k. fyrir áramót, og hún verði þá send þessum sömu aðilum. Ég hef gert ráð fyrir að frv. til nýrrar stjórnarskrár og þar með ákveðið kjördæmamál yrði lagt fyrir Alþingi þegar það kemur saman að nýju í janúarmánuði. Ég tel ekki að það sé nauðsynlegt að fyrir fram sé búið að tryggja meirihlutafylgi eða allsherjarsamkomulag alþm. um öll atriði, enda geri ég ráð fyrir að það mundi þá dragast mjög verulega. Hins vegar hef ég gert ráð fyrir að meðferð þessa frv. yrði að hætti þingmála, en til þess að fara með þetta mál á Alþingi yrðu kosnar sérstakar stjórnarskrárnefndir þm. í báðum deildum, eins og oftast hefur verið gert þegar stjórnarskrármál hafa verið til meðferðar. Þessar nefndir mundu þá væntanlega vinna saman og fara yfir frv. með svipuðum hætti og þingmál almennt.

Í fjórða lagi spyr hv. þm. hvað ég telji að Alþingi þurfi langan tíma til að fjalla um nýja stjórnarskrá, þar með talið kjördæmamál. Í framhaldi af því sem ég nú hef sagt og ef vel er unnið og vilji er fyrir hendi, þá tel ég að 4—6 vikur ættu að nægja á Alþingi.

Í fimmta lagi er spurt með hverjum hætti sé ætlað að kynna þjóðinni drög að nýrri stjórnarskrá, áður en Alþingi tekur um hana endanlega ákvörðun. Ég tel að það sé brýn nauðsyn að kynna þjóðinni þessi mál sem allra rækilegast. Þar veltur auðvitað mest á því að fjölmiðlarnir gegni skyldum sínum. Ég tel að hér hafi Ríkisútvarpið, bæði sjónvarp og hljóðvarp, mjög miklu hlutverki að gegna að kynna þjóðinni málið sem allra ítarlegast og hlutlaust. Ég geng út frá því að stjórnarskrárnefnd og ríkisstj. muni kanna hvernig hægt er að koma slíkri kynningu sem best fyrir og það að sjálfsögðu í samráði við stjórnmálaflokkana, en hér veltur auðvitað mjög og mest á stjórnendum Ríkisútvarpsins, að þeir sýni fullan skilning á því að almenningur eigi á vegum þessara fjölmiðla sem bestan kost á að kynnast öllum meginatriðum frv. til nýrrar stjórnarskrár.

Í sjötta lagi spyr svo hv. þm. hvort komi til greina að beita þingrofsrétti áður en drög að nýrri stjórnarskrá hafa verið lögð fram og umr. farið fram um hana og ennfremur hvort komi til greina að beita þingrofsrétti áður en breytingar hafa verið gerðar á svokölluðum kjördæmamálum. Ég vil taka það fram, sem ég held að hafi komið fram raunar áður, að mín stefna í þessu máli er að það Alþingi sem nú situr afgreiði frv. til nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland og þar með taldar breytingar á kjördæmamáli. Ég tel að bæði undirbúningur málsins sé með þeim hætti að slíkt eigi að vera hægt og ég vænti þess fastlega að þingheimur, eða a. m. k. nægilega mikill meiri hl. þm., sé á sama máli svo að þetta geti orðið að veruleika.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann. Ég vil þó ekki láta hjá líða að þakka hæstv. forsrh. fyrir bæði skýr og efnismikil svör við þessum spurningum.

Ég vil segja það, að í öllum grundvallaratriðum er ég honum sammála um tíma, nema að 4—6 vikur dugi til þess starfs sem hann nefnir. Þar nefni ég sérstaklega til almannakynningu á þeim tillögum sem nefndar eru og svo ennfremur hitt, sem veldur mér miklum áhyggjum, að í þeim tillögum sem ég hef séð með formlegum hætti frá stjórnarskrárnefnd örlar varla á nokkri nýrri hugsun eða nýrri tillögu. Slíkt er allt eftir. Ég er ekki að segja að það geti ekki gerst og jafnvel á skömmum tíma, þar sem menn hafa hraðan á. Ég nefni t. d. mannréttindamál minnihlutahópa, sem alls staðar í okkur skyldum menningarsamfélögum skipta máli í þessum efnum.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að vitaskuld vita menn að það sem var greint frá, fyrst í minni framsögu og síðan í svörum forsrh., er rétt, samkomulagið sem átti að reyna og tókst ekki og það allt saman, en við skulum láta það liggja á milli hluta.

Sú tímaáætlun, sem hæstv. forsrh. gefur upp og gæti gengið í öllum meginatriðum, og ég vil taka undir það, fær því aðeins staðist að einhverjar skynsamlegar tillögur, sem leiða til sátta, með hverjum hætti sem það er, séu til staðar — (Forseti hringir.) Aðeins örfáar setningar. — þegar þing kemur saman að nýju. Þetta er búið að reyna á fimmta ár og hefur ekki gengið. Skyldi það ganga á 2—3 vikum sem ekki hefur gengið á 5 árum? Svari hver fyrir sig.

Allar hinar almennu röksemdir forsrh. vil ég taka undir. Ég þakka hjartanlega fyrir svörin, en lýsi þó þessum fyllsta fyrirvara: Þær standast ekki nema að gefnum forsendum, sem ekki eru til staðar nú og mjög ólíklegt er að verði til staðar á næstu 3—4 vikum. — En ég þakka samt fyrir.

Efri deild, 20. fundur.

Fimmtudaginn 16. des., að loknum fundi í Sþ.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 151). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem hér er nú á dagskrá, á sér alllangan aðdraganda, eins og glöggt kemur fram í greinargerð sem frv. fylgir. Vinna við þetta frv. hófst þó fyrst að verulegu marki í sumar í ágústmánuði, þegar ég skipaði starfshóp stjórnaraðilanna til að fjalla um fjárhagsvanda hinna opinberu byggingarsjóða, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, og til þess að kanna og gera tillögur um ýmsa þætti húsnæðismála. Í starfshópnum voru Alexander Stefánsson og Guðmundur G. Þórarinsson alþm., Jón Ormur Halldórsson og Þorvaldur Mawby og Ólafur Jónsson for-

maður húsnæðismálastjórnar. Sjálfur sat ég flesta fundi starfshópsins. Þeir Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson störfuðu með hópnum sem sérfræðilegir ráðunautar. Var hópurinn sammála um þær tillögur um húsnæðismál sem birtar eru á bls. 12—16 í frv. á þskj. 151 sem hér er til umr.

Ég vil nota þetta tækifæri, þegar ég mæli fyrir frv., til þess að hér verði bókaðar þakkir mínar til starfshópsins fyrir góð störf. Þar lögðu sig allir fram um að komast að samkomulagi í þessu mikilvæga máli. Menn störfuðu málefnalega og af raunsæi. Yfirboð leyfði sér enginn, heldur héldu menn sig þétt við jörðina og þann grundvöll sem unnt er að standa á í þessu efni, þ. e. hinn fjárhagslega grundvöll og þann fjárhagslega ramma sem við er að miða.

Eftir að tillögur um húsnæðismál höfðu verið kynntar ríkisstjórninni voru þær samþ. þar og kynntar fjölmiðlum. Í frv. eru nokkrar veigamestu tillögur starfshópsins, en einnig eru nokkrar tillögur starfshópsins í sérstakri athugun á öðrum vettvangi.

Nefndin gerði 14 megintill.: Í fyrsta lagi um að lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð hækki verulega á næstu árum og eigi um minna en 25% að raungildi þegar á árinu 1983 frá og með næstu starfsáætlun Húsnæðisstofnunar. Fyrir 1984 skal síðan tekin ákvörðun um frekari hækkun. Þetta ákvæði í tillögum nefndarinnar er inni í því frv. sem ég mæli hér fyrir.

Í öðru lagi lagði nefndin til að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins verði tvöfaldað að raungildi frá árinu 1982. Þetta ákvæði er einnig í því frv. sem hér liggur fyrir.

Í þriðja lagi var gert ráð fyrir að öllum lífeyrissjóðum á landinu verði skylt að kaupa skuldabréf fyrir eigi lægri fjárhæð en sem nemur 45% af ráðstöfunartekjum sínum af Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, ríkissjóði, Framkvæmdasjóði eða öðrum fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna sem viðurkenndir eru af fjmrn. og samkvæmt þeirri skiptingu sem ákveðin er í fjárl. Seðlabankinn geri tillögur um fyrirkomulag sem tryggi betur en nú er aðild lífeyrissjóða að húsnæðislánakerfinu.

Þetta atriði er til meðferðar á vettvangi ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin hefur fjallað sérstaklega um það í tengslum við þær meginforsendur sem lánsfjáráætlun ársins 1983 hlýtur að byggjast á. Það er með öðrum orðum miðað við það í þeim vinnugögnum, sem við höfum lagt fram í ríkisstjórninni, að 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði bundið til fjárfestingarlánasjóðanna á árinu 1983. Auðvitað kunna að vera á því annmarkar að þetta náist fram, m. a. pólitískir vegna þess hversu háttar til um störf hér á Alþingi og meirihlutastöðu í Nd. þingsins. Ljóst er engu að síður í mínum huga, að ef það á að knýja fram þær úrbætur í húsnæðismálum sem við öll höfum áhuga á er höfuðatriði og í raun og veru atriði númer eitt að hlutdeild lífeyrissjóða verði tryggð miklu betur en verið hefur og gengið fastar að þeim um reglur og starfsaðferðir en hingað til hefur verið gert.

Eins og menn vita er í núgildandi lögum gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir skili um 40% af ráðstöfunarfé sínu til fjárfestingarlánasjóða. Það hefur ekki gengið nærri nógu vel. Til þess að ná 45% verður auðvitað að setja ennþá strangari reglur en nú eru í gildi og ná betra samkomulagi við lífeyrissjóðina en til þessa hefur náðst. Þetta atriði er m. ö. o. til meðferðar hjá ríkisstjórninni í tengslum við aðra lánsfjáröflun árið 1983.

Fjórði liðurinn snertir einnig lífeyrissjóðina, þar sem gert er ráð fyrir að reglum lífeyrissjóðanna um lánveitingar til sjóðfélaga verði breytt á þann veg að lán verði aðeins veitt til húsnæðismála, en það hefur verið giskað á að verulegur hluti lána lífeyrissjóðanna fari til annars en til húsnæðismála. Þar hafa menn jafnvel talað um að um það bil 1/4 gangi til alls konar annarrar eyðslu, annarra þarfa þeirra sem lánin taka, og það sé óeðlilegt, sérstaklega á tímum lánsfjárkreppu eins og við höfum orðið að upplifa um þessar mundir.

Í fimmta lagi er ákvæði í tillögum nefndarinnar um að fella niður úr lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins það ákvæði sem kveður á um bindingu útlánsvaxta Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands. Hér er sem sagt meiningin að um útlánavexti byggingarsjóðanna gildi sömu reglur og um útlánavexti annarra fjárfestingarlánasjóða. Hér er um að ræða mikla breytingu frá því sem er í gildandi lögum nr. 51 1980 og eðlilegt að benda á þetta atriði sem einna þýðingarmestu breytinguna í þessu frv.

6. brtt. er orðuð á þessa leið:

„Ríkisstjórnin beitir sér fyrir samkomulagi við viðskiptabanka og sparisjóði um samræmda þátttöku í fjármögnun húsnæðismála. Í þessu skyni verði stofnaðir nýir húsnæðisreikningar í viðskiptabönkum og sparisjóðum þar sem innlán í 2—4 ár veitir rétt til 15 ára viðbótarláns frá Byggingarsjóði ríkisins. Upphæð láns ákvarðast af reglum sem taka mið af innlánstíma. Það fjármagn sem bankarnir lána til lengri tíma í þessu skyni verði heimilt að draga frá bindiskyldu viðkomandi banka hjá Seðlabanka Íslands.

Jafnframt verði kannað hvort unnt sé að beita skattfríðindum til að hvetja til sparnaðar í bönkum í þágu húsnæðismála."

Ég tel, herra forseti, að þessi breytingartill. nefndarinnar um húsnæðismál sé ein sú allra mikilvægasta sem frá henni kom. Ég tel að forsenda þess að unnt verði að breyta húsnæðislánakerfinu hér á Íslandi þannig að það verði sambærilegt við það sem gerist í grannlöndum okkar sé sú, að miklu betra samstarf takist við bankana en nú er um að ræða.

Samstarf húsnæðislánakerfisins við bankana hefur ekki verið nógu öflugt og það hefur ekki tekist nema í einu undantekningartilviki að fá bankana til skipulegs samstarfs í þessu efni. Þar á ég við skuldbreytingarátakið sem gert var snemma á síðasta ári í þágu húsbyggjenda. Þessi tillaga starfshópsins hefur verið samþykkt af ríkisstjórninni. Ég lít svo á, að það sé meginhlutverk viðskrn. og félmrn. í sameiningu að þrýsta á að bankarnir skili þessum þætti samkomulagsins hið allra fyrsta þannig að tillögur um hlutdeild bankanna geti legið fyrir um það leyti sem Alþingi hugsanlega afgreiddi þetta frv., þannig að við getum búið við nýtt samstillt lánakerfi opinberra aðila, lífeyrissjóða og banka, til húsnæðismála einhvern tíma frá miðju næsta ári eða svo.

Sjöundi þátturinn í þessu frv. gerir ráð fyrir að viðskiptabankarnir taki að sér að veita framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði framkvæmdalán á byggingartímanum sem Byggingarsjóður ríkisins endurgreiðir þegar íbúðirnar eru lánshæfar samkvæmt reglum sjóðsins. Jafn-

framt því sem framkvæmdalán frá Byggingarsjóði ríkisins falli niður verði tekinn upp sá háttur að sjóðurinn greiði nýbyggingarlán til byggingarsamvinnufélaga og viðurkenndra byggingaraðila í tvennu lagi, fyrri hlutann einum mánuði eftir fokheldisstig, seinni hlutann sex mánuðum síðar.

Hér er verið að leggja á það áherslu að koma til móts við byggingarsamvinnufélögin sem mjög þýðingarmikinn hlekk í okkar húsnæðismálum, sérstaklega að því er varðar byggingar fyrir ungt fólk, þá sem eru að eignast íbúðir í fyrsta sinn.

Þetta ákvæði, töluliður 7 í till., er inni í frv.

8. till. snýr fyrst og fremst að húsnæðismálastjórn, viðskrn. og bönkunum, en þar segir:

„Til hagræðingar og einföldunar fyrir lántakendur húsnæðistengdra lána leiti Húsnæðisstofnun samstarfs við banka, sparisjóði og lífeyrissjóði um nýtt fyrirkomulag lánveitinga og afborgana húsnæðislána. Fyrirkomulag þetta byggi á því, að lántakandi eigi aðgang að upplýsingum og gögnum frá öllum ofangreindum aðilum í sínum eigin viðskiptabanka, þar sem útborgun og innheimta húsnæðistengdra lána fari sömuleiðis fram".

Sú grundvallarhugsun er í þessari till., að þeir sem þurfi á húsnæðislánum að halda til byggingar eða kaupa geti snúið sér til síns viðskiptabanka með þau mál og fengið afgreiðslu í viðskiptabankanum, sem síðan annist samskiptin við lífeyrissjóði viðkomandi einstaklinga og Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér væri um að ræða, að mínu mati, afskaplega mikla framför í húsnæðismálum því eitt það allra versta í okkar húsnæðismálum er að menn verða að una því að hlaupa á milli fjölmargra lánastofnana og opinberra stofnana í sambandi við lántökur og alls konar vottorð út og suður. Þetta tekur mikinn tíma og er slítandi og þreytandi fyrir fólk. Þessi till. miðar að því að reyna að fá þessa þjónustu alla inn á einn og sama staðinn, í viðskiptabanka viðkomandi, hvort sem er t. d. í þéttbýlinu hér eða þá í dreifbýlinu, þannig að menn þurfi ekki heldur að fara í langar suðurferðir til að fá eðlilega fyrirgreiðslu í sínum húsnæðismálum. Ég tel að þetta sé ein þýðingarmesta till. frv.

Ég vil geta þess hér, að ég hreyfði þeirri hugmynd á undirbúningsstigi þessa máls í starfshópnum að bankakerfið tæki að sér almennu byggingarlánin að verulegu leyti, en lögin væru til þess fyrst og fremst að tryggja að menn ættu lágmarksrétt. Enda þótt bankarnir neituðu hugsanlega viðkomandi einstaklingi gæti hann leitað til Húsnæðisstofnunar um tryggingu þessa lágmarksréttar. Ég held að þetta sé mál sem eigi að athuga miklu betur. Enda þótt nefndin treysti sér ekki til þess í sumar eða haust að fallast á þessa hugmynd mína held ég að eigi að athuga þetta mál miklu betur þó síðar verði og eigi að reyna að beina almenna húsnæðislánakerfinu inn í einhvern farveg af þessu tagi án þess auðvitað að vísa almenningi einvörðungu á bankastjóra varðandi húsnæðislán, sem auðvitað taka fólki misjafnlega vel og allavega eftir því hvernig stendur á í þeirra bönkum. En þá held ég að bankakerfið eigi að koma þarna inn í auknum mæli. Það gæti orðið til einföldunar og þæginda og skapað báðum aðilum, bæði húsbyggjendum og bönkum, betri þjónustumöguleika en um er að ræða nú.

9. till. nefndarinnar gekk út á það, að innheimta skyldusparnaðar ungs fólks til húsnæðismála verði bætt og reglur um endurgreiðslu hertar. Samkvæmt lögunum, sem við settum 1980, voru kjörin á húsnæðismálalánum bætt mjög verulega, en það hefur greinilega ekki dugað til að halda skyldusparnaðarfé inni í húsnæðislánakerfinu sem skyldi, að okkar mati, og þess vegna er þessi tillaga flutt og kemur hún fram í frv. sjálfu.

10. till. er einnig í frv. Það er ein allra mikilvægasta till. í frv., að mínu mati, vegna þess að þar er komið til móts við sjónarmið mjög margra aðila í þjóðfélaginu einmitt um þessar mundir, á tímum lífskjarasamdráttar. — Í till. segir:

„Verðtrygging afborgana og vaxta húsnæðislána verði ætíð bundin við þá af vísitölunum tveimur, kauplagsvísitölu (samkvæmt útreikningi kjararannsóknanefndar) og lánskjaravísitölu, sem er lægri. Hins vegar verði eftirstöðvar lánsins reiknaðar upp eftir lánskjaravísitölu. Ef til að mynda lán sem veitt var til 26 ára er ekki að fullu greitt (vegna bindingar eftirstöðva við lánskjaravísitölu) verði veitt nýtt lán sem framlengir það gamla eftir þörfum. Með þessu móti er tryggt að afborganir af húsnæðislánum hækki ekki úr hófi fram á tímum lífskjarasamdráttar."

Þessi till. er í raun og veru mjög lík í meginatriðum og sú till. sem hv. þm. Alþfl. hafa flutt hér í Nd., þar sem gert er ráð fyrir að gerð verði breyting á lögum um Seðlabankann í þessa veru. Þetta frv., sem ég er hér að tala fyrir, gerir auðvitað aðeins ráð fyrir að breyta þessum kjörum hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Ég vil láta það koma hér fram hins vegar að ég er hlynntur því að settar verði almennar reglur um slíkar breytingar einnig þegar um er að ræða lánasamninga við bankastofnanir og lífeyrissjóði. Þess vegna tel ég eðlilegt að athugað verði hvort unnt sé að koma slíku við þar sem um lánsviðskipti er að ræða almennt. Ég held að það sé óhætt að geta þess hér, að Seðlabankinn hefur tekið saman ítarlega greinargerð um þetta mál, þar sem hann bendir á vissa möguleika í þessu efni, en hefur þó ekki treyst sér til að leggja til að viðskiptabankarnir taki þennan hátt upp almennt, ekki ennþá. En mér sýnist að það sé að vakna skilningur á þessu hjá mörgum aðilum, jafnvel í bankakerfinu, sem hefur lengst af tregðast við í þessum efnum eins og fleiri þegar kemur að húsnæðismálum.

11. till. n. var um leiguíbúðir. Við teljum að í raun og veru sé einn meginvandinn í húsnæðismálum hér á þéttbýlissvæðinu hjá þeim sem þurfa að leigja eða vilja leigja húsnæði. Eftirspurn eftir leiguhúsnæði er gífurleg, framboð lítið og þetta fólk verður að sæta afarkostum iðulega, að sagt er. Þess vegna er sú till. til orðin sem getið er um í tölulið 11, en þar segir:

„Hafnar verði skipulegar byggingar leiguíbúða og verður lögð áhersla á eftirtalda liði:

Í fyrsta lagi verði veitt lán til byggingar sérhannaðra leiguíbúða fyrir aldraða með hlutafjárþátttöku leigjenda."

Hér er um að ræða nýmæli í íslenskri húsnæðismálalöggjöf.

„Í öðru lagi verði gert sérstakt átak í leiguíbúðarmálum námsmanna og skal stefnt að því að byggðar verði eigi færri en 150 námsmannaíbúðir á næstu þremur árum. Leitað verði eftir þátttöku eftirtalinna aðila auk Húsnæðisstofnunar í fjármögnun þessa átaks: Byggðasjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga."

Ég held að hér sé um að ræða ákaflega þýðingarmikið atriði, sem komið er inn á í frv. sjálfu og grg. þess. Þetta

er mál sem við í félmrn. munum ræða m. a. við námsmenn núna á næstunni, hvernig þessu megi fyrir koma, því það er ekki nokkur vafi á að ein meginástæðan fyrir aukinni eftirspurn eftir húsnæði hér á Reykjavíkursvæði er sú, að námsmönnum hefur fjölgað verulega frá því sem áður var.

Í tólfta lagi var gerð till. um það á vegum n. að frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, er flutt var á síðasta þingi, verði flutt á yfirstandandi löggjafarþingi að lokinni endurskoðun sem taki mið af þeim tillögum sem komið hafa fram hér að framan. Það er í raun og veru það sem gert er með þessu frv. Síðan segir: „Þá verði núgildandi lög um byggingarsamvinnufélög endurskoðuð og felld inn í frv. sem sérstakur kafli.“ Það er einnig gert í þessu frv. Hér er um að ræða lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög. Að sumu leyti eru þau flutt hér óbreytt eða lítið breytt frá því sem er í gildandi lögum, en að nokkru leyti er um að ræða brtt. sem ég kem að síðar.

Í þrettánda lagi er gert ráð fyrir að þjónustu- og upplýsingastarfsemi á vegum Húsnæðisstofnunar verði efld með aukinni ráðgjafarstarfsemi fyrir lántakendur og einnig verði hafin skipuleg vinnsla upplýsinga um húsnæðismál í landinu, svo og gerð áætlana um íbúða- og byggingaþörf. Hérna er ætlunin hjá okkur að reyna að bæta úr því sem vantað hefur verulega á undanförnum árum, þ. e. heildstæðar upplýsingar og upplýsingasöfnun um húsnæðismál, bæði fyrir stjórnvöld til þess að þau geti tekið ákvarðanir bæði í einstökum byggðarlögum og á landsvísu og einnig upplýsingar fyrir almenning um húsnæðismál sem ekki er nógu greiður aðgangur að eins og sakir standa. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að heimila Húsnæðisstofnuninni að taka upp sérstaka þjónustu- og upplýsingastarfsemi í framhaldi af þessari till. hér, nr. 13 í till. starfshópsins um húsnæðismál.

Í fjórtánda lagi var svo till. um að kannaðar verði leiðir til að lækka byggingarkostnað, meðal annars með lækkun aðflutningsgjalda á byggingarefni, lækkun launaskatts og aðstöðugjalds. Þetta mál er í athugun, en er skammt á veg komið.

Ég hef nú farið yfir þær tillögur sem liggja til grundvallar því frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér er á dagskrá, sem er 143. mál á þskj. 151. Ég hef farið svona rækilega yfir till. vegna þess að ég tel að þær sýni best grundvallaratriðin í þessu máli. Þessar tillögur taka á því sem mestu máli skiptir og mest ástæða er til að vekja athygli á.

Frv. er margar greinar og þess vegna er eðlilegt að fara nokkrum frekari orðum um það og einstakar greinar þess.

Ég vil fyrst víkja að 1. gr. frv., en breytingin sem þar er gerð er sú, að það er sett inn nýtt ákvæði þar sem segir að fjár í Byggingarsjóð ríkisins skuli aflað m. a. með árlegu framlagi úr ríkissjóði sem verði eigi lægra en tvöfalt hærra að verðgildi en framlag á fjárl. ársins 1982. Þetta orðalag og ákvæði kemur í staðinn fyrir tölulið 2 í 9. gr. núgildandi laga, þar sem segir: „Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.“ — Hér er talið að það sé skynsamlegra að ákveða framlagið á þann hátt að hafa það tvöfalt hærra en á árinu 1982 fremur en að miða við tekjur af launaskattsstigi, þar sem nú eru uppi kröfur um að fella niður launaskatt og lækka launaskatt af einstökum atvinnugreinum. Þess vegna þótti okkur ráðlegra að miða við þetta svona. Er þetta í rauninni svipað ákvæði og er að finna varðandi markaða tekjustofna til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, þar sem miðað er við ákveðna tölu á árinu 1979 ef ég man rétt.

2. gr. frv. er ekki stórvægileg, en þó áhersluatriði þar sem byggingarsamvinnufélögin eru sett inn sem sérstakur aðili til að taka á móti lánum ásamt framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði.

3. gr. felur í sér vissa grundvallarbreytingu því þar segir að lán megi veita til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir, ekki aðeins einstaklingum heldur og fyrirtækjum. Síðan segir, sem er verulegt nýmæli:

„Ef umsækjandi um lán ætlar að byggja leiguíbúð eina eða fleiri eða leigja sína fyrri íbúð þegar byggingu er lokið, skal hann undirrita skuldbindingu um að hann muni leigja hana til íbúðar þegar nýja íbúðin er fullgerð.“

Hér er um að ræða mjög verulega breytingu frá því sem er í gildandi lögum, þar sem það er í raun og veru fortakslaust bannað að slíkt geti gerst sem er gerð till. um þarna í 3. gr.

4. gr. er einnig mjög mikilvæg, en með henni eru opnaðir möguleikar fyrir sveitarfélög og stofnanir að fá aukið fjármagn til byggingar fyrir aldraða. Þetta er í fyrsta lagi gert með því að heimila hlutareign þeirra sem fá íbúðirnar til afnota og í öðru lagi með því að heimila sölu á skuldabréfum til þeirra sem þarfnast vistunar á stofnun og hafa nokkur fjárráð.

Þegar rætt er um hlutareign er átt við eignarform sem er lítið þekkt hér á landi, en vel þekkt í nágrannalöndum okkar. Þegar sjálfseignarstofnanir eða sveitarfélög byggja íbúðir þar sem veitt er margvísleg þjónusta geta þau selt einstaklingum, er þess æskja, tiltekinn eignarhluta í íbúð, sem þeir fá til afnota, gegn hóflegu gjaldi. Eignarhluta sinn fær kaupandi endurgreiddan ef hann flytur úr íbúðinni eða hann greiðist út við andlát íbúðarhafa samkvæmt sérstökum samningi. Sama gildir um skuldabréf sem aldrað fólk kaupir í dvalarheimilum þar sem það fær vistrými og félagslegt öryggi. Margt aldrað fólk á nokkurt fjármagn eða jafnvel íbúð sem það vill selja og kaupa sér öryggi og þjónustu með þessum hætti.

Rétt þykir að reyna þessa leið hér á landi til að flýta fyrir uppbyggingu íbúða og vistheimila fyrir aldraða. Jafnframt er talið æskilegt að setja takmörk fyrir ráðstöfun vistrýmis eða íbúða með skuldabréfasölu í því augnamiði að gæta hagsmuna þess fólks sem þarfnast vistunar, en ekki ræður yfir neinu fjármagni. Er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að setja slíkt öryggisákvæði inn í slíka grein.

Í 5. gr. eru settar fyllri reglur en áður um lán til endurbóta á eldra húsnæði og viðbyggingar, einkum þegar þetta tvennt fer saman.

Í 6. gr. er felld niður krafan um bakábyrgð sveitarstjórnar við lánveitingar, en það verður að telja eðlilegt ákvæði þar sem fyrsti veðréttur í viðkomandi íbúð ætti auðvitað að duga.

Í 7. gr. er ákvæði sem er í samræmi við þá stefnu sem ég hef áður gert grein fyrir, en þar er annars vegar bætt inn heimild til að lána einstaklingum og fyrirtækjum fé til að endurbyggja og bæta heilsuspillandi húsnæði. Hins vegar er felld niður bakábyrgð sveitarstjórnar eins og gert er í 6. gr.

Í 8. gr. er lagt til að heimilt verði að fresta afborgunum

af lánum lántaka sem orðinn er 70 eða eldri eða er fatlaður, ef fjárhag hans er þannig varið að sýnt þykir að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu. Hér er um að ræða grein sem er samhljóða grein sem var í frv. á síðast liðnu vori að öðru leyti en því, að bætt hefur verið við orðinu „fatlaður" þannig að það eru ekki einungis aldraðir sem miðað er við í þessu efni.

Í 9. gr. er ákvæðið um byggingarsamvinnufélögin og viðskiptabankana sem ég gat um er ég ræddi till. áðan, þar sem segir að viðskiptabankarnir eigi að taka við því verkefni af Byggingarsjóði ríkisins að veita byggingarsamvinnufélögum og öðrum framkvæmdaaðilum rekstrarlán á byggingartímanum. Er því húsnæðismálastjórn heimilað að endurgreiða þau lán innan tiltekins tíma frá því að húsin eru fokheld. Þessi grein, sem hér er um að ræða, kemur inn sem viðbót, ný málsgr. við 32. gr. laganna.

10. gr. er í samræmi við tillögur um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins, að þeir verði ekki bundnir í lögum, heldur verði þeir ákveðnir af ríkisstjórn eftir tillögum Seðlabankans hverju sinni. Þó skulu vextir af lánum til fatlaðra og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis vera bundnir svo sem verið hefur. Í greininni er einnig gert ráð fyrir að fella úr lögum fasta gjalddaga fyrir lán húsnæðismálastjórnar, sem er auðvitað óeðlilegt með öllu að hafa í lögum.

Í 11. gr. er eitt þýðingarmesta atriðið í þessu frv. Það hefur ekki verið í lögum heimilt að hækka sérstaklega lán til þeirra t. d. sem byggja og kaupa í fyrsta sinn. Það hefur engin heimild verið til slíks. Þess vegna er hér flutt tillaga um að þeir sem enga íbúð eiga og hafa ekki átt íbúð á síðustu tveimur árum geti fengið hærra lán en aðrir frá húsnæðismálastjórn. Ennfremur er í greininni heimild til að veita hærri lán til nýrra íbúða sem byggðar eru á lögbýlum. Þetta ákvæði er flutt með tilliti til þeirra viðhorfa að það sé eðlilegt að á sveitabýlum sé mögulegt að byggja nokkru stærra en gengur og gerist í þéttbýli af ástæðum sem allir þeir þekkja sem hafa kynnst aðstæðum í sveitum.

Í 12. gr. er brtt. sem verður að teljast grundvallaratriði og eitt meginatriði þessa frv. Þar er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna láni ekki aðeins til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir, heldur einnig til félagssamtaka, stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir fyrir félagsmenn sína eða aðra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Er þá sérstaklega höfð í huga sú mikla þörf sem námsfólk hefur fyrir leiguhúsnæði. Lítið hefur verið byggt af leiguíbúðum gagngert hér á landi um margra ára skeið, enda fer þeim stöðugt fækkandi, og því er brýn nauðsyn að gera sérstakt átak til að byggja leiguíbúðir. Þess vegna er hér tekin inn í 36. gr. gildandi laga í þessu frv. nýr lánaflokkur um leiguíbúðir.

13. gr. er óþarfi að fara orðum um og sömuleiðis 14. gr. Sömuleiðis ræði ég ekki 15. gr. sérstaklega hér.

16. gr. fjallar um það og leggur á það áherslu, að stjórn verkamannabústaða úthluti íbúðum þegar á byrjunarstigi framkvæmda til að kaupendum íbúðanna gefist lengri tími til að greiða framlag sitt til byggingarinnar.

17. gr. er í raun og veru hliðstæð þeirri 16. til þess að flýta fyrir því að fólk geti farið að greiða inn á þær íbúðir sem það fær í verkamannabústöðum.

Í 18. gr. er nokkuð mikilvægt atriði, sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Þar er gert ráð fyrri að slaka nokkuð á ákvæðum um rétt til veðsetningar íbúða í verkamannabústöðum. Heimilað er að hleypa lífeyrissjóðsláni fram fyrir lán Byggingarsjóðs verkamanna að því tilskildu að síðarnefnda lánið lækki sem nemur upphæð lífeyrissjóðslánsins. Það er sem sagt gert ráð fyrir að lán frá Byggingarsjóði verkamanna verði áfram 90%, en lífeyrissjóðslánið komi þar til frádráttar, þannig að heildarupphæð lánsins verði 90%, en lífeyrissjóðslánið geti komið á undan láni Byggingarsjóðs verkamanna, en til þessa hefur verið óheimilt að taka önnur veð í verkamannabústöðum en þau sem Byggingarsjóður verkamanna hefur tekið.

Í 19. gr. eru fjögur atriði sem nauðsynlegt er að minna á. Í fyrsta lagi er fellt niður að binda framlag kaupanda íbúðar við 10% af kostnaðarverði. Það getur oft verið meira þó heimilt sé að lána allt að 90% af byggingarverði íbúðar. Í öðru lagi er fellt niður að skylt sé að taka 1. veðrétt fyrir lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ef kaupandi að íbúð í verkamannabústað á rétt á lífeyrissjóðsláni má gefa eftir 1. veðrétt, en þó má veðsetning íbúðar aldrei fara yfir 90% af kostnaðarverði. Í þriðja lagi er fellt niður að binda vaxtaprósentur sjóðsins í lögum, en í staðinn er sett sambærilegt ákvæði og um Byggingarsjóð ríkisins. Í fjórða lagi er fellt niður að binda greiðsludaga lána við tiltekna daga til samræmingar við starfsreglur bankanna.

Í 20. gr. er kaupskylda sveitarfélaganna á íbúðum sem byggðar eru samkvæmt lögum frá 1980 stytt úr 30 árum í 15 ár, en sveitarfélög hafa lagt mikla áherslu á þessa breytingu.

Í 21. gr. eru ákvæði um hvernig á að reikna verð íbúðar. Þar vil ég vekja sérstaka athygli á síðustu málsgreininni, en þar segir.

„Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá matsnefnd félagslegra íbúða afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar meðal annars byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins." Hér er um að ræða verulega breytingu frá því sem er í gildandi lögum, sem mestu skiptir fyrir byggðarlög þar sem markaðsverð íbúða er lægra en fasteignamatsverð.

Í 22. gr. er komið inn á leiguhúsnæðismálin, en tilgangur þeirrar greinar er að laga lögin að því hlutverki Byggingarsjóðs verkamanna að veita lán til félagssamtaka og stofnana sem byggja leiguíbúðir, jafnframt því að halda áfram að veita lán til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir. Þegar rætt er um félagssamtök og stofnanir sem framkvæmdaaðila við byggingu leiguíbúða eru hafðar í huga sjálfseignarstofnanir, svo sem Félagsstofnun stúdenta og aðrar sambærilegar stofnanir, samtök leigjenda, verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðila sem myndað gætu samtök til að byggja leiguíbúðir til afnota fyrir félagsmenn eða til útleigu á almennum markaði. Þurfa þá slíkir aðilar að leggja fram fjármagn sem nemur 35% af byggingarkostnaði, en lánið sem veitt er frá húsnæðismálastjórn yrði þá 65% af byggingarkostnaði.

Breytingarnar í 23. gr. eru í raun og veru til samræmis við þetta sjónarmið, að taka fleiri aðila inn varðandi leiguíbúðir. Hið sama er að segja um 24. gr. og 25. gr. og fjölyrði ég því ekki um þær.

26. gr. kveður á um lánshlutfall til leiguíbúða fyrir almennan markað eða einstaka þjóðfélagshópa og lánshlutfallið er 65%, eins og ég gat um áðan.

27. gr. kemur einnig inn á leiguhúsnæðismálin og 28. gr. sömuleiðis.

Í 29. gr. er svo öryggisákvæði varðandi leiguíbúðirnar, sem er mjög mikilvægt, en þar segir:

„Óheimilt er að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum, meðan á þeim hvíla lán frá Byggingarsjóði verkamanna.“

Ég held að ekki sé ástæða til að fara sérstökum orðum um 30. gr. En 31. gr. gerir ráð fyrir endurbótum á skyldusparnaðarkerfinu. Með henni er þrengdur nokkuð réttur ungmenna til að fá endurgreitt það fjármagn sem haldið hefur verið eftir af launum í skyldusparnað. Þar segir auk þess, sem er alveg nýmæli: „Ekki er þó heimilt að endurgreiða skyldusparnað á sama ári og hann er dreginn af launum skyldusparenda.“ Hér er um að ræða nýmæli, eins og ég sagði, sem skiptir miklu máli.

Í 32. gr. er nýmæli sem er einnig vert að nefna. Þar segir: „Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita þeim viðbótarlán við önnur lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem taka út sparifé sitt til þess að kaupa eða byggja íbúð. Húsnæðismálastjórn skal setja nánari reglur um þær lánveitingar.“ Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt, svo undarlegt sem það kann að vera, að hækka sérstaklega lán til þeirra sem hafa staðið sig sérstaklega vel í sambandi við skyldusparnaðinn.

Í 33. gr. er ákvæði sem gerir ráð fyrir að það verði horfið frá sparimerkjakerfinu. Sparimerkjakerfið er komið nokkuð til ára sinna, sennilega orðið meira en 20 ára. Ætli það hafi ekki verið alveg frá upphafi vega. En hér er gert ráð fyrir að hverfa alveg frá sparimerkjakerfinu í sambandi við skyldusparnaðinn. Það er vafalaust til einföldunar. Í staðinn verði Póstgíróstofunni falin innheimtan með sama hætti og innheimta orlofsfjár af tímakaupi launafólks. Það er ekki nokkur vafi á að það yrði til mikilla bóta að fela Póstgíróstofunni þetta. Hérna er lagt til að það verði bundið á hana með lögum.

Þá kem ég að lokagreinum þessa frv., 35—42. Þar eru ákvæði um byggingarsamvinnufélög. Með þessum tillögum er gert ráð fyrir að lög um byggingarsamvinnufélög verði hluti af hinni almennu húsnæðismálalöggjöf, eins og eðlilegt má telja.

36. gr. gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum í þessu efni og hið sama er að segja um 37. gr. Þó er þar eitt lítilsvert ákvæði í 2. málgr. Þar er kveðið á um sameiningu byggingarsamvinnufélaga. Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli forsvarsmanna nokkurra helstu byggingarsamvinnufélaga í Reykjavík um hugsanlega sameiningu félaganna í eitt félag. Við athugun hefur komið í ljós að nokkur vafi kann að leika á því hvernig sameining félaganna skuli framkvæmd. Með þessum málsgreinum er verið að greiða fyrir sameiningu byggingarsamvinnufélaganna án þess þó að dregið sé úr möguleikum almennra félagsmanna til að hafa áhrif á ákvarðanatöku.

38. gr. er til samræmis við fyrri tillögu sem ég hef gert grein fyrir varðandi byggingarsamvinnufélög og framkvæmdalán. Þar er þó einnig ákvæði sem gerir ráð fyrir að varasjóðstillag, sem greitt er af hverri íbúð í varasjóð byggingarsamvinnufélags, hækki úr 1% af byggingarkostnaði íbúðarinnar í 2%. Hér er um að ræða mikla breytingu sem forráðamenn byggingarsamvinnufélaganna lögðu mjög mikla áherslu á að væri nauðsynleg til að styrkja stöðu þessara félaga. Einkum er það vafalaust mikilvægt fyrir þessi félög, eftir að þau verða að búa sig dýrum tækjakosti til að geta sinnt hlutverki sínu, að eiga möguleika á að koma sér upp skikkanlegum varasjóði. Þetta er mál sem hv. félmn. deildarinnar þarf auðvitað að líta á mjög vandlega, hvort svo langt eigi að ganga að tvöfalda þetta fé.

Það eru engar efnisbreytingar í 39. gr. eða 40. gr.

Tilgangurinn með 41. gr. er að tryggja að enginn geti selt réttindi sín til að byggja hjá byggingarsamvinnufélagi og í 42. gr. er ákvæði sem skyldar byggingarsamvinnufélög til að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga byggingarsamvinnufélaganna og hún eigi jafnan aðgang að bókhaldi þessara félaga.

Í 43. gr. er ákvæði til bráðabirgða. Í tölulið 1 er komið það ákvæði, sem ég gat um hér og er úr tillögum n., að fólk verði ekki fyrir gífurlegum byrðum af húsnæðismálalánum á tímum lífskjarasamdráttar, heldur verði sérstök hækkun á lánskjaravísitölu tekin þannig að hún bætist við lánið og lengir það, bætist aftan við lánstímann, sem lengist þá eftir þörfum, þannig að greiðslubyrði verði ekki óbærileg fyrir það fólk sem hér er um að ræða. Töluliður 2 gerir ráð fyrir svipuðum ákvæðum og eru í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 51 frá 1980. Við töldum að á framkvæmd þeirra ákvæða hefðu verið verulegir annmarkar og þess vegna er hér gerð till. um nýtt ákvæði til bráðabirgða varðandi lán þeirra sem áður hafa skipt við stofnunina.

44. gr. skýrir sig sjálf.

Herra forseti. Ég ætla ekki á þeim tíma sem ég hef að fara yfir einstök atriði í ádeilum sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni á húsnæðislánakerfið yfir höfuð. Ég tel að þar hafi í rauninni ekkert farið úr böndunum. Það sem gerst hafi hafi verið það, að þegar verðtryggingarstefnan var ákveðin á sínum tíma hafi ekki um leið verið tekin ákvörðun um að knýja bankana til að veita kerfisbundin húsnæðislán. Það tel ég að sé grundvallaratriðið í þessu efni og það þýði ekki, hvorki fyrir stjórnarandstöðuna né aðra, að ætla sér að kenna hinum nýju húsnæðislögum um þann vanda sem uppi er í húsnæðismálum í okkar þjóðfélagi. Þar kemur til verðbólgan, þar kemur það til að bankarnir hafa ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi og að ekki hefur náðst pólitísk samstaða um það, fyrr en þá núna, að koma á samfelldu lánakerfi banka, lífeyrissjóða og opinberra stofnana fyrir húsbyggjendur.

Herra forseti. Mér er það mjög í mun að frv. þetta fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Enda þótt það kunni að verða stutt, þá verði þetta frv. afgreitt. Ég er viss um að formaður félmn. Ed., hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, mun gera allt sem hann getur til að þoka þessu máli áleiðis, svo hugleikinn sem honum er þessi málaflokkur eins og mér.

Ég vil einnig nefna það, að fyrir hv. Nd. liggur frv. til l. um staðfestingu á brbl. um húsnæðismál frá síðastliðnu sumri. Ég hef geymt að taka það frv. fyrir þangað til þetta mál væri komið til n. í deildinni. Ég fer fram á að félmn. starfi sem mest saman að þessum málum þannig að staðfesting brbl. frá því í sumar verði partur af þessu máli hér með því að frv. tvö fylgdust að í gegnum þingið.

Ég lagði frv. um staðfestingu brbl. fyrir Nd. og hafði í huga að leggja þar einnig fram þetta frv., en það varð síðan að samkomulagi milli mín og hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar að ég legði þetta frv. fyrir Ed. vegna þess að hann hafði lagt þar fram annað frv. um húsnæðismál. Ég held að þetta eigi ekki að þurfa að spilla neinu.

Ég legg sem sagt á það mikla áherslu að málið verði afgreitt hér á yfirstandandi þingi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur lokið mikilli framsöguræðu fyrir frv. því sem hér er á dagskrá. Hann lauk henni með því að víkja að félmn. Ed. og lét orð falla á þá leið að hann treysti henni og formanni hennar til þess að afgreiða þetta mál á *sem bestan veg. Ég veit að ég get mælt þau orð fyrir hönd* félmn. allrar að við, sem þar eigum sæti, erum alltaf reiðubúnir að gera okkar besta í þessum efnum. En það verð ég að segja að ástand þessara mála og þetta frv. er á þann veg, að það mun reyna meira á það núna en oftast áður að við reynum að gera okkar besta, ef við eigum að geta bætt frv. í meðförum þannig að það verði viðunandi.

Hæstv. félmrh. lét að því liggja í lok ræðu sinnar að það væri ekki svo slæmt ástand í húsnæðismálunum og það sem miður færi væri að kenna, að því er mér skildist, viðskiptabönkunum og því að tekin hefði verið upp verðtrygging lána.

Ég held að þetta sé nokkuð mikil einföldun á því vandamáli sem við eigum við að stríða í þessum efnum, og raunar ekki svaravert, heldur eðlilegra að snúa sér að því sem er aðalvandinn. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvernig stendur á því að hann leggur fram hér þann lagablálk sem við ræðum núna, margháttaðar breytingar á húsnæðislöggjöfinni, ef ekki er mikil ástæða til að betrumbæta núgildandi lög? Ég verð að líta svo á að hæstv. ráðh. telji að það sé mikil ástæða til að breyta mörgu í núgildandi löggjöf. Annað mál er það, hvort hæstv. ráðh. fer rétt að í þeim efnum og hvort hann er ekki í ýmsum greinum að fara úr öskunni í eldinn.

Það voru af hálfu hæstv. ráðh. og núverandi ríkisstjórnar höfð sterk orð um það hve löggjöfin um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1980 væri góð löggjöf. Þeir herrar brugðust aldrei verr við en þegar bornar voru brigður á þetta. En það er ekki endalaust hægt að slá höfðinu við steininn. Það er ekki endalaust hægt að neita staðreyndum. Og ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. er kominn á það stig nú að viðurkenna það sem miður hefur farið í þessum málum á undanförnum árum. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það hve stórt spor var stigið aftur á bak í húsnæðismálunum í ýmsum veigamiklum atriðum sem setningu löggjafarinnar frá 1980. Það eru afleiðingarnar af þeim mistökum sem við erum að glíma við í dag.

Hæstv. félmrh. lét þess getið að það væri löng saga að segja frá aðdraganda þess frv. sem við nú ræðum. Það er rétt. En ákaflega var hæstv. ráðh. fáorður um frv. sem hann sjálfur lagði fram á síðustu dögum síðasta þings, en hlaut þá ekki afgreiðslu, frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það frv. var unnið af Húsnæðisstofnun ríkisins. Það þótti góður undirbúningur og góðar starfsaðferðir við það frv. og heyrðist ekki annað á síðasta þingi. En þrátt fyrir það tekur hæstv. ráðh. upp þá starfsaðferð að setja sérstaka nefnd til að vinna að endurskoðun húnæðislöggjafarinnar. Þetta gerðist í ágústmánuði s. l. þegar sérstakur starfshópur var skipaður. Þetta frv. er árangurinn af starfi þessa starfshóps. Í máli ráðh. kom fram að það væri frekar árangur af starfi þessa starfshóps en af starfi húsnæðismálastjórnar. En þetta er ekki rétt. Ég leyfi mér að efast um þetta. Það sjáum við þegar við berum saman frv. sem við nú ræðum og svo það frv. sem hæstv. ráðh. lagði fram á síðustu dögum síðasta þings. Meginhlutinn a. m. k. af efnisbreytingum frá gildandi lögum, sem eru í frv. sem við nú ræðum, var í frv. sem lagt var fram á síðasta þingi.

Mér þykir rétt að benda á þetta, því mér fannst að hlutur húsnæðismálastjórnar, sem vann fyrra frv., kæmi ekki nægilega fram í þeim orðum sem hæstv. félmrh. viðhafði í ræðu sinni þegar hann var að rekja aðdraganda þess frv. sem við nú ræðum. Hæstv. ráðh. fór út í einstakar greinar frv. og lýsti þeim og gaf sínar skýringar. Mér þykir það hafa verið gert á þann veg, að það sé ástæða fyrir mig að fara að nokkru leyti út í greinar frv. Með því móti mun ég svara ýmsu af því sem fram kom í ræðu hæstv. félmrh. hér áðan.

Hæstv. félmrh. vék sérstaklega að 1. gr. frv., svo sem eðlilegt var vegna þess að 1. gr. frv. fjallar um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, sem er undirstöðuatriði í öllu því sem við erum að ræða um. Setjum sem svo að við göngum út frá því sem hefur verið gengið út frá fram að þessu, eða a. m. k. *þar til hæstv. núverandi félmrh. tók* við yfirstjórn þessara mála, að Byggingarsjóður ríkisins ætti að vera umkominn þess að vera almennur lánasjóður húsbyggjenda í landinu, sem veitti lán sem væru nægilega há til þess að almenningur gæti komið sér upp þaki yfir höfuðið og sem *væru með nægilega góðum* lánskjörum til þess að staðið yrði undir þessum lánum af almennum launatekjum í landinu.

Nú segir í 1. gr. frv., og er það mikilvægasta breytingin frá núgildandi lögum varðandi fjáröflun, að fjár til Byggingarsjóðs ríkisins skuli aflað með árlegu framlagi úr ríkissjóði sem verði eigi lægra en tvöfalt hærra að verðgildi en framlag í fjárlögum ársins 1982. Fyrst hrekkur maður í kút við þetta. Ég held að það þurfi að leita víða til þess að finna annað eins ákvæði í almennri löggjöf í þýðingarmiklu máli eins og þessu. Framlag ríkisins á að vera „eigi lægra en tvöfalt hærra að verðgildi en framlag í fjárlögum ársins 1982.“ Manni er spurn: Hvernig stendur á að þetta er komið inn í frv.?

Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að hæstv. ríkisstj. hefur talið að hún gæti eitthvað fegrað sinn hlut í þessu efni með því að gefa yfirlýsingar um það að á næsta ári eigi að leggja fram úr ríkissjóði helmingi meira fjármagn en í ár. Þessi yfirlýsing út af fyrir sig er góðra gjalda verð svo langt sem hún nær. En að ætla að gera þessa yfirlýsingu að einhverri viðmiðunarreglu sem sett er í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, það finnst mér fjarstæða.

Þetta er nú kannske meira um form en efni. En þó er þýðingarmikið að víkja að því, vegna þess að slíkt form væri ekki þarna komið nema í lýðskrumsskyni og af vissum misskilningi, því að þó það geti verið gott hjá ríkisstj. að gefa almenna yfirlýsingu á einhverjum vettvangi um að það eigi að tvöfalda framlagið til Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári, þá vex hún ekki neitt af því að setja slíkt ákvæði inn í almenn lög.

En aðalatriðið í þessu er það, að ríkisstj. hefur svipt Byggingarsjóð ríkisins þýðingarmesta tekjustofni sínum, sem er óafturkræft framlag af launaskatti sem á var lagður í þeim tilgangi að hann gengi til Byggingarsjóðs ríkisins. Tvö launaskattsstig eiga samkvæmt núgildandi lögum að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstj. er að svíkjast frá þessu. Og Byggingarsjóð ríkisins munar um 340 millj. kr. á næsta ári.

Hvað gæti það þá þýtt mikla fjármuni ef það fjármagn

sem lagt er til Byggingarsjóðsins í ár yrði tvöfaldað að verðgildi næsta ár? Hæstv. félmrh. gat ekki um það. Ég skil hann ósköp vel. Það er ekki af miklu að státa í því efni ef litið er á raunveruleikann eins og hann blasir við og ég hef nú lítillega komið inn á.

Ég vil áður en ég lýk við þessa grein víkja aðeins að smábreytingu sem hefur orðið á 1. gr. frv. nú frá því sem 1. gr. var í frv. í vor. 1. gr. er nákvæmlega eins nema að einu leyti. Í frv. í vor stóð: „Framlagið verði tvöfalt hærra að verðgildi en framlag á fjárlögum ársins 1982, eftir að sett hafa verið lög um aukna tekjuöflun vegna Byggingarsjóðs ríkisins.“ Þetta ákvæði „eftir að sett hafa verið lög um aukna tekjuöflun“ — (**Félmrh.:** Hefur komið.) Hefur komið, segir hæstv. ráðh. (**Félmrh.:** Í brbl. í sumar sem m. a. tryggðu fé í þessu skyni.) Ég vil aðeins segja um það, að ég tel að þó að þetta ákvæði hafi verið í brbl. í sumar þá sé ekki nóg að gert í þessum efnum. Það er það sem ég vil leggja áherslu á með því að benda á þetta. Það er eins með brbl. frá í sumar í þessu efni og í öðrum efnum, þar er ekki fullkomleikanum til að dreifa.

Í 2. gr. er talað um byggingarsamvinnufélög sérstaklega sem framkvæmdaraðila í byggingariðnaðinum. Það var nú allt og sumt. Það var eins og byggingarsamvinnufélög væru ekki byggingaraðili. En hvers vegna er ég að minnast á þetta lítilræði? Það er vegna þess að það er einkennandi fyrir mörg sýndarákvæði í þessu frv. að þau hafa enga efnislega þýðingu, eru ekkert annað en orðagjálfur sem engu máli skipta og í besta tilfelli oft á tíðum ættu ekki heima nema sem reglugerðarákvæði en ekki sem lagaákvæði.

Í 3. gr., sem hæstv. ráðh. vék að, er gert ráð fyrir að hægt sé að veita öðrum en einstaklingum, líka fyrirtækjum, almenn íbúðarlán. Ég verð að segja að þessa breytingu tel ég vera til bóta, og vil leggja áherslu á það, því það er ein af undantekningunum sem sannar regluna í þessu efni.

Í 4. gr. frv. er talað um nýjung þar sem er hlutareign og sala skuldabréfa. Ég vil segja líka um það, að mér finnst það athyglisvert út af fyrir sig, enda er það sama breyting og gert var ráð fyrir í frv. í vor og húsnæðismálastjórn var sammála um.

Ég skal fara fljótara yfir sögu en hæstv. ráðh., sé ekki ástæðu til að fara svo glöggt út í hverja grein fyrir sig.

Í 6., 7. og 8. gr. er að finna ákvæði um að bakábyrgð sveitarfélaga falli niður og um frestun afborgana af lánum. Skal ég ekki vera með nein gagnrýnisorð um þau ákvæði.

Ég vil segja sama um 9. gr. Ég vil ekki vera með gagnrýnisorð varðandi hana. En varðandi það hlutskipti sem viðskiptabönkunum er ætlað rísa upp spurningar um það hvort viðskiptabankarnir ráði við það.

Þá kem ég að einu atriði sem er eitt höfuðatriðið í þessu frv. Það er 10. gr. þess. Þar er tekið fram að ákvörðun um vexti íbúðarlána, almennra lána úr Byggingarsjóði ríkisins, skuli tekin af ríkisstj. að fengnum tillögum Seðlabankans. Hér er um ákaflega veigamikla breytingu að ræða. Í gildandi lögum og frá því að lög um húsnæðismálastjórn voru fyrst sett árið 1955 hefur verið ákveðið í löggjöfinni sjálfri hvað vextirnir ættu að vera háir. Samkv. núgildandi lögum eiga vextir af íbúðarlánum Byggingarsjóðs ríkisins að vera 2%. Þetta er fellt niður og það rísa ýmsar spurningar í því sambandi.

Það hefur alla tíð verið gert ráð fyrir þeim möguleika að almennir vextir af íbúðarlánum Byggingarsjóðs þyrftu að vera lægri en almennt gerist, það væri nauðsynleg aðstoð við húsbyggjendur í landinu. Nú hefur hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. hafnað þessari stefnu. Það verður ekki annað séð en það sé einn liður í því að brjóta niður það veðlánakerfi sem Byggingarsjóður ríkisins hefur verið grundvöllur fyrir. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. félmrh. og ég vænti þess að hann svari því þegar í 1. umr.: Hver er ástæðan fyrir því, að ríkisstj. velur þá leið að hætta að festa vextina í lögum, en leggja það á vald ríkisstj. á hverjum tíma, á tímum þeirrar hávaxtastefnu sem ríkisstj. fylgir í dag? Ég óska eftir svörum hæstv. ráðh. við því. Hverju ætlar ríkisstj. að ná fram með þessari grundvallarbreytingu?

Í 11. gr. frv. er talað um heimild til óákveðinnar hækkunar á lánum og lengingar lánstíma og heimild til þess að hækka íbúðarlán til skyldusparenda um 25%. Hæstv. félmrh. sagði um þetta að engin heimild til slíks væri í fyrri lögum. Það er engin heimild til slíks í núgildandi lögum, en það var heimild til þessa í þeim lögum sem hæstv. núverandi félmrh. og núverandi ríkisstj. fékk felld úr gildi. Þetta ákvæði var í lögum eða hliðstætt ákvæði fyrir 1980, en hæstv. ráðh. ber ábyrgð á því að það var fellt niður 1980. Nú þykist hann vera að gera stóra hluti með því að taka hliðstætt ákvæði inn í löggjöfina á ný.

Í 12. gr. er um að ræða ákvæði um nýjan lánaflokk leiguíbúða. Virðist mér að það sé sjálfsagt og sé til bóta frá núgildandi lögum. En þetta var ein af tillögunum sem voru í frv. sem lagt var fram á síðasta þingi og húsnæðismálastjórn hafði farið höndum um og verið sammála um.

Í 13. gr. er að finna ákvæði um að niður falli ákvæði sem er í núgildandi lögum og var hortittur í lögunum. Við sjálfstæðismenn bárum fram um 40 eða fleiri brtt. við frv. að húsnæðislöggjöf frá 1980, og meðal annars bárum við fram till. um þessa breytingu. Hæstv. félmrh. talaði á móti brtt. okkar þá. Það hefur tekið hann nær þrjú ár að átta sig á svo einföldum hlut sem þessum. Af þessu má að nokkru marka hvílíkt tregðulögmál gildir í stjórnarherbúðunum, þegar um það er að ræða að reyna að bæta húsnæðislöggjöfina, jafnvel þó það sé ekki um annað en að fella úr henni hortitti sem allir ættu að sjá við fyrstu sýn.

Ég sagði hér áðan að ég ætlaði ekki að fara jafn nákvæmlega út í einstakar greinar og hæstv. ráðh. gerði. Það var eðlilegt að hæstv. ráðh. gerði það, því hann vildi tíunda hvað eina sem var í hverri grein. Ég hef ekki áhuga á slíku því að margt í greinum frv. er, eins og ég sagði áðan, ákvæði sem ekki eiga heima í raun og veru í lögum og oft eru, þegar best lætur, aðeins í reglugerð og eru um framkvæmdaratriði sem engin ástæða er til að setja lagaákvæði um.

Hæstv. ráðh. vék nokkuð að 18. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir veiti lán til verkamannabústaða og þeir fái 1. veðrétt í verkamannabústöðum fyrir lánum sínum. Ég skal ekki ræða þetta efnislega, en ég bendi á það sem dæmi um þá tilhneigingu sem fram kemur í þessu frv., að gera Byggingarsjóð verkamanna að almennum lánasjóði og rýra um leið möguleika hans til að aðstoða sérstaklega þá sem við mesta örðugleika eiga að stríða við að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Þessi tilhneiging kemur ennfremur fram í 19. gr. frv. Þar er tekið fram að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna skuli ákveðnir af ríkisstj. að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands, en horfið frá þeirri reglu, sem jafnan hefur verið í lögum um verkamannabústaði frá

því 1931, að það hafa verið ákveðnir fastir vextir í löggjöfinni sjálfri til þess að tryggja að hægt væri að aðstoða þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu til að koma sér upp þaki yfir höfuðið með því að tryggja þeim óvenjuleg og sérstaklega hagstæð lánakjör.

Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvernig stendur á því að nú er vikið frá þessari reglu, sem gilt hefur um verkamannabústaði í 50 ár? Hvernig stendur á því? Er það vegna þess að ríkisstj. vill hafa svigrúm til að hækka vexti af lánum til verkamannabústaða og hafa samræmi á milli annarra vaxta í landinu skv. hávaxtastefnu þeirri sem ríkisstj. fylgir? Þetta er slíkt grundvallaratriði í þessari löggjöf að deildin á rétt á því að fá svar við slíkum grundvallarspurningum sem hér er um að ræða.

Herra forseti. Ég hefði ástæðu til að fara út í ýmis fleiri atriði, en mig langar til þess að stytta mál mitt. Ég ætla þess vegna ekki t. d. að fara neitt út í þann kafla frv. sem varðar byggingarsamvinnufélög. Meginhluti þess kafla er óbreyttur frá gildandi lögum. Ríkisstj. hefur gert þetta frv. miklu veigameira með því að slengja ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög inn í frv. Ég hef ekki á móti því. Það er ekkert óeðlilegt að ákvæði um byggingarsamvinnufélög séu í hinni almennu löggjöf. Ég er ekki að gagnrýna það í sjálfu sér. En þegar farið er yfir þetta frv. þá spyr maður sjálfan sig hvert sé aðalatriðið. Þarna ægir saman fjölda atriða, sem eru ákaflega mismunandi þýðingarmikil og sum þess eðlis að eiga naumast erindi í almenna löggjöf um húsnæðismál, frekar þá í reglugerðir stundum þegar best gegnir. Og sumt af því sem er í frv. ber augljósan vott lýðskrums, sem mönnum verður stundum ákaflega hætt við að falla fyrir, einmitt þegar rætt er um þennan málaflokk.

Mér virðist að aðalatriði frv. varðandi Byggingarsjóð ríkisins séu ákvæði 2. gr. um fjáröflunina, sem ég hef þegar rætt um.

Í öðru lagi nefni ég ákvæði 10. gr. frv. um ákvörðun vaxta, sem ég hef þegar rætt um og óskað eftir svörum hæstv. ráðh. við ákveðnum spurningum þar að lútandi.

Og í þriðja lagi vil ég telja eitt af aðalatriðunum breytinguna á innheimtuaðferð skyldusparnaðar, að hverfa frá sparimerkjunum og taka upp póstgíróaðferðina. Það er framkvæmdaratriði og ég get vel látið mér til hugar koma að það sé spor í rétta átt.

Þetta er um Byggingarsjóð ríkisins. En hver eru aðalatriði í frv. varðandi Byggingarsjóð verkamanna?

Það er að mínu viti í fyrsta lagi ákvörðunin um vexti af lánum til verkamannabústaða. Ég hef rætt sérstaklega um það mál og ég hef óskað svara við ákveðnum spurningum frá hæstv. ráðh. um það efni.

Þá er í öðru lagi það ákvæði að aðrir aðilar en sveitarfélög geti fallið undir kerfi leiguíbúða. Ég held að þetta sé rétt stefna og hef ekkert nema gott að segja um þetta atriði, enda mun ég sjálfur oft hafa bent á nauðsyn þessa, en því miður ekki fengið hljómgrunn fyrir því.

Í þriðja lagi að í 30. gr. frv. er um að ræða heimild til lækkunar framreiknaðs verðs söluíbúða til samræmis við markaðsverð. Þetta er um verkamannabústaðaíbúðir. Mér virðist að þetta ákvæði sé ekki ámælisvert heldur stefni í rétta átt.

Þá kem ég að fjórða atriðinu, sem ég hef verið að leitast við að flokka undir aðalatriði þessa frv., og það eru bindingarákvæði skyldusparnaðar námsmanna samkv. 31. gr. Ég verð að segja það, að ég sé ekki annað en að það geti verið til bóta.

Ég hef hér talið upp sjö atriði sem ég hef í mínum huga flokkað undir að vera höfuðatriði þess sem um er að ræða í því frv. sem við nú ræðum. Ég geri mér ljóst að það má telja önnur atriði kannske með sama rétti og kannske hæpið að nefna sumt af því sem ég nefndi til höfuðatriða. En það er þó rétt að reyna að gera sér grein fyrir því hver aðalatriðin eru. Og það er þeim mun meiri ástæða til þess þar sem hér er að finna svo mikið af aukaatriðum og málskrúði, að til þess að átta sig á kjarna málsins er í þessu tilfelli — eins og raunar jafnan — nauðsynlegt að gera sér grein fyrir aðalatriðunum.

Ég hef hér ekki rætt um það sem vantar í þetta frv., eða um húsnæðisstefnuna í heild, og ætla ekki að hefja almennar umr. um slíkt. Það væri að sjálfsögðu hægt að hugsa sér að fullkomið tilefni væri til slíks. Ég mun þó neita mér um þá ánægju í þetta sinn, en taldi nauðsynlegt að ræða nú þegar við 1. umr. allítarlega um málið og koma að þýðingarmiklum spurningum til hæstv. félmrh., því að gott væri að fá svar við þeim áður en sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar fer að starfa í málinu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, 4. þm. Vestf., fyrir ítarlega ræðu um þetta mál. Hann kom víða við eins og efni standa til. Hér er um að ræða viðamikið, efnismikið og fjölþætt mál og frv. sem tekur á mörgum meginatriðum þessara mála. Því væri ástæða til að halda um það ítarlegar ræður, jafnvel ítarlegri en við höfum gert samanlagt, ég og hv. þm. (**Gripið fram í:** Og er þá mikið sagt.) Og er þá mikið sagt. Það er rétt hjá hv. skrifara, það er alveg laukrétt. Hv. 11. landsk. þm. hitti þarna naglann á höfuðið. Er þá langt til jafnað. En hér verðum við senn að láta staðar numið, enda væri mikið mál ef við ætluðum að ræða það líka sem vantar í þetta frv. Það mundi endast okkur lengi dags og nætur ef við ætluðum að tína það allt saman til. Því það er með þetta eins og annað, það er ekki hægt að hafa allt í frv. eins og þessu enda gera slík frv. lítið gagn oft á tíðum. Það vill nú vera sull sem verður þeim að litlum notum sem þurfa á þeim lögum að halda sem verið er að gera till. um.

Það sem hv. þm. aðallega ræddi um í þessu efni var 10. gr. frv., sem víkur að Byggingarsjóði ríkisins, og samsvarandi grein sem víkur að Byggingarsjóði verkamanna. Og ég er ekki undrandi á því þó að hv. þm. ræði það mál ítarlega, því það er auðvitað eitt af meginatriðum frv., og það er í samræmi við tillögu starfshópsins sem ég greindi frá í upphafi máls míns hér fyrr í kvöld. Tillaga starfshópsins var svohljóðandi:

„Fellt verði niður ákvæði í lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins sem kveða á um bindingu útlánsvaxta Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstj. að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands.“

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að farið verði með vexti af lánum þessara sjóða á sama hátt og aðra vexti fjárfestingarlánasjóða í landinu. Tel ég að það sé ekkert út af fyrir sig við slíkt að athuga, enda hljóta menn þá að gæta hófs og taka tillit til þess hvaða sjóðir eru hér á ferðinni. Og það getur auðvitað ekki verið eðlilegt að meðhöndla þá einlægt á sömu forsendum og gert er t. d. í sambandi við almenna fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna, þar sem ætla verður að greiðslugeta sé meiri en hjá almenningi á hverjum tíma.

Í grg. nefndarinnar, sem ég fór ekki út í hér áðan, er mjög rækilega fjallað um þetta atriði. Ég held að ég svari best hv. þm. með því að lesa fáeinar línur úr þessari grg. Þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Vextir á nær öllum útlánum Byggingarsjóðs ríkisins eru nú, samkv. lögum nr. 51/1980, bundnir við 2% og vextir af meginhluta útlána Byggingarsjóðs verkamanna við 0.5%. Öll þau skuldabréf sem sjóðirnir selja eru hins vegar með 3.5% vöxtum og til 15—16 ára, sem er styttri lánstími en á obbanum af útlánum sjóðanna."

Þetta er sem sagt þannig núna, að þessir sjóðir verða að taka lán á 3.5% vöxtum til 15 og 16 ára meðan þeir lána þetta fé út aftur sjálfir með 0.5—2% vöxtum til 20—42 ára. Hér er auðvitað um að ræða ótækt fyrirkomulag að mínu mati. Þess vegna er eðlilegt að þetta ákvæði sé sett hér inn, með tilliti til þess vaxtamunar m. a. sem sjóðirnir þurfa nú að búa við.

Ég tel að ljóst sé hvernig raða eigi forgangsverkefnum í húsnæðismálum varðandi húsnæðislán, ef menn hafa meiri peninga til að lána út. Í fyrsta lagi eigi að hækka lánin, það sé atriði númer eitt. Í öðru lagi eigi að lengja lánin, það sé áhersluatriði númer tvö. Og í þriðja lagi eigi að bæta kjörin. Ég held að það sé svo mikið og brýn þörf fyrir húsnæðislán að þessi mál hljóti að vera í þessari röð um þessar mundir, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Í grg. nefndarinnar segir síðan: „Augljóst er að áframhaldandi *mismunur á vöxtum þess fjár sem sjóðirnir fá* að láni og þess fjár sem þeir lána út mun þegar á allra næstu árum grafa undan fjárhagsgetu sjóðanna. Þetta sést glöggt ef skoðuð er skuldabréfasala Byggingarsjóðs ríkisins til lífeyrissjóðanna á yfirstandandi ári, en hún er áætluð 187 millj. kr. Miðað við 50% meðalverðbólgu á ári og að öll upphæðin sé lánuð út á þessu ári, þá myndi sjóðurinn á næstu fimm árum fá inn greiðslur frá lántakendum sem næmu 231 millj. kr., en yrðu hins vegar að *standa í skilum við lífeyrissjóðina með 349.6 millj.* kr. Sú upphæð sem sjóðurinn þarf að greiða er rúmlega 50% hærri en sú sem hann fær inn. Það er því alger forsenda fyrir framtíðarstöðu hinna opinberu byggingarsjóða að þeir þurfi ekki að bera slíkan vaxtamun til frambúðar."

Af þeirri ástæðu, herra forseti, er þetta ákvæði flutt í frv. Og ég tel að það sé í raun og veru engin ástæða til að amast við þessu, enda hafa menn úr þremur stjórnmálaflokkum staðið að því að flytja þetta, og ég veit að þeir *gera það að mjög vel yfirveguðu ráði.*

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. vék ekki í sinni stuttu svarræðu að neinu atriði sem ég ræddi um öðru en breytingu á ákvörðun vaxta á lánum Byggingarsjóðs ríkisins annars vegar og hins vegar á lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Hæstv. ráðh. svaraði athugasemdum mínum með því að lesa upp úr grg. frv. skýringar starfshópsins á einstökum tillögum. Þar er tekið fram um Byggingarsjóð ríkisins að öll skuldabréf sem sjóðurinn selji séu með 3.5% vöxtum og til 15—16 ára, en lánin sem hann veitir til 25 eða 26 ára með 2% vöxtum. Og hæstv. ráðh. sagði að þetta gæti ekki gengið. Ég er honum alveg sammála um það. Þetta getur ekki gengið. Þetta er það sem ég hef lagt áherslu á næstum því í hvert skipti sem ég hef rætt um húsnæðismál á undanförnum árum. Þetta getur ekki gengið. Það er grafið undan Byggingarsjóði ríkisins með þessum hætti. Það sjá allir.

En ráðið hjá hæstv. ráðh. er það að hækka útlánsvextina hjá Byggingarsjóðnum. Þess vegna er fellt niður ákvæði úr lögunum um að vextir skulu vera 2%. Þess vegna er það lagt í hendur ríkisstj. og Seðlabankans. Þetta er leiðin út úr ógöngunum sem hæstv. ráðh. sér og ríkisstj.

Mín leið út úr ógöngunum er allt önnur. Hún hangir saman við það hvers vegna við erum komnir í ógöngur í þessu máli. Samkv. lögum á Byggingarsjóður ríkisins að *fá andvirði 2% launaskatts sem óafturkræft framlag.* Hann þarf ekki að borga vexti af því sem er óafturkræft framlag. Þetta var grundvöllurinn fyrir því að hægt var að ákveða svo lága vexti og ákveðna vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Þetta var grundvöllurinn. Og það var nauðsynlegt að hafa þennan grundvöll til þess að gera Byggingarsjóð ríkisins þannig úr garði að hann gæti verið almennur lánasjóður. En hvað þýðir almennur lánasjóður? *Það er lánasjóður sem lánar svo mikið að hinn almenni* borgari geti komið sér upp þaki yfir höfuðið, og lánar með slíkum kjörum að hægt sé að standa undir því með almennum launatekjum.

Með því að fara þá leið sem þetta frv. leggur til er verið að eyðileggja Byggingarsjóð ríkisins sem almennan lánasjóð. Það er verið að eyðileggja hann. Við skulum gera okkur fullkomna grein fyrir þessu. Þetta var Byggingarsjóður ríkisins. Hinn byggingarsjóðurinn er Byggingarsjóður verkamanna.

Það var svo frá byrjun, frá því að Byggingarsjóður verkamanna var stofnaður árið 1931, að hann var miðaður við þarfir þeirra allra verst settu í þjóðfélaginu. Og með tilliti til þess voru lánakjörin sniðin. Lánin báru miklu, miklu lægri vexti en þekktist á nokkrum öðrum lánamarkaði. Þessi grundvallarstefna hefur ríkt fram til þessa, því á lánum hjá Byggingarsjóði verkamanna eru vextirnir 0.5%. En nú erum við komnir í ógöngur með *Byggingarsjóð verkamanna vegna laganna frá 1980.* Áður var allt fjármagn Byggingarsjóðs verkamanna óafturkræft framlag frá ríki og bæjar- og sveitarfélögum. Þetta skapaði grundvöllinn fyrir þessa starfsemi sjóðsins. En samkv. gildandi lögum er framlag ríkis og sveitarfélaga — takið eftir, samkv. gildandi lögum er það 40%. Það er eitt skemmdarverkið sem unnið var árið 1980. (**Gripið fram í:** Þetta eru öfgar.) Tekið er fram í lögunum að hitt fjármagnið eigi að útvega á hinum frjálsa lánamarkaði *og við vitum hverjir vextirnir* eru þar.

Ég er sammála hæstv. félmrh. um það að þetta getur ekki gengið. Við erum alveg sammála um það. En við erum ekki sammála um lausnina á þessu. Hæstv. ráðh. vill setja vaxtaákvörðunina í hendur ríkisstj. og Seðlabankans til þess að hafa möguleika á að hækka vextina af lánum til byggingar verkamannabústaða. En ég vil snúa af þessum villigötum og fara inn á þá leið sem var mörkuð þegar 1931, þegar stofnað var til byggingar verkamannabústaða, að allt fjármagn verði óafturkræft framlag eins og var í upphafi og eins og var þar til lögin frá 1980 voru sett. Þetta er munurinn. Og þess vegna lagði ég svona mikla áherslu á þetta. Ég vil í lengstu lög trúa því, að þegar hæstv. félmrh. hugleiðir þetta nánar athugi hann hvort ekki sé rétt að fara aðra leið en hann vill fara með því að kasta þessum hagsmunamálum alþýðunnar í landinu í náðarfaðm Seðlabankans.

Ég er sammála hæstv. félmrh. um það sem hann taldi vera höfuðmarkmiðin í þessum efnum. Hann sagði: Númer eitt er að hækka lánin. Ég er honum sammála.

Númer tvö er að lengja lánin. Ég er honum sammála. Og númer þrjú að bæta vaxtakjörin. Ég er honum sammála. En hann bætir ekki vaxtakjörin með því að leggja þau í vald Seðlabankans.

Nú ætla ég, eins og hæstv. félmrh. gerði, að ræða einungis um þetta vaxtaspursmál, ekki fara út í aðra sálma. Hann gaf mér heldur ekki tilefni til þess. Ég veit líka að við erum ekki búnir að ræðast við endanlega um þessi mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 21. fundur.

Fimmtudaginn 16. des., að loknum 20. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 148, n. 185). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar 21. mál, frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögunum. Flm. frv. eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Magnús H. Magnússon og Guðmundur G. Þórarinsson. Það eru m. ö. o. fulltrúar allra flokka sem flytja þetta frv.

Eins og frv. var afgreitt endanlega frá Nd. gerir það ráð fyrir tveimur breytingum fyrst og fremst. Fyrri breytingin, á 3. málsgr. 34. gr. almannatryggingalaganna, er í raun og sannleika samræming vegna ákvæða í barnalögum um framfærsluskyldu til 18 ára aldurs, þ. e. aldursákvæði í 34. gr., sem hér er fjallað um, eru færð í 18 ár.

Annað atriðið sem breytist við gildistöku þessa frv. er varðandi örorkulífeyri. Í frv. stendur með leyfi forseta:

„Ef örorkan er 75% eða meiri skal greiða fullar bætur, og gildir það bæði vegna barna, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra, sem hann framfærir síðar.“

Eins og þetta var, þá var um að ræða bætur eingöngu vegna barna sem í heiminn voru borin þegar slys átti sér stað.

Þetta eru þær tvær meginbreytingar sem þetta frv. tíundar. Það var alger samstaða í n. að sjálfsögðu um að afgreiða frv.

Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 120). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mál það sem ég mæli hér fyrir, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð bænda, er dæmigert framlengingarmál. Hér er ekki um ný réttindi að ræða heldur að þau réttindi sem verið hafa í gildi undanfarin ár séu framlengd í samræmi við framlengingu á réttindum sem fólgin eru í lögum um eftirlaun til aldraðra. En frv. um það mál hefur verið hér til afgreiðslu.

Í samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 30. júní s. l. er gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun verðbótagreiðslna og kostnaðarskiptingar árin 1983—1984 að því er varðar greiðslur samkv. I. kafla laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögunum. Eins og ég sagði hefur frv. verið lagt fram um breytingu á þeim lögum, þar sem auk framlengingar á ákvæðum 21. og 24. gr. um verðtryggingu og kostnaðarskiptingu í samræmi við nefnt samkomulag er gert ráð fyrir hliðstæðri framlengingu á ákvæðum 22. og 25. gr. laganna. Þetta lagafrv. er við það miðað, að framlenging þessara lagaákvæða nái fram að ganga og eigi sér þá stað hliðstæð framlenging á núgildandi verðtryggingarákvæðum laga um Lífeyrissjóð bænda.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, sem þegar hefur hlotið afgreiðslu í hv. Nd., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 126). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það gildir sama um það mál sem nú er á dagskrá og það mál sem var hér seinast á dagskrá, að um er að ræða framlengingarmál sem væntanlega á að geta verið full samstaða um meðal allra flokka. Fyrir réttu einu ári síðan var flutt hér í þinginu frv. um breytingu á lögum um tollskrá, sem gerði ráð fyrir því að fjmrh. verði veitt heimild til að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Ljóst er að að óbreyttum lögum njóta innflutt hús tollfríðinda umfram hús sem byggð eru hér innanlands, vegna þess að tollar eru á ýmsum aðföngum. Að sjálfsögðu er stefnt að því að samræmd endurskoðun tollskrárlaga eigi sér stað og að henni er nú unnið. Ekki er þó gert ráð fyrir að sú endurskoðun leiði til lagabreytinga fyrr en í fyrsta lagi síðar á þessu ári. Það ber því brýna nauðsyn til að tryggja að innlend húsaframleiðsla njóti jafnréttis á við innflutt hús og því verður að leggja sérstakt jöfnunarálag á innfluttu húsin. Innflutningur á

húsum hefur farið mjög vaxandi og væri sannarlega ekki á bætandi ef ekki væri lagt á þetta sérstaka gjald á innfluttu húsin.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., sem fjallar um það að lögin, sem sett voru í fyrra í desembermánuði og eiga að ganga úr gildi í lok þessa mánaðar, séu framlengd um eitt ár, eða til 31. des. 1983.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Fimmtudaginn 16. des., að loknum fundi í Sþ.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 120, n. 170). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um mál þetta. Gerð var ágæt grein fyrir málinu við 1. umr. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, en vil taka fram að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 126, n. 171). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um framlengingu á lögum sem sett voru fyrir ári um gjald af innfluttum húsum til samræmis við gjaldtöku innanlands. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.

Brtt. 193 felld með 15:12 atkv.
1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 131). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Fimmtudaginn 16. des., að loknum 19. fundi.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 120). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 126). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 57, n. 184). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. félmn. um frv. til l. um breyt. á lögum um 40 stunda vinnuviku. Nefndin hefur haft frv. til umfjöllunar, en um er að ræða fylgifrv. með frv. um lengingu orlofs, 55. mál þingsins. Leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr. frestað.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 105, n. 187). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 frá 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, en frv. þetta gengur út á það að hækka sektarheimildir gildandi laga lögreglustjórum og lögreglumönnum til handa í samræmi við þá verðlagsþróun sem verið hefur í landinu síðan á árinu 1980, þegar þessar sektarheimildir voru síðast endurskoðaðar.

Meiri hl. allshn. er sammála um að leggja til við þessa deild að frv. verði samþykkt.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 4. þm. Reykv. tekur til máls. En ég vil aðeins geta þess að ég mun fresta umr. um málið að lokinni hans ræðu eftir sérstakri ósk eins nm., sem hyggst leggja fram sérálit í málinu þó síðar verði.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég stend að meirihlutaáliti því sem formaður allshn. Nd., hv. þm. Jósef Þorgeirsson, hefur nú mælt fyrir, en vil þó í leiðinni gera þá aths. við þetta frv. sem ég hygg að hafi leitt til þess að einn nm., hv. þm. Ólafur Þórðarson, stendur ekki að þessu nál. og hefur að minni hyggju nokkrar ástæður til.

Þannig háttar nefnilega til, að frv. er afar hroðvirknislega unnið af hæstv. ráðh. og starfsmönnum hans í rn. Þeir hafa unnið það þannig, að í grg. er farið með augljósar rangfærslur. Þær eru, að þar er í nokkrum setningum lagt til að fjárhæðir þessar verði hækkaðar vegna verðlagsbreytinga, en ef menn skoða ártöl og þær hækkanir sem um er að ræða sjá menn auðvitað að hækkanirnar eru margfaldar á við verðlagsbreytingar.

Nú er það skoðun sem ber að virða, að sektir í málum eins og þessum eigi að vera háar. Því má svo bæta við, að hér er ekki um að ræða þvingandi sektir. M. ö. o. getur sá sem þolir enn skotið málum til dómstóla. En það breytir ekki hinu, að það verður að gera þær kröfur, bæði til hæstv. ráðh. og starfsmanna hans í rn., að þeir útbúi mál sín þannig, að í fyrsta lagi greini þeir rétt frá í grg., en á því er því miður mikill misbrestur með þessu frv., og að öðru leyti vandi þeir sín verk betur.

Ég hygg að fleiri nm. en mér hafi verið skapi næst að láta fresta þessu máli og athuga það betur, en kerfið þarf að ganga sinn gang. Því eru þessi orð sögð að það sé skráð í þingtíðindi eins og Viktoría drottning sagði á sínum tíma: We are not amused.

Umr. frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 141, n. 182, 181, 189). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 189. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Eins og hv. alþm. vita fjallar þetta frv. um álagningu fasteignaskatta og innheimtu og er stjfrv. Meginefni þessa frv., eins og kemur fram í 4. gr. þess, þ. e. ákvæði til bráðabirgða, er að gerð er tilraun til að lækka tekjustofna ákveðinna sveitarfélaga að því er varðar fasteignaskatt, þ. e. á íbúðarhúsnæði í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi, og miðað við 92.7% fasteignamat þessara eigna.

Nefndin fjallaði um frv. á nokkrum fundum sínum og kallaði á sinn fund fulltrúa sveitarfélaga, m. a. stjórnarmenn úr Sambandi ísl. sveitarfélaga, fulltrúa Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Hafnarfjarðarbæjar, ennfremur forstöðumann Fasteignamats ríkisins og fulltrúa ríkisskattstjóra.

Á þessum fundum komu fram frá öllum aðilum einróma mótmæli gegn þessu frv., sérstaklega 4. gr. þess, mótmæli þar sem mótmælt er afskiptum ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélaga, og voru færð ýmis rök fyrir því, sem komu fram bæði í viðtölum aðila við n. og ennfremur í skriflegum greinargerðum sem lagðar voru fram á fundum nefndarinnar frá þessum aðilum.

Ég tel ástæðu til að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um málið:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leggur áherslu á að ákvæði 4. gr. frv. um álagningu fasteignagjalda 1983 í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu verði felld úr frv. Stjórnin lítur svo á, að nýting tekjustofna þeirra sem sveitarfélögum eru ætlaðir í lögum nr. 73/1980 sé alfarið á ábyrgð kjörinna sveitarstjórnarmanna. Þess vegna hlýtur það að skoðast sem alvarleg aðför að sjálfstæði sveitarfélaga þegar ríkisstj., þrátt fyrir gefin fyrirheit í stefnuyfirlýsingu um aukið sjálfstæði sveitarfélaga, leggur fram frv. til l. um skerðingu á grundvelli álagningar samkv. fyrrgreindum lögum.

Þá lýsir stjórnin sig andvíga frekari undanþágum um greiðslu fasteignagjalda samkv. 2. gr. frv., sbr. fyrri samþykktir Sambands ísl. sveitarfélaga þar að lútandi. Stjórn sambandsins mælir hins vegar með samþykkt ákvæða í 1. og 3. gr. frv.“

Í svipuðum dúr eru skrifleg mótmæli frá öðrum sveitarfélögum sem hér um ræðir. Sé ég ekki ástæðu til að fara að vitna í það álit sérstaklega hér. Það kom berlega fram í þessum viðtölum við n. að öll þessi sveitarfélög hafa ákveðið, sum löngu áður en þetta frv. kom fram, að lækka álagningu fasteignaskatta í viðkomandi sveitarfélögum og er sú lækkun í flestum tilfellum talsvert meiri að vöxtum en bráðabirgðaákvæði 4. gr. frv. gerir ráð fyrir. Og mér þykir ástæða til að vekja einnig athygli á því, að samkv. tekjustofnalögum að því er varðar fasteignaskatta hafa sveitarfélögin heimild til 25% álags, sem þau hefðu eftir sem áður heimild til að nota ef þetta ákvæði yrði sett í lög.

Félmn. Nd. varð sammála um að fasteignagjöld væru, eins og allir vita, alfarið tekjustofn sveitarfélaga og álagning þeirra væri alfarið á ábyrgð kjörinna sveitarstjórnarmanna og þess vegna væru afskipti ríkisvaldsins af þessum tekjustofnum umfram það sem lög heimila algerlega andstæð yfirlýstri stefnu, bæði stjórnvalda og stjórnmálaflokka yfirleitt hér á landi, sem eru sammála um að auka þurfi sjálfstæði sveitarfélaga. Þegar talað er um sjálfstæði sveitarfélaga er náttúrlega fjárhagslegt sjálfstæði þeirra þýðingarmest.

Nefndin varð sammála um að leggja fram brtt. við frv. og hún er hér lögð fram á þskj. 181. l. brtt. er við 3. gr., en 3. gr. er í raun og veru samræmingaratriði varðandi innheimtu skattalaga. Í samráði við ríkisskattstjóra eða fulltrúa hans þótti eðlilegt að nota tækifærið til þessarar samræmingar. Við 3. gr. er því þessi brtt.:

„Greinin orðist svo:

1. mgr. 43. gr. tekjustofnalaganna orðist þannig:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga samkv. 4. mgr. 4.

gr. og 3.—5. mgr. 29. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta samkv. 6. mgr. 29. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.“

Þessi breyting er nákvæmlega shlj. ákvæðum í skattalögum og þykir eðlilegt að þarna sé fullt samræmi á. — Til viðbótar þessu kemur svo greinin eins og hún er í frv.: „Heimilt er í lok hvers árs að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól skuldar.“

2. brtt. n. er sú, að 4. gr. eins og hún er í frv. verði felld niður.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til, nema sérstök tilefni gefist, að fara fleiri orðum um þetta. Ég vil endurtaka þá skoðun að sveitarfélögin eiga að hafa þennan ákvörðunarrétt ein sér. Ef þau misnota þessa tekjustofna sína er ljóst að sveitarstjórn sem slíkt gerir missir traust sinna kjósenda og hefur þá ekki möguleika til að stjórna viðkomandi sveitarfélagi.

Ég vil aðeins geta þess hér, vegna þess að ég hef orðið var við að það er nokkur misskilningur ríkjandi í sambandi við fasteignaskatta, að ef menn lesa 5. gr. tekjustofnalaganna, þar sem eru ákveðnar undanþágur í sambandi við greiðslu eða álagningu fasteignaskatta, má sjá að Alþingi samþykkti 30. apríl 1982 á s. l. vori að skýra þetta ákvæði enn frekar að því er varðar lífeyrisþega. Eins og hv. alþm. vita eru þessi lög þannig eftir meðferð Alþingis s. l. vor, að 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

„Skylt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.“

Þarna eru skýr ákvæði í lögum sem gera að verkum að sveitarstjórn getur ekki misnotað sér þetta ákvæði 5. gr. Þannig á að vera fengin viss trygging fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.

Herra forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir áliti félmn. Félmn.-menn skrifa allir undir þetta álit, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Mál það sem hér er til umr. er frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga o. s. frv.

Ég get haft þessi orð fá. Það kom skýrt fram í ræðu frsm. að öll meginatriði í sambandi við frv. og afstöðu nefndar eru á þskj. 182. Í áliti n. segir:

„Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.“

Þennan rétt notfæri ég mér sem nm. Ég legg að vísu ekki til að 4. gr. standi óbreytt eins og hún er í frv., heldur reyni ég að einfalda og lækka jafnframt innheimtuna og það er, eins og hv. þdm. sjá, niðurlagið á till. minni: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, er óheimilt að hækka fasteignaskatta milli áranna 1982 og 1983 um meira en 65%.“ Það er farin þar ákveðin millileið.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta kom ákaflega skýrt fram í ræðu frsm. og viðbótartill. mín er ákaflega einföld.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er alveg laukrétt hjá 1. þm. Vesturl., að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga er ráð fyrir því gert að felld skuli niður fasteignagjöld af íbúðarhúsnæði sem er í eigu tekjulágs fólks sem nýtur elli- og örorkulífeyris. Mjög sambærileg ákvæði eru einnig í lögum um tekju- og eignarskatt. Þar er gert ráð fyrir mjög ríkri skyldu skattayfirvalda til að fella niður tekjuskatta á mönnum sem hafa orðið fyrir mikilli tekjurýrnun, t. d. vegna sjúkdóma, vegna aldurs eða vegna þess að þeir hafa stundað störf, eins og t. d. sjómennsku, þar sem miklar sveiflur geta orðið í tekjum. Hængurinn á þessu máli er því miður sá, að fæst fólk veit af þessum rétti og þó svo að rétturinn sé skapaður þarf fólkið að hafa fyrir því að sækja um þessa niðurfellingu. Mér er kunnugt um það, eins og fjölmörgum öðrum alþm., að þó að þessi réttur hafi verið veittur hefur mikill þorri þess fólks sem þarf á réttindunum að halda ekki hugmynd um að sá réttur sé til. Það er líka stór hópur fólks, þá ekki síst aldraða fólkið, sem lítur á það sem nokkurs konar sveitarstyrk að þurfa að sækja um það til hins opinbera að fella niður skatta og skyldur sem á það kunna að vera lagðir.

Ég man eftir, þegar ég var sem ungur skóladrengur í vinnu á bæjarskrifstofunum á Ísafirði, gömlum verkamanni sem hafði verið sjúkur upp undir heilt ár og litlar sem engar tekjur borið úr býtum, en hafði haft allnokkrar tekjur árið á undan. Þegar að því kom að leggja á þennan mann skatta var tekin sú ákvörðun í framtalsnefnd Ísafjarðarkaupstaðar að fella niður skattgjöldin á manninum. Þetta var mikið mál, því að gamli maðurinn leit á þetta þeim augum að það væri verið að taka sig á framfæri hins opinbera, það væri verið að setja sig á sveitarstyrk. Í stað þess að vera ánægður með þessa lausn mála var gamli maðurinn djúpt særður. Mér er það í fersku minni þegar bæjarstjóri Ísafjarðarkaupstaðar kom til hans að reyna að útskýra þetta fyrir honum, en þá svaraði gamli maðurinn — hann átti 16 ára gamlan son sem hafði unnið með skólanámi: „Þið gátuð þá a. m. k. lagt á drenginn.“

Þetta sjónarmið, þó ótrúlegt sé, er enn þá uppi meðal margs eldra fólks í okkar samfélagi. Það er ekki vant að hliðra sér hjá þeim greiðslum sem það heldur sig eiga að greiða og telur sér skylt að inna þær af hendi. Þess vegna er því þannig varið, að þó svo þetta fólk eigi rétt vegna lágra tekna til að sleppa við ýmis gjöld til hins opinbera, ef það sækir um, veit það í fyrsta lagi oft ekki um sinn rétt og í öðru lagi hikar það við að sækja um slíka niðurfellingu vegna þess að það hefur á tilfinningunni að með því sé það óbeint að segja sig til sveitar. Þess vegna er miklu eðlilegra, í staðinn fyrir að setja lög um slíkar réttindaveitingar, að gera einfaldlega breytingar á lögum um að fólk, sem býr við þannig aðstæður, sé alfarið undanþegið umræddum gjöldum og að gjaldtakan sé því ekki undir neinum kringumstæðum ofviða.

Nú hefur þróunin á umliðnum árum orðið sú í skattlagningu af almennu íbúðarhúsnæði, hvort heldur sem um eignarskatta eða fasteignagjöld hefur verið að ræða, að þessi skattstofn hefur alltaf verið meira og meira nýttur og eignarskattar og fasteignagjöld af ósköp venjulegu íbúðarhúsnæði hafa farið ört vaxandi. Margt af eldra fólki, sem hefur ekki háar tekjur, býr í nokkuð stóru húsnæði og hefur af því mikil útgjöld, en vill af ýmsum ástæðum ekki skipta um húsnæði og flytja sig inn í minna m. a. af þeim sökum að margt af eldra fólki hefur

e. t. v. misst maka sinn, situr með vilja og vitund barna sinna í óskiptu búi og færi það að flytja sig í aðra vistarveru en það hefur búið í mestalla sína ævi fylgir því margs konar óhagræði. Margt af þessu fólki á ákaflega erfitt með að greiða háa fasteignaskatta og háa eignarskatta, vegna þess að það nýtur lítilla tekna. Hækkun eignarskatta á almennu íbúðarhúsnæði og fasteignaskatta hefur því orðið þessu fólki mjög þung í skauti. Þróunin í þessa átt hefur verið ákaflega ör, eins og t. d. kemur fram á því, að á yfirstandandi ári er áætlað að eignarskattar einstaklinga hafi hækkað um rúmlega 69% á sama tíma og laun í landinu hafa ekki hækkað nema um eða innan við 50%, þannig að skattlagningin á hið almenna íbúðarhúsnæði fólks í þessu landi hefur stóraukist á stuttum tíma. Sama þróun hefur átt sér stað varðandi fasteignagjöldin, enda er niðurstaðan orðin sú, að t. d. borgarstjórnin í Reykjavík hefur ákveðið að snúa þarna við og lækka mjög fasteignaskattheimtuna frá því sem borgarstjórn hefur heimildir til.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að reyna a. m. k. að byrja á því að snúa eitthvað við þessari þróun gagnvart almennu íbúðarhúsnæði og skattlagningu á því. Við Albert Guðmundsson hv. þm. flytjum því á þskj. 196 brtt. við frv. það sem hér er á dagskrá. Við leggjum til að 4. gr. orðist, eins og í brtt. segir, á þann veg, að á eftir ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga komi nýtt bráðabirgðaákvæði, er verði nr. V, er hljóði svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73 frá 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal á árinu 1983 óheimilt að hækka álagningu fasteignagjalds og eignarskatts á íbúðarhúsnæði um meira en sem nemur 42% af álagningu árið 1982."

Nú er áætlað að tekjur á milli þessara ára aukist, eins og ég sagði áðan, um 48—50%, þannig að yrði þessi till. samþykkt yrðu hækkanir á fasteignagjaldi og eignarskatti á almennu íbúðarhúsnæði nokkru minni en nemur þeirri tekjuhækkun sem átt hefur sér stað. En þær yrðu þó ekki nema innan við helmingurinn af þeirri hækkun sem átt hefur sér stað á fasteignagjöldum og eignarsköttum miðað við launaþróun á yfirstandandi ári, þannig að þrátt fyrir þetta yrði fólk ekki eins sett gagnvart fasteignagjöldum og eignarsköttum og það var fyrir tveimur árum. Þó svo að þessi till. frá okkur hv. þm. Albert Guðmundssyni yrði samþykkt mundi fólk samt sem áður ekki hafa öðlast jafnstöðu í fasteignagjöldum og eignarskattsálagningu eins og um var að ræða fyrir tveimur árum.

Í fjárlagafrv. er hins vegar áætlað, miðað við að á næsta ári hækki laun ekki nema um 34%, að eignarskattar hækki um 60%. M. ö. o. er þar gert ráð fyrir að eignarskattar hækki næstum því tvöfalt meira en nemur áætlaðri launaþróun eins og henni er spáð í fjárlagafrv. og eins og fjárlagafrv. er grundvallað á. Þetta er auðvitað gersamlega út í hött og má nú fyrr rota en dauðrota þegar menn gera ráð fyrir því í fjárlagafrv. að eignarskattsálagning á amennt íbúðarhúsnæði nærri því tvöfaldist, hækki næstum því um tvöfalda áætlaða launaþróun á árinu. Ég leyfi mér að vara mjög við þessari stefnu vegna þess að þeir sem þessa skatta borga eru fyrst og fremst almennir launþegar fyrir ósköp venjulegt íbúðarhúsnæði, sem þetta fólk, a. m. k. hin síðari ár, á í ærnum erfiðleikum með að koma sér upp þó að ekki bætist ofan á það sú viðleitni ríkisvaldsins og annarra opinberra aðila að stórauka með ári hverju skattheimtuna á venjulegu íbúðarhúsnæði langt umfram það sem kaupið hjá þessu fólki hækkar á sama tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 22. fundur.

Föstudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 148). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 213).

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 164, n. 198, 199). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, þá fjölluðu báðar heilbr.- og trn. um þetta mál á sameiginlegum fundi á síðari stigum umfjöllunar í Nd. Eins og jafnframt hefur komið fram, þá ríkir eining, a. m. k. að miklu leyti, um þetta mál og hefur gert það í umfjöllun þess, bæði utan þings og innan má segja. Þegar ég segi utan þings, þá á ég við tildrög að samningu þessa frv. og gerð þess.

Eins og fram hefur komið, þá flutti n. í Nd. allmargar brtt. við frv. sem samþykktar voru. Þessar brtt. grundvallast ekki síst á umsögnum sem bárust um málið til n. Í nál. er dregið saman í örstuttu máli hverjar þær aths. voru sem bárust fyrst og fremst. Ég vil leyfa mér að lesa upp það sem stendur í nál. frá heilbr.- og trn. Nd., en ég ítreka það að þegar þær brtt. voru til umfjöllunar sat Ed.-nefndin á fundi með Nd.-nefndinni.

Þessar aths. samandregnar í 8 liðum eru eftirfarandi í meginatriðum:

1. Réttmæti þess að setja sérlög um málefni aldraðra. Lagaákvæði um þessi málefni eigi heima í heildarlögum um félagslega þjónustu. Ég vil geta þess í leiðinni að um þetta urðu allnokkrar umr. í nefnd Ed.

2. Nauðsyn þess að setja á fót sérstaka deild innan heilbr.- og trmrn. til að sinna öldrunarmálum. Ég vil taka það fram að þarna varð breyting á með tilliti til brtt. sem samþykktar voru í Nd., þ. e. það er ekki gert ráð fyrir sérstakri deild, heldur aðeins deildarstjóra.

3. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, fjölda nm., tilnefningu og verkefni.

4. Ekki sé nægilega tryggt í frv. að samstarf stjórna heilsugæslustöðva og félagsmálaráða verði virkt, sbr. 5. og 16. gr.

5. Að svæðisskipulag öldrunarmála taki á engan hátt mið af sérstöðu Reykjavíkurborgar.

6. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þar var gerð breyting á, svo að eitthvað sé nefnt. Það er gert ráð fyrir því, eins og frv. hefur verið afgreitt frá Nd., að samstarfsnefndin sjái um og hafi á hendi stjórn Framkvæmdasjóðs.

7. Að ekki sé nægilega tryggt í frv. framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þarna hefur orðið breyting á því að samkv. brtt. á það framlag að vera tryggt.

8. Stjórnun dvalarstofnana fyrir aldraða.

Í þessu sambandi vil ég álykta, ekki síst á grundvelli þess samkomulags sem orðið hefur um frv. alveg til lokaafgreiðslu þess nú, að umfjöllun hafi verið allnokkur í þingflokkum um málið, fyrir það fyrsta er málið var rækilega kynnt og jafnframt á síðari stigum umfjöllunar eftir að brtt. komu fram. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara út í þau atriði í einu eða neinu. Þar er ekki um að ræða neinar grundvallarbreytingar eins og fram hefur komið.

Það urðu umr. um málið í n. Ed., ekki síst með tilliti til samstarfs ríkis og sveitarfélaga, sbr. ýmsa þætti í þessu frv. Ég fer ekki út í það nánar.

Eins og hv. alþm. hafa veitt athygli, þá er gert ráð fyrir því eins og frv. er afgreitt frá Nd., og það er tekið fram í ákvæði til bráðabirgða, að lög þessi skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku. Það er ekki tekinn fram einskorðaður gildistími. Við leggjum til — og segja má að það hafi orðið til samkomulags með tilliti til örlítið mismunandi viðhorfa til ýmissa þátta í frv. að ítreka það — að lögin verði endurskoðuð eða ný löggjöf undirbúin innan fimm ára.

Á þskj. 199 er brtt. þar sem gert er ráð fyrir að 28. gr. orðist svo:

„Lög þessi gilda frá 1. jan. 1983 til 31. des. 1987.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra, nr. 28/1973, og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra, nr. 49 frá 1981, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 93 frá 1981."

Jafnframt er gert ráð fyrir að 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða falli brott. Það er augljóst að þegar tiltekinn er ákveðinn gildistími, þá leiði það af sér viðbrögð í átt við þau sem getið er um í ákvæði til bráðabirgða, 2. tölul.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um þetta frekar. Ég vil þó geta þess, að enda þótt nefndirnar störfuðu saman á síðari stigum umfjöllunar málsins, þá verður það að segjast eins og er að tíminn var heldur naumur til að fjalla um málið eins og vert hefði verið. Hins vegar voru allir nm. sammála um það að bregða í engu fæti fyrir þetta frv. Það er ár aldraðra og ég hygg að fleiri en færri hafi viljað leggja sitt af mörkum til að þetta frv. yrði að lögum á því herrans ári.

Eins og fram kemur í nál. rita Lárus Jónsson og Salome Þorkelsdóttir undir nál. með fyrirvara.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Vesturl., sem mælti fyrir nál., þá var stuttur tími til að fjalla um þetta frv. í heilbr.- og trn. Ed. Að vísu höfðum við setið tvo fundi með Nd., en engu að síður hefði verið æskilegt að lengri tími hefði gefist til þess að fara betur ofan í þetta frv.

Við hv. 3. þm. Norðurl. e. og ég höfum skrifað undir nál. með fyrirvara. Það er fyrst og fremst vegna þess að við erum andvíg þeirri meginstefnu, sem kemur fram í frv., að það er eiginlega horfið til baka með það samkrull ríkis og sveitarfélaga sem allir flokkar, ráðherrar og þm. tala um að þurfi að lagfæra, gera hreinni skil á milli ríkis og sveitarfélaga. Það virðist vera alveg þveröfugt farið að í þessu frv. þar sem nú er horfið til baka og aftur á t. d. heimilisþjónustan að vera þarna í samkrulli og greidd af báðum aðilum. Það er fyrst og fremst með þetta í huga, sem við hefðum óskað eftir að skoða betur, að við gerum fyrirvara á nál. Vegna málstaðarins vildum við þó ekki tefja málið frekar og vorum því sammála að það fengi afgreiðslu núna á þinginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
17.—23. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 199,1 (ný 28. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 199,2 (ákv. til brb. II falli niður) samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Forseti (Helgi Seljan): Varðandi fundahöld í dag vil ég taka það fram, að núna hefur verið óskað eftir því að þingfundahlé yrði til kl. 3.30 vegna þingflokkafunda. Að þeim þingflokkafundum loknum mun fundi fram haldið hér í deild, en síðan boðað til nýs fundar, þar sem ég reikna með að á dagskrá verði: 1. Málefni aldraðra, 3. umr. um það mál, 2. Lífeyrissjóður bænda, 2. umr. um það mál, og 3. Tollskrá o. fl., 2. umr. um það mál einnig, en þau mál lágu hér fyrir til 1. umr. í gærkvöld og nál. mun vera á leiðinni í báðum þessum málum. Að öðru leyti munum við svo taka fyrir þau mál sem koma frá Nd. einnig, ef þau verða þá einhver komin, en síðan hljótum við að fara nokkuð eftir því með framhald funda í dag, hvernig störfum miðar áfram í Nd. varðandi þau mál, sem þar eru og eiga eftir afgreiðslu hér í þessari hv. deild, þ. e. allar umr. í þessari hv. deild.

Efri deild, 23. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum 22. fundi.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 212 (sbr. 164)). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 120, n. 208). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Hér er um að ræða framlengingu á verðtryggingarákvæðum um greiðslu verðtryggðs lífeyris til bænda og er í samræmi við frv. sem hefur verið flutt hér áður, frv. til l. um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra.

Mál þetta er Nd.-mál og þar var það samþykkt ágreiningslaust í n. Í fjh.- og viðskn. Ed. er málið einnig án ágreinings og segir í nál. að n. hafi fjallað um frv. og leggi til að það verði samþykkt. Undir það rita Ólafur Ragnar Grímsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson, Lárus Jónsson og Gunnar Thoroddsen.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 126, n. 209). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breytingu á lögum um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum. Hér er um að ræða frv., sem er framlenging á lögum nr. 83 frá 1981, þar sem fjmrh. var veitt heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum.

Í frv. þessu felst að gildistími laganna er framlengdur frá 31. des. 1982 til 31. des. 1983. Í nál. segir: „Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt.“ Undir nál. rita Ólafur Ragnar Grímsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Bjarnason, Lárus Jónsson, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Gunnar Thoroddsen.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 24. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum 23. fundi.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 120). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 216).

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 126). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 217).

Neðri deild, 21. fundur.

Föstudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 66, n. 179 og 195). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyting á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku. Frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og var samþ. þar.

Iðnn. hefur rætt frv. á fundum sínum og fengið þá Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra og Aðalstein Guðjohnsen rafveitustjóra á fund n. til að gefa upplýsingar og umsögn.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var samþ. í Ed. Tveir minni hlutar munu skila séráliti. Reyndar hefur ekki komið fram álit nema frá öðrum minni hl.

Með setningu þessara laga 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds. Lögin voru sett til eins árs í senn og hafa verið framlengd árlega nánast óbreytt síðan. Meiri hl. nm. telur að enn skorti nokkuð á um að ráðin hafi verið bót á fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en í því augnamiði voru þessi lög sett. Við teljum því að enn sé þörf á því að framlengja þessi lög til ársloka 1983 og leggjum til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hv. 4. þm. Vesturl. varð iðnn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Hér er á ferðinni gamall kunningi — frv., sem birtist á borðum okkar þm. á hverju hausti og er afgreitt undir jól, um að framlengja verðjöfnunargjald af raf-

orku, sem nú er 19%.

Við sem skipum 1. minni hl. iðnn., ég og hv. 2. landsk. þm. Jósef H. Þorgeirsson, höfum lýst okkur andvíga verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið lagt á. Við teljum að skattheimta af raforku sé orðin meiri en góðu hófu gegnir. Bæði er lagt á 19% verðjöfnunargjald og söluskattur. Slík skattheimta af raforku er meiri hér á landi en nokkurs staðar annars staðar þekkist.

Þetta kemur ekki síst við íslenskan iðnað, sem ég held að menn verði mjög að hafa í huga í þessu sambandi. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi skattlagning skerðir samkeppnisaðstöðu íslenskra iðnaðarfyrirtækja gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, sem ég ætla ekki að tíunda rækilega hér. Ég hef gert það áður þegar þetta gjald hefur verið til umr. En ég bendi á að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi nú sem endranær.

Gjald þetta hefur verið framlengt frá ári til árs, og í hvert sinn sem gjaldið hefur verið framlengt hafa því fylgt yfirlýsingar um að leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á annan hátt, en lítið orðið úr framkvæmdum. Nú hefur að mörgu leyti þróast í betri átt fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Sú mikla olíukeyrsla, sem Rafmagnsveitur ríkisins þurftu að leggja í til framleiðslu á rafmagni, hefur næstum horfið, þar sem búið er nú að leggja línukerfi um land allt. Mjög hefur því breyst til batnaðar um fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. að þessu leyti. Þá má benda á að með samningi Landsvirkjunar og ríkisstj. um yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínukerfinu, þar sem tryggt er að raforkuverð verði hið sama á öllum afhendingarstöðum stofnlínukerfisins um land allt, er að sjálfsögðu stigið mjög mikilvægt spor í þá átt að jafna raforkuverð á landinu.

Við erum mjög óánægðir með að fjárhagsmál Rafmagnsveitna ríkisins hafa verið látin reka á reiðanum. Árin 1979 og 1980 gerðu Rafmagnsveitur ríkisins tillögur um lausn á fjárhagsvanda fyrirtækisins. Þær tillögur voru tvíþættar: Annars vegar yrðu óarðbærar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði beint, þ. e. þær framkvæmdir sem teljast til félagslegra framkvæmda, en allir eru sammála um að leggja eigi rafmagn um hinar dreifðu byggðir landsins. Það er hins vegar ljóst að margar þessar framkvæmdir skila ekki arði og því óeðlilegt að leggja þær af fullum þunga á rekstur fyrirtækisins. Hins vegar var till. um að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hækkaði í samræmi við verðlag. Á fjárlögum áranna 1979 og 1980 og 1981 lagði ríkissjóður ríflega til óarðbærra framkvæmda RARIK. Hins vegar vantar verulega upp á samkv. fjárlögum ársins 1982 og samkv. því fjárlagafrv. sem nú er verið að afgreiða fyrir árið 1983. Það er sem sagt aftur horfið til gamla fyrirkomulagsins að láta Rafmagnsveitur ríkisins sjálfar bera uppi hinar óarðbæru framkvæmdir og leggja þær með fullum þunga á rekstur inn.

Árin 1980 og 1981 var mjög haldið í við Rafmagnsveitur ríkisins varðandi hækkun á gjaldskrá og reyndar allar aðrar rafveitur, þannig að mikill halli myndaðist af þeim sökum. Það hefur hins vegar verið bætt úr því á þessu ári, sérstaklega síðari hluta ársins. Þó er enn óleystur sá halli sem verið hefur á fyrirtækinu undanfarin ár. Rekstrarhallinn 1981 varð 24 millj. kr. og áætlaður halli 1982 er 41.4 millj. kr. Mikill hluti af þessum halla er vegna vaxtabyrði lána, sem fyrirtækið hefur þurft að taka.

Af þessu má sjá að því fer fjarri að gerð hafi verið gangskör að því að leysa fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins. Raunar hafa þeir tilburðir sem uppi voru hafðir um það fyrir 1—2 árum runnið út í sandinn og svo virðist sem hæstv. ríkisstj. hafi gefist upp fyrir þessum vanda, eins og ýmsum öðrum vanda sem að okkur steðjar, og velti honum til framtíðarinnar á þessu sviði eins og öðrum.

Það er enginn vafi á að með því að bæta fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins á þann hátt sem stjórn RARIK gerði tillögur um á sínum tíma mætti tryggja eðlilega jöfnun á raforkuverði um land allt og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins. Það hefur enn ekki verið gerð gangskör að því að leysa þennan vanda þrátt fyrir yfirlýsingar þar um. Þar sem hins vegar er ljóst að verðjöfnunargjaldið er mikill þáttur í tekjum Rafmagnsveitna ríkisins og reyndar Orkubús Vestfjarða og lagaheimildir vegna núverandi verðjöfnunargjalds renna út eftir örfáa daga viljum við ekki stefna fjárhag þessara fyrirtækja í hættu. Við sitjum þess vegna hjá við afgreiðslu þessa máls.

Við vildum hins vegar með sérstöku nál. vekja athygli á þessu máli — vekja athygli á að þessi vandi er óleystur og því miður eru ekki uppi nægilegir tilburðir enn til að leysa hann. Þessum vanda er velt áfram til framtíðarinnar og greinilega ætlað öðrum að fjalla um hann.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 141, n. 182, 181, 189, 196). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 181,1 (ný 3. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
— 196,1 felld með 28:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, VG, AG, ÁG, JS, JBH, KP.

nei: PJ, PS, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, JÞ, SigurlB, ÓE, ÓÞÞ, PP, SvH.

HBl greiddi ekki atkv.
4 þm. (GeirH, HÓ, MHM, MÁM) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í 4. gr. frv., sem hér er fjallað um, er getið um Reykjavík og nokkur sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur. Þar sem í þessum sveitarfélögum sitja nú sveitarstjórnir sem ég ber fullt traust til og veit að munu ekki misnota ákvæði þessara laga segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að benda á að aths. hv. 1. landsk. þm. er á grundvallarmisskilningi byggð. Hér er ekki greitt atkv. um 4. gr. í frv. ríkisstj., heldur brtt. frá okkur hv. þm. Albert Guðmundssyni, sem gerir ráð fyrir að eignarskattar og fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði hækki ekki nema um 42% á milli ára. Er því síður en svo aðeins átt við sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur og Reykjavíkurborg, heldur öll sveitarfélög á Íslandi og einnig ríkissjóð sjálfan. Ég segi já.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég er sammála því grundvallarsjónarmiði sem fram kemur í nál. félmn., þ. e. að álagning fasteignagjalda eigi alfarið að vera á ábyrgð kjörinna sveitarstjórnarmanna og afskipti ríkisvaldsins af þessum tekjustofni umfram það sem lög heimila gangi gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda um sjálfstæði sveitarfélaga. Ég treysti fullkomlega þeim sveitarstjórnum, sem hér eiga hlut að máli, að misbeita ekki því valdi sem hér um ræðir. Þess vegna er ég andvígur þeim þætti þessarar brtt. sem lýtur að fasteignaskatti sem sveitarfélög leggja á.

Að því er snertir eignarskatt til ríkisins tel ég að hann eigi að lækka og skattstofn eigi að lækka, en ég bendi á í þessu sambandi að hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram frv. um það atriði, sem er til meðferðar hér í þinginu og kemur til atkvgr. síðar. Þess vegna segi ég nei við þessari brtt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Með tilvísun til ummæla hv. 6. þm. Reykv. og með því að benda á að ríkisstj. hlýtur að hafa í huga að flytja sams konar frv. og er að finna á þskj. 173, um notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts, varðandi þinglýsingargjöld, sem jafnframt miðast við fasteignamat, vil ég lýsa því yfir að ég styð slík frumvörp þar sem það á við, en segi nei við þessari brtt.

Brtt. 189 felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, RA, SkA, SvG, ÁG, GJG, GHelg, HG.

nei: JE, JÞ ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SV, StH, SteinG, ÞS, AS, BÍG, EH, FrS, GS, HÓ, HÁ, IGuðn, IGísl.

JS, JBH, SigurlB, PS, SighB, VG, AG, FÞ, HBl, SvH greiddu ekki atkv.

3 þm. (MHM, MÁM, GeirH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og fram hefur verið tekið hér er hlutverk okkar alþm. fyrst og fremst að leggja á borgara landsins skatta og skyldur fyrir ríkissjóð. Það er ekki samræmi í því að fella fyrst till., sem við hér leggjum til, um að lækkaðir séu eignarskattar á íbúðarhúsnæði á almenningi og flytja síðan till. um að skylda sveitarfélögin til að gera það sem alþm. treysta sér ekki sjálfir til að gera gagnvart ríkissjóði. Þetta er auðvitað gersamlega út í hött og ég greiði ekki atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er rangt, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hélt fram, að það sé meiningin að mismuna ríki og sveitarfélögum. Fyrir liggur till. frá ríkisstj. um að ríkið takmarki einnig sína skattheimtu við þau 65% sem hér er gerð till. um. Hér er uppi till. um að jafna álögur á þéttbýlisbúa og landsbyggðina þannig að íbúar þéttbýlisins beri ekki hærri skatta en aðrir að þessu leyti. Ég segi já við till.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í raun þarf ekki annað en vísa til grg. okkar sjálfstæðismanna varðandi þá brtt. sem síðast var til umr. Hér er um að ræða það grundvallaratriði að sveitarstjórnir hafi rétt samkv. lögum til að leggja á þann stofn sem þær eiga að leggja á samkv. lögum. Mér er auðvitað ljóst að hæstv. félmrh. reynir með þessari till. hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar að fela það aðgerðaleysi sem hefur verið annars vegar í lóðaúthlutunum hér í Reykjavík á undanförnum fjórum árum og hins vegar vegna of lélegra lánaskilyrða í gegnum Húsnæðismálastofnunina. Slíkt er aðeins kattarþvottur sem ber að vísa á bug. Ég segi nei.

Brtt. 181,2 (4. gr. falli niður) samþ. með 25:6 atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 196,2 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 56, n. 176 og 201, 68, 177, 190, 191). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. félmn. Nd. um frv. til l. um breyt. á lögum um orlof. Eins og fram kemur í grg. frv. er það flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. frá 21. ágúst 1982 um aðgerðir í efnahagsmálum.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. hefur n. fjallað um málið á níu fundum og fengið fjölda umsagna um málið. Eins og raunar við mátti búast mæla samtök launþega með samþykkt frv., en samtök atvinnurekenda gegn því.

Vinnuveitendasamband Íslands sendi mjög ítarlega umsögn um málið, þar sem mjög harðlega er varað við áformum um breytingar á reglum um orlof. Metur VSÍ að áhrif þessa frv. svo og frv. um breytingu á 40 stunda vinnuviku, sem fjallar um að fyrsti mánudagur í ágúst skuli vera frídagur, þýði 2.18% samdrátt heildarvinnutímans, sem að mati VSÍ mundi leiða til nálega 1.5% minnkunar þjóðartekna á mann frá því sem ella mundi verða. Telur VSÍ að ákvörðun Alþingis um lengingu orlofs jafngildi því í raun 1.5% kjaraskerðingu.

Félmn. fékk álit Þjóðhagsstofnunar á þessari umsögn VSÍ, en í áliti Þjóðhagsstofnunar kemur fram að Þjóðhagsstofnun telur að orlofslengingin hafi ekki marktæk áhrif á breytingu á þjóðarframleiðslu og álit VSÍ um minnkun þjóðartekna vegna lengingar orlofs sé hæpið.

VSÍ benti einnig á mikinn kostnaðarauka fyrirtækjanna samfara orlofslengingu. Því verður vitaskuld ekki mótmælt að fjölgun frídaga eykur launakostnað fyrirtækja, en VSÍ hefur sérstaklega bent á Flugleiðir í því sambandi. Félmn. taldi fulla ástæðu til að koma til móts við atvinnugrein eins og t. d. flugsamgöngur, þar sem þungi starfseminnar hvílir á sumarmánuðunum, þegar orlof er almennt tekið, og kemur það fram í brtt. sem meiri hl. félmn. flytur á sérstöku þskj.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að orlof skuli veitt í einu lagi á tímabilinu 2. maí til 15. sept. Ákvæði þetta getur komið nokkuð illa við atvinnurekstur þar sem þungi starfseminnar er mestur yfir sumarmánuðina, eins og áður er getið. Má t. d. benda á flugsamgöngur, en Flugleiðir hafa

samið við flugmenn, flugvélstjóra og flugfreyjur um skiptingu orlofs þannig að meira en helmingur orlofsins er tekinn utan hins hefðbundna orlofstíma. Þannig taldi meiri hl. félmn. rétt að gera brtt., sem flutt er á þskj. 177 við 2. gr. frv., sem kveður á um heimild í kjarasamningum um að kveða á um skemmra orlof yfir sumarmánuðina, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt.

Eins hefur félmn. lagt til í brtt. viðbótarákvæði við 2. gr., sem kveður á um lengingu orlofs. Ef orlof er tekið utan hins hefðbundna sumarorlofstíma að ósk atvinnurekenda skuli orlof lengjast um 1/4. Á það má benda að slíkt ákvæði er nú almennt í kjarasamningum og taldi meiri hl. félmn. rétt að binda það í orlofslögunum.

Varðandi brtt. á þskj. 177 við 1. gr. frv. taldi meiri hl. félmn. rétt að einungis fyrstu fimm laugardagarnir í orlofi teldust ekki orlofsdagar. Þeir sem samið hafa um lengst orlof, eins og flugmenn og flugvélstjórar, hafa allt að 43 daga orlof, sem þýddi, ef frv. hefði verið samþykkt óbreytt, að þeir fengju allt að sjö daga orlofslengingu. Meiri hl. félmn. taldi því rétt að binda orlofslenginguna við fyrstu fimm laugardaga í orlofi og gerir brtt. við 1. gr., sem fram kemur á þskj. 177.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál nema tilefni gefist til. Ég harma hve dregist hefur að afgreiða þetta mál úr n., en við það varð ekki ráðið þar sem samkomulag varð ekki um afgreiðslu málsins fyrr en í fyrradag. Ég skal samt ekki verða til að ýfa upp það mál við þessa umr. til að tefja ekki afgreiðslu málsins, en ég ítreka að ég legg mikla áherslu á að þetta frv. verði að lögum fyrir jólaleyfi þm.

Meiri hl. félmn. Nd. leggur til, eins og fram kemur í nál., að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef hér lýst og fluttar eru á þskj. 177.

Herra forseti. Ég vil geta þess hér í lokin, að við 1. umr. þessa máls flutti ég ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni og Magnúsi H. Magnússyni brtt. við frv. þess efnis, að bótaþegar almannatrygginga fengju tilsvarandi hækkun og orlofslengingin, þ. e. bætur almannatrygginga mundu hækka um 2% frá 1. des. Við þær umr. upplýsti heilbr.- og trmrh. að til stæði að bæta bótaþegum almannatrygginga þessa orlofslengingu. Fékk félmn. Nd. bréf frá heilbr.- og trmrn., dags. 8. nóv., þar sem fram kemur að hækka eigi grunnlífeyri um 7.72%, en það er samsvarandi því og verðbætur voru almennt hækkaðar 1. des. Einnig kemur fram að grunnlífeyrir og tekjutrygging hækki um 7.72% + 2.34%, en eins og segir í bréfi heilbr.- og trmrn. „síðari talan er í samræmi við lengingu orlofs og frídag verslunarmanna, sem nú er gert ráð fyrir að verði lögákveðinn frídagur.“ Þannig kemur fram í bréfi heilbr.- og trmrn. að orlofslengingin og frídagur verslunarmanna eru metin til 2.34%. Í ljósi þess að ákveðið hefur verið að hækka tekjutrygginguna eða hluta bóta almannatrygginga munum við draga þessa till. til baka, sem flutt er á þskj. 68, en í stað þess flytjum við aðra brtt., sem er á þskj. 191. Eins og ég lýsti hér kemur einungis fram í bréfi heilbr.- og trmrn. að grunnlífeyri eigi að hækka um 7.72%. Við teljum því rétt að flytja hér nýja brtt., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heilbr.- og trmrh. skal með reglugerð hækka grunnlífeyri almannatrygginga um 2.34% frá 1. des. 1982 til viðbótar þeirri hækkun á bótum almannatrygginga sem ákveðin var með heimild í 79. gr. almannatryggingalaga, sbr. nánar reglugerð nr. 639/1982.“

Frsm. minni hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 201 er nál. minni hl. félmn. Þann minni hl. skipa ásamt mér hv. þm. Eggert Haukdal og Steinþór Gestsson. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. félmn., þá komu fjölmargir aðilar á fund n. og gerðu grein fyrir viðhorfum sínum, bæði menn úr röðum atvinnurekenda og launþega. Jafnframt voru lögð fram fjölmörg gögn. Með nál. minni hl. eru birt nokkur fskj., þ. á m. tvö frá Alþýðusambandi Íslands, tvö frá Vinnuveitendasambandi Íslands og loks frá Flugleiðum. En eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. snertir þessi lagabreyting það fyrirtæki umfram mörg önnur vegna þess hve rekstur þess byggist mjög á sumarvinnu.

Ég vil hér í stuttri ræðu rekja nokkuð sjónarmið okkar í minni hl. félmn. en vísa að mestu leyti til nál., en í því koma fram með skýrum hætti viðhorf okkar til þessa máls.

Það eru nokkur atriði sérstaklega sem ég held að nauðsynlegt sé að komi fram í þessari umr. og vil ég nefna nokkur. Í fyrsta lagi er það skoðun okkar sjálfstæðismanna — og ég hélt reyndar miklu fleiri flokka, að stefna ætti sem mest að því að kjarasamningar væru frjálsir á ábyrgð launþega og vinnuveitenda og með sem minnstum afskiptum ríkisvaldsins. Með því frv. sem hér er til 2. umr. er stefnt í þveröfuga átt. Þar tekur ríkisvaldið af skarið. Það eru ekki einungis stjórnmálaflokkar sem hafa lýst því yfir að kjarasamningar skyldu vera frjálsir. Slík sjónarmið hafa oftsinnis komið frá aðilum vinnumarkaðarins, bæði frá vinnuveitendum, t. d. í þessu máli, og jafnframt frá Alþýðusambandi Íslands og öðrum samtökum launafólks. Má t. d. minna á í því sambandi viðhorf þessara samtaka við brbl. sem sett voru í ágústmánuði s. l.

Ein helsta röksemd sem notuð hefur verið í þessu máli er sú, að samið hafi verið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og þess vegna þurfi að flýta þessu máli til þess að launþegar, sem ekki eru í BSRB, fái þennan rétt. Þá er átt við þá launþega, sem ekki fá borgað í sumarleyfum sínum, heldur aðeins eins og nú háttar 8.33% ofan á laun. Það þarf að taka fram í þessu sambandi að samningur hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. við BSRB var gerður eftir að brbl. tóku gildi og efnt var til efnahagsráðstafana í ágústmánuði. Það eru þess vegna ekki rök í þessu máli að segja að það þurfi að færa orlofslögin til samræmis við samninga BSRB. Þvert á móti hefði verið miklu vænlegra, eðlilegra og æskilegra að samningar við BSRB um þetta atriði hefðu verið látnir bíða og félagar þess hefðu fengið aukinn orlofsrétt samkv. þessum lögum eins og gildir um aðra launþega. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að ef fram hefðu komið tillögur um frestun á afgreiðslu þessa frv. eða jafnvel, sem hægt væri að hugsa sér, að fella skyldi frv. vegna efnahagsástandsins, þá hefði orðið að taka þennan rétt af BSRB vegna nýgerðra kjarasamninga við hæstv. ríkisstj.

Í öðru lagi vil ég benda á að frv. þetta er nokkuð fljótfærnislega unnið hjá hæstv. ríkisstj., enda kom það fljótt á daginn í störfum n. að á frv. voru þeir gallar að ekki var hægt að notast við upprunalegan texta. Hefur meiri hl. n. þess vegna þurft að leggja til brtt. sem hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir í ræðu sinni hér áðan. Það er ekkert undarlegt hvernig mál þetta er unnið, þegar rifjað er upp hvernig það mál varð til í meðförum hæstv. ríkisstj. Í sumar, þegar efna skyldi til efnahagsráðstafana, var ekkert minnst á þetta mál fyrr en á allra

síðustu dögum þegar hæstv. ríkisstj. reyndi að ná samkomulagi um málið. Og það var haft fyrir satt að einstakir stuðningsmenn ríkisstj. hefðu gert það að skilyrði að þetta mál fengi afgreiðslu ef þeir ættu að styðja brbl. á Alþingi. Umræður urðu um þetta við 1. umr. málsins og ætla ég ekki að endurtaka þær hér.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að einn megintilgangurinn með þessu frv. sé sá að jafna rétt launþega í orlofsmálum. Því miður stenst þessi röksemd ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Má í því sambandi benda á brtt. frá meiri hl. n., sem setja skorður við misréttinu, en eftir sem áður stendur það, að þeir sem hæst hafa launin fá mest orlof. Einkum og sér í lagi gildir þetta um þá sem taka orlof í orlofsgreiðslum, en ekki í launagreiðslu í leyfi.

Í fjórða lagi vil ég fyrir hönd minni hl. félmn. rifja það upp að þegar hæstv. ríkisstj. efndi til aðgerða í efnahagsmálum í ágúst s. l., þá lýsti hún því yfir að aðgerðir stjórnarinnar mörkuðust af eftirtöldum fjórum meginatriðum með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að draga verulega úr viðskiptahalla þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd.

2. Að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

3. Að verja lægstu laun eins og unnt er fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í þjóðartekjum.

4. Að veita viðnám gegn verðbólgu."

Lýkur hér tilvitnun í fjögur meginmarkmið, sem ríkisstj. sagði að höfð hefðu verið að leiðarljósi, þegar efnt var til efnahagsaðgerða á s. l. sumri. Það er þess vegna eðlilegt að spurt sé við þessa umr., vegna þess að hér er á ferðinni frv. sem kallað hefur verið fylgifrv. með brbl. og á fulla samleið með þeim, á þessa leið:

1. Er þetta frv., ef að lögum verður, til þess fallið að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarinnar?

2. Ver þetta frv. lægstu laun?

3. Dregur þetta frv. úr viðskiptahalla?

4. Er með þessu frv., ef að lögum verður, verið að veita viðnám gegn verðbólgu?

Því miður verður að svara öllum þessum spurningum neitandi. Með samþykkt þessa frv. er nokkuð ljóst, og styðst ég þar við umsögn Þjóðhagsstofnunar, að dregið verður úr framleiðslu á næsta ári. Í öðru lagi má búast við, af sömu ástæðu, að þjóðartekjur dragist saman. Í þriðja lagi er það staðfest að verðbólga eykst og í fjórða lagi er ljóst að lægstu laun verða ekki varin með þessum hætti, annars vegar vegna þess að þeir sem hærri laun hafa fá lengra orlof og hins vegar vegna þess að lægstu laun verða verr úti í aukinni verðbólgu, sem er óhjákvæmileg afleiðing samþykktar þessa frv.

Í fimmta lagi, herra forseti, viljum við í minni hl. félmn. benda á að betra hefði verið að láta launþega sjálfa velja um það, hvort þeir vildu fá kjarabót með því að draga úr kjaraskerðingunni samkv. efnahagsaðgerðunum í sumar, brbl., eða hvort þeir vildu heldur fá í staðinn lengra orlof. Þá hefði verið hægt að fresta um sinn þeim lagabreytingum sem hér er verið að ræða, en draga úr kjaraskerðingunni í staðinn. Þetta hefði að sjálfsögðu verið haft að leiðarljósi ef menn hefðu viljað fylgja stefnunni um frjálsa kjarasamninga.

Ég bendi jafnframt á það, að í sumar voru gerðir kjarasamningar við ýmis starfsmannafélög og verkalýðsfélög, þ. á m. við verkakvennafélagið Sókn, og í þeim kjarasamningum gerðist það, að forustumenn Sóknar kusu að fá lengra orlof, en það gerðist auðvitað á kostnað kjarabóta. Þannig má halda því fram með fullum rökum, að með þessum lögum sé verið að gera hlut Sóknarkvenna lakari en annarra launþega. Loks vil ég undir þessum fimmta lið gagnrýni okkar í minni hl. benda á að hafa verður í huga, þegar rætt er um þetta mál og brbl., að á þessu ári hafa laun verið skert um samtals 17%. Þá tel ég saman þær skerðingar sem hafa orðið af völdum Ólafslaga annars vegar og brbl. hins vegar. Þetta er staðreynd sem við verðum að líta á þegar um þetta mál er fjallað. Þá er verið að bæta þessari kjaraskerðingu — eða launaskerðingu öllu fremur — ofan á þá launaskerðingu sem orðið hefur á undanförnum árum á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj., sem byggir m. a. á þeim merkilega grunni sem Alþb. var kjörið til, en það var að kjósa gegn kaupránsflokkunum og koma samningum í gildi. Þetta hefur orðið þeirra starf í þau fjögur ár sem Alþb. hefur setið á valdastólum.

Í sjötta lagi, herra forseti, hefur verið bent á það, að tafir hafa orðið á afgreiðslu málsins, og þannig hefur orðið misvægi á milli þeirra launþega sem fá orlof greitt með launum og hinna, sem taka út orlof með launuðu fríi. Þetta er að sjálfsögðu ein veigamesta röksemd fyrir því að afgreiða beri málið, ef nægur meiri hl. fæst á Alþingi, sem allra fyrst. En ég vil undirstrika það sérstaklega í þessu máli, að það er rangt sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. n., að þessar tafir hafi orðið vegna ágreinings í nefndinni um einstök atriði frv. Tafirnar hafa vitaskuld orðið vegna þess að innan hæstv. ríkisstj. hefur verið ágreiningur um brbl. og sérstaklega fylgifrv., þó einkum og sér í lagi það frv. sem kallað hefur verið vísitölufrv. eða viðmiðunarfrv. Það var þess vegna fyrirstaða í nefndinni af eðlilegum ástæðum, að þetta mál fengi afgreiðslu fyrr en ljóst væri að allir aðilar stjórnarsamstarfsins hefðu sætt sig við sameiginlega niðurstöðu í vísitölumálinu.

Með því að afgreiða þetta mál nú fyrir jól má gera ráð fyrir að hæstv. ríkisstj. hafi náð niðurstöðu í viðmiðunarmálinu og mér finnst vel við hæfi, ef fresta á Alþingi á morgun, að einhver fulltrúi hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir því hér á Alþingi í hverju þessar niðurstöður felast. Í hverju felst það samkomulag sem virðist hafa verið gert í ríkisstj. um vísitölugrundvöllinn og viðmiðunarreglurnar? Þetta er sagt hér vegna þess að það mál snertir launþega ekki síður en það frv. sem hér er til umr. Það væri gott, herra forseti, ef einhver hæstv. ráðh. fengi tækifæri til að hlusta á þessa spurningu, því að hún er verulegt framlag til þessa máls, enda hefur afgreiðsla málsins tafist fyrst og fremst vegna vísitölumálsins.

Í sjöunda lagi vil ég nefna mál, sem kannske er minni háttar mál, en snertir einkum sjómenn og hlutaskipti. Þess ber að geta, að með þessu frv. breytast hlutaskiptareglur þannig að vandi útgerðarinnar eykst. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á nú, þegar sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir þeim gífurlegu vandamálum sem lýst hefur verið rækilega að undanförnu, og þegar fyrir dyrum stendur að efna skuli til aðgerða til að rétta rekstrargrundvöll útgerðarinnar í landinu.

Einnig má geta þess, að það gerist að sjálfsögðu í sjómannastétt eins og annars staðar, þar sem greitt er út orlof, að þeir sem hæst hafa launin, fleiri hafa hlutina, fá

lengra orlof eða hærri orlofsgreiðslu. Þetta tek ég ekki fram hér vegna þess að ég sé á móti því að sjómenn fái lágmarksorlof, 10.17% eins og aðrir launþegar, en lög nr. 87 frá 1971 eru um lágmarksorlof, og það er rétt að fram komi jafnframt að það er ávöxtur af samstarfi vinnuveitenda og launþega sem var sett í lög, þessi orlofslög. Slíkt samstarf eða samráð, sem haft var við þessa aðila á sínum tíma, þegar lögin voru sett, var til fyrirmyndar. En því miður virðist hæstv. ríkisstj. ætla að kasta slíku samstarfi fyrir róða.

Loks, herra forseti, vil ég taka undir það sem sagt hefur verið í þessu máli, að það er ekki ástæða til að fresta afgreiðslu málsins lengur, enda hefur mikill meiri hluti launþega þegar fengið þær réttarbætur eða kjarabætur, ef menn vilja nefna það því nafni, sem felast í þessum lögum. Það er þess vegna engin ástæða til að þetta mál sé tafið og — ef meiri hl. er fyrir hendi — þeir sem um er að ræða fái sína kjarabót. En það er athygli vert að þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstj. um að draga úr viðskiptahalla, auka framleiðni og framleiðslugetu, að verja lægstu laun og að veita viðnám gegn verðbólgu, þá er þetta frv. til þess fallið að hafa áhrif í gagnstæðar áttir, og mun það vera einsdæmi að ráðist sé gegn efnahagsvanda þjóðar, sem lýsir sér í of lítilli framleiðslu, með því að lengja frí launþega.

Ég tek það jafnframt fram, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn Íslands leitaði ekki samráðs hjá stjórnarandstöðunni við gerð þessa frv. enda þótt mjög skýrlega væri tekið fram af hv. fyrrv. stuðningsmönnum ríkisstj., þeim hv. þm. Albert Guðmundssyni og hv. þm. Eggert Haukdal, að þeir styddu ekki ríkisstj. lengur. Það hlýtur að teljast í meira lagi hæpið, ef þannig stendur á, að hæstv. ríkisstj. reyni ekki að leysa samstarf við stjórnarandstöðuna til þess að fá fram nauðsynleg mál í þinginu.

Herra forseti. Við í minni hl. félmn. munum ekki skila nál. í 56. máli þingsins, sem fjallar um frídag verslunarmanna. Það mál er náskylt þessu og hangir við það og er óþarfi að skila sérstöku nál. Ég vil einungis benda á það, að þrátt fyrir þær réttarbætur sem felast í því frv. fyrir hönd launþega verða sjómenn eftir sem áður að sækja þann rétt í samningum við útgerðarmenn, því að það lagafrv. nær væntanlega ekki til sjómanna.

Ég vil að lokum lýsa því yfir, herra forseti, að þm. Sjálfstfl. í hv. Nd. munu sitja hjá við afgreiðslu málsins, enda hlýtur ábyrgð á framgangi þessa máls að vera fyrst og fremst hjá hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. Það er mjög nauðsynlegt að það nái fram að ganga og engin tilraun verður gerð af minni hálfu til að tefja það á einn eða annan hátt.

Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hér hljóðs er sú, að ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni að flytja brtt. við umr.— Ég veit ekki hvort á að geta þess hver býsn og ósköp gerðust í gærkvöld eða gær réttara sagt. Hér var komin á borð þm. brtt. með mínu nafni, sem ég hygg að hv. þm. hafi séð strax að var með ólíkindum að kæmi frá mér, enda sýndist það vera hrein firra sem þar var á ferðinni. Þó að ég hefði ekki flutt þá till., en nafnið mitt stóð á henni, dró ég hana að sjálfsögðu til baka og breytti henni eins og ég ætlaði mér að flytja málið.

Hér er um að ræða tvær breytingar á þskj. 190, sem varða þetta mál, og er hvor tveggja til frekara samræmis og leiðréttingar launþegum innan Alþýðusambandsins til handa miðað við það sem gerist hjá öðrum stéttum, eins og t. d. opinberum starfsmönnum. Ég vil þó áður en ég vík að því spyrjast fyrir um hvort ég hafi skilið rétt það sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 10. þm. Reykv. Mér heyrðist hann vera í vafa um hvort þetta frv. — lög þegar það hefur verið samþykkt, tæki til sjómanna. (**Gripið fram í:** Frídag verslunarmanna.) Frídag verslunarmanna. Já, það var annað. Það hlaut að vera. Það gat varla verið annað en hv. 10. þm. Reykv. væri kunnugt um að þetta orlofsmál næði til sjómanna.

Brtt. sem hér er um að ræða varða í fyrsta lagi 1. gr. „Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð hefur 40 ára aldri á því orlofsári sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkv. 1. mgr. þessarar greinar fá þrjá daga í orlof, og sá, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá þrjá daga til viðbótar."

Hér er um að ræða að verðlauna þá einstaklinga sem hafa verið í starfi og sýnt langa og dygga þjónustu í sömu atvinnugrein og hjá sama atvinnurekanda og bæta þeim upp með auknu orlofi þá löngu þjónustu sem þessi árafjöldi gefur til kynna. Eins og ég sagði áðan er hér um að ræða að samræma kjör fólks á hinum almenna vinnumarkaði, ekki síst hins almenna verkamanns, félaga innan Alþýðusambandsins, sem tilheyra hinum almennu verkalýðsfélögum, kjörum sem tíðkast eftir síðustu kjarasamninga hjá BSRB. Auk þess munu, að því er ég best veit, vera í samningum ýmissa iðnaðarmannafélaga ákvæði sem veita aukið orlof eftir tiltekinn ákveðinn árafjölda í starfi. Það má því segja að þessi brtt., sem hér er um að ræða, sé bæði til samræmis við það sem félagar innan BSRB hafa fengið í samningum við ríkisvaldið og einnig sé gerð tilraun til að leiðrétta kjör fólks sem er í hinum almennu verkalýðsfélögum innan Alþýðusambandsins svo að þau verði sambærileg við ýmis iðnaðarmannafélög, sem eru, að ég hygg, búin að vera með í nokkuð mörg ár aukinn orlofsrétt þeim til handa sem hafa verið lengi í starfi.

Síðari brtt. er í raun og veru frekari staðfesting á þessu. Þar er sett inn orlofsprósenta miðað við hver lengd orlofsins er hjá hverjum og einum einstaklingi. Við teljum rétt að nái fram að ganga lagaákvæði um verðlaun til handa því fólki sem lengi hefur þjónað í starfi sé jafnframt því sett inn hin ákveðna prósenta sem það á að njóta til orlofs.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt. Það er brýn nauðsyn á að þetta mál nái fram að ganga áður en þinghlé verður gert og þó fyrr hefði verið. Ég skal ekkert blanda mér í þær umr. sem hér hafa orðið um hverjum það sé að kenna að málið hefur dregist, en það er brýn nauðsyn að það verði afgreitt áður en þm. fara í jólaleyfi. Ég legg áherslu á það og ítreka það. Ég trúi því vart, ekki fyrr en ég þá tek á því, að hv. alþm. vilji ekki stíga fram á veginn til meira réttlætis í þessu efni en frv., eins og það kemur frá nefnd, gerir ráð fyrir. Ég vona a. m. k. að réttlætis gæti hjá það mörgum hv. þm. að þeir vilji gera þessa réttarbót til handa láglaunafólkinu, sem er verst sett hvað þetta áhrærir, og vona að þessar brtt. fái samþykki hér í deild.

ATKVGR.

Brtt. 68 tekin aftur.
— 190,1 felld með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SighB, ÁG, JS, KP.
nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, HÓ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.
ÓE, SteinG, BÍG, EH, FrS, HBl, JÞ, SigurlB, SvH greiddu ekki atkv.
8 þm. (PS, StH, VG, AG, GeirH, JBH, MHM, MÁM) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Í þeirri löngu umfjöllun, sem verið hefur í félmn. um orlof, hefur náðst samkomulag hjá meiri hl. n. Brtt. frá fulltrúa Alþfl. komu ekki fram í n. Það getur verið nokkuð gott að stilla einum alþm. upp, sem í þessu tilfelli er ég, og segja svo að hann hafi greitt atkv. gegn því að það fólk sem hann á að vera í forsvari fyrir fái lengra orlof. Ég vil taka það fram, að ég tel mig hafa unnið að framgangi þessa máls. Ég hef gert samkomulag við samþm. mína og mun standa við það og fylgja því eftir. Hitt er annað mál, að ég er efnislega samþykkur þessum till. En ég stend við það samkomulag sem ég geri og með tilvísun til þess segi ég nei.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins út af því sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði áðan. (**Forseti:** Þetta er ekki umr.) Ég vil minna á að þm. Alþfl. hafa nokkur undanfarin þing flutt frv. hér í þinginu um þetta atriði, þannig að það hefur legið fyrir þingheimi nokkur ár hver afstaða Alþfl. hefur verið til þessa. Ég hef ekki gert samkomulag við neinn hér á hv. Alþingi um að stíga styttra í réttindabaráttunni launafólki Alþýðusambandsins til handa en hér er gert ráð fyrir. Ég segi því já.

Brtt. 177,1 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 177,2 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 190, 2 felld með 20:4 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 191 felld með 20:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 57, n. 184). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 162, n. 186). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. um 112. mál þingsins, frv. til l. um breytingu á lögum um eftirlaun aldraðra frá 1979, með þeim breytingum sem orðið hafa síðan.

Þetta mál er komið til okkar í heilbr.- og trn. frá Ed. Við höfum orðið sammála um að mæla með því eins og það kemur frá Ed., en ég tel rétt að gera aðeins grein fyrir efni þessa máls.

Þetta er samkomulagsatriði milli Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 30. júní 1982. Er þar gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun um eftirlaun til aldraðra árin 1983 og 1984.

Í Ed. var gerð smávægileg breyting á frv. eins og það var lagt fram. Við 2. mgr. 26. gr. laganna, sem áður hljóðaði svo með leyfi forseta: „Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris samkv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar samkv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði“ bættist síðan að till. hv. nefndar Ed.: „uns ríkissjóður hefur yfirtekið að fullu þessa skyldu af Atvinnuleysistryggingasjóði.“

Heilbr.- og trn. Nd. var samþykk þessari breytingu. Hún leggur því til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Hæstv. landbrh., hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og hv. þm. Magnús H. Magnússon voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 105, n. 187). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Fyrir deildinni hefur legið frv. til l. um breytingu á lögum nr. 74 frá 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála. Samkv. aths. við lagafrv. þetta er markmið þess ekki að breyta á nokkurn hátt sektarheimildum frá því sem nú er á annan veg en þann að aðlaga þær verðlagshækkunum sem orðið hafa. Ég leyfi mér til áréttingar máli mínu að lesa þá aths. sem fylgir frv. og er mjög stutt, svo að ekki fari á milli mála að þessi tilgangur einn hefur vakað fyrir þeim sem fluttu málið hingað inn á Alþingi. Þar segir svo með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum er sektaheimild lögreglustjóra bundin við 3000 kr. og sektaheimild lögreglumanna bundin við 300 kr. Með sama hætti er heimild lögreglustjóra til að ákveða eignaupptöku vegna brota, sem sektaheimild lögreglustjóra nær til, bundin við 1000 kr. og heimild dómara til að ákveða eignaupptöku, ef brot er skýlaust sannað en sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, takmörkuð við 5000 kr.“ Þarna er reyndar búið að breyta gömlu krónunum í nýkrónur í þessum lagatexta.

„Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1980. Er lagt til að fjárhæðir þessar verði hækkaðar vegna verðlagsbreytinga. Sektaheimildir þessar hafa gefið góða raun og létt verulega álagi af dómstólum. Er því nauðsynlegt að heimildirnar fylgi verðlagsþróun.“

Ég óskaði eftir því, þegar þetta mál var til meðferðar hjá allshn., að tími gæfist til að athuga hvort þær tölur

sem eru í frv. væru í samræmi við þá verðlagsþróun sem orðið hefur. Einnig óskaði ég eftir að fá upplýsingar um skiptingu á þessum sektum þegar þær hafa verið innheimtar. Ekki fékkst ráðrúm til þeirra athugana. Ég hef þess vegna eftir þann nefndarfund aflað mér þeirra gagna sem hér um ræðir að nokkru. M. a. hafði ég samband við Hagstofu Íslands til að fá hennar mat á því hvaða breytingar hefðu orðið til hækkunar frá því í maí 1980.

Ef miðað er við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu má segja að raunhæft sé að margfalda með 2.92 til að fá út þá verðlagsbreytingu sem orðið hefur. Ég vil taka það fram að það eina sem ég hef lagt til er að leiðrétta upphæðirnar í lagafrv., eins og það hefur verið lagt fyrir þingið, til samræmis við þær upplýsingar sem komið hafa frá Hagstofunni um þetta mál. Tel ég mig með því móti hafa gert þær breytingar sem geri aths. við lagafrv. rökréttar miðað við eðli málsins. Rétt er að það komi fram, að árið 1980 voru framkvæmdar mjög ríflegar breytingar á þessum sektaheimildum, miðað við það sem áður hafði verið, þannig að óhætt er að fullyrða að þær hafa fylgt verðlagsþróun og vel það.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það verður að viðurkennast að á meðferð þessa máls hefur verið nokkur fljótaskrift. Menn hafa ekki kafað mjög mikið ofan í það. En við höfum þá afsökun að málið er ekki flókið.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson virðist miða hækkanir við það að nú á þessari stundu þegar upphæðunum er breytt verði greiddar sektir sem samsvara þyngd þeirra fyrir 2½ ári. Hafi menn verið sektaðir nýlega vegna þessara brota greiða þeir einungis þriðjunginn samkv. upplýsingum hv. þm. Ólafs Þórðarsonar af því sem gert var í maí 1980. Ef við setjum það á núll, sem sekt er núna, að nú sé greidd jafnþung sekt eins og fyrir 2½ ári, þá sjáum við að ef verðbólgan stöðvast ekki skyndilega núna á þessum vikum þá rýrna þessar sektir stöðugt með hverjum mánuði sem líður, því að ekki hefur dregið verulega úr verðbólgu þrátt fyrir góðan ásetning. Ég á ekki von á því að verðbólga gangi niður, a. m. k. falli ekki mjög hratt, og má hver lá mér sem vill. En ef við hugsum okkur að á síðustu 2½ ári hafi krónutala átt að hækka þrefalt og við gerum ekki svartsýnni spár en svo, að svipuð þróun haldi áfram næstu 2½ ár að meðaltali, þá ættu sektirnar að nífaldast ef við miðum við lok hvers tímabils, ef það tekur 2½ ár að leiðrétta þetta á nýjan leik. Ég sé svo sem engum ofsjónum yfir því, þó að sektir fyrir brot í umferðarlagamálum þyngist nokkuð, því að það er hreint ófremdarástand í umferðarmálum á Íslandi. Við horfumst í augu við það að tugir manna láta lífið í umferðinni árlega og hundruð manna slasast alvarlega. Það er ákaflega þungur baggi fyrir þjóðfélagið.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu. Ég sé ekkert athugavert við það þó að Bandalag jafnaðarmanna láti skoðanir sínar í ljós á sama tíma og ég. Það er ekki svo breitt bil þar á milli. Þrátt fyrir það að þessar upphæðir séu nokkru hærri en reikna má eftir formúlu hv. þm. Ólafs Þórðarsonar mun ég standa við það sem ég hef skrifað undir.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég efa ekki að hv. 4. þm. Suðurl. hefði gjarnan viljað kynna sér þetta mál ögn betur áður en hann sté í ræðupontu. Það liggur ljóst fyrir að ríkissaksóknari hefur árlega gefið út leiðbeiningar um upphæðir þeirra sekta sem hér er um að ræða. Þær voru í upphafi það rúmar, að það er mikill misskilningur að miðað hafi verið við upphæðina fulla, heldur hefur innan hennar á hverjum tíma verið hægt að hækka sig. Og ég sé ekki að það sé enn komið að efstu mörkum þeirrar upphæðar.

Ég er með hér í höndunum ljósrit af leiðbeiningum ríkissaksóknara til lögreglumanna og einnig til lögreglustjóra, þar sem farið er yfir brot á hinum ýmsu greinum umferðarlaga. Ég ætla ekki að dvelja lengi við þann lestur. En ef menn ætla í þessu sambandi að fara að skýla sér á bak við stórslys á vegum úti, þá er rétt að geta þess, að samkv. þessum heimildum, hefur fyrir árið 1981, frá 1. jan. verið gert ráð fyrir því að sé búnaði reiðhjóls áfátt sé sektin 70 kr. Það er hægt að fara yfir þessi atriði og lesa þennan lista allan upp, en mér sýnist að það hafi verið af þeirri hógværð tekið til upphæðanna að það sé langt í land til að nálgast það tak sem var í lögum.

Það má vel vera að menn vilji hafa fyrningar á verðbólgunni og hafa þetta allt mjög rýmilegt næstu árin fram í tímann. En þá hefði kannske verið öllu skynsamlegra hjá rn. að setja reglur, sem væru á þann veg, að sektarheimildirnar fylgdu verðbólgunni frá ári til árs, en ekki að rokið væri til að demba þessu inn í þingið undir fölskum forsendum, þ. e. mun meiri hækkanir en talað er um að eigi að gera. Ég tel það allvítavert athæfi, svo að ekki sé meira sagt, ef ekki má treysta grg. til að fara rétt með útreikninga á tölum sem notaðar eru í frv. Ég kann ekki við slík vinnubrögð. Af þeirri ástæðu taldi ég rétt að leiðrétta tölurnar, til þess að það kæmi alveg skýrt fram hvort tilgangurinn hefði verið að blekkja þm. eða hvort tilgangurinn hefði verið sá að hækka þetta samkv. verðlagsþróun.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 206) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 206 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, ÓÞÞ, PP, SighB, ÁG, GJG, HÓ, JS.

nei: ÓE, PJ, SkA, SteinG, SvG, VG, BÍG, EH, GS, GHelg, HBl, IGuðn, IGísl, JÞ, SvH.

SigurlB, JE, JBH greiddu ekki atkv.

14 þm. (MHM, MÁM, PS, RA, SV, StH, ÞS, AG, AS, FÞ, FrS, GeirH, HÁ, HG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum 21. fundi.

Orlof, frv. (þskj. 218). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 57). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 141). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 66). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 220).

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 105). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 221).

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 162). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 222).

Sparisjóðir, frv. (þskj. 96). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 131, n. 215). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52 frá 1959, um kosningar til Alþingis. Frv. þetta gengur út á það að á umslögum utan um utankjörfundaratkvæði skuli skrá nafnnúmer kjósenda.

Nefndin er sammála um að mæla með því við deildina að frv. verði samþykkt. Tveir nm., Ólafur Þ. Þórðarson og Vilmundur Gylfason, voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 25. fundur.

Föstudaginn 17. des., kl. 5 síðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 218). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 218 er frv. til l. um breyt. á lögum um orlof eftir meðferð málsins í Nd. Frv. gerir ráð fyrir að orlofstími sé lengdur frá því sem verið hefur, þannig að laugardagar séu ekki taldir með sem orlofsdagar eins og verið hefur til þessa, og gert er jafnframt ráð fyrir að orlof hækki sem þessu svarar úr 8.33% í 10.17%.

Frv. byggir á þeirri forsendu að orlof breytist með þessum hætti frá og með 1. des. s. l. þannig að við innheimtu orlofs fyrir desembermánuð, sem fer fram í kringum 10. jan., verði tekið tillit til þessara breytinga.

Jafnframt, herra forseti, vil ég leyfa mér að mæla fyrir, ef ekki koma fram aths., frv. til l. um breyt. á lögum um 40 stunda vinnuviku, sem er fylgifrv. frv. um orlof. Þar er gert ráð fyrir að í lögin um 40 stunda vinnuviku komi ný mgr. svohljóðandi:

„Frá og með árinu 1983 skal fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skal greiða laun fyrir þann dag samkv. sömu reglum og gilda í kjarasamningum um aðra almenna frídaga.“

Með þessum breytingum, sem hér er gerð tillaga um, er verið að koma til móts við þá sem minnstan hafa orlofsrétt, en verulegur hluti launamanna og þeir sem hafa hærri laun, þar á meðal opinberir starfsmenn, hafa þennan orlofsrétt nú þegar og raunar sumir mun hærri. Það eru dæmi til þess að opinberir starfsmenn, eftir líklega 10 ára starf eða 50 ára aldur, séu komnir með

nokkuð yfir 13% orlof, þannig að hérna er auðvitað um að ræða viðleitni til þess að koma örlítið til móts við þá sem minnstan hafa réttinn á þessu sviði.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, svo mjög sem það hefur verið rætt á almennum vettvangi að undanförnu. Ég óska eftir að afgreiðslu þess ljúki í deildinni á þessu þingi og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 57). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 211). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Eins og Nd. hefur farið með málið er það aðeins fjórar greinar, en var fimm í upphafi.

1. gr. frv. kveður á um að heimilt sé að dreifa innheimtu fasteignaskatta á fleiri gjalddaga en verið hefur. Í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga hefur aðeins verið heimilt að dreifa innheimtunni á tvo gjalddaga, en hér er þetta opnað þannig, að unnt verði að innheimta fasteignaskatta með öðrum opinberum gjöldum svo sem eðlilegt má teljast.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir að fasteignaskattar verði ekki innheimtir af hjónagörðum námsmanna og komi þá hjónagarðar til viðbótar við stúdentagarða og heimavistir, sem þegar eru undanþegin fasteignasköttum í lögum.

3. gr. frv. gerir ráð fyrir að þegar fasteignaskattar falla í vanskil, svo og önnur gjöld til sveitarfélaga, og eru í vanskilum um áramót, þá eigi að leggja dráttarvexti við það sem gjaldfallið er og teljist það allt höfuðstóll skuldar.

Þegar ég gerði grein fyrir þessu frv. í Nd. fylgdi því grein sem gerði ráð fyrir að inn í lögin um tekjustofna sveitarfélaga yrði sett nýtt ákvæði til bráðabirgða á þann veg, að þrátt fyrir ákvæði laganna væri óheimilt að hækka fasteignaskatta milli áranna 1982 og 1983 um meira en 65%. Hér var um að ræða stefnuyfirlýsingu af hálfu ríkisstj., sem hún birti í hv. Nd. Þessi till. var felld í Nd., m. a. með atkv. hv. þm. Framsfl., en ég vissi ekki betur en þeir hefðu tekið á sig ábyrgð á þessu frv. eins og aðrir stjórnarsinnar. Vakti þessi afstaða þeirra athygli mína í deildinni. Ég tel engu að síður fulla ástæðu til að rifja þetta mál upp í Ed., ef Ed.-menn teldu ástæðu til að fjalla um mál þetta, en að sjálfsögðu flyt ég hér sem ráðh. aðeins það frv. sem frá Nd. kemur.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Sameinað þing, 32. fundur.

Föstudaginn 17. des., kl. 9 síðdegis.

Landnýtingaráætlun, þáltill. (þskj. 188). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veiðileyfastjórn á fiskveiðum, þáltill. (þskj. 197). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 26. fundur.

Laugardaginn 18. des., kl. 11 árdegis.

Orlof, frv. (þskj. 218, n. 226 og 227, 224). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Félmn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. og fulltrúar þriggja flokka í n., Framsfl., Alþb. og Alþfl., leggja til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. Ed. var ekki sammála um þetta frv. eins og þegar hefur komið fram. Við fulltrúar Sjálfstfl. í n. höfum lagt fram minnihlutaálit á þskj. 226. Við getum ekki fallist á þetta frv., sem við ræðum nú, og það er ýmislegt sem til þess ber.

Við skulum hafa í huga að frv. þetta er flutt í sambandi við efnahagsaðgerðir ríkisstj. samkv. brbl. frá 21. ágúst

s. l. Með þessum lögum voru verðbætur á laun lækkaðar og skorinn niður launakostnaður fyrirtækja. Hins vegar er með þessu frv. farið í gagnstæða átt og aukinn launakostnaður fyrirtækja.

Við sjálfstæðismenn teljum ekki hægt að bera ábyrgð á slíkum látbragðaleik ríkisstj., sem fram kemur í þessum málum, og leggjum því til að menn sitji hjá við afgreiðslu þessa frv.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. félmn. styður Alþfl. þá lengingu á orlofi sem gert er nú ráð fyrir. Reyndar hefur Alþfl., við þm. hans hér í Ed., verið með tillögu um þessa lengingu undanfarin þrjú þing og sú till. hefur aldrei fengist afgreidd — ekki orðið útrædd.

Frv. ríkisstj. um þessi mál er nákvæmlega eins og eldra frv. okkar var, og vissulega er það gott að þeir skuli sjá að sér og taka þetta mál upp, en fyrr hefði það mátt vera og í öðru samhengi. Nú er verið að skerða launin hjá launþegum allverulega og á þetta að vera eins konar sárabót á það, en eðlilegra hefði verið að Alþingi hefði haft frumkvæði að því að lengja orlof launþega.

Ákvörðun um orlof launþega hefur yfirleitt verið tekin á Alþingi — reyndar oft eftir mikinn þrýsting launþegasamtakanna. Þegar við skoðum söguna sjáum við að Sjálfstfl. hefur alltaf verið á móti því að launþegar fengju lengt orlof — alveg frá upphafi verið á móti því að þeir lægst launuðu nytu þess að hafa frí eins og aðrir. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að allir launþegar eigi að hafa sama orlofsrétt og ríkið treystir sér til að semja um við sína starfsmenn, annað sé ekki sæmandi, annað sé ekki eðlilegt. Því höfum við lagt fram brtt. við frv. ríkisstj. — brtt. sem kveður á um mun meiri rétt til handa launþegum, brtt. sem er mótuð eftir því sem ríkið sjálft hefur samið við sína launþega um og er það afar nöturlegt, komi það upp að þessi till. verði ekki samþykkt, vegna þess að þá verða hinir almennu launþegar í Verkamannasambandinu, í Alþýðusambandinu með mun minna orlof en aðrir. Því höfum við flutt brtt. sem er svohljóðandi:

„Við 1. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Starfsmaður, sem hefur unnið samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð 40 ára aldri frá því orlofsári sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkv. 1. mgr. þessarar greinar fá þrjá daga í orlof, og sá, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá þrjá daga til viðbótar."

Og við 3. gr. er þessi breyting:

„1. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum vegna þeirra sem rétt eiga á lágmarksorlofi. Við 10 ára starf eða 40 ára aldur hækkar orlofsfé í 11.59% og við 18 ára starf eða 50 ára aldur hækkar orlofsfé í 13.40%."

Það er von okkar Alþfl.-manna að menn hér í deild samþykki þessa breytingu. Annað væri köld kveðja til launþega. Annað væri til að undirstrika þann hrikalega mismun sem í dag er á orlofsrétti launþega.

ATKVGR.

Brtt. 224,1 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 224,2 felld með 9:3 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 57, n. 228). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem er fylgifrv. með því frv. sem Ed. var að fjalla um og samþykkja fyrir stuttu. Meiri hl. félmn. leggur til að þetta verði samþ. Þann meiri hl. skipa á sama hátt og áður fulltrúar þriggja flokka í n., Framsfl., Alþb. og Alþfl.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það sem nú er á dagskrá er, eins og þegar hefur verið tekið fram, fylgifrv. frv. þess sem við vorum að ræða áðan, frv. um orlof, 55. máls. Við sjálfstæðismenn tökum sömu afstöðu til þessa fylgifrv. og aðalfrv. og sitjum hjá við atkvgr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 211, n. 225). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Félmn. hv. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Hér er um að ræða stjfrv., sem hefur tekið grundvallarbreytingu í meðferð félmn. hv. Nd. Þar er um að ræða 4. gr. upphaflega frv., sem er felld út. Ég fagna þessari breytingu á frv., sem er viðurkenning hv. Alþingis á því að fasteignagjöld eru samkv. lögum alfarið tekjustofn sveitarfélaga og álagning þeirra því alfarið á ábyrgð kjörinna sveitarstjórnarmanna. Afskipti ríkisvaldsins af þessum tekjustofni umfram það sem lög heimila ganga gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda um sjálfstæði sveitarfélaga.

Það upplýstist jafnframt í meðförum málsins í félmn. hv. Nd. að öll þau sveitarfélög sem 4. gr. frv. tók til höfðu þá þegar ákveðið lækkun fasteignagjalda sem gengur lengra en ákvæði frv. gerði ráð fyrir. Félmn. hv. Ed. mælir með að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ólafur Ragnar Grímsson.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu fulltrúa félmn. er hér um að ræða stjfrv., sem flutt var hér fyrir nokkru. Einhugur var um það innan ríkisstj. að nauðsynlegt væri að frv. af þessu tagi væri flutt. Markmiðið með frv. var að tryggja að

hagsmuna íbúa nokkurra sveitarfélaga væri gætt við álagningu fasteignaskatts á næsta ári.

Síðan hefur það gerst að nokkrir sveitarstjórnarmenn hafa risið upp gegn þessu ákvæði og meiri hl. Nd. ákveðið að fara að vilja nokkurra sveitarstjórnarmanna. Ég tel hins vegar engu að síður nauðsynlegt að Alþingi reyni áfram að tryggja hagsmuni íbúa þessara sveitarfélaga og gangi þannig tryggilega frá málum að hagsmunir íbúanna séu ekki fyrir borð bornir. Þrátt fyrir yfirlýsingar þær sem vitnað var hér til að hefðu komið fram í sveitarstjórnum liggur ekkert fyrir um það endanlega að íbúarnir hafi tryggingu fyrir því að álagningin verði ekki með öðrum hætti.

Herra forseti. Það mætti hafa fleiri orð um þetta, en ég ætla ekki að gera það hér. Málið liggur nokkurn veginn ljóst fyrir. Ég tel að það sé nauðsynlegt, eins og ríkisstj. taldi þegar hún lagði þetta frv. fram, að setja þessa tryggingu í þágu íbúanna sem búa í þessum sveitarfélögum. Þess vegna leyfi ég mér að flytja við umr. brtt., sem ég mun afhenda forseta, á þann veg, að 4. gr. orðist svo:

„Á eftir ákvæði til bráðabirgða IV komi nýtt bráðabirgðaákvæði, nr. V, er hljóði svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, er óheimilt að hækka fasteignaskatta milli áranna 1982 og 1983 um meira en 65%."

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Vegna ræðu hv. 11. þm. Reykv. vil ég aðeins ítreka það, að hagsmunir íbúanna á hverjum stað eru best tryggðir með því að fela heimamönnum ákvörðunarvaldið, eins og allir stjórnmálaflokkar hafa margyfirlýst að eigi að gera. Sjálfsákvörðunarvaldið á að vera heima í héraði, en ekki á hv. Alþingi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 243) samþ. með 14 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér var tjáð í gær að það væri lögð áhersla á það af hálfu ríkisstj. að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Ég tók það fyrir satt. Það var í gær þegar eftir 1. umr. hér í deild haldinn fundur í félmn. Ed. Með tilliti til þess að ætlunin væri að afgreiða þetta mál á þessu þingi afgreiddi nefndin það í fljótheitum, en taldi að það væri grundvöllur fyrir því ef byggt væri á frv. eins og það kom frá Nd. þar sem það hafði verið þrautrætt og athugað.

Nú hefur hv. 11. þm. Reykv. og formaður þingflokks Alþb. borið fram brtt., sem við erum að heyra fyrst nú. Mér virðist í fljótu bragði að frv. þetta breytist verulega ef orðið verður við þeirri brtt. og hún samþykkt. Mér þykir málið það viðurhlutamikið að ég legg til að þessari umr. verði nú frestað og hv. félmn. fái tækifæri til að athuga þessa till. frá formanni þingflokks Alþb.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sú brtt. sem ég flutti hér var orðrétt samhljóða brtt. sem flutt var í Nd. og er á þskj. 189. Hún hefur legið hér á borðum þm. Ennfremur er það venja hér í þinginu að nefndir fái til meðferðar, þegar þær fjalla um mál, þau þskj. sem birst hafa um málið í fyrri deild. Þessi brtt. hefur því efnislega og í þessu formi legið fyrir félmn. þegar hún fjallaði um málið vegna þess að hún hefur borist n. í gögnum málsins frá Nd., eins og venja er hér í þinginu. Það getur því ekki verið rétt, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði áðan, að hann sé í fyrsta skipti að sjá og heyra þessa brtt. nú. Bæði hefur hún legið sem þskj. Nd. á borðum þm. nokkurn tíma og í öðru lagi hlýtur hún að hafa borist n. sem þskj. frá Nd. líkt og venja er um öll mál hér í þinginu. Mín till. er nákvæmlega eins orðuð og það þskj. sem hlýtur að hafa legið fyrir n. Hv. félmn. hlýtur því að hafa haft þetta til meðferðar áður. Ég vildi, herra forseti, láta þetta koma fram vegna þess að mér fannst gæta hér misskilnings um að hér væri að birtast í þinginu eitthvað sem menn hefðu ekki haft fyrir framan sig áður.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Í raun og veru hrakti hv. 11. þm. Reykv. ekki neitt af því sem ég sagði í þeim fáu aths. sem ég gerði áðan. En ég undirstrika það, sem ég sagði þó þar, að þetta mál var afgreitt til félmn. í gær og nefndin afgreiddi málið í fljótheitum vegna beiðni ríkisstj. um að flýta málinu. Ég segi fyrir mig: Ég gekk út frá því að af hálfu ríkisstj. kæmu ekki upp tillögur um breytingar frá því sem málið lá þar fyrir. (**ÓRG:** Þetta er ekki till. frá ríkisstj.) Það er till. frá formanni þingflokks Alþb., sem mun vera næststærsti þingflokkurinn sem styður ríkisstj. Félmn. ræddi ekki þessa brtt., sem fram kom í Nd. og hafði verið felld þar, og hv. 11. þm. Reykv., sem á sæti í félmn., mætti ekki á fundi n. N. var ekki á neinn hátt tilkynnt eða hún aðvöruð um að það kæmu fram slíkar brtt. Með tilliti til þessa ítreka ég ósk mína að umr. verði frestað og félmn. fái tækifæri til að líta á málið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er, að nú skil ég ekki málflutning hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, sem ætíð áður hefur stýrt störfum félmn. með mikilli sæmd og réttlátlega að mínum dómi. Í áliti n. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt." Það kemur þess vegna alveg skýrt fram í því áliti, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson skrifar undir, að menn hafa átt von á að brtt. yrðu fluttar. N. boðar það í áliti sínu.

Í öðru lagi tel ég það ekkert rof á neinu samkomulagi, sem hér hefur verið gert um þingstörfin, þó að menn endurflytji hér í Ed. orðréttar sömu brtt. og voru fluttar í Nd. Ég nefni sem dæmi að fyrir nokkrum mínútum fluttu þm. Alþfl. brtt. við frv. sem félmn. hafði líka fjallað um og voru þær orðréttar eins og till. fluttar í Nd. Enginn gerði aths. við það né taldi það brot á neinu samkomulagi. Það hefur alltaf verið ljóst að fluttar kynnu að verða sömu brtt. í seinni deild og voru fluttar í fyrri deild. Að fara að túlka samkomulag þingflokkanna um afgreiðslu mála hér á þann veg, að þar með hafi menn afneitað rétti sínum til að flytja í seinni deild sömu brtt. og voru fluttar í fyrri deild, er skilningur sem ég hef aldrei heyrt og get ekki með nokkru móti talið í samræmi við þær venjur sem við höfum almennt beitt. Þess vegna gerði ég enga aths. við það þó að þm. Alþfl. flyttu hér í Ed. sömu brtt. og þm. Alþfl. fluttu í Nd. og tel á engan hátt óeðlilegt þó að ég geri það sama varðandi þetta frv., með sérstakri tilvísun til þess, að það er þegar boðað í nál. að einstakir nm. ætli að flytja brtt.

Varðandi fundartíma félmn., þá stóð svo á að ég þurfti að stýra þingflokksfundi Alþb. í um það bil klukkustund

eftir að deildarfundi lauk hér í gær, en formaður n. kaus að halda fund í n. á þessari sömu klukkustund. Ég geri ekki aths. við það, en tel það ósanngjarnt að hv. formaður n. sé að gera eitthvert mál úr því hér, að ég hafi ekki getað mætt á nefndarfundi, vegna þess að honum var fullkunnugt um að ég var að stjórna fundi míns þingflokks. Ég sagði honum um leið og ég var boðaður á nefndarfundinn að ég þyrfti að stjórna þingflokksfundi og gæti ekki komið.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Við þm. Alþfl. fluttum brtt. áðan varðandi orlof. Ég vil upplýsa þá sem ekki vita um það, að till. okkar í orlofsmálum sem er efnislega eins og brtt. fjallar um, hefur legið hér fyrir frá því í þingbyrjun, þannig að mönnum ætti ekki að koma það neitt á óvart og reyndar geta einstakir þm. ekki fjargviðrast yfir því, þó að brtt. séu fluttar.

Varðandi það mál sem nú er verið að ræða vil ég geta þess að það var fyrir mín orð að inn í nál. var sett að einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja brtt. Ég hafði orð á því á nefndarfundi að ég mundi e. t. v. flytja þá till. sem hv. 11. þm. Reykv. hefur nú flutt, þannig að það ætti ekki að koma mönnum á óvart. Það varð þó ekki úr að ég flytti þessa till. en nú er hún fram komin og átti ég síst von á því frá stjórnarþingmanni, en það er ánægjulegt ef veður hafa skipast í lofti og stjórnarliðið er e. t. v. allt fylgjandi þessari till.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður, 3. landsk. þm., sagði, að það var gert ráð fyrir á fundi í félmn. Ed. í gær að hann flytti brtt. við frv. um orlof, þá brtt. sem hann hefur flutt. Það var það sem gengið var út frá.

En hvað viðvíkur brtt. frá hv. 11. þm. Reykv. vil ég aðeins segja það, að þegar beiðni kom til félmn. frá ríkisstj. eða félmrh. um að ljúka málinu, þá hvarflaði ekki að mér að það kæmi til greina að af hálfu ráðh. eða hans flokks væri tekið upp deilumál í þessu efni. Það er forsenda fyrir því að hægt sé að afgreiða mál sem þetta á síðustu klukkustundum þingsins að ekki séu tekin upp deilumál. Með tilliti til þessa hef ég gert mínar aths.

Það var ekki ætlun mín að fella neinn áfellisdóm yfir hv. 11. þm. Reykv. fyrir það, að hann hafði ekki tækifæri til þess að vera á fundi félmn. í gær. En það breytir í engu aðalatriði þess sem ég hef verið að segja.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú brugðið á það ráð að reyna að spilla því samkomulagi sem gert hefur verið um að reyna að ljúka þingfundum í dag. Það hefur verið vakin á því athygli að svo kunni að vera að stjórnarflokkarnir í heild hafi ákveðið að breyta afstöðu sinni í þessu máli og styðja þá till. sem þm. flutti hér. Ég trúi því raunar naumast að ríkisstj. í heild og stjórnarflokkarnir ætli að grípa til þess ráðs, en á meðan ekkert liggur fyrir um hver afgreiðsla þessa máls verði, þá mundi ég leggja til að fundinum yrði frestað, eins og forseti hefur ákveðið, en gjarnan til mánudags. — [Fundarhlé.]

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Félmn. hefur haldið fund og tekið til meðferðar skriflega brtt. frá Ólafi Ragnari Grímssyni. Málið hefur verið rætt. Niðurstaðan er sú, að fimm nm., Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Salome Þorkelsdóttir, Stefán Guðmundsson og Þorv. Garðar Kristjánsson styðja frv. óbreytt og eru á móti brtt. Ólafur Ragnar Grímsson er með sinni brtt. að sjálfsögðu, en Karl Steinar Guðnason kvaðst ekki vera búinn að taka afstöðu síðast þegar ég sá hann. Ég reiknaði með að hann mundi þá gera grein fyrir sinni stöðu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 243 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJ, EG, GTh, KSG, KJ, ÓRG, HS.
nei: ÓlJ, SalÞ, StefG, TÁ, ÞK, DA, EgJ, EKJ, GB, GK, JH, LJ.

Einn þm. (GeirG) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Allir eru sammála um nauðsyn þess að lækka skatta. Ég lít svo á, að hér sé um að ræða sýndartillögu þeirra Alþb.-manna um að lækka skatta, og þá á það að gerast á kostnað sveitarfélaganna. Stórmannlegra hefði mér þótt að hæstv. ríkisstj. hefði sýnt hug sinn í verki með því að ganga á undan með því fordæmi að byrja á sjálfri sér og lækka skatta ríkisins áður en aðför er gerð að tekjustofnum sveitarfélaganna. Ég segi nei.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt að samþykkja þessa till. vegna þess að það er verið að létta byrðum af fólkinu í landinu með þessu. Einhvern tíma og einhvers staðar hefur maður séð það í málgagni þeirra sjálfstæðismanna að þeir vildu taka þátt í því. Þess vegna kemur mér á óvart afstaða þeirra hér í deild. Kannske er það sýndarmennska, kannske eitthvað annað. En ég segi já.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við þm. Alþfl. hér í deild fluttum till. um það að gjaldstofn fasteignagjalda yrði lækkaður yfir alla línuna um 20%. Það hefði gilt um eignarskatt, fasteignagjöld, stimpilgjöld, erfðafjárskatt og e. t. v. eitthvað fleira. Fasteignagjöld hefðu með þeim hætti ekki hækkað nema um 42% milli ára og þannig verið tekið tillit til þess sérstaka ástands, sem ríkir í þjóðfélaginu, þegar útlit er fyrir að skattlagning fari langt fram úr kaupgjaldsþróun. Með þessu móti hefðu ríki og sveitarfélög komið til móts við fólkið í landinu þegar að kreppir og kjörin eru að versna.

Þessi till. hefur ekki hlotið náð fyrir augum hv. alþm. að meiri hluta til. En sú till. sem hér er til umfjöllunar stefnir þó eilítið til réttrar áttar. Ég segi já.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er upplýst og kemur fram í nál. að sveitarfélögin sjálf hafa ákveðið að leggja lægri fasteignaskatta á heldur en kemur fram í þessari till. Ég get upplýst að það hefur ekki verið hægt að koma saman fjárlögum vegna þess að ríkisstj. undirbýr nýjan skatt á bílaeigendur í landinu til þess að afla fjár til vegamála. Ríkisstj. ætlar því að halda áfram sínum skattahækkunum. Ég segi nei.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sú brtt. sem hér er verið að greiða atkv. um er efnislega sammála

kjarnagrein þess ríkisstjórnarfrv. sem hér er verið að fjalla um. Mér er kunnugt um það, að innan ríkisstj. voru ráðherrar Framsfl. og ráðherrar sjálfstæðismanna eindregnir talsmenn þess að þetta frv. yrði flutt. Ég verð því að segja eins og er að það kemur mér mjög á óvart að það skuli síðan gerast hér í atkvgr. að þeir hinir sömu ráðherrar skuli nú greiða atkv. gegn brtt. sem efnislega felur það í sér að breyta þessu frv. í það sama horf sem þeir samþykktu innan ríkisstj. að ætti að vera frv. ríkisstj.

Hæstv. forsrh. var ekki í salnum þegar hans nafn var kallað. Vona ég að hann taki þátt í þessari atkvgr., þar eð hann er nú genginn í salinn, svo að skýrt komi fram hvort það eru fleiri ráðherrar í þessari hv. deild sem ætla að hlaupast undan merkjum þess ríkisstjórnarfrv. sem hér er verið að greiða atkv. um.

Ég flutti þessa brtt. til þess að standa við það efnisákvæði sem ríkisstjórnarfrv. miðaðist upphaflega við. En þar að auki vil ég taka undir þau sjónarmið sem hér komu fram bæði hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Hér er verið að setja tryggingu af hálfu löggjafans í þágu íbúa sveitarfélaganna til að koma í veg fyrir að skattahækkun sveitarfélaganna verði meiri en önnur almenn skattahækkun í landinu. Ég segi þess vegna já.

4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 26. fundi.

Orlof, frv. (þskj. 218). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 240).

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 57). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 242).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 211). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til þess að þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir það sjónarspil sem hann setti hér upp fyrir okkur áðan. Það var mjög æskilegt að fá rækilega úr því skorið, hve djúpstæður ágreiningur er í ríkisstj. um þetta mál eins og öll önnur. Það hryggir mig að vísu að minn gamli foringi skyldi láta hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson kúga sig með þeim hætti sem hann hér gerði, en það undirstrikar það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ætlaði sér að undirstrika, hver er húsbóndinn á heimilinu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 245).

Þingfrestun.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þetta mun verða síðasti fundur þd. fyrir jólahátíðina vil ég nota þetta tækifæri til að þakka hv. þdm. ágæta samvinnu á þessu ári, samvinnu sem hefur verið öll til fyrirmyndar af þeirra hálfu og gert það að verkum að störf hafa gengið hér með slíkum ágætum sem raun ber vitni. Ég vil nota þetta tækifæri til að flytja hv. þdm. mínar innilegustu jóla- og nýársóskir um leið. Sömuleiðis flyt ég skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins bestu jóla- og nýársóskir og þakka þeim gott samstarf og störf þess í hvívetna fram að þessum tíma.

Þeim hv. þdm. sem um langan veg eiga heim að sækja óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vænti þess, að við megum öll heil hittast á næsta ári.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar deildarmanna vil ég þakka góðar óskir forseta í okkar garð. Ennfremur þakka ég honum fyrir röggsama og skörulega fundarstjórn það sem af er þessu þingi. Þá vil ég og óska honum og fjölskyldu hans fyrir okkar hönd gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ennfremur vil ég nota þetta tækifæri til að óska starfsfólki þingsins öllu gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Ég vil biðja deildarmenn að staðfesta þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég endurtek um leið mínar innilegustu jólaóskir til allra hv. þdm. og starfsfólks Alþingis. — Fundi er slitið.

Neðri deild, 23. fundur.

Laugardaginn 18. des., kl. 11 árdegis.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 212 (sbr. 164)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins segja frá því að hv. heilbr.- og trn. Nd. sat fund með Ed.-mönnum til að fjalla um fram komna breytingu og raunar frv. allt. Við höfum orðið sammála um að fallast á breytinguna sem liggur fyrir á þskj. 199. Hún er í því fólgin að lögin fá svokallað sólarlagsákvæði. Hér segir með leyfi forseta: „Lög þessi gilda frá 1. jan. 1983 til 31. des. 1987." Heilbr.- og trn. er sammála þessari breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 236).

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 131). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 237).

Þingfrestun.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þar sem þetta er síðasti fundur fyrir jólahlé vil ég þakka hv. þdm. fyrir samstarfið það sem af er þessu þingi svo og skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis öllu. Ég óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og góðs komandi árs. Þeim sem eiga um langan veg heim að sækja óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið að vér megum allir heilir hittast á nýju ári að starfa á hinu háa Alþingi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þdm. þakka hæstv. forseta hlýleg orð og góðar kveðjur okkur til handa. Ég þakka honum fyrir skörulega, glaðværa og réttláta fundarstjórn á þessu þingi sem fyrr. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og vænti þess, að við hittum hann heilan og hressan að jólahaldi loknu. Ég vil ennfremur þakka skrifstofustjóra og starfsliði öllu samstarfið og árna þeim öllum gleðilegra jóla. Ég vil biðja þdm. að rísa úr sætum og taka undir orð mín. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir góð orð og hlý í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra. Ég ítreka kveðjur mínar og óskir til handa hv. þdm. og segi þessum fundi slitið.

Sameinað þing, 33. fundur.

Laugardaginn 18. des. kl. 10 árdegis.

Fjárlög 1983, frv. (þskj. 175, n. 223, 200, 202, 203, 207, 214, 229, 230, 231, 233). — 3. umr.

Fundi frestað kl. 1 miðdegis.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um frv. til fjárlaga milli 2. og 3. umr. Leggur n. sameiginlega fram brtt. á þskj. 202, 229 og 230, auk þess sem meiri hl. n. flytur brtt. um tekjuhlið frv. og við 5. gr., þ. e. á B-hluta fjárlagafrv.

Tvær till. n. varða 3. gr. Lagt er til að vitagjald hækki um 3.8 millj. og skipaskoðunargjald um 180 þús.

1. till. n. um breyt. á 4. gr. varðar Alþingi. Lagt er til að gjaldfallinn stofnkostnaður verði 1.5 millj. kr.

Till. varðandi menntmrn.

Lagt er til að framlag til Háskóla Íslands hækki um 5 millj. kr., þ. e. laun um 1 620 þús. og önnur rekstrargjöld um 3 millj. 380 þús. Í till. felst heimild fyrir tveimur nýjum stöðum, en í frv. mun verða gert ráð fyrir 4.5 nýjum stöðum.

Menntaskólinn á Ísafirði. Launaliður hækkar um 75 þús. kr. vegna öldungadeildar.

Íþróttakennaraskóli Íslands. Launaliður hækkar um 98 þús. kr. Hér er um að ræða nýja stöðu umsjónarmanns, sem yrði að 3/4 hlutum greidd af Íþróttakennaraskólanum, en að 1/4 af Hússtjórnarskólanum á Laugarvatni.

Liðurinn Námsgagnastofnun hækkar um 500 þús. kr., þ. e. önnur rekstrargjöld vegna námsgagnagerðar fyrir börn með sérþarfir.

Iðnskólinn í Reykjavík. Gjaldfallinn stofnkostnaður hækki um 160 þús. kr.

Fiskvinnsluskólinn. Önnur rekstrargjöld hækki um 100 þús. kr. vegna námskeiða fyrir fiskmatsmenn.

Fósturskóli Íslands. Framlag hækkar um 100 þús. kr. vegna námskeiða fyrir fóstrur.

Hússtjórnarskólar. Launaliður hækkar um 33 þús. kr., en hér er um að ræða 1/4 hluta af stöðu umsjónarmanns sem áður var getið.

Samvinnuskólinn. Önnur rekstrargjöld hækka um 700 þús. kr. í 3 millj. 188 þús. kr.

Grunnskólar í Reykjavík. Laun hækka um 520 þús. kr. vegna þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við kennslu fimm ára barna, en þessi launaliður féll niður í frv.

Lánasjóður ísl. námsmanna, yfirfærslur til B-hluta. Þar hækkar framlag um 12 millj. kr. og verður 226 millj. 943 þús. kr.

Félagsstofnun stúdenta. Framlag hækkar um 734 þús. vegna greiðslu skuldar í sambandi við endurbætur á stúdentagörðunum.

Liðurinn Fullorðinsfræðsla hækkar um 200 þús. kr., en sú upphæð er ætluð til þess að greiða menntun starfsfólks á dagheimilum.

Þjóðminjasafn. Yfirfærslur vegna byggða- og minjasafna hækka um 520 þús. kr.

Náttúruverndarráð. Liðurinn hækkar um 1.5 millj. kr.

Listir, framlög. Liðurinn Kvikmyndasjóður hækki um 2 millj. kr. og verði 5 millj.

Ungmennasamband Íslands. Framlag hækki um 75 þús. kr. í 1 millj. 575 þús.

Íþróttasamband Íslands. Framlag hækki um 400 þús. kr. í 6 millj.

Og nýr liður, Amtsbókasafn á Akureyri vegna prentskila 80 þús. kr.

Ein till. varðar utanrrn. Það er liðurinn Ýmis utanríkismál. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hækkar um 1 millj. 250 þús. kr. og verður 13 millj. 641 þús. kr.

Þá eru till. er varða landbrn.

Búnaðarfélag Íslands. Liðurinn hækkar um 240 þús.

kr. Þar er um að ræða framlag til landþurrkunar, en sá liður féll niður í fjárlagafrv.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Liðurinn hækkar um 50 þús. kr. vegna kaupa á myndkortum.

Landgræðslu- og landverndaráætlun. Liðurinn hækkar um 1 millj. 80 þús. kr., en þar er um að ræða hækkun á liðnum Fyrirhleðslur úr 3 millj. 405 þús. kr. í 4 millj. 485 þús. kr.

Þá er rætt um að hækka liðinn Framlög samkv. jarðræktarlögum um 7 millj. kr. Skiptist sú fjárhæð eftir undirliðum á þann veg, að liðurinn Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur hækkar um 3.5 millj., liðurinn Framræsla um 1 millj., liðurinn Nýjar búgreinar og hagræðing um 2.5 millj. Er með þessu gert ráð fyrir að gera upp skuldahala sem myndast hefur á þessum fjárlagalið.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Liðurinn hækkar um 2 millj. kr. vegna Lífeyrissjóðs bænda.

Liðurinn Til búfjárræktar samkv. lögum hækkar um 2 millj. kr.

Till. varðandi dómsmrn.

Lagt er til að veittar verði 275 þús. kr. til stofnkostnaðar hjá embætti sýslumannsins í Vík í Mýrdal.

Og Landhelgisgæslan. Liðurinn hækkar um 3 millj. og 600 þús. kr., þ. e. laun um 1 millj. og 600 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 2 millj., og er þá gert ráð fyrir að úthaldstími skipa aukist úr 31 mánuði í 33 mánuði frá því sem er í frv., en í till. n. fyrir 2. umr. var gert ráð fyrir auknum flugtíma úr 1000 flugtímum í 1200 tíma.

Umferðarráð. Liðurinn hækkar um 300 þús. kr., þ. e. önnur rekstrargjöld vegna Norræna umferðaröryggisársins, en í frv. eru 500 þús. kr. ætlaðar í þessu sama skyni. Liðurinn Fangamál, ýmis kostnaður hækkar um 554 þús. kr. Annars vegar hækkar framlag til námskeiða fangavarða um 154 þús. kr. og hins vegar liðurinn Vistun kvenfanga um 400 þús. kr.

Þjóðkirkjan. Þá er nýr liður. Kirkjuorgel 800 þús. kr.

Koma þá till. varðandi félmrn.

Húsnæðisstofnun ríkisins. Liðurinn hækkar um 70 millj. kr., í 141 millj. 514 þús. kr., og er sú upphæð flutt af liðnum Efnahagsráðstafanir. Er þetta sá hluti þeirrar fjárhæðar sem gefin hefur verið yfirlýsing um að varið verði til íbúðabygginga úr hinu almenna lánakerfi, en í ár hafa 15 millj. kr. verið greiddar í þessu sama skyni.

Byggingarsjóður verkamanna, yfirfærslur. Liðurinn hækki um 10 millj. kr. og verði 158 millj. og 50 þús. kr.

Vinnueftirlit ríkisins. Liðurinn hækkar um 3 millj. kr., en sértekjur hækki jafnmikið þar sem iðgjöld atvinnurekenda standa undir rekstri þessarar stofnunar.

Liðurinn Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta hækkar um 200 þús. kr. Hækkunin fer á viðfangsefnið Sambýli.

Liðurinn Heimili fyrir þroskahefta undir liðnum Skálatún hækkar um 400 þús. kr. Kemur það til viðbótar við hækkun sem gerð var við 2. umr.

Við liðinn Ýmislegt hjá félmrn. bætast tveir nýir liðir. Annars vegar Almannavarnir í Mývatnssveit 150 þús. kr. og hins vegar Grímseyjarhreppur, styrkur vegna tilraunavindmyllu 75 þús. kr.

Till. varðandi heilbrmrn.

Liðurinn Önnur rekstrargjöld hjá landlæknisembættinu hækkar um 200 þús. kr.

Hollustuvernd ríkisins. Liðurinn hækkar um 500 þús. kr. vegna reykingavarna.

Kristneshæli. Önnur rekstrargjöld hækka um 100 þús. kr. og sértekjur lækka um 156 þús. kr.

Þá er lagt til að við liðinn Sjúkrahús og læknisbústaðir bætist tveir nýir liðir, þ. e. Krabbameinsfélag Íslands byggingarstyrkur 3 millj. kr. og Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið SÁÁ, byggingarstyrkur, fyrsta greiðsla af þremur 1 millj. og 500 þús. kr.

Framkvæmdasjóður aldraða. Liðurinn hækkar um 5 millj. 210 þús. kr. og verður 40 millj. Fyrir fjárveitinganefnd hefur verið lögð áætlun um útlán sjóðsins á næsta ári og mun n. fjalla um hana þegar þing kemur saman eftir áramót.

Till. varðandi fjmrn. Uppbætur á lífeyri. Liðurinn hækkar um 543 þús. kr. í 225 millj. 963 þús. kr.

Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn. Liðurinn hækkar um 467 þús. og verður 1483 þús. Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur. Liðurinn hækkar um 312 þús. kr. í 922 þús. kr.

Efnahagsráðstafanir. Liðurinn lækkar um 70 millj. kr., en þessi upphæð færist á Húsnæðisstofnun ríkisins, þ. e. framlag til Byggingarsjóðs ríkisins.

Till. varðandi samgrn.

Lagt er til að liðurinn Vitastofnun Íslands hækki um 2.1 millj. kr., þar af fari 1 millj. til hækkunar á liðnum Vitabyggingar og 1.1 millj. kr. fari til hækkunar á liðnum Rekstur vitaskips.

Siglingamálastofnun. Laun hækka um 80 000 kr., en hér er um að ræða hálfa stöðu skipaskoðunarmanns á Höfn í Hornafirði. Önnur rekstrargjöld hækka um 100 000 kr., en eins og áður er getið er lagt til að skipaskoðunargjald hækki um 180 000 kr.

Við liðinn Ýmis framlög hjá sjútvrn. er lagt til að tekinn verði upp nýr liður, Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip 400 000 kr., og er gert ráð fyrir að þessari upphæð verði varið til rannsókna á möguleikum þess að hanna slíkt kerfi.

Veðurstofa Íslands. Liðurinn hækkar um 500 000 kr. og færist á viðfangsefnið Síma- og útvarpskostnaður.

Ekki eru fluttar brtt. varðandi vegamál, en af hálfu hæstv. samgrh. hefur komið fram að gert er ráð fyrir að vegáætlun verði lögð fram í upphafi þinghalds eftir áramótin. Áætlunin verði gerð með hliðsjón af þál. um langtímaáætlun um vegamál, sem samþykkt var á Alþingi 25. maí 1981. Samhliða mun verða lagt fram frv. um auknar tekjur til Vegasjóðs og um þessi mál mun verða leitað samráðs við stjórnarandstöðuna.

Þá eru till. varðandi iðnrn.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Stofnkostnaður hækki um 200 000 kr. vegna tækjakaupa.

Orkusjóður. Yfirfærslur, þ. e. framlög við B-hluta, hækka um 4 millj. kr., þar af hækkar liðurinn Lán til jarðhitaleitar um 1 millj. kr. og liðurinn Sveitarafvæðing um 3 millj.

Þá er lagt til að liðurinn Ýmis orkumál hækki um 3.5 millj. Þar er um að ræða nýjan undirlið Olíustyrkir vegna rafhitunar, þ. e. styrkir til að greiða niður verð á raforku sem framleidd er með olíu.

Hef ég þá rakið þær brtt. sem fjvn. flytur sameiginlega við 3. og 5. gr. fjárlagafrv. Við 6. gr., heimildargr., flytur n. allmargar brtt. sem birtar eru á þskj. 202 og 230. Ég tel ástæðulaust að lesa þær frá orði til orðs, en vísa til texta þeirra á þeim þskj. sem ég tilgreindi.

Af mistökum við prentun voru með till. fjvn. á þskj.

203, sem útbýtt var í morgun, greindar fimm heimildargr. sem áttu að vera á sérstöku þskj. og fluttar af hæstv. ríkisstj. Hér er um að ræða till. nr. 3.9, 3.10, 3.11, 6.16, og 6.17 á þskj., en þetta hefur verið leiðrétt.

Meiri hluti fjvn. flytur brtt. varðandi 5. gr. fjárlagafrv. Hún tekur til ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign. Þetta er á þskj. 203.

Er þar fyrst að telja brtt. varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna. Eins og áður er getið var í brtt. við 4. gr. gert ráð fyrir hækkun á framlagi úr ríkissjóði um 12 millj., en hér er ennfremur lagt til að lántaka sjóðsins verði hækkuð um 48 millj. kr. Nema framlög úr ríkissjóði og lántökur sjóðsins á næsta ári því alls 364 millj. 943 þús. kr.

Lögð er til lántaka hjá Síldarverksmiðjum ríkisins 36 millj. kr., en um þessar mundir er verið að ganga frá sérstakri lánaútvegun til annarra fiskmjölsverksmiðja sem orðið hafa fyrir fjárhagslegum skakkaföllum vegna hráefnisskorts.

Byggingarsjóður ríkisins. Eins og fram kom í brtt. við 4. gr. er gert ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði hækki um 70 millj. kr. og framlag til Byggingarsjóðs verkamanna hækki um10 millj.

Þá er lögð til lántaka Landakaupasjóðs kaupstaða og kauptúna um 1 millj.

Lagt er til að lántaka Kröfluvirkjunar hækki um 60 millj. kr. til framkvæmda.

Á liðnum Virkjunarrannsóknir er gert ráð fyrir hækkun lántöku um 25 millj. kr. í 46 millj. 783 þús. kr.

Hjá Orkusjóði er, eins og fram kemur í brtt. n. við 4. gr., gert ráð fyrir 1 millj. kr. hækkun á framlagi til jarðhitaleitar og 3 millj. kr. hækkun á framlagi til sveitarafvæðingar, en í brtt. meiri hluta nefndarinnar við 5. gr. er ennfremur gert ráð fyrir 2.5 millj. kr. lántöku Orkusjóðs til jarðhitaleitar og 6 millj. kr. lántöku til sveitarafvæðingar.

Eins og jafnan áður hafa tekju- og gjaldaáætlanir B-hluta fyrirtækja nú verið endurskoðaðar frá því fjárlagafrv. var lagt fram. Unnið hefur verið að nýrri rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir Ríkisútvarpið hljóðvarp/sjónvarp og er hún á áætluðu meðalverðlagi árið 1983. Undanfarin ár hafa taxtahækkanir á gjaldskrá auglýsinga verið nokkru hærri en almennar verðlagshækkanir, og hafa þessar auknu hækkanir skilað Ríkisútvarpinu nokkurri raungildisaukningu í tekjum. Rekstraráætlun fyrir árið 1983 miðast við að gjaldskrá fyrir auglýsingar hækki sem hér segir: 1. feb. 15%, 1. júní 15% og 1. okt. 15%.

Gerð hefur verið áætlun um kostnaðarauka af því að senda út sjónvarpsefni í júlímánuði og er niðurstöðutala þeirrar áætlunar samtals að fjárhæð 12.1 millj. kr. og yrði sú upphæð fjármögnuð með hærri afnotagjöldum ásamt auknu magni auglýsinga. Eins og rekstraráætlun sjónvarpsins er sett fram er þar gert ráð fyrir að útsendingar í júlímánuði hefjist á næsta ári. Gert er ráð fyrir að afnotagjald sjónvarps hækki um 60% og afnotagjald hljóðvarps um 55% frá yfirstandandi ári.

Í endurskoðaðri rekstrar- og fjárfestingaráætlun hjá Pósti og síma er gert ráð fyrir að almenn fjárfesting nemi 91.4 millj. kr. og hefur þá verið á því byggt að samþykkt verði í fjárl. heimild til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum og fjölsímum. Fjárfesting vegna lagningar sjálfvirks síma í sveitum samkvæmt lögum nr. 32/1981 er ráðgert að nemi 54 millj. kr. Þessi gjaldatala er miðuð við niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts, eins og gert er ráð fyrir í áðurnefndum lögum. Þá er gert ráð fyrir að greiðsluhalli stofnunarinnar verði jafnaður á næsta ári. Lántökur Pósts og síma eru áformaðar samtals að upphæð 54.5 millj. kr. sem er hækkun um 32% frá fjárlögum 1982. Tekjuáætlun fyrirtækisins er við það miðuð að gjaldskrá hækki um 9.5% 1. feb., 9.5% 1. maí, 9% 1. ágúst og 9% 1. nóv.

Gerð er till. um að framlag til Skipaútgerðar ríkisins hækki um 8 millj. 605 þús. kr. frá fjárlagafrv. 1983 og verði framlagið samtals að fjárhæð 39 millj. 525 þús. kr. Tekju- og gjaldaáætlun fyrirtækisins hefur verið endurskoðuð og er hún sett fram á áætluðu verðlagi næsta árs. Þá er gert ráð fyrir að gjaldskrárhækkanir verði sem hér segir: Í feb. 15%, mars 7%, ágúst 7% og í nóv. 7%.

Þá hefur gjalda- og tekjuáætlun Rafmagnsveitna ríkisins verið endurskoðuð miðað við áætlað verðlag á næsta ári og er gert ráð fyrir að gjaldskrárhækkanir fyrirtækisins verði sem hér segir: 12.5% í feb., 8.5% í maí, 8.5% í ágúst og 8.5% í nóv.

Þá er komið að brtt. meiri hluta fjvn. við 1. gr., greiðsluyfirlit ríkissjóðs og við 3. gr., tekjuhlið frv., á þskj. 231.

Við 1. gr. er flutt ein till., þ. e. við liðinn Lánahreyfingar út Seðlabanki Íslands. Liðurinn lækki um 40 millj. kr. í 60 millj.

Frá því að fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu í fyrra sinnið á fund fjvn., þ. e. hinn 30. nóv. 1982, þá lágu ekki fyrir innheimtutölur fyrir nóvembermánuð, hefur áætlun um nokkra liði tekjuhliðar frv. breyst við endurskoðun í samræmi við framvindu ríkissjóðstekna á síðustu mánuðum þessa árs, en innflutningur hefur verið talsvert meiri en áður var gert ráð fyrir auk þess sem tollhlutfall hefur reynst hærra en reiknað var með í fjárlfrv. Upplýsingar um vaxtatekjur benda til þess að þær hafi verið vanmetnar við gerð fjárlagafrv. Meiri hluti fjvn. flytur því till. um að hækka áætlun um tekjur ríkissjóðs í fyrsta lagi af aðflutningsgjöldum um 49.9 millj., í öðru lagi af söluskatti um 100 millj. í þriðja lagi af sérstöku vörugjaldi um 20 millj., í fjórða lagi af stimpilgjaldi um 10 millj., í fimmta lagi aukatekjum um 5 millj., í sjötta lagi af vöxtum um 40 millj. og í sjöunda lagi af ýmsum öðrum tekjum um 5 millj. Um 229.9 millj. kr. hækkun verður á tekjum samtals.

Verði brtt. meiri hluta fjvn. og samvn. samgöngumála samþykktar munu heildartekjur á fjárlögum ársins 1983 nema 13 milljörðum og 3 millj. kr., en heildarútgjöld 12 milljörðum 977 millj. kr. Rekstrarafgangur er þá 26 millj. og greiðsluafgangur 10 millj. kr.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til kreppufjárlaga fyrir árið 1983 er nú komið til síðustu umr. hér á hinu háa Alþingi. Frv. hækkar um 285 millj. kr. í meðförum Alþingis ef að líkum lætur. Það er upphæð sem einungis er 2.2% af útgjaldahlið frv. Til samanburðar ættu hv. þm. að hafa í huga að ríkisstj. úthlutaði aukafjárveitingum fram til októberloka sem nema tvöfaldri þessari upphæð eða rúmlega það. Ég held að það séu ekki neinar stjórnarandstöðuýkjur að þetta þýði á mæltu máli að það sé verið að taka fjárveitingarvaldið af Alþingi. Þessar aukafjárveitingar námu alls 542 millj. kr. til októberloka. Hér er um að ræða upphæð sem

er að sjálfsögðu á verðlagi ársins í ár, þegar verið er að ræða um aukafjárveitingar, en 285 milljóna hækkunin í meðförum fjvn. er á verðlagi fjárlagafrv.

Tekjur þessa fjárlagafrv. hafa verið hækkaðar í meðförum meiri hluta fjvn. um 230 millj. kr. til að mæta þessum útgjöldum. Þau vinnubrögð voru viðhöfð í sambandi við þessa áætlun um hækkun ríkistekna á næsta ári að meiri hluti fjvn. setti fram ákveðnar sundurliðaðar tölur um hækkun á tekjuáætlun frv., en áður hefur þetta farið þannig fram að fulltrúar Þjóðhagsstofnunar hafa komið á fund fjvn. með breytta tekjuáætlun. Nú er út af fyrir sig kannske ekki beint út á þetta að setja, en það sýnir að í rauninni er verið að loka ákveðnu formlegu gati á þessu fjárlfrv. með þessari tekjuáætlun. Afborganir til Seðlabankans voru síðan lækkaðar um 40 millj. kr. og þá kemur útkoman út. Rekstrarafgangur verður 28 millj. kr. eða 0.2% af útgjaldaliðum fjárlfrv. og greiðsluafgangur verður heilar 10 millj. kr. eða 0.07% af útgjöldum fjárlagafrv.

Ég sýndi fram á það við 2. umr. að miðað við umfang ríkisbúskaparins, eins og ríkisstj. hefur komið honum í með stefnu sinni, og með því stefnumarki, sem gengið er út frá í þjóðhagsáætlun m. a., að samneysla dragist ekki saman milli áranna 1982 og 1983, þá skorti 1000 millj. kr. upp á að endar nái saman í þessari fjárlagagerð. Ég vil því stinga upp á því við hæstv. fjmrh. — hann hefur nefnt þetta frv. kreppufrv. — að hann noti orðið „fjárlagahrip" svona öðrum þræði því þetta er hriplekt frv. og þau fjárl. sem byggjast á því verða að sjálfsögðu hriplek. Það skortir alla þessa fjárhæð á að hægt sé að ná endum saman miðað við þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur í ríkisfjármálunum og þrátt fyrir allar hinar gífurlegu skattahækkanir sem ég tíundaði við 2. umr.

Í þessari fjárlagaafgreiðslu eru auk heldur margir endar lausir. Hv. formaður n. Geir Gunnarsson gerði grein fyrir því hér að hæstv. samgrh. ætlaði að gefa hér yfirlýsingu um vegamál. Yfirlýsingin er fólgin í því, að þegar þing kemur saman verði vegamálin tekin sérstaklega fyrir og ekkert farið eftir væntanlegum fjárlögum. Strax og þing kemur saman, á fyrstu dögum þingsins, á að ómerkja fjárl. með því að gefa út yfirlýsingu um vegamál, sem alls ekki rúmast í þessum fjárlögum. Það á að gefa út yfirlýsingu um að leita skuli samráðs við stjórnarandstöðuna um að leggja nýja skatta á til að ná stefnunni fram í vegamálum, sem hæstv. ráðh. hefur m. a. manna mest gumað af, en samstaða náðist um á hinu háa Alþingi ekki síst fyrir forgöngu okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu. Það á sem sagt að ómerkja fjárlögin strax og þing kemur saman aftur. Það er út af fyrir sig kannske maklegt með fjárlög sem þessi eins og þau verða.

Mér er sagt að í einhverri n. sem fjallar um tekjuöflun til vegamála séu menn að velta fyrir sér nýjum skatti á bifreiðar. Nú á að fara þessa leið. Það á að skera niður á raunverulegum fjárlögum þjóðarinnar framlög til vegamála um að minnsta kosti 17% — 20% í nýframkvæmdum vega miðað við vegaframkvæmdir í ár og allt að 30% miðað við þá stefnu sem nýsamþykkt er á Alþingi. Þetta á að gera í fjárlögum þjóðarinnar. Síðan á að koma til stjórnarandstöðunnar og segja: Við þurfum nýjan skatt til þess að ná saman endum að því er varðar vegamálin. — Er nú hægt að viðhafa slík vinnubrögð eftir alla þá skattasúpu sem hæstv. núverandi ríkisstjórn hefur látið frá sér fara? Er hægt að koma svo til stjórnarandstöðunnar og segja: Þið verðið að styðja okkur í því af því að þetta er góður skattur. Við skerum niður framlögin sem koma í ríkissjóð af þessum skattahækkunum okkar, en þetta er góður skattur sem á að bæta þarna við. Við þurfum hann til að ná saman vegamálum og ómerkja þannig fjárlög fyrsta dag sem þing kemur saman á nýjan leik eftir áramót.

Þetta er aðeins dæmi um hvernig staðið er að þessari fjárlagaafgreiðslu nú. Ég endurtek það, að í þessum fjárlögum er um að ræða 17% — 20% samdrátt í framlögum til vegamála á næsta ári miðað við raunsæjar verðlagsforsendur, þ. e. 58% verðbreytingar á milli ára, og það er stefnt að allt að 30% niðurskurði á framlögum til vegamála miðað við þá langtímaáætlun í vegagerð sem hæstv. ráðh. hefur lagt fyrir Alþingi.

Ég vil nefna annað dæmi um hversu fráleit þessi fjárlagaafgreiðsla er. Í þskj. er að finna brtt. sem hljóða svo: „Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán allt að 850 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Lánsfénu er ætlað að verja til fjármögnunar í samræmi við endurskoðaða lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 allt að 240 millj. kr., til nauðsynlegra greiðslna á árinu 1983 samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1983 og til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og/eða sveitarfélaga í samráði við fjárveitinganefnd." Á 6. gr. fjárlaga á að setja slíka heimild. Í fyrsta lagi er litið svo á, að 6. gr. fjárlaga heimili ekki ríkisstjórn að taka erlend lán. Í öðru lagi undirstrikar þessi grein að það hafi ekki sést tangur eða tetur af lánsfjáráætlun fyrir næsta ár við þessa fjárlagaafgreiðslu, ekki stafkrókur, og engar upplýsingar um hvernig lánsfjáráætlun yfir yfirstandandi ár hefur verið framkvæmd.

Hér er náttúrlega um svo fráleit vinnubrögð að ræða að í raun ætti hæstv. forseti að stöðva slíka afgreiðslu, en á það reyndi við 2. umr. að hæstv. forseti mun ekki hafa vald til þess, og er það í sjálfu sér umhugsunarefni fyrir þm. að Alþingi skuli ekki geta tekið í taumana með þeim hætti þegar svona er að málum staðið.

Það er lærdómsríkt að fara yfir till. meiri hluta fjvn., sem að sjálfsögðu eru till. ríkisstj. en ekki þeirra valinkunnu manna sem þar sitja á bekk, um hækkun tekna á næsta ári. Það er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld eigi að hækka um 50 millj., söluskattur um 100 millj., sérstakt vörugjald um 20 millj., stimpilgjald um 10 millj., aukatekjur um 5 millj., ýmsar óvissar tekjur um 5 millj. og vaxtatekjur um 20 millj. Út úr þessu dæmi fá þessir ágætu menn 230 millj. kr. tekjuauka á næsta ári. Meginatriðið, þegar þessi tekjuauki er boðaður, er að hann á að byggjast á því að innflutningur aukist heldur frá því sem gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun.

En það er framar öllu stefnumark ríkisstj., að manni skilst, að draga úr viðskiptahalla. Þetta þýðir að ríkisstj. er að hopa að þessu leyti varðandi það sérstaka stefnumark sitt. Hún gerir ráð fyrir að innflutningur aukist umfram það sem gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun og að ríkissjóður hafi tekjur af því. Hér er um að ræða að ríkissjóður haldi áfram að hagnast á stórkostlegum innflutningi og veltu í þjóðfélaginu, sem stafar af eyðsluskuldasöfnun erlendis. Ríkisfjármálin hafa verið í formlegu jafnvægi undanfarin ár vegna þess að ríkissjóður hefur haft gífurlegar tekjur af þessari eyðsluskuldasöfnun erlendis og viðskiptahalla. Nú á að hopa í þessu með innflutningi.

Það er lýsandi dæmi og sýnir hversu lin tök eru á

efnahagsmálum þjóðarinnar að innflutningur vara minnkar í haust. Hann var 5% minni í september á föstu gengi en í sama mánuði í fyrra. Hann var 20% minni í október en í sama mánuði í fyrra reiknað á föstu gengi, en aðeins 2% minni í nóvember reiknað á sama hátt. Það dregur því miklu minna úr innflutningi en ríkisstjórnin telur sig stefna að og á þessum forsendum á að auka tekjur ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1983.

Það er sérstakt áhyggjuefni að allir þeir sem koma nálægt því að fjalla um efnahagsmál líta svo til, að það sé miklu dekkra útlit nú en var í haust að því er varðar viðskiptahalla við útlönd. Bæði verður afli minni á þessu ári og sennilega á því næsta en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun, auk þess sem markaðsaðstæður eru slæmar eins og menn vita. Þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að skreiðarmarkaðirnir opnist á næsta ári og það verði hægt að vinna skreið á venjulegan hátt. Þar er um að ræða hvorki meira né minna en 100 000 tonn, sem menn hafa verkað í skreið undanfarið. Bresti þessar forsendur þjóðhagsáætlunar, sem því miður ýmsar blikur eru á lofti um, þá má alveg eins búast við jafnmiklum viðskiptahalla á næsta ári og er í ár. Því miður hefur ríkisstj. enga tilburði uppi í því að sporna við þessu.

Það er sagt að þetta frv. sé kreppufrv. og þeir menn sem hafa tekið það orð sér í munn hafa haldið því fram að þau efnahagsáföll sem við Íslendingar höfum orðið fyrir á þessu ári og enginn neitar vegna minni afla en á metárunum 1981 og 1980 og eins vegna markaðsörðugleika séu þyngstu og mestu efnahagsáföll í áratugi. En sé gerður samanburður á efnahagsáföllunum 1967 — 1969 og 1974 — 1975 kemur í ljós að þetta er ekki rétt. Útflutningstekjutap þjóðarinnar nam á föstu verðlagi 1967 — 1969 hvorki meira né minna en 27.6%. Á árinu 1974 og 1975 minnkuðu útflutningstekjurnar, að teknu tilliti til viðskiptakjara, um tæp 13% reiknað á sama grundvelli. En í þjóðhagsáætlun er í ár gert ráð fyrir að útflutningstekjur okkar minnki frá því í fyrra um rúm 11%. Ýmsir hafa reiknað þetta dæmi og komist að hærri niðurstöðu, svipuðu útflutningstekjutapi og gerðist á árunum 1974 og 1975. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið að þetta ástand nú sé þyngsta efnahagsáfall sem yfir okkur hefur dunið á síðasta áratug. Efnahagsáfallið 1974 og 1975 var svipað, en efnahagsáfallið 1967 — 1969 langtum verra.

En það er annað, sem einkennir efnahagsmálin nú, sem er meira áhyggjuefni. Árið 1966 skulduðum við Íslendingar aðeins 9.9% af þjóðarframleiðslu okkar erlendis, nettóskuldastaða þjóðarbúsins var aðeins 9.9%. Árið 1973 var hún 17.8%, en nú er hún tæp 32% og talin fara í tæp 50% á næsta ári. Hér er um alvarlegt mál að ræða. Þess vegna er það rétt, sem stendur í fskj. með brbl. ríkisstj., að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir eru mjög illa í stakk búin til að mæta þessu áfalli nú. Það er vegna þess að erlendar skuldir þjóðarinnar voru komnar úr hófi fram áður en þetta áfall skall á, þrátt fyrir gífurlegan afla. Mesti afli sem um getur í Íslandssögunni kom á land árið 1981. Þá veiddum við tæp 7000 tonn af botnfiskum. Þorskafli var af því um 470 000 tonn og loðnuafli 64000 tonn. Það er óvænlegt að gera ráð fyrir að við getum aukið afla frá því sem er í ár, hvað þá hann fari fram úr því sem var á metárinu 1981, en í öll þau skipti sem yfir okkur hafa dunið efnahagsleg áföll höfum við bjargað okkur hreinlega á því að ausa meiri afla upp úr sjónum í hafinu í kringum okkur. Þetta er áhyggjuefni.

Ég vildi aðeins, herra forseti, gera grein fyrir því, að það ástand, sem við er að glíma nú og menn hafa talað um að sé mesta efnahagsáfall sem yfir okkur hefur dunið, hefur orðið til þess að hæstv. fjmrh. hefur kallað þetta frv. kreppufrv. Því miður er þetta kreppufrv. í allt annarri merkingu en hæstv. ráðh. vill vera láta. Ég hef gert grein fyrir að hvaða leyti þetta er kreppufrv. Við þekkjum að það er gífurlegt hættuástand í okkar atvinnu- og efnahagsmálum. Stórfelld hætta á atvinnuleysi er á næsta leiti. Því miður er ekki hægt að segja að þessi fjárlagagerð muni laga það ástand. Þvert á móti. Þetta frv. mun verða til þess að það skapast einn vandi enn. Hann er sá, að stjórna ríkisfjármálum af sæmilegu viti í gegnum þann ólgusjó sem efnahagsmál Íslendinga eru nú að ganga í gegnum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 er sorglegt. Það er í rauninni óraunhæfara en tárum taki. Reiknað er með tekjum sem ekki eru lagaheimildir fyrir, útgjöld eru vanáætluð og í þeim felst engin stefna. Þetta gerist á sama tíma og íslenskt efnahagslíf er í algerum ógöngum. Það er ekki of í lagt að segja að það sé í ógöngum, því undir það sjónarmið taka líka stjórnarsinnar.

Við Alþfl.-menn teljum að þetta frv. til fjárlaga sé í rauninni hámark kæruleysis og ábyrgðarleysis. Það er furðulegt að einhverjir stjórnmálaflokkar með ábyrgðartilfinningu skuli sjá sér fært að taka ábyrgð á þessu. Þingflokkur Alþfl. telur að frv. af þessu tagi þjóni ekki tilgangi. Það sé blekking. Í gær gerði þingflokkurinn af þessu tilefni svofellda samþykkt.

„Við afgreiðslu fjárlaga á undanförnum þingum hefur þingflokkur Alþfl. flutt brtt. um lækkun ríkisútgjalda, skattalækkanir og kerfisbreytingar í ríkisbúskapnum. Þ. á m. eru tillögur um lækkun niðurgreiðslna og útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir og um sparnað í starfsemi ýmissa opinberra stofnana. Alþfl. leggur enn og aftur áherslu á nauðsyn kerfisbreytingar á efnahagsmálum og uppstokkun á fjármálastjórn ríkisins til þess að náð verði árangri í efnahagsstjórn. Fyrirliggjandi fjárlagafrv. er hins vegar fjarri raunveruleikanum. Það boðar enga efnahagsstefnu. Þannig eru útgjöld áætluð svo lág, að meiri háttar kaupskerðingu þarf til að þau standist og gert er ráð fyrir tekjum af sköttum sem ekki eru lagaheimildir fyrir. Efnahagsframvindan er þar á ofan enn óvissari en nokkru sinni fyrr. Opinskátt er rætt um meiri háttar gengisfellingu um áramót þótt kaupskerðingarlög ríkisstjórnarinnar, sem öllu áttu að bjarga, séu enn í fullu gildi. Öll undirstaða þessa fjárlagafrv., bæði tekna- og gjaldamegin, er því reist á sandi blekkinga og óraunsæis. Fjárlög byggð á fölskum forsendum eru haldlaus og afgreiðsla þessa frv. því óraunhæf. Brtt. þjóna þá ekki tilgangi. Það sem þarf eru ný og önnur fjárlög. Þingflokkur Alþfl. mun því ekki flytja brtt. við þetta frv., þótt einstakir þm. hans flytji till. um minni háttar tilfærslur, en flokkurinn ítrekar enn nauðsyn gerbreyttrar efnahagsstefnu."

Þetta, herra forseti, er samþykkt þingflokks Alþfl. frá því í gær varðandi það frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 sem hér er til umfjöllunar.

Meginkjarninn er sá, að á undanförnum þingum hefur Alþfl. flutt brtt. við fjárlagafrv., en nú ofbýður okkur gersamlega það ábyrgðarleysi sem felst í fyrirliggjandi frv. fjárlög á fölskum forsendum eru vitaskuld haldlaus. Það er tilgangslaust að flytja brtt. um óraunhæf og hald-

laus fjárlög. Af þessum sökum munum við breyta frá venju fyrri ára og ekki flytja brtt. Það þarf algera uppstokkun, þ. á m. allt öðruvísi fjárlög, svo frábrugðin þeim sem hér eru til umfjöllunar til þess að ná árangri í efnahagsstjórn að því verður ekki komið í kring með einföldum brtt.

Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að þm. séu nú orðnir fangar vanans. Þeir samþykki efnahagsstefnu og fjárlagafrv. ár eftir ár, sem öll eru með sama markinu brennd — því marki sem brennt hefur undirstöðurnar undir íslensku efnahagslífi á undanförnum árum í nærfelldan áratug. Og enn, herra forseti, er hugmyndin að hjakka í sama farinu — því fari óraunsæis og bráðabirgðareddinga sem hefur einkennt undanfarin ár, nærfellt undanfarinn áratug, en hefur náð hámarki á síðustu misserum þar sem ekki fá að líða nema tveir til þrír mánuðir frá einni efnahagsráðstöfuninni til hinnar næstu. Muna menn ekki að undir lok ágústmánaðar sagði ríkisstj.: Nú hefur öllu verið bjargað. Við höfum komið okkur saman um víðtækar ráðstafanir. Samt er það svo, að menn tala opinskátt um að þegar um næstu mánaðamót, fáeinum mánuðum síðar, þurfi að grípa til víðtækra aðgerða. Þessi stefna, þessar starfsaðferðir hafa gersamlega gengið sér til húðar. Það er fylgt úreltri stefnu. Það eru steinrunnin sjónarmið sem lögð eru til grundvallar. Af því fæst ekki árangur.

Það sem verra er, herra forseti, er það, að þetta óraunsæi, þessar stöðugu bráðabirgðalausnir koma í veg fyrir að það sé hafist handa um skynsamlega og varanlega stefnumörkun. Þær standa í veginum fyrir því að menn taki á hinum raunverulegu vandamálum. Við Alþfl.-menn leggjum áherslu á að það er orðið meira en tímabært að menn stígi nú skref inn í nýjan tíma og að þetta fjárlagafrv., sem hér er til afgreiðslu, verði seinasti bautasteinninn um úrelta stefnu, síðasti fulltrúi hins liðna tíma, seinasti minnisvarðinn. Það er meira en mál að stjórnmálaflokkar átti sig á að þeir mega ekki lengur láta fjötra sig af vananum, þeim aðferðum sem notaðar hafa verið fram að þessu og ekki hafa skilað betri árangri en raun ber vitni þannig að enn stefnir í verra ástand en nokkru sinni fyrr.

Ég ætla ekki að nefna neinar tölur í þessu sambandi, enga verðbólguspá, engar niðurstöður fjárlaga, engar prósentutölur um hlutfall ríkisútgjalda. Ég get samt ekki látið hjá líða að minnast eilítið á erlenda skuldasöfnun, þótt með óbeinum hætti sé.

Það er talið að erlendar skuldir Mexíkóríkis séu 1000 Bandaríkjadalir á hvert mannsbarn. Þetta land býr ekki síður við gjöfular auðlindir en Ísland. Þetta land er komið á hausinn. Þessu landi þurfa erlendar lánastofnanir að fara að bjarga. Þó á það gífurlegar auðlindir, t. d. í olíulindum. Íslendingar, íslenska þjóðin, skulda fjórum sinnum meira á hvert mannsbarn en þetta land, sem komið er á hausinn. Okkar skuldir á hvert mannsbarn eru ekki 1000 Bandaríkjadalir eins og í Mexíkó, heldur 4000 dalir.

Hugsum um það, hvenær röðin kemur að okkur með þessu áframhaldi. Börðumst við ekki harðri baráttu fyrir sjálfstæði? Erum við að varpa því fjöreggi frá okkur? Þetta hlýtur að eiga að vera efst í huga hvers einasta alþm. Það sem gerst hefur í Mexíkó er aðvörun til okkar. Það er aðvörun til okkar um að gæta að okkur. Ef fram vindur sem horfir megum við búast við því að það verði ekki einungis sagt um þessa kynslóð að hún hafi tekið að láni hjá fyrri kynslóð allt sem hún gat af henni tekið og eytt því upp, heldur líka að hún hafi fórnað framtíð þjóðarinnar fyrir stundarhag.

Herra forseti. Það er margt sem þyrfti að breytast í íslensku efnahagslífi. Ég skal ekki fjölyrða mjög um það, en svo mikið er víst, að við verðum að snúa af þeirri braut sem hér hefur verið fylgt um sífellt aukna erlenda skuldasöfnun. Við verðum að kunna að umgangast landið og auðæfi af varfærni og nærgætni og horfa til framtíðarinnar varðandi stjórn á hinum ýmsu þáttum atvinnulífsins.

Ég nefni þar stjórnina á fiskveiðum. Ég nefni það að gefnu tilefni vegna þeirra atburða sem hafa verið að gerast á þessu ári. Vegna þess að við oftókum okkur á síðastliðnum tveimur árum horfum við nú upp á aflabrest og hrun fiskstofnsins. Ekki voru þær ákvarðanir síðustu tveggja ára teknar með framtíðina í huga.

Ég horfi líka upp á það, að við höfum eytt gróðri landsins á sama tíma og við höfum notað hann til að framleiða afurðir sem við komum ekki í verð nema skattleggja okkur sjálf í ríkum mæli. Þetta er að kunna ekki fótum sínum forráð. Þetta er að kunna ekki að horfa til næstu kynslóðar. Það er af þessum sökum sem við stöndum nú verr en nokkru sinni fyrr.

Við höfum ekki kunnað verja afrakstri þjóðarbúsins með skynsamlegum hætti. Braskfjárfesting hefur blómgast á Íslandi. Það hefur ekki blómgast skynsamleg fjárfesting í uppbyggingu arðbærra atvinnugreina, ekki þeirra greina sem verða til að treysta lífskjörin í landinu og gera okkur mögulegt að ná þeim árangri í því að jafna kjörin og treysta afkomu fólksins, sem ég ætla að vona að allir þm. vilji stefna að. Þetta er harður dómur, en þetta er samt sannleikur.

Við höfum verðlaunað menn fyrir að skulda. Við höfum refsað mönnum sem hafa sparað. Ekkert heilbrigt efnahagslíf verður byggt á þeim grunni. Það er líka harður dómur yfir þessu þingi að þannig skuli hafa verið haldið á málunum.

Það hefur verið allt of ríkt í hugum þm. að horfa á hagsmuni skuldaranna og velta því fyrir sér varðandi hverja einstaka krónu og hverja einustu vaxtaprósentu hvernig skuldararnir kæmu út. En þeir sem sparað hafa hafa gleymst. Þetta þýðir óraunhæfa fjármálastjórn. Á þessum grunni verður ekki byggt heilbrigt efnahagslíf. Af þessum sökum hafa menn komið sér í þær stellingar að venjulegt fólk á Íslandi getur ekki eignast þak yfir höfuðið vegna þess að skuldakóngarnir þurfa að fá meira vegna þess að atvinnulífið sem er á hausnum verður að fá meiri niðurgreidda peninga sem ekki er hægt að ætlast til þess að nokkur maður spari lengur. Þetta eru meinsemdir íslensks efnahagslífs.

Herra forseti. Af þessari braut verður að snúa. Alþfl. hefur lagt ríka áherslu á að taka yrði upp gerbreytta stefnu í efnahagsmálunum, að sú röð bráðabirgðalausna sem menn hafa fylgt á undanförnum árum og nú er að ná hámarki sínu gæti ekki gengið lengur, að menn verði að vinda ofan af þeirri þróun, að menn verði að hafa það fyrst og fremst í huga að skapa heilbrigt efnahagslíf, þar sem arðbærir atvinnuvegir gætu orðið undirstaða kjarajöfnunar og kjaraöryggis.

Þessa stefnubreytingu verður íslenska þjóðin að fá. Þau fjárlög sem hér eru til afgreiðslu gefa enga vísbendingu um slíka stefnubreytingu. Þvert á móti eru þau

minnisvarði um úrelta og steinrunna stefnu sem er að stefna þessari þjóð í voða, sem er að stefna henni í sama far og það ríki í Ameríku, Mexíkó, sem ég minntist á áðan, hjakkar í. Þessu verður að linna. Um það verða allir þm. að sameinast og safna þjóðinni í kringum sig til að ná raunverulegum árangri, svo við glötum ekki sjálfstæði okkar, heldur getum byggt hér betra mannlíf.

Frsm. samvn. samgm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samvn. samgm. hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabóta vegna vöru- og fólksflutninga á hinum einstöku svæðum, svo sem Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði, Faxaflóa og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Ennfremur hefur n. fjallað um erindi, er borist hafa, vegna vetrarflutninga á landi, svo sem til rekstrar snjóbifreiðar eða vegna mikils snjómoksturs, þar sem erfitt reynist viðkomandi byggðarlögum að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar.

Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið verulega rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra sem að dómi n. eru verst settir að þessu leyti.

Þótt ekki verði komist hjá fjárstuðningi við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, ber nauðsyn til að endurskipuleggja ýmsa þætti þessara mála, þar sem flutningaþörfin er á sumum svæðum önnur en áður var. Ennfremur er nauðsynlegra að halda uppi nokkurn veginn reglulegum samgöngum. Leggur n. áherslu á að þessi mál séu öll skoðuð í því augnamiði að reyna að koma á meiri hagræðingu og meira samræmi á þessa flutninga en hefur verið og einnig að það komi fram hvernig það fjármagn sem er veitt á vegum n. nýtist.

Í þessu sambandi er rétt og nauðsynlegt að vekja athygli á þeim mikla aðstöðumun sem menn búa við í þessu efni, sem m. a. kemur fram í því, að Vegagerðin heldur opnum aðalleiðum alveg á sinn kostnað, þó að það sé mismunandi marga daga í hverjum mánuði á hinum ýmsu leiðum sem hún mokar þessa vegi, en aukavegirnir eru ekki opnaðir öðruvísi en sveitarfélögin á hverjum stað standi undir þeim kostnaði að hálfu leyti. Hafa ber í huga að í sumum sveitarfélögum er það þannig, að aðalleiðin liggur eftir endilangri byggðinni, en önnur sveitarfélög hafa alls ekki aðalleiðir innan sinna marka og verða þess vegna íbúar þeirra héraða að halda uppi snjómokstri einvörðungu með þeim hætti sem að framan greindi eða að því leyti að borga helminginn af kostnaði við moksturinn.

N. bárust rúmlega 60 umsóknir. Halldór S. Kristjánsson, deildarstjóri í samgrn., og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundi n. og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu n. að verulegu gagni. Fyrir hönd n. vil ég færa þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

Skal nú gerð grein fyrir hinum einstöku þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ. e. flutninga á sjó. Hvort tveggja er, að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns, sem n. úthlutar, og svo hitt, að um allt það, sem lýtur að sjóflutningum, hefur n. mjög góðar upplýsingar, þótt ýmsir aðrir aðilar, er styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent n. greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar, og er það raunar breyting til verulegra bóta.

Ennfremur hafði n. þann hátt á að ræða við og fá frekari upplýsingar hjá þm. hvers kjördæmis um þær umsóknir, sem lágu hjá n. og voru ekki að dómi n. nægjanlegar upplýsingar um, og í mörgum tilvikum hafði n. samband við þá aðila, sem sendu umsóknirnar, til frekari upplýsinga.

Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram hvað aðstöðumunurinn er geysilega mikill í sambandi við þessi mál og er n. fullkomlega ljóst að full ástæða væri til þess að þessir styrkir væru verulega hærri til að minnka þennan aðstöðumun. En hitt ber einnig að líta á, að margir munu þeir sem ekki eru miklu betur settir, sem enga umsókn hafa sent.

Þá ætla ég aðeins að ræða um hina stærstu þætti, fyrst Akraborg.

Á árinu 1981 var hagnaður af rekstri Akraborgar 205 þús. kr., sem er nokkru lakari niðurstaða en var 1980. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok var eigið fé félagsins neikvætt um tæpar 5 millj. kr. Í lok október á þessu ári var hagnaðurinn af rekstrinum 425 þús. kr. og þá búið að taka tillit til vaxtagjalda að fjárhæð 2.6 millj. Rétt er að benda á að tveir síðustu mánuðir ársins eru erfiðir í rekstri, minni flutningar og aukinn tilkostnaður.

Nýtt skip, nýja Akraborgin, var tekin í notkun í júní á þessu ári, en gamla skipið er enn óselt.

Skallagrímur hf. fer fram á verulegan styrk á næsta ári. Í bréfi fyrirtækisins kemur fram að samkomulag hefur náðst við Ríkisábyrgðasjóð um að ríkisstyrkurinn skuli renna óskiptur til greiðslu lána hjá sjóðnum. Hér er því í rauninni um stofnstyrkbeiðni að ræða. Í fjárlögum í ár er veittur 1 millj. kr. rekstrarstyrkur og 800 þús. kr. í stofnstyrk. Af þessari fjárhæð fékk Ríkisábyrgðasjóður 2.1 millj. Samkvæmt upplýsingum Ríkisábyrgðasjóðs nema skuldir vegna gömlu Akraborgarinnar 1. nóv. s. l. um 11 millj. kr. Búið er að ganga frá samningi vegna hluta þessara skulda. Vegna kaupa á nýju Akraborginni eru nú vextir af erlendu láni í vanskilum 11 millj. 959 kr., en lánið allt er um 39 millj. í íslenskum krónum. Afborgun er ekki fallin í gjalddaga. Hætt er við að fyrirtækið stefni í svipuð vanskil við Ríkisábyrgðasjóð og var vegna kaupa á gömlu Akraborginni á sínum tíma. Ákvörðun var tekin hér í Alþingi um þessi kaup og er alveg sýnilegt að það þarf að taka þetta mál allt saman til skoðunar.

Baldur er nú eingöngu í ferðum á Breiðafirði eftir að útgerð bátsins hætti Reykjavíkurferðum. Ferðir þessar, sem Baldur fór, voru samtals 125 tíu mánuði þessa árs. Farþegum hefur aðeins fjölgað og einnig bifreiðum.

Nýtt skip var og er hugsað að reyna að kaupa í staðinn fyrir Baldur. Það kom fram í fyrra í umr. um þetta mál að þetta skip væri mjög dýrt og mjög óhentugt í öllum rekstri. Það verður ekki komist hjá því, til þess að þessi rekstur geti gengið og sú þjónusta sem ákveðin hefur verið og hefur verið veitt undanfarin ár, að veita þarna verulegan rekstrarstyrk, en til viðbótar mun svo koma, ef um ný kaup verður að ræða, að ríkið mun þurfa eins og hvað snertir hin skipin, bæði Hríseyjarferju og Drang, að standa undir stofnkostnaði að öllu leyti.

Það má segja að það hafi komið fram í sambandi við áætlanir allra þessara báta á undanförnum árum að þeirra áætlanir, þegar upp er staðið, hafa algerlega

staðist. Í því sambandi má benda á það með Fagranesið, að sú áætlun stóðst á yfirstandandi ári fullkomlega. Það voru skorin 6% af styrknum, en fyrirtækið þurfti að fá aukafjárveitingu sem því nam á þessu ári.

Í sambandi við Hríseyjarferjuna voru á fjárlögum yfirstandandi árs 375 þús. kr. í greiðslu, en það kemur í ljós að rekstur Hríseyjarferjunnar var mjög erfiður og hefði þurft að hækka þennan styrk meira en n. leggur til. Hún leggur til að þessi styrkur verði tvöfaldaður á þessu ári, en sýnilegt er að það er ekki nóg miðað við reynslu liðinna ára og sérstaklega þessa árs. Í því sambandi er rétt að undirstrika að olíukostnaður hækkar um helming eða um það bil. Þar sem þarf að standa undir erlendum lánum hefur t. d. Bandaríkjadalur hækkað á árinu um tæplega 100%, en aðrir gjaldmiðlar minna.

Aðalvandamálið í sambandi við þessa báta alla er þó Herjólfur. Í fjárlögum síðastliðins árs var í 6. gr. heimilað að semja við bæði Herjólf og Skallagrím vegna þeirra vanskila sem eru hjá Ríkisábyrgðasjóði. N. er ekki kunnugt um að þessi heimild hafi verið notuð gagnvart Herjólfi, en hins vegar, eins og fram kom áðan, var hún notuð gagnvart Akraborg. Samkvæmt upplýsingum Ríkisábyrgðasjóðs 14. desember námu skuldir Herjólfs við Ríkisábyrgðasjóð 1. desember 61.2 millj. Með áföllnum vöxtum til áramóta yrði skuldin 66.7 millj. eða hækkaði í þessum mánuði um 5.5 millj. eða um 177 600 kr. hvern dag. Hér er mál sem þýðir ekki að víkja sér undan að taka á. Kom fram í n. að menn voru sammála um að það mundi ekki þýða annað en ríkið tæki á sig þessa skuld. Þó að nú séu ætlaðar til Herjólfs 7.9 millj. í styrk, þá er það einvörðungu til rekstrar. Nauðsynlegt er því að ganga frá þessu máli eða reyna finna leiðir, því það þýðir ekki að láta þetta standa svona.

Það er ekkert nýtt að segja um Mjóafjarðarbátinn. Hann hefur haldið uppi ferðum allan ársins hring milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar og ennfremur til Dalatanga þegar ófært er landleiðina þangað, sem er að jafnaði 5 til 6 mánuði á ári hverju.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að fara ofan í þessa liði frekar. Ég vitna aðeins til þess nál. sem n. hefur skilað hér og hv. þm. hafa fengið. Ég vil taka fram að mjög ítarlega var fjallað um hverju umsókn og full samstaða náðist í n. um hverja fjárveitingu. Frá fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, sem er sú tala sem var sett í fjárlög núna, leggur n. til að þarna verði um verulega hækkun að ræða eða um 79% hækkun á þessum lið. Í staðinn fyrir 17 millj. 296 þús. komi 30 millj. 961 þús., sem skiptist og er sundurliðað á þskj. 207. Ég sé ekki ástæðu til að vera að lesa upp hina lægri styrki, aðeins bátana. Menn hafa þessar tölur fyrir framan sig.

Það er till. n. að Akraborgin fái í styrk á næsta ári 3 millj., Baldur 4 millj., Fagranesið 3 millj. og 700 þús. og Hríseyjarferjan 1 millj. 850 þús., en af þeirri upphæð fer til rekstrar, eins og ég sagði áðan, 750 þús. Hitt er samkvæmt uppgefnum tölum frá Framkvæmdastofnun ríkisins út af þeim skuldum sem stofnað var til vegna smíði bátsins. Þá er Drangur. Það kom nýtt skip á árinu og vegna stofnstyrks þess þarf 5 millj. og 500 þús., en til rekstrar 1 millj. og 800 þús., en sá liður hækkar minnst af öllum þessum rekstrarliðum eða aðeins um 28%. Það er vegna þess að það þarf færri menn á nýja skipið en á gamla Drang. Til Mjóafjarðarbátsins leggur n. til að fari 630 þús. og, eins og ég sagði áðan, til reksturs Herjólfs 7 millj. og 900 þús.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Fyrir hönd beggja menntmn. Alþingis mæli ég fyrir brtt. á þskj. 200 um deilingu heiðurslauna listamanna samkv. ákvörðun Alþingis. Í fjárlagafrv. er ætlað til þessara launa 1 millj. og 200 þús. kr.

Menntmn. hafa orðið sammála um að þessi laun hljóti 15 menn. Það er sama tala og var í síðasta ári. Af skránni hefur fallið Ásmundur Sveinsson, sem við öll vottum virðingu okkar, en inn á skrána hefur komið Sigurjón Ólafsson. Þeir menn sem nefndirnar gera till. um að hljóti þessi heiðurslaun eru: Finnur Jónsson, Guðmundur Daníelsson, Guðmundur G. Hagalín, Halldór Laxness, Indriði G. Þorsteinsson, Kristmann Guðmundsson, María Markan, Ólafur Jóhann Sigurðsson, Sigurjón Ólafsson, Snorri Hjartarson, Stefán Íslandi, Svavar Guðnason, Tómas Guðmundsson, Valur Gíslason, og Þorvaldur Skúlason.

Heiðurslaunin nemi 80 þús. kr. til hvers.

Ég vil geta þess að hv. formaður menntmn. Ed., Ólafur Ragnar Grímsson, gat ekki vegna fjarveru sinnar af landinu verið viðstaddur afgreiðslu málsins né heldur hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen.

Herra forseti. Ég vænti þess að þessi till. gangi sína leið. Ég hef lokið máli mínu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki verða langorður um fjárlagafrv. sem nú er hér til 3. umr. Hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, hefur þegar gert grein fyrir viðhorfum Sjálfstfl. til þeirra efnahagsforsendna sem fjárlagafrv. hvílir á og jafnframt sérstaklega gert grein fyrir því hvernig breytingar á tekjuáætlun eru fundnar. En að baki þeim breytingum stendur ekkert nema hugmyndaflug meiri hl. fjvn. Jafnframt hefur hann lýst því að frv. til lánsfjárlaga og fjárfestingaráætlun liggur ekki fyrir, en með því frv. er auðvitað verið að marka umfang ríkisumsvifanna ekki aðeins á næsta ári heldur um alla framtíð, því að auðvitað hljóta fjárlögin að taka mið af því hve mikil lán verða tekin á næstunni.

Þar á ofan kemur það í ljós — og kom fram í máli hans — að ef standa á við vegáætlun, eins og samið var um á milli þingflokkanna að gert yrði og samþykkt var í þál. á síðasta þingi, þá þarf að finna nýjar tekjur. Og það var ekki fyrr en seint í gærkveldi sem boð komu um það frá hæstv. samgrh. að leitast ætti við í samráði við stjórnarandstöðuna að finna slíkar tekjur til þess að hægt væri að standa við þál. sem samþykkt var einróma á hv. Alþingi. Þannig er einn liðurinn tekinn út úr og nú á að leita samráðs og samstarfs við stjórnarandstöðuna um hann. En það hefur ekki verið gert í öðrum málum þrátt fyrir þá vitneskju að hæstv. ríkisstj. hefur þegar tapað starfhæfum meiri hluta á Alþingi og hefur ekki afl atkvæða til að fylgja lagafrv. fram.

Við 2. umr. fjárlaga var talsvert deilt hér um verðlagsforsendur eða reiknitölu frv. Þar var sýnt rækilega fram á að reiknitalan sem notuð var í frv., 42%, er ekki í neinu samræmi við verðbólguspá. Ef taka á mark á reiknitölunni og jafna henni til verðbólguspár eða eðlilegra verðlagsforsendna þá gerir hún ráð fyrir því að verðbólga frá upphafi til loka næsta árs verði 20—25%. Á þessu þarf að vekja athygli, einkum og sér í lagi vegna þess að forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Ólafur Davíðsson, hefur á opinberum vettvangi látið hafa eftir sér að líkast til verði verðbólgan á bilinu 60—80% á næsta ári, mæld

frá upphafi til loka árs í auknum framfærslukostnaði. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir á hvers konar grundvelli þessi fjárlagagerð stendur.

Ef vikið er frá ummælum Ólafs Davíðssonar, sem miðuðust við það að ekki yrðu gerðar sérstakar efnahagsráðstafanir til þess að færa verðbólguna niður umfram þær sem gerðar voru í ágúst í sumar má benda á plagg sem kallað er þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsrh. lýsti í haust. Í þjóðhagsáætlun kemur fram að verðbólgan á næsta ári er áætluð mun hærri en 20—25%. Samkvæmt þjóðhagsáætluninni eða í samræmi við hana hefði reiknitalan þurft að vera 58% til þess að hún næði því að vera það sem kalla mætti verðlagsforsendur fyrir fjárlagagerð. Það er því hægt að segja þá sögu um þetta atriði, að hæstv. ríkisstj. tekur greinilega ekki mark á sjálfri sér, fylgir ekki fram þeirri stefnu sem kemur fram í þjóðhagsáætlun við gerð fjárlagafrv.

Auðvelt yrði að reikna það út að það vanti u. þ. b. 1 milljarð til þess að tekjur mæti gjöldum í þessu frv. ef frv. er fært upp á verðlag sem fengið er úr þjóðhagsáætluninni. En við gerum ráð fyrir að í stað reiknitölunnar 42% verði sett 58% kemur sem sagt í ljós að talsvert vantar á að fjárlögin standist. Auðvitað verður dæmið ekki gert upp með þeim hætti að halli verði á ríkissjóði um 1 milljarð á næsta ári. Þetta verður ugglaust leyst annaðhvort með hærri sköttum eða nýjum eyðslulánum eða niðurskurði.

Reyndar mátti ráða það af máli hæstv. fjmrh. að ætlunin er að láta reiknitöluna skera niður. Gerist það þá með þeim hætti að aðeins laun í frv. verða verðbætt. Aðrir liðir, önnur rekstrargjöld og stofnkostnaður, verða ekki verðbættir. Þannig gerist það enn á ný sem gerðist á s. l. ári og árið þar áður, að mikil tilfærsla verður á milli útgjaldaliða fjárlagafrv. Smám saman stefnir í það að þær tekjur sem ríkið aflar standa aðeins undir rekstri en engan veginn undir stofnkostnaði. Sú meginstefna ríkisstj. hvílir að miklu leyti á svokallaðri niðurtalningu, en það hugtak var fundið upp af Framsfl. fyrir síðustu kosningar.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. er það nákvæmlega rakið hvernig átti að ná verðbólgunni niður með því að setja fyrst hámark á hækkun m. a. gjaldskrár opinberra fyrirtækja og verðlags í landinu. Þessari stefnu var reynt að fylgja fram á s. l. ári, árið 1981, og framsóknarmenn, þ. á m. hæstv. viðskrh., hældu sér af því að einmitt á því ári hefði verið fylgt fram þeirri stefnu sem Framsfl. hefði barist hvað mest fyrir.

Á þessu ári kemur í ljós hver afleiðing þeirrar stefnu er. Flestöll opinber fyrirtæki eru rekin með bullandi halla. Hjá Áburðarverksmiðjunni vantar 80—100 millj. kr., sem verður að ná með lánum, Sementsverksmiðjan er stórskuldug, hjá Rafmagnsveitum ríkisins vantar 30—40 millj. kr. og veitustofnanir eins og Hitaveita Reykjavíkur eru nánast komnar undir hamarinn. Það er furðulegt að fyrirtæki sem gæti verið eitt besta fyrirtæki landsmanna, Hitaveita Reykjavíkur, líður önn fyrir það í ár að fylgt hefur verið óraunsærri niðurtalningarstefnu Framsfl. Fyrir vikið hefur það gerst að myndast hefur eins konar uppistöðulón verðbólgunnar, stundum kallaður uppsafnaður vandi, sem gerir það að verkum að á næsta ári er ráðgert að mörg opinber fyrirtæki þurfi gjaldskrárhækkanir langt umfram almennar verðlagshækkanir.

Þetta vildi ég sérstaklega taka fram því að af þessu sést glöggt hvernig ríkisafskipti af verðmyndun hafa leitt til þess að opinber fyrirtæki berjast nú í bökkum. Þetta er jafnframt ein besta sönnun þess, að sú stefna sem Framsfl. boðaði fyrir síðustu kosningar, niðurtalningarstefnan, stenst ekki raunveruleikann.

Herra forseti. Með tilvísun til ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárusar Jónssonar, tel ég ekki ástæðu til að hafa mörg fleiri orð um fjárlagafrv. hér við 3. umr. Það hefði þó vissulega verið ástæða til að ræða fremur um nýjar aðferðir og ný vinnubrögð við fjárlagagerð, en það verður látið bíða betri tíma. Jafnframt hefði þurft að leggja meiri áherslu á það hvernig fjárveitingavaldið hefur smám saman verið að færast til framkvæmdavaldsins frá Alþingi. Í því sambandi má benda á að aukafjárveitingar eru líklega þrisvar til fjórum sinnum hærri tala en fjárlagafrv. hækkar hverju sinni í meðförum Alþingis.

Slík vinnubrögð þarf auðvitað að endurskoða. Tel ég að það hljóti að vera eitt af brýnustu verkefnum nýrrar ríkisstjórnar, sem tekur við á næsta ári, að athuga þessi vinnubrögð vandlega. Það er ekki hægt að ætlast til að hæstv. ríkisstj., sem hlýtur að hverfa af vetvangi innan tíðar, taki þetta í sínar hendur.

Aðalatriðið í minni ræðu var þó að undirstrika afleiðingar niðurtalningarstefnunnar, hvernig sú stefna hefur leikið opinber fyrirtæki, einkum og sér í lagi vegna rangra gjaldskrárákvarðana.

Að allra síðustu vil ég nota tækifærið til að þakka meðnm. mínum í hv. fjvn. fyrir ánægjulegt samstarf sem hefur verið mjög gott í vetur eins og fyrri ár. Vil ég sérstaklega færa formanninum þakkir fyrir frábæra verkstjórn. Það er ljóst að hv. þm. Geir Gunnarsson hefur stýrt þessu starfi nú sem endranær með þeim hætti að fáir fara þar í hans föt.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Við 2. umr. þess frv. sem hér er nú til lokaafgreiðslu gerði ég grein fyrir afstöðu Alþfl. til þess og forsendum sem þar liggja að baki. Ég skal ekki fara mikið út í frekari tölur þar um við þessa umr. Þó er sérstök ástæða til að ítreka að meginforsendur frv. eru vægast sagt hæpnar. Tel ég að í ljós eigi eftir að koma fljótlega á næsta ári hve mjög hæpnar þær eru.

Ég hef áður bent á það, og hefur það raunar komið fram víðar, að með fjárlagaafgreiðslu eins og hér er nú verið að leggja síðustu hönd á er meira og minna stefnt í að setja upp við hliðina á hinum eiginlegu fjárlögum ríkisins önnur fjárlög með alls konar aukafjárveitingum sem framkvæmdavaldið hefur að meira eða minna leyti alveg í sínum höndum.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því við síðustu umr. þessa frv. að það eru vægast sagt ólíkar forsendur sem gengið er út frá. Annars vegar er hin svokallaða reiknitala lögð til grundvallar hækkunum á ýmsum liðum. Hins vegar virðist afgreiðsla á ýmsum B-hluta fyrirtækjum ríkisins, t. d. Pósti og síma, Rafmagnsveitum ríkisins, Ríkisútvarpinu og Skipaútgerðinni grundvallast á verulega hærri forsendum en frv. sjálft gerir ráð fyrir. Þetta átti eftir að koma í ljós.

Ég ítreka það sem raunar hefur komið fram við þessa umr. af hálfu Alþfl., að hann telur brýnustu nauðsyn á því að breytt verði bæði um stefnu og vinnubrögð varðandi fjárlagagerðina. En það eru örfá atriði sem mér finnst ástæða til að víkja að örfáum orðum við lokaafgreiðslu þessa máls. Það hefur komið fram hjá meiri

hlutanum sem að þessu frv. stendur að tekjuhækkunin sem á frv. verður er 230 millj. kr. Þykir ýmsum sem forsendur fyrir þeirri tekjuaukningu séu ærið hæpnar, að ekki sé meira sagt.

Fyrir röskum hálfum mánuði komu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar á fund fjvn. þar sem þeir gerðu eins og venjulega grein fyrir þeim spám sem fyrir liggja á þessum tíma. Kom það fram hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar að eftir að fyrstu sjö mánuðir ársins voru liðnir hefðu menn metið þær niðurstöður sem þá lágu fyrir. Forstöðumaðurinn upplýsti að ekkert hefði komið fram á þeim tíma sem þá var liðinn af árinu sem gæfi vísbendingu um að tekjuaukning yrði umfram hinar fyrri spár Þjóðhagsstofnunar. Ef eitthvað væri, þá benti ýmislegt frekar til þess að tekjur ríkisins minnkuðu en yxu ekki á næsta ári. Þannig var útlitið fyrir u. þ. b. hálfum mánuði. Eigi að síður er nú komin hér á borð hv. þm. tekjuspá meiri hlutans um þessa aukningu frá því sem frv. gerir ráð fyrir.

Það var spá Þjóðhagsstofnunar að fremur mundi síga niður á við á tekjuhliðinni en að um auknar tekjur yrði að ræða. Var þar m. a. bent á nýjustu spár Hafrannsóknarstofnunar um aflamagnið. Markaðshorfur væru einnig þrengri en gert hafði verið ráð fyrir og í heild tekið mætti frekar gera ráð fyrir að þetta færi allt niður á við. Það kom einnig fram að ef þær forsendur ættu að vera réttar sem hér er byggt á yrði ekki annað séð en að á næsta ári yrði um 7% rýrnum kaupmáttar að óbreyttu ástandi. Forsendur frv., sem byggt er á, þýddu um 7% kaupmáttarrýrnum á árinu 1983. Það er ekkert lítið.

Það er við þessar aðstæður sem hæstv. ríkisstj. leggur til að frv. til fjárlaga ársins 1983 verði samþykkt. Það upplýstist líka af hálfu Þjóðhagsstofnunar að spáð er að hækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1982 og 1983 verði um 60%. Menn sjá þá, eins og ég hygg að menn séu yfirleitt búnir að koma auga á fyrir löngu, hversu óraunhæft er að vera með reiknitölu upp á 42% þegar augljóst er, eins og mál standa í dag, að hækkunin verður a. m. k. á bilinu 58—60%.

Ég vek enn athygli á því, að eigi þessar forsendur fjárlagafrv. hjá hæstv. ríkisstj. að standast, þá er hér verið að stefna inn í meiri kjaraskerðingu og kaupmáttarrýrnun en um getur um langt árabil. Það er ástæða til að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh. eða hæstv. forsrh. hvað til eigi að koma til þess að forða því að slík kaupmáttarrýrnun og kjaraskerðing eigi sér stað. Frv. til fjárl. fyrir árið 1983 gerir ráð fyrir þessu.

Það er athyglisvert sem fram kom hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar, og hefur raunar komið fram víðar, en kannske frekar eftir því tekið þegar það kemur frá slíkri stofnun. Það var orðað svo af hálfu forsvarsmanna þeirrar stofnunar að augljóst væri að við hefðum haldið uppi útgjöldum og atvinnu með lánum. Það á enn að halda áfram á þeirri braut. Nú er svo komið að hér liggur fyrir till. frá hæstv. ríkisstj. í sambandi við heimildargrein fjárlaga um að þar verði tekið inn ákvæði í sambandi við lántökur sem ég held að ekki séu mörg fordæmi fyrir. Og engin vitneskja hefur enn fengist um innihald lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga sem hér átti í raun og veru að afgreiða samhliða fjárlögum.

Þessi nýjasta spá stjórnarliða um tekjuaukningu upp á 230 millj. hefði alveg eins getað orðið einhver allt önnur tala og hægt að fá hana á sama hátt og þá tölu sem hér hefur verið lögð til, því að hér eru engin sérstök vísindi á ferðinni eða forsenda sem gefur tilefni til að ætla að þessi tekjuaukning eigi sér stað. Á þessu ber hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluti ábyrgð hér á Alþingi. Það eru kannske illar gersakir að láta sér detta í hug að hæstv. ríkisstj. og stjórnarlið séu frjálslegri í þessum efnum nú, er þeir sjá fram á að þurfa ekki að bera ábyrgðina nema hluta þess árs sem í hönd fer, þ. e. umboð þeirra til stjórnar á landinu verði ekki framlengt að næstu kosningum afstöðunum.

Ég vil að síðustu, herra forseti, endurtaka og ítreka það, að Alþfl. telur að við uppbyggingu fjárlagaafgreiðslunnar, undirbúning hennar og framgang allan þurfi gerbreytt vinnubrögð. Það þurfi gerbreyttar forsendur, raunhæfar forsendur til að fara eftir og byggja á og hverfa frá því sem viðgengist hefur um áratuga skeið, að byggja fjárlagagerðina að meira eða minna leyti á röngum forsendum. Það hefur sýnt sig að það stefnir óðfluga í þá átt að fjárlögin sem slík verði ómarktækari en þau hafa verið. Þessi fjárlagagerð held ég að komi til með að sýna að enn fer þar á verri veg, hér sé verið að afgreiða óraunhæfari fjárlög en áður hefur gerst hjá íslenska ríkinu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. upplýsti hér áðan að ég mundi ætla að flytja yfirlýsingu um vegamál. Ég hafði reyndar ekki gert ráð fyrir því sjálfur. Þetta vil ég leiðrétta. Hins vegar vil ég, að þeim orðum sögðum sem hann lét hér falla, fara örfáum orðum um undirbúning vegáætlunar.

Hv. þm. sagði að starfandi mundi vera nefnd sem fjalli um aukna skattheimtu af umferðinni. Ég hygg að hann muni eiga við nefnd sem starfaði á s. l. vetri og skilaði þá skýrslu sem, ef ég man rétt, var dreift til hv. þm. Þeirri nefnd var ekki falið að auka skattheimtu af umferðinni heldur að leita leiða til að færa tekjur, sem ríkissjóður hefur af umferðinni, yfir í Vegasjóð. Komu ýmsar athyglisverðar hugmyndir fram í því sambandi, m. a. sú að lækka þá tolla sem ríkissjóður tekur nú af bifreiðum og færa fremur samsvarandi tekjur yfir í Vegasjóð. Það kann að vera að hv. þm. vísi til þessa.

Um undirbúning að vegáætlun almennt vil ég segja það, að ég hef fyrir nokkrum vikum lagt fram í ríkisstj. drög að till. til þál. um endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1983—1986. Þessi drög eru til meðferðar hjá þeim aðilum sem að ríkisstj. standa. Ég byggi í þeirri vegáætlun að sjálfsögðu þeirri ályktun sem Alþingi gerði vorið 1981 og var samþykkt með öllum atkvæðum, að grundvöllur vegáætlunar skuli vera 2.2% þjóðartekna á árinu 1983. Þetta var ítrekað í þeirri langtímaáætlun sem sýnd var í lok síðasta þings og m. a. var að unnið af þm. úr öllum þingflokkum. Fram kemur í upphafi þeirrar ályktunar, í 1. málsgr., að forsendur langtímaáætlunarinnar séu 2.2% þjóðartekna til vegaframkvæmda á árinu 1983, en hækki síðan þar í 2.4%. Vitanlega legg ég þetta jafnframt til grundvallar.

Ég held að það sé fremur regla en undantekning að vegáætlun sé lögð fram eftir áramót. Ég hef athugað það lauslega og sé ekki annað en svo sé í langflestum tilfellum. Í mjög mörgum tilfellum reynist nauðsynlegt að endurskoða tekjuhlið vegamála. Mér er nær að halda að tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti verði meiri en nú er áætlað. Ég er að láta athuga það og allt bendir til þess að svo verði. Tekjur þarf því að endurskoða frá því sem nú er í fjárlagafrv. Það er heldur ekkert launungarmál að nokkuð vantar upp á í þessum drögum til að 2.2% þjóð-

artekna náist til vegamála og þarf að sjálfsögðu að leita leiða til að brúa það. Það er alls ekki ætlun mín að það verði gert með aukinni tekjuheimtu af bifreiðaeigendum.

Ég geri mér sem sagt fastlega vonir um að geta lagt fram vegáætlun með endurskoðaðri tekjuöflun þegar þing kemur saman eftir jólaleyfi.

Þetta vildi ég, herra forseti, upplýsa vegna þess að vísað var til þeirra mála í framsögu 1. minni hl. fjvn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að mæla fyrir tveim brtt. á þskj. 214, þ. e. V. og VI. brtt. Við flytjum þessar brtt. hvora fyrir sig 10 sjálfstæðismenn.

Fyrri brtt. er varðandi sveitarafvæðingu. Hún mælir svo fyrir að í staðinn fyrir 4.5 millj. komi 22 millj. og er það aðaltillagan. Þessu fylgir varatillaga á þann veg, að í staðinn fyrir 4.5 millj. komi 11 millj.

Þessi till. er byggð á þeirri forsendu að á næsta ári verði lokið hinni eiginlegu sveitarafvæðingu eins og gert hefur verið ráð fyrir henni, þannig að allir bæir þar sem ekki er meira en 6 km meðalvegalengd á milli bæja komi inn á samveiturafmagn. Orkuráð gerði ráð fyrir að það kostaði 30 millj. að koma þessu í framkvæmd og gerði till. um þá fjáröflun. En fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir 30 millj. kr. í þetta heldur 4.5 millj. kr. eins og ég sagði áðan. Aðaltillaga okkar er að mæta því sem hér vantar á. Við sjálfstæðismenn reynum að stilla þessu í hóf eins og venjulega, en teljum að við náum okkar markmiði með því að till. verði samþykkt. Það er að vísu talað hér um 22 millj. í staðinn fyrir 30 millj., sem orkuráð gerði till. um, en það er gert ráð fyrir — og við verðum að treysta því — að mismunurinn eða sem því nemur komi úr lánsfjáráætlun.

Varatillagan er miðuð við það að unnið sé á tveim árum það sem eftir er af framkvæmdum til að ljúka hinni eiginlegu sveitarafvæðingu. Auðvitað treystum við því að aðaltillagan verði samþykkt. En ef svo ólíklega vill til að slíkt gerist ekki — ég segi ólíklega vegna þess að talsmenn allra flokka hafa hvað eftir annað á undanförnum árum keppst um að lýsa þeim vilja sínum að það bæri að ljúka þessu verkefni á næsta ári — en ef svo ólíklega vill til viljum við að þessu verði lokið á tveim árum. Og við treystum því að svo verði gert vegna þess að okkur sjálfstæðismönnum hefur borist liðsauki í þessu efni. Við hljótum að gera ráð fyrir því að Framsfl. styðji þá tillögugerð að ljúka þessu á tveim árum vegna þess að fyrir þinginu liggur till. til þál. um rafvæðingu dreifbýlis frá 10 valinkunnum framsóknarmönnum. Samkvæmt till. á að ljúka þessu verkefni á tveim árum. Veit ég að þeim framsóknarmönnum er alvara, þeir meina þetta, og við göngum til móts við till. þeirra um þetta efni með því að gera okkar varatillögu.

Hin till. okkar sjálfstæðismanna á þskj. 214 varðar jöfnun hitunarkostnaðar. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að varið verði til niðurgreiðslu olíu 29.2 millj. kr. Við leggjum til að þessi upphæð verði hækkuð í 130 millj. og þá sé ekki einungis gert ráð fyrir niðurgreiðslu olíu heldur og niðurgreiðslu rafmagns til upphitunar. Þessi till. okkar er vandlega undirbúin og uppbyggð eins og okkar er vandi. Þessi tala, 130 millj., er byggð á því að staðið verði við það sem ríkisstj. lýsti yfir í þessu efni hér á Alþingi 5. maí s. l. Þá gaf ríkisstj. merkilega yfirlýsingu varðandi húshitunarmálin.

Ég skal ekki rekja hér söguna af því að þessi yfirlýsing var gefin að öðru leyti en því, að 30. des. s. l. skipaði iðnrh. nefnd til að fjalla um framtíðarfjáröflun til þess að jafna húshitunarkostnað. Í skipunarbréfi til nefndarinnar var tekið fram að við verkefni sitt væri henni ætlað að hafa hliðsjón af yfirlýsingu ríkisstj. frá 5. maí s. l. Nefndin hefur unnið að þessu verkefni en ekki lokið störfum enn.

Það liggur ljóst fyrir hvað það kostar að framkvæma yfirlýsingu ríkisstj. frá 5. maí. Nefndin hefur þegar lokið við að reikna það út og niðurstöður hennar liggja fyrir um það efni. Þær eru á þá leið að ef á að framkvæma þá yfirlýsingu sem ríkisstj. gaf 5. maí um jöfnun húshitunarkostnaðar, þá þarf að verja til þess á næsta ári ekki 29.2 millj. heldur 130 millj. Þess vegna gerum við sjálfstæðismenn það að till. okkar að varið verði í þessu skyni 130 millj.

Ég treysti því að þessi till. verði samþykkt. Ég vil ekki ætla ríkisstj. að óreyndu að hún gangi á bak orða sinna í þeim efnum. Það var mikil ánægja í Ed. Alþingis 5. maí s. l. þegar þessi yfirlýsing var gefin. Við það tækifæri töluðu tveir ráðh., hæstv. iðnrh. og hæstv. viðskrh. Mér er það minnisstætt sem hæstv. viðskrh. sagði við það tækifæri úr ræðustól í hv. Ed. Hann sagði að það væri svo mikil eining um þetta mál að ekkert bæri á milli stjórnarandstöðunnar og ríkisstj. í þessu efni og þess vegna ætti að vera tryggt að yfirlýsingin yrði framkvæmd. Í anda þeirra orða er sú till. sem ég geri hér grein fyrir borin fram.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 214 að flytja ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Albert Guðmundssyni og Salome Þorkelsdóttur till. um að framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja verði hækkað úr 39 millj. og 960 þús. kr. í 48 millj. og 600 þús.

Um þessa till. þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð, því að þegar frv. um málefni fatlaðra var til umr. í hv. Nd. fyrir nokkru gerði ég að umtalsefni stöðu og skuldbindingar Framkvæmdasjóðs öryrkja.

Þegar sjóðurinn tók til starfa í ársbyrjun 1980 tók hann við ýmsum framkvæmdum sem hafnar voru og þar með skuldbindingum um fjármögnun, en nokkrum þessara verkefna er enn ekki lokið. Auk þess er sjóðurinn skuldbundinn af ýmsum brýnum verkefnum sem hrundið hefur verið af stað síðan sjóðurinn tók til starfa. Má þar nefna þjónustumiðstöð á Vestfjörðum, en á Vestfjörðum er nú engin þjónusta fyrir þroskahefta og brýnt að þjónustumiðstöðin geti tekið til starfa að einhverju leyti á næsta ári. Einnig má nefna sambýli fyrir þroskahefta á Vesturlandi, en þar er heldur engin þjónusta nú fyrir þroskahefta, og sama mætti segja um Norðurland vestra. Eins er sjóðurinn bundinn af verksamningum vegna framkvæmda við iðjuhúsið í Kópavogi, Kópavogshælið, sem fyrirhugað er að ljúka við á næsta ári.

Á næsta ári þarf sjóðurinn um 48 millj. til að geta staðið við framkvæmdir sem þegar eru hafnar. Er þá ekki gert ráð fyrir að hafnar verði framkvæmdir við nein ný verkefni, en fjárhagsbeiðnir sem nú liggja fyrir sjóðnum má áætla um 135 millj. á verðlagi í dag. Í þeirri áætlun sem ég hef nefnt, eða 48 millj. vegna skuldbindinga sjóðsins, er ekki, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir að hleypa af stað nýjum verkefnum, gert ráð fyrir neinum framlögum vegna byggingarframkvæmda ýmissa ör-

yrkjasamtaka sem sjóðurinn hefur áður veitt framlög til á móti Erfðafjársjóði, svo sem til Sjálfsbjargar á Akureyri og í Reykjavík og Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, eða nýjum verkáföngum í verndaða vinnustaði, t. d. á Akureyri, eða í vistheimili, svo sem á Austurlandi, sem þegar hafa tekið til starfa. Einnig má benda á að miðað við ráðstöfunarfé sjóðsins nú verður ekki unnt að hefja framkvæmdir við Greiningarstöð ríkisins á næsta ári, eins og fyrirhugað var hjá félmrn. Ég vil því leggja áherslu á, að þeirri brtt. sem hér er lögð til er einungis ætlað að bæta svo ráðstöfunarfé sjóðsins að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og hægt sé að ljúka nokkrum þeirra framkvæmda sem hafnar eru á svæðum þar sem engin þjónusta er nú fyrir þroskahefta.

Ég hef einnig leyft mér ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Salome Þorkelsdóttur og Halldóri Blöndal að flytja brtt. um viðbótarframlag til Námsgagnastofnunar vegna öflunar sérkennslugagna. Ég ætla ekki að ræða hér almennt stöðu Námsgagnastofnunar og hina miklu erfiðleika, sem hún á nú við að etja til þess að sjá almennum skólum fyrir viðunandi námsgögnum, þó ástæða væri til. Við 2. umr. fékk Námsgagnastofnun nokkra leiðréttingu á sínu framlagi, sem að einhverju leyti mun mæta þeim mikla fjárskorti sem Námsgagnastofnun býr við, sem valdið hefur því að stofnunin hefur ekki getað séð skólum landsins fyrir brýnum námsgögnum. Sú fjárhæð, sem ætluð er nú í fjárlögum, mun þó ekki duga til að sjá skólum landsins fyrir þeim nauðsynlegu námsgögnum sem til þarf á næsta ári. Ljóst er því að veita þarf sérstakt framlag til sérkennslugagna ef hægt á að vera að bæta úr því neyðarástandi sem ríkir vegna mikils skorts á ýmsum sérkennslugögnum bæði til stuðningskennslu í almennum skólum eða í sérskólum, svo sem Öskjuhlíðarskóla, og í þjálfunarskólum.

Ég sagði að neyðarástand ríkti og tel ég það ekki ofsagt. Ár eftir ár hafa félag sérkennara og sérkennslustofnanir reynt allar leiðir til að fá úr því bætt, en án árangurs. Sérkennarar hafa því þurft að grípa til neyðarráðstafana með því að reyna sjálfir að útbúa einfalt efni til að bjarga því að hægt væri að halda uppi einhverri sérkennslu. Auk þess hefur verið gripið til þess ráðs að fá sérkennsluefni erlendis frá og þýða erlent efni, en til að standa straum af þeim kostnaði hefur stundum þurft að grípa til gjafafjár sem borist hefur sérkennslustofnunum. Staðreyndin er því sú, að ýmis samtíningur, sem sérkennarar hafa útbúið sjálfir eða reynt að afla sér erlendis frá, er þau sérkennslugögn sem stuðst er við í sérkennslunni og við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að engin samræmd sérkennslugögn eru til í landinu.

Það sem sérstaklega vantar af sérkennslugögnum er námsefni í samfélagsfræði. Allt nauðsynlegt myndefni vantar. Námsefni vantar að verulegu leyti vegna talkennslu. Sérstaklega vantar alveg myndefni vegna málörvunar. Einfalt efni vegna stærðfræði vantar mjög tilfinnanlega og létt lestrarefni, og þannig mætti áfram telja.

Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja frekar brýna nauðsyn þess að verulegt átak verði gert til að bæta úr þeim mikla skorti sem er á sérkennslugögnum. Hér er um stóran hóp nemenda að ræða, ekki bara þroskahefta einstaklinga, sem eru í þjálfunarskólum eða öðrum sérkennslustofnunum, heldur þarf einnig stór hópur nemenda í almennum grunnskólum á hjálpar- og stuðningskennslu að halda sem nota þarf til ýmis sérkennslugögn. Áætlun Námsgagnastofnunar til að ýta þessu vel af stað á næsta ári er um 3.8 millj. kr. Sú till., sem ég mæli hér fyrir, er 1 millj. kr., sem telja verður það lágmark sem til þarf til þess að ýta þessu máli af stað á næsta ári þannig að hægt sé að hefja útgáfu sérkennslugagna til notkunar á landinu öllu.

Till. fjvn. nú við 3. umr., sem formaður fjvn. lýsti hér áðan, um 500 000 kr. framlag er vissulega viðleitni og viðurkenning á því hve brýnt er að hrinda þessu verkefni af stað, en ég tel að það hrökkvi skammt með tilliti til þess að þessu verkefni hefur aldrei verið sinnt og ekkert er til af sérkennslugögnum, þannig að byrja þarf alveg frá grunni. Vænti ég þess, að hv. þm. sjái hvað hér er brýnt mál á ferðinni, sem algerlega hefur verið hornreka í skólakerfinu. 1 millj. getur varla talist nein ofrausn í því sambandi.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, enda er búið að gera hér grein fyrir afstöðu Sjálfstfl., m. a. af meðnefndarmönnum mínum úr fjvn. Þar hefur verið sögð sú saga sem sönnust er af þessari fjárlagagerð, sem ber feigð þessa efnahagskerfis í brjósti sér. Þó að fjárlagafrv. segi kannske nokkra sögu er hitt þó ekki minni athygli vert sem fjárlagafrv. segir ekki. Þar má t. d. greina hver staða hinna einstöku stofnana er orðin í þessu landi.

Eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni hafa nú hlaðist upp skuldir hjá Rafmagnsveitu ríkisins, hjá Sementsverksmiðju ríkisins og hjá fleiri slíkum stofnunum, m. a. í eigu sveitarfélaga, og allt saman er þetta geymdur verðbólguvandi. En hins vegar er svo komið nú, að bankarnir eru farnir að stjórna í þessum málum. Það er t. d. athyglisvert að raforkutaxtar eru fyrir næsta ár áætlaðir verulega fram yfir verðbólgustig. Það sem þar liggur að baki er að sjálfsögðu að reyna nú að vinna upp hluta þess uppsafnaða vanda sem fyrir hendi er og kemur fram í gífurlegum rekstrarerfiðleikum þeirra fyrirtækja sem með raforkumál fara.

Ein meinsemdin og kannske ein mesta uppgjöfin í sambandi við orkukostnað, sem fram hefur komið hjá núv. ríkisstj., er hvernig farið hefur verið með orkujöfnunargjaldið, sem lagt var hér á. Ekki er það síður athyglisvert, að nú er svo komið að innlend orka, raforka í þessu landi, stenst ekki lengur verðsamanburð við innflutta orku. Þess vegna hefur nú verið tekið til þess ráðs að greiða niður raforku til húshitunar. Svona er nú komið fyrir rekstri orkuveranna og orkuveitnanna. Íslenska raforkan er ekki lengur orðin samkeppnisfær við erlenda innflutta orku.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur gert hér grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna til sveitarafvæðingar. Það má vera að ég hefi ekki tekið rétt eftir, en þær tölur, sem hann tilfærði og tillögur eru gerðar um, nægja ekki til að ná þeim árangri sem að er stefnt, heldur er líka gert ráð fyrir láni úr Byggðasjóði og reyndar mjög verulegu. Þess vegna er hér í raun fyrst og fremst um að ræða að ákveðin viðurkenning af hálfu ríkisvaldsins fáist í þá veru að þessum mikilvæga áfanga verði náð á næsta eða allra næstu árum.

Það er að sjálfsögðu kunnara en frá þurfi að segja að fjölmargar stofnanir sem tengdar eru rekstri ríkisins hafa við þessa fjárlagagerð ekki fengið það fjármagn sem þeim er lífsnauðsynlegt til síns rekstrar, þótt það sé að sjálfsögðu ætíð nokkuð umdeilanlegt, en mér sýnist þó

að hlutur landbúnaðarins sé þar sérstaklega bágur. Það kom að vísu fram fyrir 3. umr. ofurlítil leiðrétting í þeim málaflokki, en engan veginn í samræmi við það sem þurft hefði. Það er eins og venjulega, að þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar og öll stóru orðin um nýjar búgreinar og um ný viðfangsefni í landbúnaði, sem þessi ríkisstj. m. a. hefur þrástagast á að væri hennar stefna að byggja upp, er alveg sérstaklega vegið að þeim viðfangsefnum. Mér telst svo til, að af hagræðingarfénu komi inn í þessi fjárlög um það bil 30% miðað við það sem ætti að vera ef jarðræktarlögin eins og frá þeim var gengið árið 1979 og um hefur verið samið væru gerð virk. Mér sýnist að til þess að svo verði vanti um það bil 10 millj. kr. og einungis séu til staðar til þessara verka í landbúnaði milli 3—4 millj. kr. Það er þá allur munurinn. Fari svo, að til þeirra ráða verði gripið að skerða framlög eins og gert var á s. l. vetri er þetta fjármagn ekki lengur fyrir hendi. Að þessu leyti er því gengið lengra í þá átt að skerða framlög til Framleiðnisjóðs en nokkru sinni hefur verið áður gert í tíð þessarar ríkisstj., og hefur mönnum þó fundist þar nóg að gert.

Menn, sem hafa talið sig bera hag landbúnaðar mikið fyrir brjósti, hafa haft um það oft og tíðum mörg orð hve mikilvægt væri að rekstrarvörur landbúnaðarins væru á sem bestum kjörum. Þýðingarmesta rekstrarvara í landbúnaði er tilbúinn áburður. Nú hefur það verið þannig um nokkurra ára skeið að allur rekstur Áburðarverksmiðjunnar hefur verið fjármagnaður í dollurum. Áburðarverksmiðjan selur eins og kunnugt er, sína framleiðslu á þremur mánuðum. Hina níu mánuðina og raunar lengri tíma þarf verksmiðjan að byggja rekstur sinn á lánsfé. Þetta lánsfé er allt í erlendri mynt.

Það vakti satt að segja nokkra undrun hjá mér þegar eftir því var leitað við mig að ég færi til fundar við landbrh. vegna vandamála Áburðarverksmiðju ríkisins. Þá var leitað enn einu sinni eftir þessum merku „samráðum við stjórnarandstöðuna". Það var kannske ekki að tilefnislausu, því að einsog menn höfðu reyndar nokkra hugmynd um var hagur þessa fyrirtækis orðinn með þeim hætti að 100 millj. kr. höfðu safnast upp vegna gengistaps á síðustu árum. Nú var það viðfangsefni hæstv. landbrh., hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og allra bankastjóra Seðlabanka Íslands að ræða við fulltrúa stjórnarandstöðunnar um þessi vandamál. Þá voru ráðagerðir að sjálfsögðu í þá veru að flytja þetta fjármagn inn í landið, fá Seðlabankann til að yfirtaka þessi vanskil, sem eru í erlendri mynt, og síðan væri hægt að taka upp þráðinn að nýju með því að halda áfram að reka verksmiðjuna á dollaraprís og byrja aftur að safna vanskilum. Þessi upphæð upp á 100 millj. kr. er eins há og allur sá kostnaður var sem bændurnir á þessu landi greiddu fyrir áburðinn sem þeir keyptu á árinu 1981. Nú er verið að tala um að færa þennan vanda, þessi vanskil, yfir í áburðarverðið, yfir í afurðaverðið, á næstu 3—5 árum. Þetta er eitt gleggsta dæmið um fjármálaóstjórnina í þessu landi og hvernig hin svokallaða niðurtalning hefur gersamlega mistekist.

Það er ástæðulaust að fara um það hér mörgum orðum eftir hverju var leitað við stjórnarandstöðuna í þessum viðræðum. Það var einungis að þegja yfir þessu máli, að láta sem minnst á því bera, leitað eftir samkomulagi um að þetta mætti fara inn í 6. gr. þannig að sem allra minnst yrði eftir því tekið. Á þessu byggðust óskir ráðh. og ríkisstj. um samráð við ríkisstj. Kannske gefur það nokkuð til kynna um að þessir menn eru ekki alveg samviskulausir. Þeir vita sem er að hér er á ferðinni köld jólakveðja, sem bændurnir verða varir við um þetta leyti, og það er þess vegna að sjálfsögðu best að hafa sem fæst orð og tala sem minnst um þessi mál.

Því get ég þessa hér, sem nú er ljóst, að ríkisstj. ætlar að ná þessari heimild fram. Hún ætlar svo að taka þetta lán svo að hún geti byrjað aftur að safna upp óreiðuskuldum með gengistapi í kringum Áburðarverksmiðju ríkisins, sem allir sjá hvaða afleiðingar hafa í för með sér. Það er engan veginn víst að alþm. gefist kostur á að ræða um þetta mál síðar í vetur þó að þess væri full þörf.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti. Ég hef dregið hér upp nokkur dæmi um hvernig þetta fjárlagafrv. snertir fólkið í þessu landi og þá sérstaklega bændurna og dreifbýlisfólk. Að sjálfsögðu var ekki hægt að láta þessa umr. ganga svo fram að þau mál yrðu ekki nokkuð skýrð.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 235 að flytja eina brtt. Hún er við 6. gr. fjárlaga, lið númer 4, undirlið 17. Ég þarf ekki að hafa um þetta langt mál. Mín brtt. er eingöngu í því fólgin, að þar sem stendur „til aukningar á dreifikerfi sjónvarps" komi orðið „Ríkisútvarps" í staðinn fyrir „sjónvarps", þannig að sú heimild sem þarna um ræðir taki til beggja deilda stofnunarinnar.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil í sambandi við þá till., sem hv. þm. gerði grein fyrir, láta það koma fram að fjvn. lítur svo á að hér sé nánast um leiðréttingu að ræða á till. nr. 21 á þskj. 230 frá n. Dregur fjvn. því þá till. sína til baka.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það liggur nú orðið ljóst fyrir hvernig frá þessum fjárlögum verður gengið og það dylst engum að hér er um kreppufjárlög að ræða. Ég hygg að þau framlög sem eru til verklegra framkvæmda hafi aldrei verið jafnlítil og nú, ef miðað er við heildartekjur ríkissjóðs. Þessa sér auðvitað víða stað, enda er sannleikurinn sá, að á mörgum stöðum verður í rauninni varla um nokkrar opinberar framkvæmdir að ræða þrátt fyrir brýna þörf. Ég get tekið þar sérstaklega hafnarmálin út úr, en einnig á öðrum sviðum hefur hlutur ríkisins verið látinn liggja eftir.

Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er m. a. sú, að á Akureyri hefur verið mjög alvarlegt ástand í byggingariðnaði. Í endaðan ágústmánuð skrifaði atvinnumálanefnd Akureyrar ríkisstjórninni bréf, hæstv. forsrh., og bað þar um fund með atvinnumálanefnd, þm. og ríkisstj. um hvort nokkur vegur væri til þess að aukin áhersla yrði lögð á opinberar framkvæmdir á Akureyri á næsta ári til að koma í veg fyrir mjög alvarlegt ástand í byggingariðnaði, en ég held að engum dyljist að til verulegs atvinnuleysis hlýtur að koma þar, eins og nú horfir, ef ekkert nýtt kemur til sögunnar. Þess hefur orðið vart að leitað hefur verið eftir byggingarmönnum frá Akureyri hingað til Reykjavíkur, þar sem opinberar framkvæmdir hafa verið verulegar, og þá gjarnan með þeim skilyrðum að viðkomandi menn ílengdust hér.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvað líði þessu erindi atvinnumálanefndar Akureyrar frá því í ágústmánuði s. l., hvort ríkisstj. hafi tekið þann sérstaka vanda, sem byggingariðnaðurinn á Akureyri er í, til meðferðar.

Ég vil í því sambandi minna á að hæstv. menntmrh. skrifaði hæstv. forsrh. bréf af þessu tilefni þegar hann hvarf til Bandaríkjanna til þess að vera þar viðstaddur „Scandinavia today" og var alllengi í burtu. Hann fullvissaði okkur um það, bæði þm. kjördæmisins og fólk fyrir norðan, að brotthlaup sitt til Bandaríkjanna mundi engu breyta um það að ríkisstj. tæki þessi mál upp. Ég vil af þessu tilefni beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort hugmyndin sé að taka málefni Akureyrar til sérstakrar athugunar t. d. í sambandi við lánsfjáráætlun.

Það liggur fyrir að ríkisstj. hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í sambandi við byggingarhraða sjúkrahússins þar, nema síður sé, og hið sama er að segja um byggingu verkmenntaskólans, sem mjög hefur dregist aftur úr, þó skammt sé liðið síðan hafist var handa um byggingu hans. Ef við lítum á framlög til grunnskóla kemur einnig í ljós að hlutur Akureyrar er fyrir borð borinn og vantar töluvert mikið á til þess að Akureyrarbær fái í sinn hlut einungis þær skuldir sem ríkissjóður er í varðandi þær framkvæmdir sem þegar hefur verið við lokið.

Ég efast ekki um að hæstv. forsrh. kunni einhver svör að gefa um hvernig atvinnumálum Akureyringa hefur reitt af innan ríkisstj. og vil nota þetta tækifæri til þess að leiða í ljós hvaða hugmyndir ríkisstj. hefur um það. Ég efast ekki um að vilji hæstv. forsrh. standi til þess að bregðast vel við þessu erindi, og ég veit að hæstv. menntmrh. hefur knúið á það í ríkisstj. að bréfi hans verði fylgt eftir, og þar sem ég hef ekki frétt af neinum sérstökum ráðstöfunum sem eigi að gera af opinberri hálfu vil ég á þetta minnast nú.

Ég vil benda á að á því ári sem nú er að líða hafa opinberar framkvæmdir í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu verið svo miklar að segja má að iðnaðarmenn hafi lagt nótt við dag til að ljúka verkefnum sínum. Þess vegna er nauðsynlegt að reyna að stilla svo til á næsta ári að opinberum framkvæmdum á þessu svæði verði í hóf stillt, en á hinn bóginn verði þeim beint á þá staði sem hafa hæpnasta stöðu í atvinnulegu tilliti og þar sem mestu munar um atvinnuskapandi framkvæmdir.

Við 2. umr. þessa máls fluttum við nokkrir sjálfstæðismenn brtt. varðandi húsnæðismálin. Gegn von minni var sú brtt. felld. Það hefur legið fyrir að allir stjórnmálaflokkar vilja í orði kveðnu koma til móts við húsbyggjendur. Öllum þm. er um það kunnugt að ungt fólk treystir sér ekki lengur til að ráðast í byggingu íbúða á hinum almenna markaði, miðað við þá knöppu fyrirgreiðslu sem því er veitt úr Byggingarsjóði ríkisins, en aðrir lánamöguleikar eru raunar engir fyrir utan lífeyrissjóðina, nema þá á verðtryggðum vöxtum og þá til svo skamms tíma að útilokað er að rísa undir þeim. Það segir nokkra sögu um verðtryggðu lánin að þau hafa nú á síðustu sjö mánuðum hækkað um 72%, hvorki meira né minna, og það er að sjálfsögðu algerlega ógjörningur fyrir venjulegt launafólk að ætla að koma þaki yfir höfuðið með slíkum lánakjörum, þegar lánin eru þar að auki ekki nema til tveggja, þriggja eða fjögurra ára.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. lýst því yfir að hún vilji auka íbúðalánin á næsta ári. Hvergi sér þess þó stað í verki. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt mesta áherslu á hinn félagslega þátt íbúðabygginga, eins og það er kallað, sem hefur í raun orðið að forréttindum ákveðins hóps til þess að komast yfir íbúðarhúsnæði. Nú fer því víðs fjarri að hægt sé að standa við eftirspurn eftir slíkum íbúðum á næsta ári. Það má segja að það sé borðleggjandi að naumast verði hægt að fullnægja nema kannske helmingi eftirspurnarinnar.

Þetta verkar líka inn á byggingariðnaðinn, svo ég víki aftur að honum. Mikill samdráttur í opinberum framkvæmdum ásamt enn frekari samdrætti í byggingariðnaði hlýtur að valda mjög miklum erfiðleikum einmitt á sviði byggingariðnaðarins, eins og ég veit að hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. forsrh., hefur kynnt sér og fengið glöggar hugmyndir um. Auðvitað hefði þörfin á því að gera sérstakt átak í opinberum framkvæmdum fyrir norðan verið minni en ella ef komið hefði verið til móts við húsbyggjendur, þannig að þeir hefðu treyst sér til þess að fara í framkvæmdir á næsta ári, en því miður eru ekki horfur á því. Ég þekki það af gamalli reynslu og ég veit að hæstv. forsrh. meinar það þegar hann segir að hann vilji ekki haga stjórn landsins með þeim hætti að til atvinnuleysis komi. Ég virði vel þann vilja hans og er mjög þakklátur fyrir að hann skuli hafa þær skoðanir, sem ég er öldungis sammála, og skal ég þess vegna ekki fjölyrða meira um þennan þátt málsins, en það hvarflar ekki að mér annað en hæstv. ríkisstj. hafi, eins og ég sagði áðan, farið sérstaklega ofan í vandann á Akureyri, sem til hennar var beint og fékk góðar undirtektir þegar við einstaka ráðh. hefur verið talað.

Við sjálfstæðismenn kusum að láta á það reyna við 2. umr. hvort ríkisstj. hefði raunverulega vilja til þess að rétta hlut húsbyggjenda. Atkvæðagreiðslan þá sýndi að ríkisstj. hafði ekki þann vilja. Það er auðvitað alvarlegt þegar við höfum í huga að húsbyggjendur eru verr settir nú en þeir hafa áður verið að minnsta kosti í sögu lýðveldisins, ég skal ekki fara lengra aftur. Þá er þetta auðvitað kjaftshögg með blautum sjóvettling framan í það unga fólk sem nú er að reyna að koma sér áfram og skapa sér það öryggi sem aðrir þegnar hafa búið við, það fólk sem hefur eignast híbýli við lágum vöxtum á verðbólgutímum og verðbólgan hefur greitt lánin fyrir. Þetta er auðvitað þeim mun harðara fyrir þetta unga fólk þegar við höfum í huga að það hefur ekki beðist undan því að skila jafnverðmiklum peningum til baka. Það eina sem það fer fram á er að fá lán til það langs tíma að það sé einhver vegur að standa undir þeim. Það er sem sagt reiðubúið að greiða hús sín fullu verði, sem aðrar kynslóðir á undan því hafa ekki gert á síðustu áratugum.

Við þessa umr. nú, 3. umr. fjárlaga, ætlum við sjálfstæðismenn að láta á það reyna hvort vilji ríkisstj. standi til þess að leiðrétta það mikla misræmi sem er í orkumálum í landinu. Nú liggur það fyrir að húsnæðismálin verða að liggja eftir. Vegna þess treystum við okkur til þess að stíga stærra skref í orkumálum en ella mundi. Nú reynir á hver vilji ríkisstj. er til þess. Ég er með hér fyrir framan mig reikninga sem ég hef fengið senda úr mínu kjördæmi, frá mönnum sem mjög eru uggandi um sinn hag eftir jólasendinguna, síðustu raforkureikninga frá Rafmagnsveitum ríkisins. Það hefur fjöldi manns hringt í mig og segir mér að t. d. á Þórshöfn, þar sem þeir fengu rafmagnsreikningana fyrir skömmu, liggi það fyrir að þeim er gert að greiða í rafmagn, sem hafa rafmagnskyndingu, frá 7000 og upp í 13 000 kr. fyrir síðustu 70 daga sem reikningurinn nær til. Þetta er auðvitað gífurleg hækkun. Þriðjungurinn af þessu er — á þeim reikningum sem ég er með hér fyrir framan mig — til heimilisnota 3200 kr. og húshitunin er 6570 kr. Það er að vísu myndarlegt hús, en sama er þó um hin smærri hús sem við er

miðað. Orkureikningarnir eru orðnir mjög tilfinnanlegir á þeim svæðum þar sem ekki er um hitaveitur að ræða og fer að verða að miklu byggðamáli.

Eins og sakir standa nú er atvinnuöryggi mest á orði. Menn gera sér grein fyrir að mjög hefur fjarað undan atvinnuvegunum og undirstöðuatvinnuvegirnir eru reknir með miklum halla, sem ég skal ekki rekja hér við 3. umr., en það gefst kannske tími til þess síðar í dag. Þessir reikningar eru það háir að venjulegur verkamaður getur naumast risið undir þeim. Ef þetta ástand helst er óhjákvæmilegt að það hefur í för með sér mjög alvarlega byggðaröskun. Nú skulum við sjá hvernig þetta hefur þróast á þessu ári.

Mönnum þótti nóg um hæð rafmagnsreikninganna fyrir ári, þegar við hittumst þá, en hvernig skyldi þróunin hafa orðið á þessu ári? Ef við tökum húshitunina, þá kostaði kílówattstundin 33 aura í aprílmánuði. Í nóvember var hún komin upp í 48 aura og 10, þrátt fyrir þær ráðstafanir sem gerðar voru til þess að lækka húshitunarkostnað og ríkisstjórnin hefur svo mjög gumað af. Á þessu hálfa ári hefur húshitunarkostnaður þeirra sem hafa rafmagnskyndingu því hækkað um 45.8% frá því í apríl fram í nóvember. Það er á ári yfir 90%. Ef við tökum rafmagn til heimilisnota, þá var kílówattstundin í aprílmánuði á 74 aura og 20. Í nóvember er hún komin upp í 140 aura og 30. Það er hækkun á þessu rúma hálfa ári um 89%. Á heilu ári yrði það eitthvað í kringum 178% eða nær tvöföldun. Þetta eru auðvitað gífurlega háar tölur. Það er alveg þýðingarlaust að bera þessa hækkun saman við þó fyrirtæki eins og Hitaveita Reykjavíkur hækki sín afnotagjöld um 100% á ári. Það munar ekki svo miklu af því að þau hafa legið eftir og eru óeðlilega lág, en bæði forsvarsmenn Hitaveitunnar og Reykvíkingar sjálfir gera sér grein fyrir að þetta getur ekki gengið til lengdar og það er óeðlilegt að slíkt fyrirtæki skuli safna erlendum lánum til að standa undir sínum rekstri.

Þar komum við inn á vísitölumálin og þann leik allan, þegar húshitunarkostnaðurinn er miðaður við Hitaveitu Reykjavíkur og þeim taxta er haldið niðri. Hins vegar vex húshitun úti á landi upp úr öllu valdi. Það er í raun-inni verið að stela fé frá því fólki sem þar býr gegnum kaupgjaldsvísitöluna.

Nú hefur það komið víða fram, hjá einstökum ráðh. í stefnuræðum og víðar, að í rauninni vilji ráðherrarnir hæstv. minnka það misræmi sem er í orkusölunni. Við sjálfstæðismenn höfum tekið þann kostinn að leggja höfuðáhersluna á það nú við 3. umr. Ég efast ekki um að að minnsta kosti samflokksmenn okkar innan ríkisstjórnarinnar hafi skilning á því og vil vænta þess af mínum flokksbræðrum, sem nú sitja í ríkisstjórn, að þeir ljúki nú þessu ári með því að standa með okkur hinum um að leiðrétta misræmið í orkumálunum. Við höfum ekki beðið þá oft um mikið og mér fyndist nú ekki til of mikils mælst þó þeir gerðu þetta lítilræði fyrir okkur svona rétt fyrir jólin. Það mundi koma okkur mjög á óvart og satt að segja gleðja okkur mjög mikið, þannig að við mundum fyrirgefa mikið ef þeir gerðu þetta núna.

Ég verð að víkja nokkrum orðum að lokum að sveitarafvæðingunni, og þykir slæmt og sakna þess raunar að engir samþingismenn mínir að norðan skuli vera við þessa umr. Það er náttúrlega rétt að sveitarafvæðingin hefur verið mjög dýr, og það hlýtur að vera mikið álitamál hversu hratt eigi að ganga í henni, því að vitaskuld er þar um óarðbæra fjárfestingu að ræða ef þannig er á það litið. Sveitarafvæðingin er ekki arðbær í sjálfu sér, heldur er þar um mannréttindi að tefla, um að skapa mönnum svipaðar aðstæður hvar sem þeir búa.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, að menn á þessum afskekktu stöðum sætti sig við að nokkur dráttur verði á því að þeir fái rafmagn frá samveitum, ef þeir fá að vita hvenær þeir megi vænta rafmagns og geti treyst því að við það verði staðið. Þeir hafa ekki verið heimtufrekari en svo. Nú hefur það á hinn bóginn komið í ljós, að stjórnvöld hafa verið afskaplega kærulaus í loforðum sínum varðandi sveitarafvæðinguna. Svo ég taki sérstaklega til umræðu Melrakkasléttu, en þar eru nokkrir bæir sem ekki hafa rafmagn frá samveitu, þá fengu þeir loforð um það frá hæstv. iðnrh. fyrir tveimur eða þremur árum að þessir bæir yrðu tengdir á næsta sumri. Síðan hafa þessi loforð komið á hverju ári. Ég fékk loforð um það frá hæstv. iðnrh. við 3. umr. fjárlaga fyrir tveim árum að við fyrirheit ríkisstj. yrði staðið ef nokkurt fé til viðbótar fengist til sveitarafvæðingar. Þetta fé hefur síðan fengist, þó það yrði á öðru ári, en ekki bólar á línunum fyrir norðan. Framkvæmdastofnun, sem var á þeim tíma með stuðningsmenn ríkisstj. í meiri hluta í stjórn, veitti lán til þess í vor að unnt yrði að ráðast í sveitarafvæðinguna og sendisveinar frá Framsfl. fóru þá norður og fullvissuðu menn á Sléttu um að rafmagnið mundi koma í sumar. Það má auðvitað segja að þeim framsóknarmönnum sé ekki láandi þó þeir haldi að ríkisstjórnin vilji standa við fyrirheit sín í raforkumálunum, en einhverra hluta vegna var nú þetta stöðvað í ríkisstjórninni samt. Rafmagnið, sem lofað var í vor, er ekki komið og eins og málum er háttað nú hafa þessir menn enga tryggingu fyrir því að það komi jafnvel á næsta ári. Þetta er svo alvarlegt mál að á einum bæ þar réðst ungur maður í miklar framkvæmdir, reisti íbúðarhús og undirbjó sig undir að koma upp nokkrum iðnaði af því hann trúði fyrstu loforðunum um rafvæðinguna. Síðan hafa árin liðið og rafmagnið kemur ekki. Húsið stendur autt.

Nú vil ég mjög beina því til hæstv. ríkisstj. að hún sýni í verki að hún vilji standa við þessi loforð, sem búið er að gefa um allt, um rafvæðinguna. Enginn knúði á ríkisstj. að gefa loforðin. Það voru einstakir ráðherrar sem gáfu loforðin sjálfir. Enginn knúði á þm. úr stjórnarliðinu að gefa loforðin. Þeir gáfu þau sjálfir. Og nú er komið að því að menn vilja að það sé staðið við þau. Auðvitað er ekki hægt að standa við þau héðan af því þau eru margsvikin, en það er þó að minnsta kosti hægt að sýna þann lit að standa við að þetta komi á næsta ári. Það er ekki svo mikið fé sem fer í aðrar framkvæmdir. Þær eru ekki svo rausnarlegar þessar fjárveitingar til strjálbýlisins að það sé ekki að minnsta kosti hægt að sýna lit þarna.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða sé til að orðlengja þetta frekar. Það er satt að segja eins og að skvetta vatni á gæs að biðja hæstv. ríkisstj. um að standa við sín loforð. En mér þótti rétt „prinsippsins" vegna að minna á þetta og líka til að undirstrika þann leikaraskap sem var á bak við till. framsóknarmanna um sveitarafvæðinguna, sem lögð var fram fyrr á þessu þingi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég leyfi mér í fyrsta lagi að tala fyrir till. sem ég flyt ásamt hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni og gera frekari grein fyrir till. sem við flytjum hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég, en fyrst vil ég fara nokkrum orðum um störf samvn. samgöngumála,

sem ég hef gert athugasemdir við á hverju einasta þingi sem ég hef setið. Enda þótt ég hafi skrifað undir nál. tel ég fyllstu ástæðu til að vekja athygli þingheims á störfum hennar.

Meðan ég var formaður þessarar nefndar óskaði ég eftir því við stjórnvöld að þau gerðu ráðstafanir til þess að það yrði fylgst betur en nú er með því hvernig þeim fjármunum er varið sem samvn. samgöngumála deilir út. Það má að nokkru segja að þessi n. sé orðin úrelt þingnefnd. Hún er úrelt vegna þess að hún er eins konar skömmtunarnefnd og samtryggingarnefnd, sem lætur í té fjármagn án þess að spyrja stórra spurninga um það til hvers fjármunirnir fara.

Ég held líka að það sé óeðlilegt að n. láti í té fjármuni til þeirra aðila sem hún úthlutar án þess að krefjast rækilegra skýringa á því hvernig þessum fjármunum er varið. Mér er kunnugt um að hæstv. samgrh. hefur nú gert ráðstafanir til þess að betur verði fylgst með því hvernig þessir fjármunir eru notaðir og ég vonast eindregið til þess að breyting verði hér á og það helst sem allra fyrst.

Ég vil einnig benda á að n. fjallar um mál flóabáta. Einkum og sér í lagi vil ég nefna Herjólf, sem skuldar orðið það miklar fjárhæðir að það er alveg út í hött að láta samvn. samgöngumála fjalla um málefni skipsins, en skuldir þess við Ríkisábyrgðasjóð eru nú komnar yfir 60 millj. kr. og hlýtur að verða sérstakt verkefni ríkisstj. að líta á það mál.

Þá vind ég mér að þeirri till. sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Salome Þorkelsdóttur og Halldóri Blöndal um hækkun á framlögum til Námsgagnastofnunar ríkisins og þá sérstaklega vegna sérkennslugagna, og er þar farið fram á hækkun sem nemur 1 millj. kr.

Fyrr á þessu þingi gerði ég grein fyrir, utan dagskrár, ástandinu hjá Námsgagnastofnun ríkisins. Það ástand er svo alvarlegt að við verður ekki unað. Það kom fram í ræðu minni þá, að stofnunin teldi sig þurfa liðlega 40 millj. kr. á þessu ári til að geta sinnt lögbundnum verkefnum og verkefnum sem henni eru ætluð samkvæmt reglugerðum. Á fjárlögunum, eins og þau lágu fyrir fyrir breytingar, voru stofnuninni áætlaðar 15.5 millj. kr., en síðan hefur komið viðbót upp á 3 millj. kr., sem eitthvað bætir ástandið, en það verður engu að síður slæmt áfram. Það sem er allra verst í þessu máli er það, að stofnunin getur ekki sinnt lögboðnum skyldum sínum um útgáfu á kennslugögnum fyrir nemendur með sérþarfir.

Ég vil, herra forseti, af þessu tilefni fá að vitna til bréfs sem nefnd sem menntmrn. skipaði til þess að kanna gerð og útgáfu kennslugagna fyrir nemendur með sérþarfir skrifaði Námsgagnastofnun. Þar segir m. a.:

„Jafnframt hefur nefndin aflað sér upplýsinga um fjárveitingar til Námsgagnastofnunar, sbr. fjárlagafrv. fyrir árið 1983, og borið þær saman við fjárlagatillögur stofnunarinnar. Verði fjárlagafrv. óbreytt að lögum fær Námsgagnastofnun einungis um 50% af þeirri upphæð sem farið var fram á í fjárlagatill. Nm. hafa af þessu miklar áhyggjur.

Nefndin hefur sett fram ákveðnar tillögur um útgáfu á sérkennslugögnum, sem m. a. eru ætluð blindum og sjónskertum, heyrnarlausum og heyrnarskertum, hreyfihömluðum, greindarskertum, málhömluðum, geðveikum eða fjölfötluðum nemendum. Till. nefndarinnar eru m. a. byggðar á ítarlegum könnunum á þörfum á þessu sviði í almennum grunnskólum og sérskólum. Útgáfa sérkennslugagna hefur frá upphafi verið vanrækt. Það er því afar áríðandi að átak verði gert á þessu sviði hið allra fyrsta.

Nefndin óttast að vegna fjárskorts Námsgagnastofnunar verði tillögum um útgáfu sérkennslugagna ekki hrint í framkvæmd. Því skorar nefndin á námsgagnastjórn að leita allra leiða til að útvega fé til þessara verkefna.

Jafnframt ítrekar nefndin þá skoðun sína, að þessum málum verði ekki sinnt á viðunandi hátt fyrr en sérstakur starfsmaður hefur verið ráðinn til Námsgagnastofnunar til að annast þau."

Herra forseti. Ég tel þetta mál svo mikils virði og svo brýnt að ég trúi því varla fyrr en ég tek á því að hv. þm. vilji fella þessa brtt. Námsgagnastofnun ríkisins er ekki einungis ætlað það hlutverk að útvega grunnskólum landsins og ýmsum stofnunum námsgögn, og það er ekkert smáræðishlutverk því að grunnskólarnir eru 215. Til viðbótar þarf stofnunin að sinna 20 — 30 sérstofnunum. Það hlýtur að vera eitt af grundvallarverkefnum fjárveitingavaldsins, Alþingis, að sjá til þess að Námsgagnastofnun fái það fjármagn sem hún þarf til að geta framleitt og komið á framfæri námsgögnum sem grunnskólar landsins þurfa á að halda.

Ég segi það sem skoðun mína, að ég hef ekki nærri eins miklar áhyggjur af því þó eitthvað tregðist um útgáfu á námsgögnum fyrir almenna grunnskóla og ég hefði ef ekki tækist að hrinda í framkvæmd áætlun um framleiðslu á námsgögnum fyrir börn með sérþarfir. Þetta verkefni hefur fullkomlega verið látið sitja á hakanum í ár og jafnvel áratugi og það er fráleitt að þessi stofnun afgreiði fjárlög nú á þann hátt að það verði ekki unnt að hrinda því verkefni í framkvæmd. Það er ekki forsvaranlegt og það er fyrir neðan virðingu þessarar stofnunar. Ég treysti því fullkomlega að hér muni einhver þm. fara eftir því ákvæði, sem honum er sett, að nota samviskusína eina sem dómara í þeim málum sem fjallað er um. Ég vænti þess því innilega að till. verði samþykkt.

Í síðasta lagi, herra forseti, ég skal ekki lengja þessar umræður, hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni að leggja hér fram till. sem snertir Hafrannsóknastofnun og fjallar um að til undirbúnings rannsókna á eldi sjávarfiska fari litlar 50 000 kr.

Fyrir tveimur árum fluttum við þessir tveir þm. frv. hér á þingi um rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Við gerðum þá grein fyrir því að við teldum það eitt af grundvallaratriðum þessarar þjóðar að hún kæmi sér upp rannsóknaraðstöðu til þess að kanna möguleikana á því að framleiða nýja fiskstofna. Það er mín eindregin skoðun að þetta verði eitt af merkustu framtíðarverkefnum þessarar þjóðar, að hún geti sjálf, án tillits til þess hverjar aðstæður eru í hafinu hverju sinni, búið til sína eigin fiskstofna. Ég hafði satt að segja vænst þess að eftir að þingið hafði lýst jafnmiklum vilja og það gerði til að hrinda þessu máli í framkvæmd fengi það skjótari úrlausn en raun ber vitni um. Nú er von á einhverjum hæfasta sérfræðingi sem við eigum á þessu sviði til landsins með vorinu og honum er ætluð staða hjá Hafrannsóknastofnun, en á fjárlögum er ekki ein einasta króna. Þrátt fyrir að Alþingi Íslendinga er búið að samþykkja að það vilji að þessar rannsóknir hefjist og að þeim verði unnið með miklum myndarskap, þá er ekki ein einasta króna á fjárlögum til þessa verkefnis. Ég

leyfi mér að vona að það hafi hreinlega gleymst að hugsa um þetta.

Nú er málum þannig háttað, að ég hef rætt þetta mál við virðulegan formann fjvn. og hef frá honum vilyrði um að fjvn. muni skrifa Hafrannsóknastofnun þegar þing kemur saman á nýjan leik og óska eftir upplýsingum um stöðu þessara mála, þannig að fjvn. geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda þessu í framkvæmd. Með þetta vilyrði í huga og af því að ég veit að formaður fjvn. er ekki maður sem gengur á bak orða sinna dreg ég þessa till. til baka.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Á þskj. 238 hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjárlaga vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að í fjárlagafrv. eru framlög til hljómsveitarinnar skorin niður og er þessum niðurskurði aðallega beint að tónleikaferðum hljómsveitarinnar um landið.

Það var einmitt megintilgangurinn með setningu laganna um Sinfóníuhljómsveit Íslands í apríl 1981 að gera hljómsveitina meira að þjóðareign en verið hefur. Starfsemi hljómsveitarinnar hefur sýnt að sú stefna var rétt og landsbyggðin hefur tekið heimsóknum hennar vítt og breitt um landið með opnum örmum. Þetta hefur margsinnis komið fram í fréttum, bæði af heimsóknum á sjúkrahús, vinnustaði og til hinna einstöku byggðarlaga. Niðurskurður á framlögum til ferða út á land er því í beinni mótsögn við tilgang laganna. Í till. minni er lagt til að taka inn til hækkunar samtals 2 millj. 876 þús. kr. og er þar um að ræða 1 300 þús. vegna hækkunar á launalið og 1 576 þús. vegna annarra rekstrargjalda.

Ég vænti þess að þessi brtt. fái stuðning hv. alþm. og með því verði Sinfóníuhljómsveit Íslands gert kleift að framfylgja þeirri grundvallarstefnu laganna, sem stjórnin hefur sett sér, að færa hljómsveitina nær almenningi í landinu, m. a. með tónleikaferðum út á land, tónlistarkynningu í grunnskólum og heimsóknum á vinnustaði og sjúkrahús.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við fjárlagafrv. ásamt þeim hv. þm. Guðmundi Karlssyni og Eggert Haukdal. Þessar till. er að finna á þskj. 238 undir tölulið II. Það sem í þessum brtt. felst er það, að farið er fram á heimild ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir hlutafélagið Límtré vegna stofnlána sem það fær hjá Norræna iðnþróunarsjóðnum og Iðnlánasjóði og í öðru lagi er farið fram á heimild ríkisstj. til að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum vegna stofnlánanna. Af því að þessi mál munu vera þm. mjög lítið kunn vil ég í örstuttu máli fara yfir það sem hér er um að ræða.

Það eru fjögur sveitarfélög í Árnessýslu sem hafa stofnað hlutafélag, Límtré hf., sem er ætlað það verkefni að reisa og reka límtrésverksmiðju á Flúðum. Það er áætlað að þessi verksmiðja muni kosta um 17.5 millj. kr. Vélar hafa verið keyptar og þær eru komnar til landsins, verksmiðjuhús er orðið fokhelt og áætlun er um að þessi framleiðsla geti hafist í verksmiðjunni í mars eða apríl n. k. Það er því mjög mikilvægt að ekki verði stór áföll eða stórir erfiðleikar fyrir félagið að koma upp þessum húsum og koma verksmiðjunni í gang, því við þetta mikla fjárfestingu hefur það mikið að segja að framleiðslan geti hafist sem fyrst.

Ég gat um að áætlað er að verksmiðjan muni kosta um 17.5 millj. kr. Er áætlað að stofnkostnaður verði fjármagnaður með þeim hætti, að hlutafé verði 30% af stofnkostnaði. Ég vil undirstrika að það er eingöngu hlutafé heimamanna, en ekki hlutafé ríkisins, inni í þessu. Flestir þeir sem eru að fikta við verksmiðjuuppbyggingar hafa viljað fara fram á aðild ríkissjóðs, eins og þm. er kunnugt um frá síðasta þingi. Þetta er algerlega hlutafé heimaaðila. Sveitarfélögin fjögur munu eiga 51% af þessu hlutafé, en einstaklingar 49%. Nokkrir aðilar sem versla með límtré hafa lagt lítils háttar hlutafé í sjóðinn með heimamönnum þarna fyrir austan. Það ætti að verða til þess að tryggja enn betur rekstur þessa fyrirtækis í framtíðinni þegar þeir sem koma til með að dreifa vörunni og nota hana eru með í ráðum. Þá er gert ráð fyrir, eftir þeim venjum sem hafa skapast um iðnaðaruppbyggingu, að Norræni iðnþróunarsjóðurinn muni lána um 25%, Iðnlánasjóðurinn 25% og Byggðasjóðurinn um 20%. Ekki er enn búið að ganga frá þessum stofnlánum, en Norræni iðnþróunarsjóðurinn og Iðnlánasjóður hafa þegar gengið frá sínum loforðum.

Sveitarfélögin og aðrir hluthafar í Límtré hf. hafa staðið að uppbyggingu hlutafélagsins og verksmiðjunnar sjálfrar með miklum myndarbrag, eins og sjá má af því hvað langt þetta verk er komið, en á byggingu hússins var ekki byrjað fyrr en seint í ágústmánuði í sumar. Hlutafé er ákveðið, eins og ég sagði áðan, 30% af stofnkostnaði. Um 85% af áætlaðri endanlegri hlutafjárupphæð eru þegar innborguð. Af þessu má marka þann áhuga sem menn sem þessu standa hafa á því að koma þessu verki áfram. Sveitarfélögin hafa veitt ábyrgðir fyrir þeim bráðabirgðalánum sem tekin hafa verið, en munu greiðast upp þegar væntanleg stofnlán hafa verið afgreidd.

Stjórn hlutafélagsins hefur farið fram á það í bréfi til iðnrn., sem gekk einnig til fjvn., og þm. kjördæmisins hafa farið fram á það, að ríkisábyrgð yrði veitt vegna stofnlána sem tekin yrðu í Norræna iðnþróunarsjóðnum og Iðnlánasjóði. Það er ekki fyrir það að þessir sjóðir hafi krafist ríkisábyrgðar, heldur vegna þeirrar ábyrgðartilfinningar sem sveitarfélögin hafa í þessu efni, að fara ekki fram úr hófi með þær ábyrgðir sem á þau eru lagðar. Þess vegna ætla þau að taka á sig ábyrgðir, sem í verður að ganga í sjálfsagt þó nokkuð stórum stíl í sambandi við rekstrarlán þegar verksmiðjan er að fara í gang og sölur hefjast. Þetta er því farið fram á, eins og ég sagði áðan, til þess að létta undir með þeim aðilum sem höfuðábyrgðina bera á hlutafélaginu, að ríkissjóður hlaupi að þessu leyti undir bagga að ábyrgjast stofnlánin og hluta af stofnlánunum og fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem tekin eru vegna þess arna.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þessa till. Ég vil þó aðeins láta það koma hér fram, að hæstv. iðnrh. hefur látið þess getið við mig að hann hafi gengið úr skugga um að ekki þurfi ríkisábyrgð fyrir lánum úr þessum stofnsjóði. Það er rétt og ég rengi það ekki. Ég hef rætt í dag við formann hlutafélagsins um hvort ætti að draga til baka þessa till. fyrst svo væri ekki. Hann sagði að það hefði aldrei verið um það rætt að það væri krafa lánasjóðsins um að ríkisábyrgð yrði að ræða, heldur aðeins að létta undir með sveitarfélögunum þannig að þau þyrftu ekki að yfirkeyra sig, og hann legði áherslu á að það væri hægt að verða við þeim óskum hlutafélagsins sem hér eru settar á blað í till.-formi.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta efni,

en vænti þess að þm. hafi áttað sig á að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða. Það er nauðsynjamál, ég vil að lokum geta um það, ekki síst fyrir þá sök, að með þessum hætti er verið að vinna að uppbyggingu á nýrri atvinnugrein í dreifbýli, en það er talið vera þjóðhagslegt nauðsynjamál eins og við erum öll sammála um. Auk þess er hér um samkeppni að ræða við erlenda aðila og það er því mikils um vert og höfuðatriði að þessi tilraun misheppnist ekki. Virðist stuðningur af því tagi sem hér er óskað eftir í fullu samræmi við þá stefnu að efla og styðja íslenskan iðnað.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem við flytjum nokkrir þm. á þskj. 244. Ásamt mér eru flm. þeir hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, 4. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, og 3. þm. Suðurl., Jón Helgason.

Till. er þess efnis, að við 6. gr. fjárlagafrv. bætist nýr liður svohljóðandi: „Að fjmrh. sé heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar Het Wapen frá Amsterdam, allt að 50 millj. kr., eða endurlána lán, sem tekið yrði í sama tilgangi, gegn samningum um tryggingu í verðmæti hins bjargaða, enda liggi fyrir samþykki fjvn."

Hér er um nokkuð óvenjulega till. að ræða, enda málið mjög óvenjulegt og á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1667, þegar Indíafarið Het Wapen frá Amsterdam strandaði á Skeiðarársandi, á Skaftafellsfjöru, nánar tiltekið þann 19. sept. 1667. Það hefur lengi verið áhugi á því að ná þessu skipi upp. Með bréfi 27. sept. 1960 veitti forsrn. Bergi Lárussyni leyfi til að leita að skipinu og hagnýta verðmæti þess og farm þess gegn greiðslu „12% af söluandvirði þeirra verðmæta, sem þér kunnið að hagnýta, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar," eins og stóð í bréfi því sem páv. forsrh., Ólafur Thors, sendi. Samhliða voru gerðir samningar við landeigendur. Skyldu þeir fá 10% hugsanlegs hagnaðar. S. l. 22 ár hefur verið unnið að leit skipsins. Til þess hefur verið varið miklum verðmætum og mikilli vinnu, en s. l., sumar, þann 28. júlí s. l., fannst þetta skip loksins.

Það hafa verið gerðar áætlanir um að bjarga skipinu og þeim verðmætum sem í því kunna að vera, en allmiklar heimildir eru til um það hvaða farmur var í þessu skipi, og reyndar níu skipum sem lögðu upp í þessa för. Hins vegar hefur ekki verið nákvæmlega vitað hvaða farmur eða hvaða hluti þessa mikla farms sé í því skipi sem hér um ræðir.

Það er erfitt að gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem þarna er um að ræða, en það er mat manna að verðmæti skipsins verði varla undir þeim kostnaði sem í því felst að bjarga því, eða um 50 millj. kr. Bæði er hér hugsanlega um að ræða mjög verðmætan farm og ekki síður er vitað að hollenska ríkið er mjög áhugasamt um að þetta skip fari til Hollands. Hér er um að ræða mjög verðmætar og mikilvægar fornminjar fyrir Hollendinga. Hollendingar eiga ekkert skip af þessari gerð frá þessu gullaldartímabili hollenska ríkisins og því mikill áhugi hjá þeim reyndar nú þegar að taka að sér þetta verk og grafa sjálfir upp skipið og fá það heim til Hollands.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og ég hygg að það búi að baki þeirri till. sem hér liggur fyrir hjá okkur flm., að við Íslendingar eigum að standa fyrir þessu verki. Einkaaðilar hafa hingað til haft forgöngu um þetta mál og hafa það vonandi áfram. Hér er hins vegar um mikinn kostnað að ræða og því ekki óeðlilegt að ríkið sé að bakhjarli í þessu verki. Við getum gert okkur grein fyrir því að þegar um slík verk hefur verið að ræða, þá hafa þau vakið gífurlega athygli. Nokkrum skipum hefur verið náð upp. Það má nefna t. d. Gustav Vasa sem sökk úti fyrir Stokkhólmi á sínum tíma og náðist upp eftir margar og miklar tilraunir. Um það skip hefur nú verið byggt mikið safn. Nú fyrir nokkrum vikum tókst að ná upp skipi í Ermarsundi, herskipi sem heitir Mary Rose. Það var reyndar illa á sig komið, en engu að síður vakti það gífurlega athygli þegar þetta skip náðist upp. Ég efast heldur ekkert um það, að þegar að því kemur að þetta verk verði hafið, þá mun það vekja mikla athygli erlendis og verða mikil auglýsing, vil ég segja, fyrir okkur Íslendinga, ef okkur tekst að gera þetta. Og ég legg áherslu á að við gerum þetta sjálfir þó að Hollendingar sæki í þetta verk.

Ég legg áherslu á að það er gert ráð fyrir í þessari till. að fjvn. samþykki þetta endanlega þegar áætlanir liggja fyrir og ljóst er hvernig að verki verður staðið. Ég tel í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að það sé einnig kannað í millitíðinni með hvaða kjörum og á hvern hátt Hollendingar mundu vilja kaupa þessar minjar. En samt legg ég áherslu á, eins og ég sagði, að við Íslendingar stöndum fyrir þessu. Þess vegna er þessi till. flutt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 4. þm. Vestf. sem hér komu fram við umr. að því er varðar sveitarafvæðinguna vil ég aðeins koma þeirri aths. á framfæri, að í þeirri brtt. sem liggur fyrir á þskj. 203 felast breytingar í sambandi við framkvæmdir við sveitarafvæðingu, sem eru í fullu samræmi við þá ákvörðun sem þm. Framsfl. hafa lýst yfir og raunar flutt þáltill. um hér í Sþ., um að þessu verkefni verði lokið á næstu tveimur árum. Á þskj. 203 er fjárveiting til sveitarafvæðingar hækkuð úr 4.5 millj. í 7.5 millj. og á sama þskj. er lántökuheimild hækkuð úr 7 millj. í 13 millj. Samkv. þeim upplýsingum sem við höfðum í fjvn. frá forstöðumanni Rafmagnsveitna ríkisins mun þessi fjárhæð samanlögð nægja til þess að ná því markmiði sem að er stefnt, að ljúka þessu verkefni á næstu tveimur árum. Það er eindreginn vilji fyrir því hér á hv. Alþingi að standa þannig að verki og ég vona að samstaða náist um að þetta nái fram að ganga.

Mér þótti rétt að láta þetta koma hér fram því að vera má að hv. þm. hafi ekki áttað sig á því, að þskj. 203 var prentað upp nú í dag vegna leiðréttinga sem þurfti á því að gera, og þá var einmitt kaflinn um lántöku vegna sveitarafvæðingar í þeirri uppprentun.

Ég tel ástæðu til að láta þetta koma hér fram til þess að fyrirbyggja misskilning. Ég vonast til þess að eðlileg samvinna verði áfram um að ná þessu markmiði því að vissulega er það til vansæmdar að til skuli vera fólk ennþá hér á landi sem ekki nýtur þeirra sjálfsögðu réttinda að eiga kost á rafmagni til sinna nota.

Af því að ég er kominn hér í ræðustól vil ég einnig geta þess vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. í sambandi við Námsgagnastofnun að fjvn. hefur fjallað mjög ítarlega um málefni stofnunarinnar. Við 2. umr. var tekin ákvörðun um að bæta þar nokkuð um, sérstaklega að því er varðaði einn þátt í starfsemi hennar, sem er mikilvægur fyrir skólastarfið í landinu, þ. e. þá nýjung sem er nú að ryðja sér til rúms, myndbandavæðingu. Var veitt myndarleg fjárhæð til að koma þessari starfsemi í gang.

Einnig gerði fjvn. nú við 3. umr. till. um að styrkja útgáfu sérkennslugagna, sem stofnunin hefur með höndum, eins og hér hefur verið minnst á.

Ég vil undirstrika það, að auðvitað er þörf á því að þessi stofnun fái meira fjármagn en hún þegar hefur. Hún hefur núna um 18.5 millj. kr. En ég vil líka vekja athygli á því, að þessi stofnun er í þróun og það er margt í hennar áætlun, sem er ekki sannfærandi, og margt í hennar áætlun, sem þarf að taka til frekari skoðunar, eins og gjarnan er um margar nýjar stofnanir, sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna en þurfa að byggja sig upp á skynsamlegan hátt. Og ég vænti þess að einmitt sú fyrirgreiðsla sem fjvn. hefur lagt til nú verði til þess að eðlileg þróun í þessari stofnun geti haldið áfram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 203, 207, 214, 229, 230, 231, 233, 234, 235, 238, 239 og 244, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 38 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tala við þessa umr. um fjárlagafrv., en breytti þeirri ákvörðun þegar á borð okkar var dreift brtt. á þskj. 244 frá tveimur stjórnarsinnum úr tveimur stjórnarflokkanna og þremur sjálfstæðismönnum.

Hér er á ferðinni brtt. um að ríkið taki á sig útgjöld sem nema jafnhárri upphæð og greiða á í bætur til láglaunafólks nú fyrir jólin. Og í hvaða skyni á ríkissjóður að taka á sig þessi útgjöld? Í því skyni að tryggja það, að áhugamenn um uppgröft „gullskipsins" svokallaða sleppi skaðlausir frá þeirri framkvæmd sinni, ef ekkert skyldi finnast, og almenningur í landinu borgi kostnaðinn. Þetta er svo dæmalaus till. að ég efast stórlega um að hún sé þingleg eins og hún er fram flutt, enda er þetta í algeru ósamræmi við allar almennar reglur um ríkisábyrgðir, þegar gert er ráð fyrir því, eins og í till. segir, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán án þess að nokkur raunveruleg trygging komi á móti ábyrgðinni. Og ekki aðeins það, heldur er ríkisstj. heimilað að endurlána lán sem tekið yrði í þessum tilgangi. M. ö. o., að gerast ekki aðeins ábyrgðaraðili heldur milligönguaðili um fjármagnsútvegun í þessu skyni. Og þess er vandlega gætt í till. — sem þrír flokkar virðast standa að eða forustumenn úr þremur stjórnmálaflokkum — þess er vandlega gætt í till. að halda þannig á málinu, að íslenskir skattborgarar eigi ekki nokkurn möguleika á því að taka neina tryggingu hjá þeim ævintýramönnum sem þennan uppgröft stunda fyrir því að fá þetta fé aftur, ef illa tekst til.

Þessi brtt. á þskj. 244 er fádæmi. Ég hef ekki setið lengi á Alþingi, en þó lengur en margur annar. Ég hef á þeim ferli aldrei séð slíka till. við afgreiðslu fjárlaga eins og hér er færð upp. Menn skyldu huga að því í hvaða sambandi þetta er sett fram. Þarna er lagt til að skattborgarar ábyrgist fjárupphæð allt að 50 millj. kr. til einstaklinga til þess að grafa eftir gullskipi, sem grunur leikur á að sé grafið í sand í Suðurlandskjördæmi einhvers staðar, einhvers staðar á Skeiðarársandi. (Gripið fram í.) Ja, einhvers staðar á Skeiðarársandi altjent. Þetta er sennilega ekki í Suðurlandskjördæmi, en það skiptir nú ekki meginmáli vegna þess að hag Suðurlands hefur heldur hrakað á síðustu mánuðum, eftir þá atburði sem hafa orðið í stjórnmálasögu okkar Íslendinga. En það skiptir nú kannske ekki meginmáli.

Þess má geta, að talið er að ankerið af þessu skipi liggi einhvers staðar grafið undir brekkunum undan bænum í Skaftafelli í Öræfum. Hvernig stendur á því, að ríkissjóður ábyrgist ekki fjárútvegun til manna sem hafa áhuga á að ná ankerinu upp líka? Okkur er það fullljóst, sem hér erum inni, að ýmis skip hafa sokkið við okkar strendur sem forvitnilegt væri að ná upp. Er ríkissjóður tilbúinn til þess að veita lánsábyrgðir til manna sem hafa áhuga á slíku?

Póstvagnar, póstlestir hafa horfið í jökul, póstpokar hafa horfið í jökul með merkilegum bréfum. Er ríkissjóður reiðubúinn til þess að veita ábyrgð fyrir því að menn fari að leita að póstpokum upp um jökla landsins, í þeirri von að þar kunni að finnast eitthvað af merkilegum bréflegum gerningum, og gegn hverjum tryggingum? Gegn tryggingum þá væntanlega í jöklum landsins, með sama hætti og eina tryggingin, sem gefin er í þessari till., er tryggingin í Skaftársandinum. Hugsið ykkur það, ef þetta verður nú með þeim hætti sem til er stofnað í þessari till., ef þarna finnast nú einhver verðmæti sem greiða kostnaðinn og kannske ríflega það af þeim framkvæmdum sem eiga sér stað. Þá hlotnast væntanlega þeim aðilum sem stunda þarna uppgröft a. m. k. hluti þeirra verðmæta sem upp úr sandinum koma.

Ef leitin ber engan árangur og ekkert finnst sem neitt verðmæti er í, þá verður gengið að íslenskum skattborgurum. Og hver er tryggingin samkv. brtt. þessari — hver er tryggingin sem á að veita íslenskum skattborgurum fyrir því að fá eitthvað af fé sínu til baka? Það er í verðmæti hins bjargaða, þ. e. skipsins sem ekki fannst. Ef skipið finnst, þá segja menn að það sé líklegt að þeir sem uppgröftinn stundi þurfi ekki á aðstoð ríkisins að halda. En ef skipið finnst ekki, þá á að ganga í ríkissjóð. Og tryggingin er verðmæti skipsins sem ekki fannst.

Ég hef aldrei á minni lífsfæddri ævi heyrt aðra eins dómadags vitleysu og þessa. Það sem á að vernda íslenska skattborgara, tryggingin sem á að veita þeim sem á að leggja þetta fé fram, ef ekkert finnst, er skipið sem ekki fannst. Af hverju tóku menn bara ekki veð í loftköstulum eða skýjaborgum? Er það ekki miklu sniðugra? Er ekki miklu betra að segja í tillgr.: gegn samningum um tryggingu í loftköstulum og skýjaborgum, eins og að segja að tryggingin fyrir því að þetta fé fáist einhvern tíma endurgreitt eigi að vera verðmæti hins bjargaða, sem ekki var bjargað. Hvað eru menn að gera hér? M. ö. o. í fyrsta lagi, ef vel gengur, ef skipið finnst og einhver verðmæti skyldu þar fyrir vera, þá áætla menn að það sé mjög líklegt að þau verðmæti nægi til þess að tryggja að áhugaaðilar um uppgröftinn sleppi skaðlausir frá og ekki verði gengið að ríkissjóði. En verði gengið að ríkissjóði og finnist ekki neitt, þá er tryggingin gagnvart ríkinu það sem ekki fannst.

Hvernig er þessi fjárþörf saman sett? Hvað er það sem er verið að leggja með einum eða öðrum hætti á herðar skattborgara? T. d. launakostnaður þeirra sem við þetta verk starfa. Það er gert ráð fyrir því í plöggum, sem okkur bárust í gær, að hver einasti maður, sem við þetta starfar og þiggur laun fyrir, fái 51 þús. kr. á mánuði, sé á ráðherralaunum eða jafnvel meira. Og það er gert ráð fyrir því að íslenska ríkið ábyrgist að þessi laun verði greidd, 51 þús. kr. á mánuði til þeirra manna sem við þetta vinna, ef ekkert finnst. Og það vill svo undarlega til, að það er gert ráð fyrir því að á þessum launakjörum starfi að jafnaði 10 manns við uppgröftinn, jafnmargir og ráð-

herrar í ríkisstjórn Íslands. M. ö. o., á meðan að þessu er unnið kostar það íslenska skattborgara jafnmikið að halda þessu úti eins og það kostar að halda ríkisstjórn landsins uppi. (**Gripið fram í:** Það eru jafnmargir og þm. Alþfl.) Nei, þeir eru nú ekki nema níu lengur, og þeir eru alls ekki á þeim launum sem gert er ráð fyrir að menn hafi við þennan uppgröft, hæstv. iðnrh. En þetta eru öllu færri og meira að segja miklu færri en starfa við bréfaskriftir á vegum hæstv. ráðh.

Hvaða framkvæmdir skyldi síðan eiga að vinna við þetta? Það er gert ráð fyrir 4 millj. kr. framkvæmd við vegagerð að þessum stað. Það er gert ráð fyrir því að reisa í kringum „fundarstaðinn" — fundarstaðinn í gæsalöppum því að ekkert liggur fyrir um að neitt sé þar fundið — hafnarmannvirki sem eiga að kosta 19 millj. kr. Það er jafnmikil fjárhæð og varið er til hafnarframkvæmda á vegum ríkisins á næsta ári á öllum höfnum á Vestfjörðum. Þá peninga getur ríkissjóður lagt fram án nokkurra trygginga í öðru en loftköstulum til þess að reisa höfn uppi á þurru landi á Skaftárfjöru. Það er gert ráð fyrir að verja 5 millj. kr. til fyrirhleðslna til þess að árnar á sandinum renni nú ekki ofan í gryfjuna sem á að grafa með þessum hætti á kostnað ríkisins. Það er hærri upphæð, eftir því sem ég best veit, heldur en varið er til fyrirhleðslna á landinu öllu.

Herra forseti. Það er með slíkum eindæmum að svona till. skuli vera hér flutt, að ég stórefa að þinglega sé hér rétt að verki staðið. Sé ríkisábyrgð veitt í þessu sambandi, sem ég tel vissulega meira en vafasamt, tel ég ekki rétt að aðrar reglur gildi um þá ábyrgð en almennt eru látnar gilda gagnvart þeim aðilum sem ríkissjóður fær heimild til að ábyrgjast lán fyrir, þ. e. þeir verði að leggja fram tryggingar sem Ríkisábyrgðasjóður metur gildar samkv. þeim almennu reglum sem þar gilda.

Eftir að hafa hlustað hér fyrir einu ári á mílnalangt raus þm. Sjálfstfl. um að það væri bæði ólöglegt og ósiðlegt að afgreiða fjárlagafrv. frá Alþingi með lántökuheimildum af þessu tagi, í staðinn fyrir að stefna þeim á þann vettvang þar sem slík mál eiga heima, þ. e. á vettvang lánsfjárlaga, furða ég mig á því að þeir sömu þm. sem ástunduðu slíkt margra klukkutíma raus í fyrra skuli leyfa sér nú að flytja við afgreiðslu fjárlaga jafn dæmalausa lántökuheimildartillögu eins og hér er gert. Þetta er eitt dæmið enn um þann tvískinnungshátt sem ríkir í herbúðum þessa flokks. Einn daginn er haldið fram skynsamlegri skoðun, án þess að menn þurfi þá að standa ábyrgir fyrir henni, og hinn daginn, næsta dag á eftir, er síðan labbað með tillögur hingað upp í ræðustól á Alþingi um framkvæmd á stefnu sem er í algerri andstöðu við þann málflutning sem málsvarar flokksins hafa iðkað.

Nú veit ég ekki, herra forseti, hvort vera kann að hér í þingsölum séu ýmsir menn, sem ekki eru skráðir flm. þessarar brtt. en telja þó rétt að ábyrgjast lán til að greiða fyrir þessari björgun, þó þannig að fullar tryggingar séu settar, þó þannig að þeir sem fá ábyrgðarheimildina verði að leggja fram sömu tryggingar og aðrir mundu þurfa að gera í þeirra sporum. Það má vel vera að hér inni séu menn, sem vildu gjarnan geta greitt fyrir slíkri afgreiðslu en væru ekki reiðubúnir til þess að greiða fyrir því að samþykkt yrði sú dæmalausa till. sem flutt hefur verið á þskj. 244, um að eina tryggingin fyrir 50 millj. kr. ríkisábyrgð sé veð í sandi, sé veð í loftköstulum.

Ég mun, herra forseti, þó að stutt sé í það að greidd verði atkv., láta reyna á það meðal þm. hér hvort menn eru reiðubúnir til að standa þá að slíkri brtt., að ríkisstj. væri heimilað að greiða fyrir þeirri framkvæmd sem hér um ræðir, ef framkvæmd skal kalla, með því skilyrði að þeir aðilar sem ábyrgðarinnar eiga að njóta leggi fram tryggingar eftir sömu almennu reglum og almennt eru settar, þegar veittar eru ábyrgðir til þriðja aðila með heimildum í fjárlögum, eins og þessi afgreiðsla lýtur að.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hefði viljað óska eftir því að fjmrh. og formaður fjvn. gæfu sér tíma til að hlýða hér á umr. þar sem enn virðist vera viðleitni til að bæta við fjárlögin. Ég óska eftir því að þeir verði kallaðir í salinn. (**Forseti:** Fjmrh. hefur gengið í salinn.) Og formaður fjvn. einnig hér.

Ég vil byrja á að vekja á því athygli, að flm. þeirrar brtt. sem hér er lögð fram eru m. a. Ólafur Ragnar Grímsson, hv. 11. þm. Reykv., og Jón Helgason, 3. þm. Suðurl. Það sem vekur undrun hjá óbreyttum þm. er það, að sú venja hefur verið við fjárlög, að þm. hefur verið ætlað að bera ekki upp brtt. við fjárlög ef þeir væru stjórnarsinnar. Nú þykjumst við framsóknarmenn hafa gert nokkuð vel við Alþb. að afhenda þeim fjmrh. og formann fjvn. sömuleiðis. Það vekur undrun ef formaður þingflokks Alþb. telur báða þessa menn svo gagnslitla í sínum störfum að það sé ekki hægt að treysta þeim til að koma á framfæri í gegnum fjárlög því sem þar þarf að vera, heldur þurfi hann, eftir að þeir hafa unnið þar sín verk, að bæta um betur og koma á framfæri sérstökum tillögum um útgjöld, ef hlutir færu á þann veg, upp á 50 millj. Ég vil fá við því skýr svör bæði frá hæstv. fjmrh. og hv. 4. þm. Reykn., formanni fjvn., hvort líta beri svo á að hinir almennu stjórnarþm. hafi þá heimildir til að flytja hér brtt. við fjárlög eins og þeim sýnist og greiða atkv. við fjárlög eins og þeim sýnist. Það er sanngjarnt að við fáum hrein svör við þessu áður en við förum út í atkvgr. almennt um fjárlögin.

Út af fyrir sig er það ekki á nokkurn hátt vítavert þó að menn hafi áhuga á því að vinna að uppgreftri á skipsflaki á Suðurlandi. Það sem vekur undrun er að þetta mál skuli koma inn á þingið með þessu hætti. Eðlileg málsmeðferð hefði verið að flutt hefði verið hér sérstakt mál með grg. um þessa hluti, þar sem við hefðum fengið í hendur þau undirgögn sem hljóta að vera nauðsynleg eigi menn að taka ábyrga afstöðu í svona máli. Ég fæ ekki séð að neitt hefði verið því til fyrirstöðu, að þetta mál hefði verið kynnt fyrir þinginu og það hefði verið skoðað með eðlilegum hætti þegar lánsfjárlög eru afgreidd. En það vekur undrun, svo að ekki sé meira sagt, að á elleftu stundu við afgreiðslu fjárlaga sé þessu dembt inn á borð til þm. Það vekur undrun og það gerir málið meira en lítið gruggugt.

Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp það bréf sem ritað var fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands árið 1960 og veitti ákveðnum aðilum heimild til að hefja þessa leit og þennan uppgröft:

„Forsætisráðuneytið, 27. sept. 1960.

Rn. hefur tekið við bréfi yðar, dags. 14. júní s. l., um leyfi ríkisstj. yður til handa til þess að leita að skipsflakinu Het Wapen, sem talið er að strandað hafi við Skeiðarársand í sept. 1667, og til þess að hagnýta yður verðmæti flaksins með tilheyrandi ef það skyldi finnast. Rn. virðist líklegt að hér sé um fornminjar að ræða og fer þá um fund skipsflaksins samkv. lögum nr. 40/1907. Að því er tekur til þeirra verðmæta sem finnast kynnu í

flakinu og ekki yrðu talin fornminjar vill rn. taka það fram, þar sem þér hafið þegar aflað yður heimildar hlutaðeigandi landeigenda til leitar og hagnýtingar flaksins með tilheyrandi, að ríkisstj. vill fyrir sitt leyti veita yður umbeðið leyfi gegn því að þér greiðið í ríkissjóð 12% af söluandvirði þeirra verðmæta sem hér kunnið að hagnýta, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar.

Hr. Bergur Lárusson, Brautarholti 22, Reykjavík."

Undir bréfið rita Ólafur Thors og Birgir Thorlacius.

Það er rökrétt og í samræmi við stefnu Sjálfstfl. að láta ákveðinn aðila bæði fá happið og bera áhættuna. Nú virðist aftur á móti vera komin upp sú stefna, að ríkið eigi að bera áhættuna en viðkomandi aðilar að fá happið. Þetta virðist vera ærin breyting frá þeim tíma þegar þetta bréf var skrifað.

Ég vil vekja á því athygli, að hér er um verklega framkvæmd að ræða þar sem menn munu að sjálfsögðu leggja fram sínar vinnuvélar og sín tæki og skrifa tíma út á þessar vélar. Það liggur því alveg ljóst fyrir að þeir sem nú ætla að fara að vinna verkið munu stórgræða á framkvæmdum á Skeiðarársandi, hvort sem skipið finnst eða ekki, eins og á að standa að málum eftir því sem flm. leggja til. Hvenær varð slík kúvending í stefnu Sjálfstfl. að það ætti ekki að tengja saman arðinn og áhættuna? Arðurinn skyldi einstaklingsins en áhættan öll þjóðfélagsins. Hvenær varð sú stefnubreyting? Það væri ráð að hugsjónamenn flokksins gerðu grein fyrir því hér í stólnum hvaða ár slík stefnubreyting varð.

Ég tel nauðsynlegt, vegna þess að hér hafa komið fram ýmsar upplýsingar um hvað hafi verið í þessu skipi, að gefa þingheimi kost á því að hlusta á frekari upplýsingar um þetta mál og lesa þau gögn sem hér liggja fyrir.

Mér hefur borist í ræðustól bréf: „Tillagan verður dregin til baka. JH." Fleiri hafa ekki skrifað undir. Ég fæ ekki séð að sá sem skrifar seinastur undir brtt. hafi eiginlega rétt til að draga hana til baka. En ef svo skyldi vera að búið sé að ákveða að draga till. til baka og aðilar málsins skrifi undir, svo að það liggi alveg ljóst fyrir, þá er ég reiðubúinn að hætta hér ræðu minni.

Indíafarið Het Wapen van Amsterdam strandaði á Skeiðarársandi, nánar tiltekið á Skaftafellsfjöru 19. sept. 1667. Skipið var á heimleið ásamt átta öðrum skipum Austur-Indíafélagsins hollenska og var siglt vestan Bretlandseyja í átt til Færeyja. (**SvH:** Ég hef lesið þetta, ég má fara.) Ég vil koma því hér á framfæri, að ég veit að hv. 4. þm. Austurl. er vel að sér í bókmenntum almennt og skaðar því ekkert þó að hann víki á braut.

Miðja vegu milli Íslands og Færeyja brast á óveður mikið. Het Wapen varð viðskila við skipalestina og leitaði undan veðrinu í átt til Íslands, þar sem það strandaði eftir tveggja daga hrakning.

Het Wapen mun hafa verið vopnað kaupfar, mjög stórt á síns tíma mælikvarða, af þeirri gerð sem nefnt var retorskip. Amsterdam-deild Austur-Indíafélagsins lét smíða skipið á árunum 1653—1654. Talið er að búnaður og stærð skipsins hafi verið sem hér segir: Lengd 147 fet, breidd 35 fet, rista 12 fet, vopnabúnaður 35—40 fallbyssur. Óvíst hvort hefði þurft að fara í byssukaup Landhelgisgæslunnar hefðu menn vitað um þetta svolítið fyrr.

Áhöfn og farþegar 200—250 manns. Farmurinn: Nákvæm farmskrá er enn til yfir þær vörur sem fóru um borð í skipin níu í Batavíu. Farmskrá Het Wapen er hins vegar ekki fyrir hendi. Farmskráin af þessu skipi er ekki fyrir hendi, það skyldu menn hugleiða. Áætla má hins vegar á grundvelli heildarfarmskrár hver farmur Het Wapen var þegar skipið strandaði. Meðaltalsútreikningar virðast hafa verið notaðir til að finna þetta út. Sé gengið út frá að farminum hafi verið jafnt skipt á skipin níu má ætla að farmskrá Het Wapen hafi verið eftirfarandi:

Pipar 550 tonn. Oft var nú þörf. Saltpétur 65 tonn, Sappanviður 40 tonn, kopar 35 tonn, negull 20, kanill 17, hnetur 10, sykur 10, stafir 5, indígó-litur 5, kalantórusviður 5, makkatin 5, baðmullarþráður 5, japönsk kamfóra 3, persneskt silki 3 tonn. Það eina sem heimildir íslenskra munnmæla benda til er að silkið hafi verið með skipinu, því að það höfum við sannfrétt, að bændur Suðurlands á þessu svæði hafi notað silkið í gjarðir á þó nokkru tímabili eftir að þetta skipsstrand átti sér stað.

Auk ofangreinds er ýmislegt smálegt, þar með taldir demantar og perlur, sem lyftir tonnatölu farms eitthvað yfir 800 tonn, ef því er deilt á skipin. Þá eru ekki taldar vistir eða persónulegir munir skipshafnar og farþega.

Ég held að það sé ekki nauðsyn að ég lesi þessar skýrslur allar, en ef þess yrði óskað hef ég aðstöðu til að biðja aftur um orðið. En hitt þykir mér rétt að menn hugleiði í fyrsta lagi: Er ekki hugsanlegt að áhugamenn um þetta mál vilji gefa þingheimi tíma til að hugleiða málið og leggja það fram með eðlilegum hætti eftir áramót ásamt nánari upplýsingum? Og jafnframt geri menn sér grein fyrir því, að það eru mörg skip sem hafa sokkið í kringum landið og trúlegt að ýmsir vildu leita eftir því að fá lán með því að láta veð í þessum skipum. Þess vegna vaknar sú spurning, hvort það sé eðlileg fjármálastefna að taka það upp að gera slík skip veðhæf. Þetta hefði kommissar hjá Byggðasjóði gjarnan mátt heyra.

Ég ætla ekki að þreyta menn miklu lengur með umr. um þetta. En ég óska eftir því að fjmrh. og formaður fjvn. svari þeim spurningum sem til þeirra var beint.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er nú ágætt að þingheimur skemmti sér svolítið hér í skammdeginu undir lok þingstarfa fyrir hátíðar. En hitt hefðum við kosið ýmsir, sem höfum um það mál fjallað sem felst í brtt. okkar Birgis Ísl. Gunnarssonar, Péturs Sigurðssonar, Sverris Hermannssonar, Jóns Helgasonar og mín, að menn fjölluðu kannske af aðeins meiri alvöru en hér hefur verið gert um það sem er kjarni þessa máls: að ætlunin er að gera tilraun til að ná menningarverðmætum sem eru einstæð í sögunni og ekki er hægt að ná ella eftir nokkrum öðrum leiðum. Nokkrar þjóðir, t. d. Bretar núna nýverið, hafa lagt ofurkapp á og kostað til þess miklum fjármunum að ná aftur skipum, sem legið hafa á hafsbotni eða árbotnum, og undan Noregsströndum var í fyrra unnið að hliðstæðu verkefni sem heimsathygli vakti.

Menn hafa gjarnan nefnt þetta „gullskipið" og reynt að nota það heiti málinu til lítilsvirðingar og til þess að fleyta kerlingar á frekar ómerkilegum bröndurum hér í ræðustól og í hliðarsölum þingsins, án þess að horfa á þann kjarna máls, hvort við Íslendingar eigum að kosta nokkru til að verða þeirrar gæfu aðnjótandi að geta boðið umheiminum að sjá fornmenjar frá fyrri tíð, sem margar þjóðir mundu vilja kosta miklu til að hafa hjá sér og ég er viss um að hollenska þjóðin mundi verða reiðubúin að reisa yfir sérstakt safnhús, ef vel tækist. Við

höfum dæmi frá Svíþjóð þar sem í sérstöku safni skipar virðingarsess skip frá þeirra sögu. Við höfum dæmi frá Noregi og við höfum fleiri slík dæmi þar sem skip frá fyrri öldum, sem tekist hefur að ná heilum til samtímans og fyrir framtíðina, hafa verið talin til mestu menningarverðmæta.

Það er alveg rétt að það eru einstaklingar og einkafyrirtæki sem kostað hafa til þess miklu fé og miklu af sínum tíma til að ganga úr skugga um hvort líkur séu á því að skipið finnist. Hafa þær tilraunir, það mikla starf, að ég ætla staðið í upp undir 20 ár og hafa nú loksins skilað þeim árangri að raunhæft er að ræða þessa möguleika sem menningarverðmætabjörgun, en ekki sem ævintýraleik á neinn neikvæðan hátt eins og hér hefur verið gert í umr.

Hitt er svo e. t. v. rétt, að málið hafi ekki verið nægilega rætt og kynnt þm. á fundum þingflokka eða annars staðar á vettvangi þingsins. En við sem að þessari till. stóðum töldum að málið hefði fengið nægilega rækilega umfjöllun á vettvangi þingflokkanna, það hefði verið fjallað um það bæði í þingflokki Alþb. og ég tel einnig á vettvangi þm. Sjálfstfl. En það hefur komið í ljós hér við þessar umr. að bæði innan þingflokks Framsfl. og innan þingflokks Alþfl. hefðu hliðstæðar umr. ekki farið fram.

Við fluttum þessa till. í þeirri góðu trú að málið væri kunnugt öllum þorra þm. og það þyrfti aðeins hópur manna úr sem flestum flokkum þingsins að taka sig saman og flytja slíka till. Það hefur hins vegar komið í ljós hér nú þegar og ennfremur í viðræðum við þm. í þingsal og utan hans núna síðustu mínúturnar, að þó nokkur hópur þm. óskar eftir því að fá að kynna sér þetta mál nánar og skoða þann mikla menningarleiðangur og þann mikla sögulega leiðangur sem hér er verið að taka ákvörðun um að leggja upp í og taka vissa hlutdeild í. Við sem höfum flutt þessa till. erum fúsir til að eiga slíkt samstarf við þm. og munum því draga till. til baka nú, en boðum jafnframt að við munum vinna að frv. um þetta mál sérstaklega, sem við munum leggja fram þegar þing kemur saman á nýjan leik eftir jólahlé, þar sem öll fylgigögn málsins geta legið fyrir og þar sem þm. hefur gefist góður tími til að kynna sér málið í heild sinni og hliðstæður þess í öðrum löndum. Við munum þess vegna gefa þm. tækifæri til að taka afstöðu til málsins þegar þingið kemur saman á nýjan leik eftir jólahlé og væntum þess, að þm. ræði þetta mál þá og hugleiði í fullri alvöru og á grundvelli þess hvers konar menningarverðmætabjörgun við erum hér að fjalla um.

Það er auðvitað rétt, sem hér hefur komið fram, að það hefur enginn tryggingu fyrir því hér og nú að þetta kunni að takast algerlega. Hún hefur aldrei verið fyrir hendi þegar hliðstæðum skipum frá fyrri öldum hefur verið bjargað. En líkurnar eru orðnar svo yfirgnæfandi, að við teljum rétt að íslenska þjóðin taki vissan þátt í þessu starfi. Það liggur ljóst fyrir að ef það tekst, þá muni ganga til almenns sjóðs landsmanna, ríkissjóðs, um 70% af öllum þeim tekjum og hagnaði sem inn koma af þessu heildarverkefni. Ennfremur er ljóst, eftir því sem dæmi eru til um annars staðar og reyndar eftir því sem fréttaflutningur hefur nú þegar verið erlendis um þennan væntanlega leiðangur, að þessi tilraun mun vekja heimsathygli. Mér er til efs að nokkrir atburðir í menningar- og sögustarfi, jafnvel nokkrir atburðir í þjóðlífi Íslendinga muni vekja jafnmikla athygli og þessi tilraun til að ná upp þessu skipi, þegar hafist verður handa um hana í alvöru.

Herra forseti. Við tillögumenn drögum þessa till. hér með til baka og væntum góðs samstarfs við þingheim allan um það frv. um málið sem við munum leggja fram þegar þing kemur saman að loknu jólaleyfi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það mál sem ég minnist hér á hefur engan veginn vægi á við heilt gullskip, en það að gullskipið hefur verið dregið til baka gefur mér óneitanlega ástæðu til aukinnar bjartsýni um að mitt litla mál upp á 10 þús. nái fram að ganga, úr því að ríkissjóður er firrtur ábyrgð upp á 50 millj. með því að gullskipið er vikið til hliðar. (Gripið fram í.)

Aðeins örfá orð, svo að ég hverfi að málinu, aðallega til að vekja athygli hv. þm. á till. á þskj. 239, sem ég hef flutt breytta frá þskj. 214. Sú till. sem hér liggur fyrir nú fjallar einfaldlega um það, að fimm landshlutasamtök kvenfélaganna fái hvert fyrir sig 2 000 kr. inn á fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 1983. Ég hef þegar mælt fyrir þessu. Ég vil aðeins ítreka og leggja áherslu á aðalatriði málsins. Þetta er til komið vegna þess að á fjárlögum yfirstandandi árs var kippt út 1 000 kr., sem veitt var til þriggja landssambanda á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi. Ég hef breytt till. nú í það form að nú skal þetta ganga til allra fimm landssambandanna og um leið lækkaði ég upphæðina niður í 2 000 kr. Hér er af fullri hógværð farið í sakirnar. Ég vil ítreka líka það atriði, sem er annað aðalatriði þessa máls, að þessu var kippt út á s. l. ári undir því yfirskini að það ætti að auka framlög til Kvenfélagasambands Íslands, sem er landssamband, og það gæti síðan miðlað til landshlutasambandanna. Staðreyndin er hins vegar sú, að sú upphæð, 358 þús. kr., sem Kvenfélagasamband Íslands fór fram á, er skorin niður í 210 þús. Það er því algerlega fráleitt og út í bláinn að ímynda sér að landshlutasamböndin njóti nokkurs góðs af þeirri naumt skömmtuðu fjárveitingu.

Í þriðja lagi vil ég nefna enn eitt aðalatriði og það er það, að þetta er ekki hugsað sem fjárstyrkur eða starfsstyrkur til kvenfélaganna. Það er hugsað fyrst og fremst sem viðurkenning á því gagnmerka starfi sem þessi félög hafa frá upphafi unnið. Ég hygg að við getum verið sammála um að þau hafi lyft grettistökum í gegnum tíðina. Nægir að minna á Landsspítalann á sínum tíma, sem íslensk kvenfélög höfðu allt frumkvæði og atbeina um að reistur var.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess að þetta mál hljóti þann skilning í hugum þm. og verði afgreitt í þeim anda sem liggur á bak við þessa brtt. mína á þskj. 239.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef hér mælt fyrir till. um sveitarafvæðingu sem ég flyt ásamt níu öðrum sjálfstæðismönnum. Ég stend hér upp að gefnu tilefni. Hv. 1. þm. Vesturl. vék að þessari till. og var að gera því skóna, að till. hefði verið óþörf, ef tekið hefði verið eftir till. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 203, þar sem um er að ræða hækkun til sveitarafvæðingar.

Ég fagna því að meiri hl. fjvn. hefur lagt fram þessa till. En til þess að enginn misskilningur sé í þessu efni, þá vil ég aðeins upplýsa að till. okkar sjálfstæðismanna er um það að hækka framlag ríkisins úr 4.5 millj. í 22 millj., en till. meiri hl. fjvn. er um að hækka framlagið úr 4.5 millj. í 7.5 millj. Ef litið er á dæmið í heild og tekið tillit til þess að það er gert ráð fyrir lánsfjármagni einnig til sveitaraf-

væðingar, þá fól till. okkar sjálfstæðismanna það í sér, að samanlagt yrði varið 27 millj. kr. til sveitarafvæðingar á næsta ári, en till. meiri hl. fjvn. 20.5 millj. kr. Ég gef þessar upplýsingar af gefnu tilefni. Ég fagna þessari brtt. frá meiri hl. fjvn. og ég dreg ekki í efa að þar hafi komið til áhrif frá hinum ágætu framsóknarmönnum, sem bera fram till. til þál. um rafvæðingu í dreifbýli og ég vék áður að, en þetta þýðir samt ekki að framsóknarmenn standi enn jafnfætis okkur sjálfstæðismönnum í þessum efnum. Það má segja að þeir hafi núna tærnar þar sem við höfum hælana.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þeirrar sérkennilegu umr. sem fór hér fram áðan um hið svonefnda gullskip vil ég koma á framfæri aths. vegna orða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Þingflokki Alþfl. var ekki kunnugt um þetta mál fyrr en í gær. Í öðru lagi var um málið fjallað á fundum flokksins í gær, en það var enginn af þm. flokksins tilbúinn að skrifa upp á þessa till. eins og hún lá hér fyrir þinginu í dag. Ég vil að þetta komi skýrt fram. Ennfremur vil ég segja það, og það er frá mér persónulega, að ég hef fylgst með þessum gullgreftri á Skeiðarársandi með mikilli athygli og ég ber virðingu fyrir þeim mönnum sem þarna eru að spreyta sig á miklu verkefni, og ég sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi Íslendinga komi til liðs við þá á einhvern hátt. En fyrirvaralaust, við þær aðstæður sem nú ríkja, gengur það dæmi ekki upp. Og ég verð að segja eins og er að ég er hissa á þeim mönnum sem láta sér detta í hug við lokaafgreiðslu fjárlaga að henda inn till. þar sem beðið er um 50 millj. kr. ábyrgð, þegar við erum að draga til baka till. m. a. um það að veittar verði 50 þús. kr. til þess að hefja rannsóknir á eldi sjávarfiska, sem er 0.1% af þeirri upphæð sem hér um ræðir. Í því svartamyrkri efnahagsmála leyfa menn sér að henda inn till. við lokaafgreiðslu fjárlaga og biðja um 50 millj. kr. í mál af þessu tagi. Mér finnst að þeir menn sem hér hafa hneykslast á smátillögum stjórnarandstöðunnar um breytingar á fjárlögum ættu ekki að segja eitt einasta orð. Þetta mál í heild sinni er auðvitað hneyksli eins og að því hefur verið staðið.

Herra forseti. Ég er meðflm. að brtt., sem verður borin upp hér á eftir, um að hækkað verði framlag til Námsgagnastofnunar, svo að unnt verði að hefja framleiðslu og útgáfu á bókum fyrir börn með sérþarfir, verkefni sem hefur verið vanrækt um áratuga skeið hér á landi. Ég segi fyrir mig, að meðan þeir menn sem skrifa upp á 50 millj. kr. till. eru tilbúnir að fella till. af því tagi sem ég hef hér talað um, þá er þetta þing hneyksli. Og ef hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hv. þm. og forseti Jón Helgason treystast ekki til að mæla með hækkun í þessu skyni upp á 1 millj., en treysta sér til þess að skrifa upp á till. sem biður þingið um 50 millj. kr., þá er ég agndofa.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þessari umr. er að ljúka, og vildi ég áður en henni lýkur fara örfáum orðum um till. sem ríkisstj. flytur á þskj. 234. Þessar till. eru allar brtt. við 6. gr. frv. og varða heimildir á 6. gr.

1. Um er að ræða að veitt sé heimild til veitingar ríkisábyrgðar vegna erlendra vörukaupalána til raðsmíði fiskiskipa fyrir allt að 20% af smíðaverði hvers skips.

Ekki er þörf á að fara mörgum orðum um þetta mál. Það er í beinu framhaldi af heimildum sem þegar hafa verið veittar og varða svokallað raðsmíðaverkefni. Raðsmíðaverkefnið snýst um smíði þriggja fiskiskipa í þessum áfanga nú. Þessi smíði er talin afar mikilvæg til að rekstur þessara skipasmíðastöðva, sem hafa lítil verkefni nú um sinn, geti verið með eðlilegum hætti, auk þess sem hér er um að ræða hagkvæma staðlaða framleiðslu. Áður hefur verið gerð grein fyrir þessu máli, enda var veitt heimild til ríkisábyrgðar í lánsfjárlögum fyrir árið 1982. Hins vegar er óhjákvæmilegt, til að þessi smíði geti haldið áfram, að tryggja að erlend vörukaupalán fáist, en þau fást ekki nema veitt sé ríkisábyrgð sem nemur 20% af smíðaverði hvers skips. Ég þarf ekki að taka það fram, að að sjálfsögðu er gengið út frá því sem gefnu að ábyrgðir þessar falli ekki á ríkið. Vil ég taka það skýrt fram, að ef slíkt kæmi upp, að ábyrgðir þessar færu að falla á ríkið, þá mundi það að sjálfsögðu koma í veg fyrir að hægt yrði að veita þessa þjónustu í framtíðinni. Þessi þjónusta er á margan hátt eðlileg, að ríkið hjálpi til að halda slíkum verkefnum gangandi, en ef það leiðir til þess að þungar ábyrgðir lendi á Ríkisábyrgðasjóði er hér auðvitað um þess háttar upphæðir að ræða að mundi af sjálfu sér leiða til þess að áframhald þessa raðsmíðaverkefnis yrði í hættu og yrði lítið framhald þar á. Þetta vil ég taka skýrt fram vegna þess að ég vona og treysti því að til þess komi ekki.

2. Hér er um að ræða að veitt sé heimild til að ábyrgjast lán allt að 80 millj. sem tekið yrði af Áburðarverksmiðju ríkisins hjá Seðlabanka Íslands.

Áburðarverksmiðjan hefur staðið veikt að vígi oft og tíðum, en þó hefur verksmiðjan staðið undir sér lengst af. Seinustu tvö til þrjú árin hefur orðið taprekstur hjá verksmiðjunni og augljóslega þarf að snúa þeirri þróun við. Meðan það hefur hins vegar ekki tekist þarf auðvitað í þessu fyrirtæki eins og öllum öðrum að tryggja að fyrirtækið stöðvist ekki, það geti haldið framleiðslu sinni áfram og að því takist að snúa þróuninni við. Það verður að sjálfsögðu einungis gert með því að endurskipuleggja þær lausaskuldir sem hvíla á verksmiðjunni. Það er tilgangurinn með þessari lántöku. (**Gripið fram í:** Endurskipuleggja lausaskuldir?) Já, þá á maður við það að breyta lausaskuldum í lán til lengri tíma, í föst lán. Hér er að verulegu leyti um lausaskuldir að ræða. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt að lausaskuldir hvíli á þessu fyrirtæki vegna þess að svo hefur verið í árslok um langt skeið. Nú hefur verið rætt um það milli landbrn. annars vegar og Seðlabanka Íslands hins vegar að hyggilegt væri að breyta þessum lausaskuldum að talsverðum hluta í fast lán til nokkurra ára. Frá þessu láni hefur enn ekki verið gengið og það hefur enn ekki verið ákveði til hve langs tíma þetta lán er tekið, en stefnt er að því að þetta verði a. m. k. þriggja ára lán. Þá þarf að sjálfsögðu að liggja fyrir ríkisábyrgð á þessu láni áður en frá því er gengið. Það er af þessari ástæðu sem hér er leitað heimildar til veitingar ríkisábyrgðar.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég tel óhjákvæmilegt að afborgun af þessu láni verði fjármögnuð á næstu árum úr rekstri fyrirtækisins og að ekki sé að því stefnt að lánið falli á ríkissjóð. Það er mín skoðun, að svo verði að vera og það er á þeirri forsendu sem ég fellst á að ábyrgð þessi sé veitt. Vissulega kunna að vera skiptar skoðanir um hvernig á þessu skuli haldið í framtíðinni. Það verða kannske aðrir en ég sem eiga þar hlut að máli, að taka þá ákvörðun, en þetta er mín skoðun. Vissulega má velta því fyrir sér í sambandi við þetta fyrirtæki hvort eðlilegt sé að ríkið auki eignarhlut sinn í fyrirtækinu. Ríkið hefur neyðst til að auka eignarhlut sinn í járn-

blendiverksmiðjunni í Hvalfirði, vegna þess að sú verksmiðja hefur verið rekin með tapi. Vissulega kemur það alltaf til álita þegar svona vandamál koma upp hvort auka þarf eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Ég vil sem sagt taka það sérstaklega fram að það er ekki verið að gera það með þessari ábyrgðarveitingu. Hér er verið að ganga frá lausaskuldum þannig, að um verði að ræða fast lán sem greitt verður af á næstu árum. Hina spurninguna, um það hvort ríkið eykur eigið fé sitt í fyrirtækinu, verður þá að taka til meðferðar og athugunar á síðara stigi þegar þessi mál hafa verið skoðuð nánar. Ég veit raunar að menn hafa fullan hug á að athuga þetta mál. Það kom m. a. fram í máli eins hv. þm., Egils Jónssonar, hér fyrr í dag. Hann vill að málefni Áburðarverksmiðjunnr séu tekin til vandlegrar athugunar, og ég get svo sannarlega tekið undir þau orð.

3. Um er að ræða að veitt sé sjálfskuldarábyrgð á láni sem Flugleiðir hf. taka. Um þetta lán gegnir að sjálfsögðu dálítið öðru máli en þau mál sem áður voru til umr. Hér er um að ræða bráðabirgðalán, sem verður síðan gert upp af ríkissjóði, ef í ljós kemur að sá áætlaði halli sem menn hyggja að verði á Norður-Atlantshafsflugleiðinni á yfirstandandi rekstrartímabili verður að veruleika. Hins vegar höfum við í þessu ákvæði fullan fyrirvara á því, að reynist ekki þessi rekstrarhalli verða, þá muni ríkið taka þeim mun minni þátt í greiðslum af þessu láni. Þetta er sem sagt lán til bráðabirgða, sem gert verður síðan upp af ríkinu með hliðsjón af afkomu félagsins og útkomunni á þessari flugleið að ári liðnu. Þannig hefur þetta verið gert á tveimur undanförnum árum og þannig er ætlunin að þetta verði nú aftur gert.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta Flugleiðamál, vegna þess að hér er um nákvæmlega sams konar sjálfskuldarábyrgð að ræða og veitt hefur verið tvívegis áður og öllum alþm. er kunnugt um. En ég vil láta þess getið, að vissulega ætlaðist félagið til þess að um yrði að ræða heldur hærri upphæð en hér er nefnd. En þessi upphæð er talin vera hin eðlilega, þegar tekið er tillit til þeirra tekna sem opinberir aðilar hafa af rekstri Norður-Atlantshafsflugsins. Það er fulltrúi fjmrn. í stjórn Flugleiða sem hefur reiknað út hvaða upphæð sé eðlileg í þessu sambandi. Það er 1.9 millj. Bandaríkjadala.

4. Þá vil ég nefna lántökuheimild sem hér er gerð till. um, þ. e. að heimild verði veitt til að taka erlent lán allt að 850 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Lánsfénu er ætlað að verja til fjármögnunar í samræmi við endurskoðaða lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 allt að 240 millj. kr., til nauðsynlegra greiðslna á árinu 1983 samkv. ákvæðum fjárlaga 1983 og til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og/eða sveitarfélaga í samráði við fjvn. Það er ljóst af þessum texta að hér er um að ræða þrenns konar lántökur.

Í fyrsta lagi er um að ræða lántökur vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982. Þessi till. er í fjárlagafrv. eins og það var lagt fram, en viðbótin sem hér kemur er sú, að bætt er við lántökum vegna fjárlaga 1983, og þá þeirra lánsfjármögnuðu framkvæmda sem þar eru á ferðinni og gerð er sérstök till. um á vegum meiri hl. fjvn. auk annarrar lántöku sem var í frv. þegar það var lagt fram. Í þriðja lagi er svo um að ræða hugsanlegar lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og/eða sveitarfélaga. Þar er að sjálfsögðu um að ræða fyrirtæki sem fyrst og fremst fá heimildir til lántöku í væntanlegri lánsfjáráætlun.

Ég vil sérstaklega taka það fram, að engum dettur í hug að þessi lántökuheimild komi í staðinn fyrir lánsfjáráætlun. Það er mesti misskilningur ef menn ímynda sér að þessi lántaka komi í staðinn fyrir lánsfjáráætlun. Það gerir hún að sjálfsögðu ekki. Á s. l. ári voru í lánsfjáráætlun miklu hærri fjárhæðir en hér er verið að ræða um. Hér er einungis um að ræða heimild til bráðabirgðafyrirgreiðslu, ef sérstök nauðsyn kallar á, áður en lánsfjáráætlun er formlega afgreidd. Og þá ber að gera það í samráði við fjvn. Ég hef ekki trú á því að það reyni mikið á þessa heimild, en þó má vel vera að áður en lánsfjáráætlun verður afgreidd geti komið upp einhver þau mál sem séu þess eðlis, að þörf sé á að þessari heimild sé beitt.

Ég tek eftir því að í ræðum stjórnarandstæðinga er því haldið fram, að fjárlagafrv. sé ekki réttur vettvangur til að veita heimildir af þessu tagi og að það verði að afgreiða hér sérstök lög með formlegum hætti til að um sé að ræða fullgildar heimildir. Þó er mismunandi hvernig menn hafa tekið til orða. Sumir ræðumanna hafa að vísu viðurkennt að hægt væri að veita slíkar heimildir í fjárlagafrv., en hafa sérstaklega tekið fram að það væri þá ekki hægt að veita heimildir vegna erlendra lána. Þetta eru kenningar sem oft hafa heyrst, en virðist lítið hafa verið farið eftir. A. m. k. er ljóst af fjárlögum, svo langt aftur sem ég hef flett, að lántökuheimildir hafa tíðkast í stórum stíl, bæði um erlend og innlend lán. Að vísu má segja að innlendu lánin séu algengari í þessu sambandi, að þau séu inni í fjárlagafrv., en allmörg dæmi virðast vera um erlendar lántökur. Mætti nefna dæmi frá árinu 1979 — af því ég hef það nú hérna fyrir framan mig — um erlend lán sem tekin voru með heimild úr fjárlögum vegna varamanna sendiherra í sendiráðum Íslands. Og árið 1977 er samsvarandi ákvæði.

Stundum hefur beinlínis verið tekið fram að um erlent lán væri að ræða, og jafnvel hefur verið tekið fram að um væri að ræða einhverja ákveðna mynt. Ég gæti t. d. nefnt eitt stórlán sem er í fjárlögum frá árinu 1974. Þar segir að fjmrh. sé heimilt að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, lán Loftleiða hf. erlendis að fjárhæð allt að 2 millj. Bandaríkjadollara. Í sömu fjárlögum segir að ríkisstj. sé heimilt að taka innlent og erlent lán að jafnvirði allt að 300 millj. kr. til framkvæmda við þangþurrkstöð á Reykhólum ef niðurstöður rannsókna sýna að fyrirtækið muni reynast hagkvæmt.

Ég hef nefnt þessi dæmi af handahófi. Ég sé hérna t. d. að 1973 er tekið fram að fjmrh. sé heimilt að taka lán að jafnvirði allt að 90 millj. Lúxemborgarfranka vegna framkvæmda í samgöngumálum á Austfjörðum og Norðurlandi. Svona gæti ég að sjálfsögðu haldið lengi áfram að lesa.

Ég vil láta þess getið að ég lét ljósrita upp úr fjárlögum fyrir árin 1972-1979 um hvaða lánsfjárheimildir hefði verið að ræða af þessu tagi, bæði erlend og innlend lán og ábyrgðarveitingar. Ég lét ljósrita þetta í tuttugu eintökum og hef látið ýmsa þm. hafa þessa lista og er enn aflögufær um allmörg eintök ef einhver vildi skoða þá lista frekar. Eins gætu þingfréttamenn fengið aðgang að þeim.

Ég held að ekki sé ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Það er að vísu rétt að sú kenning var uppi að lántökuheimildir væru ekki fullgildar ef þær væru í fjárlögum. En það er augljóst mál að Alþingi hefur ekki hikað við um mjög langt skeið, sennilega áratugaskeið, að hafa í fjár-

lögum lántökuheimildir. Síðan geta menn velt fyrir sér þeirri fræðilegu spurningu hvort þetta hafi verið rétt og hvort þetta hafi verið fullgilt. En ég hygg að þegar slíkur framkvæmdamáti hefur tíðkast svo lengi sem raun ber vitni, þá verði að telja að um venjuhelgaða framkvæmd mála sé að ræða. Og auðvitað skiptir þá mestu máli hvort lánveitendur — sem að sjálfsögðu eiga sér lögfræðilega ráðunauta hér innanlands þegar lán eru tekin — gefa þá umsögn að um sé að ræða ófullnægjandi heimildir. Á það reynir þá að sjálfsögðu í hverju tilviki og það er þá þeirra mál hvort þeir telja að um fullgildar heimildir sé að ræða.

5. Hér er um að ræða að veitt er heimild til að tekið sé lán allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvar í Keflavík. Ég vil taka skýrt fram að hér er um að ræða framlengingu á heimild sem veitt var í fjárlögum fyrir árið 1982. Þar var heimildarákvæði sem var nákvæmlega eins orðað og það heimildarákvæði sem hér er gerð till. um. og við leggjum til að þetta heimildarákvæði verði framlengt. Að sjálfsögðu fylgja því allir sömu fyrirvarar eins og fylgdu þegar þetta ákvæði var sett í fjárlög fyrir árið 1982. Nægir þar að vísa í athugasemd sem fylgdi grg. frv., þar sem um þetta mál er fjallað og gerð grein fyrir stöðu þess.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um þessar till. eða um fjárlagafrv. að öðru leyti. Ég hef reynt að varast að fjalla hér um málflutning stjórnarandstöðunnar almennt. Ég hef einungis fjallað hér um þær till. sem ríkisstj. flytur. Ég hef verið að mæla fyrir þeim. Ég held að það sé lítill áhugi á því hér og nú að framlengja þessar umr. og því ætla ég að leiða hjá mér það sem fram hefur komið í málflutningi stjórnarandstæðinga, því að áreiðanlega verður nægur tími til að fjalla almennt um stöðu efnahagsmála og fjármála síðar hér í þinginu. Ég vil að endingu þakka hv. fjvn. fyrir ágæt störf.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm. beindi til mín fsp. út af atvinnumálum á Akureyri sem ég skal svara hér með. Það var í júlímánuði, nánar tiltekið 14. júlí s. l., sem atvinnumálanefnd Akureyrar kom til fundar. Þar mættu fulltrúar frá Meistarafélagi byggingarmanna til að gera grein fyrir útliti og framtíðarhorfum í byggingariðnaði á Akureyri. Þeir töldu að verulegt atvinnuleysi væri yfirvofandi með haustdögum og ekki fyrirsjáanleg atvinna nema fyrir u. þ. b. þriðjung byggingarmanna þegar yfirstandandi verkefnum lyki í haust. Nefndin fól svo formanni að gangast fyrir fundi með þm. kjördæmisins, fulltrúum Akureyrarbæjar og fulltrúum byggingarmanna um þetta mál. Þetta var 14. júlí.

Þetta mál kom svo til ríkisstj. skömmu síðar. Á fundi hennar 1. ágúst var þessi fundargerð kynnt og rætt ítarlega um atvinnuhorfur á Akureyri og ákveðið að fylgjast með því sem fram yndi í þeim efnum.

Nú er það kunnugt að á Akureyri hefur um margra ára skeið verið nokkur atvinnuskortur tímabundinn, einkum að vetrarlagi, ekki síst vegna þess að að sumarlagi hefur verið mikil byggingarvinna en dregist saman einkum af veðurfarsástæðum að vetrinum. Upplýsingar hef ég fengið frá forstöðumanni vinnumáladeildar félmrn., Óskari Hallgrímssyni, sem fylgist manna best með atvinnuástandi um landið. Þær upplýsingar eru á þá leið að atvinnuleysi hafi verið miklu minna í nóvember en spáð hafði verið síðla sumars og í haust og að atvinnuástand almennt á Akureyri sé talið betra nú á þessum fyrstu mánuðum vetrarins en það var á sama tíma í fyrra. M. a. hafi verið meira um opinberar framkvæmdir og meira unnið við byggingu verkamannabústaða en ætlað hafði verið.

Ég vil taka það fram að ríkisstj. er að sjálfsögðu reiðubúin til viðræðna við bæjarstjórn og atvinnumálanefnd Akureyrar hvenær sem er um ráðstafanir sem nauðsynlegar kynnu að vera til þess að draga úr atvinnuleysi. En hún hefur, síðan þessi fundargerð atvinnumálanefndar barst, fylgst með málum og sem betur fer hefur ræst betur úr en á horfðist, þó að sjálfsögðu sé nauðsynlegt að fylgjast vandlega með þar. Og auðvitað mun atvinnumálanefndin og bæjarstjórn Akureyrar og bæjaryfirvöld hafa þar vakandi auga á og hafa samband við ríkisstj. eftir því sem þörf gerist.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það var út af orðum hæstv. fjmrh., þegar hann mælti fyrir brtt. ríkisstj. á þskj. 234, sem mig langaði til að eiga við hann örstutt orðaskipti, að sjálfsögðu mjög stutt þar sem komið er að lokum þingsins. En til þess að það geti orðið þætti mér betra ef forseti vildi gera ráðstafanir til þess að ráðh. kæmi hér inn, því að af ræðu hans gat ég ekki annað fundið en hann gerði sér ekki grein fyrir því nú, frekar en svo oft áður, hvaða lög giltu í landinu. Nema menn viti það og hugsi sér að sniðganga þau eins og þeim sýnist.

Ég var að segja, hæstv. fjmrh., að vegna þess sem kom fram í ræðu ráðh. hér áðan vildi ég aðeins eiga við hann orðaskipti. Mér virtist í ræðu ráðh. koma fram að hann vissi ekki hvaða lög giltu í landinu varðandi lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja því að hann ræddi um að menn væru þeirrar skoðunar, að fram hefði komið o. s. frv. En í lögum nr. 103 frá 1974 er skýrt tekið fram með hvaða hætti lántökur skuli eiga sér stað. Ég beitti mér fyrir því sem fjmrh. að þau lög væru sett og þetta atriði er skýrt tekið fram í 1. gr. þeirra laga. Fjárlög geta ekki breytt þeim lögum. Það er nokkuð ljóst. Ég held að það sé ekki að finna í neinni kennslubók í lögfræði eða nokkurs staðar í lögskýringu að fjárlög geti breytt sérstökum lögum.

Í 1. gr. laga nr. 103 frá 1974 stendur með leyfi forseta: „Ríkissjóði og stofnunum er greinir í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. laga nr. 52 frá 1966, er óheimilt að taka lán eða stofna til skulda erlendis nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum.“ Svo heldur áfram: „Ennfremur er ríkissjóði og framangreindum stofnunum óheimilt að taka innlend lán eða stofna til skulda innanlands nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum eða fjárlögum.“

Nú hefur því jafnvel verið haldið fram, að það sem ég las upp nú síðast geti tæplega staðist ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem getið er um lántökur ríkisins. Hins vegar eru skýringar í lögfræðiritum þess eðlis, að venja sé orðin fyrir því að ábyrgðir sem ríkissjóður veitir séu samþykktar í fjárlögum. Þegar þessi lög voru sett var komin á sú venja að innlendar lántökur væru heimilaðar í fjárlögum, enda við innlenda aðila að ræða þegar lántakan átti sér stað.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram því að hæstv. ráðh. hafði ljósritað mikið af 6. gr. fjárlaganna, um heimildir til lántöku, sem hann ætlaði að útbýta meðal þm. til þess að þeir sæju hvernig þetta hefði gerst á undanförnum áratugum.

Lögin frá 1974 breyta því sem áður hafði verið. Þeim

var ætlað að koma þessum málum þannig fyrir að eftir því væri farið og fjárlög, sem gerðu ráð fyrir erlendri lántöku til framkvæmda, væru ekki samþykkt öðruvísi en að lánsfjárlög hefðu verið samþykkt áður.

Þá vík ég að vinnubrögðum frá þessum tíma. Ef menn fletta upp A-deild Stjórnartíðindanna þá lesa þeir að lög nr. 92 frá 1974 eru lög um lántökuheimild vegna fjárlaga ársins 1975. Fjárlög ársins 1975 eru nr. 111. Þau eru því samþykkt síðar en lántökuheimildin sem þá var samþykkt. Ef við tökum árið 1975, fjárlög fyrir 1976, þá eru lögin um erlenda lántöku nr. 89, fjárlögin nr. 100. Það segir okkur að lánsfjárlögin voru samþykkt áður en fjárlögin voru samþykkt. Ef við tökum fjárlögin 1977, þá eru lög nr. 116 frá 1976 vegna erlendrar lántöku fyrir opinberar framkvæmdir. Lög nr. 121 eru svo fjárlög fyrir árið 1977. Það segir okkur að lánsfjárlög eru samþykkt áður en fjárlögin eru samþykkt. Ef við tökum fjárlögin fyrir árið 1978, þá eru lög um heimild til erlendrar lántöku nr. 82/1977, en fjárlögin 1978 eru lög nr. 86/1977.

Ég hef gert nokkuð svipað og hæstv. ráðh. Ég hef látið ljósrita hér þau lög sem nú gilda um lántöku ríkisins. Um leið og ég geng úr þessum ræðustól ætla ég að afhenda ráðh. eitt eintak. Svo geta fjölmiðlamenn að sjálfsögðu fengið ljósritin hér hjá mér, eins og þeir fá hjá ráðh. ljósrit í sambandi við fjárlögin á undanförnum áratugum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þakka forsrh. hans svör. Það voru ekki neinar nýjar fréttir fyrir mér að atvinnuástandið í nóvember væri jafnslæmt og í fyrra, sem kemur af þeirri einföldu ástæðu að vetur gekk mjög snemma í garð á síðastliðnu ári og torveldaði mjög byggingarframkvæmdir. Það er vissulega rétt, að menn óttuðust mjög í haust að svo kynni að fara aftur nú. Hins vegar er hættan við atvinnuástandið fyrir norðan fólgin í því, að á þessum síðustu mánuðum hafði verið of mikið unnið fyrir lánsfé, það verði of lítið fé til ráðstöfunar á þessu ári. Sannleikurinn er sá, að margar af þeim framkvæmdum sem unnið var við síðustu vikurnar hafa verið fjármagnaðar fyrir lánsfé, eins og t. d. verkamannabústaðirnir. Spurningin er sú, hvert framhaldið verður, hvort þetta eigi ekki eftir að hefna sín á þessu ári. Þess vegna er útlitið í byggingariðnaðinum fyrir norðan og atvinnuástandið mun alvarlegra en það hefur verið á síðustu árum. Það sést greinilega, ef skoðaðar eru byggingarskýrslur um þær framkvæmdir sem nú eru í gangi, verið er að vinna að, á hverju menn geti átt von.

Ég veit ekki hvað maður á að segja meira um þetta. Ef maður lítur á heildarfjárveitingar ríkisins til framkvæmda þar gera þær svona rétt að hrökkva fyrir skuldum. Ef maður tekur grunnskólana sérstaklega er þar um mjög verulegar skuldir ríkissjóðs að ræða, ég tala ekki um íþróttahúsið, en það er rétt að það fékkst nokkur leiðrétting á fjárlögum varðandi íþróttahúsið og sjúkrahúsið í heimildargrein vegna þrýstings frá þm. kjördæmisins. — Fyrst og fremst gengu þeir þar fram fyrir skjöldu eins og þeim er kannske ekki þakkandi. Það er þeirra verk að passa upp á sakirnar. Á hinn bóginn hefur mér þótt skorta á að ríkisstjórnin sýndi frumkvæði í þessu máli miðað við þær undirtektir sem Akureyringar fengu í sumar og haust. Ég er aftur á móti þakklátur fyrir það ef hæstv. ríkisstj. ætlar að reyna að fylgjast með málinu og leyfi ég mér að taka ummæli hæstv. forsrh. á þann veg að hann muni a. m. k. vilja stuðla að því að greiða fyrir ef illa fer á atvinnumarkaðnum. Ég veit að það yrði honum sérstök ánægja að liðka til fyrir okkur ef við mundum leita til hans.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held að við hv. þm. Matthías Á. Mathiesen ættum ekki að lengja þennan fund með frekari orðræðum um hvernig túlka eigi lögin sem lúta að innlendum og erlendum lántökum og heimildum til þeirra. Það eru augljóslega mismunandi lagatúlkanir uppi um þetta atriði. Ég vil aðeins segja það, að samkvæmt þeim lögfræðilegu ráðleggingum sem ég hef fengið í fjmrn. hafa menn talið að fjárlög væru fullgild heimild í þessu sambandi. Það er ekki heldur deilt um það okkar í milli að fjárlög eru fullgild heimild þegar um innlend lán er að ræða. Ég held að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen dragi ekki í efa að það er ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi samþykki þessa heimild og að heimild af þessu tagi sé tekin inn í fjárlög. Hann heldur því hins vegar fram að það þurfi sérstök lög til að koma til þess að taka megi erlend lán samkvæmt þessari heimild.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að að sjálfsögðu verður þetta mál betur skoðað og ef það verður niðurstaða manna að frekari heimildir þurfi til verður að sjálfsögðu ekki um erlenda lántöku að ræða nema sérstök heimild liggi fyrir. En eins og ég hef þegar sagt hafa menn verið á annarri skoðun. Það er sjálfsagt óhjákvæmilegt, miðað við þær umr. sem hér hafa farið fram, að láta gera nánari athugun á málinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 34. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 33. fundi.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 232). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 35. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 34. fundi.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 232). — Ein umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Till. sem hér liggur fyrir á þskj. 232 hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 18. desember 1982 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 17. janúar 1983."

Þegar ríkisstj. leggur fram till. til þál. um frestun á fundum Alþingis frá því skömmu fyrir jól og fram í janúar, en það er nú orðinn nær árlegur viðburður síðustu áratugi, þá er jafnan spurt um það, hvort ríkisstj. hafi í hyggju að gefa út brbl. meðan á þingfrestun stendur. Mér þykir rétt að gera hér grein fyrir því máli.

Eins og nú háttar er ekki gert ráð fyrir sérstökum alvarlegum vandamálum, sem kalla á útgáfu brbl. í þinghléi, nema ef vera kynni í sambandi við ákvörðun fiskverðs um áramót. Ekki er víst að þess gerist þörf og verður ekki gert nema ýtrustu nauðsyn beri til. Verður þá haft samráð við stjórnarandstöðuna, enda hefur sjútvrh. þegar ákveðið að kveðja fulltrúa allra flokka til samráðs um fiskverðsákvörðun. Fari svo að setja verði brbl., sem tengjast þá beint ákvörðun fiskverðs, koma þau til kasta þingsins strax að loknu jólahléi, en gert er ráð fyrir að þing komi saman eigi síðar en 17. jan. Þar sem hér er um að ræða fiskverðsákvörðun ákveður sjútvrh. meðferð mála og hann mundi leggja frv. til staðfestingar á hugsanlegum brbl. fyrir þing er það kemur saman.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Vegna fram kominnar till. um frestun á fundum Alþingis til 17. jan. n. k. og orða hæstv. forsrh. er rétt að fram komi afstaða þingflokks sjálfstæðismanna.

Sjaldan hefur ríkt meiri óvissa en nú um hvernig ráðið verði fram úr þeim vandamálum sem við blasa í efnahagsmálum þjóðarinnar. Um orsakir þess vanda ætla ég ekki að ræða nú. Þrátt fyrir viss ytri áföll er öllum ljóst að aðgerðir og aðgerðaleysi ríkisstj. valda því fyrst og fremst að hér er allt atvinnulíf að komast í strand.

Ekkert það hefur verið aðhafst af hálfu ríkisstj. sem duga mætti til þess að komast hjá ákveðnum ráðstöfunum nú á síðustu stundu. Sú staðreynd hefur legið ljós fyrir síðan í ágústmánuði s. l. að ríkisstj. hefði ekki starfhæfan meiri hluta á Alþingi. Samt hefur ríkisstj. látið sem ekkert sé og talið sig geta farið sínu fram án minnsta samráðs við stjórnarandstöðuna. Þar hefur verið skákað í því skjólinu að stjórnin hefði meiri hluta í Sþ., 31 atkv. Því væri ekki hægt að fella hana, sem er að sjálfsögðu rétt. Engu skipti hins vegar hvort unnt yrði að koma málum í gegnum Nd. Keppikeflið hefur því verið að sitja áfram og það raunar miklu lengur en sætt er.

Það má raunar segja að með vissum hætti hafi þetta ekki komið að sök, þar sem stjórnin hefur ekki haft nein sérstök mál til þess að berjast fyrir, enda sjálfsagt engin samstaða í stjórnarliðinu um málatilbúnað. Það sem að hennar mati var hvað nauðsynlegast, kjaraskerðing og skattahækkanir, var sett í brbl. sem ekki hafa enn fengið afgreiðslu, enda ekki lögð fyrir þingið fyrr en mánuði eftir að það kom saman.

Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ekki þá reynslu af þessari ríkisstj., og síst það því er tekur til útgáfu hennar á brbl., að hann vilji treysta henni fyrir því valdi sem felst í þingfrestun fram í miðjan janúar. Því er það, að við sjálfstæðismenn munum greiða atkvæði gegn þessari till. Við þessar aðstæður í þjóðfélaginu og hér á Alþingi er það skoðun okkar að þing ætti að koma saman þegar eftir áramót eða þann 3. jan. n. k. Með hliðsjón af því væri óþarft að flytja frestunartillögu sem þessa.

Yfirlýsing hæstv. forsrh. hér áðan um samráð við stjórnarandstöðuna og um að brbl. verði ekki gefin út nema til lausnar á tilteknum vanda og þá því aðeins að brýna nauðsyn bæri til er út af fyrir sig hin athyglisverðasta. Ég ætla að þetta sé í fyrsta sinn sem slík yfirlýsing er gefin á Alþingi. Hún felur í sér síðbúna yfirlýsingu um gjaldþrot þessarar ríkisstj. og viðurkenningu á því sem við höfum haldið fram. Það er einnig athyglisvert að hæstv. forsrh. skuli lýsa því yfir, að ef brbl. verða sett verði þau lögð fyrir þingið þegar í stað þegar það kemur saman að nýju. Þessi yfirlýsing er góðra gjalda verð, en hún vekur upp spurningar um hver það er sem krefur hæstv. forsrh. um að lýsa þessu yfir. Skyldi einhver stuðningsmanna stjórnarinnar vera búinn að fá nóg af því sem áður hefur gerst í hliðstæðum málum?

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég ítreka, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. forsrh., að við sjálfstæðismenn munum greiða atkvæði á móti þessari frestunartillögu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Tímabundið hlé er hægt að gera á störfum Alþingis með tvennum hætti:

1. Alþingi samþykki þáltill. þar um, eins og hæstv. forsrh. hefur nú lagt til að gert verði.

2. Einnig er hægt að gera hlé á fundarstörfum þannig að í lok þingfundar fyrir jólin tilkynni forseti einfaldlega að næsti fundur verði ekki boðaður aftur fyrr en eftir tiltekinn tíma, sem hann nefnir.

Þannig er hægt að gera hlé á störfum Alþingis allt frá fáum dögum upp í nokkrar vikur. Síðast var hlé á störfum Alþingis gert með þeim hætti veturinn 1971—1972. Var þá hlé á störfum Alþingis um jólaleytið gert með slíkum hætti og stóð það hlé í 5 vikur.

Munurinn á þessu, annars vegar á því hvort hlé er gert á störfum Alþingis með þessum hætti eða hvort hlé er gert á störfum Alþingis með samþykkt þáltill. þar um, er tvíþættur:

Ef hlé er gert án þess að samþykkja þáltill. þar um getur forseti Alþingis kallað saman þingfund fyrr en ráð var fyrir gert í upphafi þingfundahlés, ef bráðan vanda ber að á meðan þingið er í leyfi. Ef. t. d. væri með þessum hætti ráðgert hlé til 17. jan. gæti hæstv. forseti þingsins kallað saman þingfund hvenær sem væri á þeim tíma án þess að þurfa að leita atbeina annarra. Sé hins vegar samþykkt þinghlé með ályktun Alþingis er það ekki lengur á valdi forseta þingsins að boða þingfund að nýju, heldur er það vald komið í hendur forsrh. formlega, þó svo að til þess þurfi forsetabréf. Þetta er annar munurinn á þessum tveimur aðferðum.

Hinn munurinn er sá, að ef hlé er gert á störfum Alþingis án þess að samþykkja þáltill. þar um hefur ríkisstj. ekki brbl.-vald á meðan á hléi stendur. Ef hins vegar er samþykkt þáltill. um frestun á fundum Alþingis er verið að samþykkja brbl.-vald í hendur hæstv. ríkisstj. og hvorki forseti þingsins né þm. sjálfir geta beitt sér fyrir því að Alþingi komi saman þó bráðan vanda beri að höndum á frestunartímabilinu.

Till. sú sem hér er til umfjöllunar frá hæstv. forsrh. fjallar því ekki um að fresta fundum Alþingis yfir jólin. Slíkt er hægt að gera án þess að samþykkja slíka till. Till. fjallar aðeins um tvennt:

1. Að Alþingi afsali sér löggjafarvaldinu í hendur ríkisstj. á næstu vikum.

2. Að forsetar Alþingis og alþingismenn afsali sér því valdi sem þeir ella hafa til þess að kalla Alþingi saman til fundar ef bráðan vanda ber að höndum.

Sú ríkisstj. sem nú óskar eftir því að Alþingi afhendi henni löggjafarvald sitt hefur misst þingmeirihluta sinn sem hún hafði í báðum deildum. Sú ríkisstj. kemur ekki lagafrv. í gegn. Hæstv. ríkisstj. óskar eftir því að fá vald sem hana brestur hér á Alþingi. Slíkt er ekki verjandi við þær aðstæður sem nú ríkja. Þess vegna mun þingflokkur Alþfl. greiða atkvæði gegn till. um frestun á fundum Alþingis, sem er í raun till. um að ríkisstj. fái í hendur löggjafarvald sem hún nýtur ekki lengur í krafti þingmeirihluta á Alþingi.

Sú yfirlýsing, sem forsrh. gaf hér áðan, er athyglisverð vegna ýmissa hluta, eins og nefnt var áðan, en hún breytir engu um þá staðreynd, að samþykki Alþingi þá till. sem hér er um að ræða er Alþingi að afhenda ríkisstj. löggjafarvald sem er ekki í hennar höndum meðan Alþingi situr. En það er einnig annað sem vakir í málinu.

Það hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. að hann á von á að það þurfi að leysa aðkallandi og erfið vandamál í tengslum við fiskverðsákvörðun nú um áramótin. Í því sambandi er opinskátt farið að ræða um það í blöðum að þá muni til þurfa að koma m. a. 12—15% lækkun á gengi íslensku krónunnar. Það sem menn eru þar að ræða um er sama aðgerð og ríkisstj. greip til áður en hún setti brbl. sín í ágústmánuði s. l. Sú aðgerð mun um n. k. áramót, eins og í haust, valda 80—100% verðbólgu næstu 12 mánuði. M. ö. o. liggur það fyrir nú, þegar hæstv. ríkisstj. óskar eftir því að Alþingi afsali sér völdum sínum í hennar hendur, að áhrifin af brbl.-setningunni frá því í ágúst s. l. eru runnin út í sandinn. Sú fórn, sem launafólk er að færa nú í desembermánuði með lækkun launa, er unnin fyrir gýg.

Herra forseti. Það er við þessar aðstæður sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir því að Alþingi afsali sér löggjafarvaldi sínu í hennar hendur til þess væntanlega að hún geti gripið til svipaðra aðgerða um næstkomandi áramót án þess að þurfa í fyrsta lagi að fá samþykki Alþingis fyrir þeim ráðstöfunum, í öðru lagi að fá samþykki stjórnarandstöðu fyrir þeim ráðstöfunum og í þriðja lagi að fá formlegt samþykki sinna eigin stuðningsmanna fyrir slíkum aðgerðum. Það verður athyglisvert að gefa því gaum í atkvæðagreiðslunni hér á eftir hvaða þm. ætla að veita hæstv. ráðh. löggjafarvald við þessar aðstæður.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þegar Alþingi hefur afgreitt þá till. sem hér er til umr. og þingið hefur lokið við að kjósa í þær nefndir og stjórnir sem fyrirhugað er að kjósa í eigum við alþingismenn eftir að greiða m. a. atkvæði um till. um hækkanir á fjárlögum, sem hafa orðið á milli umræðna, sem nema um 80 til 90 millj. kr. Við eigum eftir að greiða atkvæði um heimildir til að taka erlend lán og til að veita ríkisábyrgðir og ábyrgjast lán fyrir u. þ. b. 1 milljarð kr. Er gullskipið ekki í þeirri tölu.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni framsöguræðu eitthvað á þá leið, að ekki væri gert ráð fyrir sérstökum vandamálum, nema e. t. v. ákvörðuninni um fiskverð. Ég tel nauðsynlegt að áður en við skiljum verði komið nokkuð inn á það vandamál sem blasir við í okkar sjávarútvegsmálum. Þessi mál hafa verið harla lítið rædd að undanförnu og tel ég rétt áður en þessi till. verður afgreidd, vegna þess að hæstv. sjútvrh. er nú á meðal vor, að hann gefi okkur þm. einhverjar upplýsingar aðrar en þær að haft verði samráð við stjórnarandstöðuna á þessu tímabili, sem okkur er falið að vera fjarri ákvörðunum, jafnvel um setningu laga sem varða undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar.

Það er ennþá setið við ákvörðun fiskverðs, sem í sjálfu sér er kannske ekki mesta stórverkefnið, ef staðreyndir lægju fyrir, sem þeir sem þar um fjalla þurfa að byggja sínar ákvarðanir á. Það er, að mér skilst, beðið eftir gögnum frá fiskvinnslunni. Það eru margir sem telja að staða frystingar sé viðunandi og í heildina hafi fiskvinnslan hagnast lítillega, en þrátt fyrir það séu ekki möguleikar til neinnar fiskverðshækkunar ef sú hækkun á að koma frá fiskvinnslunni sjálfri. Aðrir segja, og um þetta höfum við ekki fengið neina vitneskju hér á Alþingi, að fiskvinnsluna vanti töluvert á svo að staða hennar sé viðunanleg. Sjómenn og útvegsmenn bera vaxandi ugg í brjósti vegna samsetningar aflans, vegna þess að meira er af smáfiski og millifiski í aflanum. Ef '76-árgangurinn af þorskinum lætur ekki sjá sig eða ekki verður vart við hann á komandi vertíð telja þeir sem best til þekkja að það sé vart hægt að búast við honum lengur, hvað svo sem veldur. Þá geta allir gert sér hugmynd um hvernig íslenska þjóðin stendur.

Söluhorfur eða sala ýmissa sjávarafurða hafa aldrei verið í meiri óvissu en nú. Það eru fréttir að berast á milli manna hér í baksölum um að þeir sem mest og best vit hafa á sölu frosinna fiskafurða í Bandaríkjunum telji skýlausa nauðsyn á því að hvalveiðar okkar Íslendinga verði lagðar niður svo að sölu okkar þar á freðfiski verði ekki stefnt í voða. Enn hefur Alþingi engar upplýsingar fengið frá hæstv. ríkisstj. um þetta mál eða hvað hún hyggst gera í sambandi við hvalveiðarnar okkar. Ekki er mér kunnugt um neinar ráðstafanir sem ríkisstj. hyggst gera í þeim efnum. Okkur er tjáð einnig í hliðarsölum að það sé mikið óselt af skreið frá árinu 1981 og nær öll framleiðsla yfirstandandi árs. Ekki er mér kunnugt um hvað ríkisstj. hefur gert til þess að auka sölu á þessari þýðingarmiklu afurð fyrir okkur. Hins vegar veit ég að skreiðarkaupmenn frá Nígeríu, sem reyndu að komast til landsins í gær eða fyrradag, komust ekki og sneru þá til Noregs og segja að það sé til nóg skreið þar. Áhuginn var ekki meiri hjá stjórnvöldum að koma þeim til landsins heldur en það. Við vitum einnig að ef ekki verður hægt að verka í skreið á komandi vertíð verðum við í stórvandræðum með sölu á þeim smáfiski sem við munum afla og þeim fiski sem lendir í úrgangsflokkum eða lélegri flokkum, sem við höfum notað til skreiðarverkunar til þessa.

Hér var vitnað af hæstv. síðasta ræðumanni nokkuð í stöðu útgerðar, hvernig hún hefur verið túlkuð í fjölmiðlum síðustu daga, og satt að segja hafa þær fréttir skotið mörgum skelk í bringu þótt hæstv. forsrh. telji þetta ekki mikið vandamál eða kannske bara einangrað vandamál sem eigi að ráða fram úr með brbl.

Þessi saga er ekki öll sögð í þeim fréttum sem við höfum verið að lesa. Morgunblaðið hefur skýrt frá því, að tap útgerðar væri hátt í 600 millj. kr., en inn í það dæmi vantar togaraflotann og um 100 vélbáta, þar af um 52 loðnubáta, sem eru með hvað versta útkomu. Ef miðað er við þær ráðstafanir sem gerðar voru í september til bjargar útgerðinni, en þar var um að ræða 60 millj. kr. frá september til áramóta, sem þegar eru uppurnar, þá vantar 250 millj. kr. miðað við sömu ástæður, ef miðað er við allt næsta ár miðað við sama verðmæti. Útgerðarmenn fullyrða að þrátt fyrir fiskverðshækkun 1. des. s. l. sé staða útgerðar lakari en fyrir stöðvun flotans í byrjun september. Lög um 7% olíugjald falla úr gildi um áramótin. Um þetta hefur ekki verið rætt á Alþingi síð-

ustu vikur. 6% niðurgreiðsla olíuverðs fellur niður um áramót. Um þetta hefur ekki heldur verið rætt síðustu daga á Alþingi. Það er talið af þeim sem til þekkja að það muni þurfa um 26% fiskverðshækkun til þess að koma þeim hluta flotans sem við hefur verið miðað niður á svokallaðan núllpunkt. Það er ekki nema eðlilegt að menn undri þegar talað er um þetta sem lítils háttar vandamál og það sé sjálfsagt að senda þm. heim og afgreiða þau vandamál sem fram undan eru með einföldum brbl. ríkisstj. sem ekki hefur meiri hl. í Nd. Alþingis og getur ekki komið málum sínum fram þar.

Ég ætla ekki að ræða hér, enda hafa gefist tækifæri til þess og einstakir þm. hafa gert það, um hrikalega stöðu einstakra fyrirtækja innan sjávarútvegsins, enda þyrfti þá að ræða nær öll fyrirtæki landsins í öllum atvinnugreinum. Það er ekki síst þar um að ræða sjálf ríkisfyrirtækin. Við skulum líta á brtt. sem við eigum að greiða atkvæði um á eftir og skoða m. a. hag Áburðarverksmiðju ríkisins.

Það væri að sjálfsögðu full ástæða fyrir mig að taka hér upp umr. í sambandi við afgreiðslu þessa máls um tekjur þeirra sem að þessum störfum vinna, tekjur sjómanna, tekjur þeirra sem vinna við fiskvinnsluna og þann mikla samdrátt sem hefur orðið á vinnutekjum þessara aðila vegna m. a. minnkaðs afla. Við vitum líka hvernig þjónustufyrirtæki útvegsins eru stödd í dag. Þau eru komin í greiðsluþrot og það er ekki hægt að borga laun innan þessara fyrirtækja í dag.

Á síðasta sjómannasambandsþingi var m. a. samþykkt till. varðandi fiskverð. Með leyfi forseta langar mig til að lesa hluta ályktunar um atvinnu- og kjaramál sem þar var samþykkt:

„13. þing Sjómannasambands Íslands bendir á að með minnkandi afla og breyttri aflasamsetningu hafa tekjur sjómanna dregist verulega saman og þeir einir þurft að bera þá byrði. Þingið bendir á að á undanförnum árum, þegar afli fór vaxandi, var fiskverð oft skert af hálfu stjórnvalda. Þingið krefst þess að skerðingin verði bætt að fullu. Einnig er það krafa þingsins að haldið verði fast við þá stefnu, sem hefur verið viðhöfð á þessu ári, að fiskverð hækki aldrei minna hverju sinni en sem nemur verðbótum á laun."

Nú hefur Alþingi Íslendinga lokið við að samþykkja lög sem eru plástur á þá skerðingu verðbóta sem framkvæmd var með brbl. ríkisstj. fyrir skömmu. Þessi samþykkt um skerðingu verðbóta á laun er um leið skerðing á möguleika fiskimanna til að fá hækkað fiskverð. Plásturinn sem samþykktur var, ekki aðeins af stuðningsmönnum stjórnarinnar heldur einnig af þm. Alþfl., er um leið skerðing á möguleikum íslenskra fiskimanna til að fá hækkað fiskverð. Það er ekki nema von að það sé talið sjálfsagt af hæstv. ríkisstj. að senda alþm. heim í mánaðar frí, þótt báðir stjórnarandstöðuflokkarnir, Sjálfstfl. og svo hinn klofni Alþfl., séu reiðubúnir að mæta hér hinn 3. jan. til að ræða þessi vandamál.

Það er rétt, sem sagt var hér áðan, að í Dagblaðinu og Vísi í gær var skýrt frá því að líkindi væru á 15% gengisfellingu um áramót. Ég tel nauðsynlegt, áður en við ljúkum störfum okkar hér á Alþingi fyrir jól, að hæstv. ráðh., og það kannske allra frekast hæstv. sjútvrh., skýri þm. frá hvernig staða þessara mála er nú og hvort þann vanda, sem ég hef drepið á lauslega, eigi að leysa með brbl. um áramótin. — Ég veit að það er eðlilegt að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hlæi að þessum vandamálum. Þau eru líklega ekki svo mikil í hans kjördæmi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara neinum orðum um hraðvaxandi erlend lán eða viðskiptahalla í sambandi við þessi mál, heldur bið ég hæstv. ráðh. um að gefa okkur einhverjar upplýsingar um hvernig þessi mál standa. Það er ekki nóg að afgreiða málið á þann hátt að segja: Það á að hafa samráð við stjórnarandstöðuna. Við erum hér starfandi í sjútvn. beggja deilda úr stjórnarandstöðunni og við höfum alltaf verið reiðubúnir að mæta, þegar kallað hefur verið á okkur, með skynsamlegum fyrirvara. En það þykir ekki nóg núna. Nú á að grípa til einhverra annarra töfrabragða. Mættum við fá meira að heyra hæstv. sjútvrh.?

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. talaði hér fyrir þáltill. áðan komst hann þannig að orði, að það væri engin þau vandamál við að glíma sem kölluðu á neinar ráðstafanir, nema ef vera kynni í sambandi við fiskverð. Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því í raun og veru hversu stór vandamálin eru sem nú er við að glíma og hv. 1. landsk. þm. réttilega vék að hér áðan. Mín skoðun er sú, að vandamálin séu svo hrikaleg að það sé algerlega óverjandi að Alþingi samþykki eins mánaðar orlof til sjálfs sín frá og með deginum í dag til 17. jan. Við stöndum frammi fyrir því, að fiskveiðiflotinn er rekinn með mörg hundruð millj. kr. halla, og þegar það er lagt saman og gert ráð fyrir því að þau lög sem falla úr gildi núna um áramót verði ekki framlengd, þá er um það að ræða að töluvert á annan milljarð skorti á að útgerðin verði rekin á núlli, sem er uppáhaldsreikniaðferð þeirra aðila sem nú halda um stjórnvölinn.

Ég held að vandinn sé svo mikill að það væri fullkomin ástæða fyrir Alþingi að koma hér saman strax eftir nýár til að fjalla um hvernig eigi að skapa grundvöll fyrir útgerðina. Fyrir einum sólarhring var verið að samþykkja lög um orlof. Í þeim útreikningum sem Þjóðhagsstofnun hefur gert er ekki gert ráð fyrir þeim aukaútgjöldum sem sú löggjöf hefur í för með sér. Í þeim útreikningum er ekki heldur gert ráð fyrir þeim vaxtagreiðslum, þeim fjármagnskostnaði sem leiðir af þeim lausaskuldum sem ríkisstj. hefur verið keypt til að breyta af hálfu Seðlabankans með því að fallast á hækkun afurðalánavaxta og samþykkja þá vaxtabreytingu sem hér var til umr. á Alþingi fyrir nokkrum vikum. Með því að Seðlabankinn hefur sett ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar hefur hún samþykkt þá vaxtabreytingu — og bætt við, þ. e. hækkun vaxta á endurkeyptum afurðalánum um 4%, og þessar upphæðir hafa ekki verið með í myndinni.

En við skulum einnig skoða fiskvinnsluna. Við skulum átta okkur á því, að skreiðarframleiðslan frá árinu 1982 og að nokkru leyti árinu 1981 er óseld. Við skulum einnig gera okkur grein fyrir því hvernig það er hugsað í þjóðhagsspánni, hvernig það er áætlað í þjóðarframleiðslunni á næsta ári. Það er fjórðungur af botnfiskaflanum sem gert er ráð fyrir að fari til skreiðarframleiðslu á sama tíma sem við getum ekki selt framleiðsluna frá 1982 og höfum enn ekki selt framleiðsluna frá 1981. Það má bæta við fyrirspurn hv. 1. landsk. þm. til ríkisstj.: Hvað hyggst hún gera? Ætlast hún til þess að fiskframleiðendur hefji vertíðina á árinu 1983 án þess að hafa hugmynd um hvernig þeir eiga að losna við framleiðsluna frá árinu 1982? Láta menn sér ekki detta í hug að þeir sem róa vilji gjarnan vita hvernig þeir hugsa sér að koma aflanum, sem á land kemur, til viðskiptaaðila og

með hvaða hætti þeir telji skynsamlegast að verka fiskinn samkvæmt því útliti sem er í sölu á sjávarafurðum? Hver fiskframleiðandi hlýtur að spyrja sjálfan sig og hann hlýtur að spyrja alþm., sem hann hittir í eins mánaðar jólafríi: Hvernig hyggist þið standa að þessu? Hvernig hyggist þið koma rekstrargrundvellinum undir útgerðina? Og með hvaða hætti hugsa menn sér að fiskframleiðslan verði seld úr landi?

Þegar Alþingi er að ljúka störfum fyrir jólaleyfi lesum við það í blöðum að ríkisstjórnir nágrannaþjóða okkar, samkeppnisaðila okkar í fiskframleiðslu, gera ýmislegt til að tryggja áframhaldandi útgerð og fiskvinnslu. Hér hjá okkur er ekki gert neitt. Jú, skuldum er breytt. Og til þess að fá skuldbreytingu verður ríkisstj. að kyngja öllu sem hún hefur sagt í sambandi við vaxtabreytinguna hér fyrir nokkrum vikum — og bæta á það, hækka afurðalánavextina úr 29% í 33%. Og þar er breytt hlutfalli hjá þeim sem róa í sambandi við smáfiskinn. Við getum vel gert okkur grein fyrir því hvað þar er verið að gera. Nýting smáfisksins til skreiðar, nýting hans til saltfiskframleiðslu, nýting hans í sambandi við hraðfrystihúsin er óhagkvæm. Þetta er langóhagkvæmasti fiskurinn sem á land kemur, svo að ekki sé minnst á hvað við erum að gera varðandi okkar fiskstofna.

Ég held að skynsamlegast væri eins og á stendur að þessi till. verði dregin til baka og fundum Alþingis frestað þar til fyrstu vikuna í janúar. Því að það er vissulega ástæða til að Alþingi komi þá þegar saman til að fjalla um þessi mál og reyna að finna lausn á þessum geysilega mikla vanda.

Ég held að útgerðin og fiskvinnslan geti komið til með að stórskaðast og ég held að ekki sé á það bætandi eins og það hefur verið.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. úr því sem komið er. En hvað táknar þessi hyldjúpa þögn sem hæstv. ráðherrar eru haldnir nú við þessa umr.? Hæstv. forsrh. fer fram á að hið háa Alþingi verði sent í leyfi í einn mánuð, þegar ástæður eru þannig í þjóðfélaginu að þær hafa aldrei verið hrikalegri hvað snertir undirstöðuatvinnuveg okkar, fiskiðnað og sjávarútveg. Vakin er athygli á þessu og það er spurt, hver eru áformin næstu daga og vikur? Þessi þögn verður ekki túlkuð á annan veg en þann, að alls engin áform eru uppi, engin bjargráð eru fyrirhuguð. Þeir sem ættu að hafa forustuna í þessum málum vita ekki sitt rjúkandi ráð. Engan veginn öðruvísi verður skýrð þessi hyldjúpa þögn, sem hér ríkir af hálfu þeirra sem þó ber skylda til og vilja halda áfram að hafa með höndum forustu í þessum málum.

Ég þarf engu við þetta að bæta. Þessi þögn þessarar stjórnar skýrir sig best sjálf, þessi raunar glymjandi þögn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

nei: KSG, KP, KJ, LJ, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JBH, JÞ.

Tveir þm. (MHM, GeirG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30:25 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 246).

Kosning landnámsstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1983 til 31. des. 1986, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 24. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri (A),
Pálmi Jónsson ráðh. (B),
Stefán Sigfússon fulltrúi (A),
Hreinn Erlendsson verkamaður (C),
Halldór Einarsson bóndi (B).

Varamenn:
Páll Lýðsson oddviti (A),
Óðinn Sigþórsson bóndi (B),
Guðmundur Þorsteinsson bóndi (A),
Kristján Þórðarson bóndi (C),
Helgi Ívarsson bóndi (B).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Páll Pétursson alþm. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B).
Halldór Ásgrímsson alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Eiður Guðnason alþm. (C),
Stefán Jónsson alþm. (A).

Varamenn:
Davíð Aðalsteinsson alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B),
Guðmundur Bjarnason alþm. (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Árni Gunnarsson alþm. (C),
Guðrún Helgadóttir alþm. (A).

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1983 til 31. des. 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 54 2. maí 1968, um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn

skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Kristmann Jónsson útgerðarmaður (A),
Guðmundur Karlsson alþm. (B),
Birgir Finnsson fyrrv. alþm. (C).

Varamenn:
Þorleifur Björgvinsson framkvæmdastjóri (A),
Unnsteinn Guðmundsson skrifstofustjóri (B),
Haukur Þorvaldsson netagerðarmeistari (C).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1982, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Jón Snæbjörnsson endurskoðandi (A),
Halldór Blöndal alþm. (B),
Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbankans til tveggja ára, frá 1. jan. 1983 til 31. des. 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 25 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með einu nafni hvor. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnlaugur Finnsson fyrrv. alþm. (A),
Jón M. Guðmundsson bóndi (B).

Kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1983 til 31. des. 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. lögum nr. 37/1967, um breyt. á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Kjartansson forstjóri (A),
Þorsteinn Gíslason skipstjóri (B),
Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri (A),
Einar Ingvarsson, bankafulltrúi (B),
Hallsteinn Friðþjófsson Seyðisfirði (C).

Varamenn:
Björgvin Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Markús Kristinsson framkvæmdastjóri (B),
Hjálmar Níelsson vélgæslumaður (A),
Þorbergur Þórarinsson framkvæmdastjóri (B),
Jóhann Möller Siglufirði (C).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar, samkv. 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með einu nafni hvor. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Kristjánsson fræðslufulltrúi (A),
Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (B).

Fjárlög 1983, frv. (þskj. 175, n. 223 (samvn. samgm.), 200, 202, 203, 207, 214, 229, 230, 231, 233, 234, 235, 238, 239, 244). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 231,1—2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 202,1—2 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 231,3—8 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 202,3—4 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 230,1—2 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 202,5 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 214,1 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ.

nei: ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

Einn þm. (MHM) fjarstaddur.
Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þess var lítt getið í umr. um þessa till. í dag að fjvn. flytur hækkunartill., sem er næsta till. sem hér verða greidd atkv. um, þ. e. hækkun um 500 þús. Með tilvísun til þeirrar till. segi ég nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Nefnd, sem menntmrn. skipaði og fékk það verkefni að kanna nauðsyn á prentun sérkennslugagna fyrir börn sem hafa sérþarfir, komst að þeirri niðurstöðu að áætlun, sem þyrfti að hrinda í framkvæmd og ekkert hefur verið gert í hér fyrr, mundi kosta 3.8 millj. 500 þús. kr. segja ekki neitt. 1 millj. gæti komið verkinu af stað. Þeir menn sem hér fyrr í kvöld voru tilbúnir að afgreiða 50 millj. í gullskip hafa nú sagt nei við þessari till. Forseti. Ég segi já.

Brtt. 230,3—4 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 202,6—9 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 230,5 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 202,10—13 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 230,6 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 203,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 238,I. 1 felld með 34:17 atkv.
— 230,7 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 200 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 214,II tekin aftur.
— 202,14—16 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 239,I felld með 37:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJ, SigurlB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SteinG, SvH, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EG, EKJ, GeirH, GK, HBl, JS, JBH, JÞ.
nei: KSG, KP, KJ, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, DA, EG, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
EgJ, FrS greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MHM) fjarstaddur.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér er farið fram á 10 þús. frá íslenska ríkinu til landshlutasamtaka kvenfélaganna á öllu landinu. Þetta nemur hálfum þingmannslaunum, hálfum mánaðarlaunum þm. Ég ítreka að ég lít á þessa upphæð fyrst og fremst sem örlitla viðurkenningu frá Alþingi fremur en eiginlegan starfsstyrk. Mér finnst, með tilliti til sögu íslenskra kvenfélaga og með tilliti til fenginnar reynslu af starfi þeirra frá upphafi og fram á þennan dag, að þau séu vel að þessu lítilræði komin frá Alþingi. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 235,I. 1 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 229,1—2 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 235,I. 2 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 230,8 samþ. með 42:4 atkv.
— 214,III felld með 33:9 atkv.
— 230,9—10 samþ. með 33:1 atkv.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Till. um 50 þús. kr. framlag til undirbúningsrannsókna á eldi sjávarfiska hjá Hafrannsóknastofnun var borin fram til að fylgja eftir viljayfirlýsingu Alþingis í framhaldi af frv. sem ég og hv. þm. Magnús H. Magnússon fluttum. Þetta mál, sem ég tel eitt af mestu framfaramálum þjóðarinnar, hefur fengið hægan framgang. Nú hef ég hins vegar fengið vilyrði fyrir því frá formanni fjvn. að málið verði rækilega kannað í samráði við Hafrannsóknastofnun, og till. er því dregin til baka.

Brtt. 233 tekin aftur.
— 230,11—13 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 202,17—18 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 203,2—3 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 230,14 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 214,IV felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, SigurlB, MÁM, ÓE.
nei: ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, JH.
Einn þm. (MHM) fjarstaddur.

Brtt. 202,19—22 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 230,15 samþ. með 44:2 atkv.
— 239,II samþ. með 44 shlj. atkv.
— 202,23—25 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 230,16 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 235,II felld með 31:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, KSG, PS, SalÞ, ÞK, AG, BÍG, EH, EKJ, GHelg, HBl, JS.
nei: ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, HÓ, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
KP, KJ, LJ, SigurlB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, SvH, ÁG, EgJ, EG, FrS, GeirH, GK, JBH greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MHM) fjarstaddur.

Brtt. 230,17—18 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 203,4—5 samþ. með 31:1 atkv.
— 207 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 202,26—28 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 230,19 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 202,29 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 203,6. a samþ. með 33 shlj. atkv.
— 214,V felld með 31:18 atkv.
— 214,V til vara felld með 31:18 atkv.
— 203,6. b samþ. með 49:2 atkv.
— 214,VI felld með 33:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirH, GK, HBl, JÞ, KP, LJ, SigurlB, MÁM, ÓE, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS.
nei: GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, KJ, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, JH.
JS, JBH, KSG, PS, ÁG greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MHM) fjarstaddur.

Brtt. 203,7 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 230,20. a—b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 238,I. 2 tekin aftur.
— 230,20. c—d samþ. með 41 shlj. atkv.
— 203,8—13 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 203,14 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 203,15—20 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 202,30. a samþ. með 46 shlj. atkv.
— 234,3.9 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 234,3.10 samþ. með 47:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÍG, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GS, GeirG, GeirH, GB, GJG, GK, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HBl, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JÞ, LJ, SigurlB, ÓE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SteinG, SvG, SvH, TÁ, ÞK, ÞS, AS, JH.
nei: EG, JS, JBH, KSG, KP, KJ, SighB, VG.
ÁG, MÁM, PS, AG greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MHM) fjarstaddur.
Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Egill Jónsson: Herra forseti. Með tilvísun til orða hæstv. fjmrh., er hann viðhafði við umr., um að ábyrgðarheimild vegna lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins hjá Seðlabanka Íslands sé einungis einn þáttur þess að tryggja rekstur hennar, og að þess má þá vænta að um málið verði fjallað síðar í vetur á grundvelli þess að heildarlausn á vanda Áburðarverksmiðjunnar fáist, segi ég já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér í dag, að hér er um lánveitingu að ræða vegna tímabundinna rekstrarerfiðleika hjá fyrirtækinu, sem fyrirtækið mun sjálft endurgreiða þegar rekstrarstaða þess hefur batnað, og með tilvísun til þess segi ég já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hér er um að ræða tap hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, sem skapast hefur af því að verksmiðjunni hefur ekki verið heimilað að hækka áburðarverð í samræmi við þarfir, til þess að hæstv. ríkisstj. gæti komið með þeim hætti í veg fyrir hækkun á framfærsluvísitölu, en áburðarverð vegur þar inn í. Nú er tilgangurinn sá að breyta þessum rekstrarvanda Áburðarverksmiðjunnar í erlenda lántöku. Ég er andvígur slíku og segi nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafði rétt einu sinni rangt fyrir sér. Tapið stafar ekki af því að ekki hafi verið leyft að hækka verð á áburði, heldur vegna gengisbreytingar. Jafnvel þó Sighvatur Björgvinsson hefði haft að þessu sinni rétt fyrir sér, þá segi ég já.

Brtt. 234,3.11 samþ. með 50:1 atkv.
— 244 tekin aftur.
— 202,30.b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 202,30.c—d samþ. með 37 shlj. atkv.
— 238,II felld með 32:14 atkv.
— 230,21.a tekin aftur.
— 235,III samþ. með 48 shlj. atkv.
— 238,II felld með 32:14 atkv.
— 234,6.16 samþ. með 31:21 atkv.
— 234,6.17 samþ. með 53 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GK, HÓ, GTh, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, JBH, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, SigurlB, MÁM, ÓE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, SalÞ, SighB, StefG, SV, StH, SteinG, SvG, SvH, TÁ, ÞK, ÞS, AG, AS, ÁG, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GS, GeirG, GeirH, JH.

GJG, GHelg, HS, SkA, StJ, VG greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MHM) fjarstaddur.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessari till. ríkisstj. tók hann skýrt fram að þessi till. væri framlenging á hliðstæðri till. sams konar, sem samþykkt var á síðasta þingi, og þessari till. væru tengdir nákvæmlega sömu starfshættir varðandi ráðstöfun þessa fjár eins og voru tengdir þeirri upphæð, en í grg. fyrir fjárlagafrv. kom skýrt fram að það væri háð samþykki allra ráðherra í ríkisstj. með hverjum hætti þessari fjárveitingu væri ráðstafað. Á grundvelli þeirrar yfirlýsingar, sem hér var flutt fyrr í dag fyrir hönd ríkisstj. segi ég já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skil þennan lið þannig, þar sem hér segir: „ að taka lán allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvar í Keflavík", að með samþykkt þessa liðar sé verið að samþykkja að verja 10 millj. kr. á vegum íslenska ríkisins til byrjunarframkvæmda við nýja flugstöð í Keflavík. Því segi ég já. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt hv. þm. Það stendur ekkert um það í till.)

Brtt. 202,30.e—g samþ. með 44 shlj. atkv.
— 230,21.b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 202,30.h—i samþ. með 42 shlj. atkv.
— 230,21.c samþ. með 47 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 247).

Þingfrestun.

Forseti (Jón Helgason): Þar sem þessi fundur Alþingis er sá síðasti fyrir jólahlé vil ég leyfa mér að þakka hv. alþm. ágætt samstarf það sem af er þessu þingi og umburðarlyndi í minn garð. Ég þakka varaforsetum og skrifurum fyrir aðstoð þeirra, ennfremur skrifstofustjóra og starfsliði öllu fyrir ágætlega unnin störf á því ári sem nú er að líða.

Ég óska hv. alþm. og starfsliði Alþingis ásamt fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og vænti þess að við megum öll hittast hér heil til starfa á nýju ári.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í nafni okkar alþm. óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Ég þakka forseta góða fundarstjórn og samstarf og tillitssemi við okkur þm. Skrifstofustjóra og öllum starfsmönnum Alþingis færi ég þakkir fyrir samstarf og vel unnin störf og óska þeim gleðilegra jóla. Ég ítreka óskir okkar um gleðilega jólahátíð hæstv. forseta til handa og bið þingheim að taka undir þær óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. alþm. öllum fyrir undirtektir þeirra við þær óskir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 105. löggjafarþings, frá 18. des. 1982 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 17. jan. 1983.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1982.

Vígdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis er frestað frá 18. des. 1982 og verður þing kvatt til fundar á ný eigi síðar en 17. jan. 1983.

Hv. alþm., starfsfólki Alþingis og landslýð öllum flyt ég óskir um gleðileg jól og farsælt nýár.

Sameinað þing, 37. fundur.

Mánudaginn 17. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Hinn 10. janúar 1983 var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 17. jan. 1983, kl. 14.00.

Gert í Reykjavík, 10. janúar 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstvirtum forseta, hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka liðna árið, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljósi þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hæstv. forsrh. árnaðaróskir í garð okkar alþm. Jafnframt óska ég hæstv. ríkisstj., hv. alþm. og starfsliði Alþingis gleðilegs árs, þakka fyrir liðið ár og býð menn velkomna til starfa á nýju ári.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 17. jan. 1983.

Ritari þingflokks Sjálfstfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Eggerts Haukdals, 6. þm. Suðurl., sem vegna anna getur nú ekki sótt þing, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Siggeir Björnsson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Siggeir Björnsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs þá farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 17. jan., að loknum fundi í Sþ.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil leyfa mér að óska hv. þdm. gleðilegs árs og þakka þeim hið liðna ár. Sömuleiðis starfsfólki Alþingis. Ég vænti þess, að hið nýbyrjaða ár verði okkur öllum til heilla.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 24. fundur.

Mánudaginn 17. jan., að loknum fundi í Sþ.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 28. fundur.

Þriðjudaginn 18. jan., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 87, n. 161, 168 og 180, 160). – 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar fékk frv. til meðferðar í nóvembermánuði. Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi um frv. og á þá fundi hafa komið fulltrúar frá fjölmörgum hagsmunasamtökum og stofnunum í þjóðfélaginu. Við höfum fengið ítarlegar greinargerðir og upplýsingar frá Seðlabankanum, frá Þjóðhagsstofnun, frá fjmrn., frá Fiskveiðasjóði og fjölmörgum öðrum aðilum. Það var ætlunin að afgreiða frv. frá þessari hv. deild fyrir jól, en vegna anna í þinginu og ákvarðana um að gera hlé á störfum þingsins fyrr fyrir jól en ella hafði verið ákveðið varð það að samkomulagi milli flokkanna að afgreiðsla þessa máls frá deildinni biði þangað til nú.

Frv. snertir, eins og allir vita, staðfestingu á brbl. sem ríkisstj. gaf út s. l. sumar. Ekkert mál hefur fengið jafn ítarlega umfjöllun í þjóðfélaginu og á þinginu nú í vetur eins og þetta frv. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fara að endurtaka hér í ræðustól þær fjölmörgu röksemdir og upplýsingar sem fluttar hafa verið frv. til stuðnings. Það þjónar ekki neinum sérstökum tilgangi mér vitanlega að gera það hér og nú, þar sem öllum hv. alþm. og þjóðinni allri er efni þessa frv. mjög rækilega kunnugt – og hefur reyndar verið mánuðum saman.

Þess vegna, herra forseti, legg ég til fyrir hönd meiri hl. n. að frv. verði samþykkt og því vísað til Nd. svo að hún geti tekið við að fjalla um málið.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. ríkisstj. frá 21. ágúst s. l. Ríkisstj. hafði þá misst þingmeirihluta sinn í Nd. Frv. var ekki lagt fram á Alþingi fyrr en mánuði eftir að þing kom saman. Ástæðan fyrir þessu var ágreiningur innan ríkisstj. og meðal stuðningsmanna hennar um önnur mál, sem fylgja áttu þessum lögum, og þá fyrst og fremst um nýjan viðmiðunargrundvöll og verðbótatímabil þegar kaupgreiðsluvísitala er reiknuð. Um þetta mál er enn ágreiningur í ríkisstj. og svo mikill

að óbrúanlegur sýnist. Á hinn bóginn hafa fulltrúar Framsfl. tekið skýrt fram að stuðningur þeirra við brbl., þ. e. þetta frv., sé bundinn því skilyrði að breytingar verði gerðar á útreikningi kaupgjaldsvísitölu. Einn þm. Alþb. hafði þann fyrirvara á stuðningi sínum við brbl., að frv. um lengingu orlofs næði fram að ganga. Það hefur nú gerst sem kunnugt er, en fulltrúi Framsfl. beittu sér mjög harkalega gegn því í nefnd að málið kæmi fram fyrr en nokkrum dögum fyrir jól. Alger óvissa hefur ríkt og ríkir enn um endanlega afstöðu stuðningsmanna ríkisstj. til þessa máls af framangreindum orsökum. Deilan um nýtt viðmiðunarkerfi, þegar verðbætur eru reiknaðar á laun, stendur enn og virðist þar um ósættanleg sjónarmið að ræða milli stjórnarflokkanna, Framsfl. og Alþb.

Ríkisstj. var fullkunnugt, þegar þessi brbl. voru gefin út, að hún hafði misst þingmeirihluta sinn í Nd. Samt greip hún til þess ráðs að gefa lögin út. Meginákvæði laganna er skerðing verðbóta á laun 1. des. Ekki verður séð að „brýna nauðsyn" hafi borið til slíkrar löggjafar í ágúst, en ákvæði stjórnarskrárinnar um útgáfu brbl. eru skýr í þessu efni: Bera þarf brýna nauðsyn til útgáfu slíkra laga. Alþingi kemur venjulega saman 10. okt. og hefði því gefist nægur tími til aðgerða af þessu tagi, ef meiri hl. hefði verið til staðar á Alþingi til þess. Hér eru því á ferðinni vinnubrögð af hálfu ríkisstj. sem vega að sjálfu þingræðinu í landinu, enda blöskrar mörgum óbreyttum stuðningsmanni hennar á Alþingi þessi málsmeðferð og valdhroki.

Ríkisstj. hafði ekkert samráð við stjórnarandstöðuna um þessa lagasetningu, þótt fyrir lægi að staða hennar hefði veikst á Alþingi. Þingflokkur sjálfstæðismanna kom þá saman og mótmælti eindregið þessum vinnubrögðum. Hann krafðist þess að þing yrði kvatt saman. Þar yrðu brýnustu mál afgreidd, þing rofið og gengið til kosninga sem nú væri lokið fyrir alllöngu. Þá hefði gefist svigrúm til þess að breyta algerlega um stefnu og hefja það endurreisnarstarf sem þörf er á eftir fjögurra ára óstjórn í landinu.

Formaður Framsfl. hefur viðurkennt að þessi lýðræðislega krafa Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu var rétt. Með þessum hætti hefði mátt komast hjá þeirri algeru sjálfheldu og upplausn sem ríkt hefur í þingstörfum nú í haust, á sama tíma sem erfiðleikar hafa hrannast upp og hættuástand magnast í efnahagslífi þjóðarinnar. Það hlýtur að verða seinni tíma sagnfræðingum torráðin gáta hvernig það hefði mátt vera að ráðherrar sem keppast hver um annan þveran að lýsa því með sem allra sterkustum orðum hve ástandið sé orðið slæmt í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar hafa haldið sér svo fast í stólana sem raun ber vitni vitandi að þeir höfðu engan þingstyrk til þess að bregðast við vaxandi hættuástandi.

Fram hefur komið á fjárhags- og viðskiptanefndarfundum að þessi umdeildu brbl. hafa valdið færustu lögfræðingum miklum heilabrotum. Fyrir liggur álit prófessors Sigurðar Líndals um að óbreytt orðalag 1. gr. yrði ekki „skilið á annan veg en þann, að verðbótahækkanir skertust sem þessu næmi öll verðbótatímabil sem lögin héldu gildi." Þetta þýðir m. ö. o. að frv. óbreytt hefði falið í sér helmings skerðingu verðbóta öll verðbótatímabil sem þessi lög giltu.

Þá segir prófessor Sigurður Líndal um 2. gr. laganna, sem fjallar um greiðslu láglaunabóta: „Við ákvæðið er það helst að athuga, að þar er enga vísbendingu að finna um það, við hvað sé átt með orðinu „láglaunafólk"."

Í þessu sambandi segir prófessor Sigurður Líndal um það valdaafsal Alþingis sem í brbl. er sett með þessum hætti: „Hitt er svo annað mál, að nauðsynlegt er að Alþingi taki til sérstakrar umfjöllunar stöðu sína gagnvart framkvæmdavaldinu og marki þar stefnu."

Undir þessi orð vil ég svo sannarlega taka.

Eftir að brbl. voru sett hófu sérfræðingar ásamt stjórnskipuðum mönnum að skilgreina með ýmsum reikningsútfærslum hvað telja skuli „láglaunafólk". Heita má að þeir hafi lagt nótt við dag við þetta verkefni. Alþingi átti ekki að koma þar nærri samkv. stefnu ríkisstj. Áður en þetta frv. var afgreitt úr nefnd tókst ekki að fá upplýsingar um endanlega útfærslu þessara skilgreininga. Nú hefur hluti þessara láglaunabóta, sem ákvarðaðar voru á framangreindan hátt, verið greiddur. Segja má að greiðslur þessara láglaunabóta hafi vakið sára gremju raunverulegs láglaunafólks, sem þekkir aðstæður allar, bæði sínar eigin og þeirra sem nær standa, og hefur ekki getað fengið neinn botn í hvernig þessar láglaunabætur koma niður.

Þá hafa komið upp mörg lögfræðileg álitamál um útreikning verðbótavísitölu frá þeim degi sem brbl. kynnu að falla á Alþingi.

Prófessor Sigurður Líndal segir það álit sitt í bréfi til fjh.- og viðskn., dags. 9. des. s. l., að hann telji að „kauplagsnefnd eigi þá að reikna út verðbætur á laun að nýju og birta tilkynningu þar að lútandi. Þær greiðist síðan launþegum frá þeim degi sem lögin ganga úr gildi".

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands, sem komu á fund n., tóku undir þessa skoðun prófessors Sigurðar Líndals.

Vinnuveitendasamband Íslands er á öndverðri skoðun. Í bréfi frá því til fjh.- og viðskn., dags. 29. nóv. s. l., segir:

„Af framanskráðu er ljóst, að samkv. ákvæðum gildandi laga hækka laun hinn 1. dag hvers verðbótatímabils um þann hundraðshluta, er kauplagsnefnd hefur reiknað út samkv. gildandi ákvæðum þar um. Launataxtar, þannig greiddir, gilda út allt verðbótatímabilið, og er sá hluti launa, er stafar af greiðslu verðbóta, þar ekki sérgreindur með neinum hætti."

Um þetta efni segir svo í skriflegu svari forsrh. til fjh.- og viðskn., en hann lagði fram þetta svar á fundi hinn 9. des. s. l.:

„Varðandi verðbætur frá falldegi laganna og til 28. febr., þá eru tvær skoðanir uppi.

Önnur er sú, að ákvörðun um verðbætur frá 1. des. 1982, sem gerð var í samræmi við þágildandi lög, gildi fyrir allt þriggja mánaða verðbótatímabilið og haldi því gildi sínu til febrúarloka 1983.

Hin skoðunin er sú, að frá falldegi laganna til febrúarloka eigi að greiða verðbætur án skerðingar samkv. 1. gr. brbl.

Ef til þess kæmi, sem ég tel harla ólíklegt, að brbl. yrðu felld, mundi þessi ágreiningur væntanlega ganga til úrskurðar kauplagsnefndar og dómstóla."

Af þessu leiðir að ríkisstj. telur nú að komið geti til langvarandi málaferla út af falli brbl. á Alþingi, einmitt á tímabilinu 1. des. til 28. febr.

Ábyrgð á þeirri uppákomu verður að skrifa alfarið á

reikning ríkisstj. Hún hundsaði kröfur sjálfstæðismanna um að Alþingi kæmi saman þá þegar eftir útgáfu laganna. Hún dró að leggja frv. fram vegna deilu stjórnarliða um brbl. og fylgifrv. þeirra. Sú deila stendur enn. Ef ríkisstj. knýr fram atkvgr. um frv. einmitt á þeim tíma, sem þessi réttaróvissa stendur yfir, eru úrslitin og afleiðingar þeirra á hennar ábyrgð.

Í fskj. með nál. okkar sem skipun minni hl. hv. fjh.- og viðskn., okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, er rakin ítarlega þróun efnahagsmála í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og núv. ríkisstj., sem hefur ekki síður fylgt blöndu af vinstri stefnu og algeru ráðleysi og stjórnleysi. Formaður þingflokks Alþb. hefur jafnvel hælst um og sagt að núv. ríkisstj. hafi tekið meira tillit til afstöðu Alþb. til atvinnu- og efnahagsmála en sú ríkisstj. sem var undir forsæti Ólafs Jóhannessonar og kallaði sig vinstri stjórn. (**ÓRG:** Það var árið 1981.) Árið 1981. Það er gott að hv. þm. staðfestir að hann sagði þetta. (**ÓRG:** Það var árið 1981.) Um árið 1981? (**ÓRG:** Já.) Nú já, en hefur stjórnarstefnan breyst síðan? Hefur aðild þm. að ríkisstj. breyst síðan? (**ÓRG:** Nei.) Nei. (**ÓRG:** Þetta var stefna Alþb. á árinu 1981.) Það er gott að fá þetta allt saman upplýst.

Ég vísa til nál. okkar um þetta fróðlega yfirlit um þróun efnahagsmála á þessu tímabili, sem segja má að hafi verið tekið saman til þess að verða þeim sem síðar fjalla um efnahagsmál þjóðarinnar víti til varnaðar. Í þessari framsöguræðu mun ég fyrst og fremst víkja að efnahagsástandinu eins og það er nú og þeirri þróun sem varð á s. l. ári. Samt sem áður þykir mér rétt að rifja upp í örstuttu máli nokkur aðalatriði ytri aðstæðna þjóðarbúsins í tíð núv. ríkisstj.

Á árunum 1980 og 1981 var úr að spila mesta aflaverðmæti (reiknað á föstu verðlagi) sem um getur í sögu þjóðarinnar. Samt sem áður hafði þjóðarframleiðslan staðnað og lífskjör versnað á þessum metárum. Undir síðustu áramót var það deginum ljósara að efnahagsstefna ríkisstj. – m. a. röng gengisskráning – ýtti mjög undir vaxandi viðskiptahalla og erlenda eyðsluskuldasöfnun, auk þess sem atvinnuvegunum var haldið á floti með síauknum lántökum. Verðbólga fór aftur vaxandi.

Ríkisstj. kaus þó að stinga höfðinu í sandinn. Eftir áramótin gaf hún út eina yfirlýsinguna enn í almennum stjórnarsáttmálastíl, en gerði síðan þær „ráðstafanir" sem fólust í almennum skattahækkunum og auknum niðurgreiðslum sem áttu að lækka verðbætur um 6%.

Þessar svokölluðu efnahagsaðgerðir fengu háðulegar viðtökur. Forseti ASÍ nefndi þær „drullukökugerð", en þm. yfirleitt „þorrabakka". Öllum var ljóst að engin viðspyrna var í þessu káki, en sveitarstjórnarkosningar stóðu fyrir dyrum og kjarkurinn í stjórnarherbúðunum eftir því.

Fram eftir árinu lét ríkisstj. svo og einstakir ráðherrar sem nánast væri allt með felldu í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Hæstv. fjmrh. hélt því fram m. a. í þessari hv. deild við umr. um lánsfjárlög á vordögum á s. l. ári, að erlendar skuldir þjóðarinnar væru alls ekki miklar. Nokkrum vikum síðar breyttist aldeilis tónninn í forráðamönnum ríkisstj. Þá skrifaði hæstv. fjmrh. í Þjóðviljann: „Við erum að sökkva í óskyggilega skuldasöfnun." Sumir ráðh. tóku svo djúpt í árinni, að nú væri skollin á „mesta efnahagskreppa á síðustu áratugum".

Samt bólaði ekkert á efnahagsúrræðum. Gjaldeyrir var á útsölu, eyðsluskuldir hrönnuðust upp, atvinnuvegirnir að sökkva í skuldafen vegna tapreksturs, verðbólgan var á fleygiferð. Vikum og mánuðum saman stóðu yfir átök í ríkisstj. og munaði hársbreidd að hún hrökklaðist frá. Þá náðist samkomulag um útgáfu þessara brbl. 21. ágúst s. l., en þá hafði ríkisstj. misst þingmeirihluta sinn í Nd. eins og ég sagði áðan.

Í þessum brbl. felst fyrst og fremst tvennt, þegar frá er talin ráðstöfun á gengismun vegna gengisfellingar sem fylgdi þeim:

Í fyrsta lagi er um verðbótaskerðingu á laun að ræða, sem reyndist 7.71% hinn 1. des. s. l. Í öðru lagi er ákveðin hækkun á vörugjaldi um hvorki meira né minna en þriðjung, úr 24% í 32% og 30 í 40% á tímabilinu frá ágúst til 28. febr. í ár.

Þegar þessi verðbótaskerðing er meðtalin hafa verðbætur á laun verið skertar á öllum útreikningsdögunum fjórum á s. l. ári eða sem hér segir: 1. mars 2.19% vegna Ólafslaga, 1. júní 0.60% vegna Ólafslaga, 1. sept. 4.30% vegna Ólafslaga og samninga ASÍ (en þar var samið um 2.9% skerðingu), 1. des. 2.08% vegna Ólafslaga og 1. des. 7.71% vegna brbl. Samanlagt er þetta tæplega 17% skerðing verðbóta á árinu. Á máli Alþb., eins og það var hér fyrr meir, hefði því árið 1982 hlotið nafnbótina „kaupránsárið mikla" eða því um líkt.

Vísitalan var greidd niður um 6% fyrri hluta ársins. Verðbætur voru skertar um 17% á árinu. Samt varð verðbólgan frá ársbyrjun til ársloka um 62% miðað við framfærsluvísitölu, en 64–65% miðað við byggingarvísitölu. Það má því með sanni segja að miklu hafi verið fórnað fyrir lítinn árangur. En kannske eigum við að taka þetta sem kennslu í niðurtalningunni góðu. – Ég horfi hér á hæstv. viðskrh.

Því hefur verið haldið fram, að þessar ráðstafanir í brbl. séu nánast alveg þær sömu og ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar gerði í febr. 1978, og hæstv. viðskrh. gerði það einmitt að umræðuefni við 1. umr. þessa máls. Þetta er alrangt. Þær ráðstafanir komu í kjölfar svonefndra „sólstöðusamninga" á árinu 1977. Þá var grunnkaup hækkað um 28% í einu stökki. Auk þess var í gildi sérstakur verðbótaauki, sem fólst í því að mæla sérstaklega hækkanir sem urðu á verðbótatímabilinu. Nú koma þessar ráðstafanir í kjölfar sérstakrar 7% skerðingar 1. mars 1981, lítillar grunnkaupshækkunar á s. l. ári og þeirra verðbótaskerðinga, sem ég hef gert grein fyrir, á árinu 1982.

Þessar efnahagsráðstafanir eru auk þess gerólíkar að öðru leyti. Á árinu 1978 voru bætur almannatrygginga hækkaðar í þeim lögum, skattar voru lækkaðir og heimild til niðurskurðar ríkisútgjalda. Nú eru þvert á móti skattar hækkaðir. Engar heimildir eru til lækkunar á ríkisútgjöldum og engin ákvæði um hækkun bóta almannatrygginga.

Ráðstafanir 1978 voru samþykktar fyrir opnum tjöldum á Alþingi. Nú hefur ríkisstj. gefið út brbl. sem hún veit að njóta ekki fylgis meiri hl. manna í Nd. Þar er ólíku saman að jafna.

Afstaða verkalýðshreyfingarinnar er líka ólík því sem þá var gagnvart þessum ráðstöfunum. Efnt var til ólöglegra verkfalla og útflutningsbanna á árinu 1978, eins og menn muna. Áróðursbæklingar voru gefnir út um „kauprán" þáv. ríkisstj. Á fjh.- og viðskn.- fundum var óskað eftir sýnishornum af gögnum Alþýðusambandsins frá þeim tíma. Þau bárust ekki af einhverjum

ástæðum. Nú hefur mér skilist að einhver reiknimeistari hjá Alþýðusambandinu hafi komist að þeirri niðurstöðu að þessi lög, sem hér eru til umr., skerði kjör um nálægt 2.5%. Það væri ekki ófróðlegt að bera saman þá niðurstöðu og útreikningana 1978. Því miður virðist sem svo, að þessir útreikningar forráðamanna Alþýðusambandsins á því sem þeir nefndu „kauprán" 1978 séu orðnir að einhvers konar feimnismáli.

Einn ráðh. í núv. ríkisstj. hefur sagt að það, sem einkennir störf hennar í stjórn efnahagsmála, sé: „of lítið – of seint". Hvað sem því líður eru horfur á því, að það hættuástand, sem skollið er á í íslensku efnahagslífi, magnist með hverjum mánuði sem líður þrátt fyrir útgáfu þessara brbl.

Almennt má segja að sérfræðingar, almannasamtök og stofnanir séu sammála um að efnahagshorfur á árinu 1983 séu mjög að versna, og hefur þó ekki verið spáð góðu útliti t. d. í þjóðhagsspá ríkisstj. Einstakir ráðherrar og forustumenn stjórnarflokkanna hafa dregið upp dekkstar myndir af ástandinu. Alþb. telur t. d. ástæðu til þess að slá því upp sem kosningaprógrammi, að nú sé ástandið þannig að gera þurfi fjögurra ára neyðaráætlun eftir setu ráðherra þess í ríkisstj. jafnlangan tíma.

Óhætt er að fullyrða að hættuástand er skollið á í íslenskum efnahags- og atvinnumálum og það hættuástand magnast með hverri vikunni og mánuðinum sem líður. Ég vík nú í örstuttu máli að nokkrum mikilvægustu þáttum þess upplausnar- og hættuástands sem við horfumst í augu við.

Fyrsta og alvarlegasta einkenni hættuástandsins er að lítið dregur úr þeim ískyggilega viðskiptahalla sem varð í fyrra og greiðslubyrði erlendra lána mun aukast enn á þessu ári. Hún var þó ærin fyrir.

Á s. l. tveimur árum er áætlað að viðskiptahallinn við útlönd nemi nálægt 5 þús. millj. kr. á verðlagi s. l. árs. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu þessa árs. Hallinn er talinn hafa verið í fyrra um eða yfir 11% og numið um það bil 3500 millj. kr. Öll kurl eru þó ekki komin til grafar í þessum efnum og er jafnvel búist við enn verri útkomu. Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun spá 6% viðskiptahalla á yfirstandandi ári, sem jafngildir 2500 millj. kr. á áætluðu meðalgengi í ár.

Þessi spá er byggð á mjög bjartsýnum forsendum. Afli er talinn verða meiri en ýmsum þykir eðlilegt að spá. Þá er gert ráð fyrir verulegri sölu á birgðum úr landinu, m. a. skreið, sem því miður virðast litlar horfur á að geti ræst. Síðast en ekki síst er þessi spá miðuð við 8% samdrátt í fjárfestingu í landinu. Óhætt er að fullyrða að allar líkur bendi til þess að viðskiptahallinn verði mun meiri en þessar spár gefa til kynna að óbreyttri stefnu.

Eyðsluskuldir aukast að sama skapi og viðskiptahallanum nemur. Nettóskuldir þjóðarbúsins erlendis, sem voru 32% af þjóðarframleiðslu síðustu árin, en aðeins 9.9% á árinu 1966, áður en efnahagsáfallið 1967–1968 skall á, nálgast nú 50% af þjóðarframleiðslu.

Greiðslubyrði langra erlendra lána er talin verða 25% af útflutningstekjum á þessu ári, m. a. vegna óreiðu- og eyðslulána sem taka þarf til að fleyta atvinnuvegunum og jafna viðskiptahallann. Þetta má orða svo, að fjórði hver fiskur fari nú í greiðslur af erlendum lánum.

Til samanburðar má geta þess, að greiðslubyrði var 1978 13.3% af útflutningstekjum.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. segir svo um þetta efni:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrðar af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum".

Fjmrh. hefur orðað þetta svo, að við séum „óneitanlega að sökkva á kaf í ískyggilegri skuldasöfnun". Óhætt er að taka undir þessa fullyrðingu hæstv. ráðh. Þetta er tvímælalaust mesta hættan í efnahagsmálum nú. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er í veði. Það fjármagn, sem tekið var að láni til að jafna greiðsluhallann vegna umframeyðslu, rennur ekki til uppbyggingar atvinnuveganna. Þessi skuldastaða í heild er orðin svo óhagstæð að svigrúm til erlendrar lántöku til uppbyggingar á næstu árum er nánast horfið. Þetta hefur að sjálfsögðu stórfellda hættu á atvinnuleysi í för með sér.

Annað einkenni hættuástandsins í efnahags- og atvinnumálum er skuldasöfnun og langvarandi taprekstur undirstöðuatvinnuveganna.

Í grg. með fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1981, 1982 og 1983 hjá sjálfri hæstv. ríkisstj. er vikið að þessu. Þar er talað um „afar slæma afkomu" eða „slaka afkomu atvinnuveganna" þegar verið er að áætla tekjuskatt á félögum. Í yfirlýsingu ríkisstj., sem fylgdi þessum brbl., sem hér eru til umr., segir, með leyfi forseta:

„Sá vandi, sem við er að glíma, er djúpstæðari og umfangsmeiri en um langt skeið vegna þess að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir eru vanbúin að mæta ytri áföllum."

Þetta segir hæstv. ríkisstj. eftir mestu metár sem komið hafa yfir þjóðina í aflabrögðum.

Afli togaraflotans jókst úr 262 þús. tonna árið 1967 í 393 þús. tonn á árinu 1981 eða 50% á tímabilinu. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu á heildarafla togaraflotans var hagur hans verulega verri árið 1981 en hann var á árinu 1978. Þetta gerðist þótt meðalafli minni togara hafi aukist um 37% á úthaldsdag á þessu tímabili.

Afli bátaflotans nam árið 1978 209 þús. tonnum, en á árinu 1981 305 þús. tonnum. Aukning aflans nemur því 46%. Þrátt fyrir þessa gífurlegu aflaaukningu var hagur bátaflotans verulega lakari á árinu 1981 en á árinu 1978.

Á árinu 1982 var mikill taprekstur á öllum tegundum fiskveiða. Eftir 1. des. s. l. voru bátar og togarar reknir með svo gífurlegu tapi að það var talið nema 14–15% af tekjum þeirra. Eftir 14% fiskverðshækkun á dögunum, 10% gengisfellingu og hækkun olíustyrks úr 22% í 35% reiknar Þjóðhagsstofnun með því að taprekstur á fiskveiðiflotanum sé um 3% af tekjum.

Sömu sögu er að segja um aðalgrein fiskvinnslunnar á þessu tímabili, frystinguna. Mikil afla- og hráefnisaukning frá árinu 1978 hefur ekki haft í för með sér betri afkomu frystingarinnar, þvert á móti hefur afkoma hennar versnað mjög á þessu tímabili. Þótt afkoma hennar sé e. t. v. þolanleg vegna gífurlegs gengissigs og gengisfellinga undanfarið, þá er ljóst að tæpt er að endar nái þar saman, auk þess sem birgðaaukning á skreið er gífurlegt vandamál.

Það er til marks um erfiðleikana í undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar að vanskil hafa aukist mjög að undanförnu. Hv. fjh.- og viðskn. fékk upplýsingar um vanskil í einum sjóði þegar hún fjallaði um þetta frv.

Þar er um að ræða Fiskveiðasjóð. Um miðjan nóv. voru fiskvinnslustöðvar í vanskilum við sjóðinn með 121 millj. kr. og fiskiskip með tæplega 400 millj. kr. Samtals voru vanskil þessara fiskvinnslustöðva og fiskiskipa yfir 500 millj. kr. í Fiskveiðasjóði um miðjan nóv. í fyrra. Þar af voru áfallnir vextir 200 millj. kr. Þetta er gott dæmi um hvernig staðið hefur verið að afkomuskilyrðum þessara mikilvægu undirstöðugreina undanfarin ár.

Í þjóðhagsáætlun ríkisstj. er að því vikið, að stefnan í gengismálum 1981 og framan af ári 1982 hafi bitnað mjög á afkomu útflutnings- og samkeppnisiðnaðar. Með því er beinlínis viðurkennt að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum hafi verið iðnaðinum í landinu þung í skauti. Það er jafnvel svo, að forustumenn stórra iðnfyrirtækja í eigu samvinnufélaga hafa sagt skýrt og greinilega að sum undangengin ár hafi verið verstu ár sem iðnaðurinn hafi átt við að búa um jafnvel áratuga skeið. Allt eru þetta skýr dæmi um afkomu atvinnuveganna undanfarin ár, enda á allra vitorði að skuldasöfnunin ein hefur haldið atvinnulífinu gangandi. Það er sláandi, að eftir allar „konverteringarnar" eða skuldbreytingarnar að undanförnu eru ýmis útgerðarfyrirtæki nú þegar stöðvuð, en sjútvrh. hefur boðað brtt. við þetta frv. í sjónvarpi til þess að hlaupa þar undir bagga með sýndaraðgerðum, svo sem vikið verður að hér síðar. Öll þessi skuldasöfnun atvinnuveganna gengur auðvitað ekki til lengdar og hefur í för með sér gífurlegan fjármagnskostnað. Þessi þróun stefnir atvinnulífinu augljóslega í algera tvísýnu ef ekki er breytt um stefnu og svo fer fram sem nú horfir.

Þriðja hættueinkenni í íslenskum þjóðarbúskap er að heildarsparnaður hefur minnkað svo undanfarið að nálgast algert hrun.

Innlendur heildarsparnaður, sem var um það bil 25% af þjóðarframleiðslu fyrir tveimur árum, er nú að mati Seðlabankans kominn niður fyrir 19% á s. l. ári. Heildarsparnaður í þjóðfélaginu minnkaði verulega á árinu 1981 þótt peningalegur sparnaður hafi aukist á tímabili það ár, einkum vegna innstreymis erlends fjármagns. Ástæðurnar fyrir því að heildarsparnaður minnkar svo mjög eru auðvitað þær, hvernig þrengir að atvinnuvegunum. Nú ríkir slík lánsfjárkreppa í viðskiptabönkum að þeir eru í um það bil 1100–1200 millj. yfirdrætti hjá Seðlabankanum, og hygg ég að sú tala sé ýkjulaus. Seðlar eru í rauninni prentaðir til að halda bankakerfinu á floti og atvinnuvegunum gangandi um stundarsakir.

Fjórða hættueinkennið í efnahagsmálum þjóðarinnar er að fjárfesting í atvinnuvegunum hefur dregist saman og framleiðni í atvinnuvegunum minnkað.

Verulegur samdráttur hefur átt sér stað í fjármunamyndun hjá atvinnuvegunum, ef frá er talinn fiskiskipaflotinn. Það er sérstaklega athyglisvert, að fjárfesting í fiskiskipastólnum er talin hafa aukist um 14% á s. l. ári. Á þessu eina sviði, þar sem segja má að aukin fjárfesting auki á vandann, hefur fjármunamyndun eflst. Á hinn bóginn er mestur samdráttur í stóriðnaði og stórum virkjunarframkvæmdum á s. l. ári. Magnsamdráttur á þessu sviði var áætlaður samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. um 43% og samdráttur í hitaveituframkvæmdum 31%. Það er sérstaklega alvarlegt, að auk minnkandi fjármunamyndunar í atvinnuvegunum hefur framleiðni minnkað.

Fimmta hættueinkenni í íslenskum efnahagsmálum er gífurleg þensla útgjalda ríkissjóðs og skattahækkanir.

Skattar til ríkisins hafa hækkað í tíð núv. ríkisstj. um 3.1% af þjóðarframleiðslu, sem jafngildir 960 millj. kr. á verðlagi fjárlaga fyrir árið í ár, en sú upphæð nemur 28 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Ríkisútgjöldin hafa þanist enn meira út en sem nemur skattahækkuninni, þar sem framkvæmdaframlög og framlög til eignaauka hafa verið skorin verulega niður að raungildi.

Þrátt fyrir þetta væri ríkissjóður rekinn með stórfelldum halla ef eyðsluskuldasöfnun erlendis kæmi ekki til. Áætlað er að ríkissjóður hafi haft umframtekjur vegna óvenjulegrar innflutningseftirspurnar á árunum 1981 og 1982 sem nemur a. m. k. 800 millj. kr. Hér er um að ræða eina afleiðinguna af stefnunni í gengismálum. Þessi stefna í ríkisfjármálum dregur augljóslega úr svigrúmi ríkissjóðs til að hlaupa undir bagga með skattalækkunum á sama tíma sem samdráttur er og þverrandi lífskjör, nema til komi alger uppstokkun ríkisfjármála og gerbreytt stefna á þessu sviði.

Í þessu sambandi vek ég sérstaka athygli á því, að eitt mesta sjúkdómseinkenni í íslenskum efnahagsmálum, erlend eyðsluskuldasöfnun, er undirstaða þess, að ríkisfjármálin hafa verið í formlegu jafnvægi nú undanfarin ár. Það er því með sérstökum ólíkindum þegar hæstv. ríkisstj. hælir sér af þessari staðreynd.

Sjötta hættueinkenni efnahagsmálanna er stöðnun þjóðarframleiðslunnar í undanförnum góðærum, stórfelldur samdráttur þjóðartekna og skerðing kaupmáttar á s. l. ári.

Á síðustu árum hafa þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur staðnað þrátt fyrir metafla og stóraukna framleiðslu sjávarafurða. Kaupmáttur heimilanna hefur minnkað undanfarið, og í ár og næsta ár verður stórfelldur samdráttur í þjóðartekjum og lífskjörum samkv. opinberum spám. Þjóðhagsstofnun spáir nú 7% rýrnun á kaupmætti kauptaxta á þessu ári, 7% rýrnun á kaupmætti elli- og örorkulífeyris og 4.5% rýrnun á kaupmætti elli- og örorkulífeyris þeirra sem njóta tekjutryggingar.

Því miður er það svo, að þessar spár virðast jafnvel einum of bjartsýnar. Í þjóðhagsspá, sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur gert og barst fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar þegar hún fjallaði um þetta mál, segir svo um rýrnun þjóðartekna á næsta ári, með leyfi forseta:

„Má jafnvel færa fyrir því rök, að þjóðartekjur gætu rýrnað um allt að því 10% á næsta ári."

Þessi spá er ískyggileg. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir samdrætti í þjóðartekjum sem nemur 3.3%. Ef þjóðartekjur mundu rýrna um 10% yrði lífsskjaraskerðingin á yfirstandandi ári miklum mun verri en opinber þjóðhagsspá gerir ráð fyrir. Það er umhugsunarvert að slík lífskjaraskerðing skuli þurfa að eiga sér stað við þau skilyrði að framleiðsla sjávarafurða reiknuð á föstu verðlagi varð líklega svipuð í fyrra og árið 1979 og gert er ráð fyrir að þessi framleiðsla aukist heldur á þessu ári.

Sjöunda og síðasta einkenni hættuástandsins í íslenskum þjóðarbúskap, sem ég geri hér að umtalsefni, er verðbólgan margumtalaða.

Verðbólgan hefur stundum verið nefnd „krabbamein" í íslensku efnahagslífi. Hún stefnir nú í áður óþekktar hæðir. Á s. l. ári varð hún um 62% á

mælikvarða framfærsluvísitölu, en 64—65% á mælikvarða byggingarvísitölu. Eftir fiskverðshækkun og gengisbreytingu gerir Þjóðhagsstofnun nú ráð fyrir 60—65% verðbólgu frá upphafi til loka árs á yfirstandandi ári samkv. venjulegum framreikningi. Þetta er miklu meiri verðbólga en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar talaði opinberlega nýlega um að við værum komin á nýtt verðbólgustig, eins og hann orðaði það, sem væri á milli 60—80%.

Stjórnarsáttmáli núv. hæstv. ríkisstj. hófst á þessum orðum, og ég vitna beint í stjórnarsáttmálann með leyfi hæstv. forseta: „Meginverkefni ríkisstj. er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.“ Í þessum sama stjórnarsáttmála segir einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu, þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.“

Þetta stefnumark þýðir að á s. l. ári hefði verðbólgan hér á landi átt að vera nálægt 10%. Nú situr þessi sama ríkisstj. auðum höndum í 60—80% verðbólgu. Hún situr auðum höndum og horfir á þau sjö stórhættulegu sjúkdómseinkenni í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar magnast sem ég hef hér nefnt. Hún situr auðum höndum vitandi að stórfelld hætta er á fjöldaatvinnuleysi, ef haldið verður fram óbreyttri stjórnarstefnu eða stefnuleysi. Hún situr enn sem fastast vitandi að hún hefur ekki þingstyrk til þess að bregðast við þeim mikla vanda sem nú er á höndum þjóðarinnar. Sú ábyrgð, sem hæstv. ríkisstj. tekur á sig með þessu háttalagi, er svo þung að orð fá vart lýst. Mér kæmi ekki á óvart þótt lengi verði vitnað til þessarar þrásetu ríkisstj. við þessar aðstæður í íslenskri stjórnmálasögu og þá ekki til þess að finna fordæmi fyrir rismiklum lýðræðislegum vinnubrögðum.

Herra forseti. Skömmu fyrir jól var þetta frv. afgreitt frá hv. fjh.- og viðskn. Vegna anna þingsins kom það ekki til 2. umr. síðustu dagana fyrir jólaleyfi.

Enn hefur frv. til laga um nýtt verðbótakerfi launa ekki komið fram, sem er forsenda fyrir samþykki þessa máls samkv. yfirlýsingum hæstv. ráðh., m. a. Tómasar Árnasonar, hér í þessari hv. deild.

Láglaunabætur hafa verið greiddar að hluta samkv. þessu frv. Skilgreining á því hvað átt sé við með orðinu „láglaunafólk“ samkv. 2. gr. fékkst ekki í nefnd áður en málið var afgreitt. Nú hefur fyrsta greiðsla þessara bóta vakið undrun og gremju alls almennings, eins og ég sagði áðan.

Þá hefur það gerst, að hæstv. sjútvrh. hefur tilkynnt í fjölmiðlum að hann hyggist flytja brtt. við þetta frv. um ráðstöfun á gengismun samkv. 4. gr. frv. Þetta er í annað sinn sem hæstv. ráðh. boðar brtt. um ráðstöfun þessa fjármagns. Fyrri till. ráðh. var hafnað af meiri hl. n. Þessi síðari till. er sögð fram komin vegna þess að nú sé gengismunur áætlaður hærri fjárhæð en þegar brbl. voru gefin út.

Hvernig er þessi nýja fjárfúlga reiknuð út? Hver er í raun skilgreining á hugtakinu „láglaunafólk“? Hvernig hafa láglaunabæturnar komið út í raun og hvernig koma þær út í raun þegar síðari greiðslur fara fram? Hvað líður framgangi frv. um nýtt verðbótakerfi launa, sem er forsenda samþykktar stuðningsmanna ríkisstj. í Framsfl. við þetta mál ef marka má málflutning þeirra?

Þetta eru spurningar, herra forseti, sem hv. fjh.- og viðskn. og þessi hv. þd. eiga kröfu á að fá svör við áður en þetta umdeilda mál er afgreitt. Því vil ég óska eftir því við hæstv. forseta fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl., að þessari umr. verði frestað að loknum framsöguræðum fyrir nál. og hv. fjh.- og viðskn. verði boðuð til fundar til frekari umfjöllunar um þessi atriði, sem ég nefndi hér áðan í tengslum við afgreiðslu þessa máls. Í því sambandi er rétt að minna á, að ríkisstj. lagði þetta frv. ekki fram vegna ágreinings fyrr en mánuður var liðinn af þingtímanum í haust. Síðan hafa ótal spurningar vaknað varðandi þetta frv., sem ég þarf ekki að tíunda hér á ný.

Miðað við allar aðstæður hefur þetta mál ekki tekið langan tíma í meðförum nefndar. Til samanburðar má geta þess, að brbl. sem gefin voru út á gamlársdag 1980 komu þegar fyrir þing að loknu jólaleyfi á árinu 1981 eða 27. jan. Það frv. var afgreitt eftir eins mánaðar umfjöllun í nefnd. Í þessu máli, sem hér er til umfjöllunar, hafa á hinn bóginn risið miklu fleiri ágreiningsatriði, m. a. milli aðila ríkisstj., um mál sem tengjast þessu frv. Stjórnarandstaðan hefur sett fram þá sjálfsögðu þingræðislegu kröfu að unnið verði að afgreiðslu þessa máls á þinglegan hátt og Alþingi ekki sniðgengið a. m. k. að því leyti. Nú er búið að misbjóða þingræðinu samt með allri málsmeðferðinni. Fyrrgreind krafa er því ítrekuð, herra forseti, enda þarf nánari umfjöllun í nefnd ekki að taka nema 1—2 daga eða jafnvel aðeins part úr degi. Ég vil í því sambandi vekja sérstaka athygli á því, að ef brtt. hæstv. sjútvrh. kemur fram síðar þarf þetta mál að ganga aftur til þessarar hv. deildar þannig að það sparast enginn tími á því að knýja það fram í deildinni nú.

Afstaða þingflokks sjálfstæðismanna til þessa frv. hefur verið skýr. Við teljum að í því felist tvöföld fórn, skattahækkun og kjaraskerðing, sem ekki skili meiri árangri en raun ber vitni. Þrátt fyrir brbl. er verðbólgan á bilinu 60—70%, greiðslubyrði erlendra lána vaxandi, viðskiptahalli og eyðslulántökur erlendis geigvænleg og vaxa svo mjög að fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar er hætt. Gífurlegur hallarekstur er á atvinnuvegunum, sem haldið er á floti með lántökum á lántökur ofan. Peningakerfi þjóðarinnar er í rúst og fjárskortur atvinnuveganna stendur þeim algerlega fyrir þrifum. Allt þetta býður heim hættu á fjöldaatvinnuleysi.

Þessar beinhörðu staðreyndir dæma þessar svonefndu efnahagsráðstafanir algerlega haldlausar. Þrátt fyrir miklar fórnir almennings er ástandið eins og að framan er lýst. Auk þess torvelda þessar óréttlátu og haldlausu efnahagsráðstafanir fremur en hitt þá grundvallarstefnubreytingu í heild í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar sem þörf er á. Afstaða okkar sjálfstæðismanna til þessara brbl. er því ljós. Við erum einfaldlega algerlega á móti stefnu eða stefnuleysi ríkisstj. Við viljum að hún segi af sér og ný endurreisnarstefna verði tekin upp af nýrri og sterkri ríkisstj.

Nú þegar æðsta stofnun þjóðarinnar er að taka afstöðu til þessa máls er búið að grípa til annarra aðgerða, sem þó eru ekki til meira gagns en svo, að boðuð er brtt. við þetta frv. til að bjarga nokkrum atvinnufyrirtækjum sem hafa stöðvast. Margt í þessum brbl. er nú orðinn hlutur. Við sjálfstæðismenn mótmælum því að alþm. í stjórnarandstöðu sé þannig stillt upp að vegg af ríkisstj. sem ekki hefur starfhæfan þingmeirihluta. Áður en lengra er haldið vil ég, herra

forseti, ljúka máli mínu með þeirri þinglegu kröfu að mál þetta komi fyrir hv. fjh.- og viðskn. með þeim rökum sem ég hef áður nefnt, enda lít ég svo á að slíkt tefji í engu endanlega afgreiðslu málsins hér á hinu háa Alþingi.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég verð nú fyrst að biðjast afsökunar á því að ég tafðist við að koma til þessa fundar en vona að það komi ekki að sök.

Þegar þessi brbl. voru sett, 21. ágúst 1982, lét ríkisstj. frá sér fara yfirlýsingu um hvers vegna lögin væru sett og hvert væri markmiðið með þessari lagasetningu. Í yfirlýsingu ríkisstj. var það talið til ógnvekjandi tíðinda að viðskiptahallinn stefndi í um 3000 millj. kr. á þessu ári og ennfremur var sagt að það væri líklegt að án aðgerða yrði verðbólgan um 75% á næsta ári, eða um það leyti sem ár væri liðið frá því að lögin voru sett, þ. e. í júlí til ágúst n. k.

Markmið ríkisstj. var talið samkv. þessari yfirlýsingu af fernum toga eða eins og þar segir: „Aðgerðir ríkisstj. mótast af eftirfarandi fjórum meginmarkmiðum“ og öll hljóma þau göfuglega:

„1. Að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við útlönd.

2. Að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

3. Að verja lægstu laun eins og unnt er fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í þjóðartekjum.

4. Að veita viðnám gegn verðbólgu.“

Ég rifja það upp að ríkisstj. sagði að það teldist til alvarlegra tíðinda, og vissulega er það rétt, að verðbólgan um það leyti væri allmikil og hún stefndi í 75% á ári, að viðskiptahallinn stefndi í um 3000 millj. á árinu 1982 og það bæri nauðsyn til að draga úr honum. Þessi lög hafa fengið að halda gildi sínu. En hvert stefnir nú samkv. opinberum gögnum? Viðskiptahallinn stefnir í yfir 3000 millj. á árinu 1983, einhvers staðar á bilinu 3000—5000 millj., meiri viðskiptahalli en það sem varð ríkisstj. tilefni til þess að grípa til aðgerða. Verðbólgan stefnir í 75—81% samkv. nýjum gögnum frá Þjóðhagsstofnun, dags. 17. jan. á þessu ári. Hún stefnir á þær tölur sem ríkisstj. var að vara við og þóttist ætla að komast úr. Samkv. þessari spá verður verðbólguhraðinn 1. febr. n. k. 75%. Samkv. henni verður verðbólguhraðinn í maí kominn upp í 81%. Ef ekkert sérstakt kemur til gæti hugsanlega dregið eitthvað úr verðbólgunni síðari hluta ársins. Á ársgrundvelli eru þessar tölur fyrir maí og ágúst 73—74% samkv. þessari varfærnu spá Þjóðhagsstofnunar. Lögin hafa fengið að halda gildi sínu. Verðbólgan, sem átti að hindra, verður samt. Það verður engu að síður sú 75% verðbólga sem ríkisstj. varaði við. Viðskiptahallinn verður meiri en á árinu 1982. Þannig hefur farið um bæði fyrsta og fjórða markmiðið með þessum aðgerðum.

Í öðru lagi sagði að ætti að treysta undirstöður atvinnulífsins svo að allir hefðu fulla atvinnu. Núna eru á þriðja þús. manns atvinnulausir á Íslandi, fleiri en nokkru sinni á undanförnum árum. Fjöldi atvinnufyrirtækja hefur stöðvast og öðrum liggur við stöðvun. Ekki hefur tekist að treysta undirstöður atvinnulífsins samkv. þessu. Þvert á móti stendur atvinnulífið nú mun verr en um langan tíma og atvinnuöryggi er minna en það hefur verið í mörg ár. Þannig fór fyrir þriðja markmiðinu, sem reyndar var talið nr. 2.

Þriðja markmiðið, það sem talið var hið þriðja í röðinni, var að verja lægstu laun. Það átti að grípa til sérstakra aðgerða, svonefndra láglaunabóta. Að vísu hefur aðstoðarmaður fjmrh. lýst því yfir, að þetta hafi verið misskilningur, ekki hafi þetta nú verið láglaunabætur, því að auðvitað geti það varla talist svo þegar bæturnar eru síhækkandi með hækkandi launum. Fólks á meðal eru þetta auðvitað kallaðar hálaunabætur. Og óréttlætið í úthlutun þeirra ætti að vera öllum hv. alþm. nægilega kunnugt. Ég kann mörg dæmi um það. Ég kom t. d. á vinnustað í Hafnarfirði fyrir nokkru, þar sem tvær stúlkur sátu hlið við hlið og voru að bera saman bækur sínar. Önnur var gift skipstjóra. Hún hafði fengið láglaunabætur. Hin var einstæð móðir. Hún hafði ekki fengið láglaunabætur, hún hafði ekki nógu háar tekjur til þess, var henni sagt. Þetta er einfalt dæmi um það hvernig það markmið að verja lægstu laun, afkomu þeirra sem verst eru settir, hefur tekist samkv. þessum aðgerðum.

Fjögur markmið voru sett upp. Ekkert þeirra hefur staðist. Verðbólgan er jafnmikil og varað var við, viðskiptahallinn meiri en á árinu 1982. Það að verja lægstu laun er framkvæmt með þeim hætti að því hærri tekjur, þeim mun meiri bætur. Og þeir sem lægstar tekjurnar hafa fá auðvitað ekki neitt. Og það að treysta undirstöður atvinnulífsins hefur nú tekist þannig til, að það eru fleiri atvinnulausir á Íslandi núna en um langt árabil, á þriðja þúsund manns og fer að öllum líkindum vaxandi.

Flokksstjórn Alþfl. ræddi þessi mál á fundi í gær. Lýsti hún áhyggjum sínum yfir hinu alvarlega ástandi í atvinnumálum og hvatti til þess að stjórnmálaflokkarnir tækju saman höndum um að spyrna gegn þessari þróun og að leitað yrði ráða til þess t. d. með skipun nefndar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, sem hefði þetta eina verkefni. Ég skal ekki rekja það nánar, en það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar atvinnuleysi knýr dyra hjá fjölda fólks víðs vegar um land.

Þegar þessar ráðstafanir voru kynntar bentum við talsmenn Alþfl. á það að þær mundu ekki koma að haldi. Við bentum á það að ekki yrði langt í næstu gengisfellingu. Hefur það komið í ljós? Já. Það er búið að fella gengið einu sinni enn, næstum því jafnmikið og gert var hinn 21. ágúst. Og skriðan í verðbólgunni; í afkomu atvinnuveganna, í viðskiptahallanum heldur áfram. Þetta kemur okkur ekki á óvart. Eins og til þessa var stofnað var augljóst að þessi ráð mundu ekki koma að haldi. En ríkisstj. og talsmenn hennar máluðu upp gósenland ef þessi lög fengju að halda gildi sínu. Það átti að vera yfirgengilegt ábyrgðarleysi að hrópa ekki húrra fyrir því hvers konar fínheitaaðgerðir hér væri um að ræða. En nú tala staðreyndirnar sínu máli: í viðskiptahalla, í verðbólgu, í atvinnuleysi og í því hvernig ríkisstj. fór að því að verja þá lægst launuðu.

Staðreyndin er vitaskuld sú, að þetta eru gamalkunn ráð. Þær ráðstafanir sem í þessu frv. felast eru nákvæmlega eins og þær sem menn hafa verið að reyna á fjölmörgum undanförnum árum. Þetta er einhliða

ákvörðun ríkisstj. um lækkun launa og skattahækkun og einhver tilfærsla á fjármunum í kjölfar gengisfellingar. En fyrst og fremst er þetta launalækkun. Ef við lítum yfir árangurinn af aðgerðum liðinna ára, þá sjáum við að hann er harla lítill. Hann getur ekki talist mikill þegar útkoman er 60, 70, 80% verðbólga. Það sem er sannleikurinn í þessu máli — og það sem er harðast í þessu máli er það, að þessar stöðugu bráðabirgðalausnir hafa hindrað það að menn kæmust til almennilegra verka. Þær hafa hindrað það að nokkur raunverulega stefnubreyting ætti sér stað í stjórn efnahagsmála. Og þannig hefur einnig farið nú. Þessar aðgerðir, ef aðgerðir skyldi kalla, hafa þegar runnið út í sandinn eins og við Alþfl.-menn bentum á.

Við höfum ítrekað sagt það á undanförnum árum, Alþfl.-menn, að aðgerðir af þessu tagi væru gersamlega þýðingarlausar, þessi braut væri löngu runnin á enda. Það að hjakka í fari þessara bráðabirgðalausna gengi ekki og það hefur margsannast. Þess vegna er meginatriðið að menn láti þessu lokið, láti aðgerðum af þessu tagi lokið og stígi í þeirra stað fyrsta skrefið í átt til gerbreyttrar stefnu og stjórnunar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég skal rekja nokkur atriði varðandi það mál, atriði sem sumra hverra væri þegar hægt að grípa til. Við höfum bent á það að með breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt væri hægt að koma á afkomutryggingu fyrir þá sem verst eru settir. Í öðru lagi, með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins ætti að stíga fyrsta skrefið í afnámi útflutningsbóta, en veita í staðinn tímabundinn framleiðslu- og framleiðnistyrk til að styrkja nýjar og ábatasamar búgreinar. Við höfum talað fyrir daufum eyrum, allt frá því að þessi ríkisstj. komst til valda, gegn því að skipastóllinn væri sífellt stækkaður og það væri gegndarlaus innflutningur á fiskiskipum. Ríkisstj. hefur víst tekið við sér í því máli, að vísu ekki með lagasetningu, eins og hefði verið eðlilegt og rétt og við Alþfl.-menn fluttum hér till. um. En ég ætla að vona að hún hafi staðið við það heit sitt að skrúfa fyrir þennan straum. Skaðinn hefur þegar átt sér stað. Verulegan hluta af okkar vanda má rekja til þess innflutningsstraums á fiskiskipum sem ríkisstj. setti í gang. Það ætti þegar að setja lög um hvernig með slík mál skyldi fara.

Við höfum líka lagt til að kosin yrði nefnd á vegum Alþingis til þess að gera, í samráði við sjómenn og útvegsmenn, tillögur um veiðileyfastjórn á fiskveiðum, þannig að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og hagstæðustu útgerðarstaðirnir fái að njóta sín. Það stjórnkerfi sem við notumst við í fiskveiðunum hefur gengið sér til húðar. Það virðist ekki geta gengið upp öllu lengur. Þá er nauðsynlegt að aðrar stjórnunaraðferðir verði skoðaðar með opnum augum og á hlutlausan hátt, þannig að menn standi ekki ráðþrota frammi fyrir því að taka ákvörðun um það hvernig eigi að stjórna fiskveiðum við Íslandsstrendur, heldur hafi kynnt sér í staðinn kosti og galla þeirra aðferða sem farið er að tileinka sér, m. a. hjá okkar mestu samkeppnisþjóð, Kanadamönnum.

Við höfum sagt í fimmta lagi: Allt sparifé á að vera verðtryggt, og við höfum flutt um það tillögur á Alþingi, til þess að tryggja það að sparifjáreigendur séu ekki hlunnfarnir, til þess að tryggja það að þegar þeir leggja fé sitt inn í banka, þá skili bankinn þeim sömu verðmætum til baka en ekki minni verðmætum þegar þeir ætla að taka peningana út. Með því mundi skapast á ný meira framboð af lánsfé af innlendum toga. Með því mundi draga úr viðskiptahalla. En jafnframt er vitaskuld nauðsynlegt, eins og við höfum líka flutt frv. um, í fyrsta lagi að lánskjaravísitala fái ekki að virka með þeim hætti að greiðslubyrði venjulegs fólks af lánum fari langt fram úr kaupgjaldsþróun, heldur að greiðslubyrðin takmarkist við kaupgjaldsþróun, svo sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt frv. um, og í annan stað — og það er þá 6. liðurinn sem ég tel upp sem lið í efnahagsaðgerðum — að gert verði átak til þess að auka lán til unga fólksins sem þarf að eignast húsnæði. Um það höfum við líka flutt frv., bæði á þessu þingi og áður, um sérstök viðbótarlán úr bankakerfinu til langs tíma til allra þeirra sem fá húsnæðisstjórnarlán.

Það mun líka reynast nauðsynlegt – og það skal vera 7. atriðið í þessari upptalningu – að á næstu þremur árum verði ný erlend lán takmörkuð við skuldbreytingar og erlenda kostnaðarþætti arðbærra framkvæmda, en erlendar lántökur til hallærisrekstrar og til þess að standa undir ríkisrekstri og ríkisútgjöldum verði bannaðar. Með aðgerðum af þessu tagi telur Alþfl. að megi stíga fyrsta skrefið í átt til kerfisbreytingar í efnahagsmálum og breyttra stjórnarhátta. Síðan þarf að fylgja uppstokkun af svipuðu tagi og átti sér stað í íslensku efnahagslífi á árunum 1959–1960, kaflaskil. Í þeim kaflaskilum verður að felast það að menn séu ábyrgir gerða sinna, að bakreikningum verði ekki í sífellu vísað á ríkið og þaðan á skattborgarana, að verðlagsákvarðanir séu ekki teknar með tilliti til þess að þeim verði ævinlega vísað áfram í kerfinu og þær endi hjá neytendum, heldur að hver og einn sé ábyrgur, hvort heldur það eru einstaklingar, atvinnurekendur, samtök þessara aðila, sveitarfélögin eða ríkið sjálft. Í þeirri uppstokkun verður líka að felast endurskoðun á verðlagningarkerfinu á landbúnaðarafurðum og að því er varðar fiskverð. Hvor tveggja þessi kerfi hafa gengið sér til húðar. Aðstæður hafa gerbreyst frá því að þessi ákvæði voru sett á sínum tíma og það mun reynast nauðsynlegt að stokka þessa þætti upp, taka upp nýjar aðferðir við þessar verðlagsákvarðanir.

Herra forseti. Það frv. til l. til staðfestingar á brbl. sem hér liggur fyrir gerir einungis ráð fyrir kaupskerðingu hjá launafólki. Slík ráðstöfun er ósanngjörn og það hefur þegar sýnt sig að hún mun ekki skila árangri. Ekkert þeirra markmiða sem ríkisstj. setti sér hefur náðst, ekkert, ekki eitt einasta. Alþfl. er andvígur þessu frv. og þm. Alþfl. munu greiða atkv. gegn 1. gr. þess.

Forseti (Helgi Seljan): Svo hafði verið ráð fyrir gert á fundi formanna þingflokka og forseta áðan, að að loknum framsöguræðum meiri hl. og beggja minni hl. hv. fjh.- og viðskn. yrði gefið kaffihlé. Það mun nú verða gert. Þá óskuðu menn eftir því að fá um leið nokkurt þingflokksfundahlé. Nú hefur þess verið farið á leit af talsmanni þingflokks Sjálfstfl. að þetta mál gangi nú til nefndar, þ. e. nú í miðri 2. umr., en auðvitað er 3. umr. einnig eftir í þessu máli.

Ég vil aðeins taka það fram áður en ég fresta nú fundi að ég óska eindregið eftir því, að það kaffihlé sem nú verður gefið verði nýtt til þess að menn geti staðið að fullu við það samkomulag sem gert var í gær um afgreiðslu þessa máls, og þá kannað hvaða leiðir væri unnt að fara til að verða að einhverju við þeirri ósk sem

hér hefur fram komið. En ég tek það fram að í gær var gert um það samkomulag milli allra forseta og formanna þingflokka að þetta mál færi hér í gegn í dag, bæði 2. og 3. umr. Ég óska sem sagt eftir því að þetta fundahlé verði nýtt til þess að menn beri saman bækur sínar um það samkomulag sem gert var. Ég mælist til af eðlilegum ástæðum að við það samkomulag verði staðið, miðað við þá góðu vinnureglu sem við höfum haft hér í hv. deild um það með hvaða hætti við afgreiddum mál.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af því að hæstv. forseti sagði að gert hefði verið samkomulag í gær á þann veg, að það samræmdist ekki því að málinu væri vísað núna til nefndar. Ég hafði heyrt þetta áður. Ég ræddi við formann þingflokks Sjálfstfl. og hann tjáði mér að það hefði verið rætt um framkvæmd þessa máls, en að það sem um hefði verið talað væri ekki þess eðlis að það væri hægt að skilja sem samkomulag sem útilokaði að málið færi í nefnd.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt var þetta mál á dagskrá þessarar hv. deildar í gær. Á fundi formanna þingflokka og forseta þingsins var hins vegar ákveðið að taka málið ekki til umr. í gær, þótt það hefði verið ætlunin, og verða við óskum sem fram komu um fundi í þingflokkum þá og reyndar ýmsa aðra fundi, sem menn þurftu að sitja, og taka jafnframt tillit til ýmissa annarra atriða sem við þurfum að hafa í huga á þessum tímum sem nú eru. Þess vegna varð það niðurstaða okkar, formanna þingflokka og forseta þingsins, að eðlilegt og nauðsynlegt væri að geta gert vinnusamkomulag um meðferð mála á þessum fundum. Ef störfin hér í þinginu eiga að geta gengið með greiðum og eðlilegum hætti, þá er nauðsynlegt að menn hafi vettvang sem þennan til að taka ákvarðanir af þessu tagi.

Nú má segja að þegar eitthvað nýtt kemur upp í meðferð mála, þá getur verið ástæða til að taka slíkt til endurskoðunar, en það hefur ekki gerst hér og nú. Þetta mál á eftir að fara til Nd., á eftir að fjalla um það þar í nefnd. Ég veit að vísu að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ber manna mest virðingu fyrir þessari hv. deild og telur það enga afsökun fyrir meðferð mála í þessari hv. deild að mál eigi eftir að fara fyrir Nd. Ég veit því að röksemd af því tagi á ekki mikinn hljómgrunn hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni á grundvelli þeirrar almennu virðingar sem hann ber fyrir þessari hv. deild.

Það getur vel komið til álita að halda fund í fjh.- og viðskn. þessarar deildar í dag. Ég skal ekkert leggjast gegn því að halda slíkan fund, ef það er þá tryggt að það hafi ekki áhrif á þá vinnuniðurstöðu, sem ég tel að hafi verið samkomulag formanna þingflokka og forseta í gær, að málið yrði afgreitt frá deildinni í dag. Við gætum þá þurft að halda hér fundi í kvöld í deildinni, og það er allt í lagi. Ef óskin um fund hér er þannig til komin að menn vilja eingöngu fá einhvern stuttan tíma til að skoða einhverja afmarkaða þætti, þá er sjálfsagt að verða við því. En ef óskin er til komin vegna þess að menn ætli að fara að taka upp einhverja veigamikla þætti í málinu á nýjan leik, þá er mér nú ekki alveg ljóst hvaða þættir það eru né heldur hvað menn eru þá með í huga. Ég vil þess vegna taka undir orð hæstv. forseta um það að nauðsynlegt væri að menn notuðu þetta hlé núna til þess að ræða saman um það atriði.

Mér hefði hins vegar fundist eðlilegra að ljúka 2. umr. og ræða þá möguleikana á nefndarfundum milli 2. og 3. umr. Óskin er hins vegar um það að gera hlé á umr. núna og ræða þessi mál, og ég er fyllilega reiðubúinn til þess að skoða það, en minni hins vegar mjög eindregið á þetta vinnusamkomulag frá því í gær. Ef þingið á að geta verið sæmilega farsæll vinnustaður, þá bið ég menn um að fara ekki að taka slíka niðurstöðu upp að nýju, nema ærnar ástæður séu til, sem ég held að sé ekki í þessu tilviki.

Forseti (Helgi Seljan): Út af þeim umr. sem hér hafa farið fram, þá vildi ég óska þess að menn takmörkuðu mjög mál sitt núna. Ég mun gefa að sjálfsögðu hv. 5. landsk. þm. orðið, en ég vil aðeins taka það fram út af orðum hv. 4. þm. Vestf. að ég taldi þarna ekki um ósamrýmanlega hluti að ræða, því að ég sagðist óska eftir því að í kaffihléi, sem nú yrði gefið, yrði kannað vandlega hvernig unnt yrði að standa að fullu við samkomulagið frá í gær og jafnframt því að koma til móts við þær óskir sem fram hefðu komið um nefndarfundi. Ég tók það mjög skýrt fram. Ég óska þess vegna eftir því að við tefjum okkur ekki mikið á umr. um þetta nú, heldur nýtum tímann þeim mun betur í kaffihléinu til þess að komast þar að niðurstöðu um framhald málsins. En ég óska mjög eindregið eftir því vitanlega, að við höldum hér fram 2. umr. málsins og tökum síðan afstöðu varðandi það þar. Það teldi ég miklu eðlilegra.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er síður en svo að við sjálfstæðismenn viljum eitthvað tefja þinghald og framgang þessa máls. Við viljum gjarnan að það haldi áfram sína eðlilegu leið í þinginu. En það er fyrir margra hluta sakir sem við höfum farið fram á það að málinu yrði aftur vísað til nefndar. Við gátum þess í lok okkar nál. fyrir jól, að svo kynni að fara að við teldum nauðsynlegt að flytja einhverjar brtt. og skila framhaldsáliti. Þar segir orðrétt með leyfi forseta:

„Frestun sú, sem ákveðin hefur verið á afgreiðslu þessara mála, kann að leiða til þess að við undirritaðir gefum út framhaldsnál., ef mál þessi skýrast og verða tekin fyrir á ný, áður en öll áhrif brbl. eru fram komin, og þá flytja brtt. í samræmi við það ástand sem þá kann að hafa skapast af óstjórninni og virðingarleysinu fyrir Alþingi Íslendinga."

Síðan hafa ýmsir hlutir gerst. T. d. hefur það komið í ljós að láglaunabæturnar, framkvæmd þeirra er með þeim ósköpum að varla verður við það unað að slíkar reglur verði látnar gilda við áframhaldandi greiðslur láglaunabóta. Þess vegna væri fullt tilefni til þess að athuga það mál í nefnd, þó að það hefði kannske tekið lengri tíma en einn eftirmiðdag, en það er kannske ekki aðalástæðan til þess að við óskum núna eftir því að þessi frestur verði gefinn og málinu vísað aftur til nefndar, heldur er ástæðan sú, að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir í sjónvarpi í fyrrakvöld, að af ríkisstj. hálfu mundi verða flutt mjög veigamikil brtt. við þetta frv. Ég tel fyrir mína parta algerlega óviðunandi vinnubrögð að ætla að afgreiða málið hér, tveim dögum eftir að hæstv. sjútvrh. gefur þessa yfirlýsingu á almennum vettvangi, án þess svo mikið sem að við fáum að sjá þessa brtt. Það er þess

vegna ósk mín, og ég flyt hana til þess að reyna að greiða fyrir framgangi málsins, að hæstv. sjútvrh. verði hér og nú kallaður hingað inn í deildina, svo að ég geti spurt hann að því hvort hann geti upplýst okkur um þessa brtt. og lagt hana hér fram okkur til sýnis, eða lofað okkur að skoða hana núna í kaffihléinu, sem á að gefa. Það kynni að leiða til þess að málin skýrðust, ef hæstv. forseti vildi verða við þeirri ósk minni, að hæstv. sjútvrh. gæti komið hér inn og gert okkur grein fyrir þeirri brtt. sem hann hefur boðað alþjóð. (**Forseti:** Ég vildi aðeins taka það fram vegna þessarar óskar að ég veit að í Nd. standa einmitt nú yfir umr. um mál hæstv. sjútvrh. Það er ábyggilega mjög erfitt að ná honum núna, en að loknu kaffihléi væri það hægt.) Þetta mundi sjálfsagt ekki taka nema eina mínútu, bara spyrja hann að þessu. (**Forseti:** Það er sjálfsagt, en ég þykist vita að hann sé bundinn við umr. í Nd. Ég skal láta athuga hvort það er unnt. Ég vildi hins vegar biðja menn mjög eindregið að takmarka hér umr. fyrir það kaffihlé, sem við gerum nú, af því að það gefast næg tækifæri á eftir.) Ég tek það alveg til greina. Ég ætla mjög að takmarka þessa umr. Ég hef verið eins stuttorður og unnt hefur verið.

Ég er aðeins að óska eftir því að okkur gefist kostur á að greiða fyrir því að málið upplýsist, þannig að þetta samkomulag, sem ég veit náttúrlega ekki nákvæmlega hvernig var orðað, geti þá staðið efnislega eins og því hefur verið lýst hér af hæstv. forseta og hv. þingflokksformanni Alþb. Ég er að reyna að greiða fyrir framgangi málsins með því að fá þetta upplýst. Það hlýtur hver einasti maður að vera sammála mér um það að eðlilegt sé, þegar hæstv. sjútvrh. hefur í fjölmiðli, öflugasta fjölmiðli landsins, skýrt frá því að flutt verði brtt. við þetta frv. af ríkisstj. hálfu, að við fáum að sjá hana. (Gripið fram í.) Ég er að því já, það er rétt. Ég á von á því að - (**ÓRG:** Hvaða áhugi er þetta á málinu?) Ég á von á því að hv. formaður fjh.- og viðskn. hafi líka áhuga á að fá að sjá þessa till. (**ÓRG:** Nei.) Hann upplýsir að hann hafi ekki áhuga á að sjá hana. (**ÓRG:** Engan sérstakan.) Nei, hefur kannske enginn séð hana úr stjórnarliðinu? (**ÓRG:** Ég hef ekki séð hana.) Formaður þingflokks Alþb. upplýsir það hér, það er rétt að undirstrika það, að hann hafi ekki séð till. (**EgJ:** Hann hafði ekki áhuga fyrir að sjá hana.) og hafði ekki áhuga fyrir að sjá hana. Hann upplýsir að hann hafi ekki séð till. og þá hafa væntanlega ekki aðrir þm. Alþb. séð hana. En sjútvrh. sagði umbúðalaust og fyrirvaralaust að ríkisstj. mundi flytja þessa till.

Þetta undirstrikar enn einu sinni hver vinnubrögð eru viðhöfð í þessu stjórnarliði. Ég held að það ætti að fara að líta svolítið í eigin barm, sjá hvernig þeir allir vinna hver um sig. (**Forseti:** Vegna beiðni hv. 5. landsk. þm. hef ég óskað eftir því við hæstv. sjútvrh. að hann kæmi hér núna. Hann kveðst hins vegar algerlega bundinn af umr. í Nd. En við munum þá leita eftir því, ég skal reyna að tryggja það, að það verði gert strax á eftir.) Má ég bera fram aðra ósk? Annaðhvort hæstv. utanrrh. eða hæstv. viðskrh. upplýsi það hér hvort þeir viti um efni þessarar till. og geti sýnt okkur hana. T. d. hæstv. viðskrh. sem nú gengur hér inn. Ég óska eftir því að fá að vita efni þeirrar brtt., sem hæstv. sjútvrh. hefur boðað. Það hefur verið upplýst að formaður þingflokks Alþb. veit ekkert um þessa till. og þá náttúrlega enn síður aðrir þm. Alþb. og þaðan af síður við í stjórnarandstöðu. Kannske hæstv. viðskrh. geti sýnt okkur þessa till., sem ríkisstj. ætlar að flytja samkv. orðum sjútvrh., en stjórnarflokkarnir vita ekki um og þá náttúrlega ekki stjórnarandstæðingar. Ég ber þá ósk fram til hæstv. viðskrh. að hann leitist við að svara þessu, þar sem mér skilst að hæstv. sjútvrh. hafi öðrum hnöppum að hneppa en að sýna þessari deild þessa till.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tel nú eðlilegt í sambandi við ósk hv. þm. að n. komi saman og sjútvrh. verði þá kvaddur þangað og geri grein fyrir því sem hér er verið að spyrja um. Ég tel það langeðlilegast og fellst alveg á þá uppástungu hæstv. forseta, að n. komi saman núna í hléinu og þetta mál verði athugað þar.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er það kunnugur þeim starfsháttum sem ég hef reynt að tíðka sem formaður í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, að komi fram veigamikil brtt. frá ríkisstj. við þetta frv., þá mun ég að sjálfsögðu fjalla um þá brtt. í n. Ég hef ekki séð neina slíka brtt. Ég hef heyrt einhvern orðróm um það að sjútvrh. hafi lýst einhverju slíku yfir. Hún hefur ekki birst hér sem þskj., en ef það kynni að gerast, þá hljótum við að fjalla um það. Svo er fyrir að þakka að lög um þingsköp eru þannig, að það er ekki hægt að breyta þessu frv. nema um það sé fjallað hér í þessari hv. deild.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram í tilefni af því sem hæstv. forseti sagði viðvíkjandi því sem ég hef áður sagt, að ég stóð hér ekki upp áðan vegna þess að ég óttaðist það á einn eða annan hátt að hæstv. forseti mundi ekki gera það sem í hans valdi stæði til að afgreiðsla þessa máls gæti farið fram með sem eðlilegustum hætti. Ég stóð aðeins upp til þess að gefa þær upplýsingar að einn þeirra manna sem gerðu samkomulag í gær vegna þessa máls liti svo á, að það samkomulag væri á þann veg að það útilokaði ekki að málinu yrði nú vísað til nefndar. Þetta er álit formanns þingflokks Sjálfstfl.

Í tilefni af því sem hæstv. viðskrh. sagði, að hæstv. forseti hefði gert ráð fyrir að það væri fundur nefndarinnar nú í kaffihléi, vil ég segja að ég skildi ekki hæstv. forseta á þann veg. Ég skildi hæstv. forseta á þann veg að kaffihléið væri notað til þess að menn gætu borið saman ráð sín um það m. a. hvenær yrði fundur í fjh.- og viðskn.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil taka það fram að með mínum orðum áðan átti ég auðvitað við það að þetta kaffihlé yrði nýtt til hins ýtrasta. Vitanlega geta menn borið saman bækur sínar í þingnefnd eins og á annan hátt. Það er ekkert því til fyrirstöðu. – [Fundarhlé.]

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég hefði að vísu getað greint frá því sem ég mun greina hér frá undir umr. um dagskrárefnið, en það er líka í lagi að gera það með þeim hætti sem forseti hefur hér tilkynnt. Við komum saman í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Þar greindi ég frá því, sem ég vil hér einnig skýra hv. deild frá, að ég átti fund með

hæstv. sjútvrh. og á þeim fundi kom fram að hann mun ekki flytja brtt. hér við þetta frv. Það tjáði ég hv. nefnd og tjái nú hér hv. deild.

Það er hins vegar ljóst að samkv. þingsköpum geta menn flutt brtt. við þetta mál síðar í Nd. þó að ég sé ekki að gera því skóna hér að svo verði gert. En ég minni hins vegar á að verði það gert, og verði brtt. samþykkt og verði frv. samþykkt, kemur það hingað aftur. Það er því alveg ljóst að hvernig svo sem þau mál æxlast, eftir að málið er héðan farið, þá mun brtt., komi hún fram og verði hún samþykkt, koma hingað aftur. Þetta tel ég að liggi þess vegna ljóst fyrir. Ég hef komið þessu hér á framfæri í framhaldi af fundi n. og fundi sem ég átti með hæstv. sjútvrh.

Ég vil einnig skýra hv. deild frá því að það hefur orðið að samkomulagi í hv. fjh.- og viðskn. að við munum óska eftir því, og ég mun tryggja að við þeirri ósk verði orðið, að fá að fylgjast með störfum hv. fjh.- og viðskn. Nd., þegar hún tekur málið til meðferðar, ef þar koma fram nýir efnisþættir. Sú ósk kom fram í n. og hún var samþykkt af nm. öllum. Við munum þar viðhafa þau vinnubrögð og teljum að þar með höfum við tækifæri til þess að skoða nánar þau mál sem menn vilja athuga hér á síðari stigum. Ég fagna því að þetta hefur orðið niðurstaða málsins, tel að það hafi skýrt mjög vinnubrögð okkar við málið hér og einnig á næstunni. Ég get vel skilið þá ósk sem kom hér fram fyrr í dag. Það var að mörgu leyti eðlilegt að sú ósk og fsp. kæmi fram. Við höfum gefið okkur tíma hér í fundarhléi til þess að fjalla um það og ég tel að málið liggi nú ljóst fyrir.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil taka það fram út af orðum hv. 11. þm. Reykv. að ég tók það svo að hann væri að óska eftir umr. um þingsköp en ekki málið sjálft. Hins vegar teldi ég eðlilegast að umr. gæti nú farið í þann farveg að við tækjum dagskrármálið upp að nýju og hefðum áframhaldandi umr. um það.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er auðvitað rétt, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður fjh.- og viðskn., sagði, að hann flutti okkur þau boð hæstv. sjútvrh. að hann mundi ekki leggja fram neinar brtt. hér við þessa umr. eða yfirleitt í þessari hv. deild, ég skildi það svo, þó að hann hefði greint frá því í fyrrakvöld í sjónvarpi að slík brtt. yrði flutt af ríkisstj. hálfu. Mér finnst það nú í fyrsta lagi óviðkunnanlegt að ráðh. skyldi ekki flytja okkur þessi boð sjálfur, koma á fund n. eins og óskað hafði verið eftir að till. hæstv. viðskrh. Ég skildi það svo, að hann hefði talið það sjálfsagt að sjútvrh. kæmi á fund n. Hann sýndi okkur ekki þá virðingu að koma sjálfur, en boðin voru flutt, því er ekki að neita.

En ég vil fara fram á það við forseta að hann geri nú aftur tilraun til að fá hæstv. sjútvrh. hingað, svo að hann geti sjálfur greint okkur frá því, í deildinni og í heyranda hljóði, hvað hann hyggst fyrir. Hvort það hafi bara verið blaður, sem hann sagði í sjónvarpið fyrir tveimur dögum, eða hvort hv. Ed. sé eitthvað svo miklu virðingarminni en Nd. að okkur eigi að sniðganga en málin eigi þar eingöngu að ræða. Það er ósk mín að gerð verði önnur tilraun til að fá hæstv. sjútvrh. hér á fundinn. (**ÓRG:** Má ég upplýsa úr sæti mínu að ástæðan fyrir því að ráðh. gat ekki komið var að hann var að stjórna fundi þm. Framsfl.?) (**Forseti:** Já, ég mun að sjálfsögðu verða við þessari ósk hv. 5. landsk. þm., hef óskað eftir því við skrifara að hann gangi á fund hæstv. ráðh., þannig að hann megi til hans beina máli sínu.)

Ég get kannske notað tímann á meðan til að greina hæstv. forseta frá því, að við þm. Sjálfstfl. hér í deild hyggjumst ekki tefja þetta mál neitt. Úr því að svo var litið á, að þetta samkomulag í gær þýddi það að málið ætti hér að klárast, þá verða stjórnarsinnar sjálfsagt að gera það og munu sjálfsagt gera. En auðvitað tökum við ekki þátt í því – og þó getum við kannske hjálpað til að greiða fyrir því, af því að það vantar hér þm., að málið fái að klárast hér við 2. umr. og sjáum svo til hvað gerist við 3. umr.

(**Forseti:** Ég hef gert þær ráðstafanir sem hefur verið óskað eftir við mig og fæ þau skilaboð frá hæstv. ráðh. að hann sé mjög bundinn í umr. um sitt mál í Nd. Ég hef óskað eftir því sérstaklega í annað skipti að hæstv. ráðh. kæmi hér. Ég geri mér alveg ljóst að hann er bundinn í þeim umr. sem þar eru, en hafði gert mér von um að hann tefðist ekki lengi hér hjá okkur við þessar umr. Nú vildi ég aðeins beina því til hv. þm. hvort hann héldi fast við þessa ósk, þar eð ég hef gert allt sem í mínu valdi stendur, tel ég til þess að ná hæstv. sjútvrh., en það virðist ganga allerfiðlega.) Ég efast ekki um að forseti hafi gert það sem í hans valdi hefur staðið til að fá upplýsingar um gang þessara mála. Ég harma það að sjálfsögðu að hæstv. sjútvrh. skuli ekki geta fundið sér eina eða tvær mínútur til þess að koma á fund annaðhvort í fjh.- og viðskn. eða þá, sem hann helst ætti að gera, koma hér á fund og skýra í heyranda hljóði frá fyrirætlunum sínum, en við þetta verður sjálfsagt að una.

Ég á ekki von á því að þýði neitt fyrir mig að biðja t. d. hæstv. forsrh. að greina frá því hvernig ríkisstj. hafi höndlað þetta mál og hvort sjútvrh. hafi skýrt rétt frá í sjónvarpinu og hvenær þessi till. muni koma fram – eða hvort hún yfirleitt muni koma fram. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. forsrh. virði mig eða aðra þm. svars í því efni. Þess vegna ætla ég ekkert að vera að spyrja hann.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við ósk hv. þm. um að gefa upplýsingar. Það sem hæstv. sjútvrh. minntist á í fjölmiðlum, sjónvarpinu var það víst, í fyrradag var það að Seðlabankinn hefur reiknað út að nýju hver gengismunurinn vegna gengisbreytingar í ágústmánuði muni verða. Þessir nýju útreikningar Seðlabankans benda til þess að gengismunurinn muni verða töluvert meiri en Seðlabankinn áætlaði þá. Þegar þetta mál er fullkannað geri ég ráð fyrir að þurfi að flytja brtt. við frv. og hæstv. sjútvrh. hefur þá gert ráð fyrir að ef það liggur fyrir endanlega við þessa útreikninga að breyta þurfi tölum í þessu frv. eða brbl., þá verði till. um það flutt í Nd. Ef sú breyting verður samþykkt þar, þá kemur málið að sjálfsögðu aftur hingað til þessarar hv. deildar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Vegna þess að það hefur komið til tals hér í umræðum manna að sjútvrh. gat ekki komið því við að sækja fund í fjh.- og viðskn., þá vil ég aðeins árétta það, sem raunar hefur komið hér fram áður, að hann var á fundi í framkvæmdastjórn Framsfl., sem var ákveðinn kl. 4,

stjórnaði þar fundi út af þýðingarmiklu máli og gat að sjálfsögðu ekki vikið þaðan. Síðan eru umr. um frv., sem hann talaði fyrir eins og hv. þdm. vita, í Nd. Ég held að það sé nú ekki forsvaranlegt að óska eftir því, ekki eðlilegt að ætlast til þess að hæstv. ráðh. geti vikið þaðan. Ég heyrði ekki betur áðan en það væri verið að deila á hann og ríkisstj. Hann verður náttúrlega að vera til andsvara í Nd. og þess vegna var ekki eðlilegt að hann gæti vikið þaðan til þess að mæta annars staðar á meðan málið var til umr. þar.

Ég hef tilhneigingu til þess, eftir að þær upplýsingar hafa komið fram sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan, að beina því til sjálfstæðismanna að þeir standi við það samkomulag sem gert var í gær með heföbundnum hætti. Það er afskaplega nauðsynlegt að mínu mati að þegar samkomulag er gert um meðferð mála, eins og hér hefur verið gert, þá sé staðið við það, þó að ég geti skilið það að þeir óski eftir upplýsingum. Þeir hafa fengið nokkrar upplýsingar um málið. Það er ekki ennþá á því stigi að ráðh. sé fær um að gera tillögur, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. Eftir þessar upplýsingar finnst mér eðlilegt að beina því til hv. þm. Sjálfstfl. að áfram verði haldið með málið eins og um var samið og talað hér í gær.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hæstv. viðskrh. vil ég aðeins taka það fram að ég þóttist heyra það glögglega á máli hv. 5. landsk. þm. áðan að það væri vilji hans og hans flokksmanna að standa að fullu við það samkomulag.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að það væri tilgangslítið að bera fram spurningar til hæstv. forsrh. Ég spurði hann um það hvernig þetta mál stæði í ríkisstj., hvernig þar hefði verið um það fjallað og hvort till. kæmi fram. Hann sagði hér, eins og þið heyrðuð, hv. þm., „geri ég ráð fyrir að þurfa að flytja“ o. s. frv. Þau voru nú ekki skýr svörin úr þeirri áttinni fremur en fyrri daginn.

Hæstv. viðskrh. sagði hins vegar að ráðh. væri ekki fær um það eins og stæði að gera tillögurnar. Hann boðaði þessar till. í sjónvarpi og ég skildi hann svo að hann væri búinn að gera upp hug sinn í því og mundi flytja slíkar till. Þetta er sem sagt allt á sömu bókina lært. Það sem var allt í lagi með í fyrradag er stöðvað nú vegna þess að hvergi er samkomulag eða samstaða um eitt eða neitt í þessari ríkisstj., sem auðvitað á að segja af sér, sjá sóma sinn í því. En það er athyglisvert að þessi ríkisstj. fæst aldrei til að segja af sér. Hún getur hugsað sér að rjúfa þing til þess að styrkja sinn meiri hluta, til þess að halda þessu áfram eftir kosningar, þessum ósköpum. Því fer fólk nú bráðum að átta sig á, að það er ekki meiningin að rjúfa neitt þing til að gefa rúm til þess að mynda heiðarlega og heilbrigða ríkisstj. heldur til að framlengja líf þessarar óskapa ríkisstj., sem er áreiðanlega sú allra versta á öldinni, frá heimastjórn. Það held ég að menn séu nú yfirleitt að verða nokkuð sammála um.

En það er rétt hjá forseta að við ætlum ekki að hindra hér mál – og jafnvel að lána atkvæði stjórninni í nauðum til að klára 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að hann gerði hér hlé á fundum til þess að gera það kleift að fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar kæmi saman til að fjalla um þau atriði, sem ég benti á að væru lausir endar í, og raunar miklu fleiri en þau atriði sem ég minnti hér á áðan. Ég vil vekja athygli á því, að það er rekið mjög hart eftir því að þetta mál verði afgreitt frá hv. deild í dag, og um það var gert samkomulag að mér skilst. Við það samkomulag stöndum við sjálfstæðismenn eins og jafnan þegar við gerum slíkt. En á sama tíma er bæði tilkynnt í fjölmiðlum og af hæstv. forsrh. hér að til umræðu sé í ríkisstj. að gera brtt. við þetta frv., allveigamikla brtt., og það eigi fyrst að gera í Nd. Á þessu vakti ég athygli, að við mundum ekki vinna neinn tíma á þessu offorsi hér. Það væri miklu skynsamlegra að athuga þá þessa till. í n. Auk þess hefur verið viðurkennt hér beint og óbeint að önnur atriði, eins og t. d. skilgreining þessara laga á því hvað skuli teljast láglaunafólk, eru algerlega óupplýst í þessari deild, hvernig þetta sé skilgreint í framkvæmd. Það hefur orðið samkomulag um að við fylgjumst með því máli í Nd. Það verður sjálfsagt rætt þar.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál. Ég ætla aðeins að ítreka þá afstöðu okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu að við höfum verið andvígir þessu máli frá upphafi. Við teljum þessar ráðstafanir haldlitlar eða haldlausar. Við teljum að það þurfi að taka hér upp alveg gerbreytta stefnu, nýja efnahagsstefnu til endurreisnar atvinnu- og efnahagslífinu. Við erum sérstaklega andvíg því að leggja nýja skatta á um leið og slík löggjöf um kjaraskerðingu er sett. Við teljum að ríkissjóður eigi að ganga á undan og herða sultarólina ekkert síður en almenningur þegar þannig er ástatt í þjóðfélaginu eins og nú.

Við höfum verið algerlega andvíg þessum málatilbúnaði öllum og gagnrýnt hann á marga lund. Mér finnst þessi vinnubrögð — eins og fram hefur komið hér í dag — mjög svo óþingleg. Afstaða okkar hefur verið skýr. Við munum greiða atkv. gegn 1. gr. frv. og vörugjaldinu. Það stendur svo á, að mér skilst, þar eð ýmsir þm. eru fjarverandi, að svo getur farið að við þurfum að greiða atkv. gegn fleiri greinum af tæknilegum ástæðum. Það er þetta tvennt, sem ég vil sérstaklega taka fram að við munum öll greiða atkv. gegn, og gegn frv. við lokaafgreiðslu þess.

ATKVGR.

Brtt. 160 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:7 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9:2 atkv.
7. gr. samþ. með 9:7 atkv.
8.—12. gr. samþ. með 9:2 atkv.
13. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Þriðjudaginn 18. jan., að loknum 28. fundi.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87)). – 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GTh, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, TÁ, DA, GeirG, HS.

nei: KSG.

KJ, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GK, StJ, EG) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 25. fundur.

Þriðjudaginn 18. jan., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Alexander Stefánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 17. jan. 1983:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri á Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Páll Pétursson,
5. þm. Norðurl. v."

Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri á Siglufirði er nú ekki mættur hér. Ekki þarf að rannsaka kjörbréf hans, þar sem hann hefur áður átt sæti á þessu þingi. Ég býð hann velkominn til starfa. Hann mun mæta síðar í dag.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 248). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl., 159. mál, þskj. 248.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um erfiðleika útgerðarinnar á síðasta ári, það hefur verið til umr. hér áður. Þessir erfiðleikar stafa ekki síst og reyndar fyrst og fremst af því að aflaverðmæti á árinu 1982 er um það bil 16 af hundraði minna en á árinu áður. Þetta stafar af því að engar loðnuveiðar urðu, eins og mönnum er kunnugt um. Loðnuveiðar námu um 10% af verðmæti sjávarafurða. Auk þess varð verulegur samdráttur í þorskafla. Þorskafli á síðasta ári mun, hygg ég, verða í kringum 370 þús. lestir, en var áætlaður að tillögu fiskifræðinga í upphafi ársins 450 þús. lestir og var það um það bil það sem aflaðist á árinu 1981. Af þessum ástæðum var ekki um annað að ræða en grípa til sérstakra aðgerða vegna útgerðarinnar í september s. l.

Þjóðhagsstofnun áætlaði áhrif aðgerðanna í septemberber miðað við tvær aflaforsendur. Sú fyrri var að afli yrði á árinu 1983 svipaður og hann hafði verið á árinu 1981, þ. e. ykist að nýju, og svo var aflaforsenda 2, þar sem gert var ráð fyrir að afli á þessu ári, sem nú er hafið, yrði svipaður og hann reyndist á árinu 1982. Samkvæmt fyrri aflaforsendu var áætlað eftir aðgerðirnar í september að staða útgerðar væri −1.5 samtals, þ. e. ef teknir voru saman allir þættir útgerðar á botnfiskveiðum, en miðað við minni afla var áætlað að staðan yrði −4.5.

Ég þarf ekki að rekja að vonir um betri afla brugðust, og reyndar má segja að afli hafi orðið jafnvel heldur lakari á seinni hluta ársins en aflaforsenda 2.

Í desembermánuði var rekstrarstaða útgerðarinnar áætluð að nýju og þá m. a. endurskoðaðir grundvallarþættir miðað við reikninga útgerðar fyrir árið 1981. Sú endurskoðun leiddi til heldur lakari aðkomu útgerðar en fyrri grundvallartölur gerðu ráð fyrir. Þá kom í ljós að afkoma útgerðar á ársgrundvelli, að sjálfsögðu fram í tímann, var áætluð í desember 1982 fyrir bátana −14.1, fyrir minni togara −13.8, fyrir stærri togara −21.3 eða samtals fyrir útgerðina í heild −14.7. Þjóðhagsstofnun hefur gefið ýmsar skýringar á þessari stórum lakari afkomu heldur en gert var ráð fyrir í áætlun hennar eftir aðgerðirnar í september. Meginskýringarnar eru þær, að á tímabilinu frá september til desember urðu mjög miklar hækkanir á ýmsum kostnaðarliðum útgerðarinnar, meðal annars á dísilolíu. Kostnaðarhækkun dísilolíu varð yfir 19% og svartolíu tæplega 17% og aðrir kostnaðarþættir, eins og t. d. viðhald og veiðarfæri, hækkuðu um svipað. Þó hafði í byrjun desember verið samþykkt hækkun á fiskverði, sem nam 7.72%, í samræmi við þá almennu hækkun sem ákveðin var með brbl. á verðbótavísitölu. Í upphafi var að sjálfsögðu ljóst að sú hækkun mundi ekki duga útgerðinni því vitað var að kostnaðarliðir útgerðar mundu hækka töluvert meira en 7.72 af hundraði og þá meira í takt við framfærsluvísitölu. Hins vegar var talið rétt að betri upplýsingar lægju fyrir um aflamagn og aflaspá á árinu 1982 áður en rekstrarvandamál útgerðarinnar væru tekin fyrir sérstaklega.

Ég vil geta þess, að í þeim tölum sem ég las áðan um afkomu útgerðar í desember 1982 er gert ráð fyrir óbreyttu olíugjaldi, þ. e. 7%, og sömuleiðis óbreyttri niðurgreiðslu á olíu 22%. Á þessum grundvelli var fiskverð síðan ákveðið í lok ársins. Ég vil geta þess, að Þjóðhagsstofnun hefur að sjálfsögðu einnig áætlað afkomu frystingar og söltunar í desembermánuði. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar frá 21/12 1982 var afkoma frystingar +1.2% og söltunar +3.9%. Hér var því við ákaflega stóran og mikinn vanda að eiga og nauðsynlegt að skoða allar leiðir til þess að lagfæra rekstrarstöðu útgerðar.

Í fyrsta lagi var nauðsynlegt að kanna hve mikil fiskverðshækkun gæti orðið og þá taldi ég rétt að taka mið fyrst og fremst af tekjuaukningu sjómanna í samanburði við tekjuaukningu manna í landi. Þetta var áætlað af Þjóðhagsstofnun. Taldi Þjóðhagsstofnun að miðað við kauptaxta í landi mættu tekjur sjómanna hækka um u. þ. b. 10% eða nánar tiltekið 7—10% til þess að jöfnuður næðist að nýju. Hins vegar, miðað við tekjur samkvæmt úrtökum á skattframtölum, mátti fiskverð hækka um eitthvað meira til þess að sami jöfnuður næðist. Þá kemur í ljós að hlutfall fiskverðs og

kauptaxta, miðað við 100 1977, var 87 1978, 87 1979, 83 1980, 81 1981 og 87 í október 1982. Þarna hefur sem sagt fiskverð hækkað um töluvert minna en kauptaxtar. Speglar þetta fyrst og fremst vaxandi afla á árunum frá 1977 til og með 1981, þannig að þá var talið rétt að taka mið af vaxandi afla við ákvörðun um fiskverð og af því að tekjur sjómanna fara að sjálfsögðu vaxandi einnig með afla, en ekki eingöngu með fiskverði. Þegar dró úr aflaaukningu á árinu 1982 var þetta að nokkru leyti leiðrétt, bæði með meiri hækkun fiskverðs 1. september en verðbóta í landi og sömuleiðis með aukafiskverðshækkun með aðgerðunum í lok september upp á 4%, og kemur þetta jafnframt fram í þeim tölum sem ég las áðan, þar sem hlutfall fiskverðs og kauptaxta hækkar frá 1981 til 1982 úr 81 í 87%.

Sé hins vegar gerður samanburður á tekjum sjómanna og verkamanna annars vegar og sjómanna og iðnaðarmanna hins vegar og árið 1977 aftur lagt til grundvallar kemur í ljós að hlutfall tekna sjómanna og verkamanna hefur breyst þannig gegnum árin: 1977 100, 1978 89, 1979 hækkar það upp í 98, 1980 einnig 98, 1981 í 95, en lausleg áætlun í október 1982 er 90. Þannig, eins og ég sagði áðan, mátti verða nokkur hækkun fiskverðs til að rétta við hlut sjómanna. Séu hins vegar tekjur sjómanna og iðnaðarmanna bornar saman, þ. e. hlutfallið af tekjum sjómanna og iðnaðarmanna, kemur í ljós að sjómenn hafa samkvæmt þeim samanburði haft heldur betur. Miðað við 100 1977 og 1978 91 var hlutfallið 1979 102, 1980 106, 1981 103, 1982 99.

Þessar upplýsingar voru lagðar til grundvallar þegar ákveðið var að leggja til að fiskverðshækkun yrði ákveðin 14% í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Með þeirri fiskverðshækkun hækkar hlutfall fiskverðs á móti hlutfalli kauptaxta úr 87 í okt. í 98, þ. e. það má segja að þá sé komið sama hlutfallið og var 1977, og jafnframt, miðað við tekjur sjómanna og verkamanna, hækkar það hlutfall í 101 og eru þá tekjur sjómanna þær hæstu frá 1977 samkvæmt þessari úttekt, miðað við verkamenn og miðað við iðnaðarmenn reyndar í 110, þ. e. töluvert hærri en verið hafði nokkru sinni fyrr.

Ég vil taka það fram að svona samanburður er ætíð mjög erfiður. Ýmsar spurningar vakna um ýmiss konar yfirborganir o. s. frv. og einnig vakna að sjálfsögðu spurningar um hvort borin sé saman svokölluð akkorðsvinna eða bónusvinna eða ekki. Vitanlega er það svo á sjó að segja má að þegar aflast sé ætíð um akkorðsvinnu að ræða.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að með 14% hækkun fiskverðs hafi verið gengið eins langt og frekast er unnt til þess að leiðrétta tekjur sjómanna gagnvart tekjum verkamanna og iðnaðarmanna, eins og kom fram í þeim tölum sem ég nefndi áðan, og ég vil reyndar geta þess, að í viðtölum við fulltrúa hinna ýmsu aðila, m. a. sjómanna í yfirnefnd, kom það greinilega fram að þeir töldu að með þessari fiskverðshækkun einni út af fyrir sig væri tekið mikilvægt skref til leiðréttingar á þeirri röskun sem með aflabrestinum hefur orðið á tekjum sjómanna í samanburði við tekjur manna í landi hins vegar. Ég vil einnig taka það fram að að mínu mati er óhjákvæmilegt að sjómenn hafi viðunandi tekjur og að þær séu í samræmi við það sem gerist í landi. Vinnuaðstaða og vinnutími eru ekki metin í þessu sambandi og er allt annað en í landi.

Í þessu sambandi var síðan fjallað um olíugjaldið sem um áramótin 1981—1982 var rætt um að æskilegt væri að leggja niður. Ég sagði þá hvað eftir annað að ég vildi stuðla að því að það yrði lagt niður, enda — eins og menn geta séð í þingskjölum og víðar — yrði afkoma útgerðar tryggð eftir öðrum leiðum. Um þetta var fyrst og fremst fjallað í svokallaðri hlutaskiptanefnd, sem hefur starfað í fjögur ár og var skipuð af síðasta fyrirrennara mínum í starfi sjútvrh. Sú nefnd skilaði eftir marga fundi og erfiða áliti til mín í desembermánuði, þar sem lagt er til að olíugjald verði fellt niður og sömuleiðis gjald í Stofnfjársjóð fiskiskipa, en hlutaskiptum hins vegar breytt þannig að hlutur sjómanna yrði eftir slíka breytingu hinn sami og fyrr að meðaltali í þremur meginflokkum skipa, getum við sagt, þ. e. á stóru togurunum yrði hluturinn óbreyttur að meðaltali, á minni togurunum sömuleiðis og í þriðja lagi á bátaflotanum. Hins vegar náðist því miður ekki samkomulag um þessa breytingu í hlutaskiptanefndinni. Fulltrúi sjómanna þar, a. m. k. einn þeirra lagðist ákveðið gegn þessari breytingu og niðurstaðan var sú að fulltrúar útgerðarmanna og formaður nefndarinnar lögðu til í nál. að ekki yrði ráðist í þessa breytingu, þ. e. að fella niður olíugjald og stofnfjársjóðsgjald og taka upp breytt hlutaskipti, nema fullkomið samkomulag næðist þar um. Ég harma það því ég tel að með því að draga olíukostnað frá óskiptu væri stuðlað að sparnaði í olíunotkun og það hljóti að koma allri áhöfn og útgerð til góða. Ég tel að þessu máli sé alls ekki lokið og þurfi að ræða það nánar við sjómenn, en ég er því sammála hins vegar, sem nefndin lagði til, að þetta yrði ekki þvingað fram í andstöðu við sjómenn. Af þessum ástæðum er gert ráð fyrir því að olíugjaldið verði óbreytt 7% við þær aðstæður sem nú eru í útgerð.

Með þessu og jafnvel með óbreyttri niðurgreiðslu á olíu, þ. e. 22%, og 14% hækkun á fiskverði hefði afkoma útgerðar engu að síður verið mjög bágborin eða um það bil −6%, sem er miklu verri afkoma en við yrði með nokkru móti búið. Því var ekki um annað að ræða en leita annarra leiða til að jafna þennan mun að verulegu leyti og má segja að viðræður í yfirnefnd milli mín og fulltrúa aðila hafi ekki síst að þessu beinst. Í því sambandi komu fyrst og fremst til greina tvær hugmyndir.

Önnur hugmyndin var sú að hækka olíugjaldið úr 7% upp í 17%, að vísu rætt um að kalla það öðru nafni, þ. e. kostnaðarhlutdeild. Þá væri um að ræða greiðslu frá fiskvinnslu til útgerðar beint sem hlutdeild í kostnaði. Þessi leið hefur verið fyrr farin. Hún var farin á erfiðleikaárum útgerðarinnar 1968 t. d., en hefur ætíð verið mjög umdeild. Sérstaklega hefur verið á það deilt að þarna væri ekki greitt í hlutfalli við eyðslu, þ. e. við notkun á olíu, veiðarfærum og fleira þess háttar, heldur í hlutfalli við afla. Ýmsir hafa talið að þannig kæmi út mjög vafasöm niðurstaða, t. d. að trillukarlinn fengi líklega allan kostnað útgerðarinnar uppiborinn með slíku gjaldi. Því hefur verið mjög á það þrýst að leggja þetta niður.

Hin leiðin, sem um var rætt, er hækkun á niðurgreiðslu á olíu úr 22% í 28%, sem ég reyndar lagði til, eða eitthvað hærra. Niðurgreiðsla á olíu hefur einnig stóra annmarka. Ég vek athygli á því, að olíusjóður sem greiddi niður olíu var til á árunum 1973–1975. Þá var um gífurlega mikla olíuniðurgreiðslu að ræða. Þá var

olía greidd niður, ef ég man rétt, mest úr 24 kr. lítrinn í 6 kr., þ. e. um ¾, og var þá af ýmsum talið að um verulega misnotkun á olíuniðurgreiðslu væri að ræða. Þess vegna og meðal annars vegna andstöðu sjómanna var þetta stokkað upp.

Olíufélögin telja ekki að hætta á misnotkun sé mikil nú, enda er olíuniðurgreiðslan miklu minni en þá var, ekki helmingur af því sem þá var mest, og auk þess orðið miklu minna almennt um notkun olíu til upphitunar en var á þeim árum.

Olíukostnaður hefur aukist mjög ört hjá flotanum. Árið 1973 var olíukostnaður um 11.5% aflaverðmætis hjá minni togurum, en er í dag talinn vera 28% til 29%. Þarna er því um ákaflega mikinn kostnaðarlið að ræða. Auk þess hefur komið fram að unnt er að fá í erlendum höfnum olíu fyrir miklu lægra verð en hér, um það bil 40% lægra verð. Hefur það orðið til þess að ýmsir hafa talið koma til greina að greiða olíu niður til samræmis við það sem er erlendis. Ég taldi að vandlega athugðu máli að þetta væri skárri leið en að fara í kostnaðarhlutdeildina eða hækkun olíugjalds af þeim ástæðum sem ég rakti hér áðan.

Til þess að greiða niður olíu um 35%, sem var niðurstaðan hjá yfirnefnd verðlagsráðs, nokkuð hærri niðurgreiðsla en ég hafði gert ráð fyrir, en samkomulag varð um það, þá þarf um það bil 400 millj. kr. Að sjálfsögðu koma ýmsar leiðir til greina til að afla þess fjármagns. Sumir fulltrúar í nefndinni töldu að þess ætti að afla með almennum sköttum, t. d. hækkun á söluskatti um það bil 2%. Ég tel það mjög vafasama leið. Þá er verið að leggja það beint á neysluvörur almennings að greiða niður olíu til fiskiskipa. Hins vegar hafði olía áður verið greidd niður með útflutningsgjaldi og sú leið varð ofan á. Þarf þá hækkun útflutningsgjalds um 4% til að mæta þessum kostnaði.

Útflutningsgjald er nú 5½% og yrði þá 9½%. Útflutningsgjald hefur iðulega verið miklu hærra, allt upp í 16% eða 17%. Þetta hefur að sjálfsögðu einnig sína annmarka, sérstaklega gagnvart fiskvinnslunni. Útflutningsgjald er tortryggt af ýmsum innflytjendum erlendis og talið að verið sé að skattleggja kaupendur. Ég tel að það sé á misskilningi byggt. Ef útflutningsgjaldshækkun er mætt með breytingu á gengi er að sjálfsögðu fyrst og fremst verið að skattleggja alla íbúa þessa lands því að gengisbreytingin kemur fljótlega fram í verði.

Útflutningsgjaldsleiðin hefur einnig verið gagnrýnd af sjómönnum og talið að með því væri verið að hrófla við hlutaskiptum. Það má kannske nokkuð til sanns vegar færa. Þó sýnist mér að þau sömu rök, sem ég nefndi áðan, að útflutningsgjald er bætt með gengissigi, gangi gegn slíkri fullyrðingu. Þá er fyrst og fremst um gjaldtöku að ræða, sem þjóðin öll ber, og í raun og veru gætu menn þá velt upp þeirri spurningu hvaða munur væri á því að leggja t. d. á toll til að afla tekna til slíkra niðurgreiðslu eða á útflutning. Það kemur ákaflega svipað niður. Því miður leiðir það til verðhækkunar í landi. Um þessa leið náðist meirihlutasamþykki í yfirnefnd með oddamanni og fulltrúa útgerðar, en fulltrúar vinnslunnar sátu hjá fyrst og fremst af þeirri ástæðu sem ég hef hér nefnt um áhrif útflutningsgjalds á kaupendur sjávarafurða. Sjómenn lögðust hins vegar gegn fyrst og fremst vegna tekjuöflunar þeirrar sem ég hef nú rakið og vildu að tekna til olíuniðurgreiðslu væri aflað eftir öðrum leiðum.

Ég vil jafnframt geta þess, að í sambandi við þessa ákvörðun var bókað í verðlagsráði eftirfarandi, með leyfi forseta:

1. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samþykkt laga um eftirtalin atriði. – Kemur þetta reyndar fram í frv. sjálfu eða grg. með því. Þar segir: „Fiskverðsákvörðun fól í sér 14% meðalhækkun frá því verði er áður gilti. Ákvörðun þessi var m. a. reist á þeim forsendum að ríkisstj. beitti sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum:

1. Olíugjald yrði framlengt óbreytt árið 1983.

2. Stofnaður yrði Olíusjóður fiskiskipa til niðurgreiðslu á olíuverði til fiskiskipa. Yrði sjóðurinn fjármagnaður með tekjum af sérstöku 4% útflutningsgjaldi af sjávarafurðaframleiðslu ársins 1983, sem lagt yrði á sama stofn og hið almenna 5.5% útflutningsgjald nú.

3. Olía til fiskiskipa yrði á árinu 1983 greidd niður sem næmi 35% af olíuverði.

4. Stimpilgjald og lántökugjöld af skuldbreytingalánum útgerðarinnar yrðu felld niður og tryggð endurgreiðsla slysatrygginga á aflahlut í slysatilvikum samkv. sjómannalögum.

5. Fiskvinnslunni yrðu að fullu bætt kostnaðaráhrif fiskverðshækkunar og þeirra ráðstafana, sem í frv. þessu felast."

Ég hef rakið það sem hér er nefnt nema liði fjögur og fimm. Skal ég koma að þeim.

Eins og mönnum er kunnugt fer nú fram skuldbreyting vegna útgerðarinnar. Talið er að skuldbreyting verði nálægt 500 millj. kr. Þar er ekki um nýtt fjármagn að ræða, heldur vanskil sem hafa safnast upp í bönkum og hjá ýmsum viðskiptaaðilum útgerðarinnar. Af þeirri ástæðu hefur verið talið verjandi að fella niður tekjur ríkissjóðs af þessari skuldbreytingu og þá jafnframt með tilliti til erfiðleika útgerðarinnar. Er í frv. gert ráð fyrir að stimpilgjald verði fellt niður.

Um lántökugjaldið gegnir hins vegar öðru máli. Lántökugjald er ákveðið af viðskiptabönkunum sjálfum samkv. reglum sem Seðlabankinn setur og er ekki löggjafaratriði. Hins vegar hefur ríkisstj. í framhaldi af þessu samþykkt málaleitun til viðskiptabanka og sparisjóða um að þeir felli niður lántökugjaldið. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel það eðlilegt þegar þess er gætt að viðskiptabankarnir losna við þessi skuldbreytingabréf til Seðlabankans upp í sinn yfirdrátt þar og vanskilavexti. Er ákaflega hagkvæmt í raun og veru fyrir viðskiptabankana að ráðast í þessa skuldbreytingu. Þeir fá þar opnaða leið til að lækka verulega yfirdrátt sinn við Seðlabankann og þá að sjálfsögðu útgjöld sín vegna þeirra vanskilavaxta eða yfirdráttarvaxta sem Seðlabankinn tekur af viðskiptabönkunum. Ég skal ekkert um það segja hvernig þessari málaleitun reiðir af, hún er í höndum viðskrh., en viðræður eru í gangi um þetta.

Sömuleiðis hefur heilbr.- og trmrh. verið að athuga endurgreiðslu slysatrygginga á aflahlut í slysatilvikum. Fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi sem ákvæði í einum svonefndum félagsmálapakka að áhöfn skuli halda fullum hlut í slysatilfellum. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða, áætlað lauslega að geti verið samtals í kringum 5–6 millj. Af því fellur helmingurinn yfirleitt á fyrstu viku fjarveru áhafnarmeðlims í slysatilfellum og það er greitt af Tryggingastofnun. Hér er því um það að ræða að lengja þennan tíma. Gæti þá orðið um aðrar 2–

3 millj. í útgjöldum að ræða. Þetta, eins og ég sagði áðan, er heilbrrh. með í athugun og er mér tjáð af honum að ekki muni þurfa lagabreytingu til að mæta þessari ósk. Ég vil jafnframt geta þess, að útgerðin greiðir verulegt fjármagn til tryggingasjóðs og ætti það að standa undir slíkum greiðslum sem hér um ræðir, þannig að ég geri fastlega ráð fyrir því að unnt verði að framkvæma einnig þetta.

Um fimmta liðinn, að fiskvinnslunni yrði að fullu bætt kostnaðaráhrif fiskverðshækkunarinnar og þeirra ráðstafana sem í frv. þessu felast, vil ég segja að að mati Verðlagsstofnunar felst í þessum ráðstöfunum u. þ. b. 11–12% kostnaðarhækkun fyrir fiskvinnsluna. Sumt af því kemur hins vegar ekki fram nú, þ. e. fiskvinnslan greiðir ekki umrætt útflutningsgjald fyrr en orðið er að lögum í fyrsta lagi og í öðru lagi ekki fyrr en slíkur útflutningur fer úr landi. Því var að athuguðu máli talið nægjanlegt að mæta þessum útgjöldum fiskvinnslunnar með 9% gengisfellingu, sem var ákveðin í beinu framhaldi af þessari fiskverðsákvörðun.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa miklu fleiri orð um þetta. Ég hef lýst þeim atriðum öllum, tel ég, sem eru í frv. Þó hef ég ekki farið í það grein fyrir grein og eitt atriði er í 2. gr. sem mér þykir rétt að vekja athygli á, í 3. málsgr. Þar segir:

„Útflutningsgjald af sölu fiskiskipa í erlendri höfn skal reiknast af bráttósöluverðmæti með sama hætti og samkv. ákvæðum laga um útflutningsgjald nr. 5/1976, þó þannig að útflutningsgjald sé dregið frá söluverði áður en kemur til hlutaskipta eða aflaverðlauna."

Um þetta mál var töluvert fjallað og sýnist nokkuð sitt hverjum. Það er samningur á milli sjómanna og útgerðarmanna um það, að útflutningsgjald skuli dregið frá aflaverðmæti áður en kemur til hlutaskipta, en hins vegar er ekki samstaða um hvort þetta sérstaka útflutningsgjald eigi að teljast í þeim flokki. Ég taldi hins vegar rétt að láta þetta fylgja með, eins og samkomulag varð um á milli útgerðar og fiskvinnslu. Ég tel sjálfsagt að sjútvn., sem fær málið til meðferðar, athugi mjög vandlega hvort hér gæti verið um brot á samningum milli sjómanna og útgerðarmanna að ræða.

Í þessu sambandi er vert að geta þess, að fiskvinnslan telur varhugavert að taka ekki slíkt gjald af ísfiski. Verð á ísfiski er mjög hátt á erlendum mörkuðum og fiskvinnslan óttast að samkeppni við siglingar geti orðið erfið ef ekki er tekið gjald af slíkri sölu.

Jafnframt vil ég geta þess, að að sjálfsögðu yrði, ef lögin verða samþykkt, sett reglugerð um þessa framkvæmd, sem yrði þá eins og var með olíuniðurgreiðslu fyrir áramótin, þ. e. olíufélögin halda eftir 35% úttektarreiknings sem yrði greitt úr olíusjóði sem yrði í vörslu Seðlabanka.

Ég vil jafnframt geta þess, að í umræðum um þessi mál á milli flokka fyrir þingfrestun fyrir jólin tilkynnti ég að ég mundi ekki leggja til að brbl. yrðu sett nema óhjákvæmilegt teldist, og þá yfirlýsingu gaf forsrh. hér. Jafnframt óskaði ég þá eftir því að þingflokkar tilnefndu menn til þess að fylgjast með þessum málum. Það var gert og þeir menn hafa komið saman og fengið allar upplýsingar. Ég vil láta koma fram að það er misskilningur, sem kom fram í fjölmiðlum, að þeir hafi skuldbundið sig á einn máta eða annan, fulltrúar þessara flokka, til að fylgja einu eða öðru í þessu máli. Ég sendi þeim þetta frv. nokkru fyrir helgi og reyndar einnig væntanlegu, sem þá var, Bandalagi jafnaðarmanna. Ég vona því að menn hafi getað fylgst sæmilega með þessu máli, og það er von mín að það fái sem skjótasta afgreiðslu hér á þingi. Ef menn vilja fallast á málið er nauðsynlegt að það geti komið til framkvæmda sem fyrst. Það er ekki gott að þetta sé um of afturvirkt. Ef menn vilja ekki fallast á það verður það jafnframt að liggja fyrir sem allra fyrst, þannig að ekki verði róið á óvissan í því sambandi.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti að mér er það út af fyrir sig ekkert ánægjuefni að leggja til þá olíuniðurgreiðslu sem hér um ræðir. Ég tel að slíkt sé alltaf vandmeðfarið. En miðað við ýmsar aðstæður í okkar þjóðlífi, miðað við minni afla, miðað við erfiðleika í efnahagsmálum, þá tel ég þetta þó verjandi tímabundið á meðan við erum að komast á réttan kjöl með þjóðarskútuna.

Ég vil svo að þessum orðum sögðum leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það vandamál sem við erum að glíma við í dag í sjávarútveginum má að verulegu leyti rekja til rangrar stefnu núv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. frá 1978–1979 í efnahags- og atvinnumálum okkar og þá að sjálfsögðu sérstaklega til stefnu – eða nánast stefnuleysis ríkisstj. í sjávarútvegsmálum. Áður en þm. fóru í jólaleyfi gerðum við þm. Sjálfstfl. athugasemdir hér á þingi um það að Alþingi skyldi sent heim í „mánaðarfrí", eins og ég orðaði það, fríið stóð í heilan mánuð, þegar vitað væri hversu mikil vandamál blöstu við og hætta á því að atvinnuleysisvofan, sem óneitanlega hefur látið á sér kræla að undanförnu, gerði alvöru úr því að birtast. Því miður hefur það nú gerst. Sú viðvörun, sem frá okkur kom í þessum efnum, sýnir sig í dag að hafa verið á rökum reist.

Þessi aðvörun kom ekki hér fram aðeins rétt fyrir jólin. Hún hefur verið uppi höfð af og til af hálfu okkar sjálfstæðismanna á undanförnum mánuðum og ári, því að öllum hefur verið ljóst hvað fara gerði í sambandi við sjávarútveginn, okkar höfuðútflutningsatvinnuveg. Okkur var ljóst hvernig komið var með loðnustofninn og þrátt fyrir miklar verndunaraðgerðir í sambandi við bolfiskinn, sem hófust strax er við höfðum fengið 200 mílurnar viðurkenndar undir forustu þáv. sjútvrh., Matthíasar Bjarnasonar, þá sýnir sig að þar hefur því miður ekki sá árangur orðið sem við vonuðumst til að yrði. Bæði er það, eins og ég vék hér að áðan, að loðnan brást, engin loðnuveiði varð árið 1982 og þorskveiðin töluvert minni en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum sökum minnkaði aflaverðmæti, eins og kom fram hér í ræðu hæstv. sjútvrh. áðan, um 16%.

Auk þessa er og hefur verið aukinn tilkostnaður hjá sjávarútveginum, sér í lagi hjá útgerðinni, sem ekki hefur verið brugðist við með þeim hætti sem skyldi. Og síðast en ekki síst hefur verið um að ræða versnandi samkeppnisaðstöðu. Við höfum átt í erfiðleikum með útflutning á okkar fiskafurðum. Gildir það um allar greinar, frystingu, saltfisk og skreið, þó að vandinn sýnist langmestur í sambandi við skreiðina. Þessu til viðbótar hefur svo geisað hjá okkur óðaverðbólga meiri en nokkurn tíma fyrr, sem hefur komið sjávarútveginum afar illa og á að sjálfsögðu sinn stóra þátt í því hvernig nú er komið.

Fyrirhyggjuleysi hæstv. ríkisstj. og viljaleysi til að líta á þessi mál í því ljósi sem þau raunverulega hafa birst í kom best fram í því sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, þegar hann vék að stöðu sjávarútvegsins eins og Þjóðhagsstofnun mat hana í des. samanborið við það sem álitið var um mánaðarmótin ágúst-sept., þegar gerðar voru efnahagsaðgerðir með brbl. annars vegar og svo með lögum um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun á fiskverði, sem knúin var fram, eins og hv. þm. muna, í sambandi við stöðvun flotans í septembermánuði á s. l. ári. En þegar upp var staðið kom í ljós að staða sjávarútvegsins í des. var orðin verri en hún hafði þó verið fyrir þessar aðgerðir um mánaðarmótin ágúst-sept.

Þetta sýnir að sjálfsögðu hvernig á þessum hlutum er haldið. Hvort menn vilja kenna reiknimeisturum um skal hér látið liggja á milli hluta, en um hitt verður ekki villst, að það er ekki tekið á þessum málum þannig að lausn á því vandamáli sem við er að glíma sé fundin, heldur eru gerðar bráðabirgðaráðstafanir til þess að fleyta skútunni fram um einn, tvo eða þrjá mánuði. Það sem gert var um mánaðarmótin ágúst-sept. gerði ekki betur en að fleyta skútunni í tvo mánuði, þrátt fyrir þá útreikninga sem sýndir voru og menn höfðu haft á borðum sínum og útgerðin og fiskvinnslan grundvölluðu síðan starfsemi sína á. Þegar þessar aðgerðir fóru fram gerðu menn sér grein fyrir því, þeir sem þessum málum voru hvað kunnugastir, að til þess gæti komið, ef ekki væri nú tekið til hendinni, að fyrirtækin stöðvuðust og við þyrftum, þegar liði að áramótum, að glíma við atvinnuleysi. Eins og ég gat um áðan hefur þessi spá því miður ræst. Það sem menn eru að basla við að gera þessa dagana og hafa verið að basla við að gera er að koma aftur í gang fyrirtækjum, sem veita fjölmörgum einstaklingum atvinnu, ekki bara hér á Suðvesturlandinu heldur um landið næstum allt. Þegar við erum nú að renna skeið þriðja árs þessarar hæstv. ríkisstj. stendur dæmið þannig, að gerðar eru ráðstafanir vegna þess að atvinnuleysið hefur haldið innreið sína. Menn sögðu það strax í upphafi, þegar ríkisstj. var mynduð, þegar hún lagði fram sinn stjórnarsamning, hvert stefna mundi ef engu væri breytt, ef ekki væri út af stefnunni brugðið. Það hefur því miður nú komið í ljós.

Vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í sambandi við þær aðgerðir sem gripið var til – eða heitið var öllu heldur um áramótin eru með sama hætti og verið hefur að undanförnu, þrátt fyrir það hversu miklu alvarlegri málin eru í þann mund sem þær eru gerðar. Þegar fjallað er um fiskverðshækkun á milli jóla og nýárs eru vinnubrögðin á þá lund að það er hæstv. ríkisstj. sem hefur alfarið tekið stefnuna í málinu. Yfirnefnd, sem fjallar um fiskverðshækkunina, kemur sér ekki niður á einhverja niðurstöðu – eins og hæstv. sjútvrh. vildi vera láta hér áðan í þeim orðum sem hann sagði – heldur er það ríkisstj. sem tekur stefnuna og segir: Hvað er það sem gera þarf til þess að hægt sé að ná fram fiskverði með einhverjum hætti? Því miður er tekin stefna sem hér kemur til með að valda ágreiningi, stefna sem við sjálfstæðismenn erum andvígir, eins og fram kom strax af hálfu okkar. Það er haldið áfram á þeirri braut sem mótuð var á s. l. ári. Þá voru þetta að vísu sagðar bráðabirgðaráðstafanir vegna útgerðarinnar til að reyna að tryggja rekstrargrundvöll hennar. Þá var gripið áfram til niðurgreiðslu, myndaður olíusjóður og millifærslukerfið teygt til hins ýtrasta.

Það hefur áður verið hart á dalnum hjá útgerðinni og þá hefur verið gripið til ýmissa ráða til þess að leysa þann vanda um stuttan tíma. Af því gátu menn dregið þó nokkurn lærdóm um hvernig skynsamlegast væri að standa að þessum hlutum. Þegar gripið var til 22% niðurgreiðslu á olíu á s. l. ári, þá var til þess varið fjármagni sem má segja að bókhaldslega hafi verið til í sjóðum. Hins vegar gerðu menn sér grein fyrir því að í raun og veru var þetta fjármagn ekki til. Niðurgreiðsla er aðferð sem að dómi okkar sjálfstæðismanna er ekki sú leið sem í þessum málum er eðlilegt að fara. Það sem gera þarf er að sjálfsögðu að með einum eða öðrum hætti verðum við að skapa útgerðinni auknar tekjur til þess að hægt sé að reka hana hallalaust. Það gerist hins vegar ekki ef um verður að ræða endalausar bráðabirgðaráðstafanir eins og hér hefur verið gripið til.

Það liggur ljóst fyrir að það er hagsmunamál, ekki bara útgerðarinnar heldur líka sjómanna, þess fólks sem vinnur við fiskvinnslu, sveitarstjórna og hins opinbera, að það náist rekstrargrundvöllur fyrir þennan atvinnuveg. Ella munum við standa í því á næstu árum að skuldbreyta fyrir útgerðina, ekki bara einu sinni, ekki bara tvisvar, heldur þrisvar sinnum á ári. Ætla ég að það geti átt sér stað að þannig verði staðið að málunum 1983. Við horfum á það á árinu 1982 að tvívegis var gripið til skuldbreytinga til þess að aðstoða útgerðina. Þá er boðið upp á verðtryggð lán til þess að létta aðeins á greiðslustöðunni. En það liggur í augum uppi að þessi lán verður útgerðin að greiða. Og með því háttarlagi sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur staðið að verður útgerðinni ekki skapaður sá grundvöllur sem hún þarf til þess að geta staðið undir þeim greiðslum.

Ég vék að því áðan að það hefði áður verið hart á dalnum hjá útgerðinni og þá verið gripið til ýmissa aðgerða. Ég bendi á, eins og fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh., það sem gert var 1968. Það féll mönnum að vísu ekki nægjanlega vel í geð, en menn skildu það. Það að menn hafa sætt sig við þá hluti og skilið má glöggt marka af því, að enn er til frá þeim tíma stofnfjársjóðurinn, sem settur var á með lögum í maí 1968, og í hann greitt af óskiptu 10% af aflaverðmæti. Þessu var hins vegar breytt á árinu 1971, horfið frá því sem kallað hefur verið kostnaðarhlutdeild og horfið að því að mynda olíusjóð eins og gert er hér, með breytingum að vísu frá árinu 1975.

Þetta mætti geysilega mikilli andstöðu. Páv. hæstv. sjútvrh. Matthías Bjarnason gekkst fyrir því að koma þessum hlutum fyrir með þeim hætti sem gert var með breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð svo og breytingu á frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Ég man ekki betur, þegar ég minnist á þetta, en þá hafi komið fram mjög mikil andstaða sjómanna, þegar olíusjóðurinn var tekinn að þróast. Mönnum sýndist að hér væri um fyrirbrigði að ræða sem búast mætti við að ekki yrði afnumið. Þeir gerðu mjög harða hríð að páv. hæstv. ríkisstj., sem tók þetta mál til meðferðar og leysti það eins og ég gat um hér áðan undir forustu páv. sjútvrh. Matthíasar Bjarnasonar.

Nú er þessi draugur vakinn upp aftur. Eins og ég sagði áðan er andstaða af hálfu okkar sjálfstæðismanna við það. Og ekki aðeins okkar, heldur sýnist vera um að ræða andstöðu allra þeirra sem með einum eða öðrum hætti eiga með þessi mál að fara. Enda er hér um að

ræða verulega skekkju sem reynt er að ná fram með þessu háttarlagi. Með þeim niðurstöðum sem hæstv. sjútvrh. kynnti hér áðan er alls ekki þannig unnið að málunum að útgerðin verði rekin hallalaus á næstunni. En hvers vegna skyldu menn standa í því núna, ekki einu sinni á ári, heldur tvisvar, að bjarga með skuldbreytingu? Það stafar auðvitað af því að ekki hefur verið litið á málefni útgerðarinnar á síðustu árum með þeim hætti sem skyldi og henni ekki skapaður sá grundvöllur sem þurft hefur til þess að útgerðin gæti staðið undir fjármagnskostnaði þeim sem á henni hvílir.

Við umfjöllun um þetta frv., sem tengist fiskverðshækkun frá áramótum, vék hæstv. ráðh. hér að því hvernig það dæmi kom út með tilliti til þess að tekjur sjómanna hafa minnkað vegna aflabrests og annars. Það er að mínum dómi málefni sem hefði átt að taka til athugunar samhliða þessu, til þess að við gætum dregið úr þeirri miklu verðbólgu, sem við búum við, til að koma í veg fyrir að fiskverðshækkunin, hvort sem hæstv. sjútvrh. líkaði betur eða verr, hvort sem hann vildi eða vildi ekki, kallaði á gengisfellingu eins og raun bar vitni. Spurningin er: Hefði ekki verið möguleiki á því að lagfæra með einum eða öðrum hætti launakjör sjómanna áður en þannig var frá hlutunum gengið? Í öðru lagi lágu frammi þrjár hugmyndir í sambandi við fiskverðsákvörðun: 10%, 12%, 14%, og það auðvitað hvarflar ekki annað að neinum manni, sem horfir á þessa hluti raunsætt, en að þeir sem selja fiskinn vildu fá 14% fiskverðshækkun. Það liggur alveg í hlutarins eðli. Þegar settar eru fram þrjár slíkar hugmyndir, þá liggur það í hlutarins eðli hver muni verða ósk þeirra sem selja eigi fiskinn.

Þegar hins vegar farið er út á þær brautir að auka enn niðurgreiðslu á olíu, þ. e. taka meiri þátt í kostnaði útgerðarinnar en áður og lagðar eru fram tillögur um 22%, 28% og 37% niðurgreiðslur, þá liggur það í hlutarins eðli að sá sem á að njóta vill ekki 22% heldur óskar eftir 37%. Þannig stóðu því málin þegar fiskverðsákvörðunin átti sér stað seint á gamlársdag. Þeir sem í yfirnefndinni sátu voru eiginlega spurðir: Hvernig er hægt að koma þessum málum fram, hvað þurfa fiskseljendur að fá í sinn hlut til þess að geta greitt atkv. með, þeir sem annars geta hugsað sér það, og hvað þurfa útgerðarmenn að fá mikla niðurgreiðslu til þess að þeir geti staðið að ákvörðun? Og svo er farið til fiskkaupendanna og spurt: Hvað þarf gengisfellingin að verða mikil til þess að ég geti átt von á því að þið getið setið hjá? Þetta er það sem gerðist. Það voru ekki þeir sem sátu í verðlagsyfirnefndinni, sem í raun og veru mótuðu það sem þarna var að gerast, heldur er það hæstv. ríkisstj., með áhrifum sínum á oddamann nefndarinnar, sem ákvarðar hvað gera skuli í þessu máli.

Það var ljóst og hafði líka verið rætt, að mér skildist í hæstv. ríkisstj. að önnur leið væri fyrri hendi, sú leið að fella niður 7% olíugjaldið, fara hins vegar í 17% kostnaðarhlutdeild af afla, þannig að útgerðinni yrði skilað sömu niðurstöðu og það dæmi sem hér er verið að ræða um. Ég hef ástæðu til að halda að það hefði verið meiri hluti í yfirnefndinni fyrir þeirri ákvörðun, ef yfirnefndin sem slík eða einstakir nefndarmenn hefðu getað með oddamanni tekið ákvörðun í málinu. En ef við látum þá aðila tala sem í yfirnefndinni voru, þá vil ég með leyfi hæstv. forseta víkja að nokkrum orðum sem þeir létu hafa eftir sér 4. jan. um fiskverðsákvörðunina. Þar segir formaður Sjómannasambandsins með leyfi forseta:

„Við erum orðnir langþreyttir á þessum afskiptum, langþreyttir á opinberum afskiptum. Og það er spurning hvort við erum ekki komnir út á ystu nöf með þetta hlutaskiptakerfi og hvort það er ekki ástæða til að skipta þar um."

Þetta er fulltrúi sjómanna sem greiðir atkv. á móti því sem þarna er að gerast. Formaður Landssambands ísl. útvegsmanna segir:

„Þá vil ég taka fram að við höfum kosið aðra aðferð. Ekki að olía yrði niðurgreidd heldur að útgerðin fengi beinan tekjuauka, sem þýtt hefði að 7% olíugjaldið hefði verið hækkað í 17%, og það nefnt kostnaðarhlutdeild eða eitthvað slíkt."

Framkvæmdastjóri Sambands ísl. fiskframleiðenda segir: „Þetta gengur gegn allri skynsemi." Og framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna segir: „Við erum andvígir hækkun útflutningsgjalds, en það er ekki okkar mál heldur Alþingis. Það er ríkisstj. og Alþingi sem ákveða útflutningsgjöld, og þó við höfum ekkert um það að segja, þá töldum við eðlilegra að fara þá leið sem kölluð var kostnaðarhlutdeild. Sem sagt, ekki olíukostnaðarhlutdeild, heldur álag á fiskverð, sem ekki hefði komið til skipta fremur en útflutningsgjöldin."

Þrátt fyrir það sem ég hér hef sagt, og er skoðun þeirra aðila sem fjölluðu um fiskverðið, verður niðurstaðan hins vegar sú, að oddamaður yfirnefndar ásamt með fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna greiðir tillögu oddamanns atkv., fulltrúi sjómanna er á móti og hjá sitja fulltrúar fiskvinnslunnar tveir.

Þegar þessi mál hafa verið til umræðu hjá samtökum útgerðarmanna hafa þeir haft á þeim allt aðra skoðun en þá sem fram kom hér hjá hæstv. sjútvrh. áðan. Mér er kunnugt um það að til hans hefur borist ályktun frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja, þar sem þeir andmæla þeirri aðferð sem við er höfð til þess að mæta auknum kostnaði útgerðarinnar og benda á hina leiðina sem var til umræðu og umfjöllunar og sýndist vera meiri hluti fyrir í yfir-nefndinni þegar kom að afgreiðslu málsins.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að víkja hér að bréfi sem fjölmiðlum hefur borist frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja. Þar segir:

„Útvegsmannafélag Suðurnesja telur, að í staðinn fyrir 35% niðurgreiðslu á olíuverði, sem greitt verður með 4% útflutningsgjaldi á sjávarafurðir, hefði verið eðlilegra að afnema 7% olíugjaldið og taka upp í staðinn 17% kostnaðarhlutdeild, eins og meiri hl. verðlagsráðs hefði getað sætt sig við, ef það hefði gefið sömu afkomu til útgerðarinnar í heild sinni og sú leið sem valin var. Einnig hefði 17% kostnaðarhlutdeild haft í för með sér hvata til olíusparnaðar."

Í hverju það liggur að hæstv. ríkisstj. beitti sér gegn því að það næðist meiri hluti í yfirnefnd á þessum grundvelli fæ ég ekki skilið því að ég er þeirrar skoðunar að hefði þetta orðið niðurstaðan hefði málið ekki fengið þá andstöðu hér á Alþingi sem þetta frv. að verulegu leyti kemur til með að fá, og það var ljóst af því sem sagt var að þannig yrðu málin ef til þingsins kæmu. Ég fór ekkert dult með þá skoðun mína í þeim umr. sem ég átti við þá aðila sem um þetta fjölluðu, að ég teldi þetta mun jákvæðari leið. Þetta stefndi og að því, sem ég hafði sagt og menn vissu að var og er

skoðun okkar sjálfstæðismanna, að númer eitt stæðum við að því með einum eða öðrum hætti að skapa útgerðinni auknar tekjur og gera grundvöll undir rekstur útgerðarinnar með þeim hætti að það þyrfti ekki að standa einu sinni, tvisvar og jafnvel þrisvar í skuldbreytingum eins og verið hefur.

En eins og ég sagði áðan fæ ég út af fyrir sig ekki skilið í hverju afstaða ríkisstj. er fólgin öðru en því að menn vilja fá tækifæri til þess að koma upp sjóðum, hafa millifærslu, gefa út reglugerð til þess að setja fjármagn á þennan staðinn og á hinn staðinn í stað þess að láta allt ganga fyrir sig eðlilega. Þá hefði í leiðinni það sem gerðist verið hvati til sparnaðar í stað þess, sem þessi aðferð er, sem við erum hér um að ræða samkv. þessu frv., að eyðslan er greidd niður. Það skiptir engu máli hversu mikil hún er.

Ef litið er á málið af hálfu útgerðarinnar og menn gera sér grein fyrir því hvaða stærðir er hér um að ræða og með hvaða hætti fjármagnið er tekið, sem er ætlað til greiðslu, er ljóst, ef bara er gengið út frá því að þorskaflinn skiptist jafnt á milli togaraflotans og bátaflotans, hvernig skiptast þær 400 millj. sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh. áðan að afla þyrfti í olíusjóð. Aflinn skiptist að jöfnu, ef maður lítur gróft á dæmið. En hvernig verður svo niðurgreiðslan? Hvernig skiptist hún á milli þessara aðila? Jú, það er talið að niðurgreiðslan til bátaflotans muni nema 110 millj., rúmlega 100 millj. kr., það er talið að niðurgreiðslan til minni togaranna muni nema 240–250 millj. kr. og niðurgreiðslan til stærri togaranna um 50 millj. kr. Það sem þarna er verið að gera er að það er verið að færa 100 millj. kr. frá bátaflotanum yfir til togaraflotans – togaraflotans sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að stækka svo mikið á undanförnum árum svo að hún taldi nauðsynlegt að segja stopp við sjálfa sig í þeim efnum. Þannig kemur dæmið út, að það er annars vegar verið að rýra kjör bátasjómanna, en verið að auka tekjur sjómanna á togurum. Hér er verið að rýra stöðu bátaflotans, en gera stöðu togaraflotans betri. Ég held að slík vinnubrögð séu ekki æskileg og hjá þeim eigi að reyna að komast. Þegar þetta var gert í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–1974, og því var fram haldið um nokkurt skeið, var þessu mjög andmælt. Ég er viss um að þegar þeir aðilar, sem eiga við þetta að búa, fara að gera sér grein fyrir því hvernig þessir hlutir koma út muni þeir ekki sætta sig við þetta.

Og ég endurtek enn á ný: Ég fæ ekki skilið í hverju það liggur að hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir því að ekki er farin sú leið sem til umr. var í yfirnefndinni og vitað var að hægt var þar að ná samstöðu um samhliða því að skoðað væri hvaða leiðir aðrar væru færar til þess að auka á tekjur sjómanna, því talið var að þeir hefðu farið halloka vegna aflabrests, til þess að ná niður að einhverju leyti þeirri óðaverðbólgu sem við höfum við að glíma í stað þess að framkvæma ráðstafanir sem beinlínis kynda undir verðbólguna. Það liggur ljóst fyrir að þegar þetta er gert er ekkert verið að hugsa um þær afleiðingar sem þetta allt saman hefur á efnahagskerfi okkar. Það er kannske ekki nokkur möguleiki á því að reyna neina björgun hvort sem er. Þetta er allt saman komið í slíkt óefni. En samt sem áður hefði verið eðlilegt að virðingarverð tilraun væri gerð, – og að ég tali nú ekki um á gamlársdag þegar menn heita ýmsu og vilja breyta stundum um og taka upp nýjar starfsaðferðir, en þá hefði verið ástæða til þess að þetta hefði verið gert.

Og hvernig standa svo menn að tekjuöfluninni, þegar það er skoðað sérstaklega? Jú, það er lagður skattur á okkar útflutning. Það er lagður skattur á frysta fiskinn, á skreiðina, á saltfiskinn, til þess að mæta þessum niðurgreiðslum. Það er ósköp eðlilegt að þeir aðilar sem við eigum að semja við horfi á með hvaða hætti og hvernig við stjórnum okkur, hvernig við förum að í sambandi við okkar útflutning. Það er ósköp eðlilegt, þegar viðskiptaaðilar þeirra geta skattlagt útflutning til hluta eins og þessara, að þeir hafi einhverjar aths. um verð þegar verið er að semja. Ég tala nú ekki um þegar þannig stendur á að stór hluti af sjávarvöruframleiðslunni 1982 er enn þá í landinu, ekki svo mikið sem einn baggi af skreið verið fluttur út og enn þá óflutt út skreið frá 1981. Þá er í fyrsta lagi tekinn gengismunur á s. l. ári af skreið og honum ráðstafað og þegar svo kemur fram á árið 1983 á að leggja útflutningsgjald á skreið til þess að fjármagna niðurgreiðslu á olíu. Eftir því sem við lesum og heyrum er jafnvel farið að hugsa til þess að nota gengismun, gengishagnað frá því á s. l. ári af skreiðarbirgðum, sem ekki er enn farið að flytja út, til þess að bjarga fiskvinnslu, bjarga útgerð sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur þannig búið um hnútana hjá að hún berst í bökkum. Mér er tjáð að skreiðarútflutningur frá 1982 gæfi um 80–90 millj. í þann gengismunarsjóð sem myndaður var á s. l. ári. Ég er nú þeirrar skoðunar, að skynsamlegra hefði verið fyrir hæstv. ríkisstj. að líta á vandamál skreiðarútflytjenda, gera sér grein fyrir því hvort það væru ekki einmitt þeir aðilar sem hér hefur verið rætt um undanfarna daga, fella þá niður upptöku á gengishagnaði frá s. l. ári og aðstoða þessi fyrirtæki út á skreiðarbirgðir sem í landinu eru. Ég verð að segja að mér finnst furðulegt hvernig ríkisstj. hefur staðið að þessum málum þegar við heyrum um og lesum jafnvel það sem lagt er á borð hjá „kollegum“ okkar í Noregi, þegar norska ríkisstjórnin beitir sér fyrir því að tryggja útflutning á skreið. Hún beitir sér fyrir því að aðstoða skreiðarframleiðendur til þess að þeir stöðvi ekki, heldur haldi áfram, og þeir, þó að seinna verði, komi sínum birgðum í verð. Ríkisstjórn Norðmanna aðstoðar þessa aðila. Á sama tíma og það er að gerast er það orðin ein leiðin til þess að bjarga málum hér að láta skreiðarframleiðendur bera kostnað hvort heldur það er í gegnum gengismun eða útflutningsgjaldið.

Í þessu frv., sem hér er til umr., er auk þess að gert er ráð fyrir 4% útflutningsgjaldi sem renni í Olíusjóð gert ráð fyrir óbreyttu olíugjaldi, 7%, eins og verið hefur. Eins og ég hef margtekið fram er ekki í mínum huga eða okkar sjálfstæðismanna nokkur vafi á að hér er farin óskynsamlegasta leiðin sem hægt var að fara.

Í þessu frv. eru auk þess nokkur önnur atriði sem hæstv. sjútvrh. vék að hér áðan, m. a. í 5. gr. frv., auk þess að hann vék að atriðum sem voru til umr. og, eins og hann skýrði hér frá áðan, krefjast ekki lagasetningar. Bæði hefur ríkisstj. beitt sér fyrir viðræðum við banka varðandi niðurfellingu á lántökugjaldi í sambandi við þessar miklu skuldbreytingar og viðræðum í sambandi við tryggingamál, sem hann vék að áðan. Þetta eru atriði sem út af fyrir sig tengjast ekki því meginatriði sem í þessu frv. felst, heldur atriði sem samhliða nýjustu fiskverðssamningum og öðru voru tekin til lagfæringar.

Ef litið er á þetta dæmi í framhaldi af skiptingunni sem ég vék að áðan, þá er um að ræða að bátaflotinn er um það bil 750 skip á meðan verið er að ræða þar á móti um 90–95 togara. Ég held að menn hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað í þessu fælist í raun og veru, sem hér er lagt til, og ég er þeirrar skoðunar að hv. sjútvrn., sem fær þetta mál til meðferðar, eigi að reyna að koma fram þeim breytingum á þessu sem skynsamlegri eru en það sem í frv. er lagt til.

Þegar hæstv. sjútvrh. hafði fullgert frv. eða hugmyndadrög að frv. fengu fulltrúar þingflokkanna vitneskju um það, eins og hann kom hér réttilega inn á áðan, en um leið má segja að í blöðum hafi borist skilaboð þess efnis að nú væri tækifæri fyrir stjórnarandstöðuna að koma ríkisstj. frá því að hann setti það að skilyrði fyrir áframhaldandi setu sinni að þetta frv. yrði samþykkt hér í þinginu. Af eðlilegum ástæðum túlkuðu blaðamenn þetta sem hótun ráðh. Slíku hóta ráðherrar stundum samflokksmönnum sínum ef þeir ekki fá þá til þess að hlýða eða standa með sér í því sem þeir eru að gera. En ég leit svo á, að þetta væri tilboð frá hæstv. sjútvrh. um að gera alvöru úr því að ríkisstj. færi frá því að hann boðaði að hann segði af sér. Átti ég von á því, þar sem hann er formaður Framsfl., að hans liðsveinar yrðu ekki lengi í sínum stólum á eftir og þetta þýddi því þingrof og nýjar kosningar. (Gripið fram í.) Ég skal ekki meta það, ég er ekki svo kunnugur innan dyra þar, en ég verð nú samt sem áður að halda, að ef formaður flokksins gefur slíka yfirlýsingu, sé hún af hálfu Framsfl. og þá menntmrh. með. — En þetta tilboð stendur sjálfsagt ekki enn þá hjá hæstv. ráðh. A. m. k. gaf hv. 4. þm. Reykv. Vilmundur Gylfason þá yfirlýsingu, að heldur en fá þingrof og kosningar vildi hann að ríkisstj. sæti enn um sinn þó djöfulleg væri og þó hún stjórnaði vitlaust væri skárra að hafa hana lengur en fá þingrof og nýjar kosningar.

Ég veit ekki hvað í þessu felst, sem frá hv. 4. þm. Reykv. kom, en við sjálfstæðismenn erum andvígir þeim tillögum sem eru í þessu frv. Við höfum ákveðnar skoðanir á því með hvaða hætti hér eigi að bregðast við. Það hefur áður komið fram og munum við að sjálfsögðu, þegar málið fær umr. í sjútvn. þessarar hv. deildar, gera tilraun til þess að rétta af það sem hér er lagt til. En eins og ég gat um áðan: Við erum andvígir því sem fram kemur í þessu frv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Um þá yfirlýsingu hæstv. sjútvrh., sem blöðin slógu upp og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen gerði að umræðuefni hér áðan, ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Hæstv. sjútvrh. segir svo margt í blöðunum og svo oft að það mundi æra óstöðugan að fara að tína það allt saman til. Hæstv. ráðh. minntist ekki á þetta einu orði í framsöguræðu sinni hér áðan. Þess vegna er best að láta þetta gleymt, eins og svo margar yfirlýsingar sem hæstv. ráðh. hefur gefið í blöðunum, t. d. yfirlýsingu þá að gengisbreyting kæmi að sjálfsögðu ekki til greina við lausn fiskverðsákvörðunar, sem hæstv. ráðh. gaf í flokksblaði sínu og málgagni, Tímanum, skömmu fyrir áramótin. Ég ætla því ekki að eyða frekari orðum að því. Það er mönnum til skemmtunar að lesa svona yfirlýsingar, en hvorki lesendur né sá sem yfirlýsingarnar gefur taka nokkurt mark á þeim eða ætlast til þess að það sé alvarlega tekið. Þetta er mönnum til skemmtunar þegar þeir ekki hafa annað við að vera.

Meginefni þess frv., sem hér er til umr., er að innleiða á ný í sjávarútveginn millifærslukerfi sem búið var að afnema með ærinni fyrirhöfn og fórnum eftir að allir höfðu orðið sammála um að slíkt millifærslukerfi væri með öllu óhafandi; allir flokkar þingsins og allir aðilar að fiskverðsákvörðun, bæði útvegsmenn, sjómenn og fiskkaupendur. Markmiðið er að endurreisa Olíusjóð fiskiskipa, sem búið var að afnema úr lögum, og fá til hans fé til þess að greiða niður olíu til fiskiskipa með aðgerðum sem eru ígildi þess að leysa upp hlutaskiptasamninga sjómanna og útvegsmanna og taka verulegar fjárhæðir fram hjá þeim skiptum.

M. ö. o. er olíuvandi útgerðarinnar með þessum hætti leystur á kostnað sjómanna. Ef þessi leið hefði ekki verið valin er líklegast að til þess að standa undir þessum kostnaðarvanda útgerðarinnar hefði fiskverð verið hækkað mun meira. Með því að beita þessari millifærsluaðferð, sem hæstv. sjútvrh. gerir till. um, hefur honum tekist að koma í veg fyrir að fiskverð hækkaði um það sem það ella mundi hafa hækkað. Sú lausn er á kostnað viðsemjenda útvegsmanna, á kostnað sjómanna.

Hæstv. sjútvrh. fór áðan með talnalegan samanburð á kjörum sjómanna og kjörum annarra launastétta máli sínu til nokkurs stuðnings þegar hann leggur til að sú leið sé farin að leysa olíuvanda útgerðarinnar á kostnað sjómanna og kjarasamninga þeirra. Það var ekki rétt í frásögn hæstv. ráðh. sem hann sagði þegar hann greindi frá því að þessi samanburður væri reistur á úrtökum úr skattframtölum viðkomandi launastétta. Þetta er rétt varðandi aðrar launastéttir en sjómenn. Þar var stuðst við úrtök úr skattframtölum. En varðandi samanburðinn við sjómenn, þá voru laun sjómanna áætluð miðað við fjölda sjómanna og aflamagn. Þarna var því ekki um sambærilegar stærðir að ræða.

Við getum að sjálfsögðu endalaust deilt um hver er staða einnar stéttar gagnvart annarri í kaupgjaldsþróun á umliðnum árum og misserum. Ég held að það fari þó ekkert fram hjá mönnum, sem fylgjast með atvinnuháttum úti á landsbyggðinni, að þróunin hefur á undanförnum árum verið í þá átt, að kjör sjómanna hafa verið að dragast smátt og smátt aftur úr kjörum annarra stétta í landinu. Þetta hefur m. a. komið fram í því, að jafnvel á aflasælustu skipum er nú ekki sú eftirspurn eftir plássum sem áður var. Fyrir örfáum árum var það þannig t. d. á togurum í því kjördæmi sem við hæstv. sjútvrh. þekkjum best til, að þar var vandaverk að komast að og langir biðlistar. Slíkt er ekki ástandið lengur. Nú hefur þróunin orðið sú á umliðnum misserum í kjörum þessara manna, að þó svo að sumir þeirra fái ennþá tiltölulega góð laun hefur samanburðurinn við tekjur fólksins í landi verið sjómannastéttinni óhagstæður með þeim afleiðingum að jafnvel aflaskip og aflaskipstjórar á þessum skipum geta nú átt í tímabundnum erfiðleikum með að fá besta mannskap um borð í skipin.

Þessar staðreyndir segja sína sögu þó að menn geti deilt um hvernig eigi að mæla þessa þróun með tölulegum samanburði við aðrar stéttir. Það er ekki neinn vafi á því, að um leið og þessi öfugþróun verður fyrir sjómannastéttina kemur hún fram í því að það verður erfiðara og erfiðara að manna fiskiskipaflotann. Þegar svo er orðið að á stundum er orðið erfitt að fá

mannskap á aflasælustu skipin, þá segir það hverjum sjáandi manni að ástæðan er sú, að duglegir menn telja að þeim henti betur að leita starfa á landi en á sjó. Jafnvel þótt sjósóknin geti skilað talsverðum tekjum telja þeir að réttara sé fyrir sig að leita sér vinnu í landi sem er ekki jafnerfið og áhættusöm og starf þeirra sem sjómennsku stunda.

Þetta kemur einnig fram í samantekt áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins um þróun vinnumarkaðarins á árinu 1981, sem var dreift til alþm. einmitt í dag. Þar koma fram niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um tekjuþróun í einstökum starfsgreinum. Frá árinu 1981 eru nýjustu upplýsingar og fyllstu sem fyrir liggja. Það kemur í ljós m. a. í þessari skýrslu að á árinu 1981 drógust sjómenn mjög aftur úr öðrum launastéttum hvað tekjuþróun varðar. Á því ári hækkuðu tekjur í fiskveiðum um 49.8% á meðan tekjur í fiskvinnslu jukust um 55%, á meðan tekjur almennt í öllum landshlutum jukust um 56%, á meðan tekjur í iðnaðarstörfum jukust um 54.3%, á meðan tekjur í byggingarstarfsemi jukust um 61.3%, á meðan tekjur í samgöngum jukust um 58.9% o. s. frv. M. ö. o. segir þessi úttekt okkar að á árinu 1981 drógust sjómenn aftur úr öllum öðrum launastéttum, að bændum undanskildum, í sambandi við tekjuþróun. Þess vegna kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar sú leið er valin í árslok 1982 að mæta rekstrarvanda útgerðar með hætti sem ígildir því að hann sé leystur svo til einvörðungu á kostnað sjómannastéttarinnar með því að fara að vísu krókaleiðir, en leið þó í þá veru að brjóta upp gerða kjarasamninga sjómanna og grípa til aðgerða sem eru ígildi þess að hluti fiskverðshækkunar sé tekinn fram hjá skiptum.

Upphafið að því millifærslukerfi sem nú er verið að hrinda á flot aftur, eftir að Alþingi hafði afnumið það, má rekja til janúarmánaðar árið 1974, þegar lagt var útflutningsgjald á loðnu og loðnuafurðir til þess að afla fjár til að greiða niður olíu til fiskiskipaflotans. Páv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, fékk það millifærslukerfi lögfest á Alþingi í janúar 1974, en hafði áður fengið samþykki sjómanna og útvegsmanna til þeirrar ráðstöfunar. Þingflokkur Alþfl. var eini flokkur þingsins sem lagðist þá gegn slíkum ráðstöfunum og varaði mjög einarðlega við því út í hvaða uppbóta- og millifærslukerfi menn væru að sigla með slíkum hætti. Allir aðrir þingflokkar, þingflokkur Sjálfstfl., þingflokkur Framsfl. og þingflokkur Alþb., stóðu að því að hefja þetta millifærslukerfi með lögunum frá 1974. Alþfl. einn flokka var andvígur því og varaði við því kerfi sem væri verið að hefja smíði á.

Við Alþfl.-menn reyndumst sannspáir því strax í árslokin 1974 voru afgreidd lög um ráðstafanir í sjávarútvegi, sett af ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., þar sem Olíusjóður fiskiskipa var búinn til með nákvæmlega sama hætti og nú stendur til að endurreisa þann sjóð. Munurinn á ráðstöfunum þeirrar ríkisstjórnar og ráðstöfun hæstv. sjútvrh. Lúðvíks Jósepssonar frá því í janúar sama ár var sá, að útflutningsgjaldið á loðnu og loðnuafurðir var samþykkt að fengnu samþykki sjómanna og útvegsmanna fyrir slíkri ráðstöfun, en lög um Olíusjóð fiskiskipa og útflutningsgjaldið, sem hann var fjármagnaður með samkv. lögum um ráðstafanir í þágu sjávarútvegsins, voru samþykkt í algerri andstöðu við sjómenn, sem litu á lagasetningu sem kaupupptöku og ígildi riftunar á kjarasamningum um skipti. Einnig var þingflokkur Alþfl. algerlega andvígur slíkum ráðstöfunum við það tækifæri og stóðum við þm. Alþfl. saman um andstöðu við þær aðgerðir ásamt páv. þm. Alþb.

Það er fróðlegt fyrir menn að lesa þær ræður sem þá voru fluttar af hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, Stefáni Jónssyni og Garðari Sigurðssyni gegn því millifærslukerfi sem þarna var verið að koma á fót. Hv. þm. Garðar Sigurðsson var þá frsm. minni hl. sjútvn. Nd. Ég og hv. þm. Garðar Sigurðsson stóðum saman að nál. þar sem lagt var til að greinin um olíusjóðinn, sem átti að samþykkja, yrði felld. Í umr. þá sagði frsm. minni hl., hv. þm. Garðar Sigurðsson, m. a. að ljóst væri samkv. þessum ráðstöfunum að tilgangurinn væri að leysa vanda útgerðarinnar á kostnað sjómanna með bolabrögðum og þjösnaskap. Hann mælti, með leyfi forseta, á þessa leið:

„En þarna er aðeins því bætt við að láta sjómenn standa undir stórkostlegum hluta af olíuverðinu í landinu. Það er þessi stétt, sem ein allra launastétta í landinu þarf að taka á sig þessa gífurlegu hækkun. Ég vil segja það, að með þessu er höggvið fyrst og skarpast að þeim sem hlífa skyldi.“

Þetta sagði hv. þm. þegar hann mælti fyrir nál. okkar tveggja um andstöðu gegn Olíusjóði fiskiskipa. Þá hafði sama þróun átt sér stað í kaupþróun sjómanna sem undanfari aðgerða og nú hefur átt sér stað. Þeir höfðu ekki haldið í við kaupþróun annarra stétta alveg eins og nú, en þrátt fyrir það var gripið til þeirra aðgerða að leggja vanda útgerðarinnar hvað varðar olíuverðið á herðar þeirra einnig. Það verður fróðlegt að sjá hvernig hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem nú er ekki lengur í minni hl. í sjútvn. ásamt þm. Alþfl., eins og hann var við þetta tækifæri, heldur er nú formaður sjútvn. þessarar hv. deildar, tekur á málum þegar að því er komið að honum er ætlað það hlutverk að berjast fyrir framgangi ráðstafana hér á Alþingi sem hann barðist gegn í minni hl. í sjútvn. árið 1974.

Ég þarf ekki að orðlengja að þetta millifærslukerfi, sem komið var á fót með lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi, stóð aðeins í tvö ár. Eftir þessi tvö ár voru allir, líka þeir þingflokkar sem áttu hlut að því að koma þessu kerfi á, orðnir sammála um að menn væru komnir út í algerar ógöngur og þetta millifærslukerfi hefði orðið til mikillar óþurftar í íslenskum sjávarútvegi. Þá beitti sá sjútvrh., hv. þm. Matthías Bjarnason, sem komið hafði kerfinu á fót sér fyrir því, að millifærslukerfið var afnumið á ný gegn því að sjómenn tækju á sig verulega skerðingu á umsömdum hlutaskiptum, sem þeir gengust þá undir, því að allir, bæði stjórnmálamenn og hagsmunaaðilar, voru sammála um að það bæri ýmsu að fórna til þess að losna við þetta óheilbrigða millifærslukerfi.

Olíusjóður fiskiskipa og sú mikla millifærsla sem honum hafði verið fengin voru því afnumin með lögum árið 1976. Við það tækifæri átti núv. hæstv. sjútvrh. sæti í Ed. Alþingis. Hann var þá, að mig minnir, formaður sjútvn. þeirrar deildar sem fékk til meðferðar frv. um afnám þess millifærslukerfis sem hann nú leggur til að verði endurreist. Þegar hann mælti fyrir áliti n., sem sammála lagði til að kerfið yrði afnumið, sagði hann, með leyfi hæstv. forseta, í ræðu í Ed. Alþingis:

„Ég er þeirrar skoðunar, að þetta [þ. e. millifærslu-

kerfið] hafi gengið nokkuð langt hjá okkur Íslendingum og að um hættulega mikla millifærslu á fjármunum sé að ræða, jafnvel svo mikla að verulega hafi á vissum sviðum dregið úr vilja einstaklinga til að spjara sig eins og þeir frekast mega, en ég hygg það ávallt vera nauðsynlega undirstöðu í íslensku atvinnulífi og að slíkt eigi að vera."

Þetta sagði hæstv. núv. sjútvrh. þegar hann sem formaður sjútvn. Ed. Alþingis lagði til 1976 að millifærslukerfi það yrði afnumið sem hann er núna að endurreisa. Þannig er víðar en í dagblöðunum sem yfirlýsingarnar koma ekki heim og saman við aðgerðirnar.

Nú er verið að endurreisa sama kerfi og afnumið var árið 1976. Með því er bókstaflega stefnt að því enn einu sinni að fá sjómenn til þess að fallast á að greiða einhvern tíma í framtíðinni fyrir afnámi millifærslukerfisins á ný með því að fallast á að gera nýja samninga við útvegsmenn um að rýra umsaminn hlut sjómanna í aflaverðmæti. Að því er bókstaflega stefnt. Með þessum aðgerðum er vísvitandi stefnt að því að neyða sjómannastéttina til að semja upp á nýtt og falla frá því samkomulagi um hlutaskipti sem sjómenn hafa þegar fengið.

Einnig er með þessu verið að fitja upp á því stórháskalega kerfi, sem tröllríður orðið allri atvinnustarfsemi á Íslandi, þ. e. að allt atvinnulíf í landinu er með einum eða öðrum hætti orðið niðurgreitt úr ríkissjóði eða með óbeinum hætti af ríkissjóði eða fé almennings. Það er verið að búa til sams konar kerfi fyrir íslenskan sjávarútveg og Framsfl. hefur smíðað fyrir íslenskan landbúnað — kerfi niðurgreiðslna, kerfi uppbóta, kerfi styrkja, kerfi millifærslu frá þeim sem duga til hinna sem ekki duga. Það er nákvæmlega sams konar millifærsla sem hér á að taka upp, millifærsla frá þeim sem duga til þeirra sem ekki duga. Sú millifærsla er fólgin í því, að menn hætti að hafa nokkrar áhyggjur af hvernig er farið með þau verðmæti sem þeim eru fengin vegna þess að það eru sett lög um að með almannafé eða með fé frá öðrum eru dýrir rekstrarliðir eins og olía greiddir niður. Þannig skiptir ekki útgerðina lengur meginmáli að reyna að spara á dýrasta útgerðarliðnum því að það er séð svo um að þeir sem spara greiði niður kostnaðinn hjá þeim sem ekki spara.

Hæstv. sjútvrh. hefur fengið skeyti nýlega frá útgerðarmanni á Bakkafirði austur, sem við nokkrir þm. höfum fengið afrit af. Í skeytislokin segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég leyfi mér að árétta það, að smástaðir eins og Bakkafjörður og Grímsey og bátaflotinn í heild hafa ekkert bolmagn til að greiða niður olíu til togaranna. Verði uppteknum hætti fram haldið með eignarnámi á gengismun og ráðstöfunum af því tagi verða Bakkfirðingar skattlagðir á árinu 1983 sem hér segir: Í nýtt útflutningsgjald um 1 millj., í verðbætur á ufsa og karfa o.fl. um 1 millj., í gengismun um 1 millj. Samtals um 3 millj. kr. Það leyfi ég mér að fullyrða, að svona smástaðir, sem varla hafa sómasamlega hafnaraðstöðu, þola alls ekki þvílíkar álögur til styrktar togaraútgerðinni. Af þeim ástæðum leyfi ég mér hér með að koma með þessa brtt.

Virðingarfyllst.
Kristinn Pétursson, útgerðarmaður.
Bakkafirði."

Í skeytinu telur hann upp nokkrar tillögur til breytinga á ráðstöfunum hæstv. ráðh., sem ég ætla ekki að fara frekar út í.

Þetta finnst mönnum kannske ekkert óskaplega merkilegt plagg. Einn maður í tiltekinni atvinnugrein sendir ráðh. sínum skeyti þar sem hann biðst undan því að þurfa sem smáútgerðarmaður að greiða verulega fjármuni til að standa undir rekstrarkostnaði hjá öðrum aðilum, sem þurfa ekki eftir þessa breytingu að hafa sérstakar áhyggjur af því þó að reksturinn hjá þeim sé e. t. v. ekki upp á það allra besta, þó að þeir eyði e. t. v. margfaldri olíu á við aðra, vegna þess að ríkisstjórnirnar sjá svo um eða ætla sér að sjá svo um að það verði þá bara tekið frá þeim sem betur standa sig til þess að færa til hinna sem verr gengur.

Það er alveg fráleitt að það geti verið rétt og eðlileg aðferð, þegar vandi í tiltekinni atvinnugrein er í því fólgin, að ákveðin erlend aðföng atvinnugreinarinnar hækka mjög í verði vegna erlendra verðhækkana, að svara því með kerfi af þessu tagi, þar sem verið er að greiða hin erlendu aðföng niður til þess að það skipti ekki lengur máli hvernig menn halda á þeim aðföngum, sem þeir þurfa til rekstrarins, hvort þeir noti þau af gætni eða af ógætni.

Eftir verðhækkunina á olíunni hafa ýmsir skipstjórar og útgerðarmenn gripið til þess ráðs að reyna að leita leiða til að draga úr olíunotkun. Komið hefur verið upp sérstökum olíumælum á ýmsum olíufrekum fiskiskipum til að fá skipstjórnarmenn til að spara olíu og fylgjast a. m. k. betur með hve mikilli olíu þeir eyða í hvert skipti. Gerðar hafa verið tilraunir með það í Vestmannaeyjum að stunda trollveiðar með tveimur bátum með eitt troll til þess að spara orku og þar á meðal olíu. Gegn öllu slíku er unnið með ráðstöfunum af þessu tagi. Það er unnið gegn því að menn leiti leiða til að fara spart með dýr aðföng, – svo að maður tali nú ekki einu sinni um þegar þannig er haldið á málum að menn gera bókstaflega ráð fyrir því, eins og í frv. er gert, að tekin séu erlend lán til að greiða niður erlend aðföng. Það er eins fráleitt og verið getur að menn fari í erlenda banka til að taka erlend lán til að greiða niður rekstrarvörur sem keyptar eru erlendis frá. Og hverju eru menn nær? Halda menn að það sé einhver lausn fólgin í því að taka lán í erlendum bönkum til þess að greiða niður vörur erlendis frá, sem menn verða að greiða í kannske sömu bönkum og menn taka lánið til þess að greiða vöruna í? Hverju er verið að bjarga með slíku? Þarf ekki íslenska þjóðin og útvegurinn í heild að taka þetta á sig hvort eð er, með hvaða hætti svo sem reynt er að fara slíkar krókaleiðir að settu marki?

Það væri miklu eðlilegra, heiðarlegra og réttlátara að koma beint framan að fólki. Ef þarf að grípa til aðgerða til stuðnings undirstöðuatvinnuvegunum á að gera það án þess að reynt sé að fela þær aðgerðir, án þess að reynt sé að grafa þær í sand svo að fólki verði ekki ljóst hver staða þessara atvinnuvega er og af hverju vandi þeirra stafar. En það er það sem hæstv. ríkisstj. má alls ekki af vita. Hún má alls ekki og aldrei af eigin vilja grípa til ráðstafana af neinu því tagi sem gera almenningi það fært að horfast í augu við þann vanda sem við er að fást. Það þarf alltaf að fela vandann, það þarf alltaf að fara einhverjar þær krókaleiðir að markinu sem gera hæstv. ríkisstj. fært að halda því fram í orði kveðnu að lausnir hennar komi ekki við hag nokkurs

einasta manns. Og þetta er dæmigert um slíka lausn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég held að það sé alveg ljóst að við Alþfl.-menn erum jafnandvígir því óheilbrigða og ógeðfellda millifærslukerfi, sem verið er að byggja upp með þessum ráðstöfunum, ef þær ná fram að ganga, og við vorum andvígir því árið 1974 og árið 1976. Ég er alveg sannfærður um að fyrir þessa ráðstöfun eiga sjómenn eftir að gjalda þó síðar verði með því að þeir verði neyddir til að greiða fyrir afnám þessa heimskulega og óréttláta kerfis með beinni launalækkun, enda er það það sem beinlínis er að stefnt af hálfu hæstv. ríkisstj. Stefni hún þangað á hún að segja fólki það afdráttarlaust, en ekki vera með neinn blekkingaleik af því tagi sem hér er tíðkaður.

Ég vil einnig taka það fram, að þó að við Alþfl.-menn séum andvígir þeirri leið sem hér um ræðir munum við ekki tefja framgang þessa máls þannig að það geti gengið til atkv. og fengið eðlilega meðferð og umfjöllun hér í þinginu. Og okkar tilgangur er ekki sá og hefur aldrei verið sá að stuðla með einum eða öðrum hætti að því að atvinnulífið á Íslandi stöðvist af því að flotanum verði lagt, af því að atvinnuleysisvofan haldi hraðari innreið sína á okkar land en hún gerir nú. Okkar tilgangur er sá að benda mönnum á út á hvaða braut þeir eru að fara, gera mönnum grein fyrir því hvaða ábyrgð þeir taka á sig sem endurvekja nú þetta millifærslukerfi, vekja athygli á því hvert menn eru undir rós að stefna. Við munum hins vegar eins og ég sagði áðan, ekki gera neitt til að koma í veg fyrir að málið fái fljóta og eðlilega afgreiðslu og geti gengið sinn eðlilega gang hér á þinginu og gangi til atkv. eins fljótt og við verður komið.

Hins vegar teljum við nauðsynlegt, að í meðferð sjútvn. á þessu máli verði ýmis atriði skoðuð betur og upplýst betur en fram hefur komið. M. a. vek ég athygli á því, að ekki kemur fram í grg. eða aths. með þessu frv. hvað menn áætla og á hverju menn reisa slíkar áætlanir, hvað 4% útflutningsgjald af sjávarafurðum muni gefa miklar tekjur. Í frv. kemur aðeins fram hver fjárþörfin er til niðurgreiðslunnar, en ekki hitt, hvað gjaldtakan skilar miklu fé né heldur hvernig menn áætla að það fé greiðist, hvernig menn áætla að hver framleiðslugrein í sjávarútvegi um sig standi að þessari tekjuöflun.

Ég vil benda mönnum á það, að eins og háttað er gjaldtökunni á þessu gjaldi er hætt við því að útflutningsgjaldiðýti undir það enn frekar en gert hefur verið að fiskiskip selji afla sinn í erlendum höfnum. Ástæðan er einfaldlega sú, að sé aflinn seldur í innlendri höfn, unninn og verkaður þarf að greiða 4% útflutningsgjald af fob-verði hinnar framleiddu vöru. Þegar aflinn er seldur erlendis þarf aðeins að greiða útflutningsgjald af verðmæti hins selda afla. Þannig greiðist ekki skattlagningin af t. d. vinnu þeirra hér heima sem breyta hráefninu í fullunna vöru. Þessi mismunur, hærri skattlagningin á fullunnu vörunni en hráefninu, gæti stuðlað að því að ýta enn frekar en nú er undir það að skip sigli með afla sinn til sölu í erlendum höfnum. Ekki væri það til þess að stemma stigu við þeim atvinnuerfiðleikum sem hafa haldið innreið sína í íslensk sjávarpláss.

Að lokum vil ég aðeins benda mönnum á það, að ekki hefur fram komið enn, að öllum er ljóst, ekki síst hæstv. sjútvrh., að þeirri aðgerð, sem í frv. þessu felst, er ekki ætlað að duga nema í tvo mánuði. Ný fiskverðsákvörðun og ný lausn á þessum málum þarf að koma til eigi síðar en í kringum 1. mars n. k. Þetta er öllum ljóst, líka hæstv. sjútvrh. Þeir sem ætla að stuðla að því að þetta mál hljóti hér afgreiðslu með jákvæðum hætti til þess að ríkisstj. geti setið áfram verða að sjálfsögðu jafnframt að vera reiðubúnir að standa með ríkisstj. að framlengingu þessara ráðstafana í kringum 1. mars. Menn verða að horfa vísvitandi á hvað þeir eru að gera. Ef menn ætla að segja a í þessu máli, þá þurfa menn að segja b líka. Menn skyldu gera sér grein fyrir því við afgreiðslu þm. á þessu eina máli, sem aðeins er ætlað að duga í tvo mánuði, út frá þeim rökum að menn vilja ekki að ríkisstj. fari alveg strax frá. Ef menn nota þau rök verða menn líka að segja b, þá verða menn líka að vera reiðubúnir að framlengja sambærilegar ráðstafanir og eru í þessu fólgnar þegar í stað í kringum þann 1. mars n. k. og halda síðan áfram að taka ábyrgð á slíkum aðgerðum uns þeir telja að ríkisstj. hafi setið nógu lengi. En því miður fyrir menn verður ríkisstj. að fara frá ekki síðar en í des. á næsta hausti og lengur geta menn ekki framlengt líf hennar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þær almennu hugleiðingar sem hér hefur verið haldið fram um millifærslur í hagkerfinu, þegar fjármagn er fært til, almennum orðum talað. Ég er sammála því að eðlislægt yrðu slíkar aðgerðir miður heppilegar. Þó hygg ég að það sé grunnfærni að nefna til það mál eitt, sem hér er til umr., en skoða ekki kerfið, ákvörðunarkerfið um fiskverð í heild sinni. Því að hvað halda menn að verðákvörðunarkerfi um fisk, eins og við búum við hér, sé annað en ein heljarmikil millifærsla? Það er orðið almennt viðurkennt.

Ég nefni sérstaklega hvernig hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson hefur haldið á því máli, ekki bara nú um áramótin heldur löngum áður. Út af fyrir sig má segja að hann hafi ekki verið að gera annað en orða það sem allir vita: að í ákvörðunum um fiskverð felast aðrar ákvarðanir, nefnilega um að nýskrá gengi krónunnar. Og til hvers annars er gengi krónunnar skráð upp á nýtt í kjölfar ákvörðunar um fiskverð eins og nú var lýst yfir samdægurs þegar fiskverði var breytt um áramótin – en til þess að millifæra verðmæti, færa verðmæti til?

Það stoðar lítið að horfa á þetta frv. eitt, sem vitaskuld er millifærsla og nákvæmlega ekkert annað, skoða það eitt og einangrað en líta ekki á baksviðið, sem byggist á heljarmiklum millifærslum vegna samninga svokallaðra, sem auðvitað eru ekkert annað en gervimál, sem gerðir hafa verið út á verðmæti sem ekki eru til.

Það er það sem nú átti sér stað. Það er það sem felst í þessu verðákvörðunarkerfi sjávarafurða. Þegar fiskverð er hækkað um tiltekin prósent og því jafnframt lýst yfir að gengi íslensku krónunnar þurfi að lækka um tiltekin prósent til þess að atvinnuvegurinn gangi, þá er það millifærsla. Það er það sem er kjarni þessa máls.

Ég vil aðeins segja það að ég vil mjög taka undir þær almennu hugleiðingar, t. d. hjá hv. 3. þm. Vestf., sem auðvitað eru góðar og gildar og í grundvallaratriðum réttar, en það verður að skoða málið lengra. Það er

ekki þessi eina millifærsla, heldur er allt þetta kerfi byggt upp á millifærslum í þágu þeirra aðila í sjávarútvegi sem ganga ekki með öðrum hætti. Það er það sem í grundvelli sínum er svo óheilbrigt. Og það er af þeirri ástæðu sem lagt hefur verið fram frv., sem er 122. mál í þessari virðulegu deild, sem er andvígt millifærslum en ekki einhverjum litlum hluta þeirra, þegar menn eru ekki að tala á móti prinsippinu, heldur að tala á móti einstökum áherslum millifærslna sem þeir í það og það sinnið kunna að vera á móti. Það er auðvitað prinsippið sjálft sem er rangt. En það verður ekki leyst með því að bera fram aðfinnslur við þetta mál eitt.

Það sem er auðvitað orðið úrelt við þetta fyrirkomulag er ákvörðunarkerfið sjálft, sem var stofnað fyrir rúmum 20 árum í tveimur áföngum. Það er fyrst þannig að svokallaður oddamaður var skipaður af Hæstarétti. Þannig stóð það 1960–1964 og þá þannig að Efnahagsstofnun, eins og í lögum stendur, en er nú orðið Þjóðhagsstofnun, leggur til oddamann.

Upphaflega var þetta hugsað sem einhvers konar sáttasemjari og hann vann sem slíkur. En þegar fram liðu tímar gerðist ríkisvaldið frekara til þessara valda eins og gjarnan hendir. Nú er svo komið, og ég vísa í yfirlýsingar frá hæstv. sjútvrh. nú um áramót, að þetta er orðin einhliða ákvörðun ríkisstj. eða ráðh. í það og það sinnið.

Það sem gerist er það að ákveðin er tiltekin hækkun á fiskverði. Það er jafnframt ákveðið og því lýst yfir, að þetta muni vitaskuld þýða – hvort sem það er kallað – *gengisfellingu eða gengissig. Gengið var fellt í kjölfar* þessarar ákvörðunar nokkru síðar. Það er það sem vitaskuld er hluti af þessu kerfi og er miklu stærri og miklu spilltari millifærsla heldur en sú sem hér er verið að lýsa.

Og séu menn á móti millifærslum, þá eiga menn að tala gegn prinsippinu en ekki tala um að þeir séu á móti millifærslum af því að þeim líki ekki hvert er millifært það og það sinnið. Þá eru menn komnir út í frumskóg sem er auðveldara að fara inn í heldur en að sleppa út úr aftur.

Það er af þeirri ástæðu sem nauðsynlegt er að gera miklu dýpri og annars konar og róttækari breytingu á verðákvörðunarkerfi sjávarútvegsins, nefnilega þá að leggja niður Verðlagsráð sjávarútvegsins. Það verður auðvitað að hafa einhvern aðlögunartíma, en þegar það hefur verið gert, þá semja menn eins og frjálsir menn væru og bera ábyrgð á þeim samningum sem þeir gera.

Það eru auðvitað gersamlega ábyrgðarlausir samningar sem menn gera þegar menn gera út á lækkað gengi íslensku krónunnar og guð og menn vita að í baksviði samninganna er loforð frá stjórnvöldum um gengisfellingu, sem er millifærsla í þágu útgerðarfyrirtækja sem stæðust ekki að öðrum kosti. Það er þetta sem er svo rangt í þessu kerfi.

Mitt mat er það að þær hliðarráðstafanir sem hér eru gerðar, sem vitaskuld eru hreinar millifærslur, séu minni háttar mál við hliðina á prinsippinu sjálfu, nefnilega kröfunni um það að þeim sem draga fiskinn úr sjó annars vegar og hinum sem vinna hann hins vegar sé gert kleift eftir vissan aðlögunartíma að semja eins og frjálsir menn og bera ábyrgð á niðurstöðum samninga sinna. Þá fyrst mundum við yfirgefa það ógeðfellda millifærslukerfi sem hér hefur verið skapað. En að verja það að fiskverð sé hækkað um tiltekin prósent, gengið sé daginn eftir fellt og verðmæti þar með millifærð frá öllum neytendum í landinu skulum við segja og til þessara fáu fyrirtækja og gera enga athugasemd við það, en gera síðan athugasemd við þetta eitt, það er ekki heil brú í þeim málflutningi. Þá eru menn ekki að tala á móti millifærslum í eðli sínu. Þegar menn hafa uppi tillögur um raunverulega kerfisbreytingu, þá fyrst er heil brú í röksemdum á móti millifærslukerfinu. Að hækka fiskverð og lækka gengi daginn eftir, það er hin ógeðfellda og spillta millifærsla sem við þetta kerfi loðir.

Nú er það svo að ríkisstj. sem situr að völdum hefur meiri hl. þm. á Alþingi en ekki meiri hl. þm. í annarri deild þingsins, eins og þjóðin öll auðvitað veit. Einnig er það ekkert leyndarmál lengur og kannske ekki heldur feimnismál, eins og það var, að fiskverðssamningar fara fram með þeim hætti sem hér hefur verið lýst að framan, því er nú verr og miður. Það er svona sem þetta kerfi vinnur.

Ég veit ekki hvort á að telja það hæstv. sjútvrh. til lofs eða lasts, en alla vega er ljóst að hann hefur ekkert farið dult með það að ákvarðanir um fiskverð eru ekki lengur teknar á borðinu hjá verðlagsráði. Það er augljóst að svokallaður oddamaður er aðeins skilaboðamaður ríkisstj. og ákvarðanir eru nánast teknar einhliða. Þetta er auðvitað til marks um það að þetta kerfi hefur gersamlega gengið sér til húðar. Á móti kemur að vitaskuld hafa báðir aðilar, og þá væntanlega sérstaklega útgerðin, í hótunum við ríkisvaldið.

Eins og hér hefur verið lýst er oddamaðurinn í þessu kerfi í raun og veru aðeins móttakari hótana, sem ganga á milli ráðh. og forsvarsmanna fyrirtækjanna, sem margir hverjir eru óhæfir til að standa í atvinnurekstri. Það er með þessum hætti sem það gerist. Síðan er með lækkuðu gengi í kjölfar hækkaðs fiskverðs sett öryggisnet undir lakast reknu fyrirtækin, það er það sem gerist. En halda menn að öll fyrirtæki séu eins rekin? Ekki aldeilis. Og hvað þýðir það? Vitaskuld fer ómældur gróði til þeirra sem fyrir ofan þessi öryggismörk eru. Það er svona sem þetta ábyrgðarlausa kerfi vinnur. Og að styðja fiskverðshækkunina út af fyrir sig og gengislækkunina í kjölfarið, þ. e. millifærsluna frá neytendum til fyrirtækjanna, þetta er ekkert annað, en tala síðan á móti þessu tiltekna máli, sá málflutningur stenst ekki frá degi til dags, hann stenst a. m. k. ekki frá viku til viku.

Við þessar sérkennilegu aðstæður er auðvitað svo komið að ríkisstj. í landinu svífur í lausu lofti á miðjum vetri. Um það er ekki að villast, að þessir samningar hafa verið gerðir. Það er einnig ótvírætt að ráðh. hefur gefið vilyrði fyrir því að að baki þessum samningum kæmu aðrar aðgerðir, annars konar og frekari útfærsla og millifærsla að viðbættum þeim sem fram fóru í samspili fiskverðs og gengis. Þessar frekari aðgerðir sjá dagsins ljós í formi frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl. og eru 159. mál þingsins.

Þessir samningar hafa verið gerðir, og vitaskuld með þessum inngripum ríkisvaldsins sem skrifast fyrst og fremst á reikning Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þess kerfis sem þar hefur verið upp byggt og sem ég hef lýst og tel vera mjög rangt og hef flutt frv. um á þessu þingi, þau ríkisinngrip og það ábyrgðarleysi sem af hefur leitt, eins og það leggur sig, og þær millifærslur sem þar fylgja í kjölfarið. Hins vegar er ljóst að þessir samningar hafa

verið gerðir og þetta þingmál, sem hæstv. ráðh. hefur mælt fyrir hér í dag, er í raun og veru hluti af þessum samningum

Vegna þess hve veik staða ríkisstj. er, að hún hefur ekki meiri hl. í annarri deild þingsins, þá standa menn frammi fyrir mjög einföldu vali, en hvorugur kosturinn er vitaskuld góður. Menn standa frammi yrir því að annaðhvort séu þessir svokölluðu samningar, sem auðvitað engir samningar eru, sprengdir í loft upp. Það gæti þýtt, eins og hæstv. ráðh. hefur lýst í mjög skringilegu blaðaviðtali, að flotinn sigldi í höfn, að atvinnuleysi fylgdi. Það kallaði hann óskastöðu sína, hvernig sem það má vera, þá væri rétti tíminn til þess að fara út í kosningar, með flotann stöðvaðan, atvinnuleysi í landinu. Hann notaði orðið óskastaða um þetta. Ég veit ekki um óskastöðu, mér þótti þetta orðalag með eindæmum einkennilegt, en ég hef lýst því yfir – og ég tel það fullkomlega eðlilegan málflutning sem 1/60 hluti af löggjafarvaldinu – að á þessu vil ég ekki bera ábyrgð. Ég tel miklu mikilvægara að aðrar og róttækari breytingar náist fram. Þetta hefur gengið með þessum hætti og ef ég get, t. d. með hjásetu minni, komið í veg fyrir að þessi óskastaða ráðh. komi upp, þá mun ég gera það.

Á þessu máli eru margar hliðar. Hæstv. ráðh. lýsir því í blaðaviðtali við Morgunblaðið, sem hér hefur verið nefnt af öðrum ræðumönnum, miðvikudaginn 12. jan. s. l. Ráðh. segir með leyfi forseta:

„Ég mun að sjálfsögðu“ — ég undirstrika: „að sjálfsögðu leggja til þingrof og nýjar kosningar því flotinn siglir þá í land og útgerðin stöðvast og þá er náttúrlega ekki annað að gera en leggja málið fyrir þjóðina.“ Herra forseti. Tilvitnun lýkur að sinni.

Þegar staðan er þessi er mér þetta alveg óskiljanlegt í raun og veru því mér finnst þessi hugsun vera svo ábyrgðarlaus, vera svo gersamlega ábyrgðarlaus. Og hæstv. ráðh. bætir við: „Ég hef fulla trú á því að hæstv. forsrh. hafi sama skilning á þessu og ég.“ Það hefur síðan komið í ljós að svo er ekki. En látum það vera.

Valkostirnir eru ekki góðir, en dæmið er þó mjög skýrt. Þessi minni háttar millifærsla, sem kemur í kjölfar hinnar meiri háttar millifærslu, sem er hækkað fiskverð og lækkað gengi, samningar um hana hafa verið gerðir og þetta er raunverulega spurning um að staðfesta þessa samninga. Ráðh. hefur væntanlega bakstuðning þeirra sem styðja ríkisstj. hér á Alþingi. Hjáseta eins nægir til og ég mun veita hana.

Síðar í þessu viðtali segir hæstv. ráðh. með leyfi forseta: „Ég teldi það mjög góða stöðu fyrir mig“ — ég endurtek: „fyrir mig pólitískt, ef hún felldi það.“ Hún er stjórnarandstaðan. „Þá fæ ég tækifæri til að fá kosningar fljótt og þá hefur hún stöðvað útgerðina, en ég hef enga trú á því að hún geri það.“

Herra forseti. Það getur verið erfitt að leitast við að bjarga þeim sem vilja ekki bjarga sér sjálfir. Það kom mér á óvart að ekki skyldi birtast leiðrétting í blaðinu daginn eftir. Ég vildi trúa því að það væri blaðamaðurinn, sem hefði eitthvað misskilið, eins og vill nú verða, það væri misskilningur í símtali eða eitthvað slíkt. En slíka leiðréttingu hef ég ekki séð.

Ég er að lýsa yfir að ég vilji taka þátt í að staðfesta með hjásetu minni samninga sem hæstv. ráðh. hefur gert, í ljósi þess sem þegar er sagt, og mér er óskiljanlegt hvernig hann getur sagt að hann teldi það mjög góða stöðu fyrir sjálfan sig pólitískt ef samningar, sem hann hefur gert, séu felldir á Alþingi og útgerðin stöðvist og til atvinnuleysis komi. Þá sé rétti tíminn að boða til kosninga, þá sé rétti tíminn að fara með allt út í kosningar. Ég er út af fyrir sig stoltur af því að með þessari afstöðu megi koma í veg fyrir að ráðh. komist í þessa óskastöðu sína.

Ég vil, herra forseti, til áréttingar því sem þegar hefur verið sagt, vísa til þess að nú um helgina var formlega stofnað Bandalag jafnaðarmanna, sem ályktaði eðli málsins samkvæmt um afstöðu í þessu máli, eins og mönnum hér er kunnugt um. Einhvers titrings tauganna hefur orðið vart í hinu flokksstýrða fjölmiðlakerfi í dag. Ég vil stinga inn í grg. mína fyrir þessari afstöðu efni úr forustugrein Þjóðviljans í dag, sem fjallar um þessa afstöðu sem ég hef nú verið að lýsa.

Þjóðviljinn er flokksmálgagn Alþb. sem aftur er aðili að ríkisstj. Eftir að búið er að lýsa stjórnmálum í stíl klúbba úr unglingaskóla, tala um að eitthvað sé aumasta bull, tómahljóð o. s. frv., þessi venjulegu orð hins ríkisstyrkta fjölmiðlakerfis, þá segir með leyfi forseta í þessari forustugrein Þjóðviljans:

„Einna kátlegast“ — ég endurtek: „kátlegast“. Það er verið að bjarga samningum, sem ríkisstj. hefur gert, og leiðarahöfundur Þjóðviljans, sem telst nú kannske ekki til helstu húmorista þjóðarinnar að vísu, segir: „Einna kátlegast er að sjá afstöðu Vilmundar til nýlegrar fiskverðsákvörðunar og þeirra hliðarráðstafana sem henni fylgdu. Vilmundur fordæmir harðlega allar þessar ákvarðanir, svo og sjálft verðlagskerfið, og telur þetta allt ómögulegt, — en svo kemur rúsínan í pylsuendanum: Bandalag jafnaðarmanna ætlar nú samt að styðja þessar ráðstafanir með sínu eina atkv. á Alþingi“ og tvö upphrópunarmerki, sem er einkenni á sérstaklega feimnum mönnum, þegar þeir vilja vekja athygli á brandaranum sem þeir voru að segja. Kátlegast að stuðla að því með hjásetu að gerðir samningar standi. Það er það sem verið er að gera. Og þar kemur að þjóðin fær um það að vita. Það er á þessum forsendum sem þessi ákvörðun er byggð.

Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Vestf. að það sem verið er að gera í þessu frv. er að það er verið að endurreisa sjóð, Olíusjóð fiskiskipa, sem vitaskuld er millifærslutæki. En hann og aðrir verða að skilja að þetta er ekki nema brot af millifærslunum. Fiskverðsákvörðunarkerfið er ein heljarmillifærsla í þágu manna sem oftar en ekki eru óhæfir í atvinnurekstri. Og það að vera á móti þessu einu, en sjá ekki baksviðið og vilja ekki gera róttækan uppskurð á því, er ekki að vera sjálfum sér samkvæmur.

Vitaskuld liggur það inni í þessum ákvörðunum að sá sem aflar með minnstum olíukostnaði greiðir hæst olíuverð. Þetta er það sem millifærslukerfið ægilega felur í sér, að það er verið að flytja frá þeim sem vinnur með hagkvæmum hætti og til hins sem vinnur með óhagkvæmum hætti, flytja frá þeim hæfa til þess óhæfa. Öll millifærslukerfi eru þannig. Að hækka fiskverð og lækka gengi er nákvæmlega þessi athöfn. Það er þetta baksvið sem við eigum að leiðrétta. Og það er hægt að gera með einföldum hætti, með því að afnema Verðlagsráð sjávarútvegsins, svo að aðilar beri ábyrgð á þeim athöfnum sem þeir fremja. Þá fyrst er samhengi í málflutningnum gegn millifærslunum. En það sem er ekki gott að gera er að tala almennt á móti millifærsl-

um, en vilja í raun og veru millifæra til eins og ekki millifæra til annars. Því ég endurtek það að þá eru menn komnir inn í frumskóg sem auðveldara er inn í að komast en út úr aftur.

Að þessari afstöðu lýstri áskil ég mér vitaskuld rétt til að flytja og fylgja brtt. sem fram kunna að koma, svo sem eðlilegt er.

Miðstjórn Bandalags jafnaðarmanna ályktaði um þessi mál, sem er auðvitað stór ákvörðun að taka. Þar segir svo með leyfi forseta:

„Í drögum að málefnagrundvelli Bandalags jafnaðarmanna er lagt til að vissum þáttum efnahagslífsins verði gerbreytt og þá ekki síst samningum um fiskverð, þannig að kaupendur og seljendur eigi sjálfir að semja án afskipta ríkisvaldsins og beri þeir fulla og algera ábyrgð á þeim samningum sem þeir kunna að gera.

Fiskverðsákvörðun nú um áramót er afar táknræn fyrir þær ógöngur sem núverandi fyrirkomulag leiðir til. Enn dæmigerðari er hótun sjútvrh. um að samþykki Alþingi ekki hliðarráðstafanir og komi til stöðvunar og verkfalla þeirra sem af gæti leitt, þá verði þjóðin að fara þegar í stað í kosningar í skugga verkfalla og jafnvel atvinnuleysis.

Þessar yfirlýsingar undirstrika gjaldþrot og getuleysi, ekki aðeins núv. ríkisstj. heldur þess stjórnmálakerfis sem hún byggir á. Miðstjórn Bandalags jafnaðarmanna leggur því áherslu á að ekki sé verjandi fyrir núv. stjórnarandstöðu að bregða fæti fyrir þá ákvörðun um fiskverð sem tekin hefur verið, þrátt fyrir hið úrelta verðlagskerfi sjávarútvegsins." Og síðan er undirstrikað: „Einnig vegna þeirrar grundvallarskyldu sem Alþingi hefur gagnvart fólkinu í landinu að leysa stjórnarskrármálin áður en kemur til kosninga."

Þetta er, herra forseti, að minni hyggju mikið aðalatriði þessa máls einnig. Öllum er auðvitað kunnugt um — og því nefni ég það að hæstv. ráðh. hefur gefið tilefni til þess — að hann hefur beinlínis hótað skyndiþingrofi og kosningum ef þetta mál fær önnur úrslit en hann kysi. Ég er þeirrar skoðunar að þetta séu gersamlega ábyrgðarlausar yfirlýsingar hjá ráðh. Ekki aðeins það að kjósa í skugga stöðvunar flotans, atvinnuleysis og annarrar þeirrar óáranar sem af gæti leitt. Það er nógu slæmt í sjálfu sér. En það er einnig slæmt að nú er vitað að hér kynnu menn að vera komnir langt með hugmyndir um breytingar á stjórnarskránni. Hversu langt nákvæmlega er ekki vitað, en nokkuð langt gæti það verið.

Nú er heldur ekki vitað hvaða tíma raunverulega þarf til að kynna þjóðinni þessi mál. En hitt er vitað, að á hv. Alþingi eru allmargir hv. alþm. sem kæra sig ekkert um þessa breytingu, og þá á ég bæði við kjördæmapátt málsins og stjórnarskrármálin almennt talað. Þessir menn mundu efalítið fylgja hæstv. ráðh. í því að fleygja *þjóðinni út í kosningar með vofu atvinnuleysis* og flotastöðvunar á hælunum. Svona finnst mér að ráðh. geti ekki talað. Hann má vera viss um það að eiga fylgismenn til þessara athafna hér á hinu háa Alþingi. En sá sem hér stendur er ekki einn af þeim. Einnig má vara að í flokkakerfinu gamla þveru og endilöngu sé taugatitringur vegna nýrra atburða í stjórnmálum, sem af þeim ástæðum einnig vilja fleygja þjóðinni út í kosningar. En af ástæðum sem blasa við er sá sem hér stendur ekki heldur einn af þeim.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Þessir samningar hafa verið gerðir, að vísu eftir kerfi sem ég er mjög andvígur vegna millifærslnanna sem af því leiðir, sem eru hinar stóru millifærslur í þessu máli. Ég hef í raun og veru gefið margfaldar skýringar á því, af hverju ég tel ekki bara rétt heldur skylt að haga máli mínu og afstöðu með þessum hætti. Það hangir nákvæmlega ekkert annað á þeirri spýtu þrátt fyrir það sem um hefur verið dylgjað. Þetta er afstaða til þessa máls eins, staðfestingar á gerðum samningi. Hvað sem síðar verður, þá er auðvitað þetta sjúka kerfi okkar með þeim hætti að vilji menn virkilega þar um breyta, þá verða menn að leggja til róttækari breytingar en að fella þessar hliðarráðstafanir einar. Því að hverju eru menn bættari með það? Menn hafa tillögur um sjávarútvegskerfið sjálft, þær eru til hér á þskj. 122, hvernig samið skuli um fiskverð og þar með brotist út úr millifærslukerfinu. En menn þurfa að gera meira. Menn þurfa að hafa tillögur um lausn á í stjórnarskrár- og kjördæmamálinu. Þær eru einnig til, þær eru á þskj. 93 og fjalla um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Hvað vilja menn meira? Þetta er ábyrg og heilleg afstaða. En það að ætla að leggja aðeins neikvætt til málanna, að fella þetta mál eitt, þessa gerðu samninga og hafa í rauninni ekkert annað til málanna að leggja — og detta mér í hug ýmsir þeir sem ég þekki best í þeim efnum — það er vond leið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki ástæða til fyrir mig að fara að hafa hér langt mál um þetta frv. eða ræða hér sérstaklega einstaka þætti þess. Ég á sæti í þeirri nefnd sem málið væntanlega fer til og get þar að sjálfsögðu komið á framfæri mínum sjónarmiðum. En ég vil þó strax við þessa 1. umr. fara hér örfáum orðum almennt um þetta mál.

Það hefur verið sagt um núv. hæstv. sjútvrh. að hann mundi fyrir sína ráðherratíð sem sjútvrh. fyrst og fremst hljóta þann dóm í sögunni að tala yfirleitt gegn sinni raunverulegu sannfæringu, því sem hann vildi gera. Það kom mér því ekkert á óvart þó að hér liggi nú fyrir till. frá hæstv. ráðh. um að halda olíugjaldinu áfram. Í þrígang, þrívegis hefur hæstv. ráðh. gefið sjómönnum fyrirheit um að fella niður þetta gjald. Hann gerði það síðast á s. l. ári. Hann gerði það árið 1980, tiltölulega fljótt eftir að núv. ríkisstj. var sett á laggirnar. Hann gerði það á árinu 1981 og hann gerði það á árinu 1982, þannig að eftir slíka yfirlýsingu á s. l. ári máttu menn ganga út frá því sem vísu, í ljósi fenginnar reynslu, að olíugjaldið yrði ekki afnumið.

Kompás hæstv. sjútvrh. hefur verið sá, að hann hefur alltaf farið þveröfugt í þá hluti sem hann hefur gert, miðað við það sem hann hefur sagt í því efni. Og að tala svo hér eins og bæði hæstv. ráðh. hefur gert og látið hefur verið í skína af ýmsum öðrum stjórnarsinnum, að *hér sé um að ræða samning* um fiskverð og þær ráðstafanir sem hér er verið að gera að því er varðar sjómenn, er hrein fjarstæða. Það vita það allir, sem vilja vita, að sjómannasamtökin í landinu eru algerlega andvíg þessum ráðstöfunum. Þau hafa verið andvíg olíugjaldinu frá upphafi og þau eru það enn.

Mér fannst svipaður keimur af ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar hér áðan. Hann talaði gegn öllu frumskógarkerfinu í millifærslunni, en lýsir síðan yfir að hann ætli alls ekki að koma í veg fyrir að því verði breytt, millifærslukerfinu, — ekki í þessu máli, sagði

hann, ekki í þessu máli. Hann sagði: Ríkisstj. svífur í lausu lofti og það eru válegir tímar fram undan og yfirstandandi. Samningarnir eru gerðir, sagði hv. þm., og ef ég get komið í veg fyrir, með hjásetu minni, að þjóðinni sé dembt út í kosningar, eins og hann sagði, þá mun ég gera það. Því að Bandalag jafnaðarmanna þarf að vinna tíma. Þetta er í raun og veru meginástæðan fyrir því að hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur nú tekið þá afstöðu þrátt fyrir marggefnar yfirlýsingar og rökstuðning, sem er réttur hjá honum, um að þetta kerfi sé úr sér gengið. Og ég tek undir það með honum. En að ástæðan sé sú, að hann vildi ekki að hæstv. samgrh. og sjútvrh. fái neina óskastöðu í kosningum, það er af og frá. Ástæðan er sú, að hv. þm. sem forustusveinn í hinum nýstofnuðu stjórnmálasamtökum þarf að vinna tíma, þeim samtökum til hugsanlegs framdráttar. Það er kjarni málsins.

Ég ætla ekki á þessu stigi, það gefst tími til þess síðar, að ræða frekar um þá hluti. Það gefst líka tími til þess síðar að ræða um það frv. sem hv. þm. gerði hér að nokkru umræðuefni, um breytt kerfi varðandi fiskverðsákvörðun. Þær hugmyndir hef ég heyrt oft áður af hans hálfu. Ég tek undir það með honum að breytinga er þörf í sambandi við verðlagningu á fiski og öðru. En frjálst fiskverð yrði að fara úr einum frumskóginum í annan að mínu viti. Það yrði að stíga skref marga áratugi til baka frá því sem nú er. Þó að það kerfi sé slæmt sem við nú búum við, þá yrði kerfið sem býður upp á frjálst firkverð lögmál frumskógarins. Það yrði enn þá verra en það sem nú er.

Og sá rökstuðningur hv. þm. Vilmundar Gylfasonar að það sé ekki hægt að vera á móti þessu máli einu og sér, þó að það sé eitt af trjánum í frumskóginum sem þurfi að eyða, þá nær það náttúrlega ekki eyrum manna, því að svo best tekst mönnum að eyða t. d. heilum frumskógi, að þeir byrji á einu trénu og höggvi það. Þeir taka ekki öll trén í einu. Einhvers staðar verður að byrja. Og þeir sem eru sannfærðir um að t. d. það mál sem hér er um rætt sé ein af meinsemdunum í frumskóginum ættu að sjálfsögðu að vera samþykkir því að taka þó þennan þátt, þetta skref í því að bylta þessum frumskógi.

Mér finnst a. m. k. það jaðra við öfugmæli þegar hv. þm. var hér að tala um allar meinsemdirnar í gömlu flokkunum, flokksklíkurnar og þau kerfi sem Bandalag jafnaðarmanna er stofnað til þess að skera upp, að því er sagt er, en fyrsta afstaðan sem tekin er er til þess að styrkja það rotnasta kerfi sem hv. þm. Vilmundur Gylfason, forvígismaður þess bandalags, telur að sé fyrir hendi í landinu. Þvílíkt öfugmæli. Ég hef að vísu ekki kynnt mér mjög starfsemi allra stjórnmálaflokka í landinu frá upphafi, en einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að hér sé í uppsiglingu eitthvað þrengsta flokkskerfi sem til er í íslenskri pólitík í dag, Bandalag jafnaðarmanna, ef framhaldið á þeim samtökum verður eins og upphafið sýnist vera að bjóða upp á, að tiltölulega fáir einstaklingar hópa sig saman í gegnum síma, stofna til samtaka, kjósa sjálfa sig í miðstjórn, en almennt er mönnum ekki gefinn kostur á því að taka þátt í slíku.

Ég tek undir með hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og hef gert það oft, að flokkskerfið almennt er allt of þröngt, flokkshlekkirnir of sterkir, flokksklíkurnar með of mikil völd. En þarna sýnist mér vera í uppsiglingu ekki minna flokksvald, ef framhaldið verður sem horfir, heldur en við höfum nú þegar fyrir í gömlu flokkunum. En nóg um það. Það gefst væntanlega tími til að ræða um það hér síðar.

Ég sagði hér áðan að það væri öllum ljóst að sjómannasamtökin í landinu eru andvíg því sem verið er að gera með þessu frv. Hér er í raun og veru verið að festa betur í sessi það gamla uppbótarkerfi sem var lengi við lýði og allir voru orðnir sammála um að þyrfti að afnema. Frv. er um það að festa þetta óraunsæja og óréttláta kerfi frekar í sessi en verið hefur. Og Bandalag jafnaðarmanna tekur þátt í því að slíkt verði gert.

Hæstv. sjútvrh. talaði um það hér áðan og hefur oft gert það áður, og það er út af fyrir sig rétt, að það væri erfið staða hjá ýmsum í útgerð. Það á ekki við um alla. Hún er misjöfn, eins og raunar á flestum öðrum sviðum, en hún er víða erfið. En menn gleyma því alltaf að það er líka erfið staða hjá launþegahópunum, hjá heimilunum, hjá sjómönnunum, sem kjör hafa verið skert hjá trekk í trekk við fiskverðsákvörðun og með öðrum aðgerðum er varða kjaramál sjómanna. Það er ekki litið til þess að hjá þessum einstaklingum og hópum er líka slæm staða.

Ég bið hv. þm. að minnast þess að ekki alls fyrir löngu, ég held að það hafi verið árið 1975, það leiðréttist hér ef ég fer með rangt mál, var boðið upp á samkomulag um það og það gert að afnema allt sjóðakerfið. (**Gripið fram í:** 1976.) Árið 1976 var gert samkomulag um það og sjómenn fórnuðu þá ýmsum hlutum til þess að það næðist fram. Ég sé ekki betur en að með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til sé verið að taka upp aftur þráðinn, ganga á rétt sjómanna til þess síðar meir að geta látið þá aftur kaupa breytingu á sjóðakerfinu með kjaraskerðingu. Þetta er eitt meginatriðið í því sem hér er um að ræða auk þess sem náttúrlega er um það að ræða að enn er verið að hlunnfara sjómenn í sambandi við olíusjóðinn og slíkt. Ég held sem sagt að það sé á alröngum forsendum fært hér fram í umr., að hér sé um samkomulag að ræða. það er ekki um það að ræða af hálfu sjómannasamtakanna. A. m. k. mér er ekki kunnugt um að svo sé. Ef það er rétt að samþykki fulltrúa sjómanna í verðlagsráði liggi fyrir með þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að tala um og lagt er til að gera, þá vildi ég mjög gjarnan óska eftir því að hæstv. sjútvrh. greindi frá því hér. En þá er það nýtt fyrir mér.

Ég vildi ennfremur, án þess að lengja mikið mál mitt að þessu sinni, spyrjast fyrir um eitt. Ef ég man rétt, þá hefur ekki enn – það kemur ekkert fram um það í þessu frv. – verið aflað tekna til niðurgreiðslunnar á olíunni síðari hluta árs 1982. Hvað með það dæmi? Þar var talið vanta, ef ég man rétt, 200–250 millj. Hver er meiningin í þeim efnum? Með hverju á að ná inn því fjármagni, sem til þarf og vantar á til að standa þar í skilum? Auðvitað sjá allir, ekki síst sjómenn í landinu, að með þeim tillögum sem hér liggja fyrir er verið að hrófla við hlutaskiptum sjómanna og útgerðarmanna. Það liggur ljóst fyrir. Sjómenn eru ekki það skyni skroppnir að þeir sjái það ekki. Þó að einhverjir haldi þá kannske svo slappa að þeim sé ekki ljóst að hér er verið að fara framhjá hlutaskiptum, hér er kjaraskerðing á ferðinni, hér er ógilding á samningum að því er þá varðar og útvegsmenn. Þetta er þeim öllum ljóst.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu lengra út í þetta

mál. Ég vil þó að lokum taka undir orð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar þegar hann lýsti undrun sinni á yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. Ég heyrði hana í sjónvarpinu, sjálfsagt hefur hann gefið hana víðar, um óskastöðuna, ef þetta mál yrði fellt. Útgerðin væri stöðvuð, flotinn sigldi í land, atvinnuleysi gengi yfir þjóðina. Ef það fylgdi í kjölfar þess að þetta mál næði ekki fram að ganga, þá kemur nákvæmlega sama staða upp strax núna í marsmánuði n. k., nákvæmlega sama staða. Þá verður mönnum aftur hótað atvinnuleysi, heimsiglingu flotans og stöðvun, ef þeir ekki ganga að þeim kjaraskerðingarákvæðum sem núv. ríkisstj. með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar leggja fyrir þjóðina. Það verður sem sagt á tveggja eða þriggja mánaða fresti hér eftir eins og hingað til, meðan núv. hæstv. ríkisstj. er við völd, sem þjóðin stendur frammi fyrir slíkum hótunum, ef menn ekki gangi að þeim kjaraskerðingum sem hæstv. ríkisstj. vill að nái fram að ganga. Og þá á þetta sjálfsagt ekki bara við um sjómenn, þá á þetta einnig að ég hygg við um allt launafólk í landinu annað en sjómenn. Núv. hæstv. ríkisstj. virðist einfaldlega ætla sér að knésetja svo launafólk í landinu, og þá ekkert sérstaklega sjómenn, með hótunum um svo og svo miklar stöðvanir, atvinnuleysi og hörmungar, að hún ætli sér að lifa á því eins lengi og hún telur sér fært að lifa á því. Hvort henni tekst það verður að koma í ljós. En ég hef ekki trú á því að sjómannastéttin í landinu taki þegjandi við því sem hér er lagt til. Ég hygg að sjómenn almennt talað séu orðnir svo hvekktir á fyrirheitum og yfirlýsingum hjá hæstv. ríkisstj. þeim til handa, og þá fyrst og fremst hjá hæstv. sjútvrh., að þeim þyki nú nóg komið, þegar alltaf er í raun og veru hliðrað sér hjá – svo að ekki sé notað sterkara orð – að standa við gefin fyrirheit sjómönnum til handa.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vonast til að þingheimur heyri hvað ég segi, þó að ég noti ekki 100 desíbela styrk, því að það er nefnilega búið að uppgötva míkrófóninn heima í Eyjum fyrir löngu.

Hv. þm. Karvel Pálmason er nýbúinn að grafa sig út úr snjósköflunum fyrir vestan og lætur illa og er feginn frelsinu eins og kálfur sem settur er út á vorin. Og hann hefur hátt, lætur illa, – en um hvað? Hann er á móti þessari lausn, sem verið er að leggja til. En ég hélt að stjórnmálamenn, ef þeir eiga skilið að heita það, mættu ekki leyfa sér að vera á móti ef þeir geta ekki bent á annað í staðinn.

Hér er mikill vandi á ferðinni. Það vantar mikla fjármuni. Olían er dýr og misdýr þó hv. aðalritari Bandalags jafnaðarmanna hafi ekki hugmynd um hverjir eyða meiri eða minni olíu. Þennan vanda þarf að leysa og til þess þarf mikla fjármuni og þessi vandi, eins og aðrir af svipuðu tagi, leysist ekki með hávaða. Það þykir sjálfsagt engum gott, sem þekkir þessa sögu, að þurfa að grípa til þess að setja á laggirnar á nýjan leik olíusjóð. Við vorum allir fegnir á sínum tíma þegar sjóðakerfið var brotið upp. Peninga þarf til, og þar er um stórar upphæðir að ræða, til þess að flotinn geti gengið. Því miður er svo ekki komið að skipaflotinn, togaraflotinn og bátaflotinn, geti drifið aflvélar sínar með hávaðanum í hv. þm. Karvel Pálmasyni. Þá gerði hann fyrst eitthvert gagn. En með þessum hávaða og þessu atferli er hann sjálfum sér til skammar og Alþingi, og þjóðin hlustar enn á Alþingi, og málflutningur af þessu tagi er þinginu til vansæmdar.

Það er hægur limur tungan, en hún skaffar ekki þá fjármuni sem þarf til að leysa þessi vandamál. Það er greinilegt að það er ekki liðinn langur tími frá því að hv. þm. Vilmundur Gylfason, aðalritari Bandalags jafnaðarmanna (Gripið fram í.) Hann er aðalritari eins og Leonid Brezhnev heitinn var. En ég held að menn, sem byrja á því að kynna málstað nýs bandalags, ættu að gera það með öðrum hætti en hann gerði, þar sem var hreinn samansetningur af innihaldslausum og ómerkum fullyrðingum og stóryrðum sem hann má þakka fyrir að þurfa ekki að endurtaka annars staðar.

Hann segir t. d., að þeir sem reka útgerðarfyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki í þessu landi, séu oftar en ekki óhæfir til atvinnureksturs. Þetta er býsna stór fullyrðing. Auðvitað eru menn mishæfir til þess að reka fyrirtæki eins og menn eru misjafnlega hæfir til að gera hvað sem er annað. En ég þekki marga menn og hóp af mönnum og félög, sem standa í því að draga fisk úr sjó og vinna hann og koma honum í geymslu og verðmæti og til sölu, sem leggja mikið á sig til þess að gera eins vel og þeir geta, og mjög mörg fyrirtæki eru sem betur fer í landinu vel rekin. Afurðir þeirra gefa okkur þá fjármuni sem öll þjóðin lifir á líka formaður Bandalags jafnaðarmanna og skólastrákarnir hans. Þetta er afar slæm byrjun hjá hv. nýformanni.

Út af hans munni gengu einnig orð í þá veru, að með þessu frv. væri verið að færa fjármuni frá hinum hæfa til hins óhæfa. Sá sem þarf mesta olíu til að ná í sinn fisk er oft ekki síður hæfur en sá sem þarf litla olíu á hvert tonn. Það fer allt eftir aðstæðum, eftir útgerðarháttum, eftir veiðarfærum o. s. frv. Þeir sem róa með net þurfa aðeins að eyða lítilli olíu miðað við aflamagn; skipin með litlar vélar, skammt farið og lítilli olíu eytt á meðan dregið er. En þeir sem stunda togveiðar þurfa hins vegar að draga á eftir sér þungt verkfæri, víra og hlera á alls konar botni og djúpu vatni og þurfa til þess gífurlega orku. Í tilfellum stóru togaranna eru það 3 þús. hestöfl og meira. Þessi atvinnutæki þurfa hlutfallslega miklu meiri orku. Þeir fiskimenn eru síður en svo óhæfari en aðrir. Þarna leyfir hinn nýi formaður sér að tala eins og hann hefur oft gert áður um það sem hann veit ekkert um, skilur ekki. Það er synd með svo góðan dreng, að hann skuli leggja sig niður við það að standa gapandi hér í ræðustóli um hluti sem hann veit ekkert um. Ég tel skynsamlegt að sá hv. þm. sparaði stóru orðin, einkum og sér í lagi í þeim tilfellum þegar hann veit ekki hvað hann er að tala um – og það er býsna oft.

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér til að gera aths. við hluta 2. gr. Ég mun að sjálfsögðu hafa samband við hæstv. sjútvrh. og nefna það við hann að ég vildi að þessi grein yrði skoðuð nánar. En um málið í heild vil ég fyrst segja það, að mér finnst býsna langt gengið í niðurgreiðslunni, þó vandinn sé mikill. Mér finnst býsna langt gengið að greiða niður 35% af olíu, auk þess sem hvert skip, hver útgerðarmaður, fær utan skipta 7% af aflaverðmæti í olíugjald. Það er svo nú, áður en til þessarar niðurgreiðslu kemur. Hluti flotans, bátar og jafnvel togarar í tilfellum, getur látið sér duga 7% olíugjald, – ekki til þess eins að draga úr þeirri byrði að eyða þessari dýru olíu, heldur auk þess til að borga alla olíuna með þessum peningum.

Með niðurgreiðslum hlýtur að vera hugmyndin að létta þessari byrgði af útgerðinni. En í mínum augum

hefur það aldrei verið takmarkið að menn eigi ekki að borga neitt fyrir olíu. Þaðan af síður tel ég til bóta, sem hefur komið fyrir og það hjá ansi mörgum sem ég þekki, að menn hafa ekki einungis gert út á frírri olíu, heldur átt afgang og kannske keypt sér bíl fyrir eða svo.

Þegar 35% niðurgreiðsla er komin á og þetta olíugjald bætist við léttist auðvitað byrði olíukostnaðar mjög sem betur fer og er ekki vanþörf á. En það er mín skoðun, að það hafi verið gengið heldur langt í þessa átt, ekki síst vegna formsins á olíugjaldinu, og þá ætla ég að biðja menn að rugla ekki saman olíusjóði og olíugjaldi. Þar fá menn greitt eftir aflaverðmæti, hvort sem menn eyða olíu eða ekki. Menn geta nefnilega stundað sjó án þess að eyða olíu sem heitið getur, t. d. eins og í fyrrahaust, og þá á ég við haustið 1981, en þá stunduðu menn t. d. síldveiðar inni í Austfjörðum við bryggjurnar og þurftu varla að sleppa. Þeir þurftu að keyra hringinn og draga í nótina og skófla þessu kannske jafnvel beint út á bryggjuna eða dæla. Þá eyddist ekki mikil olía. En útgerðin fékk 7% af þessu aflaverðmæti til þess að kaupa olíu sem hún eyddi ekki og þurfti ekki á að halda.

Við höfum margsinnis breytt olíugjaldinu hér og í hvert skipti sem það hefur komið hér til umr. hefur verið bent á að þetta sé röng aðferð. Ekki þar fyrir að auðvitað þurfa langflestar útgerðir á þessu að halda og það miklu meira en 7% olíugjaldi, en þetta er ekki rétt leið að mínum dómi. En ég vona að menn geti gefið sér nægan tíma til að skoða þessi mál og reyna í samkomulagi við aðila að finna einhverja leið sem er bæði skynsamleg og samkomulag getur náðst um. Í því efni verða allir að slaka á. Það þýðir ekki að segja eins og hv. þm. Karvel Pálmason og aðrir af þeirri gerðinni: Við viljum auðvitað fá peningana, en okkur kemur ekkert við hvaðan þeir koma. – Svoleiðis eiga menn ekki að tala.

Herra forseti. Það er 2. gr. Þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Útflutningsgjald af sölu fiskiskipa í erlendri höfn skal reiknast af bráttósöluverðmæti“ o. s. frv. Þá á að draga útflutningsgjaldið frá söluverði áður en kemur til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Hvað er að ske í þessu? Það er tilgangurinn með því að leggja þetta útflutningsgjald á, sem ég hefði viljað kalla sérstakt olíugjald, útflutningsgjaldið, að þessir miklu fjármunir, 4% ofan á 5.5%, eru teknir í ákveðnum tilgangi til þess að greiða útgerðinni hluta af olíukostnaðinum, og það sætti ég mig við eftir atvikum. Ég treysti mér ekki til þess að verða á móti þessu. Ég sé enga ástæðu til þess. Við verðum að halda flotanum úti, en tilgangurinn er að bæta hag útgerðarinnar. En þegar skip stundar veiðar hér við land og siglir til útlanda, oftast Bretlands eða Þýskalands, þá er lagt á útgerðina 4% útflutningsgjald. Það er tekið 4% af aflaverðmætinu, sem fæst í útlöndum, – það er tekið af þeim og sett í olíusjóð. Skyldi nú ekki þetta olíugjald, sem átti að hjálpa útgerðinni, draga frá útgerðinni í þessu tilfelli. Í staðinn fyrir að auka þeim tekjur, þá er tekið af þeim. – En niðurgreitt, segir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen. Þeir sem sigla til útlanda tvisvar eða þrisvar á sumri kaupa ekki niðurgreiddu olíuna sem þeir eru að greiða niður með þessu 4% útflutningsgjaldi. Þeir kaupa olíu náttúrlega í Bretlandi, því að hún er miklu ódýrari þar. Af einhverjum ástæðum eru svo ofboðslegar álögur á olíu hérna, sem er óþolandi. (Gripið fram í.) Það veit hv. 1. þm. Reykn. ekkert um. (**Gripið fram í:** Það stendur til.) Ég sé enga ástæðu til þess að vera að bera blak af þessum olíuburgeisum hér – eða þessum sköttum sem á olíuna eru lagðir, hver sem gerir það.

Það er einkennilegt að leggja skatta á fyrirtæki sem ríkið verður síðan að styrkja. Ég hef aldrei botnað neitt í því, hvort sem þar er um útgerðina að ræða eða t. d. Flugleiðir, sama hvað er. Við verðum að halda því gangandi líka með einhverjum ráðum þó illa gangi. En þegar skip selur afla í erlendri höfn fær það ákveðna summu fyrir sinn fisk. Af þessari summu eru tekin strax ekki 10% heldur 16% í stofnfjársjóð, – 16%, 6% meira en öðrum. Það má segja að útgerðin fái þennan pening. Það leggst inn á sjóðareikninga útgerðar. En lausafjárstaðan versnar. Hún er býsna mikið vandamál í þessu snarvitlausa þjóðfélagi.

Menn hafa sætt sig við þetta, en það er fleira sem er tekið. Það eru 5% í tryggingasjóð, það er 5½% útflutningsgjald fyrir og ef við tökum 4% sérstakt útflutningsgjald, við skulum kalla það það, sem er tekið af í sérstökum tilgangi, þá verður tekið strax af aflanum, áður en kemur til skipta milli útgerðar og manna, 30.5%, ef ég hef lagt rétt saman, auk löndunarkostnaðar.

Það er nú svo, að það eru til allmörg togskip í þessu landi sem reyna að bjarga sér, þó að þau hafi ekki nema brot af afköstum á við togara, með því að reyna að fá aðeins meira fyrir fiskinn en hér heima fæst. Þetta er nú ekki stundað nema á örfáum skipum yfir allt árið og þarna er ekki um miklar fjárhæðir að ræða, enda má líka takmarka þessar siglingar ef þær fara úr hófi. Við getum haft öll tök á því. En með þessu sérstaka olíugjaldi á þá sem ekki kaupa niðurgreiddu olíuna og þurfa að missa þarna 4% af bráttóaflaverðmæti í sjóð sem þeir brúka ekki, a. m. k. ekki meðan þeir eru í siglingunum, – nei. Og það er annað atriði. Þarna er greinilega verið að taka 4% af aflanum fram hjá skiptum í þessu tilfelli. Um það er ekki að villast.

Auðvitað má segja það eins og við sögðum hér fyrir allmörgum árum, þegar við vorum að ræða mál af svipuðu tagi, 8 árum eða 9 líklegast, að með því að taka ekkert útflutningsgjald hefði verið hægt að greiða hærra fiskverð o. s. frv. Þarna er um mjög stóran og sérstakan vanda að ræða og varla verður undan því vikist að finna á honum einhverja lausn og helst þá lausn sem flestir geta sætt sig við og lausn sem er sanngjörn og skynsamleg og kemur að sem bestum notum. Það er augljóst á þessu frv., eins og öðrum þar sem olíugjald er með, að við þurfum endilega að gefa okkur tíma til að skoða það og taka okkur þá bara eitthvað minna frí — eða þeir sem verða hér þegar það verður gert.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta lengra, en ég vildi vekja á þessu athygli og ég mun hafa samband við hæstv. ráðh. út af þessu og aðra aðila sem eru tengdir þessu máli. Og þetta kemur fyrir þá nefnd sem ég sit í og þar munum við ræða þennan þátt eins og aðra auðvitað.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er mikill misskilningur og lýsir algerri vanþekkingu á eðli þessara mála ef menn halda að ekki hafi komið önnur leið til greina til lausnar á fiskverði og hliðarráðstöfunum vegna þeirrar ákvörðunar en sú sem lögð er hér til. Þvert á móti, hafi menn fengið upplýsingar um þær

athuganir sem fóru fram á vegum hæstv. sjútvrh. áður en ákvörðunin var tekin, hljóta menn, ef menn á annað borð hafa lesið þau gögn, að hafa gengið úr skugga um að fjölmargar aðrar ráðstafanir koma til greina sem með sama hætti hefðu greitt fyrir ákvörðun fiskverðs. Menn hljóta líka að hafa orðið þess varir, að sú ákvörðun, sem hér hefur verið tekin afstaða til í ríkisstj. að leggja fyrir Alþingi, hefur m. a. valdið því að sjómannasamtökin hafa boðað til fundar forustumanna allra aðildarsambanda til þess að ræða framtíðarsamskipti sín í Verðlagsráði sjávarútvegsins og hvaða hátt þau kunni að hafa á með óskir um breytingar á þeim reglum sem fylgt hefur verið um verðákvarðanir á sjávarafurðum.

Allt þetta hlýtur að gera það að verkum að menn, sem eru ekki þeim mun bundnari ríkisstj. eða þeim mun bundnari ákveðnum hugmyndum um kjördag, hljóta að vilja halda þannig á máli í meðferð þingsins á þessu frv. að leggja sig fram um það sjálfir, ekki láta aðra um að leita að því, hvort ekki sé möguleiki á að fá meiri frið og betra samkomulag við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um fiskverðsákvörðun en orðið hefur með þessari aðferð með einhverjum tilteknum breytingum á því frv. sem hér liggur fyrir. Vitað er t. d., eins og ég sagði áðan, að sjómenn hyggjast koma til fundar, Sjómannasamband Íslands hefur boðað til fundar út af þessu máli, og það er líka vitað að sjómenn eru það andvígir því millifærslukerfi sem hér er verið að koma á fót að það hefur áður komið í ljós að þeir eru reiðubúnir að taka á sig talsverðar byrðar til að koma í veg fyrir að út í slíkt kerfi verði farið.

Eftir þá yfirlýsingu sem fram kom hér áðan hjá hv. 4. þm. Reykv. hefði slík leið orðið næsta tilgangslítil, vegna þess að þegar liggur fyrir að þm. úr stjórnarandstöðu lýsir sig reiðubúinn að stuðla að afgreiðslu stjfrv., sem fyrir hefur verið lagt, með hjásetu. Þó svo hann hafi fyrirvara um að flytja eða fylgja einhverjum óskilgreindum brtt. liggur það auðvitað alveg ljóst fyrir að það er engin þörf á því fyrir ráðh. eða stjórnaraðila, sem leggja slíkt frv. fram, að leita eftir því hvort möguleiki sé á friðsamari lausn með breytingum á því frv. því að fyrir liggur að þeir geta gengið að þessari liðveislu vísri. Hún hefur verið boðin fram án nokkurra sérstakra skilyrða og án þess að tilboðshafi hafi fyrir því að reyna á það sjálfur, þegar honum gefst færi á því sem alþm., eða beita sér fyrir því að fá frið um aðra og betri lausn en þá sem hér er um að ræða.

Einmitt þess vegna fagna ég því sérstaklega að yfirlýstur stuðningsmaður ríkisstj., hv. þm. Garðar Sigurðsson, skyldi eftir þetta flytja þá athyglisverðu ræðu sem hann flutti hér áðan, því að þvert ofan í það sem hv. 4. þm. Reykv. hafði sagt benti hv. þm. Garðar Sigurðsson, formaður sjútvn., á ýmsa mjög alvarlega galla á þessari framkvæmd og lýsti því yfir fyrir sitt leyti að hann mundi beita sér fyrir því sem formaður sjútvn. að leita leiða til þess að fá fram breytingar á frv. og meiri frið um lausn á þessu máli en nú blasir við. Ég fagna því að þessi yfirlýsing skuli vera gefin af hálfu formanns sjútvn. og ég er sannfærður um það, þó að ég hafi ekki fengið tíma til þess að ræða það við mína félaga, að Alþfl. mun vera reiðubúinn að halda á málinu með þeim hætti sem hv. þm. Garðar Sigurðsson gat um, enda tók ég það sérstaklega fram að af hálfu okkar Alþfl.-manna hefði aldrei staðið til að reyna með einhverjum hætti að fá framgengt því, sem hv. 4. þm. Reykv. kallaði óskastöðu sjútvrh., að flotinn mundi stöðvast vegna afgreiðslu Alþingis í þessu máli. Þeim mun meira virði er yfirlýsing hv. þm. Garðars Sigurðssonar og sanngjarn málflutningur hans í þessu máli þegar fyrir lá að einn úr röðum stjórnarandstæðinga hafði boðið sig fram til liðveislu ríkisstj. um afgreiðslu óbreytts máls. Þeim mun meiri ástæða er fyrir okkur stjórnarandstæðinga að ganga til móts við málflutning hv. þm. Garðars Sigurðssonar. Og ég ítreka að ég er sannfærður um að þm. Alþfl. eru fyrir sitt leyti reiðubúnir til þess í sjútvn., þegar þar að kemur, að leita eftir samráði, m. a. við fulltrúa sjómanna, um breytingar á þessu frv. í þá veru að meiri friður geti um það ríkt.

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. segist vera á móti millifærslufrumskóginum. Mál það sem hér er til umr. fjallar um að gróðursetja nýtt tré í þeim frumskógi. Hv. þm. segist ekki vilja beita sér gegn því vegna þess að þetta sé svo lítið mál hjá skóginum öllum. Ef menn vilja frumskóg burt verður það ekki að veruleika öðruvísi en byrjað sé á því að fella einstök tré. Menn geta ekki komið frumskógi burt án þess að takast á við trén í skóginum. Það er auðvitað ekkert samræmi í því að segjast vera á móti frumskóginum, en hins vegar ekki aðeins reiðubúinn að vernda hin einstöku tré sem frumskóginn mynda, heldur taka ábyrgð á sig á því að gróðursetja þau. Það eru engin rök að halda því fram að menn séu svo litlir prinsipmenn að vegna þess að þeir geti ekki fellt prinsippið í heild sinni séu menn reiðubúnir að skjóta fleiri rótum undir hið illa prinsip. Maður sem er á móti frumskógi gróðursetur ekki í honum fleiri tré.

Hv. þm. sagði að þetta væri lítið mál hjá skóginum öllum. Þetta er nú ekki minna millifærslumál en það, herra forseti, að sama fjárhæð er hér í spilinu og sú fjárhæð sem á ári er áætlað að renni til útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir. Hingað til hefur hv. 4. þm. Reykv. ekki fundist það lítið tré í millifærslufrumskóginum þar sem er útflutningsbótakerfið. Hér er um að ræða jafnstórt fjárhagslegt mál.

Hv. þm. segist alls ekki geta annað en tekið ábyrgð á þessu vegna þess að menn neiti að ráðast gegn kerfinu og þetta tré sé svo smátt. Hverjar eru tillögur hv. þm. um breytingar á kerfinu? Þær felast í 122. máli, frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Ég fullyrði það af þeirri takmörkuðu þekkingu sem ég hef á sjávarútvegsmálum, sem er að mínu viti talsvert meiri en þekking hv. 4. þm. Reykv., að þó svo það frv. yrði samþykkt mundi ekki einu sinni eitt blað falla til jarðar í millifærslufrumskóginum, vegna þess að með frv. á þskj. 125 er ekki lögð til ein eða nein breyting á millifærslufrumskóginum, ekki einu sinni þó að menn takmarki sig við þá einu atvinnugrein, sjávarútveg. Þar er aðeins lagt til að ein grein, 10. gr. í lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, falli niður, en allar aðrar greinar í þeim lögum standi óbreyttar. M. ö. o. standi allt verðákvörðunarkerfi sjávarútvegsins óbreytt nema ein grein.

Sú grein fjallar um yfirnefnd verðlagsráðs, — þann aðila sem tekur verðákvarðanir til úrskurðar, ef verðlagsráðið nær ekki samkomulagi um málið, með aðild oddamanns sem skipaður er af ríkisstj. Yrði þessi grein felld mundi sú eina breyting á verða að skipulag samninga á milli kaupenda og seljenda fiskjar stæði

algerlega óhaggað. Skipulagið stæði allt algerlega óhaggað. Það væri ákveðið með lögum eftir sem áður að sjómenn og útvegsmenn annars vegar og fiskkaupendur hins vegar skyldu mynda kerfi Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sem á að hafa það hlutverk að semja um fiskverð. Þetta er eftir sem áður opinbert stjórnvald. Það er ekki einu sinni lagt til að afnema verðlagsráðið. Það á áfram að vera opinbert stjórnvald. Ef þetta ætti að vera einhver ný leið og menn ætluðu að vera samkvæmir sjálfum sér, þá ættu menn að flytja frv. um kauplagsráð atvinnumarkaðarins, þess efnis, að sett skyldi á fót kauplagsráð með aðild vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, sem hefði það hlutverk með höndum að semja um kaup á hinum almenna vinnumarkaði, og kauplagsráðið skyldi vera opinber stofnun með sama hætti og Verðlagsráð sjávarútvegsins.

En þetta er ekki frjálst fiskverð. Fiskverð er eftir sem áður ákveðið af opinberu stjórnvaldi, Verðlagsráði sjávarútvegsins, sem aðilar að verðákvörðuninni eru skikkaðir með lögum til að skipa fulltrúa í. Eina breytingin er sú, að ákvæðið um yfirnefndina er fellt út. Og hverju breytir það? Aðilar vinnumarkaðarins eiga að semja sín á milli án nokkurs slíks kerfis, án nokkurs slíks opinbers stjórnvalds. Engu að síður hefur það orðið þeirra fyrsta verk í öllum kjarasamningum á umliðnum árum að óska eftir aðild þriðja aðila að þeim kjarasamningum, óska eftir aðild fulltrúa frá ríkisvaldinu, og ríkisvaldið hefur ávallt talið sig til knúið að senda slíkan aðila á vettvang frá sjálfu sér. Halda menn að aðilar að fiskverðsákvörðun mundu eitthvað hika við að leika þann leik? Og hvernig ætla menn að banna með lögum að ríkisstj. yrði við slíkum óskum aðila? Það er ekki lagt til. Það er ekki lagt til að banna það með lögum, þannig að kerfisbreytingin er ekki einu sinni formsbreyting. Hún mundi engu breyta. Og láta menn sér detta það í hug að þó að ein grein um Verðlagsráð sjávarútvegsins sé felld út úr gildandi lögum sé því breytt að skráning á gengi íslensku krónunnar verði að taka mið af stöðu helstu útflutningsatvinnugreina landsmanna? Hverjum dettur í hug að halda þessu fram? Eftir hverju ætti þá skráning á gengi íslensku krónunnar að fara fram? Spyr sá sem ekki veit. Hver treystir sér til að svara því? Skyldu þessir aðilar í þessu opinbera stjórnvaldi, Verðlagsráði sjávarútvegsins, semja sín á milli um hærra fiskverð en afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi mundi þola? Skyldu menn halda að það tryggði að gengi yrði ekki skráð upp á nýtt þó svo ríkisvaldið ætti enga aðild að ákvörðuninni? Ég er alveg bit að hlusta á þann málflutning. Þetta er alger fjarstæða. Það eru engin rök til í þessu. Þetta er algerlega út í hött. Þetta breytir engu.

Nei, ef menn vilja ráðast gegn millifærslufrumskóginum er það að sjálfsögðu ekki nóg að ráðast gegn trjánum, sem þann frumskóg mynda, og fella þau eitt af öðru. Kjarni málsins hlýtur að vera a. m. k. sá, hafi menn engar tillögur um slíkt að gera, að menn vari sig a. m. k. á því að gerast garðyrkjumenn í þeim frumskógi og bera ábyrgð á því að gróðursetja fleiri tré.

Herra forseti. 122. mál þessarar deildar er ekki til umr. hér, en ég vildi aðeins fara þessum fáu orðum um það mál vegna þess að því var haldið hér fram að það skipti einhverjum sköpum um millifærslukerfið í sjávarútvegi og með því væri unnt að afnema það kerfi sem hér stendur til, verði þetta frv. samþykkt, að útfæra, að efla.

Þó að 122. mál sé ekki til umr., eins og ég sagði hér áðan, skal ég fúslega lýsa yfir hér og nú og umhugsunarlaust: Ég skal fallast á að samþykkja það frv. þannig að ekki verði mér legið á hálsi eftirleiðis fyrir að ég sé ekki reiðubúinn til fylgis við það mál. En það bara skilar engu. Það breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut, því miður.

Ég er sammála því sem hefur ekki aðeins komið fram hjá hv. 4. þm. Reykv., heldur t. d. í ályktunum og yfirlýsingum Alþb. upp á síðkastið. Ég er eindregið sammála því, að það þarf að taka verðmyndunarkerfi sjávarútvegsins og landbúnaðarins til endurskoðunar og gagngerðrar endurskipunar, en slík endurskipun felst ekki í því að afnema eina grein í gildandi lögum um núgildandi verðlagskerfi, en láta kerfið að öllu öðru leyti standa óbreytt. Þó að það mál hafi ekki verið afgreitt er það engin afsökun fyrir því að menn bjóði sig fram til þeirrar þjónustu að taka ábyrgð á því að gróðursetja fleiri tré í „aldingarði millifærslufrumskógarins“ en þegar spretta á því svæði.

Herra forseti. Ég ítreka að mér þótti vænt um þau orð sem formaður sjútvn. þessarar deildar lét falla, og ég er sannfærður um að Alþfl. er reiðubúinn að eiga hlut að því með honum og öðrum að skoða mjög vandlega hvort ekki sé hægt, m. a. í samráði við sjómannasamtökin, að fá aðra lausn, sem meiri friður gæti orðið um, varðandi frv. þetta en þar er gerð till. um. Ég er sannfærður um að sjómannasamtökin eru reiðubúin til samstarfs við sjútvn. og Alþingi um slíka hluti. Það er byggt á misskilningi og vanþekkingu ef menn halda að annaðhvort sé að fallast á að afgreiða þá lausn sem hér er lögð fram ellegar þá hitt að þurfa að horfast í augu við að flotinn stöðvist, hvað svo sem líður óskum hæstv. sjútvrh. þar um. Það vill enginn okkar, sem hefur áhuga á því að standa þannig að málum, að atvinnulífið í þessu landi stöðvist með stöðvun fiskveiðiflotans, en menn skulu gera sér grein fyrir því, ef menn fallast á gegn vilja sínum að afgreiða mál frá ríkisstj. vegna þess að þeir trúa sjálfir þeim rökum hennar að verði slík mál ekki afgreidd óbreytt frá henni komin muni atvinnulífið stöðvast hér í landinu, hvar þeir ætla þá að setja endapunktinn við slíka afstöðu sína.

Innan örfárra daga munu væntanlega koma til afgreiðslu í Nd. Alþingis brbl. hæstv. ríkisstj. frá því í ágústmánuði á s. l. hausti. Einnig þar, herra forseti, er staðhæft að sé ekki Alþingi reiðubúið að samþykkja þau brbl. muni fylgja lokun fyrirtækja og atvinnuleysi, og einnig þar liggja fyrir yfirlýsingar ráðh. um að fáist ekki afgreiðsla á því máli muni þeir stefna þjóðinni þegar í stað út í kosningar. Menn sem eru búnir að segja a, sem eru búnir að samþykkja slíka röksemdafærslu nú þegar, verða að horfast í augu við að þeir verða eftirleiðis að vera samkvæmir sjálfum sér. Og hvaða afsökun ætla þeir menn að nota fyrir því að „fella ríkisstjórn“ á því máli eftir tvo eða þrjá daga eða kannske fimm daga sem segjast í dag alls ekki geta snúist gegn málatilbúnaði hennar vegna þess að með því sé verið að taka þá áhættu að hún fari frá — og hvers konar röksemd er það hjá stjórnarandstöðu að gefa þá yfirlýsingu að menn séu andvígir efnisatriðum máls, en treysti sér ekki til að standa gegn því, því þá sé hætta á því að ríkisstjórnin, sem þeir séu á móti, segi af sér? Hvaða vit er í svona röksemdafærslu? Hvers konar

stjórnarandstaða er það sem lýsir því yfir, að ef hún telji hættu á því að ríkisstj., sem hún er á móti, segi af sér vilji hún miklu heldur greiða fyrir henni við afgreiðslu mála sem viðkomandi stjórnarandstaða sé andvíg?

Það er ekki heil brú til í svona röksemdafærslu og mér finnst mjög leitt að ég skuli heyra henni beitt af gömlum og gegnum félaga mínum, sem ég ber mikla virðingu fyrir.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég var nú að velta því fyrir mér hvort hv. 3. þm. Vestf. hefði alltaf þótt hv. 4. þm. Reykv. svona vitlaus, eða hvort það sé nýkomið til og af einhverjum ástæðum sem ég botna þá ekki alveg í.

Það er nú orðið áliðið þessa fundar og sennilega tilgangslítið, en ég mun þó ekki komast hjá því að gera örstutta athugasemd og fékk leyfi hæstv. ráðh. til að skjóta mér fram fyrir hann á mælendaskránni til þess.

Í fyrsta lagi þá sagði ég hér áðan að ég áskildi mér auðvitað allan rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Þá stendur það eitt eftir að þessi ákvörðun er tekin alveg án þess að reynt hafi verið að setja skilyrði eða nálgast menn með þeim hætti. Og það eru satt að segja vinnubrögð sem ég vil viðhafa. Það sem hér var verið að lýsa var það að menn ættu að setja upp einhvern sæg af skilyrðum. Á því hef ég nákvæmlega engan áhuga. Eins og ég hef sagt vil ég með hjásetu stuðla að því að gerðir samningar standi. Það er allt og sumt. Og ég hélt satt að segja að það lægi í augum uppi.

Stjórnarsinnar í þessari deild eru 20. Það er augljóst að þeir koma ekki lagafrv. fram. En það þýðir líka að stjórnarandstæðingar eru 20. Þeir koma heldur ekki lagabreytingum fram. Þeir geta fellt mál. Það er það sem ég vil ekki. Og auðvitað er það það sem hv. 3. þm. Vestf. er að býsnast yfir.

Í annan stað örfáar setningar um 10. gr. l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Það var auðvitað tóm endaleysa sem hér var sagt, þar sem lagt er til að yfirnefndin, en í henni er oddamaðurinn, sé lögð niður. Þar með hefur ríkið dregið sig út úr þeim samningi. Ríkið getur auðvitað eftir sem áður skipað sáttasemjara hvenær sem er. Það er bara allt, allt annar hlutur. Þetta er reginmisskilningur. Við höfum lagt til að þetta gerist í áföngum. Það er þessi 10. gr. sem er inngripagrein ríkisvaldsins þó að hv. þm. átti sig ekki á því. En hitt verður hann að skilja, að stundum geta menn gert hluti án þess að setja skilyrði. Við höfum oft nóg af skilyrðum hér frá hv. þm. Eggert Haukdal, svo að ég nefni dæmi sem þjóðin öll þekkir. Það er það sem hv. 3. þm. Vestf. er að biðja um. Það er það sem ég tek ekki þátt í.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en örfá atriði vil ég koma inn á.

Í fyrsta lagi hefur verið gert dálítið að umræðuefni það sem haft er eftir mér í Morgunblaðinu. Ég minnist þess ekki að ég hafi rætt við sjónvarpið um þetta mál. Ég þarf ekkert að leiðrétta það sem í Morgunblaðinu er eftir mér haft. Það er allt hárrétt sem þar var tekið fram. Ég vil í fyrsta lagi segja það hér að ég hef tamið mér að tala af fullri hreinskilni við fréttamenn. Ég mun halda því áfram og ég held að menn ættu sem flestir að gera það. Ég vil jafnframt segja það að ég fæ ekki séð hvernig ríkisstj. fær setið, ef flotinn er stöðvaður vegna þess að Alþingi getur ekki komið sér saman um lausn til að halda megi áfram veiðum. Það er einnig mín skoðun að það væri ákaflega óábyrg afstaða hjá Alþingi eða stjórnarandstöðunni að gera slíkt. Ég hef það mikið álit á kjósendum að ég held að í kosningum sé engin staða meiri óskastaða fyrir ríkisstjórn heldur en óábyrg stjórnarandstaða og ég vona að menn skilji þau orð. Ég vil hins vegar segja það við hv. þm. Vilmund Gylfason að ég óska honum til hamingju, hann er orðinn miklu ábyrgari eftir að hann fór úr Alþfl. og stofnaði sitt bandalag, og ég vona að sem flestir breytist þannig. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það. Hér hafa menn svo talað um millifærslu. Ég get tekið undir það að millifærsla er ætíð erfið, en millifærsla er náttúrlega á ótal sviðum í okkar þjóðfélagi. Millifærsla er með sköttum, svo ég nefni bara eitt stórt mál, stóra millifærslu. Í þessu sambandi verða menn að gæta þess að fiskverð er vitanlega angi af því kerfi sem við höfum komið okkur upp með verðtryggingum í raun og veru. Við verðtryggjum laun. Launþegar þurfa ekki að semja um hækkun launa þriðja hvern mánuð, það er verðtryggt. Bændur þurfa að vísu að semja í Sexmannanefnd, en þar er hækkun á framfærsluvísitölu og verðbóta lögð til grundvallar. Ætlast menn til þess að sjómenn sætti sig við eitthvað minni tekjuhækkun en aðrir hafa fengið þannig? Ég get ekki ímyndað mér það. Þannig er hér um að ræða anga af kerfi sem ég get tekið undir með fjölmörgum mönnum að er vægast sagt ákaflega vafasamt og heldur við þeirri verðbólguskrúfu sem við erum að stríða við og þarf að breyta. En það er mál sem ég ætla ekki að fara inn á hér.

Hér hefur verið rætt töluvert um tekjur sjómanna. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og kemur fram í skýrslum Framkvæmdastofnunar að tekjur sjómanna lækkuðu á árinu 1981 miðað við ýmsar aðrar stéttir. Þetta kom einnig fram í þeim tölum sem ég nefndi áðan. Samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar miðað við 100 1977, voru tekjur sjómanna sem hlutfall af tekjum verkamanna 98% 1980, en 95% árið 1981. Þær lækkuðu því og þetta passar saman. En að mati Þjóðhagsstofnunar hafa tekjur sjómanna með þessari 14% fiskverðshækkun nú hækkað í 101%, það er að segja komnar fyllilega upp í það sem þær voru í hlutfalli við tekjur verkamanna 1977.

Ég vil segja það að þegar menn tala um mismunandi aðgerðir þá get ég tekið undir það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um sem mestan frið. Það er rétt, við þurfum að fá sem mestan frið um svona aðgerðir. Ég átti að sjálfsögðu fjölmarga fundi með fulltrúum hagsmunaaðila að þessari ákvörðun og því miður gat ég ekki komið auga á leið sem stuðlaði að meiri friði heldur en sú sem hér er lagt til að farin verði og niðurstaða varð um í yfirnefnd.

Það var í raun og veru ekki nema um þrjár leiðir að ræða. Ein leiðin er sú að hækka fiskverð, sem mér skilst að hv. Alþfl.-menn sem hér hafa talað vilji helst fara. Hækkun fiskverðs hefði orðið að verða um 26—28%. Sú leið hefði haft mest verðbólguáhrif. Ég á einnig mjög erfitt með að hugsa mér að launþegar í landi hefðu sætt sig við þá miklu tekjuhækkun sem sjómenn hefðu þá fengið. Miðað við þær tölur sem við höfum hér verið með til samanburðar á tekjum sjómanna og tekjum

annarra stétta hefðu sjómenn að öllum líkindum farið um það bil 8—10% yfir tekjur annarra stétta í landi. Á þeim tímum þegar tekjur eru skertar með aðgerðum eins og gert var 1. des. sýnist mér ákaflega ólíklegt að um slíka tekjuhækkun sjómanna hefði orðið friður. Hér var sagt áðan að komið hefði til greina, það sagði hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, að hafa fiskverðshækkun minni og fara aðra leið til að bæta tekjur sjómanna og tekjumissi sjómanna vegna aflabrests. Ég vildi mjög gjarnan heyra slíkar till. Ég á erfitt með að mæla með frekari skattaívilnunum til sjómanna og ég hef ekki komið auga á leiðir sem þá ekki kosta útgerðina eitthvað og hún yrði að fá bætt.

Önnur leið sem til greina kom var hækkun á olíugjaldi, eða kostnaðarhlutdeild ef menn vilja kalla það það. Formaður Sjómannasambands Íslands sagði á fjölmennum nefndarfundi að ef sú leið yrði farin mundu sjómenn sigla skipum í land og þau yrðu bundin þar svo fast að þurfa mundi meiri háttar átak til að losa þau. Þetta var ekki álitlegt, en mér er vel kunnugt um það að það er mikil andstaða gegn olíugjaldi víða um land.

Þriðja leiðin er sú sem hér er lögð til. Sem sagt, um enga þessara leiða náðist fullkomið samkomulag. Það er misskilningur hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni að því hafi verið haldið fram að samkomulag væri. Þvert á móti hefur verið upplýst hvað eftir annað að fulltrúi sjómanna greiddi atkvæði á móti þessari leið. En hann tjáði mér að hann mundi einnig greiða atkvæði á móti hækkun olíugjalds eða kostnaðarhlutdeild. Hann kvaðst hins vegar mundu fylgja olíuniðurgreiðslu ef tekna yrði aflað t. d. með söluskatti. Ég tel fyrir mitt leyti ákaflega vafasamt að fara þá leið.

En hver er í raun og veru munurinn á þessum tveimur leiðum? Söluskattur leiðir að sjálfsögðu til hækkunar á vöruverði, sem leiðir til hækkunar á vísitölu, hækkunar á launum, meiri hækkunar á fiskverði og svo gengislækkunar. Sú leið sem hér er farin leiðir til gengislækkunar alveg eins og sú fyrri. Ég sé ekki ýkja mikinn mun á þessu tvennu.

Og þegar menn tala hér um tilfærslu innan útgerðarinnar þá finnst mér það vera nokkuð langt gengið. Hér er lagt gjald á útflutninginn í raun og veru, eftir að honum er skilað frá framleiðanda, og til að mæta því verði sem fæst fyrir útflutninginn erlendis er gengi lækkað, þannig að ég held að það sé ekki rökstutt eins og þyrfti að vera, miðað við ýmsar fullyrðingar, að hér sé út af fyrir sig verið að taka frá bátunum og færa til sjómanna. Frá hverjum er verið að taka þegar olía hækkar í verði á erlendum markaði, eins og gerst hefur upp á síðkastið? Er þá ekki verið að taka frá togurum? Við gætum lengi haldið áfram slíkum röksemdafærslum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla meira um þetta. Ég fagna því að hér hefur komið fram hjá hv. stjórnarandstæðingum að þeir muni ekki tefja fyrir framgangi málsins. Ég vona að hv. sjútvn. geti unnið ötullega að athugun þessa máls og það fái afgreiðslu sem allra fyrst. Í raun og veru er það mikilvægast, þannig að ekki ríki óvissa um aðgerðir vegna erfiðleika útgerðarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 18. jan.

Bótaréttur vegna eignatjóns af völdum náttúruhamfara.

Svar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hannesar Baldvinssonar um bótarétt vegna eignatjóns og fjárútláta af völdum náttúruhamfara og veðurofsa, á þskj. 97, sent þm. 18. jan.

1. Samkvæmt lögum og reglugerð um Viðlagatryggingu Íslands bætir sú trygging tjón á brunatryggðum fasteignum og lausafé, m. a. af völdum vatnsflóða og sjávargangs.

Viðlagatrygging Íslands bætir hins vegar ekki tjón af völdum óveðurs (vinda) eða foks.

Meðan nefnd sú, sem vann að samningu laga um Viðlagatryggingu, starfaði, var fjallað um ýmsa þætti, ýmiss konar mannvirki, sem hugsanlega ætti að taka undir starfsemi Viðlagatryggingarinnar. M. a. bárust nefndinni erindi og ábendingar um að æskilegt væri að tjón af völdum ofviðra yrðu tekin inn í 4. gr. laganna. Þetta mál var nokkuð rætt á síðasta þingi, vegna ofviðris sem geisaði í febrúarmánuði 1981. Þá var um það rætt að taka inn í viðlagatrygginguna ákvæði um foktryggingu. Þetta mál var og rætt mjög ítarlega í nefndinni sem undirbjó frumvarp um viðlagatryggingu, og í nefndarálitinu segir: „Komið hefur í ljós í þau skipti sem meiri háttar ofviðri hafa gengið yfir einstaka landshluta, að þeir eru ávallt margir sem ekki hafa hagnýtt sér þá tryggingarvernd sem fáanleg er hjá tryggingafélögum gegn slíku tjóni. Menn hafa í mörg ár, a. m. k. frá 1960, átt þess kost að kaupa sérstaka foktryggingu, auk þess heimilistryggingu og húseigendatryggingu, en allar þessar tryggingar bæta tjón af völdum ofveðurs. Nefndarmenn telja æskilegast að hinn almenni vátryggingamarkaður annist þessar tryggingar, einkum þegar þess er gætt, að þótt um geti verið að ræða mörg minni háttar tjón í sama veðrinu, er það undantekning að um sé að ræða svonefnd „katastrófutjón", þ. e. tjón af þeirri stærðargráðu sem Viðlagatryggingin er fyrst og fremst stofnuð til að mæta."

„Reynist það hins vegar vilji Alþingis," segir áfram í nefndarálitinu, „að stofnunin bæti einnig tjón af völdum ofviðra, leggur nefndin til að sjálfsáhætta hinna tryggðu verði helmingi hærri þegar um slík tjón er að ræða. Nefndin telur að eigendur húseigna og lausafjár geti í flestum tilvikum komið í veg fyrir slík tjón með fyrirbyggjandi aðgerðum og eðlilegu viðhaldi eigna."

Í frumvarpinu er m. ö. o. ekki tekin inn þessi foktrygging. Ég tel að Alþingi hafi fallist á sjónarmið nefndarinnar. Þess vegna var foktrygging ekki tekin inn á Viðlagatryggingu Íslands.

Haustið 1981 skrifaði ég tryggingafélögunum og Sambandi ísl. tryggingafélaga og óskaði eftir að þau gerðu sérstakt átak til að auglýsa þær foktryggingar sem völ er á á vegum hinna almennu tryggingafélaga. Það gerðu tryggingafélögin, og mér er kunnugt um að það var nokkuð um að fólk sneri sér til þeirra af þessu tilefni.

Ég held að það sé rétt að miða við það, að þessi

tryggingastarfsemi verði almennt hjá hinum almennu tryggingafélögum í landinu, þar sem Viðlagatrygging Íslands hefur allt annað og miklu víðtækara hlutverk en getur falist í því að tryggja tjón af þeim toga sem oftast er um að ræða hér þegar óveður gengur yfir.

Í meðförum Alþingis vakti ég sérstaka athygli á þessu atriði, þannig að tækifæri gafst til umræðna og breytinga ef þingheimi sýndist svo. Eins og fyrirspyrjanda mun kunnugt varð niðurstaða Alþingis sú að taka ekki tjón vegna óveðurs (vinda) í Viðlagatryggingu.

Samkvæmt lögum um Bjargráðasjóð er stjórn sjóðsins heimilt að veita fyrirgreiðslu úr almennu deild sjóðsins vegna tjóns af náttúruhamförum sem ekki falla undir Viðlagatryggingu eða tryggt er fyrir með öðrum hætti. Á undanförnum árum hefur stjórn sjóðsins notað þessar lagaheimildir þegar um meiri háttar tjón hefur verið að ræða vegna óveðurs sem gengið hefur yfir heila landshluta, s. s. í febrúar 1981. Þá gerði ríkið, að fengnu samþykki Alþingis, ráðstafanir til að útvega Bjargráðasjóði lánsfé sem ríkissjóður stendur undir að verulegu leyti.

Hins vegar gerði stjórn Bjargráðasjóðs samþykkt á fundi sínum 1. júní s. l. um „að eftirleiðis yrði ekki veitt fyrirgreiðsla úr sjóðnum vegna tjóna á fasteignum og lausafé af völdum óveðurs, þar eð ráðstöfunarfé sjóðsins væri mjög takmarkað og almennt væri unnt að tryggja gegn slíkum tjónum hjá tryggingafélögum.“

Var samþykkt þessi auglýst rækilega í öllum dagblöðum í júnímánuði s. l.

2. Samkvæmt lögum nr. 55/1975, um Viðlagatryggingu Íslands, bætti sú trygging tjón á brunatryggðum fasteignum og lausafé, m. a. af völdum skriðufalla. Skv. lögum nr. 88/1982 um breytingu á þeim lögum skal Viðlagatrygging Íslands frá og með 1. jan. 1983, er lögin öðlast gildi, vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnaflóða.

   Enn fremur er skylt að tryggja viðlagatryggingu frá sama tíma mannvirki hitaveitna, vatnsveitna, skolpveitna, svo og hafnarmannvirki, brýr, raforkuvirki o. fl.

3. Bjargráðasjóður er ekki í stakk búinn til að veita fyrirgreiðslu af eigin fé sjóðsins ef um er að ræða mikil og almenn tjón, eins og t. d. þau er urðu í febrúar 1981. Þá varð sjóðurinn að afla sér fjár með lánum með fyrirgreiðslu og ábyrgð ríkissjóðs. Möguleikar Bjargráðasjóðs til að veita fyrirgreiðslu vegna tjóna, sem ekki er tryggt fyrir, velta þess vegna á því, um hve mikið tjón er að ræða hverju sinni eða á hverju ári. Stjórn Bjargráðasjóðs getur ekki samþykkt fyrirgreiðslu, t. d. í formi óverðtryggðra lána með „byggðasjóðsvöxtum“ eins og var 1981, nema sjóðurinn njóti til þess sérstaks stuðnings.

4. Lög um Viðlagatryggingu tóku gildi 1. janúar 1983. Nauðsyn þótti bera til þess að hafa allrúman aðlögunar- og undirbúningstíma vegna framkvæmda þessara laga.

5. Samkvæmt 66. gr., 5. tölul. skattalaga nr. 75/1981 skal skattstjóri taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á að maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.

Efri deild, 30. fundur.

Miðvikudaginn 19. jan., kl. 2 miðdegis.

Sektarmörk nokkurra laga, frv. (þskj. 249). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., fjallar um sektarviðurlagaákvæði í 74 lögum sem hafa að geyma ákvæði þar sem sektin er tiltekin krónutala. Frv. þetta er framhald þeirrar endurskoðunar sem hófst með framlagningu og samþykkt frv. á síðasta þingi, þar sem breytt er sams konar ákvæðum 52 laga. Með þessu frv. má telja að tæmd séu þau lagaákvæði sem hafa tiltekna krónutölu sektar og ástæða er til að ætla að hafi raunhæft gildi.

Skrá sú sem hegningarlaganefnd lét taka saman um slík lagaákvæði hafði upphaflega að geyma um 200 ákvæði. Við athugun ráðuneytanna á ákvæðum þessum voru allmörg þeirra talin úrelt eða þýðingarlaus þannig að eftir standa 126 ákvæði og þar af hefur 52 þegar verið breytt.

Tilgangurinn með þessari breytingu á sektarákvæðunum er að færa sektarupphæðina undir ramma almennra hegningarlaga og nægir því að breyta sektarfjárhæðinni í 50. gr. hegningarlaganna til að sektarviðurlög fylgi verðlagsþróuninni. Hámark sektar er nú 1 millj. kr., en því hámarki þarf væntanlega að breyta fljótlega.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 210). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ljóst er að lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þarfnast endurskoðunar. Ég óskaði eftir því í októbermánuði s. l. við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að hún tæki sér fyrir hendur að endurskoða lög um lífeyrissjóðinn. Fannst mér viðurhlutaminnst og eðlilegast að sjóðstjórnin sjálf annaðist þetta verk fremur en sérstök nefnd væri skipuð til þess, en í sjóðstjórn eiga sæti fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, frá Bandalagi háskólamanna og frá ríkinu.

Stjórn lífeyrissjóðsins er sammála um það og sammála fjmrn. um það, að heildarendurskoðun á gildandi lögum um lífeyrissjóði sé fullkomlega tímabær, en bendir á að sú endurskoðun taki nokkurn tíma. Á hinn bóginn hefur sjóðstjórnin komist að þeirri niðurstöðu, að nokkur atriði í gildandi lögum séu þess eðlis að ekki þoli bið að þeim verði breytt, í öllu falli ekki langa bið, og þess vegna er það ósk sjóðstjórnarinnar að gerð sé nú í vetur lagfæring og breyting á lögunum, en að aðrar breytingar bíði heildarendurskoðunar. Sjóðstjórnin hefur því samið það frv. sem hér liggur fyrir og ríkisstj. flytur það óbreytt.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram í þessu sambandi, að það er fullt samkomulag í sjóðstjórninni um afgreiðslu þessa máls, bæði með fulltrúum ríkisins og fulltrúum opinberra starfsmanna. Hérna er um að ræða nokkur sanngirnismál, sem eru að öllu samanlögðu tvímælalaust bæði til hags fyrir ríkisvaldið og ríkissjóð og til hags fyrir einstaka sjóðfélaga.

Það meginatriði sem mestu máli skiptir í þessu sambandi er það ákvæði 1. gr. frv. að ellilífeyrir, örorkulífeyrir og makalífeyrir skuli miðaður við starfshlutfall sjóðfélaga, þegar á ævina er litið í heild, en ekki þegar hann lætur af störfum, eins og nú er. Nú er það svo, að maður, sem er búinn að vera í fullu starfi allan sinn starfstíma og fer svo í hálft starf seinustu 5 ár ævinnar, fær ekki nema hálfan lífeyri meðan aftur á móti maður, sem hefur verið í hálfu starfi kannske alla sína ævi, en fer svo í fullt starf seinasta árið, — bara seinasta árið, — fær fullan lífeyri. Auðvitað sjá allir að þetta er ekki neitt réttlæti og því er hér gerð ný till. sem gerir ráð fyrir að miðað sé við starfshlutfallið í heildina tekið. En 1. gr. mundi þá orðast svo, með leyfi forseta:

„Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu".

Já, það er reyndar ekki þessi grein sem hér um ræðir, heldur er það næsta grein, en það er kannske óþarfi að vera að lesa þessar greinar upp.

Ég bendi sem sagt fyrst og fremst á það, að þetta er meginbreytingin sem í lögunum felst og sú langsamlega mikilvægasta og þetta er sanngirnismál. Vissulega geta menn þá ekki lengur notfært sér að fara fram hjá anda laganna með því að vera í hálfu starfi mestalla ævina og ná sér svo í fullan lífeyri með fullu starfi á seinasta árinu, sem menn vissulega hafa eitthvað gert, en mér sýnist að hitt sé þó mikilsverðara, að menn geti minnkað við sig starfið á seinustu starfsárum sínum án þess að þurfa að gjalda fyrir það í lífeyri. Það er það sem opinberir starfsmenn leggja að sjálfsögðu mesta áherslu á.

En það var að sjálfsögðu rétt, sem ég nefndi hérna áðan, að það er 1. gr. sem fjallar um þetta atriði. Mér sýndist eitt andartak að ég væri að fara með rangt mál og þess vegna las ég ekki greinina alla, en það er að sjálfsögðu misskilningur. Það segir hér skýrt og greinilega að sjóðfélaga sé heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár.

Um 2. og 3. gr. frv. er það að segja, að lagt er til að þeim sé breytt til samræmis við þá nýju meginreglu að lífeyrisréttur miðist við meðaltalsstarfshlutfall sjóðfélaganna, eins og ég hef þegar tekið fram. Jafnframt er, til að taka af tvímæli, bætt við því ákvæði við 3. mgr. að sjóðfélagi, sem ekki notfærði sér 95 ára regluna meðan hann átti þess kost, skuli fá endurgreidd þau iðgjöld sem hann hefur greitt umfram 32 ár í fullu starfi.

Eins og kunnugt er eru tvær reglur gildandi í sambandi við lífeyrisrétt opinberra starfsmanna. Önnur reglan er sú, að menn geta komist á fullan lífeyri 65 ára gamlir og fá þá fullan lífeyri ef þeir hafa greitt í lífeyrissjóð í 32 ár. Hin reglan er sú, að ef samanlagður starfsaldur og ævialdur nær 95 ára lágmarki geta menn komist á lífeyri um sextugsaldur. Nú er hugsanlegt að maður notfæri sér ekki 95 ára regluna og greiði áframhaldandi eftir að þessum 32 ára tíma lýkur til þess að fá hærra hlutfall, en nýti sér hins vegar réttinn aldrei. Þá er hér gert ráð fyrir að hann eigi þess kost að fá endurgreitt úr sjóðnum.

Samkv. 12. gr. lífeyrislaganna eiga sjóðfélagar í lífeyrissjóðnum rétt á ellilífeyri, þegar þeir láta af störfum vegna aldurs, miðað við það starf sem þeir gegndu síðast, eins og ég hef þegar tekið fram og er einmitt aðalviðfangsefni þessara laga. 4. gr. lýtur raunar einnig að þessu atriði og þar segir skýrt og greinilega hver skuli vera upphæð ellilífeyris, við hvað hann skuli miðaður. Aðalreglan er þar, eins og menn þekkja, að menn fá 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri upphæð fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf, en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Fleiri greinar lúta að þeim breytingum sem hér er verið að gera og vil ég sérstaklega nefna í því sambandi 6. gr. og 7. gr., en 6. gr. fjallar um makalífeyri. Í þeirri nýju grein, sem hér er gerð till. um, er gert ráð fyrir að upphæð makalífeyris sé helmingur af áunnum lífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitir honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið, hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim sem hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Raunin hefur verið sú, að makalífeyrisréttur hefur verið helmingur af áunnum lífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga að viðbættum 20% af þeim launum sem ellilífeyrir hans hefði verið miðaður við. Þær breytingar, sem felast í 7. gr. þessa lagafrv., munu, ef að lögum verða, auka verulega ellilífeyrisrétt þeirra sjóðfélaga, sem hafa verið skemur en 15 ár í sjóðnum, en náð þó þriggja ára lágmarkinu, eins og síðar verður vikið að, og hafa þá hætt aðild sinni þar af öðrum ástæðum en elli og örorku. Lífeyrisréttur maka þeirra sjóðfélaga hækkar þá sjálfkrafa að sama skapi. Því er lagt til að 20% viðbótarlífeyririnn falli niður í þessum tilvikum nema hinn látni sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Vissulega er ljóst af því sem ég hef hér sagt, að þessi

breyting er í raun og veru skerðing á rétti sjóðfélaga. Hún er skerðing á þeim rétti sem þeir mundu hugsanlega öðlast við aðra breytingu sem gerð er á frv.

Eins og ég gat um er gerð sú breyting samkv. 7. gr. frv. að menn njóta verðtryggðs lífeyris eftir að þeir hafa verið 3 ár í störfum hjá ríkissjóði eða ríkisstofnunum. En í dag er það svo, að menn geta verið allt að 15 ár í störfum hjá ríkinu án þess að njóta verðtryggðs lífeyris. 7. gr. er sem sagt veruleg réttarbót fyrir sjóðfélaga með því að verið er að færa þetta lágmark úr 15 árum niður í 3 ár, og er ekki hægt að sjá nokkra sanngirni í því að menn þurfi að hafa verið 15 ár í störfum hjá ríkinu til þess að njóta verðtryggðs lífeyris, en 6. gr., sem ég var að mæla fyrir hér rétt áðan, felur það í sér að makar þessara manna, sem eru í störfum hjá ríkinu 3-15 ár, fá ekki aukinn rétt við þann rétt sem starfsmennirnir sjálfir fá við að hafa verið skemur en 15 ár í störfum. Það þykir sem sagt ekki eðlilegt að þessi sérstöku hlunnindi makanna, að þeir fá 20% viðbót við hálfan lífeyrinn, gildi alveg óháð því hvað maðurinn hefur verið lengi í störfum. T. d. hefur maður verið 3–4 ár í störfum, svo að maður taki dæmi, en hættir svo. Síðan líða kannske nokkrir áratugir og þá deyr hann. Þá vaknar upp réttur makans til þess að fá 20% lífeyri eftir hinn látna, þó að hann hefði sjálfur aldrei getað fengið nema brot af þessum réttindum þegar hann hefði komist á ellilífeyrisaldur.

Þessar tvær greinar eru sem sagt samtengdar, 6. gr. og 7. gr. 7. gr. felur í sér ótvíræða réttarbót í þágu opinberra starfsmanna á þann hátt, að menn þurfi ekki að bíða 15 ár eftir því að fá verðtryggðan lífeyri. Þeir þurfa aðeins að hafa verið í störfum hjá ríkinu í 3 ár til þess, en réttur maka til að fá 20% af launum eftir að hinn opinberi starfsmaður hefur fallið frá er áframhaldandi bundinn við að maðurinn hafi verið í störfum í a. m. k. 15 ár, enda þykir ekki eðlilegt að makinn öðlist meiri rétt en lífeyrisþeginn sjálfur gat öðlast vegna starfa sinna í þágu ríkisins. Þetta kann að þykja nokkuð snúið og flókið, en þarna hefur sjóðstjórnin kannað þetta mál alveg niður í kjölinn og kemst að þeirri niðurstöðu að vissulega verði að gera breytingar í báðar áttir, ef fyllstu sanngirni og fyllsta réttlætis eigi að gæta í þessu sambandi.

Að lokum vil ég benda á 8. gr. frv., sem er ákaflega mikilvæg grein frá sjónarmiði ríkisins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum samkv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánum.“

Hér er sem sagt verið að skuldbinda lífeyrissjóðinn til að ávaxta eigi minna en 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Það hefur tíðkast um nokkurt skeið, líklega síðan lögunum var seinast breytt 1980, að lífeyrissjóðurinn taki á sig þá kvöð að ávaxta hluta af útlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, en með þessu frv. er sú kvöð stórlega aukin. Hins vegar er ótvírætt að ekki er þetta lakari ávöxtun en sú að lána sjóðfélögum fé sjóðsins. Þetta er að sjálfsögðu heldur hagstæðari ávöxtun, enda eru verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs með allra hagstæðustu lánakjörum sem tíðkast á markaðnum. Það var hins vegar samdóma álit stjórnarinnar að mæla með því að á þetta yrði fallist og vil ég mjög eindregið fagna því, að sú hefur orðið niðurstaðan, því að þetta er mjög hagstætt um leið fyrir lánsfjáráætlun ríkisins hverju sinni.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þeim breytingum sem felast í þessu frv. Meginbreytingarnar eru fyrst og fremst þessar, að tekin er upp ný viðmiðun hvað snertir greiðsluhlutfall til sjóðfélaga og er nú miðað við það starfshlutfall sem fundið er út miðað við starf mannsins yfir ævina alla. Einnig er verðtryggður lífeyrir nú til boða, jafnvel þótt menn hafi verið skemur í störfum hjá ríkinu en 15 ár, þó menn fari niður í 3 ár, og stærri hluti af heildarútlánum lífeyrissjóðsins er nú ávaxtaður með verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Þetta mundi ég hiklaust telja langmikilvægustu ákvæðin sem felast í þessu frv.

Önnur ákvæði eru meira eða minna afleiðing af þessum þremur meginbreytingum sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja, en vil mjög eindregið hvetja hv. fjh.- og viðskn. til að hraða störfum sínum að þessu frv., sem alger samstaða varð um í stjórn sjóðsins, þannig að sem fyrst megi afgreiða þetta mál héðan frá deildinni, og ég legg mjög mikla áherslu á að frv. þetta geti orðið að lögum á þessum vetri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 19. jan., kl. 2 miðdegis.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 248). – Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Þingsköp.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þetta mál sem hér á nú að taka á dagskrá og til 1. umr. hefur verið lengi á dagskrá. Um það atriði þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum. Framlagning þess dróst í margar vikur í upphafi þings. Til að rökstyðja þann drátt beitti hæstv. forsrh. á sínum tíma meiri kímnigáfu en hann hafði áður sýnt, þegar hann sagði að það stafaði af óeiningu innan stjórnarandstöðunnar að hann treysti sér ekki til að leggja málið fram. Allir vissu þó hið rétta.

Innan ríkisstj. var þá sem oft áður og síðar ágreiningur um framlagningu fylgifrv., svo sem um orlof og nýtt viðmiðunarkerfi. Orlofsfrv. kom fram að kröfu Alþb., en Framsfl. lét hins vegar af kröfu sinni um að viðmiðunarfrv. yrði lagt fram í tengslum við staðfestingarfrv. brbl. En um þetta ætla ég ekki að fara frekari orðum að þessu sinni eða gera það frekar að umræðuefni. Mál þetta er loks komið frá fyrri deild og því má út af fyrir sig fagna.

Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs um þingsköp til að gera grein fyrir því að ég hefði farið þess á leit við hæstv. forseta deildarinnar að 1. umr. um þetta frv. færi ekki fram fyrr en á mánudaginn kemur. Við þessari beiðni varð hæstv. forseti ekki, að ég ætla vegna andstöðu hæstv. forsrh., en á því koma væntanlega skýringar hér á eftir. Ég ætla því hér í hv. þd. að ítreka þá kröfu að umr. verði frestað til mánudagsins 24. þ. m. Ástæður fyrir þessari kröfu eru ósköp einfaldar. Það verður ekki séð að nein nauður reki ríkisstj. til að knýja málið fram nú í dag gegnum 1. umr. og koma því þannig til nefndar.

Í fyrsta lagi hefur ríkisstj. fyrir löngu komið fram þeim vilja sínum að skerða kjör manna eins og brbl. ákváðu og staðfesta á með þessu frv.

Í öðru lagi verður ekki séð að óbætanlegur tími tapist þótt málið bíði í nokkra daga. Það verður ekki unnt að boða til fundar í fjh.- og viðskn. Nd. þar sem formaður n., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, er erlendis í erindum Alþingis og getur því varla haldið fund í n. í þessari viku þótt hann sé væntanlegur heim á morgun. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki með þessum orðum að gagnrýna þessa fjarveru hv. formanns n. Hann er í opinberum erindagerðum erlendis.

Úr þessu hefði kannske mátt bæta með því að varaformaður n., hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, kallaði nefndina saman. Hann er hins vegar erlendis líka, en í einkaerindum að því er ég best veit, og getur þess vegna ekki leyst úr þessum vanda. Sjálfsagt hefði hann hins vegar notið þess að stjórna nefndarfundi, sem fjallaði einmitt um þetta mál, kjaraskerðingu þess fólks sem hann telur sig sérstaklega í forsvari fyrir og úthlutun láglaunabótanna, sem fóru víst eitthvað annað en ætlunin var.

Í þriðja lagi sýnist full þörf á því að þeir menn sem leiða eiga nefndarstarfið við meðferð þessa máls séu viðstaddir 1. umr. hér í deild, þar sem ætla má að skýringar verði gefnar á þeim atriðum sem ekki fengust rædd að ráði í hv. Ed. í gær og samkomulag varð um þar að skyldu athuguð í sameiningu af hv. fjh.- og viðskn. Ed. og Nd.-nefndinni. Það sýnist t. d. full þörf á að þessir aðilar hlusti á hæstv. sjútvrh. þegar hann mælir fyrir brtt. sinni um ráðstöfun gengismunar, þessara milljónatuga sem útbýta á til frystihúsa og fiskvinnslustöðva um allt land að því er maður heyrir – eða kannske á ekkert að flytja þessa till. hér við 1. umr. málsins. Hún hefur verið flutt í sjónvarpinu og það á kannske að duga.

Þessar ástæður saman og raunar hver um sig ættu að nægja til þess að orðið yrði við svo sjálfsagðri kröfu sem þeirri að fresta umr. til mánudagsins næsta.

Ég hef hér í stuttu máli rökstutt þessa beiðni mína. Verði henni enn hafnað, þá bið ég um skýringar hæstv. forseta á því hvers vegna hann getur ekki orðið við beiðninni. Og ég spyr: Er eitthvert ákvæði í þessu frv. sem ekki hefur enn komið til framkvæmda? Er von á brtt. við frv. sem kallar á skjóta afgreiðslu Alþingis? Eða getur það verið að hæstv. ríkisstj. þurfi sérstaklega á viðveru eða fjarveru tiltekinna þm. í deildinni að halda, til þess að fá fram afgreiðslu á málinu sem henni kann að vera þóknanleg?

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa miklu fleiri orð nú um þetta mál. Ef hæstv. forseta þykir sem hér sé hreyft spurningum sem öðrum en honum beri að svara, þá ætla ég að hér í þingsalnum finnist menn sem geta þar hlaupið undir bagga.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm., formaður þingflokks Sjálfstfl., og ég ræddum um það í morgun sem hann hefur farið fram á. Ég tjáði honum mína skoðun á því og skal endurtaka það hér. Þetta mál hefur verið um það bil í tvo mánuði fyrir Alþingi. Þetta hefur hlotið meiri umfjöllun í umræðum manna og í fjölmiðlum heldur en flest önnur mál sem legið hafa fyrir þingi. Ed. Alþingis hefur haft málið til meðferðar og afgreitt það frá sér eftir að hafa lagt í það gífurlega mikla vinnu, haldið fjölmarga fundi, fengið greinargerðir og umsagnir margra sérfræðinga og fulltrúa stofnana og félagssamtaka. Fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. hafa unnið saman að málinu þennan tíma. Það mætti hugsa sér í fyrsta lagi að ástæðan fyrir þessari beiðni núna um að fresta 1. umr. málsins hér í deild væri byggð á því að hér væri nýtt mál sem menn þyrftu að kynna sér nánar. En því er ekki þannig varið, það er nú síður en svo, þannig að sú ástæða að menn séu kannske ekki tilbúnir til þess að ræða málið hér er náttúrlega ekki frambærileg.

Í öðru lagi færir hv. þm. fram þá ástæðu að formaður þeirrar nefndar sem væntanlega fær málið til meðferðar, fjh.- og viðskn., sé ekki staddur hér og sé erlendis. Það er kunnugt að sá hv. þm., Halldór Ásgrímsson, er að gegna sínum skyldustörfum í forsætisnefnd Norðurlandaráðs nú í Stokkhólmi til undirbúnings þingi Norðurlandaráðs sem hefst í næsta mánuði. Hann kemur heim á morgun. Hann tjáði mér það í símtali í morgun að hann hefði þegar boðað fund í fjh.- og viðskn., miðað við það að málinu yrði vísað til n. nú, hafði boðað hann strax á föstudagsmorgun. Að fresta 1. umr. máls frá því nú á miðvikudegi og fram í næstu viku, vegna þess að ekki verði haldinn fundur í viðkomandi nefnd fyrr en á öðrum degi, ég hef aldrei heyrt slíka röksemd fyrr á þingi, að 1. umr. ætti að bíða af slíkri ástæðu.

Varðandi það að formaður fjhn., sem er staddur á þessum fundi forsætisnefndarinnar, sé ekki staddur hér við 1. umr. til að svara hugsanlegum fsp., sem menn ætla að beina til hans, hélt ég að fsp. út af frv. ætti fyrst og fremst að beina til þess ráðh. sem flytur málið, sem er ég. Auk þess er að sjálfsögðu sjútvrh. tilbúinn til þess að svara fsp., sem menn vilja trúlega beina til hans í sambandi við þetta mál, þannig að þegar ég lít yfir þær ástæður sem færðar eru fram fyrir þessari frestun, þá sé ég ekki að ein einasta þeirra sé frambærileg. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að farið sé að taka málið út af dagskrá hér og fresta því í marga daga af slíkum átyllum, enda er öllum vitanlegt að það er allt annað sem vakir fyrir hv. þm. Hann er að reyna að tefja málið af sérstökum ástæðum sem öllum eru kunnar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Við þær aðstæður sem eru nú í þinginu hlýtur það að liggja alveg ljóst fyrir að svo best þokar málum hér fram og til afgreiðslu að um það sé skikkanlegt samkomulag í Alþingi milli forseta og þingflokka. Hingað til hefur verið leitast við af hálfu forseta og formanna allra þingflokka að ná ávallt samkomulagi um slík mál og hefur það yfirleitt ávallt tekist. Hæstv. forsrh. hefur sjaldnast átt þar aðild að.

Það kom fram í umr. um þetta mál í Ed. Alþingis í gær að sérstaklega var óskað eftir því að þeir Ed.-menn fengju í fyrsta lagi upplýsingar um framkvæmd þeirra láglaunabóta sem greiddar hafa verið samkv. ákvörðunum hæstv. fjmrh. í reglugerð og mjög hafa verið gagnrýndar. Í öðru lagi að þeir fengju ráðrúm til að fjalla um till. frá hæstv. sjútvrh. til breytinga á því frv. ríkisstj. sem hæstv. forsrh. segir að sé búið að liggja hér á Alþingi í tvo mánuði og menn ættu því að hafa haft nægan tíma til að skoða og koma fram breytingum við.

Þessi brtt., sem boðuð var í sjónvarpi, kom ekki frá stjórnarandstöðunni. Hún var boðuð af málsvara ríkisstj., hæstv. sjútvrh., þannig að mánuðirnir tveir virðast ekki hafa dugað hæstv. ríkisstj. Stjórnarandstæðingar féllust engu að síður á það, til að greiða fyrir málum í Ed. Alþingis, að hverfa frá þeirri ósk sinni að fá að fjalla um þessar tvennar upplýsingar í þeirri deild, en greiða fyrir afgreiðslu málsins úr Ed. í gær og töldu sjálfsagt að verða við þeim tilmælum. Á sameiginlegum fundi með formönnum þingflokka og forsetum, bæði deildarforsetum og forseta Sþ., sem haldinn var í dag, komu fram tilmæli um það að 1. umr. yrði ekki látin fara fram núna af ýmsum ástæðum, m. a. þeirri að allar horfur eru á því að sú nefnd sem á að fjalla um þetta mál, fjh.- og viðskn., geti ekki haldið fund um málið í þessari viku og því skipti það engu máli hvenær 1. umr. færi fram með hliðsjón af afgreiðslu málsins hér í deild.

Hæstv. forsrh. var ekki á þessum fundi í hádeginu fremur en hann hefur yfirleitt sótt þá fundi, þar sem reynt er að ná samkomulagi um afgreiðslu þingmála hér á þessum dögum, eftir að hæstv. ráðh. hefur misst nauðsynlegan stuðning við ríkisstj. sína. Á þessum fundi var nefnilega upplýst að það stæði til að boða fjh.- og viðskn. saman til fundar kl. 9 n. k. föstudagsmorgun, eins og ráðh. var að upplýsa. En það kom einnig fram á þessum fundi að búið er að boða tvo þm., sem eiga sæti í þessari nefnd, til fundar í kjördæmi sínu, að tilhlutan hæstv. félmrh., til þess að vera við vígslu á heilsugæslustöð sem til stendur að vígja á Ísafirði kl. 2 n. k. laugardag. Ef menn ætla að komast á þann vettvang verða menn að fara með flugi frá Flugfélagi Íslands á föstudag. Það lá m. ö. o. fyrir að tveir af nm. í fjh.- og viðskn. deildarinnar mundu ekki geta sótt fund í fjh.- og viðskn. á föstudegi, því að þeir væru búnir að binda sig annars staðar. Það lá sem sé fyrir að jafnvel þó hv. formaður n. kæmi til fundar í n. á föstudagsmorgun, þá væru allar horfur á að ekki næðist lögmætur fundur. Hins vegar var strax fallist á það af öllum aðilum að þessu samkomulagi, sem samkomulagstilraunir reyndu að gera, að boða til fundar í fjh.- og viðskn. strax á mánudagsmorgun, jafnvel þótt 1. umr. hér yrði ekki lokið, og þannig reyna að greiða fyrir því að þetta mál fengi eins hraða afgreiðslu úr deildinni og framast væri unnt.

Þetta var hæstv. forsrh. að sjálfsögðu ekki kunnugt, því að hann hefur ekki nú frekar en áður gert sér neitt far um að afla sér upplýsinga um hvernig viðræður standa um gang þingmála hér á Alþingi, á milli þeirra manna sem hafa verkstjórn með höndum á þeirri vinnu, sem eru forsetar þingsins. Ég mælist að sjálfsögðu ekkert undan því að taka 1. umr. um þetta mál nú þegar í stað, þó að ég hefði talið eðlilegra að menn reyndu að ná samkomulagi um þessi mál, og var tilbúinn til þess fyrir mitt leyti að greiða fyrir því, hvernig svo sem það samkomulag gæti orðið. Ég setti ekki fram neina sérstaka ósk frá okkur Alþfl.-mönnum aðra en þá að menn reyndu að ná samkomulagi. Og ég vil taka það fram að allir formenn þingflokka, sem á fundinn komu í hádeginu, og allir forsetar, sem þar sátu, voru reiðubúnir að ganga til samkomulags um þetta mál. Ástæðunnar fyrir því að ekki getur orðið samkomulag er því ekki þar að leita. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú, að meðal þeirra manna sem við sögu málsins koma er einn sem ekki hefur áhuga á því að ganga til samkomulags um störf Alþingis. Það er sá maður sem hefur misst meiri hl. sinn til þess að koma vilja sínum fram hér í þessari hv. deild.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að vekja athygli á því að þessi þingskapaumræða verður m. a. til vegna deilna á meðal þm. Sjálfstfl. á Alþingi. Ég vil að það komi skýrt fram að þessi undarlegi geðklofi í Sjálfstfl., sem við verðum vitni að á hverjum einasta degi, er stöðugt að taka á sig nýjar myndir. Ég vil vekja athygli á því að einhver mesti skollaleikur sem nú er að gerast í pólitík er sá, að það virðist svo sem flokknum sé að takast að ná í fylgi fyrir bæði sjálfstæðismenn stjórnarandstöðu og stjórnar. Ég held að þetta ósamkomulag þessara ágætu þm. Sjálfstfl. hér í þingi sé kannske einhver alvarlegasti dragbíturinn á störf þingsins. Ég vil segja það, að það skyldi þó ekki fara svo, eftir allar ádeilurnar á hæstv. forsrh., að það komi nú í ljós að hann verði einhver styrkasti stuðningsmaður Sjálfstfl. og sá sem dregur meira fylgi að honum en nokkur annar maður. A. m. k. sýnast mér prófkjör síðustu daga hafa leitt þetta í ljós.

Ég vil að þetta komi skýrt fram og menn geri sér ljóst að þetta spil Sjálfstfl. innan stjórnarandstöðu og ríkisstj. er auðvitað í augum allra manna, sem átta sig á því hvað er að ske, að verða bráðskemmtilegur skrípaleikur. Svo rennur allt í ljúfa löð eftir kosningar.

Herra forseti. Ég vildi bara benda á þetta vegna þess að þessi geðklofi, sem ég svo kalla, er að verða svo augljós og hann hefur oft og tíðum að undanförnu tafið svo fyrir þingstörfum að við hljótum að verða að vekja athygli á honum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það hefur komið fram í máli manna hér við þessar umr. um þingsköp að óskað hefur verið eftir því að umr. yrði frestað um stutta stund um brbl. sem voru sett í ágúst í sumar og voru lögð fyrir Alþingi seint og síðar meir fyrir jól og hafa síðan legið í Ed. og loks afgreidd þar í gær með miklu hraði. Það kemur jafnframt fram að hæstv. forsrh. hefur lagst gegn slíku og við því er ekkert að segja. Auðvitað hlýtur þá umr. að eiga sér stað. Það er full ástæða til þess að nefna það í þingskapaumræðum að það hafa komið fram upplýsingar í þessu máli, sem hljóta að verða til þess, að áður en efnt er til 1. umr. í

þessari hv. deild geri hæstv. ríkisstj. hreint fyrir sínum dyrum og segi hvað hún ætli að gera í ákveðnum málum, sem snerta brbl. beint, og reyndar öðrum málum líka sem snerta þessi lög óbeint.

Í fyrsta lagi sýnist mér algerlega óhjákvæmilegt að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir þeim hugmyndum sínum að ráðstafa gengismun með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í brbl. Hann þarf jafnframt að segja hv. Alþingi frá því, áður en til 1. umr. kemur, hvort hann hyggist flytja brtt. við brbl., í hverju hún verði fólgin og hvernig á því standi að til ráðstöfunar er miklu meira fjármagn en gert var ráð fyrir í upphafi. Þetta er auðvitað mál sem hefði átt að leysast í Ed., en í trausti þess að tækifæri gefist til að fá slíkar upplýsingar áður en málefnið er lagt fyrir nefnd í Nd. hlýtur maður að fara fram á að hæstv. sjútvrh. skýri út fyrir þjóðinni hvað hann átti við í þessum efnum.

Í öðru lagi vil ég lýsa yfir undrun minni á því að hæstv. fjmrh. skuli ekki sjá sóma sinn í því, þegar Alþingi kemur saman, að gera þjóðinni grein fyrir því með ræðu á Alþingi, sem auðvitað er réttur vettvangur til þess, hvernig til hafi tekist með að dreifa láglaunabótum til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Það er furðulegt að lögð skuli vera áhersla á það að 1. umr. fari fram í dag, mál fari til nefndar, þegar ekki er búið að gera grein fyrir þessu máli og það er ekki hægt — vegna þess að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er fjarstaddur og getur ekki gert grein fyrir skoðunum Alþýðusambands Íslands og Verkamannasambandsins og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar varðandi þetta mál — að ætlast til að málið verði afgreitt til n. Þar á ofan er hv. Guðmundur J. Guðmundsson varaformaður í fjh.- og viðskn. Nd. og getur þess vegna ekki látið þá nefnd starfa vegna fjarveru formanns n., hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, sem er staddur á vegum Norðurlandaráðs erlendis.

Í þriðja lagi óska ég eftir því að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því áður en þetta mál kemur til meðferðar hér í hv. Nd. hvar á vegi statt er svokallað viðmiðunarmál. Það var margoft tekið fram í dagblöðum og á Alþingi af ýmsum fulltrúum hæstv. ríkisstj. að ekki kæmi til greina að afgreiða brbl. eða fylgifrv. brbl., þar á meðal orlofslögin, nema búið væri að ná endanlegum samningum innan hæstv. ríkisstj. um svokölluð viðmiðunarmál. Nú skulum við hafa það í huga að í sumar, þegar gengið var frá brbl. í ágúst, lá fyrir samkomulag hæstv. ríkisstj. um þetta mál. Þar er skýrt tekið fram að koma skuli á nýjum vísitölugrundvelli, sem sé miðaður við nýja framfærsluvísitölu, og að auki að breyta skuli viðmiðunum kauplags og nýrrar framfærsluvísitölu á grundvelli niðurstaðna, sem þriggja manna nefnd, vísitölunefnd, sem starfar á vegum ríkisstj., komst að í sumar. Það er haft fyrir satt að Alþb. sé að reyna að stöðva þetta mál. Það hefur komið fram í fjölmiðlum oftar en einu sinni af hálfu hv. framsóknarmanna að þeir telji að fulltrúar Alþb. innan hæstv. ríkisstj. og utan séu að reyna að koma í veg fyrir framgang þessa máls. Og vitað er hver afstaða sumra forráðamanna Alþýðusambandsins er til málsins. Ekkert hefur bólað á þessu máli, þessu fylgifrv. brbl., sem nú eru komin til Nd. loksins eftir margra mánaða þóf og vist í hv. Ed. Þá bregður allt í einu svo við, að hæstv. forsrh. fer fram á það af fullum þunga að keyra skuli málið til nefndar.

Ja, öðruvísi mér áður brá. Kann að vera að jólafrí þm. hafi hæstv. ríkisstj. notað til að ná samkomulagi í þessu máli? Liggur það fyrir? Eða hefur hæstv. forsrh. gefist upp við að ná samkomulagi um málið? Þetta mál er svo brýnt, og nú þegar liðið er á árið 1983 hlýtur það að vera krafa hv. þm. og þjóðarinnar að hún og hv. þm. fái að vita hvernig á því stendur að ekki heyrist eitt einasta orð um þessi viðmiðunarmál. Þetta viljum við fá að vita. Ég veit að þetta er náttúrlega óbilgjörn krafa, áður en brbl. verða send til nefndar eftir 1. umr. hér í þessari hv. deild. Mér finnst satt að segja ekki vera til mikils mælst, en það má vel vera, að hægt sé að skýra það út og sýna fram á að þetta sé aldeilis óguðleg krafa af okkar hálfu.

Herra forseti. Til viðbótar þessu hefur það gerst, sem auðvitað hlýtur að leiða til þess að menn þurfa aðeins að hugsa sig um, að nýr flokkur hefur verið stofnaður í landinu, Bandalag jafnaðarmanna, stofnaður með pomp og prakt síðasta laugardag. Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði að það væri geðklofi í Sjálfstfl. Það kann vel að vera rétt. En í Alþfl. fyrirfinnst kannske ekki það fyrirbrigði, vegna þess að ef ágreiningur kemur upp í þeim flokki, þá hreinlega klofnar hann alveg og úr honum verða tveir flokkar. Sagði einhver að lengi mætti kljúfa eldspýtu.

Það er full ástæða til þess, þegar nýr þingflokkur stofnast, að það komi skýrlega fram frá talsmanni þess flokks hver staða hans er hér í þinginu. Er hann stuðningsmaður ríkisstj. í öllum málum eða bara sumum málum? Við vitum að hv. þm. Vilmundur Gylfason er stuðningsmaður ríkisstj. í a. m. k. þeim málum sem hæstv. sjútvrh. hafði til meðferðar um jólaleytið. En það hefur ekki komið skýrt fram hvort hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi breytt afstöðu sinni í fleiri efnum gagnvart ríkisstj. Þetta er auðvitað ástæða til að fram komi. Það er full ástæða til að þingflokkar á hv. Alþingi fái að vega og meta stöðuna með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa vegna þess að Alþfl. hefur klofnað.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að ég er reiðubúinn til að ræða um hugsanlegar breytingar á ráðstöfun á gengishagnaði strax og málið kemur til 1. umr. Slíkt á ekki heima undir umr. um dagskrá eins og hv. þm. vita. Ég legg til að við vindum okkur í 1. umr. strax og tökum málið til meðferðar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hélt nú að þessi fundur ætlaði að snúast upp í það að verða upplýsandi, þegar hæstv. sjútvrh. kvaddi sér hljóðs, vegna þess að hann ætlaði að gera grein fyrir ráðstöfun á gengishagnaði af vöru, sem ekki er seld, liggur á dýrum vöxtum, með miklum geymslukostnaði o. s. frv. Ég get ekki séð annað en eigendur útflutningsafurða þurfi á öllum gengishagnaði að halda, ef svo má segja, til þess að standa undir þeim kvöðum sem þegar hafa hlaðist á vöruna, sem enn er óseld. En hæstv. ráðh. gefur þessar skýringar þegar hann álítur rétta tímann til kominn.

En það er eitt sem ég hjó eftir hér í þessum umr. og kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf. Það náðist samkomulag með forsetum og forustumönnum þingflokkanna um frestun á því máli sem farið er fram á að fresta til mánudags. Og ef það er rétt, ég var ekki á þessum

fundi, þá vil ég með leyfi forseta lesa hér upp úr 44. gr. þingskapa Alþingis. Þar segir: „Ef farið er fram á að mál sé látið ganga út af dagskránni skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin.“ Ég sé ekki að þar hafi þingsköp verið brotin. En síðan segir áfram neðar á þessari sömu síðu: „Þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun deildarinnar getur forseti breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá.“ Eftir því sem mér skilst, þá er ekkert í þingsköpum um að neinn annar aðili geti breytt þessari ákvörðun eða samþykkt forseta. Ég lít því svo á, meðan ég hef ekki frekari upplýsingar um málið, að forseti sé búinn að samþykkja þá frestun sem farið hefur verið fram á.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa sérstökum vonbrigðum mínum yfir málflutningi hæstv. forsrh. áðan. Í máli hans komu fram slíkir endemis útúrsnúningar á því sem ég hafði sagt, að ég hef sjaldan heyrt annað eins satt að segja. Hann þóttist vera að gera rökstuðning minn að umræðuefni en talaði um allt annað mál en ég hafði talað.

Ég gerði fjarveru hv. formanns fjh.- og viðskn. að umræðuefni, rökstuddi mína beiðni um frestun með því að hv. formaður fjh.- og viðskn. væri erlendis. Ég tók skýrt fram að ég væri ekki að gagnrýna þessa fjarveru hans, vegna þess að hann er í erindum Alþingis. Ég nefndi einnig að hv. varaformaður n., Guðmundur J. Guðmundsson, væri erlendis og hann gæti þess vegna ekki kallað nefndina saman í fjarveru formanns. Ég var ekki að gera fjarveru þeirra að umræðuefni vegna þess að ég teldi að þm. þyrftu að spyrja þessa menn einhvers við 1. umr. málsins, eins og hæstv. forsrh. sagði að ég hefði gert. Þetta er alrangt. Ég sagði að ég teldi æskilegt að þeir væru hér til þess að hlusta en ekki til þess að svara einhverjum spurningum. Það er allt annað mál. Þetta eru mennirnir sem eiga að leiða málið í þingnefndinni og eiga þess vegna að vera við þegar 1. umr. fer fram.

Síðan gerir hæstv. forsrh. mál úr því að ég hafi — ja, mér skildist á honum að það hafi verið rökstuðningur fyrir mínu máli að ekki væri hægt að kalla nefndina saman fyrr en tveimur dögum eftir að málinu hefði verið vísað til nefndar. Þetta var ekki minn rökstuðningur fyrir beiðninni, alls ekki. Ég minntist ekki einu orði á að það væri eitthvað aðfinnsluvert. Ég sagði hins vegar að ég sæi enga ástæðu til þess að vera að flýta afgreiðslu málsins hér við 1. umr., vegna þess að það lægi ekkert á, það væri ekki hægt að halda fund í nefndinni. Það hefur komið hér fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að formaður n. hringdi frá Stokkhólmi og boðaði fund á föstudagsmorguninn. Það hefur líka komið fram að ákveðnir nm. í fjh.- og viðskn. geta ekki mætt þennan dag, því hefur verið lýst hér rækilega, þannig að ég get ekki séð að það verði neinn fundur á föstudag. Hann getur varla orðið fyrr en á mánudag.

Svo segir hæstv. forsrh. að þessar ástæður, sem ég færi fram fyrir beiðni minni, séu cinskis virði. Það sé allt annað sem fyrir mér vaki. Það sé að reyna að tefja málið af sérstökum ástæðum sem öllum eru kunnar. Hverjar eru þessar ástæður? Ég held að hæstv. forsrh. ætti að skýra það hér beinum orðum, en vera ekkert að tala undir rós.

Það sem hefur komið fram hér í þessum umr. er það að staðfest hefur verið að það er hæstv. forsrh. sem vill ekki samkomulag, sem gæti greitt fyrir þingstörfum, hann vill það ekki. Það hefur verið lýst hér þeim fundi, sem fram fór núna skömmu fyrir þingfund með forsetum og formönnum þingflokka, þar sem skýrt kom fram að menn væru reiðubúnir að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls á mánudaginn kemur. Ég get lýst því hér yfir, að það verður ekki gerð nein tilraun af hálfu sjálfstæðismanna á mánudaginn til að tefja þetta mál. Menn þurfa hér eðlilegan tíma til að ræða það efnislega og ég trúi því að mánudagurinn dugi til þess. Ef ekki dagurinn sjálfur, þá vænti ég að menn hafi þrek til þess að vera hér á fundi um kvöldið, á mánudagskvöld. Hvað er þá unnið við þetta annað en það að vera hér að þrátta um einskisverða hluti í raun og veru? Það er verið að sýna hver hefur valdið hér á Alþingi. Hæstv. forsrh. vill láta það koma svo skýrt fram sem verða má að það er hann, sem ræður hér vinnubrögðum, en ekki forsetar þingsins og þaðan af síður náttúrulega formenn þingflokka, þeir eiga ekkert að koma þar nærri.

Ég vil svo lýsa því yfir að ég tek ekki við neinum slettum eða útúrsnúningum frá hæstv. forsrh. um þetta efni. Ég get ítrekað hér mínar spurningar. Er eitthvert ákvæði í þessu frv. sem ekki hefur enn komið til framkvæmda? Eða er von á brtt. sem kallar á skjóta afgreiðslu Alþingis? Ég spurði að þessu áðan og ég hef ekki fengið nein svör. Það kemur ekkert annað fram en það, að það á að knýja fram 1. umr. hér með óeiningu milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég nefni það svo enn, sem raunar hefur komið hér fram í umr., að afgreiðslu málsins var flýtt í hv. Ed. í gær með samkomulagi milli þingflokkanna. Það samkomulag var gert á þeirri forsendu að nefndir beggja deilda störfuðu saman að athugun á þeim atriðum sem ekki fengust athuguð við meðferð málsins í hv. Ed. Ef þetta samkomulag hefði ekki verið gert í Ed. í gær, þá fullyrði ég að málið væri þar ennþá í umr. Og hvað er þá unnið?

Þrátt fyrir ræðu hæstv. forsrh. ítreka ég enn þá kröfu mína og ósk að þessu máli verði frestað til mánudags. Það hefur engan tilgang að vera að hefja 1. umr. hér og nú. Það er aðeins rúmur klukkutími þar til þingflokksfundir hefjast og það er einsýnt að umr. verður ekki lokið þó hún hefjist nú fyrir kl. 4.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það þing sem nú situr hefur verið um margt mjög sérstakt og einkennilegt. Ringulreið í afgreiðslu og meðferð mála hefur verið með eindæmum. Ég held að það sé öllum ljóst að ástæða þess er sú, að sú verkstjórn sem hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn hér á Alþingi eiga að hafa hefur með öllu brugðist. Það hefur þess vegna verið brugðið á það ráð nú í ríkari mæli en ég hygg að nokkurn tíma hafi verið gert áður, a. m. k. upp á síðkastið, þá meina ég nú nokkur ár aftur í tímann, að reynt hefur verið að ná samkomulagi um þingstörf á milli flokka. Það hefur gerst á þann veg að formenn þingflokka og forsetar þingsins hafa haft með sér tíða fundi til þess að reyna að ná samkomulagi um það hvernig mál gætu gengið hér fram.

Ég segi fyrir mig að mér finnst stundum að hv. 3. þm. Reykn., formaður þingflokks Sjálfstfl., hafi stundum gengið fulllangt í því að ganga til samkomulags við

hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar um það hvernig mál mættu ná fram að ganga hér á hv. Alþingi. Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað komið inn á fundi í okkar þingflokki til að skýra frá tilmælum hæstv. ríkisstj. og tilmælum stuðningsflokka hennar um hvernig haga skyldi afgreiðslu einstakra mála. Hann hefur sýnt greinilega mikla lipurð í því. Við höfum rætt þessi tilmæli, oft ekki verið sammála í þingflokknum um hvernig við þeim skyldi bregðast, en ég hygg þó að öll þessi mál hafi verið leyst hingað til á þessu þingi á þann veg, að sæmilegur friður hefur verið meðal þm. stjórnar og stjórnarandstöðu um það hvernig mál nái fram að ganga. Ég segi sæmilegur friður, því að við höfum ekki lent í miklum ágreiningi um slíkt hér á þessu annars dapurlega þingi.

Formaður þingflokks Sjálfstfl. rakti hér áðan ástæður fyrir þeirri beiðni okkar sjálfstæðismanna að þessi umr. fari ekki fram fyrr en á mánudag. Hann flutti full rök fyrir sínu máli og þær ástæður voru allar eðlilegar og hefði reyndar hver um sig átt að geta dugað. En hæstv. forsrh. brá á það ráð að snúa út úr þessum tilmælum og þeim rökum sem þingflokksformaður okkar flutti. Ég segi fyrir mig, mér finnst það t. d. óverjandi að í stórmáli sem þessu, sem snertir meginþætti íslensks efnahagslífs, skuli vera ætlast til þess að 1. umr. fari fram, að þm. flytji aths. sínar við þetta frv. án þess að formaður og varaformaður n. séu viðstaddir. Ekki vegna þess að við viljum beina til þeirra einhverjum fsp., heldur vegna þess að það er sjálfsögð og eðlileg virðing við þá þm. sem vilja ræða málið, við þá þm. sem vilja gera aths., að formaður og varaformaður þessarar nefndar hlýði á þeirra mál og geti a. m. k. gefið því gaum sem fram kemur í aths. einstakra þm. Annað er óvirðing við þingið. Annað er óvirðing við þm. þá sem vilja láta þetta mikilvæga mál til sín taka.

Ég tek það alveg skýrt fram að við sjálfstæðismenn viljum ekki tefja þetta mál. Við höfum ekki gert það hingað til, þar hafa aðrir verið að verki. Það eru nú um það bil sex mánuðir síðan þessi brbl. voru sett. Það er hálft ár síðan brbl. voru sett og við sjálfstæðismenn óskuðum eftir því þá þegar að Alþingi yrði kvatt saman til þess að hægt væri að afgreiða það mál hér á Alþingi. Það er því ekki við okkur að sakast að það hefur dregist í hálft ár að afgreiða þetta mál hér á hv. Alþingi. Þar er við aðra að sakast. Þar er við hæstv. ríkisstj. að sakast, þar er við að sakast stuðningsflokka ríkisstj., sem enn eru innbyrðis ósammála um veigamikla þætti sem tengjast þessu máli, eins og t. d. vísitölumálið.

Við hefðum að sjálfsögðu, ef við hefðum viljað tefja þetta mál, getað gert það. Við hefðum þá ekki tekið í mál að gera samkomulag í gær um óvenjuskjótan framgang málsins í Ed., bæði við 2. og 3. umr., sem fram fóru sama dag. Við hefðum að sjálfsögðu notað tækifærið þá til þess að ræða þetta mál mun betur, ef það hefði verið áhugi okkar eða ósk að tefja þetta mál. Það viljum við ekki. Okkar eina ósk er sú, að þessi umr. fari ekki fram fyrr en á mánudag, þannig að hér sé fullskipað í deildinni og menn geti rætt af fullum þunga að viðstöddum þeim nm. sem um þetta mál eiga að fjalla. Og við getum alveg gert okkur fulla grein fyrir því, það veit hæstv. forsrh. vafalaust manna best, að ef við sjálfstæðismenn ætlum að tefja þetta mál, þá getum við það ennþá. Við höfum fulla möguleika á því, bæði í þeirri nefnd sem með þetta mál hefur að gera og í þeim umr. sem hér eiga eftir að fara fram. Það er hins vegar ekki okkar ósk. Það er ekki okkar vilji að tefja málið á neinn hátt. Við höfum aðeins borið fram þessa einu ósk, sem við teljum sanngjarna og eðlilega, eins og á stendur.

En hér hefur nú, með þeirri ákvörðun sem hæstv. forsrh. greinilega stendur á bak við, verið rofinn sá friður sem verið hefur til þessa um störf þessa þings. Og ég segi fyrir mig að ég tel ekki ástæðu til þess að formaður þingflokks Sjálfstfl. sitji fundi dag eftir dag til þess að ræða við formenn annarra þingflokka eða forseta þingsins um gang mála hér í þingi. Ég mun a. m. k. innan míns þingflokks ekki taka þeim beiðnum sem hann ber inn á okkar borð jafn vel og gert hefur verið hingað til, eftir það sem hér hefur gerst í dag. Með þessari framkomu er rofinn friður um störf þessa þings.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki verða til þess að lengja þessa umr. hér. En það er vissulega orðið tímabært að ræða almennt um þingsköp, og á ég þá ekki við það sem er að gerast í dag og gerðist í gær, heldur um störf þingsins hér í vetur. Það er auðvitað raunalegt fyrir hvern einasta þm., sem vill virðingu þessa þings sem mesta, að horfa upp á það sem hér hefur verið að gerast. Og núna er þingið í algeru uppnámi, það verður að segja það eins og er. Það er á mörkunum að hægt sé að setja þingfundi, þm. eru að sinna öðrum verkefnum af öðrum ástæðum og stjórnin á þinginu er gersamlega fyrir neðan allar hellur.

Ég er þeirrar skoðunar að ef menn ætla að gera alvöru úr því að halda þessum þingstörfum áfram á sómasamlegan hátt, þá verði þeir að gera svo vel að setjast niður og ná einhverju heildarsamkomulagi, því að þessi vinnubrögð bara duga ekki og ganga ekki lengur. Það er þinginu til háborinnar skammar hvernig hér er starfað dag eftir dag. Þm. eru úti í hornum, ræða þar vandamál sín á milli, fara ekki upp í stól og skýra frá þeim eins og þeir tala um þau. Það eru allir þm. jafngáttaðir á þessum þingstörfum eins og þau hafa verið skipulögð að undanförnu. Þetta þing hefur nákvæmlega engu komið frá sér. Það hefur engin verk unnið í allan heila vetur nema afgreiða bráðnauðsynlegustu lög. Annað hefur ekki verið gert.

Ég held, herra forseti, að menn ættu bara að tala opinskátt um það sem hér er að gerast. Það sem er að gerast er það að ríkisstj. óttast um sinn hag vegna þess að það hafa orðið breytingar á þingliðinu. Þetta er nákvæmlega það sem er að gerast. Þess vegna eru þessar tafir boðaðar og þess vegna er þvælst fyrir. Ég held að menn verði að horfast í augu við það að þessi þingstörf, eins og þau nú eru, eru bara ekki líðanleg, þau geta ekki gengið svo áfram. Þeir þm. sem sinna sinni þingskyldu koma hér dag eftir dag til þingfunda. Þeir koma hingað og horfa í gaupnir sér. Það er ekkert verið að gera, það er ekki stefnt að neinu marki. Og eins og ég sagði áðan, ég held að allir ærukærir þm. ættu nú að setjast niður og reyna að ná einhverju heildarsamkomulagi um það hvernig við ætlum að ljúka þessum þingstörfum yfirleitt.

Nú styttist óðum í það að fjöldi þm. fer á fund Norðurlandaráðs. Þá verður þingið óstarfhæft í hálfan mánuð. Gera menn sér grein fyrir því? Hvenær á þingið að taka til höndum við þau verkefni sem því er ætlað að vinna að? Við siglum hér svo sofandi að feigðarósi, að

ekki tekur nokkru tali. Þjóðfélagið er bókstaflega að fara á hausinn hér utan veggja þinghússins og hér er ekkert gert, ekki nokkur skapaður hlutur. Og það er verið að ræða um brbl. sem raunverulega eru komin í framkvæmd. Að vera að tefja sig á því, til hvers? Hvaða raunsæi er fólgið í því? Þessi þingstörf eru að verða okkur öllum til háborinnar skammar. Það skyldi hver maður skoða það mál í huga sér og spyrja sig þeirrar spurningar hvort hann sé ekki sammála mér í þeim efnum. Eins og þessar deilur hér í dag, sem raunverulega þjóna engum tilgangi, engum öðrum tilgangi en þeim að segja frá því að samkomulag, sem tekist hafði, hefði verið brotið. Það er raunverulega brotið með valdníðslu að hluta til.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. Ég er ekki vanur að lengja umr. hér á þingi. En það er nú svo komið fyrir mér, ég segi það hreint út, að mér finnst að því nokkur vanvirða að taka þátt í þessum skrípaleik, bara hreint og beint vanvirða að taka þátt í þeim skrípaleik sem hér á sér stað.

Ekki meira um það. Ég ætla að leiðrétta það sem hv. varaformaður Sjálfstfl. sagði hér áðan, þegar hann gerði hv. þm. Vilmund Gylfason að þingflokki. Í mínum þingsköpum stendur að það þurfi a. m. k. tvo þm. til. Það kann að breytast, en ekki er hann orðinn þingflokkur ennþá.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er satt að segja alveg yfir mig hissa á því að þegar það gerist í þessari þingskapaumr. að lagðar eru spurningar fyrir hæstv. ráðh., sem hafa verið á allra vörum að undanförnu, sumar hverjar í marga mánuði, aðrar í styttri tíma, þá skuli ekki vera gerð ein einasta tilraun af þeirra hálfu til þess að koma hér upp og svara eðlilegum og ég held frekjulausum spurningum sem snerta hag allra landsmanna. Nú má vel vera að það hafi verið spurt út í hött. Það getur vel verið að það sé sjónarmið hæstv. ríkisstj. að það sé spurt út í hött þegar hennar eigin orð eru tekin. Það er spurt út frá eigin orðum hæstv. ráðh. þar sem þeir sjálfir hafa sett sér ákveðin markmið, t. d. um það hvernig þeir vilja afgreiða ákveðin mál, þ. á m. það mál sem hér er til umr. eða á að vera til umr., brbl. Þegar spurt er hvernig á því standi að ekkert heyrist um viðmiðunarreglurnar þá er dauðaþögn, reyndar æpandi þögn, því að það er orðið æðilangt síðan það kom skýrt og skorinort fram, t. d. hjá hv. framsóknarmönnum, að þeir töldu ekki hægt að afgreiða brbl. nema fyrir lægi samkomulag í ríkisstj. um viðmiðunarregluna. Ég fór um þetta nokkrum orðum í fyrri ræðu minni hér um þingsköp, einfaldlega vegna þess að ég tel óverjandi að umr. fari fram um brbl. hér í hv. Nd. nema það sé komið í ljós hvort um breytta afstöðu hæstv. ríkisstj. sé að ræða.

Í öðru lagi var frá því skýrt og hefur komið margoft fram í þessum umr. að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er ekki viðstaddur, en það er fjölmargt sem við hann þarf að tala við 1. umr. málsins vegna framkvæmdar svokallaðra láglaunabóta. Og það er engin ástæða til þess að koma í veg fyrir það að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson geti komið á framfæri sínum sjónarmiðum, jafnvel þótt óþægileg séu fyrir hæstv. ríkisstj. En það er greinilega það sem á að gera með því að fallast ekki á að fresta umr. um einn þingdag.

Í þriðja lagi hefur það komið fram að hæstv. sjútvrh. hefur lagt til í sjónvarpi, kannske víðar en ekki á hv. Alþingi, að breyta skuli brbl. Hann kom hingað í ræðustól og ég hélt satt að segja að hann ætlaði að svara fsp. um það hvort slík till. yrði lögð fram nú þegar. En ekkert svar kom, bara tilmæli um það að umr. fari fram í dag. Það er ljóst að hér hefur verið gerður samningur sem ekki heldur. Ég vil þess vegna taka undir með hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni þegar hann sagði: Það hlýtur auðvitað að þurfa að endurskoða afstöðuna til samstarfs formanna þingflokkanna, sem hefur verið með ágætum í vetur og leyst mörg mál, sem hljóta að koma upp í störfum hv. Alþingis þegar ríkisstj. missir starfhæfan meiri hl., þrátefli skapast og ekki er hægt að koma málum fram nema hæstv. ríkisstj. leiti til stjórnarandstöðu um afgreiðslu mála. Þetta höfum við virt í stjórnarandstöðunni, þetta höfum við skilið. Við höfum gert samninga og átt samstarf við hæstv. ríkisstj. og þá tvo stjórnmálaflokka sem að henni standa. En nú allt í einu er þessu breytt af einhverjum einkennilegum ástæðum. Eftir að við féllumst á það í gær að umr. færu fram, bæði 2. og 3. umr., samdægurs, en til þess þarf afbrigði í Ed., þá á að knýja fram 1. umr. í hv. Nd. Og því er bætt við að annarlegar ástæður hljóti að liggja að baki þegar frestunarbeiðni kemur fram af okkar hálfu.

Það er ljóst, og kom reyndar fram í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, formanns þingflokks sjálfstæðismanna, að það eru full rök fyrir því að fresta 1. umr. málsins. Málið horfði auðvitað allt, allt öðruvísi við ef hér væri um brýnt lagafrv. að tefla, ef um það væri að ræða að búið væri að leggja fram af einhverri brýnni ástæðu lagafrv. sem yrði að taka gildi sem allra fyrst. En því er ekki fyrir að fara. Hér er aðeins um staðfestingarfrv. að ræða á brbl. sem eru í fullu gildi. Hæstv. ríkisstj. hefur þess vegna enga efnislega hagsmuni af því að fá þetta mál rætt einmitt í dag. Lögin tóku nefnilega gildi í ágúst s. l. og hafi einhvern tíma átt að gagnrýna hvernig að þessum málum var staðið var það þá, að Alþingi skyldi ekki vera þegar kallað saman þegar ljóst var að hæstv. ríkisstj. hafði ekki lengur starfhæfan meiri hl. en þvingaði lögin fram utan þings. Og nú, hér um bil hálfu ári seinna, þegar beðið er um eins dags frest vegna þess að það vantar þm., það er ekki hægt að halda nefndarfundi, þá kemur í ljós að það skortir vilja til samstarfs hjá hæstv. ríkisstj.

Vilji er allt sem þarf, sagði Einar Benediktsson forðum og fleiri ágætir menn hafa tekið sér þau orð í munn. Ég veit að í þessu máli skortir aðeins viljann. Væri hann fyrir hendi, samstarfsviljinn, þá væri þetta mál auðleysanlegt. Þá færi ekki þessi umr. fram í dag heldur n. k. mánudag. Það mun verða staðið við þau ummæli, sem hér féllu af hálfu formanns þingflokks sjálfstæðismanna, að auðvitað verður þetta mál ekki tafið. Það þarf eingöngu eðlilega afgreiðslu og það þarf að ræða þegar þeir menn eru viðstaddir sem við viljum ræða við um þetta mál. Það er ekkert sem tefst, það eru engir efnislegir hagsmunir í hættu, vegna þess einfaldlega að hér er ekki um lagafrv. að tefla, heldur lög sem eru búin að vera í gildi hér um bil í hálft ár. Þetta skulum við hafa í huga, herra forseti.

Hitt er svo annað mál og snertir sjálfsagt fremur efnisumr. þessa máls, að þegar hæstv. ríkisstj. setti þessi lög í sumar var það gert til þess að ná fjórum markmiðum, þ. e. draga verulega úr viðskiptahallanum, í

öðru lagi að treysta undirstöður atvinnulífsins, í þriðja lagi að verja lægstu laun og í fjórða lagi að veita viðnám gegn verðbólgu. Þegar þessi fjögur markmið eru rifjuð upp, þá er von að vakni spurningin hvort þeim hafi verið náð, því að nú hafa þessi lög verið í gildi um langan tíma. Að sjálfsögðu hefur það ekki gerst, vegna þess að ennþá er stærsta efnahagsvandamál þjóðarinnar óleyst, en það er auðvitað vegna þrásetu þessarar hæstv. ríkisstj., sem situr gagnslaus í landinu, hefur ekki starfhæfan meiri hl. á Alþingi, kemur ekki málum fram nema með aðstoð stjórnarandstöðunnar, en þráast samt við, þannig að ekki fást skýrar yfirlýsingar um það hvenær kosningar fari fram og skýrari línur fáist í íslensk stjórnmál. Ef þessu heldur áfram, þá er von að það sígi dálítið í virðingu Alþingis, en það var eitt sinn sagt að til þessarar hæstv. ríkisstj. hefði verið stofnað til þess að bjarga virðingu þeirrar ágætu stofnunar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta smámisskilning hér.

Það á ekkert skylt við gott samkomulag formanna þingflokka og forseta að hæstv. forsrh. skuli ekki vilja fallast á niðurstöðu sem allir þessir aðilar höfðu lýst sig reiðubúna að fallast á. Ég legg áherslu á, að ef afgreiðsla mála hér í þinginu á að ganga verður þetta samstarf þingflokkaformanna og forseta að halda áfram og frekar að auka það og bæta en draga úr því. Það eru ýmis mál sem við verðum að afgreiða hér á Alþingi áður en til kosninga verður gengið og afgreiðsla á þeim málum fæst ekki nema með því að þessir aðilar, sem eru fulltrúar þm. hér á Alþingi, haldi áfram að ræðast við og haldi áfram að ná samkomulagi um afgreiðslu mála.

Ég lít ekki svo á, og vil taka það fram, að þó svo hæstv. forsrh. hafi ekki viljað fallast á samkomulag, sem allir þingflokkar voru reiðubúnir að fallast á og allir forsetar, eigi það að breyta neinu um það samstarf sem verður að vera hér á Alþingi til þess að Alþingi geti sinnt sínum skyldum við að afgreiða mál. Og ég tel mig ekki eiga neitt sökótt í þessum efnum, hvorki við hæstv. forseta Nd. né forsetana yfirleitt né formenn þingflokka stjórnarliðsins. Aðeins vil ég ítreka að ég taldi eðlilegt að fallast á þessi tilmæli, sem fram voru borin, vegna þess að það skipti ekki neinu máli um framgang málsins hvenær þessi umr. færi fram, það skipti engu máli, við værum reiðubúnir að stuðla að því að framgangur þess geti orðið með sem skjótustum og eðlilegustum hætti, m. a. þannig að fjh.- og viðskn. hefji umfjöllun um þetta mál áður en búið er að vísa því til n. Við það samkomulag stend ég fyrir mitt leyti þannig að ég er reiðubúinn að mæta á fund fjh.- og viðskn. þessarar deildar þó svo 1. umr. sé ekki lokið og þó svo málinu hafi ekki formlega verið vísað til þessarar nefndar.

Þó að mönnum gremjist að ekki skuli hafa verið hægt að ná samkomulagi við hæstv. forsrh. um vinnubrögð, sem allir aðrir aðilar að þingstörfum höfðu verið reiðubúnir að fallast á að standa saman um, þá vil ég leggja áherslu á að þar er hvorki við formenn stjórnarþingflokkanna né forseta að sakast. Við verðum að halda áfram að hafa samstarf hér í þinginu þrátt fyrir að hæstv. forsrh. vilji ekki einn þm. fallast á samkomulag sem allir aðrir þm. voru reiðubúnir að fallast á og hefur engin áhrif á gang mála hér í þinginu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þessar umr., sem hér hafa farið fram um þingsköp, eru mjög upplýsandi og skýrt og greinilega hefur komið í ljós að allir formenn þingflokka og þingforsetar hafa talið eðlilegt að fallast á ósk formanns þingflokks Sjálfstfl. um að 1. umr. þessa máls fari fram á mánudaginn. En sá sem stöðvar að þessi ósk fái framgöngu er hæstv. forsrh. einn. Ég harma þessa afstöðu hæstv. forsrh. og beini því einlæglega til hæstv. forsrh. að hann endurskoði afstöðu sína og vil í því sambandi ítreka nokkuð það, sem hér hefur að vísu að nokkru leyti komið fram í máli manna, en það er aðdragandi þessa máls.

Við vitum að þetta frv., sem hér á að vera til umr., er til staðfestingar á brbl. sem sett voru í ágústmánuði. Ég tek undir þau orð hv. 10. þm. Reykv., Friðriks Sophussonar, að ekkert ákvæði þessara brbl. hefur frestast vegna þess að staðfestingarfrv. hefur ekki verið afgreitt á Alþingi. Ég hlýt að ítreka fsp. hv. 3. þm. Reykn., Ólafs G. Einarssonar, þar sem hann spurði hvaða efnislega nauðsyn bæri til þess að 1. umr. færi fram í dag í stað þess á mánudaginn og hverju máli það skipti um framgang málsins eða afgreiðslu yfirleitt.

Ég hlýt að ítreka það og endurtaka, að í þingflokki sjálfstæðismanna var það til umr. hvernig með málið skyldi farið í Ed. Alþingis. Á það var lögð áhersla af stjórnarliðinu að málið væri afgreitt, bæði við 2. og 3. umr., á einum degi. Á það var fallist með tilvísun til þess að heitið var að þau málefni sem við vildum sérstaklega að tekin væru fyrir yrðu upplýst við meðferð málsins í Nd., en þau eru í raun þess eðlis, þessir málaþættir, sem við teljum vanupplýsta, að ástæða er til að krefjast þess að fyrir liggi fyrirætlanir ríkisstj. og greinargerð áður en málið er tekið til meðferðar eftir þinghlé, bæði í Ed. og í Nd. Þegar við þess vegna höfum fallist á að afgreiða málið úr Ed. með óvenjulega miklum hraða, vegna þess að það er svo mikilvægt mál sem hér um ræðir, þá er það hrein undantekning að bæði 2. og 3. umr. fari fram sama daginn, og er raunar lágmarkskurteisi og var venja í Ed., þegar ég átti þar sæti undir forsæti hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðars Kristjánssonar, að sýna þdm. þá virðingu að dagur liði á milli umr. En látum það vera. Inn á þetta gengum við samkv. beiðni stjórnarliðsins, en þegar við svo förum hæversklega fram á að 1. umr. verði á mánudag og þegar upplýst er að það tefur ekki afgreiðslu málsins nema um einn dag í raun og veru, þá gegnir það mikilli furðu ef hæstv. forsrh. endurskoðar ekki afstöðu sína og ætlar sér að ganga í móti því sem ekki eingöngu formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur farið fram á, heldur aðrir þingflokksformenn og forsetar þingsins hafa fyrir sitt leyti fallist á.

Ég vil rifja það upp, að meðan þetta frv. hefur verið til meðferðar í Ed. og eftir að það var rætt fyrir jólaleyfi hefur tvennt komið þar fram, sem sérstök ástæða er til að fjalla mjög ítarlega um.

Við sjálfstæðismenn höfum í þinghléi, bæði formaður þingflokks okkar og ég sem formaður flokksins, gert kröfu til þess að Alþingi fjallaði sérstaklega um þá reglugerð sem sett hefur verið um láglaunabætur. Framkvæmd þeirrar reglugerðar kom ekki í raun í ljós fyrr en þingleyfi hófst og sú framkvæmd hefur verið með þeim endemum að full ástæða er til að Alþingi fjalli um þessa reglugerð. Það er út af fyrir sig mjög óvenjulegt og á það drepið í áliti prófessors Sigurðar Líndals varðandi þessi brbl., að um réttindaafsal Al-

þingis í hendur framkvæmdavaldinu er að ræða og þetta réttindaafsal hefur haft í för með sér að framkvæmdavaldið hefur gefið út reglugerð sem hefur valdið slíkri gagnrýni og slíku misrétti að menn ljúka í raun og veru upp einum munni þar um. Það hefði verið ástæða til þess, eins og hér hefur komið fram fyrr í umr., að hæstv. fjmrh. gæfi skýrslu og gerði grein fyrir þessari reglugerð og framkvæmd hennar, ekki síst þar sem hér er um fyrsta áfanga útborgunar láglaunabóta að ræða og ætlunin væntanlega, miðað við yfirlýsingar ríkisstj., að halda áfram útborgun slíkra láglaunabóta á þessu ári.

Það hefði í raun og veru verið lágmarkskrafa, að fyrir lægi grg. um þessi efni og rannsókn fjh.- og viðskn. Ed. um þessa framkvæmd áður en málið var afgreitt úr Ed. En fyrir beiðni stjórnarliðsins og hæstv. ríkisstj. féllumst við sjálfstæðismenn á það þrátt fyrir allt, að málið fengi afgreiðslu í Ed. og yrði síðan kannað í Nd.

Ég nefni einnig í þessu sambandi annan þátt mála, sem í ljós hefur komið eftir að jólaleyfi þm. hófst, og það er yfirlýsing hæstv. sjútvrh. um að hann boðaði brtt. um ráðstöfun gengismunarsjóðs í og með af því að gengismunur reyndist meiri en áður var gert ráð fyrir, en ráðstöfun samkv. því sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið til kynna er með slíkum hætti að einsdæmi er og óviðunandi með öllu.

Það væri tilefni til umr. utan dagskrár út af fyrir sig að ræða stöðvun atvinnufyrirtækja víða um land, sem auðvitað er afleiðing af óstjórn hæstv. ríkisstj. og á sér stað þrátt fyrir að brbl. þau sem á dagskrá eru hafi gengið í gildi og þrátt fyrir að þau áttu öllu að bjarga, eftir því sem formælendur ríkisstj. sögðu í ágústmánuði s. l. þegar þau voru gefin út.

Það væri fullkomin ástæða til að ræða það hér utan dagskrár, hvers konar handahófsvinnubrögð ríkisstj. leggur fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins fram hjá Alþingi og ætlast til þess að fjármunum sé ráðstafað sem ekki er enn búið að ákveða af réttum aðilum hvernig ráðstafa á, þ. e. löggjafarvaldinu.

Við höfum beint fsp. til ráðh. varðandi þá fyrirætlun þeirra að gera brtt. um ráðstöfun gengismunar, en ekki fengið svar. Það hefði verið lágmarkskrafa í raun og veru af okkar hálfu í stjórnarandstöðu að krefjast þess að mál þetta yrði rætt og upplýst í Ed., þar sem afgreiðsla frv. hafði ekki farið fram. Við féllum frá þessari kröfu og féllumst á að afgreiða málið úr Ed. í trausti þess að réttmætt tillit yrði tekið til óska okkar um meðferð þessa frv. hér í Nd. Það skýtur því skökku við sanngirni okkar í stjórnarandstöðu varðandi meðferð þessa máls, sú ósanngirni, sem virðist eig að beita stjórnarandstöðuna varðandi ósk hennar um meðferð málsins hér í Nd., og ég trúi ekki öðru en hæst. forsrh. endurskoði afstöðu sína að þessu leyti.

Við sjálfstæðismenn höfum líka sagt að áður en þetta frv. væri tekið til umræðu þegar í upphafi í Ed. væri eðlilegt að fylgifrv. sæju dagsins ljós, sem samkvæmt yfirlýsingu ríkisstj. frá 21. ágúst s. l. var sagt að mundu fylgja þessum brbl., og þá á ég við frv. um viðmiðun nýrrar vísitölu, þ. e. hvernig reikna skyldi kaupgjaldsvísitölu eftir að neyslugrunnur framfærsluvísitölunnar hefur verið endurskoðaður. Um það hefur ekkert heyrst og um það hefur þó verið spurt, síðast í umr. rétt áðan.

Það hefði sömuleiðis verið ástæða, ef brbl. hafa slíka þýðingu varðandi efnahagsástand og lausn efnahagsvanda sem af er látið af formælendum þeirra, að spyrjast enn á ný fyrir um hvað líður fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Þegar fjárlögin voru lögð fram sagði hæstv. fjmrh. að fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin yrði lögð fram innan nokkurra vikna. Þetta mun hafa verið í byrjun nóvembermánaðar, ef ég man rétt. Umræður urðu um þetta hér á Alþingi fyrir jólaleyfi, og þá kvaðst hæstv. fjmrh., þrátt fyrir fyrra loforð sitt og fyrirheit og þrátt fyrir að í svokölluðum Ólafslögum sé sú lagaskylda á ríkisstj. að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun með fjárlagafrv., ekki geta lofað framlagningu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir jólaleyfi. En það var gengið út frá því, og orð fjmrh. gáfu það fyllilega í skyn, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun lægi á borðum þm. þegar jólaleyfi lyki. Því væri tilefni til umr. utan dagskrár sú staðreynd ein, að þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hefur ekki séð dagsins ljós og er ekki enn komin á borð þm. Ef við erum hér að ræða um frv. til l. um efnahagsaðgerðir er það lágmarkskrafa, ef við viljum fá heildarmynd af efnahagsmálum og viðhorfum í þeim efnum og útliti og framtíðarhorfum, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé til staðar.

Mér hefur borist í hendur afrit af áætlun Þjóðhagsstofnunar, dagsettri 17. janúar, til ríkisstj., þar sem er gerð grein fyrir framreikningi framfærsluvísitölu og kauptaxta á árinu 1983. Helstu niðurstöður þessarar áætlunar um verðbólgu eru þær, að hún verði 65 til 70% fyrri hluta ársins, fari yfir 70% um mitt ár, en gæti orðið minni síðustu mánuði ársins. Sagt er að hjöðnunin sé þó eingöngu undir því komin, miðað við forsendur dæmisins, að engin sérstök verðbólgutilefni komi fram, svo sem meiri háttar gengisbreytingar eða grunnkaupshækkanir. Samkv. fyrri reynslu, er þó sagt, virðist óvarlegt að treysta á slíka hjöðnun án sérstakra ráðstafana. Það skal tekið fram, að þessi áætlun er byggð á því að brbl. og áhrif þeirra og aðgerðir nái fram að ganga að fullu og öllu.

Hvað ætlast hæstv. ríkisstj. fyrir og hvaða máli skiptir hvort þetta frv. hlýtur afgreiðslu Alþingis deginum fyrr eða síðar? Það má alls ekki verða við réttlátum og sanngjörnum óskum stjórnarandstöðunnar. Það er verið að tala um ábyrgð og krefjast ábyrgðar stjórnarandstöðu. Ég vil fyrir hönd míns flokks ekki skjóta okkur undan slíkri ábyrgð, og við gerum okkur ljósa grein fyrir þeirri ábyrgð sem á stjórnarandstöðu hvílir, en það verður þó fyrst og fremst að gera kröfu um að ríkisstj. beri ábyrgð og standi reikningsskil gerða sinna, að ríkisstj. geri sér grein fyrir stöðu sinni. Einn þáttur í ábyrgðartilfinningu ríkisstj. hlýtur að vera að sýna sanngirni í meðferð mála og taka tillit til óska stjórnarandstöðu, einkum og sérstaklega þegar það hefur komið alveg skýrt í ljós í þessum umr. utan dagskrár að það hefur ekki efnisáhrif að verða við þessum óskum stjórnarandstöðunnar eða Sjálfstfl.

Hér hefur og þeim rökum — í upphafi máls formanns þingflokks Sjálfstfl. — verið beitt fyrir ósk okkar um að 1. umr. um þetta frv. fari ekki fram fyrr en á mánudag, að formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar er ekki viðstaddur í dag. Ennfremur hefur það verið upplýst, að varaformaður n. er ekki þar heldur til staðar. Nú er það eðlileg krafa og raunar sjálfsögð þingskylda nefndaformanna að vera viðstaddir umr. um þau mál sem til n.

þeirra er vísað, vegna þess að í 1. umr. um frv. eiga að koma fram þau sjónarmið þm. sem þeir æskja sérstaklega eftir að séu tekin til meðferðar í störfum þingnefndar. Það er lágmarkskrafa og sanngjörn krafa að formenn hlýði á mál þdm. Þótt sumir þdm. eigi sæti í viðkomandi þingnefnd og flokkar eigi þar fulltrúa, þá er ekki til of mikils mælst að formenn n. séu til staðar þó ekki sé nema til þess að hlýða á málflutning manna við 1. umr. svo að unnt sé að beina störfum þn. í þann farveg sem þm. telja nauðsynlegan til þess að afgreiðsla mála geti gengið greiðlega fyrir sig. Ég fullyrði að sú staðreynd að formenn þingnefndar eru ekki viðstaddir í dag, ef 1. umr. ætti hér fram að fara, er til þess fallin að tefja meðferð málsins í þessari deild og þar með lokaafgreiðslu.

Ég bið menn um að líta á þetta með sanngirni og ítreka það enn á ný að ég fæ ekki trúað því, að á ósk formanns þingflokks Sjálfstfl. verði ekki fallist. Og ég tek það fram, að hefði svo verið gert í upphafi hefðu þessar umr. utan dagskrár verið óþarfar. Þær hafa nú staðið í alllangan tíma, svo að aðeins eru eftir 15 til 20 mín. til loka þessa fundur, og það er alveg ljóst að umr. verður ekki lokið í dag, heldur hlýtur hún að frestast. Því skírskota ég enn á ný, með tilvísun til þess að það hefur ekki áhrif á hvenær mál þetta hlýtur afgreiðslu úr deildinni, til þess að orðið sé við ósk formanns þingflokks Sjálfstfl.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87)). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Áður en ég byrja að ræða um frv. sem hér liggur fyrir er óhjákvæmilegt að minnast stuttlega á atriði þau sem hér hafa verið rædd nú hátt á aðra klst. utan dagskrár.

Hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, undraðist mjög að hann hefði ekki fengið svör við fsp. sem hann bar fram til ráðh. Ég vil bara benda á að þær fsp. sem hann bar fram til okkar heyra undir efnisumr. um það mál sem nú er til umr. Hitt væri náttúrlega hrein fjarstæða og sýnir að eitthvað á hv. þm. enn ólært í þingvenjum og þingsköpum, það er ákaflega óeðlilegt, ef við færum að ræða utan dagskrár um þau atriði eða svara fsp. um þau atriði sem heyra beinlínis undir það mál sem er á dagskrá og nú er komið til dagskrár, en sem þessir hv. þm. hafa verið að tefja með málþófi. Þessi ádeila hv. þm. er því ekki á rökum reist.

Hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, hélt því fram að ég hefði spillt friði og samkomulagi milli manna í þessu máli eftir að stjórnarandstæðingar hefðu sýnt mikinn samningsvilja með því að fallast á að afgreiða þessi brbl. frá Ed. við umr. í gær. Hér talar hv. þm. af ákaflega litlum kunnugleika, að því er virðist, á því sem gerst hefur.

Þetta frv. var vikum saman til meðferðar í hv. Ed. og unnið þar vandlega af fjárhagsnefndum beggja deilda. Það var afgreitt frá n. í Ed., sem skilaði áliti í þrem nál., og það stóð til og var um það sammæli að afgreiða þetta mál út úr Ed. fyrir jól og átti ekkert að vera því til fyrirstöðu. Þá skeður það, að óskir koma fram um að afgreiða málið ekki þá. Þær óskir voru ekki síst frá frsm. Sjálfstfl. í fjhn. hv. Ed., Lárusi Jónssyni, — af eðlilegum ástæðum vegna þess að hann var mjög önnum kafinn við framsögu í fjárlagaumr. í Sþ. Við stjórnarsinnar virtum þennan vilja og þessar óskir og urðum við því að fresta 2. og 3. umr., sem átti að ljúka fyrir jól í Ed., fram yfir áramót eða þangað til þing kæmi saman að nýju. Að sjálfsögðu var þá gengið út frá því og enginn ágreiningur um það, að málið yrði afgreitt strax á fyrsta eða öðrum degi út úr hv. Ed. þegar þing kæmi saman að nýju. Sú var líka ætlun hæstv. forseta Sþ. á fyrsta degi þingsins nú, mánudaginn 17. janúar, þá yrði málið afgreitt út úr þeirri deild við 2. og 3. umr. Þetta var hans vilji, sem hann hafði tjáð þm. Eftir beiðni stjórnarandstöðunnar voru felldir niður deildafundir á mánudag til þess að unnt væri að halda þingflokksfundi, sem menn töldu að þyrfti allan þenna tíma til.

Það er því enginn sérstakur samkomulagsvilji sem stjórnarandstaðan hefur sýnt með því að afgreiða málið svo í gær í Ed. Þetta var eftir að við höfðum gengið inn á þær óskir að fresta málinu fram yfir áramót og eftir að aftur hafði verið gengið inn á að fresta málinu á mánudaginn. Þá var þetta svo sjálfsagt mál að ekki þarf um það að tala. Og það eru ómakleg ummæli hjá þessum hv. þm. að saka mig um að hafa spillt einhverjum friði í þessu og ósatt.

Þessar umr. hér utan dagskrár hafa náttúrlega verið að því leyti óeðlilegar að hv. þm. hafa aðallega verið að ræða hér um efni þessa frv., sem nú er komið til umr., og ýmislegt í sambandi við það. Ætla ég að sjálfsögðu að taka megnið af þessum umr. inn í hinar eðlilegu umr. Það er eins og ég gat um áðan búið að ræða þetta mál svo rækilega undanfarna mánuði og það búið að fá svo ítarlega meðhöndlun í Ed. að ég get stytt mjög þessa framsögu. En ég vil áður en ég byrja á því þó aðeins bæta við einu.

Þegar talað er um að það sé ósanngirni í því að fallast ekki á ósk formanns þingflokks Sjálfstfl. um að fresta umr. nú frá miðvikudegi til mánudags, þá vil ég taka það fram að í morgun átti ég viðræður við þennan hv. þm. og ég spurði hann þá, ef orðið yrði við þessum óskum hans um að 1. umr. færi ekki fram fyrr en á mánudag, hvort hann væri þá tilbúinn að semja um það hvenær málinu yrði þá lokið með þeirra samþykki í hv. Nd. Hann var ekki tilbúinn að ræða um það mál. Þess vegna hlaut að mér að koma sá grunur að það væri fyrst og fremst til þess að tefja og trufla málið sem þessar óskir höfðu fram komið, enda hef ég, eins og ég hef tekið fram áður og þarf ekki að rökstyðja frekar, ekki heyrt eina einustu frambærilega ástæðu fyrir því að víkja frá því, sem í rauninni lengi hefur staðið til, að 1. umr. færi fram hér í dag eftir að lokið væri meðferðinni í hv. Ed. Þegar ákveðið var að afgreiða málið í gær í Ed. hafði ekki í þeim umr. heyrst eitt einasta orð um að nokkuð væri óeðlilegt við að taka málið til 1. umr. á miðvikudag, þ. e. í dag, hér í þessari hv. deild. (Gripið fram í.)

Þær ástæður eru færðar hér fram að ekki sé unnt að ná saman fundi í fjhn. fyrr en einhvern tíma eftir helgi. Þetta er ekki rétt, því ég hef upplýst það og það hefur ekki verið rengt að formaður fjhn., Halldór Ásgrímsson, hefur boðað fund á föstudagsmorgun og er tilbúinn að halda fund þá og þess vegna ekki sú ástæða til að fresta málinu.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er í 1. gr. um það fjallað og ákveðið að fella niður helming verðbóta á laun 1. desember miðað við þær verðbætur sem annars

hefðu orðið á þeim degi. Í hv. Ed. eða í n. þeirri sem fjallaði um málið varð það að samkomulagi að breyta þar orðalagi, en það er engin efnisbreyting. Það orðalag, sem upphaflega var í frv., að fella niður helming verðbóta frá 1. des. var umorðað í samráði við sérfræðinga þá sem um þetta fjalla og töldu hið breytta orðalag tvímælalaust eftir þeirra skilningi og venjum. Til þess að fyrirbyggja misskilning, sem sýnilega kom upp þá, var þetta orðað þannig, að það skyldu vera þær verðbætur sem varða tímabilið 1. des. 1982 til 28. febr. 1983. Um þetta var alger samstaða, en engin efnisbreyting.

2. gr. frv. fjallar um sérstakar bætur sem greiða skuli til að bæta upp þennan tekjumissi.

3., 4. og 5. gr. fjalla um ýmis ákvæði varðandi gengismál og gengismun og til hvers honum skuli varið.

6. gr. frv. fjallar um verslunarálagningu. Var þar ákveðin hin svonefnda 30% regla, sem ekki þarf að skýra hér nánar.

7., 8., 9. og 10. gr. varða allar vörugjald, sumpart framlengingu á því vörugjaldi sem staðið hefur hér síðan 1975 og var sett það sumar með brbl., en síðan hefur verið framlengt frá ári til árs með nokkrum breytingum á prósentutölu. Ennfremur var með þessum greinum ákveðið að hækka vörugjald á tímabilinu 23. ágúst 1982 til 28. febrúar 1983 og var tilgangurinn með því tvenns konar, annars vegar að draga úr innflutningi og þar með viðskiptahalla og hins vegar að afla tekna vegna launabóta og húsnæðismála.

Í 10. gr. frv. er gerð tæknileg breyting á tollskrá, er varðar viðmiðun á gengi við tollafgreiðslu vara, og 11. gr. varðar samræmingu á verðbótahækkunum launa 1. sept. 1982, en áður hafði verið samið svo um milli verkalýðssamtaka og vinnuveitenda á almennum markaði að dregin skyldu frá verðbótahækkunum 1. des. 2.9% en til þess að þessi umsamda skerðing á verðbótum, sem um var samið á hinum almenna launamarkaði, næði jafnt til allra launamanna var þetta ákvæði sett í brbl.

Ástæðan til þess að þessi brbl. voru sett var í meginatriðum sú, að þjóðarbúið hafði orðið fyrir miklum áföllum frá því er gert hafði verið ráð fyrir þegar þjóðhagsspá var samin og þjóðhagsáætlun var til umr. hér á hv. þingi. Sú mikla breyting sem varð á s. l. ári í þjóðarbúskapnum þýddi það, m. a. vegna aflatregðu og aflabrests og heimskreppu, að horfur voru á og eru á 10% halla á viðskiptum við önnur lönd á árinu 1982, 5% samdrætti þjóðartekna á mann á því ári og vaxandi verðbólgu vegna þessara efnahagsörðugleika. Það var m. a. vitað að aflabresturinn, þ. e. bæði hvarf loðnunnar og samdráttur í þorskveiðum og óhentugri samsetning afla, hefur knúið á um miklu meiri gengisbreytingar á s. l. ári en ella hefðu orðið og þar með valdið nokkrum og verulegum hluta hinnar auknu verðbólgu.

Í yfirlýsingu ríkisstj., sem kemur fram í grg. þessa frv., sem ég þarf ekki að rekja hér frekar, er svo greint frá því hver helst séu markmið þau sem ríkisstj. hyggist vinna að með þessum brbl., eins og að draga verulega úr viðskiptahalla og reyna að treysta á þann veg undirstöður atvinnulífsins að unnt sé að tryggja næga vinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi, draga úr vixlgangi kaupgjalds og verðlags. Það er auðvitað ljóst að 1. gr. frv. hefur orðið til þess, en samkv. henni nam niðurfelling verðbóta á launum um 7.7%. Hún hefur orðið til þess að verðbólgan hefur ekki vaxið eins og hún hefði gert án aðgerða. Einnig hafa þessar aðgerðir átt sinn þátt í því að viðskiptahallinn hefur ekki orðið eins mikill og ella hefði orðið.

Ég skal með tilvísun til þess sem ég sagði áðan ekki rekja frekar efni þessa frv., en í umr., bæði nú og eins að sjálfsögðu þegar n. hefur fengið málið til meðferðar, verða auðvitað gefnar þær upplýsingar sem menn munu biðja um, ýmist í umr. eða í n., og legg ég til að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. frestað.

Þingsköp.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við teljum okkur í þingflokki Sjálfstfl. hafa fyrirheit um að hafa fullan tíma til þingflokksfundar og raunar meira vegna þess að við höfum hér boðað til þingflokksfundar raunar samkv. venju, en um það mál sem fjallað hefur verið um á milli flokka, kjördæmamálið, og þess vegna sé ekki efni til þess að hefja fund aftur hálfsex.

Forseti (Alexander Stefánsson): Til framkominna óska er sjálfsagt að taka tillit. Hins vegar var ekki ætlun forseta að ljúka umr. um þetta dagskrármál, sem hefur verið flutt framsaga fyrir, heldur yrði því frestað, en ég reiknaði með að það væri hægt að taka fyrir einhver önnur mál til að nota tímann til sjö. En fyrst það kemur fram ákveðin ósk um að svo verði ekki verður við því orðið og verður þá 2. dagskrármálið tekið út af dagskrá og sömuleiðis 3.—17. dagskrármálið. Er þá dagskrá þessa fundar lokið. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundi er slitið.

Sameinað þing, 38. fundur.

Fimmtudaginn 20. jan., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, þáltill. (þskj. 124). — Ein umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ţál. um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum, er var gerður 1973, og bókunar 1978. Í aths. sem fylgja með þessari þáltill. er gerð grein fyrir tilurðarsögu þessa samnings og hvert er innihald hans í aðalatriðum.

Þessi alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum var undirritaður af fulltrúum 73 landa á ráðstefnu sem haldin var á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London 8. okt. til 2. nóv. 1973.

Bókunin frá 1978 við alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum 1973 var undirrituð af fulltrúum 64 landa á ráðstefnu sem haldin var á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London dagana 6.—17. febr. 1978. Bókunin var fyrst og fremst gerð til þess að flýta fyrir gildistöku samningsins.

Þessi alþjóðasamningur kemur í stað alþjóðasamþykktar frá 1954 um varnir gegn mengun sjávar af

Þetta er kjarni málsins. Og það er alveg sama hvar við grípum inn í efnahagskerfið. Frjálsir dreifðir samningar og frjáls dreifð ábyrgð hlýtur að vera það sem koma skal. Þessar röksemdir hafa svo sem heyrst áður. Þær voru t. d. fluttar af þeim sem hér stendur áður en brbl. komu til framkvæmda. Ég segi það enn og aftur að ég er jafnandvígur þessu frv. nú og ég var þá, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að inngrip af þessu tagi skapi meiri vanda en þann sem því var ætlað að leysa.

Nú hefur það gerst, herra forseti, að á þingskjali 255 eru fluttar brtt. við þetta frv. til l. um efnahagsaðgerðir af hæstv. sjútvrh. Þær ganga út á það, að ráðh. sjálfum sé heimilt að færa til fjármuni í þágu einhverra ónafngreindra fyrirtækja. Ekki er nú bætt um betur með þessari viðbót. Þetta er svo botnlaus till. og í raun og veru ávísun á svo endalausa millifærða siðspillingu að engu tali tekur. Og hvaða fyrirtæki eiga þetta að vera og hvers vegna er þessi leið farin? Vond voru þessi brbl. fyrir, sem í framkvæmd hafa komið, en lengi getur vont versnað og það hefur gerst með þeirri viðbót sem hér er flutt till. um.

Og að lokum, herra forseti. Sú leið, sem lögð var til með brbl. á síðsumri síðastliðnu, er röng. Hún er röng vegna þess að hún felur í sér að einstaklingar og samtök þeirra bera ekki ábyrgð á þeim samningum sem þeir gera. Menn semja út í loftið vitandi að þeir eiga hönd upp í bakið á ríkisvaldinu seinna meir.

Sannleikurinn er sá, að samningar af þessu tagi hafa verið gerðir mér liggur við að segja áratugum saman. Ég veit ekki hvaða persónueinkennum á að lýsa þegar það er sagt að enginn maður hafi orðað þetta jafnopinskátt, að ég hygg, enginn maður í viðlíka stöðu, og hæstv. sjútvrh. þegar hann er að lýsa því sem er í kringum samninga um fiskverð. Samningur er gerður og því samtímis lýst að ríkisvaldið muni breyta þeim grundvelli sem samið er á með annars konar tilfærslum.

Það er auðvitað þetta sem verið er að gera í 1. gr. og fleiri greinum þessa frv. Það er verið að breyta grundvellinum sem samið er á. Í þessu tilfelli: Þegar frv. til laga um efnahagsaðgerðir er hér til umr. er verið að millifæra fjármagn frá launafólki til fyrirtækja vegna þess að samningar voru óábyrgir þá er gerðir voru. Þessu má lýsa sem grundvallarmeini íslensks efnahagskerfis, að menn gera samninga út í loftið, að menn gera samninga sem þeir vita að þeir þurfa aldrei að standa við og að menn treysta því að sér velviljað ríkisvald komi á eftir og leiðrétti samningana. Og hverjum er þetta ríkisvald velviljað og hefur verið árum og áratugum saman? Fyrirtækjunum í landinu. Og hvaða fyrirtækjum? Þeim fyrirtækjum sem mundu ekki annars ganga. Það er ofur einföld regla.

Hér hafa menn skipst í stjórn og stjórnarandstöðu. Mín skoðun er sú, að það er enginn munur á fjórflokkunum í þessum efnum. Þeir hafa allir leikið nákvæmlega þennan leik í kjölfar ábyrgðarlausra samninga. Hvort sem það er um landbúnaðarafurðir, um fiskverð eða um laun að ræða er komið á eftir og millifært til fyrirtækjanna sem annars mundu ekki duga. Þetta vita menn, þessu treysta fyrirtækin og svo semja menn út í loftið. Það er þetta sem hefur gerst eina ferðina enn nú og það er þetta, hvað sem annað má segja, sem hæstv. sjútvrh. lýsir hreinskilnislega, af hvaða hvötum sem það er nú annars, sem ég fer svo sem ekki út í í öðrum atriðum.

Þessi leið, herra forseti, er röng. Hún hefur gengið sér til húðar. Við verðum, þegar við brjótumst út úr þessum ógöngum, að fara aðra leið en fjórflokkarnir leggja til, — nefnilega þá, að samningavaldinu sé dreift, að ábyrgðinni sé einnig dreift og að menn og samtök þeirra beri fulla og alla ábyrgð á því sem samið er um. Auðvitað segja menn þá: Fyrirtæki þar eða fyrirtæki hér fer á hausinn og atvinnuleysisástand skapast. Það er gjald sem við verðum að greiða. — Og það eru aðrir aðilar, hið opinbera kannske, sem eru tilbúnir að taka slíkan rekstur að sér.

En það er þetta kerfi ábyrgðarleysis, hvert sem litið er, hvar sem litið er í atvinnulífinu, í landbúnaðinum, í sjávarútveginum og því miður einnig hjá hinni fámennu forustusveit launþeganna, sem tekur þátt í þessum ábyrgðarlausa leik einnig. Af þessum ástæðum, herra forseti, þá hef ég bæði verið og er andvígur þeirri leið sem hér er lögð til. Það er nóg komið af ábyrgðarleysinu, nóg komið af því að mönnum og samtökum þeirra sé ekki gert að bera ábyrgð á þeim samningum sem þeir gera.

Það er nú svo, herra forseti, að klukkan er eitthvað gengin í sjö. Ég vil enda þar sem ég byrjaði, að hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og hv. þm. Alþfl. — þeir sem eftir eru — fylgja dyggilega reglu höfðingja síns sem kölluð er „talaðu til fjögur reglan". Því miður, tilheyrandi samtökum sem eru heldur andvíg þessu fjórflokkakerfi, hvað sem þeir flokkar heita, verðum við að taka því að þeir vinna eftir reglu höfðingja síns. Ég hef ekkert meira um það að segja. En engu að síður: Þessi sjónarmið, þrátt fyrir þessa leiki, munu nú láta á sér bera víðar en hér í þingsölum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef hingað til farið að hætti höfðingja míns í þessu máli og haft um sem fæst orð og mun ekki gera þessar efnahagstillögur að umræðuefni almennt. En þegar hér kom fram í dag brtt. hlýtur, þrátt fyrir það, herra forseti, að beðið hefur verið um að málalengingar yrðu ekki hafðar í frammi, að vera eðlilegt að þm. fái að tjá sig um hana, ekki síst þar sem í dag, þegar hæstv. sjútvrh. talaði fyrir þessari till., var vitnað í skýrslu sem mér er ekki annað kunnugt um en að hafi verið dreift hér í þinginu sem trúnaðarmáli. Ég hefði ekki gert þá skýrslu að umræðuefni nema vegna þess að í hana var vitnað. Ég hef ekki heldur hugsað mér að fara að lesa skýrslu þessa upp. En það hlýtur að vekja þm. nokkra furðu að skýrsla sú sem liggur til grundvallar brtt., sem áreiðanlega er umdeild, en það er hvernig fara skuli með gengismun, skuli ekki birt þm. því að sjútvrn. er falið að fara með þetta meira og minna að eigin geðþótta, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði hér áðan. Þetta kallaði hv. þm. Vilmundur Gylfason millifærða siðspillingu, svo að líklega á ég að beina spurningum mínum til hæstv. dómsmrh., en ég mun samt snúa mér að hæstv. forsrh. í þessu tilviki.

Það sem vekur athygli er í fyrsta lagi það, að þegar við fjölluðum fyrir jólin um áætlaðan gengismun man ég ekki betur en um væri talað 120 millj. Á örfáum vikum hækkar þessi gengismunur um hvorki meira né minna en 80 millj. Sú spurning hlýtur að vakna, hvaðan upplýsingar um óseldar afurðir séu fengnar og hvað það séu áreiðanlegar upplýsingar? Að mínu viti sem þm. sem þarf að taka afstöðu til slíkra hluta eru þetta ekki nógu góðar upplýsingar. Þær verða að vera nokkru

ríkisstj., hjá Alþingi og hjá embættismönnum um meðferð þessara mála. Aðeins slík kerfisbreyting getur skilað árangri vegna þess að slík breyting er varanleg, en ekki skammtímaráðstöfun eins og bráðabirgðaaðgerð hæstv. ríkisstj.

Það frv. til staðfestingar á brbl., sem hér er til afgreiðslu, gerir á hinn bóginn einungis ráð fyrir kaupskerðingu hjá launafólki. Slík ráðstöfun ein sér er ósanngjörn og hún skilar engum árangri. Alþfl. er því andvígur þessu frv. og munu þm. hans greiða atkv. gegn 1. gr. þess. — [Fundarhlé.]

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég sé að stjórnarandstöðuarmur Sjálfstfl. og þeir þm. sem eftir eru í Alþfl. fara mjög eftir vinnureglu síns helsta heimspekings, sem hér í þingsölum var stundum kölluð reglan „talaðu til fjögur“, og hafa fylgt henni dyggilega. Ég verð að segja það, að þar sem reglan líkist höfundum sínum er það eflaust ekki vond regla.

Þetta frv. til l., sem hér er nú í fyrsta skipti til umr. í Nd. Alþingis, er samhlj. brbl. sem gefin voru út í lok sumars, áður en þing kom saman. Eins og hér hefur raunar verið lýst er þetta hefðbundin efnahagsráðstöfun fjórflokkanna, sem felur í sér, eins og segir í 1. gr. frv., að fella skuli niður helming af þeirri verðbótahækkun launa sem ella hefði orðið. Nú er það svo, að þessi aðgerð hefur þegar átt sér stað, en hún er jafnröng og fáránleg fyrir það. Hér er auðvitað um að ræða hefðbundnar millifærslur. Inngrip í launamál með þessum hætti er auðvitað ekkert annað en mjög einföld millifærsla frá launafólki og þar með til fyrirtækjanna í landinu. Og eins og hér kom fram t. d. hjá hv. 3. þm. Vestf. er það auðvitað margsannað mál að aðgerðir eins og þessar duga aldrei nema í nokkrar vikur — ef þær þá duga þann tíma.

Í fyrsta lagi er það með höppum og glöppum hver fer eftir þessu. Það er vitað að mörg miðlungs og smærri fyrirtæki í einkageira fara ekki eftir þessu og fóru ekki eftir þessu 1. des. Hins vegar bitnar þetta auðvitað til að mynda á opinberum starfsmönnum og auðvitað miklu fleiri. Í annan stað er afleiðingin af þessu launaskrið, þar sem niðurstaðan er einfaldlega sú að þessar aðgerðir eru gersamlega bitlausar.

En kjarni málsins er sá, að grundvöllurinn, sem að baki aðgerðum sem þessum er, er orðinn skakkur og fáránlega rangur og öll þessi hugmyndafræði um inngrip ríkisvaldsins í samninga, sem þó að forminu til eiga að vera frjálsir. Það er þar sem öll þessi stóra skekkja liggur. Það hefur verið hefðbundin stefna t. d. launþegasamtakanna áratugum saman að samningar skuli vera frjálsir og þeir skuli fara fram án afskipta ríkisvalds. Nú vitum við hins vegar að þetta hefur verið svona í orði, en ekki alltaf á borði, og kann íslenska hagsagan mörg dæmi þar um.

Í útvarpsumr., sem hér voru haldnar um vantraust á ríkisstj. snemma vetrar, nefndi ég það, þegar ég lýsti mig algerlega andstæðan því frv. til l. sem hér um ræðir, að þetta væri ekki leiðin sem ætti að fara og í vaxandi mæli, og ekki aðeins á launamarkaði heldur líka þegar samið er um annað, eins og fiskverð eða verð landbúnaðarafurða, yrðum við að fara inn á brautir frjálsra samninga, sem þýðir einfaldlega samningar án afskipta ríkisvalds.

Ef launþegasamtök og samtök vinnuveitenda semja um launahækkun og vísitölubindingu á einhverjum forsendum, sem þau ákveða sín á milli, kemur það löggjafanum ekkert við hvort forsendurnar eru, í gæsalöppum sagt og hugsað, „réttar“ eða „rangar“. Aðalatriðið er að þetta eiga að vera frjálsir samningar frjálsra aðila, helst í smærri einingum. En það verður þá auðvitað að ráðast eftir því hvað aðilar vilja. Ef ríkisvaldið telur sig nauðbeygt til að grípa inn í slíka samninga, sem það á helst og alls ekki að gera, á það að vera með þeim hætti að samningum sé sagt lausum og aðilar semji þá upp á nýtt.

Grundvallarhugsunin í þessu öllu verður að vera sú, að einstaklingar og samtök þeirra beri að fullu og öllu ábyrgð á þeim samningum sem þeir gera. Ef samið er óábyrgt, ef fyrirtækin semja yfir sig um launahækkun og þess utan um vísitölubindingu sem þau ráða ekkert við eiga þau að fara á höfuðið, en þau eiga ekki að geta komið alltaf og ævinlega bakdyramegin til ríkisvaldsins og krafist leiðréttingar. Og hver er svo leiðréttingin? Ævinlega sú sama. Og við erum ekki bara að tala um þessa hefðbundnu samninga um laun, heldur samninga um fiskverð t. d. og samninga vítt og breitt um samfélagið.

Það er þetta, annars vegar þetta dreifða vald, en hins vegar í raun þessi dreifða ábyrgð, sem verður að vera stefna næstu framtíðar. Það er einskis virði að það séu gerðir samningar þegar báðir aðilar, í þessu tilfelli klárlega fyrirtækin í landinu, treysta því að sér velviljað ríkisvald komi nokkru seinna og, í gæsalöppum sagt og hugsað, „leiðrétti“ samningana með því að færa verðmætið til. En það er þetta sem gerst hefur. Það er þetta sem liggur til grundvallar t. d. samningum um fiskverð þegar því er lýst yfir samtímis að gengið verði fellt til að búa til undirstöðu undir samningana.

Það er þetta algera ábyrgðarleysi samningsaðilanna sem veldur skekkjunni í þessum efnum. Það er þessi inngripastefna ríkisvaldsins sem fyrst og fremst er röng. — Og að ekki sé talað um eins og framkvæmdin á þessu varð. Í 2. gr. er talað um einhverjar 50 millj. kr. Við vitum að framkvæmdin á því var öll þannig að úr böndum fór, svo að ekki sé meira sagt.

Mér hefur sýnst að vandinn í þessu öllu sé sá, að það sé ekki svo mikill grundvallarmunur á því hvað flokkarnir fjórir eru að leggja til í þessum efnum. Þetta eru hinar hefðbundnu götur sem þeir hafa gengið hver með sínu sniði. En það er út úr þessum vítahring sem við verðum að brjótast. Við brjótumst út úr honum með því að ríkisvaldið dragi inn klærnar og að samningar séu gerðir frjálsir og menn beri raunverulega ábyrgð á niðurstöðum.

Sé vísitölukerfið eins rangt og menn stundum segja að það sé og semji menn um upphæðir sem engin innistæða er fyrir, þá eiga fyrirtækin, sem slíka samninga gera, að bera á því ábyrgð, en þau eiga ekki að eiga hönk upp í bakið á ríkisvaldinu daginn eftir, viku eftir eða mánuði eftir að samningar eru gerðir. Úr því að fyrirtækin áttu ekki 1. des. upp í greiðslur samkv. réttum samningum, sem gerðir hafa verið, hefði hugsanlega verið réttlætanlegt að gefa samninga lausa; segja, ef báðir voru sammála, bæði launamenn og eigendur fyrirtækja, að það væru engar innistæður fyrir þessum samningum og semja upp á nýtt. En að grípa inn í, taka þar og ekki hér, sú aðferð er röng og gersamlega úr sér gengin.

Alþingis. Ég vil leiðrétta þann ranga skilning hjá mörgu fólki að Alþingi hafi fengið um það að fjalla hvernig þessum láglaunabótum yrði ráðstafað. Í reglugerð, sem fjmrn. hefur gefið út án þess að leita samráðs við Alþingi eða alþm., hefur leiðin verið valin um hvernig megi úthluta þessu fé, en það er ekki nóg með það. Við þessa reglugerðarsamningu tekur fjmrn. sér vald til að breyta ákvæðum brbl. Í ákvæðum brbl. segir að þessar bætur skuli greiddar úr ríkissjóði til láglaunafólks, en reglugerðin fjallar ekki um láglaunafólk. Hún fjallar um lágtekjufólk. Það vita ýmsir þm. hér að verið getur mjög alvarlegur munur á milli annars vegar láglaunafólks, sem lögin ákveða, og hins vegar lágtekjufólks, sem reglugerðin snýst um. En það er ekki aðeins það sem hæstv. ráðh. hefur gert. Hann hefur einnig tekið sér vald til þess, sem frv. veitir honum ekki, að ákveða að fólkið sem lægstu launin ber úr býtum skuli ekkert fá. Þar held ég að hafi ekki verið skilningur nokkurs manns, hvorki í hópi almennings né í hópi þm. Í reglugerð ráðh. hefur verið sett ákvæði um að fólk, sem hafði á árinu 1981 tekjur undir 2.5 gömlum millj., skuli engar láglaunabætur fá. Hvað er láglaunafólk ef ekki þetta fólk? Hvaðan kemur ráðh. vald til að ákveða með þessum hætti í reglugerð að það fólk sem við skörðust kjörin býr skuli engar bætur fá?

Þá kom einnig fram í umfjöllun um þetta mál á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. beggja deilda fyrir áramótin, að Alþýðusambandsforustan hefði verið til kvödd til að vera ríkisstj. til samráðs um þessa reglugerðarsamningu. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fékk hins vegar ekki að vera með í ráðum. Það var alveg ljóst á forustumönnum Alþýðusambandsins, sem mættu á fundi fjh.- og viðskn., að þeir gáfu ekki yfirlýsingu um að þeir væru sammála þessari leið. En það var alveg ljóst af þeirra orðum, að þeir voru hafðir með í ráðum og þeir hreyfðu ekki neinum alvarlegum aths. við þá leið sem hæstv. ráðh. hafði valið. Núna hlaupa þessir menn hins vegar fram fyrir skjöldu, þegar liggur fyrir hvaða mistök hafa orðið við þessa úthlutun, og bera ekki aðeins allt af sér, sverja ekki aðeins fyrir að hafa komið þarna nálægt, heldur gerast allra manna harðastir í gagnrýni á framkvæmdina á því kerfi sem þeir voru hafðir með í ráðum um hvernig yrði byggt upp. Ég þurfti að óska eftir því fimm sinnum á fundi fjh.- og viðskn. í morgun áður en loksins var á það fallist að forsvarsmenn þessara aðila yrðu kallaðir á fund með n. og þeim sérfræðingum fjmrn., sem gengu frá reglunum í samráði við þessa aðila, og yrðu látnir standa þar fyrir máli sínu augliti til auglitis við þá menn sem ég veit að höfðu samráð við þá um hvernig frá málinu skyldi gengið. Látum þá sjá hvort þeir eru jafnfljótir til að fullyrða upp í opið geðið á samstarfsmönnum sínum úr fjmrn. að þeir hafi ekkert vitað og að engu verið spurðir, eins og þeir hafa gert á opinberum vettvangi. (Gripið fram í.) Nei, það er það ekki vegna þess að við vorum upplýstir um það á fundinum í morgun að ýmsar af þeim upplýsingum sem komið hefðu fram og gagnrýni eftir á frá þessum aðilum væru ekki bara byggðar á misskilningi, heldur á beinum rangindum. Þá er rétt að þeir sem fullyrða að um beinar rangfærslur og ósannindi sé að ræða standi einnig fyrir máli sínu gagnvart forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar. En það er ósköp mannlegt og skiljanlegt, að eftir að framkvæmdin hefur orðið með þessum hætti skuli menn í forustu fyrir svona voldugum almannasamtökum, sem hafa verið hafðir með í ráðum bak við tjöldin, ekki vilja við neitt kannast. Það er skiljanlegt og mannlegt, en það er ekki stórmannlegt.

Herra forseti. Alþfl. hefur lagt það til og flutt um það frv. hér á Alþingi, sem nú liggja fyrir, að í staðinn fyrir að menn taki á þessum vanda með þessum hefðbundnu aðgerðum, sem allir þekkja, dugðu í 6 mánuði fyrir 5 árum, en duga nú ekki nema í 1½ mánuð, gerbreytum við þeirri efnahagsstefnu sem skapar ávallt þennan sama vanda aftur og aftur með nokkurra mánaða millibili.

Við höfum lagt til í fyrsta lagi, að með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt verði komið á afkomutryggingu heimilanna, þar sem þjóðfélagið ábyrgist öllum þegnum sínum tiltekið lágmarkslífskjarastig, sem verðbólga, skattahækkanir og aðrir óviðráðanlegir atburðir geta ekki hróflað við.

Í öðru lagi leggjum við til að með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og fjárlögum verði stigið fyrsta skrefið í afnámi útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir í áföngum, en í staðinn verði landbúnaðinum veittur tímabundinn framleiðslu- og framleiðnistyrkur til stuðnings við nýjar og ábatasamar búgreinar og uppbyggingu iðnaðar í dreifbýlinu.

Í þriðja lagi liggur hér frammi frá okkur frv. um tímabundna stöðvun á innflutningi fiskiskipa og till. um að áhersla verði lögð á að efla hagræðingu og tækniframfarir í fiskvinnslu og breytingar í þá átt verði gerðar á lögum og reglum um lánveitingu stofnlánasjóðanna.

Í fjórða lagi höfum við lagt til að kosin verði á Alþingi nefnd til að gera í samráði við sjómenn og útvegsmenn tillögur um veiðileyfastjórn á fiskveiðum þannig að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og hagstæðustu útgerðaraðstæður fái að njóta sín.

Í fimmta lagi flytjum við frv. um að allt sparifé almennings verði samstundis verðtryggt til að tryggja hag sparifjáreigenda og skapa á ný nægilegt framboð á lánsfé. Jafnframt liggur fyrir frá okkur frv. um breytingu á útreikningsreglum lánskjaravísitölu, þannig að greiðslubyrði af verðtryggðum lánum aukist aldrei umfram hækkun verðbóta á laun.

Í sjötta lagi höfum við lagt fram hér á Alþingi frv. til að mæta sérstaklega áhrifum verðtryggingarstefnunnar gagnvart húsbyggjendum með veitingu sérstakra viðbótarlána úr bankakerfinu til húsnæðisöflunar.

Í sjöunda lagi höfum við lagt til að á næstu þremur árum verði ný erlend lán takmörkuð við skuldbreytingar og erlenda kostnaðarþætti arðbærra framkvæmda, en önnur erlend lántaka verði bönnuð með lögum.

Í áttunda lagi höfum við lagt fram frv. um að Framkvæmdastofnun ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd, en byggðastefna verði mörkuð með afgreiðslu Alþingis á fjármögnunar- og framkvæmdaáætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn.

Þetta eru ekki bara einhver falleg orð í innantómri yfirlýsingu ríkisstj. eða stjórnmálaflokks. Þetta eru allt saman þingmál, frv. að lögum, sem Alþfl. hefur lagt fram á þessu þingi og eru nú til umfjöllunar og meðferðar á Alþingi. Samþykkt þeirra mundi þýða að íslenska þjóðin væri að gerbreyta ekki bara efnahagsstefnunni sem stjórnvöld hafa fylgt, heldur líka þeim starfsaðferðum sem tíðkast hafa hjá stjórnvöldum, hjá

afla sér fjár til að geta greitt hinar svokölluðu láglaunabætur, sem áttu að hlífa verkafólki í landinu við þyngsta högginu af kjaraskerðingunni, sem varð þann 1. des. s. l.

Annað felst ekki í þessum margumtöluðu brbl. en þessar ráðstafanir: helmingslækkun á verðbótum á laun, 3% af þeirri fjárhæð endurgreiðir ríkissjóður launafólki í formi láglaunabóta, gengismun er ráðstafað til tiltekinna fyrirtækja og aðila í sjávarútvegi og vörugjaldið illræmda er hækkað. Annað felst ekki í þessum svokölluðu umfangsmiklu efnhagsaðgerðum hæstv. ríkisstj.

Um efnisatriðið ráðstöfun gengismunar get ég verið ákaflega fáorður. Til slíkra úrræða hefur oft verið gripið áður. Í meginatriðum er hér „aðeins" um að ræða millifærslu innan tiltekinnar atvinnugreinar. Það er verið að ráðstafa verðmætum, sem skapast vegna lækkunar á skráðu gengi íslenskrar krónu innan greinarinnar, og flytja það frá einum framleiðandanum til annars. Út af fyrir sig geta það verið rök, eins og hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að slíkt hafi verið gert áður. Það er hins vegar lærdómsríkt að við síðustu gengisfellingu, sem var um áramótin, var gengismunur ekki tekinn, svo hæstv. ráðh. virðist þá hafa komist að niðurstöðu um að ekki væri rétt að grípa til úrræða sem hann greip til í brbl. frá því í ágúst. En ég geri út af fyrir sig engar sérstakar aths. við þessa ráðstöfun gengismunar hér og nú. Ég mun að sjálfsögðu, eins og mínir flokksbræður, skoða brtt. hæstv. sjútvrh. við þessi ákvæði nánar. Við höfum ekki fengið hana til skoðunar fyrr en hann kynnti hana rétt áðan og munum skoða hana í sambandi við þá ráðstöfun sem frv. ella gerði tillögur um og taka afstöðu að lokinni þeirri skoðun.

Um helmingslækkun verðbóta get ég einnig verið mjög stuttorður. Það er gamalkunn aðgerð, sem oft hefur verið gripið til áður af stjórnvöldum, að reyna að hamla gegn vaxandi verðbólgu með því móti að lækka verðbætur á laun til almennings. Það eina sem er sérstakt við þessa ráðstöfun nú er e. t. v. það, að þetta er mesta launalækkun í einu vetfangi sem orðið hefur með þessum hætti. Þetta er Íslandsmet í slíkri aðgerð, sem vissulega á sér fordæmi. Engin ríkisstj. hefur áður gripið til jafnmikillar launalækkunar og gripið var til með þessari aðgerð. En það er samt sem áður e. t. v. ekki það sem er vítaverðast við þá aðgerð sem hér er gripið til og athugunarverðast.

Það er sjálfsagt að viðurkenna það, og ég skal gera það hér og nú þótt í stjórnarandstöðu sé, að við efnahagsörðugleika eins og við Íslendingar höfum átt við að etja á undanförnum árum verður því ekki forðað að allur almenningur verði fyrir kjaraskerðingu. Þegar þjóðartekjur dragast saman hljóta kjör fólksins í landinu að versna. Hitt er allt annað mál, að sú aðferð sem hér er notuð og miðast eingöngu við að hægt sé að draga úr verðbólguhraða á næstu 3–4 mánuðum skilar engum árangri þegar til lengri tíma er litið. Sú aðgerð sem á að hafa áhrif á verðbólguþróun á 3–4 mánaða tímabili hefur engin áhrif á verðbólguna þegar við horfum yfir lengra tímabil. Hvaða áhrif á verðbólgustigið í dag skyldu t. d. þær launalækkanir hafa haft sem gerðar voru fyrir einu, tveimur, þremur eða fjórum árum? Engin. Það skiptir raunverulega engu máli fyrir ástand efnahagsmála á Íslandi í dag þó svo menn hafi á síðasta ári, árinu þar áður eða fyrir fjórum árum gert einhverjar breytingar um greiðslu verðbóta á laun. Öfugmæli er að vissulega skilar slík aðgerð árangri ef menn eru að hugsa um skammtímaverðbólgumælingu til 3–4 mánaða. En sú aðgerð sem skilar árangri á þeim mælikvarða skilar engum árangri þegar til lengri tíma er litið. Sú fórn sem launafólk er látið færa með þessum hætti er fyrir fram runnin út í sandinn. Og menn vita það af reynslunni nú orðið, þegar til hennar er gripið, eins og sjá má af því, herra forseti, að áhrif af þeirri ákvörðun sem ríkisstj. tók í ágúst um að skerða verðbætur um helming í des. með brbl., eru nú þegar runnin út í sandinn. Nú er ljóst að vegna þeirra aðgerða sem gripið var til um áramótin hefur gengið verið lækkað og það er einnig ljóst, og því hefur verið lýst yfir, að áframhaldandi hröð gengisfelling blasir við okkur og hefur verið að eiga sér stað á umliðnum vikum. Áhrif þessarar gengisbreytingar á verðlagið í landinu munu þýða að núna stefnum við í um 80% verðbólgu á næstu 12 mánuðum. Við stöndum m. ö. o. í nákvæmlega sömu sporum og við stóðum í fyrir 2–3 mánuðum, áður en fólk var neytt með brbl. til að færa þá fórn sem það færði 1. des. s. l. Nú, þann 24. jan. í upphafi ársins 1983, hefur fórnin, sem fólk var látið færa með brbl. hinn 1. des. s. l., þegar orðið til einskis, þannig að verðbólguhraðinn sem nú blasir við er nákvæmlega sá sami og hann var talinn mundu verða þegar brbl. voru sett.

Árangurinn af launalækkuninni hefur sem sé enginn orðið. Fórnin hefur runnið út í sandinn á einum og hálfum mánuði. Ef menn ætla áfram að rökfæra eins og menn gerðu áður en brbl. voru sett, þá horfast menn nú í augu við það, að ef menn ætla að færa verðbólguna á næsta 12 mánaða skeiði úr 80% niður í 60% verða þeir, ef menn ætla að nota þessar heföbundnu aðferðir, að grípa til þess ráðs þann 1. mars n. k., þegar næst kemur að því að greiða verðbætur á laun, að helminga þær verðbætur út frá þeirri röksemd að ella yrði verðbólgan jafnvel yfir 80%, en með þessu móti væri hægt að fá hana niður fyrir 60. Þannig eru menn stöðugt að éta upp aftur og aftur sömu ákvarðanirnar. Eini munurinn er sá, að hraði verðbólgunnar verður stöðugt meiri. Aðgerð af þessu tagi, sem dugði kannske 6 mánuði fyrir 4—5 árum, dugar ekki lengur en í 1½—2 mánuði nú. Það er vegna þess að við erum komnir á nýtt verðbólgutímabil, nýtt verðbólguskeið. Við erum ekki lengur á skeiði 40% verðbólgu. Við erum komnir upp í 60—80% verðbólgu og launalækkanir eins og þær sem dugðu til skammvinns árangurs fyrir 5 árum í svona 6 mánuði duga ekki lengur en í 2—3 mánuði miðað við árferði núna. Þetta vildi ég aðeins segja um þá aðgerð sem felst í 1. gr. frv. og er meginaðgerð frv. Fórnin, sem launafólk var látið færa, er þegar runnin út í sandinn. Menn standa nú þegar í sömu sporum og menn stóðu í áður en brbl. voru sett og sem efnahagsaðgerð er þetta plagg ekki einu sinni pappírsins virði sem frv. er ritað á.

Um láglaunabæturnar þarf ég ekki heldur að fara mörgum orðum, því ég held að þjóðin þekki þá hörmungarsögu af eigin raun. Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun vakti ég athygli á því, að í 2. gr., um láglaunabæturnar, eru ákvæði um að ríkisstj. sé heimilt að ákveða að sérstakar bætur verði greiddar úr ríkissjóði til láglaunafólks á árinu 1982. Þetta ákvæði í brbl. sem ríkisstj. setti áleit hún að væri nægilegt umboð til sín til að ráðstafa þessum fjárhæðum sjálf og ein án atbeina

stæðingar staðið við það samkomulag, sem við buðumst til þess að gera fyrir helgina, um að greiða götu þessa máls eins og frekast við væri komið. Við Alþfl.-menn munum að sjálfsögðu standa við okkar hlut þessa samkomulags og tel ég því alveg ástæðulaust að gera ráð fyrir að ég þurfi að fresta ræðu minni kl. 4. Ég held ég hljóti að geta lokið því af sem ég þarf að flytja fyrir þann tíma. Við höfum að sjálfsögðu ekkert á móti því að ganga hér til fundarhalda í kvöld ef þurfa þykir. Þetta vildi ég að fram kæmi.

Það er út af fyrir sig ástæðulaust að fara mörgum orðum nú við þessa umr. um frv. það sem hér liggur fyrir, því að þetta frv. hefur verið mjög ítarlega rætt bæði hér í Alþingi og í opinberri umfjöllun úti í þjóðfélaginu. Ég vil þó ítreka það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan, að í grg. með frv. lofaðist ríkisstj. til þess að grípa til ýmissa ráðstafana í kjölfar setningar brbl. sem fram fór í ágústmánuði s. l. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands talaði í því sambandi um viðamiklar efnahagsaðgerðir, en ekkert af þessum viðamiklu aðgerðum hefur enn séð dagsins ljós. Ég vil því ítreka þá fsp., fyrst til forsrh. og væntanlega einnig til hæstv. félmrh., hvenær vænta megi frv. um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun og hvort ekki sé staðfest ákvörðun ríkisstj. að leggja slíkt frv. fram á Alþingi á allra næstu dögum eins og hún hefur margítrekað.

Í öðru lagi vildi ég skýra frá því, að í yfirlýsingu ríkisstj., sem fylgdi brbl., var þess jafnframt getið að viðræður yrðu teknar upp við samtök bænda um endurskoðun útflutningsbótakerfisins, sem hefur verið mjög harðlega gagnrýnt af okkur Alþfl.-mönnum eins og allir vita. Fyrir jólin var það upplýst að engar slíkar viðræður hefðu átt sér stað af hálfu landbrn., þannig að engin tilraun hafi verið gerð af hálfu ríkisstj. til að standa við þessa yfirlýsingu frá því í ágústmánuði s. l. Ég vil því ganga eftir því við hæstv. forsrh., þar sem hæstv. landbrh. er ekki í salnum – nú, hann er hér að ræða við hæstv. forsrh., þá vildi ég spyrja þá að því saman, – hvort ríkisstj. hafi nokkuð frekar gert í því máli frá því að upplýst var að ekkert hefði verið í málinu gert fyrir jólin.

Í þriðja lagi hef ég áhuga á að spyrjast fyrir um hvenær væntanleg sé löggjöf um að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til aðeins 5 ára í senn. Þetta var enn ein yfirlýsing sem fylgdi brbl. frá því í ágúst. Það hlýtur að hafa gefist meira en nóg ráðrúm til að ganga frá frv. að slíkri löggjöf. Ég óska eftir upplýsingum um hvenær við þm. megum vænta þess að fá það mál til meðferðar.

Í þriðja lagi leyfi ég mér að spyrjast fyrir um hvenær vænta megi þess að áform ríkisstj. um erlendar lántökur sjái dagsins ljós í frv. til lántökulaga, því að í 12. lið í yfirlýsingu ríkisstj. frá því í ágúst s. l. er skýrt tekið fram að erlendar lántökur muni verða takmarkaðar til samræmis við markmið um viðskiptajöfnuð og að í þessu skyni verði dregið úr heildarfjárfestingu og óbeinum aðgerðum beitt til þess að draga úr innflutningi o. s. frv. Þessi háleitu markmið hæstv. ríkisstj. munu að sjálfsögðu ekki sjá dagsins ljós fyrr en frv. til lánsfjárlaga hefur verið lagt fram hér á Alþingi og ég auglýsi eftir því. Hvenær mun það gerast?

Í fjórða lagi hefur verið gefin yfirlýsing um að ríkisstj. muni efna til viðræðna við viðskiptabanka og sparisjóði um lengingu lána til atvinnuvega og húsbyggjenda. Ég óska eftir að fá upplýst hvaða niðurstöður hafi orðið af þeim viðræðum og hvenær þess megi vænta að viðskiptabankar og sparisjóðir efni þetta fyrirheit hæstv. ríkisstj., ekki aðeins við atvinnuvegi heldur húsbyggjendur um lengingu lána þessara aðila.

Í fimmta lagi segir í tölulið 18 í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. að hún muni stefna að aukinni hlutdeild starfsmanna og meðábyrgð í stjórnun fyrirtækja og stofnana. Hér er um að ræða mikið áhugamál Alþfl., sem hann hefur flutt mörg frumvörp um á Alþingi. Við Alþfl.-menn höfum áhuga á því, og sjálfsagt sumir stuðningsmenn ríkisstj. einnig, að eitthvað gerist í þessu máli, sem ríkisstj. gaf yfirlýsingu um í ágúst. Við höfum þegar lagt fram frv. um atvinnulýðræði hér á Alþingi, sem mér vitanlega hefur ekki fengið jákvæðar undirtektir hjá ríkisstj. í heild, þó að það mál hafi fengið jákvæðar undirtektir hjá Alþb., sem á aðild að ríkisstj. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær megum við vænta þess að yfirlýsing hæstv. ríkisstj. fari að skila einhverjum árangri, a. m. k. hingað inn á Alþingi?

Loks langar mig, frekar fyrir forvitni sakir, til þess að spyrjast fyrir um það sem segir í 19. gr. yfirlýsingar ríkisstj. frá því í ágústmánuði s. l., þar sem hún tekur fram að ríkisstj. muni þar sem ástæða þykir til beita sér fyrir frestun á umfangsmiklum byggingarframkvæmdum opinberra stofnana og fyrirtækja í allt að 18 mánuði. Almenningur skildi þetta t. d. svo, að þarna væri ríkisstj. að boða frestun á hinum umfangsmiklu byggingarframkvæmdum Seðlabanka Íslands hér í Reykjavík. Ég vil spyrjast fyrir um hvaða ákvarðanir hafa verið teknar í þessu sambandi, hvaða byggingarframkvæmdum hefur verið frestað – eða hefur hæstv. ríkisstj. e. t. v. ekki séð ástæðu til að beita sér fyrir neinu slíku þegar hún skoðaði málið betur?

Þetta eru þær fsp. sem ég hef að gera við þessa umr. málsins, en öðrum fsp. gefst mér kostur á að beina til aðila í þeirri nefnd sem ég á sæti í og hefur þegar hafið umfjöllun sína um þetta mál, eins og ég sagði áðan. Það er sem sé ljóst að ég lýsi eftir þeim yfirgripsmiklu aðgerðum í efnahagsmálum sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands talaði um í samþykkt sinni og ríkisstj. á enn eftir að draga fram í dagsins ljós.

Herra forseti. Efni þess frv. sem hér liggur fyrir er að öðru leyti til ákaflega einfalt. Það felur aðeins í sér, eins og kunnugt er, fjögur efnisatriði.

Í fyrsta lagi gerir það ráð fyrir helmingslækkun á verðbótum á laun, sem kom til framkvæmda þann 1. des. s. l.

Í öðru lagi gerir það ráð fyrir að á móti skuli vera greiddar láglaunabætur í sama mánuði, sem nema samtals innan við 3% af þeirri launalækkun sem átti sér þá stað. M. ö. o. hyggst ríkisstj. endurgreiða fólki, sem laun voru af tekin í desembermánuði s. l., um það bil 3% af þeirri fjárhæð sem laun fólksins voru lækkuð um í formi láglaunabóta. Það er efnisatriði númer tvö.

Efnisatriði númer þrjú í frv. er í 4. gr. frv. og síðar. Það fjallar um ráðstöfun gengismunar vegna gengisbreytingar sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir í tengslum við þessar efnahagsráðstafanir.

Fjórða efnisákvæðið í frv. er hækkun á vörugjaldi á almennum neysluvörum, sem fluttar eru inn frá útlöndum, t. d. á algengum neysluvörum eins og hráefni til súpugerðar og öðrum slíkum matvælum, en með þeim hætti hugðist ríkisstj. með nýjum og hærri skatti

ríkisstj., að hækka skatta, leggja á auknar álögur og veita ekki framtaki einstaklinganna svigrúm til þess að auka verðmætasköpun í þjóðarbúinu í heild, sem gera það að verkum að þjóðarframleiðslan var í stöðnun jafnvel á góðu árunum 1980 og 1981.

Stjórnarstefnunni er vissulega mjög vel lýst með síðustu aðgerðum og brtt. frá sjútvrh., sem hann gerði grein fyrir hér áðan og aðrir munu taka til meðferðar á eftir af hálfu Sjálfstæðisflokksins. En brbl., sem eru til umr., gerðu ekki meira gagn til lausnar efnahagsvandanum en svo, að örfáum vikum eftir útgáfu þeirra stöðvaðist allur fiskiskipaflotinn og var komið á flot aftur með stórkostlegum millifærslum og lántökum. Gagnið sem brbl. gerðu og bráðabirgðaráðstafanirnar í sept. eftir stöðvun flotans var þó ekki meira en svo, að þegar við fiskverðsákvörðun um síðustu áramót lá einnig við borð að fiskiskipaflotinn stöðvaðist. Þá var gripið til þess ráðs sem lýsir sér í því að olían var niðurgreidd um 35% í stað 22% áður. Þessi aðferð er auðvitað dæmigerð um vinstri stjórnar stefnu, millifærslustefnu, að þora ekki að horfast í augu við staðreyndir og láta ekki þá sem standa að atvinnurekstrinum bera ábyrgð á eyðslu svo mikilvægra aðfanga sem olían er. Það er auðvitað langtum dýrara fyrir þjóðarbúið í heild að greiða niður olíu um 35% heldur en að skapa útgerðinni starfsskilyrði til þess að geta borgað sjálf fullt verð fyrir olíuna og bera ábyrgð á rekstrarkostnaði sínum og skapa þannig aðhald hjá atvinnurekstrinum, að gætt sé sparnaðar við eyðslu á aðföngum, sem nauðsynleg eru til þess að draga fisk úr sjó. Þetta er svo einfalt dæmi, sem sýnir villigötur vinstrimennskunnar og það sem hefur leitt okkur á þær villigötur, sem nú blasa við hverjum og einum.

Ég vil svo, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu ítreka nokkrar spurningar, sem ég hef raunar komið fram með hér áður, en ekki fengið svör við, við sumum engin svör og öðrum óviðunandi svör. Það er í fyrsta lagi fsp. um það hvenær vænta megi að tillögur ríkisstj. um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun sjái dagsins ljós. Hæstv. forsrh. getur væntanlega svarað þeirri fsp. En um leið varpa ég fram fsp. til hæstv. sjútvrh. – og treysti því að forsrh. flytji honum þá fsp.: Hvað líður afstöðu Framsfl. til brbl. og áframhaldandi setu í ríkisstj., ef tillögur um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun sjá ekki dagsins ljós?

Þá vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvort sem hann kýs að skila þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. eða svara henni sjálfur: Hvenær fá alþm. að sjá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár? Það þarf ekki að rifja það upp enn á ný að það er lagaskylda að þessi áætlun fylgi fjárlögum hverju sinni. Fjárlög voru nú eins og fyrr fyrsta mál þingsins. Við 1. umr. í byrjun nóv. lýsti fjmrh. því yfir að hann mundi leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fram innan nokkurra vikna. Hann var krafinn um þetta fyrir þinghlé og varðist þá allra frétta. Nú vil ég ítreka þessa fsp. Ég geri ráð fyrir því að það þyki ekki óeðlilegt í umr. sem þessum og meðferð þessara brbl. að efnahagsmálin almennt séu upplýst, til þess að unnt sé að gera sér grein fyrir þýðingu þessara brbl. sem og möguleikum á lausn þess efnahagsvanda er við stöndum frammi fyrir. Burtséð frá þessum brbl. reyndar væri ekki óeðlilegt að gera þá kröfu að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé fyrir hendi nú, áður en frv. verður afgreitt úr hv. deild.

Þá vil ég í þriðja lagi gera þá fsp. til hæstv. fjmrh. hvort hann hyggist endurskoða reglugerð um láglaunabætur og spyrja um leið hæstv. forsrh. um afstöðu ríkisstj. til þess. Ég teldi eðlilegt og sjálfsagt að nefnd sú sem fær frv. þetta til meðferðar taki reglugerðina um láglaunabætur til athugunar og rannsóknar og kryfji hana til mergjar og geri þær betrumbætur á þeirri reglugerð, jafnvel með löggjöf, sem lágmarkskröfur segja til um a. m. k. Ég veit að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er sammála mér í þeirri kröfu að fjh.- og viðskn. deildarinnar, sem hann á sjálfur sæti í, fari í þetta mál. Þarna eiga hlut að máli ýmsir þeir sem veitt hafa hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni umboð til setu á Alþingi auk þess sem hann er formaður Verkamannasambands Íslands og hefur því skyldum að gegna við meðlimi þess sambands, hvaða pólitískan flokk sem þeir kunna að fylla. Ég treysti því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson bregðist ekki þeim skyldum og standi að því í fjh.- og viðskn. að hagsmuna þessara umbjóðenda hans verði gætt með viðunandi hætti, en blaðaummæli þm. bera vitni um að í raun telur hann ekki að svo hafi verið við setningu og framkvæmd reglugerðarinnar, eins og blaðalesendur hafa séð.

Þá gefur og brtt. sú, sem sjútvrh. fylgdi úr hlaði hér áðan, tilefni til þess að fjh.- og viðskn. fari mjög vandlega ofan í slíka till. Ég vil strax segja það sem mína skoðun, að ég tel það óviðunandi ef á að taka af gengismun, sem útflutningsaðilar í sjávarútvegi eiga allir aðild að, til þess að úthluta svo til einstakra fyrirtækja sem einhvers konar kreppulánum. Ég vara við slíkum handarbaksaðferðum og handahófsvinnubrögðum, sem eru að vísu dæmigert um vinstrimennsku í stjórnarframkvæmd í stað þess að hið opinbera á að setja almennar reglur og skapa almenn hagstæð skilyrði fyrir atvinnureksturinn svo að hann geti þróast og styrkst og skapað þann hagnað sem verði undirstaða fyrir kaupum nýrra framleiðslutækja, aukinnar framleiðni og því betri möguleika á að greiða hærra kaup og bæta lífskjör í landinu.

Þau brbl. sem við höfum hér til meðferðar sem og efnahagsyfirlýsingar ríkisstj. og framkvæmdir og aðgerðaleysi ríkisstj. á því sviði er allt til þess fallið að stefna málum okkar í strand eins og reynslan hefur sýnt. Það er mál að linni. Það er mál að vegur okkar verði ekki varðaður sífelldum kaupskerðingum annars vegar og sífelldum hækkunum á skattaálögum hins vegar, eins og starfsferill ríkisstj. hingað til.

Forseti (Alexander Stefánsson): Það er stefnt að því að ljúka umr. um málið í dag og koma því til nefndar. Það má því gera ráð fyrir því að halda þurfi áfram fundum í kvöld. Fundi verður frestað núna kl. 4 vegna þingflokksfunda og gert ráð fyrir að fundur hefjist aftur kl. 6 og, ef með þarf, verði fundi aftur frestað fram yfir kvöldmat og haldinn kvöldfundur.

Til máls tekur hv. 3. þm. Vestf. og vil ég taka fram að hann getur frestað ræðu sinni kl. 4.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Vegna þeirra umr. sem urðu um þetta mál fyrir helgi vil ég aðeins taka það fram, að fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur þegar hafið umfjöllun sína um þetta mál með fundarhaldi nú í morgun, enda þótt frv. sé enn ekki formlega til n. komið. Þannig höfum við stjórnarand-

ur aldrei fyrr átt sér stað á jafn skömmum tíma. Hæstv. forsrh. sagði í kjölfar myntbreytingar fyrir tveimur árum, að nú væri það ákaflega ánægjulegt að íslenska krónan væri orðin jafn verðmæt og aðrar Norðurlandakrónur eða jafnvel verðmeiri. En nú er svo komið að enn á ný er þarna orðinn á aðeins tveim árum mikill munur á. Við sjáum því fyrir okkur þá þróun, að eftir örfá ár stöndum við í sömu sporum og fyrir myntbreytingu. En myntbreytingin út af fyrir sig var hin mesta sýndarmennska og skálkaskjól til þess að fela í bili verðhækkanir og verðbólguþróun, sem í ljós er komið nú að hefur orðið til þess að verðhækkanir hafa orðið meiri en ella vegna þess að ríkisstj. skorti kjark, um leið og myntbreytingin var gerð, til að gera efnahagsaðgerðir almennar og samræmdar og fylgja þeim eftir.

En það er ekki eingöngu svo, að ríkisstj. eigi Íslandsmet í verðbólgu og gengislækkunum, heldur á ríkisstj. met í skattahækkunum, aukningu skattaálaga. Það hefur verið sýnt fram á að skattar hafa hækkað, miðað við það sem var samkv. gildandi lögum 1977, um 50–60 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu frá 1977 og til yfirstandandi árs, þ. e. um meira en 10 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu, hvort sem það er barn í vöggu eða öldungur, sem hefur unnið hörðum höndum og hraustum huga allt sitt líf og á í raun allt gott skilið og hefur unnið til þess að sjá ávexti erfiðis síns og njóta. Í tíð núv. ríkisstj. nemur þessi skattahækkun á þremur árum um það bil 28 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Hér er sem sagt um það að ræða að hvert mannsbarn á landinu verður að borga sem nemur meira en mánaðarlaunum samkv. Dagsbrúnartaxta í aukna skatta og skyldur til hins opinbera.

Það er svo rétt að tíunda „afrekaskrá“ ríkisstj., ef svo má að orði komast, innan gæsalappa að sjálfsögðu, að ríkisstj. hefur ekki eingöngu sett Íslandsmet í verðbólgu, gengislækkunum og skattahækkunum, heldur hefur og núv. ríkisstj. tekist að setja Íslandsmet í erlendri skuldasöfnun. Ef við horfum til baka til síðasta árs komumst við að raun um að hallinn á viðskiptunum við útlönd mun vera nálægt 12% og hefur aldrei verið hærri, að því er ég best veit, í það minnsta ekki á síðustu áratugum. Erlendar skuldir hafa aukist svo mjög, að frá 1977 munu þær hafa tvöfaldast, og nema núna væntanlega við lok yfirstandandi árs 55% af þjóðarframleiðslu okkar, í staðinn fyrir að þegar þessar vinstri stjórnir tóku við völdum námu erlendar skuldir rúmum 30% af þjóðarframleiðslu – og þótti alveg nógu mikið.

Í málefnasamningi núv. stjórnar er sagt að greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum eigi ekki að verða hærri en 15%. En í stað um 13–14% greiðslubyrðar, sem var raunin þegar vinstri stjórnirnar hófu feril sinn fyrir tæplega 4½ ári, er nú svo komið að fyrirsjáanlegt er samkv. spá Seðlabanka Íslands að við greiðum á þessu ári annaðhvort fjórðu hverja krónu eða þriðju hverja krónu af gjaldeyristekjum okkar í afborganir og vexti. Það liggur í augum uppi að ef viðskiptahallinn er ekki réttur af eykst þessi skuldabyrði og þessi greiðslubyrði, sem hefur orðið til þess að ljós hefur runnið upp fyrir hæstv. fjmrh. og hann hefur lýst því yfir, að við værum að sökkva á kaf í óskyggilega skuldasöfnun, þótt hann á vordögum síðasta árs stæði hér í deilum við okkur stjórnarandstæðinga til að fullvissa okkur og þjóðina um það, að erlendar skuldir væru ekki orðnar hættulega háar. Batnandi manni er best að lifa og gott að hann vitkast og gengst við staðreyndum. En hér er um einhverja óskyggilegustu afleiðingu af stjórnleysi og stjórnarstefnu núv. ríkisstj. að ræða, að stefna þjóðinni í það skuldafen sem stofnar fjárhagslegu sjálfstæði hennar í voða.

Ríkisstj. hefur sem sagt met á mörgum sviðum efnahagsmála, að endemum að vísu. Ég get tilgreint enn eitt Íslandsmet í efnahagsmálum. Það er Íslandsmet í vaxtahækkun. Ég hygg að það fari ekki fjarri sanni að í tíð vinstri stjórna, í tíð Alþb. í ríkisstj. frá 1. sept. 1978 til þessa dags, hafi vextir tvöfaldast og fjármagnskostnaður þar með, bæði fyrirtækja, heimila og einstaklinga. Þetta er hroðalegt met, þegar tillit er tekið til þess, að Alþb. hefur alltaf haldið því fram að það vildi halda vöxtum og fjármagnskostnaði niðri, og þegar á það er litið að á sama tíma hefur átt sér stað kjararýrnun, rýrnun kaupmáttar og kauptaxta, og á sama tíma hafa gengislækkanir verið meiri en nokkru sinni áður. En þetta þrennt hefur verið burðarásinn í efnahagsstefnu Alþb., í það minnsta hér fyrr á árum og allt fram á þennan dag, að vernda kaupmátt launa, hafa þeir sagt, að grípa ekki til gengislækkana til lausnar vandans og halda vaxtakostnaði niðri. En Alþb. hefur í ríkisstj. brotið gegn öllum þessum meginþáttum í efnahagsstefnu sinni eins og staðreyndir sýna.

En hver er svo árangurinn af þessari stefnu Alþb. og núv. ríkisstj. í peningamálum? Skyldi sparnaður hafa aukist? Nei, því miður. Því er ekki til að dreifa. Sparnaður hefur farið hraðminnkandi. Í stað þess að fyrir örfáum árum var talið að sparnaður hér næmi um 25% af þjóðarframleiðslu er samkv. upplýsingum Seðlabanka Íslands sparnaðarhlutfallið af þjóðarframleiðslu komið niður fyrir 17%. Og lausafjárstaða viðskiptabanka okkar er slík, að þeir skulda á annan milljarð kr. til Seðlabankans, þrátt fyrir mikla lánsfjárskömmtun. Það er ljóst að núv. ríkisstj. hefur siglt í strand, enda farið eftir þeim kompás og þeirri stefnu sem hlaut til þess að leiða.

Það sem er þó e. t. v. uggvænlegast, þegar efnahagsmálin eru könnuð, er að stefna ríkisstj. og vinstri stjórna frá haustdögum 1978 hefur dregið úr þjóðarframleiðslu og vanrækt hefur verið að nýta tækifæri í góðæri til aukningar þjóðarframleiðslu svo að við stæðum betur að vígi til að standa af okkur áföll sem óneitanlega hafa átt sér stað í minnkandi afla á síðasta ári og sölutregðu á skreið.

Það er engum blöðum um það að fletta, að núv. ríkisstj. fékk mjög góð ytri skilyrði við að búa, bæði árið 1980 og 1981, þegar verðmæti sjávarafurða jókst um 76%. Og þótt við höfum orðið fyrir aflaminnkun á s. l. ári er það ekki meira áfall en svo, að verðmæti sjávarvöruframleiðslu ætti að vera álíka og 1979 eða a. m. k. 1978, sem hvor tveggja þóttu góð ár, jafnvel þriðju eða fjórðu bestu ár okkar.

Jafnvel á árunum 1980–1981, þegar ómótmælanlegt var að við bjuggum við góðæri til lands og sjávar, átti sér stað stöðnun í þjóðarframleiðslunni. Framleiðni í atvinnuvegum minnkaði og þjóðartekjur jukust ekki eins og ástæða var til að ætla að væri eðlilegur árangur af góðæri til lands og sjávar. Það var stjórnarstefnan sjálf, vinstri stjórnarstefnan sem kom í veg fyrir það og átti þátt í þessari neikvæðu þróun.

Það eru þessir tveir meginþættir, sem varða feril

sem hefur verið á dagskrá allt frá því að ríkisstj. var mynduð, er nefndur í málefnasamningi ríkisstj., efnahagsyfirlýsingu um áramótin 1980/81, í efnahagsyfirlýsingunni í jan. fyrir einu ári og nú í ágúst s. l., þar sem sterkast var að orði kveðið og sagt beinlínis að eftir 1. des. 1982 yrði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, þannig að kaupgjaldsvísitalan yrði reiknuð út samkv. nýju kerfi, og þá væntanlega í samræmi við þá neyslukönnun sem fram hefur farið nú fyrir örfáum árum og átti að taka við af neyslukönnuninni sem er bráðlega að halda upp á tveggja tuga viðveru sína.

Hvað líður þessu nýja viðmiðunarkerfi fyrir laun? Ég vil beina þeirri fsp. til ráðherranna, en framsóknarmenn hafa sagt að það væri skilyrði af þeirra hálfu í raun og veru fyrir áframhaldandi aðild að núv. ríkisstj. að þetta nýja viðmiðunarkerfi fyrir laun sæi dagsins ljós. Nefndir hafa verið starfandi að lausn þessara mála, en án þess að niðurstaða fengist. Þess vegna er fullkomin ástæða að spyrjast fyrir um þetta efni og fá hrein svör.

Þá er talað um í yfirlýsingunni frá því í ágúst 1982 að nýtt útflutningstryggingakerfi og útlánakerfi eigi að sjá dagsins ljós. Hvað líður því? Það er rætt um að teknar verði upp viðræður við samtök bænda um endurskoðun útflutningsbótakerfisins. Hvað líður þeim viðræðum eða árangri af þeim?

Það er talað um að spara og sporna við útþenslu í opinberum rekstri. Hverjar eru efndirnar á því fyrirheiti? Við sáum það í fjárlagagerðinni, þar sem rekstrargjöld hækkuðu um yfir 60%, en fjárfestingar- og framkvæmdaútgjöld ekki nema um 30%.

Það er talað um að takmarka erlendar lántökur. Við höfum fylgst með því, að um erlendar lántökur er að ræða næstum því vikulega og þær hafa margfaldast.

Það er talað um að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna með endurskoðun tekjuöflunarkerfis. Hvað líður þeirri endurskoðun tekjuöflunarkerfis sem miða á að jöfnuði starfsskilyrða atvinnuveganna? Við höfum ekki séð neitt um þá endurskoðun og engar tillögur hafa séð dagsins ljós á Alþingi um nýtt tekjuöflunarkerfi, sem ætti að miða að jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna, heldur er ýmislegt í þeim tillögum ríkisstj. og frumvörpum, sem hér eru til umr., sem auka enn á mismunun milli atvinnuveganna.

Þá var talað um í þessari yfirlýsingu að aðstöðugjöld ætti að samræma í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Hvað líður efndum á því fyrirheiti? Þannig má lengi telja. Í raun og veru er eitt fyrirheit sem þó var efnt. Það er 21. málsl. þessarar dæmalausu yfirlýsingar, þ. e. lenging orlofs. En þeim þætti var stungið inn í yfirlýsinguna á seinasta snúningi þennan laugardag, 21. ágúst, þegar allt ætlaði upp úr að sjóða meðal aðila ríkisstj. Þessu snuði, lengingu orlofs, var stungið upp í formann Verkamannasambands Íslands, Guðmund J. Guðmundsson, sem hafði þó ekki meiri reisn til að bera eða kjark en svo, að hann laumaðist út um bakdyrnar eftir að hafa látið stinga upp í sig þessu snuði. En það er samræmi í lagi í efnahagsaðgerðum ríkisstj. að lengja orlof, auka frítíma og draga úr vinnuframlagi um leið og verðbætur á laun eru skertar á þeirri forsendu að þjóðartekjur fari lækkandi. Það rekst eitt á annars horn í aðgerðum ríkisstj. Það mundi í raun og veru æra óstöðugan að rekja efnahagsyfirlýsingar ríkisstj. lið fyrir lið, svo fróðlegt sem það er til yfirlesturs til að sjá hvað ríkisstj. hefur að öllu leyti vanefnt fyrirheit sín, gengið á bak orða sinna og staðið að framkvæmd mála, sem eru þveröfug við það sem heitið var.

Þótt ekki sé nákvæmlega farið í þessi efni, þá er þó ástæða til að nefna nokkur atriði, sem eru þess eðlis, að þjóðarvoði er á ferðum ef sömu stjórnarstefnu á að framkvæma og verið hefur í tíð núv. ríkisstj. og þeirra vinstri stjórna sem setið hafa að völdum frá haustdögum 1978. Ég hef áður rakið nokkuð verðbólguþróunina, loforð og efndir ríkisstj. í þeim efnum. Ríkisstj. hefur slegið algert verðbólgumet, Íslandsmet í verðbólgu. Það er engin afsökun fyrir því meti að hún ber það fyrir sig og afsakar sig með því að hún hafi komið í veg fyrir atvinnuleysi með þessum hætti. Nú er það alveg ljóst að slík óðaverðbólga, sem við höfum reynt, kemur ekki í veg fyrir atvinnuleysi heldur leiðir til atvinnuleysis, eins og bent er á í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, enda er atvinnuleysisvofan nú farin að láta á sér kræla og raunar orðin að veruleika sums staðar á landinu. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna að ekki sé eingöngu nauðsynlegt að berjast gegn verðbólgu til þess að tryggja atvinnu, heldur er það skilyrði fyrir atvinnuöryggi að okkur takist sú barátta og sigur vinnist í henni.

Sýndaraðgerðir ríkisstj., sem að vísu hafa helst beinst að verðbótaskerðingum og kaupskerðingum, eru einnig með ýmsu móti. Sem dæmi vildi ég nefna þann þátt í svokölluðum efnahagsaðgerðum ríkisstj. í janúarmánuði s. l., að þá átti að greiða niður verðlag í landinu, aðallega landbúnaðarafurðir, sem svaraði 6% í vísitölustigum. Þessar niðurgreiðslur voru hafnar fyrir tæpu ári í kjölfar þessarar yfirlýsingar. En nú er svo komið að eyðsluhít ríkisstj. og verðbólgan hefur gleypt þær með húð og hári og þær eru í raun og veru niður fallnar.

Það var raunar upphaflega ætlun ríkisstj., fyrirheit og loforð í málefnasamningi, að niðurgreiðslur landbúnaðarvara skyldu vera ákveðið fast hlutfall af útsöluverði þeirra eða framleiðsluverðmæti. En ríkisstj. hefur ekki getað staðið við þetta. Hún hefur sprungið á limminu eins og allar vinstri ríkisstjórnir hafa gert, sem hafa ætlað að falsa vísitöluna og kaupgjaldið í landinu. Þetta átti sér stað með vinstri stjórnina 1971–1974, þetta átti sér stað með vinstri stjórnina 1978–1979 og þetta á sér stað með núv. ríkisstj., eins og dæmið frá s. l. ári sýnir. 6% niðurgreiðsla, sem hafin var fyrri hluta árs, hvarf eins og dögg fyrir sólu á árinu, þannig að í fjárlögum er gert ráð fyrir því að þessi 6 prósentustig séu niður fallin. Eftir sem áður er ekki um meiri niðurgreiðslur að ræða en sem nemur 5% í kaupgjaldsvísitölu. En ég sakna þess ekki að úr niðurgreiðslum sé dregið. Ég tel að niðurgreiðslur og millifærslur hvers konar séu gervilausnir á verðbólguvandanum og raunar til þess fallnar að auka á verðbólguvandann, þegar til lengri tíma er litið. Því er það fagnaðarefni að úr þeim skuli draga að þessu leyti, þótt á þetta verði að minnast til þess að sýna hve fálmkenndar tilraunir og aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum eru.

Það er auðvitað að þegar búið er að slá Íslandsmet í verðbólgu, þá lætur ýmislegt annað undan. Ríkisstj. hefur samhliða Íslandsmeti í verðbólgu slegið Íslandsmet í gengislækkunum og gengissigi. Frá því að núv. ríkisstj. var mynduð hefur verð dollarans nærri því fimmfaldast. Slík gengislækkun íslensku krónunnar hef-

en í raun og veru haldið áfram að svíkja, vegna þess að aldrei fyrr hygg ég svo oft hafi verið gengið á gerða samninga vinnuveitenda og launþega. Frá því að Alþb. tók þátt í ríkisstj. 1. sept. 1978 og til þessa dags telst mönnum til að kaup hafi verið skert a. m. k. 13 sinnum, um allt að 50% samtals, á sama tíma og grunnkaupshækkanir hafa numið innan við 30%.

Nú hefur því verið haldið fram í tengslum við þessi brbl. að þau væru sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir sem ríkisstj. sú er ég veitti forstöðu stóð fyrir í febr. vorið 1978. Það er fjarri sanni. Í fyrsta lagi var þar þannig að verki staðið, að um samræmdar efnahagsaðgerðir var að ræða og skiptir það höfuðmáli. En auk þess var ólíku saman að jafna. Þá hafði grunnkaup verið hækkað í samningum um 28% í einum áfanga og stóð til að hækka grunnkaup á tiltölulega skömmum tíma um 40–50%. Þegar í ljós kom að í óefni var stefnt með slíkar hækkanir grunnkaups gripu stjórnvöld inn í málin og settu lögin í febr. 1978. En stjórnvöld gengu þá beint framan að bæði þingi og þjóð en fóru ekki á bak við bæði þing og þjóð eins og núv. hæstv. ríkisstj. gerir. Þá var frv. borið fram hér á Alþingi. Þá var það rætt í báðum deildum málefnalega og þannig á málum haldið, að allir þm. gátu gert sér grein fyrir innihaldi laganna. Nú aftur á móti hefur tækifærið verið notað þegar þing sat ekki á rökstólum, þótt að flestu leyti hafi engin þörf knúið ríkisstj. til þess, þar sem aðeins hluti laganna tók gildi áður en þing kom saman í haust og sú kaupskerðing, sem um er að ræða, átti ekki að taka gildi fyrr en 1. des. s. l.

Þá var það svo, að verðbótaauki var í gildi til viðbótar venjulegum verðbótum á laun. Verðbótaauki til þess að bæta launþegum upp þá töf sem varð á því að þeir fengju hækkuð laun eftir að verðhækkanir áttu sér stað. Nú hefur hins vegar þróunin leitt í ljós að þrátt fyrir mótmæli launþegasamtakanna 1978, ólöglegar aðgerðir og skemmdarverk, þá hafa launþegasamtökin núna sætt sig við það að verðbótaaukinn er niður felldur, sætt sig við það að samkv. svokölluðum Ólafslögum hafa gengið í gildi ákveðin skerðingaráhrif og samkv. stjórnaraðgerðum hafa beinar verðbótaskerðingar átt sér stað.

Auðvitað eru til þeir menn, sem segja sem svo, að það sé gott að launþegasamtökin sjái ljós – og í þeim orðum sögðum gengur Guðmundur J. Guðmundsson út úr salnum. Ég vildi nú gjarnan að hann hlustaði á það sem ég hef um þetta að segja. En látum svo vera. Sannleikurinn er sá, þrátt fyrir breytta stefnu launþegasamtakanna, sem sýna að vissu leyti nú meiri skilning á því að launakostnaður atvinnuveganna skiptir máli bæði varðandi verðlagsþróun og afkomuhorfur atvinnuveganna, hefur ákaflega lítið unnist bæði í baráttunni gegn verðbólgu og til þess að tryggja atvinnuvegunum afkomugrundvöll.

Við sjáum það best á því að þrátt fyrir 50% skerðingu verðbóta á þessu fjögurra ára tímabili, þegar grunnkaupshækkanir hafa orðið innan við 30%, hefur verðbólgan ekki hægt á sér heldur miklu fremur hert á sér. Það kemur ekki síst fram þegar skoðaður er málefnasamningur ríkisstj., sem lofaði því að á árinu 1982, s. l. ári, yrði verðbólgan komin niður í það sem gildir í helstu viðskiptalöndum okkar. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar er komin niður fyrir 10%, og raunar í helstu viðskiptalöndum eins og Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi um eða niður fyrir 5%. Hér aftur á móti var verðbólgan 1982 milli 60 og 70%. Það var og fyrirheit svo seint sem fyrir ári, í þeirri efnahagsyfirlýsingu sem þá var birt, að verðbólgan skyldi á síðasta ári verða um 35% frá upphafi til loka árs, en mundi verða komin niður í 30% við lok ársins. Staðreyndin er sú, að hún var um 63–65% frá upphafi til loka ársins og nálægt 70% í lok ársins. Þetta eru nú efndirnar, sem núv. ríkisstj. hefur staðið að, eða réttara sagt vanefndir núv. ríkisstj. miðað við málefnasamning, loforð og fyrirheit.

Hvaða gagn gera nú þessi brbl. í baráttunni gegn verðbólgunni? Við skulum líta á grg. með brbl., yfirlýsingu ríkisstj. vegna aðgerða í efnahagsmálum dags. 21. ágúst 1982. Þar segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Verðbólga fer einnig vaxandi og er líklegt að án aðgerða verði hún um 75–80% um þetta leyti á næsta ári.“ En í skýrslu Þjóðhagsstofnunar til ríkisstj. frá 17. jan. s. l. kemur fram að helstu niðurstöður um verðbólgu eru þær, að hún verði 65–70% fyrri hluta ársins, fari yfir 70% um mitt ár, en gæti orðið minni síðustu mánuði ársins, og það er með miklum fyrirvara sagt af hálfu Þjóðhagsstofnunar. Ég hef hér greint frá áliti Þjóðhagsstofnunar 21. ágúst 1982, þegar spáð er 75–80% verðbólgu á komandi sumri án aðgerða. En nú kemur fram að með þeim aðgerðum sem í brbl. felast fer verðbólgan eftir sem áður upp í 73–74% 1. ágúst n. k. Þetta er nú allt það gagn sem þessi brbl. gera í baráttunni gegn verðbólgunni. Það er vert að kanna nánar umsögn Þjóðhagsstofnunar 21. ágúst í fyrra. Þá segir Þjóðhagsstofnun: „Við slíkar aðstæður verður vart komist hjá atvinnuleysi, og skuldasöfnun við útlönd mundi stefna fjárhagslegu sjálfstæði okkar í voða“.

Einnig er rétt að taka það fram að Þjóðhagsstofnun segir núna í jan. að jafnvel sé óvarlegt að treysta á það, að um einhverja hjöðnun verði að ræða án þess að gripið sé til sérstakra aðgerða umfram þær sem í brbl. felast, og bætir við: „Í reynd virðist því hætta á að verðbólgan verði nær 70% í árslok.“ Það er eins og ríkisstj. hafi ekki tekið eftir því sem Þjóðhagsstofnun sagði þegar í ágústmánuði s. l., að langvarandi verðbólga hefur smám saman skert og grafið undan rekstrarskilyrðum framleiðsluatvinnuveganna. Takist ekki að draga verulega úr verðbólgunni munu framleiðsluskilyrði og afkoma þjóðarbúsins fara versnandi á næstu árum.

Það er því fullkomin ástæða til þess að spyrja ríkisstj., hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh. og hæstv. félmrh. hvort og hvenær þá ríkisstj. ætli að standa að nauðsynlegum efnahagsaðgerðum til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi og skuldasöfnun við útlönd, sem stefna mundi fjárhagslegu sjálfstæði okkar í voða, svo notað sé orðalag Þjóðhagsstofnunar.

Í sambandi við efnahagsyfirlýsinguna, sem fylgdi brbl. frá 21. ágúst s. l., er rétt að minna á að þar var í 21 málslið greint frá ýmsum fyrirhuguðum aðgerðum ríkisstj. Sumir þessir málsliðir voru einskis nýtir og höfðu ekkert að segja í baráttunni gegn verðbólgu eða til lausnar efnahagsvanda okkar, eins og t. d. að ríkisstj. hygðist takmarka ráðningu helstu forstöðumanna í ríkiskerfi og ríkisstofnunum við fimm ár og heitir tillöguflutningi þar að lútandi, sem síðan hefur ekki sést neitt um. En það má minna á nokkra liði af þessum 21, sem þá var um rætt, fyrst og fremst þann

fengið aðstoð eftir þessari leið sé um 50—60 millj. kr. og að sjálfsögðu er þá eðlilegt að því verki verði lokið í gegnum Byggðasjóð, en ekki flutt yfir í Fiskveiðasjóð. Hins vegar hef ég tjáð forstjóra Byggðasjóðs að ég telji eðlilegt að a. m. k. hluti, t. d. helmingur, þess fjármagns sem þannig er ráðstafað renni við endurgreiðslu til Fiskveiðasjóðs, en helmingur verði áfram hjá Byggðasjóði vegna lánveitinga Byggðasjóðs til sjávarútvegs.

Einnig er þess að gæta, að í mörgum þeim tilfellum sem hér um ræðir er ekki síst um atvinnumál að ræða. Svo er t. d. hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem hefur stöðvast vegna greiðslu- og rekstrarfjárerfiðleika. Þar er fyrst og fremst um atvinnuspursmál að ræða, staðbundið vandamál, sem að ýmsu leyti fellur betur undir verksvið Byggðasjóðs en verksvið Fiskveiðasjóðs. Þannig gæti ég nefnt fleiri tilfelli, en svipaðs eðlis. Ríkisstj. hefur því ekki talið óeðlilegt, með tilvísun til þess sem ég hef nú rakið, að þessu fjármagni, ef sjávarútvegsnefndir Alþingis eru því sammála, verði varið í gegnum Byggðasjóð.

Herra forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum fleiri orðum um þetta. Ég vek athygli á því, að það eru ýmsar aðgerðir í gangi til þess að halda útgerð og fiskvinnslu á sæmilega réttum kili þrátt fyrir verulega erfiðleika, sem að þessari atvinnugrein steðja, fyrst og fremst vegna þess að aflaverðmæti dróst saman á síðasta ári um 16%, og það munar um minna. Auk þess verður að sjálfsögðu þessi grein mjög svo fyrir barðinu á hinni gífurlegu verðbólgu, sem hér herjar og brennir upp rekstrarfé fyrirtækjanna. En ég vil þó bæta hér við nokkrum upplýsingum um athugun sem að er unnið í sjútvrn.

Ég dreifði til hv. þm., sem sæti eiga í sjávarútvegsnefndum, skýrslu sem gerð var á vegum rn. um afkomu nýrra togara á árinu 1980. Þá var sérstaklega athuguð afkoma 17 togara. Þessi athugun hefur nú verið endurtekin. Hún nær til togara sem bætast í flotann eftir 1977 og hefur verið safnað mjög ítarlegum upplýsingum um 27 skip. Í ljós kemur að fjármagnskostnaður þessara skipa er miklu meiri en talið er í meðaltali því sem Þjóðhagsstofnun leggur til grundvallar við útreikninga á afkomu útgerðar í landinu. Munar þar um nálægt 100%. Þjóðhagsstofnun hefur talið að fjármagnskostnaður útgerðar væri á bilinu 12—15%, en samkv. þessari úttekt er fjármagnskostnaður þessara skipa að meðaltali um 24%.

Þarna er ýmsu um að kenna. Í fyrsta lagi hafa mörg þessi skip verið mjög dýr í smíðum, en þó er einna mest áberandi að mörg þessi skip eru fjármögnuð með dollaralánum. Dollarinn hækkaði mjög mikið, sérstaklega á tveimur síðustu árum, langtum meira en verðlag í landinu. Raunvextir á dollaralánum urðu árið 1981 um 23—24% umfram verðbólgu.

Þarna er sem sagt um gífurlega mikinn umframfjármagnskostnað að ræða tvö ár, þ. e. 1981 og 1982, og má rekja þennan mikla fjármagnskostnað skipanna að töluverðu leyti til þessarar staðreyndar. Þó er ekki því einu um að kenna. Þessi skip eru mjög dýr í smíðum og auk þess lenda þau í þeim aflabresti, sem ég hef áður nefnt og varð á síðasta ári.

Ég er þeirrar skoðunar, að vandamál þessara skipa verði að skoða alveg sérstaklega. Ég mun því leggja þessar upplýsingar fyrir hv. sjávarútvegsnefndir Alþingis og ræða við nm. um leiðir í því skyni. Ég skal ekki rekja hér hvað kemur til greina, en vek þó athygli á því að í fyrri tilfellum hefur slíkum óeðlilegum fjármagnskostnaði verið dreift á lengri tíma með lengingu lána og jafnvel ríkisábyrgðum í því skyni.

Að lokum vil ég geta þess, að það veldur verulegum vandræðum í öllum aðgerðum til aðstoðar útgerðinni að þeim verður ekki með góðu móti komið við t. d. í gegnum Fiskveiðasjóð einan af þeirri ástæðu að ýmis skip hafa greitt sínar skuldir í Fiskveiðasjóði og fyrirtækin þá í vandræðum af öðrum ástæðum. Að mörgu leyti væri æskilegt að færa öll fiskveiðiskip yfir í Fiskveiðasjóð og gera síðan Fiskveiðasjóði kleift að framkvæma þær aðgerðir sem af opinberri hálfu eru taldar nauðsynlegar fyrir útgerðina hverju sinni. En í því sambandi vil ég leggja á það mikla áherslu að þá verður að gera Fiskveiðasjóði slíkt kleift fjárhagslega. Fiskveiðasjóður er í mjög erfiðri fjárhagsstöðu nú vegna gífurlega mikilla vanskila útgerðarinnar og á hann verða ekki lagðir fleiri baggar eins og nú stendur.

En aðalmálið nú er það, þó ég hafi reynt að gera nokkra viðbótargrein fyrir ýmsum aðgerðum í þágu útgerðarinnar, hvort hið háa Alþingi fellst á að breyta þessari grein í frv. þannig að eftirstöðvum umfram 40 millj., sem rynnu þá í Stofnfjársjóð fiskiskipa, megi að höfðu samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis ráðstafa til annarra aðgerða í þágu sjávarútvegsins, sem ég hef drepið á. Ef það verður ekki gert er ljóst að útvega verður Framkvæmdasjóði fjármagn til að ljúka við þá fjárhagslegu endurskipulagningu, sem meira en hálfnuð er. Til hennar hefur verið varið eins og ég sagði nálægt 80 millj. kr. Það verður þá varla á annan máta gert en með erlendu lánsfé. Ég verð að viðurkenna að ég hef viljað sporna gegn því í lengstu lög að erlend lán verði tekin í þessu skyni, en ég mun að sjálfsögðu fallast á það sem fjh.- og viðskn. telur eðlilegast í þessu sambandi og er til viðræðu við nefndina hvenær sem hún óskar um þetta mál.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Brbl. þau sem nú er óskað eftir staðfestingu á bera einkenni tveggja höfuðþátta: annars vegar kaupskerðingar og hins vegar aukinna skattaálaga. Í raun má segja að ferill núv. ríkisstj. sé varðaður þessum tveim höfuðþáttum, kaupskerðingum og skattahækkunum.

Það hafa gengið út frá ríkisstj. eins og kunnugt er fjórar efnahagsyfirlýsingar. Sú fyrsta þeirra var stefnuskrá ríkisstj. þegar hún var mynduð. Önnur var áramótaboðskapurinn 1980—1981. Sú þriðja er ársgömul og birtist sem yfirlýsing í janúarmánuði á síðasta ári og sú fjórða er efnahagsyfirlýsing sem fylgdi þeim brbl. sem við hér ræðum og út voru gefin í ágústmánuði s. l.

Í raun og veru eru þessar efnahagsyfirlýsingar lítils virði, í flestum tilvikum orðin tóm og sýndarmennskan einber. Því til staðfestingar má vitna til hæstv. sjútvrh., síðasta ræðumanns, sem hefur haldið því fram að í raun og veru hafi núv. ríkisstj. ekki staðið að nema tveim alvöru efnahagsaðgerðum. Þá á hæstv. sjútvrh. við 7% verðbótaskerðingu 1. mars 1981 og 7.7% verðbótaskerðingu 1. des. s. l.

Ferill ríkisstj. varðandi kaupskerðingar er auðvitað alger andstæða þeirra kosningaloforða, sem Alþb. gaf í kosningunum 1978 og voru reyndar þegar í stað svikin við myndun ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1. sept. 1978,

ráð hafði verið fyrir gert, en í þeirri lokaskýrslu nefndarinnar sem ég hef hér er birt ítarleg úttekt á 59 fyrirtækjum í útgerð og fiskvinnslu ásamt till. n. um fjárhagslega endurskipulagningu þessara fyrirtækja.

Á meðan á þessu starfi stóð og eftir að upplýsingar höfðu borist um allmörg fyrirtæki þótti nauðsynlegt að fresta ekki afgreiðslu þeirra mála sem augljós væru. Varð það til þess að ríkisstj. gekkst fyrir fjárútvegun til Framkvæmdastofnunar ríkisins og var það fé lánað um það bil 30 fyrirtækjum samkv. bráðabirgðaniðurstöðum nefndarinnar. Sú upphæð var um 80 millj. kr. Í þessu fólst einnig nokkur skuldbreyting hjá Framkvæmdastofnun. Var að því stefnt með þessum fjárhagslegu endurskipulagningaraðgerðum að koma veltufjárstuðli fyrirtækjanna sem næst 1.

Eins og hv. þm. er jafnframt kunnugt um hefur nú staðið yfir í 3 mánuði skuldbreyting hjá útgerðinni. Sú skuldbreyting hefur gengið nokkuð fljótt fyrir sig og verið þar beitt nýjum viðmiðunarreglum. Ákveðið var að skuldbreyta allt að 10% af húftryggingarmati fiskiskipa, enda væru að sjálfsögðu veð fyrir hendi og ákveðnum skilyrðum um skuldir fullnægt. Að þessu hefur síðan verið unnið á vegum ríkisbankanna og fulltrúi í sjútvrn. hefur þar verið með í störfum. Líkur eru til þess að skuldbreytt verði um 500 millj. kr. samtals og geri ég mér vonir um að því verki ljúki mjög fljótlega.

Að sjálfsögðu hefur þessi skuldbreyting jafnframt haft töluverð áhrif á þær aðgerðir sem sú nefnd sem ég nefndi áðan taldi nauðsynlegar, þannig að orðið hefur að endurskoða ýmsar niðurstöður nefndarinnar með tilliti til þeirrar fyrirframgreiðslu sem ýmis fyrirtæki hafa fengið við skuldbreytinguna. Að mati nefndarinnar og Framkvæmdastofnunar standa þó eftir nokkur fyrirtæki, líklega 10—15, sem ekki ná því markmiði, sem sett var, að koma veltufjárstuðli fyrirtækjanna í 1 án sérstakrar viðbótarlánsfyrirgreiðslu. Í mörgum tilfellum er um að ræða fyrirtæki sem ekki hafa aðstöðu til að skuldbreyta eins og að var stefnt, skortir e. t. v. viðunandi veð eða, eins og stundum hefur verið sagt, skulda ekki á réttum stöðum, því að um það var samið við Seðlabanka Íslands að hann tæki skuldbreytingabréfin upp í yfirdrátt viðskiptabanka við Seðlabankann, en í sumum tilfellum hefur ekki verið um slíkan yfirdrátt að ræða.

Sú aðstoð, sem felst í tilfærslu á gengismun í Stofnfjársjóð fiskiskipa, er mjög algeng við gengisfellingar. Hún kemur að sjálfsögðu þeim aðilum í Stofnfjársjóði til góða sem skulda í erlendum gjaldeyri og ekki óeðlilegt að þær skuldir séu að nokkru niðurfærðar eftir gengisfellingu með slíkum aðgerðum, þar sem þær hækka að sjálfsögðu við gengisfellinguna og lenda mjög þungt á útgerðaraðilum.

Í þessu skyni ákvað Alþingi m. a. að ráðstafa 20 millj. kr., þ. e. framlagi ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs á árinu 1982, og svo til viðbótar samkv. þeirri till. sem hér liggur fyrir 40 millj. kr. af gengismun. Hitt er svo ljóst, að það eru alls ekki öll fyrirtæki í sjávarútvegi sem njóta slíkrar fyrirgreiðslu. Sum fyrirtæki eru ekki með erlendar skuldir í Fiskveiðasjóði og hafa því ekki neinn hagnað af þessari tilfærslu í stofnfjársjóðinn. Mörg þessara fyrirtækja eru hins vegar í verulegum erfiðleikum og falla þá undir þá úttekt, sem nefnd um stöðu útgerðar, sem ég nefndi áðan, gerði og hefur skilað skýrslu um.

Sagt hefur verið að óeðlilegt sé að taka hluta af gengismun í þessu skyni. Ég vil upplýsa hv. alþm. um að það er út af fyrir sig alls ekki nýtt. Ég læt nægja að vísa hér í ráðstöfun á gengismun frá 1978 og 1979. 5. sept. 1978 voru gefin út brbl. og þar segir m. a. í 3. gr., með leyfi forseta:

„50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið a) 50% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og b) 50% til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa“ — m. ö. o. látið renna í Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Á grundvelli þessara brbl. nr. 95/1978 er síðan gefin út reglugerð nr. 336 frá 1978 og þar segir, með leyfi forseta, í 2. gr.:

„Fjórðungi þess fjár, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru í a-lið 3. gr. brbl. nr. 95/1978, svo og helmingur þess, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði samkv. ákvæðum reglugerðar þessarar. Skal fé þetta renna til þess lánaflokks Fiskveiðasjóðs Íslands, sem stofnað var til með reglugerð nr. 218 8. júní 1978 til hagræðingar í fiskiðnaði.“

Hér stendur svo í 3. gr.: „Af fé þessu skal veita lán til hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar“ — ég endurtek: „Til fjárhagslegrar endurskipulagningar, m. a. til vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum og annarra ráðstafana, sem horfa til hagræðingar að mati sjóðsstjórnar.“

Þá voru jafnframt gefin út brbl. 18. maí 1979 um ráðstöfun á gengismun. Þar segir svo m. a. í 3. gr., með leyfi forseta:

„1) 50% skal veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.

Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til vélakaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnuleysi eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.“

Ég er einnig hér með lista yfir lán samkv. þessum lögum og reglugerð frá 1978 og 1979 og er þar um háar upphæðir að ræða. Samtals er úr gengismunarsjóði ráðstafað yfir 2 milljörðum kr. Þessi listi ber það einnig með sér, að hér er gert svipað og gert hefur verið á grundvelli skýrslu nefndar um stöðu útgerðar. Leitast var við að koma veltufjárstuðli fyrirtækja í viðunandi horf, í kringum 1, og heitir sá lánaflokkur Fjárhagsleg hagræðing í þeim listum yfir fyrirtæki sem ég hef hér fyrir framan mig.

Í þessu sambandi hefur nokkuð verið um það rætt og réttilega á það bent, að í þessum tilfellum rennur fé í gegnum Fiskveiðasjóð Íslands. Ég tel það að mörgu leyti eðlilega ráðstöfun. Staðreyndin er hins vegar sú, að sú fjárhagslega endurskipulagning, sem ráðist var í að tillögu Framkvæmdastofnunar ríkisins með skipun nefndar um stöðu útgerðar og fiskvinnslu, fór fram á vegum Byggðasjóðs, þ. e. í gegnum Byggðasjóð hefur þegar verið varið um það bil 80 millj. kr. í þessu skyni. Áætlað er að þörf þeirra fyrirtækja sem ekki hafa þegar

umhverfis það er mjög viðkvæmt og úr hafinu fáum við mestan hluta lífsbjargar okkar.

Rétt er að vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða í lagafrv. Segja má að nýting hafsbotnsins hér við land sé nú bundin fyrst og fremst við malarnám og sandtekju svo og nýtingu á skeljasandi. Er nauðsynlegt að þeir sem slíkt starf stunda eða slíka nýtingu hafa um hönd fái til þess sérstakt leyfi, svo unnt sé að fylgjast með starfsemi þeirra. Frá gildistöku laganna er þeim gefinn 6 mánaða frestur til að sækja um leyfi til slíkrar efnistöku.

Herra forseti. Hér er á ferðinni mikilsvert stefnumarkandi mál, sem ég vænti að góð samstaða geti tekist um hér á hv. Alþingi. Ég legg áherslu á þýðingu þess að almannaréttur og eignarréttur íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins verði tryggður áður en til frekari hagnýtingar kemur. Engin vissa er um það, og raunar takmörkuð vitneskja, hverjar auðlindir hafsbotninn innan íslenskrar efnahagslögsögu hefur að geyma. Úr því geta aðeins frekari rannsóknir skorið. Að því ber okkur að stuðla sem sjálfstæðri þjóð, þótt af fyllstu varkárni þurfi svo fram að ganga ef til hagnýtingar kemur.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 24. jan., að loknum fundi í Sþ.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87)). — Frh. 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. 4. gr. í frv. til l. um efnahagsaðgerðir fjallar um ráðstöfun á gengismun og mun ég fyrst og fremst snúa orðum mínum að þeirri grein. Í þeirri grein er lagt til að 80 millj. kr. af gengismun verði varið til greiðslu óafturkræfs framlags til togara til að bæta rekstrarafkomu þeirra vegna þess aflabrests sem þeir urðu fyrir á vormánuðum s. l. árs. Í öðru lagi er lagt til að 15 millj. verði varið til loðnuvinnslustöðva samkv. nánari ákvörðun ríkisstj. Í þriðja lagi verði varið 10 millj. í Fiskimálasjóð, sem verði ráðstafað til orkusparandi aðgerða í útgerð og fiskvinnslu og til fræðslu um gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi samkv. reglum sem sjútvrn. setur. 4.5 millj. kr. verði varið í lífeyrissjóði sjómanna. Og loks segir í 5. lið: Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa samkv. reglum sem sjútvrn. setur.

Þegar þetta var ákveðið í ágúst s. l. áætlaði Þjóðhagsstofnun að gengismunur sá, sem hér um ræðir, yrði um 130 millj. kr. Í desembermánuði s. l. fékk ég hins vegar nýja áætlun frá Seðlabanka Íslands, þar sem hann áætlar að þessi gengismunur verði 231 millj. kr. Við þá miklu hækkun þótti rétt að athuga hvort ástæða væri ekki til að verja einhverjum hluta af þessum gengismun til annarra aðgerða í þágu sjávarútvegsins. Ríkisstj. var sammála um að opna fyrir slíkt og varð það niðurstaðan að ég hef flutt brtt. við 5. tölul. 4. gr. frv. sem hefur verið lögð fram og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„5. tölul. 4. gr. orðist svo:

Krónur 50 millj. renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkv. reglum sem sjútvrn. setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna.

2. Á eftir 5. tölul. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tölul., svohljóðandi:

Eftirstöðvum, ásamt vöxtum, skal ráðstafað samkv. nánari ákvörðun sjútvrn. í samráði við sjútvn. Alþingis."

Með þessari brtt. er gert ráð fyrir að festa þá upphæð sem rennur í Stofnfjársjóð fiskiskipa við 40 millj. sem er 10 millj. kr. hærra en áætlað var þegar brbl. voru sett 21. ágúst s. l. En hins vegar, eins og ég las í 2. tölul., er gert ráð fyrir að eftirstöðvum, sem kunna að verða, megi ráðstafa til annarra þarfa sjávarútvegsins að höfðu samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Með þessu er því ekki slegið föstu, ef sjávarútvegsnefndum og sjútvrh. sýnist það réttara og ríkisstj., að allt þetta renni í Stofnfjársjóðinn, en aðaltilgangurinn er að opna fyrir notkun á þessu fé í öðru skyni ef mönnum sýnist svo.

Ég skal svo fara nokkrum orðum um það sem menn hafa þar fyrst og fremst í huga.

4. nóv. 1981 skrifaði forsrn. Framkvæmdastofnun ríkisins bréf, sem var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Forsrn. fellst á samþykkt Framkvæmdastofnunar ríkisins frá 27. okt. s. l. um að setja á fót nefnd, sem geri úttekt á stöðu útgerðar og fiskvinnslu, og skal hún skila niðurstöðum og tillögum til úrbóta svo fljótt sem auðið er, en Byggðasjóður taki að sér á meðan að greiða úr brýnustu þörfum fyrirtækja í atvinnugreinunum, enda njóti sjóðurinn aðstoðar til þess. Forsrn. mun tilkynna sjútvrh., Fiskveiðasjóði Íslands, Landsbanka Íslands, Seðlabanka Íslands og Útvegsbanka Íslands um stofnun nefndarinnar og óska eftir tilnefningu fulltrúa frá þeim aðilum. Rn. telur rétt að fulltrúi Framkvæmdastofnunar ríkisins verði formaður nefndarinnar."

Undir þetta skrifuðu Gunnar Thoroddsen forsrh. og Jón Ormur Halldórsson.

Í nefndina voru síðan skipaðir eftirtaldir menn: Benedikt Bogason frá Framkvæmdastofnun ríkisins, og var hann formaður, Bogi Þórðarson frá sjútvrn., Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka Íslands, Helgi Bachmann frá Landsbanka Íslands, Ólafur Helgason frá Útvegsbanka Íslands og Svavar Ármannsson frá Fiskveiðasjóði.

Nefnd þessari var, eins og fram kemur í bréfinu, falið að gera úttekt á stöðu fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu og gera tillögur um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fyrirtækja sem nefndin teldi að þyrftu slíks við og hefðu nauðsynlegar rekstrarforsendur og eignir í lagi til þess að slíkt mætti gera. Nefndin samdi sérstakt spurnareyðublað — við getum kallað það það —, sem sent var út til fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu, og óskaði eftir upplýsingum eins og fram kemur á því eyðublaði. Það tók alllengri tíma að ná þessum upplýsingum inn en

svæðinu. Rétt er að geta þess að hinar sameiginlegu rannsóknir hafa enn ekki hafist, en væntanlega verður hafist handa um þær á næstu árum.

Enn er rétt að geta ákvæða hafréttarsáttmálans, sem undirritaður var hinn 10. des. 1982, en þar segir í 1. málsgrein 77. gr. að strandríki fari með fullveldisrétt yfir landgrunninu að því er tekur til rannsókna og nýtingar auðlinda þess. Landgrunnið er því ekki eign ríkisins í skilningi opinbers réttar. Hins vegar er það hluti af ríkissvæðinu, þannig að strandríkið hefur ríkisyfirráð varðandi allar rannsóknir og nýtingu auðlinda þess. Í þessu felst að enginn má rannsaka eða nýta auðlindir landgrunnsins án skýlauss leyfis strandríkis.

Þegar mál þessi eru skoðuð í ljósi þróunarinnar er ljóst að nauðsynlegt er að setja skýrari ákvæði um heimildir ríkisins til nýtingar þeirra auðæfa sem kunna að vera á og í hafsbotninum. Rétt er að líta lauslega á hvernig þessum málum er fyrir komið á landi. Samkv. námulögum nr. 24 1973 fylgir hverri landareign, sem háð er einkaeignarrétti, réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna sem finnast í jörðu eða á. Utan þessara landssvæða hefur ríkið eitt rétt til nýtingar jarðefna. Þá er tekið fram að um námurétt á landgrunninu umhverfis Ísland fari eftir sérlögum. Um það efni hafa engin skýr lög verið sett til þessa. Ber því brýna nauðsyn til að skipa þeim málum með lögum.

Í frv. þessu er einungis fjallað um lífrænar og ólífrænar auðlindir á og í hafsbotninum en ekki lífverur. Málum varðandi nýtingarrétt á lífríki sjávar verður að skipa með sérstökum lögum og verður því ekki um þau mál fjallað hér.

Ekki verður talið að nokkur hluti hafsbotnsins sé háður einkaeignarréttarreglum. Hins vegar er því þegar slegið föstu að ríkið er raunverulega eigandi og umráðaaðili allra auðlinda í og á hafsbotninum, lífrænna sem ólífrænna. Því hefur sú leið verið valin að setja rammalög um þessi efni og lýsa því þannig yfir með löggjöf, að íslenska ríkið sé eigandi þessara auðlinda og hafi eitt rétt til að ráðstafa þeim. Auðlindir þessar eru sameign íslensku þjóðarinnar og þær ber ávallt að nýta í þágu þjóðarheildarinnar.

Spyrja má hvort nokkur þörf sé á löggjöf um þessi efni, því að ekki sé vitað um auðlindir, svo teljandi séu, á og í hafsbotninum umhverfis Ísland. Því er til að svara að nokkur s. l. ár hefur verið unnið að skipulagningu rannsókna á hagnýtum efnum á og í hafsbotninum. Rannsóknir þessar hafa aðallega beinst að því að athuga hvort kolvetni finnist á þeim hafsbotnssvæðum sem hér um ræðir. Hefur athygli manna í því sambandi einkum beinst að hafsvæðunum norður af Norðurlandi. Ýmiss konar mælingar hafa verið framkvæmdar á þessu svæði og s. l. sumar var boruð kjarnahola í Flatey á Skjálfanda til að kanna jarðlög, sérstaklega með hliðsjón af því hvort þar væri að finna setlög sem gætu verið heppilegt geymsluberg fyrir olíu. Borunin hefur staðfest að undir Flatey eru setlög, en að öðru leyti hafa líkur á tilvist kolvetna ekki styrkst. Umrædd kjarnahola í Flatey á Skjálfanda, sem boruð var á síðasta sumri, er aðeins tæpir 600 m á dýpt. Þess ber hins vegar að geta, að myndun olíu verður aðeins á ákveðnu dýptarbili, sem ræðst einnig af hitastigli í jarðlögunum, og samsöfnun olíu er algengust í nánd við eða þar sem slík skilyrði falla saman. Ef marka má hitastigul eins og hann er í borholunni í Flatey þarf borun að ná vel niður fyrir 2000 m til að komast í hugsanlegt olíumyndunarbil. Bora þarf því allmiklu dýpra þar til þess að ganga úr skugga um hvort kolvetni gætu verið í umræddum setlögum.

Samkvæmt fyrri vísbendingum gætu setlög á þessu svæði verið allt að 4000 m á þykkt. Áformaðar eru frekari kjarnaboranir á sama stað næsta sumar, 1983.

Þá hafa komið fram hugmyndir um að útfellingar verðmætra málma væri hugsanlega að finna sitt hvoru megin við gossprungusvæði þau sem á hafsbotninum eru.

Eins og áður var sagt er hér um rammalög að ræða. Framkvæmdaatriði öll verður að ákveða með reglugerðum, þ. á m. hverjar ráðstafanir skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar svo og varðandi fjárhagsmálefni, skattamál og annað er því tengist. Má vel vera að nauðsyn verði frekari lagasetningar þegar framvinda mála verður ljósari. Starfsskilyrði rannsóknaraðila og skilmála í leyfum til nýtingar auðlinda verður að setja með reglugerðum eða sérstökum ákvæðum í leyfisbréfum.

Um einstakar greinar frv. er rétt að segja eftirfarandi: Í 1. gr. er því slegið föstu, að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum. Þá er fjallað um landfræðilegt gildissvið laganna. Tekið fram að þau gildi frá netlögum og til hafs. Svo sem alkunna er, þá eru mörk jarða á Íslandi miðuð við stórstraumsfjörumál til sjávar. Þar fyrir utan á hver landeigandi svokölluð netlög, en það eru 60 faðmar til sjávar frá stórstraumsfjörumáli samkv. tilskipuninni um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849. Innan netalaga á landeigandi einn veiði. Þessi ákvæði eru ævaforn á Íslandi. Þannig er kveðið á í Grágás, að það séu netlög yst, er selanót stendur grunn, 20 möskva djúp, á fjöru og komi flár upp. Þá skyldu menn eiga reka innan rekamarks, en það var þar yst, sem sjá mátti úr fjöru flattan þorsk á borði, þann sem var alin í öxarfærur, eins og segir í ákvæðum Grágásar.

Hins vegar hefur hafsbotninn utan stórstraumsfjörumáls aldrei verið háður einkaeignarrétti. Þrátt fyrir það er gildissvið laganna miðað við netlagamarkið. Enginn vafi er á því að samkvæmt nútímaskilningi er ríkið eigandi auðlinda á og í hafsbotni innan netlaga að stórstraumsfjörumáli, en þar sem ljóst er að landeigendur eiga á því svæði þýðingarmikil réttindi þótti eigi rétt að láta þessi lög taka til þess svæðis. Er talið rökréttara að þeim málum verið skipað til fulls með lagasetningu um eignarrétt að almenningum og lögum um ráðstöfun lífríkis hafsins.

Til hafs nær landfræðilegt gildissvið laganna svo langt sem efnahagslögsaga Íslands nær, sbr. II. kafla laga nr. 41/1979, alþjóðasamninga eða samninga við einstök ríki.

Samkv. 2. og 3. gr. er öllum bannað að leita að efnum í eða á hafsbotninum, taka þau eða nýta nema að fengnu skriflegu leyfi iðnrh.

Í 4. gr. eru settar leiðbeinandi reglur um hvert skuli vera meginefni leyfisbréfa þeirra sem iðnrh. gefur út. Rannsóknar- eða nýtingarleyfin skulu vera bundin við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma, sem aldrei má vera lengri en 30 ár. Þá skal í leyfisbréfi greina þær ráðstafanir sem gera skuli til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Verður hér að sýna mikla gát, þar sem vitað er að lífríki á Íslandi og í hafinu

Sameinað þing, 39. fundur.

Mánudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Snjóflóð á Patreksfirði.

Forseti (Jón Helgason): S. l. laugardag bárust þær fréttir frá Patreksfirði að þá um daginn hefðu fallið þar snjóflóð sem lentu á mörgum íbúðarhúsum og sópuðu sumum þeirra burt. Ekki var strax vitað hversu margir menn hefðu lent undir snjóflóðinu, en mikil hætta var talin á frekari flóðum svo að flest hús á hættusvæðinu voru rýmd og íbúarnir fluttir á öruggari staði. Í hvert sinn sem slík tíðindi berast finnum við til þess hversu vanmegnug við erum gagnvart óblíðum náttúruöflum okkar lands, en hljótum að vona og biðja að yfir okkur sé haldið verndarhendi.

Björgunarstarf var þegar hafið og fjöldi manns vann að því að leita hinn týndu. Um hádegi í gær höfðu allir fundist, en fjórir þeirra voru þá látnir og nokkrir slasaðir. Síkur atburður er mikið áfall fyrir byggðarlagið þar sem fólk er tengt nánum böndum vensla og vináttu. Sárastur er söknuður nánustu ættingja og vina hinna látnu. Við vottum öllu þessu fólki einlæga samúð og hluttekningu.

Ég vil biðja hv. alþm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Enn einu sinni hefur íslenska þjóðin orðið fyrir þungu áfalli af völdum náttúruhamfara. Þær hörmungar sem gengu yfir Patreksfjörð um helgina urðu á þeim slóðum og af þeirri skyndingu að engan hafði órað fyrir. Fjölskyldum hinna látnu og Patreksfirðingum öllum vil ég votta samúð í nafni þjóðarinnar allrar og ríkisstjórnar Íslands.

Íslenska þjóðin vill með samhjálp kappkosta að bæta tjón af áföllum eftir því sem í mannlegu valdi stendur. Lög um Viðlagatryggingu Íslands með endurbótum, sem gengu í gildi um síðustu áramót, tryggja bætur fyrir verulegan hluta þess fjárhagsskaða sem orðinn er. Verði sveitarfélag fyrir óvæntu fjárhagstjóni, svo sem vegna náttúruhamfara, er heimilt að veita því aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Átakanlegastur er sá skaði sem aldrei verður með fjármunum bættur, mannslífin sem töpuðust, heimilin sem lögð voru í rúst. Sumt eignartjón verður aldrei heldur að fullu bætt. En stjórnvöld munu eftir megni leitast við að lina það áfall, sem þetta byggðarlag hefur orðið fyrir, og munu þá hafa hliðsjón af aðgerðum vegna snjóflóðanna í Norðfirði í des. 1974.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þm. Vestf. færa hæstv. forseta þakkir fyrir hlý og vinsamleg orð í garð fólksins á Patreksfirði. Ég vil ennfremur þakka hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann hefur hér flutt.

Hörmulegur atburður gerðist þegar snjóflóð féllu á Patreksfjörð s. l. laugardag með þeim afleiðingum að fjórir létu lífið og margt manna missti heimili sín.

Á slíkum stundum sem þessari er okkur Íslendingum ljóst að við erum sem ein fjölskylda og viljum bera hver annars byrðar.

Ég er þess fullviss, að allt verður gert sem unnt er til þess að mæta þeim vanda sem nú hefur komið upp á Patreksfirði, eftir því sem hægt er að bæta slíkt tjón sem þar varð.

Ég þakka velvild og samúð allra alþm.

Efri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 24. jan., að loknum fundi í Sþ.

Eignarréttur ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frv. (þskj. 183). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Frv. þetta á sér nokkuð langa sögu og má segja að það sé áfangi á löngum þróunarferli.

Með lögum nr. 17 frá 1. apríl 1969 var fyrst lögfestur yfirráðaréttur íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis landið. Þar er því slegið föstu að ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunninu að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins, vinnslu þeirra og nýtingu. Þessi auðæfi séu eign ríkisins og íslensk lög gildi um þau í öllum greinum.

Með lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, var þessum málum ráðið til lykta. Í 2. gr. þeirra laga var kveðið á um að fullveldisréttur Íslands næði til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Í þeim lögum var landhelgin afmörkuð með ákveðnum línum. Utan landhelginnar tók Ísland sér efnahagslögsögu á svæði, er afmarkast af línu sem er alls staðar 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar, þar sem nálægð við önnur lönd krafðist ekki annars fyrirkomulags. Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á og í hafsbotninum og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu.

Í lögum þessum, nr. 41/1979, er ennfremur tekið fram að fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og lífverum sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum og geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotninn.

Enn er rétt í þessu sambandi að drepa á samkomulag Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, sem undirritað var hinn 22. okt. 1981, en sá samningur gekk í gildi 2. júní 1982. Í því samkomulagi er ákveðið að mörk landgrunns milli Íslands og Jan Mayen skuli vera hin sömu og efnahagslögsögu. Þá er samið um ákveðið svæði, u. þ. b. 45 470 km² að flatarmáli, þar af u. þ. b. 12 720 km² innan íslenskrar lögsögu og 32 750 km² innan norskrar lögsögu. Á svæði þessu hafa bæði ríkin rétt til rannsókna og gert er ráð fyrir að þær verði sameiginlegar. Komi til vinnslu verðmætra efna á svæði innan norskrar lögsögu skal Ísland eiga rétt á 25% þátttöku í þeirri starfsemi, en komi til vinnslu á því svæði sem tilheyrir lögsögu Íslands skal Noregur eiga rétt til 25% þátttöku í starfseminni. Íslensk löggjöf gildir vitanlega á íslenska

till., að við komumst ekki hjá að hafa nokkra tryggingu til að mæta útflutningi að einhverju marki. Markið hefur verið sett 10%. Þetta þjónar einmitt þeim markmiðum m. a., sem hv. þm. Árni Gunnarsson lagði áherslu á í sínu máli, að íslenska þjóðin þarf að leggja kapp á að gæta öryggis síns í matvælaframleiðslu og að hér verði ekki sultur í búi hvað sem gerist í kringum okkur í umheiminum, sem við höfum engin tök á að hafa áhrif á.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara út í þessi efni nánar, en þessi útflutningsbótatrygging er öðrum þræði auðvitað til þess að við getum náð þeim markmiðum sem sú till. sem hér liggur fyrir stefnir að og þeim markmiðum sem hv. þm. Árni Gunnarsson skýrði sem sín eigin markmið, svo sem eins og tekjumarkmið, búsetumarkmið o. s. frv. Ég skal ekki fara út í þau efni frekar. Ég held að það sé ekki unnt nema með lengri aðdraganda að halda þessum tekjumarkmiðum og búsetumarkmiðum fyrir bændur landsins ef við fellum niður útflutningsuppbætur og framleiðslan miðast einvörðungu við innlendan markað. Svipað sjónarmið kom í rauninni fram hjá hv. þm. Agli Jónssyni, sem sagðist vilja að innlendi markaðurinn standi undir byggð í landinu. Það er í rauninni sama sjónarmið þótt með öðrum orðum sé sagt.

Ég ætla ekki að fara út í frekari efnislegar umr. um þessi mál. Ég vil aðeins þakka þær undirtektir sem till. hefur fengið. Ég endurtek þakkir mínar fyrir efnislegar og vandaðar umr. af hálfu þeirra sem hér hafa tekið til máls. Ég mun leiða hjá mér nokkurt nart í ræðu hv. 11. landsk. þm. í minn garð og okkar, sem að þessari till. stöndum, þegar hann mælti fyrir annarri till. sem mér er ekki ókunnug að stofni til þar sem ég var 1. flm. svipaðrar till. á árum áður.

Að þessum orðum mæltum sé ég ekki ástæðu til að fjalla um till. í lengra máli.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég get á vissan hátt tekið undir þau orð sem hér hafa verið látin falla um þessa umr. sem frekar jákvætt innlegg í landbúnaðarmál og ég sé ekki ástæðu til að fara efnislega út í umr., þær gefa tæpast tilefni til þess. Það er bara af því að það eru orðnir svo fáir hér eftir.

En þó. Það er hv. þm. af Austurlandi, Helgi Seljan, af því að hann gerði nokkurt mál úr því að ég yrði talsmaður stefnu núverandi landbrh. þegar kæmi fram á sumar. Ég held að það sé óskaplega auðvelt fyrir mig að verjast í þeim efnum. Ástæðan er sú, að hvorki í þessu tilviki né neinum öðrum legg ég til grundvallar í minni málaafstöðu hver maðurinn sé. Það er ekki það sem skiptir máli. Það sem hæstv. landbrh. var að tala um hér áðan sem nart í sinn garð er frásögn af þróun landbúnaðarmála á þessu landi í tíð núverandi ríkisstj. Menn verða að segja þá sögu alveg án tillits til þess hver á í hlut. Ég get meira að segja lofað hv. þm. Helga Seljan því, verði hér annað stjórnarfyrirkomulag eftir næstu alþingiskosningar sem t. d. Sjálfstfl. ætti hlut að, að ég mundi ekki líða það undir nokkrum kringumstæðum að það liðist eins mikill undansláttur í málefnum íslensks landbúnaðar og menn hafa látið yfir sig ganga á þessu kjörtímabili.

En ekki skiptir þetta nú meginmáli. Ég endurtek þakklæti mitt fyrir málefnalegt innlegg í þessa umr. hjá öllum þeim sem hér hafa talað og lýk þar með máli mínu, herra forseti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

ekki neitt ef það vantar atvinnu annars vegar? Er ekki skynsamlegra að borga eitthvað til þess að fólk hafi fulla atvinnu og framleiða þá verðmæti? — Og það er, alveg eins og hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan, dapurlegt að hugsa um það, að á sama tíma sem milljónirnar svelta allt í kringum okkur skuli samt þurfa að koma til þeirra framleiðslutakmarkana að það verði í raun og veru að hindra menn í að framleiða matvæli. Það er dapurlegt og það sýnir það í sjálfu sér hvað veröldinni er vitlaust stjórnað.

Ég vil endurtaka það, að mér fannst þessi ræða hv. þm. Árna Gunnarssonar athyglisverð vegna þess að það er allt annað hljóð sem kemur þar frá honum en hans flokksmönnum. Hann er í sjálfu sér kominn á þá línu sem við erum á, en það sem okkur greinir kannske á um er hvernig eigi að ná þessum markmiðum. Það verður að segja, að á þessum liðnu árum, sem þessum framleiðslutakmörkunum hefur verið beitt, höfum við ekki snúist við þessum málum dreifbýlisins, eða strjálbýlisins réttara sagt, eins og við hefðum átt að gera og hefðum þurft að gera, en það hefur ekki verið staðið við það að útvega það fjármagn sem um var samið, þ. e. að samkv. jarðræktarlögunum áttu bændur, til þess að breyta um sína framleiðslu, að fá nokkuð miklu meira fjármagn en hefur tekist að útvega á þessum árum. Það harma ég, því hvort sem menn trúa því eða ekki t. d. í sambandi við loðdýraræktina, að hún muni verða bjargvættur strjálbýlisins, þá er það tilraun sem margir fróðir menn telja að sé bjart yfir, jafnvel þó að við getum búist við að verðið sé misjafnt frá einum tíma til annars. En hvaða framleiðsla er það sem býr ekki við slíkt öryggisleysi? Það sjáum við t. d. á stóriðjunni. Það er fleira en framleiðsla í landbúnaði sem býr við slíkt öryggisleysi.

Hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan ræddi um milliliðakostnað og ég gat ekki betur heyrt á honum en hann teldi að milliliðakostnaður væri það sem væri milli þess sem bændur fá fyrir sínar afurðir og þess sem verðið er svo til neytenda + niðurgreiðslur, þ. e. sláturkostnaður, vinnsla og allt sem lýtur að því að gera þessa vöru verðmætari og seljanlegri milli framleiðandans og neytandans. Þetta er ekki rétt hugsun, ef ég hef skilið þm. rétt. Milliliðakostnaðurinn er náttúrlega ekki slátrunarkostnaður, það er ekki vinnsla. Hitt er rétt, að eins og við höfum byggt upp þetta sölukerfi okkar fá allir sitt og ef ekki næst fullt verð lendir það á bændunum.

En ég vil bara minna á hvernig þetta var áður en Osta- og smjörsalan var hér byggð. Þá þurftu mjólkursamlögin úti á landi að borga heildsalanum 10—12% fyrir að selja vöruna hér, en hvað er það sem Osta- og smjörsalan hefur tekið til sín, en fyrirtækið er eign mjólkursamlaganna, er raunverulega eign framleiðendanna? Það er ekki nema ¼ af þeim kostnaði sem áður var sem nú er á dreifingu og sölu þessara afurða. Það er þetta sem hefur áunnist vegna þess að fyrirtækið er í höndum bændanna sjálfra eða fulltrúa þeirra.

Hv. þm. Helgi Seljan var að tala um auðvaldskreppu, sem hrjáði heiminn. Ég held nú að þessi kreppa nái yfir alla jarðarkringluna, hún nái nú líka til þeirra fyrir austan, ég veit ekki betur, þannig að því miður virðist þetta vera viðskiptakreppa sem er að skella yfir öll lönd, kannske misjafnlega fljótt og misjafnlega mikið, en ég hygg, eftir því sem ég hef séð, að þjóðir austan járntjalds séu alls ekki betur settar að þessu leyti en fyrir vestan línuna.

Ég ætla ekki að ræða efnislega þessar till., það hefur verið gert oft áður, en ég vil leggja áherslu á að á þeim markmiðum að halda byggðinni, þeir sem í strjálbýlinu búa hafi sambærilegar tekjur við aðra í landinu, sé tekið í samræmi við þessa stefnumörkun. En það er ekki nóg að flytja þáltill. Það er ekki nóg að Alþingi samþykki stefnumörkun ef henni er ekki fylgt eftir. Það er ekki nóg að setja lög á Alþingi, eins og jarðræktarlögin, ef síðan er ekki farið eftir þeim lögum. Þess vegna eru það raunar gleðitíðindi að menn úr öllum stjórnmálaflokkum, sem hér hafa talað, virðast vera sammála um að það eigi að standa þannig að málum að byggðin haldist, að þeir sem í strjálbýli búa eigi rétt á að hafa svipaðar tekjur og aðrir. En þá þurfa líka að fylgja þessum orðum athafnir. Því miður hefur það ekki fylgt á undanförnum árum. Ég vona, og þá er það sögulegur atburður í sambandi við þessa umr., að nú fari menn að athuga það allir, líka Alþfl., hvernig hægt sé að standa þannig að málum að þessum markmiðum verði náð.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma hingað í þennan ræðustól til að þakka þær málefnalegu umr. sem farið hafa fram um það mál sem hér er á dagskrá. Þessar umr. hafa kannske verið dálítið langar, sumar ræður sem fluttar hafa verið, og það er ekkert einkennilegt vegna þess að hér er um slík stórmál að fjalla að það tekur tíma að ræða þau svo að eitthvað sé komist til botns í því sem menn þurfa að segja um jafnfjölþætt og mikilsverð mál og landbúnaðarmálin eru.

Ég vil taka það fram alveg sérstaklega, eins og fleiri ræðumenn hafa gert á undan mér, að ég fagna mjög málefnalegri ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. og get lýst því að í mjög mörgum greinum er ég honum sammála og í mjög mörgum greinum var ræða hans nákvæmlega í sama anda og sú till. til þál. sem hér er á dagskrá. Þetta gilti m. a. um þau meginstefnuatriði sem hann lagði áherslu á. Þessu vil ég sérstaklega fagna.

Ég tel samt sem áður ofsagt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni að Alþingi og ríkisstjórn og ég sem landbrh. hafi sýnilega tekið sérstakt tillit til sjónarmiða Alþfl. eins og þau hafa verið í gegnum tíðina. Ég hygg að hitt sé sönnu nær, að hv. þm. Árni Gunnarsson hefur af kynnum sínum af bændastéttinni, kynnum sínum af málefnum landbúnaðarins og kynnum sínum af kjörum fólksins í landinu sem einn af þm. strjálbýliskjördæmis komist að raun um að hagur þessa fólks er þannig og vandamál þessa fólks eru með þeim hætti að það hefur opnað honum nýja sýn og hann hefur færst nærfellt inn á þau sjónarmið sem við höfum á undanförnum árum haldið fram. Þessu tel ég ástæðu til að fagna.

Í rauninni var aðeins eitt sem skilur á milli. Hv. þm. Árni Gunnarsson vill sem fulltrúi síns flokks leggja niður útflutningsuppbætur í áföngum, verja þeim fjármunum til annarra hluta, góðra og þarflegra hluta, sem auðvitað er mikil þörf á að standa betur að en gert hefur verið, þó margt sé nú reynt í þeim efnum, svo sem eins og í markaðsmálum, svo sem eins og í vinnslu landbúnaðarafurða, svo sem eins og í aðstoð við skuldug bændur á jörðum sínum, sem þarf að veita aðstoð til þess að þeir geti haldið þar áfram búrekstri eða jafnvel fellt niður búrekstur. Margt af þessu er góðra gjalda vert og er í athugun og er þörf á að gera vel í. En ég tel hins vegar, og það er auðvitað tekið skýrt fram í þessari

gæta þar að sér með forsjálni og gætni.

Í þriðja lagi þarf að tryggja hlut bænda sem best í tekjum, jafna þær sem mest og um leið ýta undir alla hagræðingu. Ég tek undir með hæstv. ráðh. að það er sérstök ástæða til að hyggja betur að félagslegri réttarstöðu bænda, að ýmsar félagslegar úrbætur, sem fólk í þessu landi fær, fari ekki hjá garði varðandi bændastéttina. Ég veit mætavel að hæstv. ráðh. hefur sérstaklega beitt sér fyrir því að bændastéttin yrði ekki þarna út undan, og ber að þakka honum það.

Í fjórða lagi er full ástæða til að ýta sem mest undir samvinnu, m. a. með félagsbúskap sem allra mestum, ekki síst vegna þess að með slíkum búskap nýtist hinn mikli og dýri tækjakostur í landbúnaði betur en annars er. Þar þarf ákveðna samvinnu bænda því að hér er um að ræða geysilega dýran tækjakost og vélakost, sem er notaður stuttan tíma ársins og verður að reyna að nýta sem best og af sem flestum þann stutta tíma sem hann er í gangi.

Í fimmta lagi þarf að huga að nýjum möguleikum í landbúnaði til eflingar búsetu og frekara öryggis í þeim sveitum sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti. Ég vara hins vegar við því, og hefði kannske viljað leggja miklu meiri áherslu á það hér, en tek ekki tíma til að fara út í það, að of geyst sé farið í einhverja ákveðna grein, vara við oftrú á einhverri allsherjarlausn í okkar landbúnaðarvandamálum með því að demba sér í einhverja nýja búgrein. Mér finnst t. d. bera allt of mikið á því nú í loðdýraræktinni. Loðdýraræktin á öllu að bjarga, heyrist manni stundum á ýmsum forsvarsmönnum bænda, og það jafnvel á þeim tíma sem við sjáum það vissulega að auðvaldskreppan hefur líka áhrif á þennan markað, þó það kunni að vera rétt að þessi markaður sé þess eðlis að kreppueinkennið segi síðast til sín þar, vegna þess að auðvitað snertir þessi auðvaldskreppa samkv. eðli sínu síðast þá sem mest hafa og sem þennan markað auðvitað fylla aðallega.

Í sjötta lagi þarf að tryggja bændum og búaliði eignarrétt bújarðanna, eins og þarna kemur fram, og vitanlega þeirra hlunninda sem til landbúnaðar teljast. Að öðru leyti eigi almenningur sem greiðastan aðgang að landinu og þjóðfélagið, íslenska ríkið, eigi þau landgæði sem til almenningsnota þarf að nýta, svo sem gildir bæði um námuvinnslu og jarðhita.

Í lokin vil ég svo aðeins undirstrika það, að ég stend að sjálfsögðu sem einn nm. að meginatriðunum í þessari stefnumörkunartill. landbrh. Ég stóð einnig, og undirstrika það líka, að þeim aðferðum í framleiðslustjórnun sem gripið hefur verið til, tel þær hafa verið nauðsynlegar, tel hæstv. landbrh. mann að meiri að hafa þorað að grípa til þeirra miðað við þær óánægju- og andstöðuraddir sem örugglega mundu þar heyrast – og heyrðust. Ég tel þær virkilega hafa verið þess verðar að gera þær, þó að, eins og ég tók fram áðan, ýmislegt í þeirri framkvæmd hafi eflaust orkað tvímælis eins og ævinlega þá gert er.

Að öðru leyti mun ég ekki blanda mér, af því að þessar aðferðir koma nú sérstaklega inn í, í kærleiksríkar deilur þeirra flokksbræðra, hv. 11. þm. landsk. og hæstv. landbrh. Ég held ég geymi mér þær til vorsins. (Gripið fram í.) Nei, en við hv. 11. landsk. þm. eigum orðræður heima í kjördæmi. Hann verður þar eðlilega að halda fyrst og fremst uppi vörnum fyrir stefnu hæstv. landbrh., sem verður þá í sameiginlegri kosningabaráttu með honum þó í öðru kjördæmi sé. Ég þykist vita að það verði skemmtileg umr. og ylji mörgum um hjartarætur. Ég geymi mér hana þess vegna til þess tíma.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara efnislega að bera saman þessar tillögur, sem mér skilst að séu raunar báðar hér til umr., ef ég hef skilið það rétt, vegna þess að þetta eru í raun og veru tillögur sem hafa verið hér til umr. undanfarin nokkuð mörg ár. Það má þó segja, að sú till. sem hæstv. landbrh. talaði fyrir áðan hafi verið endurskoðuð fyrri till., sem hv. þm. Egill Jónsson hér talaði fyrir, þannig að till. sem ráðh. talaði fyrir er miðuð við þá þróun sem hefur orðið á síðustu árum að mestu leyti í staðinn fyrir að hin till. er flutt nokkurn veginn lítið breytt frá því að hún var í fyrstu flutt. Það er munurinn.

Ég skil ekki almennilega hinn voðalega ágreining, um hvað þeir hv. þm. Egill og hæstv. landbrh. geta deilt, að öðru leyti en að það má segja að till. þeirra sjálfstæðismanna sé orðin að vissu leyti dálítið úrelt miðað við þróun tímans. Það er munurinn.

Það var annað sem var dálítið athyglisvert og þess vegna bað ég um orðið. Það var ræða hv. 6. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarssonar. Það er verst að hann er ekki hér staddur. Þegar ég hlustaði á hans ræðu fannst mér þar ákaflega líkur málflutningur og ég hef haldið fram á undanförnum árum. Hvað hefur komið fyrir kratana? (**HS:** Hann er í kjördæminu hjá þér.) Að bera saman þessa ræðu hans og þær ræður sem hans flokksbræður hafa flutt hér er náttúrlega allt annað. Það er eins og Árni hafi komið endurfæddur frá öðrum hnetti inn í þann flokk. Hins vegar má segja það, að þegar hann er búinn að tala um markmiðin, sem eru alveg þau sömu og við höfum haldið fram, þ. e. annars vegar að halda byggðinni, að bændurnir haldi svipuðum tekjum og aðrir þegnar þjóðfélagsins, – þegar hann er búinn að undirstrika þessi áhersluatriði og fer svo aftur á móti að ræða um hvernig eigi að nálgast þessi markmið, þá er annað mál. Þá er það kannske vegna þess að hann þekkir ekki nægilega til.

Hann telur t. d. að það sé til þess að ná slíku marki, þ. e. að halda byggðinni, halda tekjunum, mögulegt eins og sakir standa að draga t. d. úr útflutningstryggingunni.

Það verður að minna hv. þm. á hvernig þessi útflutningstrygging er til komin. Hún er komin til vegna samninga á milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna. Áður máttu bændasamtökin hækka verðið til að ná jafnaðarverðinu upp, til þess að bændur héldu tekjum sínum, þ. e. að útsöluverðið á landbúnaðarvörum varð hér þeim mun hærra til neytendanna til þess að bændur næðu sínum tekjum. Það var horfið frá þessu og útflutningstryggingin var tekin upp í staðinn.

Eins og háttar tíðarfari í okkar landi er vandséð hvort það sé skynsamlegt og það muni ganga, ef við ætlum að vera sjálfum okkur nægir með framleiðslu á landbúnaðarvörum, hvort við verðum ekki að hafa það svigrúm sem einmitt útflutningstryggingin býður upp á, því að annað slagið í hörðu árferði dettur framleiðslan niður eins og dæmin sanna.

Menn ættu að fara að kryfja þessi mál til mergjar, hvað er skynsamlegt í þessum efnum: Er t. d. skynsamlegt að halda 85% borgarfólks í atvinnu til þess að gera

mörgum bændum sviður óneitanlega á þeim tímum sem þeir hafa þurft að taka á sig nokkra skerðingu, og fer ekki milli mála að þeir þurfa svo sannarlega nánar og betur ofan í að fara, jafnvel þó að um sé að ræða margumtöluð fyrirtæki þeirra sjálfra, sem maður efast stundum um að sé alveg nákvæmur sannleikur.

Ég skal ekki fara mjög náið út í þetta. Skipulagsformið má hugsa sér með ýmsum hætti í íslenskum landbúnaði. Ég nefni aðeins stjórnun með stofnlánunum í gegnum Stofnlánadeildina með náinni samvinnu við landbrn. og bændasamtökin. Menn gagnrýna að þarna sé um seinvirka leið að ræða. Það er rétt, en hún er þó mjög örugg þegar til lengdar lætur. Hún er mjög örugg þegar til lengdar lætur og ef skipulagið er í góðu horfi. Og vissulega hefur verið að nokkru farið út á þá braut hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins að hafa vissa stjórnun hér á. Menn hafa hins vegar ekki treyst sér til þess, – og ég er einn úr þeirra hópi sem sitja þar, – og veit ég að formaður stjórnar Stofnlánadeildarinnar staðfestir það með mér, að ganga þar lengra í stjórnunarátt en raun ber vitni. Sumum þótti reyndar að þegar menn tóku þar upp ákveðnar takmarkanir væri þar um of gengið á rétt bænda. En vissulega er þarna ein af þeim leiðum sem þarf að huga að við stjórnun í landbúnaði, þ. e. í gegnum stofnlánin. Þetta gildir vitanlega ekki bara um landbúnaðinn. Þetta gildir auðvitað ekkert síður um allar okkar atvinnugreinar.

Hér hefur verið minnst á framleiðslustjórnun, m. a. svæðisbundna og eftir framleiðslugreinum. Það ber hiklaust að skoða þá leið vandlega því að skipulagsleysi í framleiðslu á einstökum svæðum veldur víða stórvandræðum. Þetta þekkjum við dæmi um. Það þarf vissulega varkárni í þessum efnum því að ofstjórn er hættuleg. Við skulum taka dæmi um hversu gróðurskilyrði og ræktunarmöguleikar eru misjöfn og hversu oft það stangast á við markaðsaðstæðurnar. Þar af leiðandi þarf að vera hér fullt samhengi á milli markaðsaðstæðna á hverju svæði og þeirra möguleika sem eru til bæði ræktunar og beitar. Inn í þá mynd þarf að metast búrekstrarstaða einstakra jarða, því að búrekstrarstaða einstakra jarða getur verið ólík mjög t. d. meginþorra þeirra jarða sem í einstakri sveit eru eða á einstöku svæði eru og þá þarf að taka tillit til þess.

Það þarf ekki að taka það fram, svo mjög sem sú stefna á nú fylgi að fagna, að landverndar- og gróðurverndarsjónarmið þarf að taka rækilega inn í heildardæmið. Við vitum um það andvaraleysi sem þar hefur ríkt, þau miklu spjöll sem þar hafa verið unnin. Auðvitað er það ekki allt vegna landbúnaðarins, þar koma margir aðrir til. Ég segi það núna, að sá þátturinn sem ég hef mestar áhyggjur af og hv. 6. þm Norðurl. e. kom hér inn á er þessi ég segi vitlausa hrossarækt sem nú gengur yfir og öllu er að tröllríða, þar sem orðið er eins konar stöðutákn víða í þéttbýlinu að vera með svo og svo mörg hross og helst að láta þau svelta í einhverri hagagirðingu hér fyrir austan fjall meginhluta sumarsins. Þetta kunna að vera þung orð, en ég hef ekið þarna nokkrum sinnum um og mér ofbýður alveg hreint hvernig þar er víða á málum haldið. Andvaraleysið í þessum málum almennt hefur verið mikið. Það vita allir hv. þm. að of seint er að grípa inn í þessi mál til nokkurs raunverulegs árangurs, ég tala nú ekki um til skjótfengins árangurs, þegar gróðureyðingin er orðin staðreynd.

Öll þessi atriði eru inni í þeirri stefnumótun, en vissulega þarfnast þau öll enn frekari skoðunar. Við vitum að stjórnun og skipulag hefur skort í öllum okkar atvinnugreinum og ekki síst er knýjandi úr að bæta í landbúnaði okkar, en ég legg áherslu á það í þessu samhengi, að ekki síður er óstjórnin og skipulagsleysið ríkjandi í okkar sjávarútvegi, þó að það gleymist oft, og eins í iðnaði, að ég tali nú ekki um það sem aldrei er minnst á í margfrægum leiðurum sumra blaða, það hrikalega skipulagsleysi sem er í verslun hér á landi, innflutningsversluninni t. d., þar sem hver silkihúfan er ofan á annarri, gagnslaus og tilgangslaus fyrir þetta þjóðfélag.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að í dag búa allt of margir við aðstæður í íslenskum landbúnaði sem ekki eru hagkvæmar og aðstæður sem seint eða aldrei geta skilað viðkomandi arði. Ég tek undir það með hv. 6. þm Norðurl. e., að þessir aðilar eru vissulega til, þó að ég sé kannske ekki á því, svo að ég snúi nú örlítið út úr fyrir hv. þm. Árna Gunnarssyni, að við eigum að stofna sérstakan niðurlagningarsjóð bænda til að leysa það mál. En það var ekki meiningin hjá hv. þm. og það er illa gert, sérstaklega þegar hann er fjarverandi, að snúa þannig út úr máli hans. En vissa aðstoð þyrfti að veita þessum mönnum til þess að þeir gætu viðunandi sloppið frá því sem vonlaust er, það er rétt.

Tekju- og kjaraaðstaðan innan bændastéttarinnar, sem ég minnti á áðan, er auðvitað gífurlega misjöfn. Mismunurinn þar er síst minni, ef ekki meiri, en annars staðar í þjóðfélaginu og jöfnun þar er því brýn og allar aðgerðir sem stjórnvöld beita sér fyrir varðandi landbúnaðinn þurfa að beinast að því að rétta hlut þeirra lakast settu. Vissulega, eins og ég tók fram áðan, eru í landbúnaði sem öðrum atvinnugreinum menn sem ekki eiga þar að vera og sem mestur greiði er gerður með því að leysa þá frá sínu oki. Það þyrfti þá að gera samhliða átak í því yfir landið, og ég held að við ættum þá að sameinast í því, ef við færum að gera einhverjar slíkar ráðstafanir, að losa okkur við stóran hluta, kannske mestan hluta, þeirra sem fást við innflutningsverslunina hér í þessu landi. Þar eru þær afætur sem reynast okkur alltaf dýrastar þegar kemur að hinu þjóðhagslega dæmi.

Ég skal svo ekki efnislega ræða frekar um þetta stórmál hér, það hefur verið gert oft áður. Ég hef oft gert það hér áður, en ég skal taka nokkur áhersluatriði í lokin svo sem aðrir hafa hér gert. Þar verður um talsverða endurtekningu að ræða. Ég segi sem betur fer, sem sannar hvað við erum í raun og veru að mörgu leyti samstíga í þessum málum og ættum að geta náð sameiginlega fram þeim meginmarkmiðum sem til heilla mættu vera fyrir bæði íslenskan þjóðarbúskap og íslenskan landbúnað um leið.

Í fyrsta lagi má aldrei missa sjónar af þeirri grundvallarþýðingu sem landbúnaður okkar hefur fyrir þjóðarbúið. Þar þurfa hagsýni, skynsemi og þjóðarheill að fylgjast að. Hér er einn af megingrunnum þess að við höldum uppi hér velferðarþjóðfélagi, en við megum þá ekki gleyma því, hvaða greinar það eru sem leggja grunninn að þessu velferðarþjóðfélagi. Landbúnaðurinn er ein styrkasta stoðin, það vitum við og viðurkennum allir hér, – vonandi allir er kannske rétt að segja.

Í öðru lagi þarf að tryggja gróðurvernd sem best og

ákveðinni sveit eystra, sem þá stóð þokkalega. Nú stendur það tæpt og óvíst er í raun og veru um framtíð hennar. Það er sveitin Hjaltastaðaþinghá, sem hefur núna á tveimur árum eyðst þannig að meir en þriðjungur áður byggðra jarða þar er ekki lengur í byggð. Víst gat maður ekki séð þetta fyrir þá þó að viss hættumerki væru þar, sem við höfðum sérstaklega í huga, m. a. varðandi aldur bænda sem sýnilegt var að mundu hætta, erfiða fjárhagsaðstöðu, mismunandi fjárhagsaðstöðu þeirra og annað því um líkt sem liggur til grundvallar.

Auðvitað verðum við líka að reyna að mynda okkur sem best hlutlægt mat á allri þeirri mynd sem blasir við í landbúnaðinum út frá þjóðhagslegum forsendum. Ég sagði áðan að þær þjóðhagslegu forsendur vildu verða oft undarlegar í túlkun manna og ég ætla ekki að rekja það hér.

Það er t. d. horft til útflutningsbótanna. Það er einblínt á þær. Þær eru slitnar úr samhengi við þann grunn sem býr þar að baki, þ. e. framleiðsluverðmætisins í heild, þ. e. þýðingu þess fyrir innanlandsmarkað og útflutning um leið, að ekki sé nú minnst á alla þá atvinnu sem úrvinnslan skapar, þýðingu hennar fyrir almennt atvinnulíf í landinu og ekki síst atvinnulíf í þéttbýlinu, þar sem vissir staðir hreinlega lifa að miklu leyti á þeirri úrvinnslu. Það þarf ekki að rekja þá sögu hér og þá þýðingu ætti að vera óþarft að minna hv. þm. á.

Það er horft jafnvel til niðurgreiðslna í þessu sambandi, sem í engu eiga skylt við framlög til landbúnaðar, hvað þá eru styrkir eins og stundum heyrist. Því miður hefur heyrst stundum í þessum ræðustól að blandað hefur verið saman niðurgreiðslum og útflutningsbótum og niðurgreiðslurnar taldar sem sérstakir styrkir til landbúnaðarins. Og því miður heyrast þær raddir allt of víða og úr ótrúlegustu áttum að hér sé um að ræða eitthvað sem heitir framlög til íslensk landbúnaðar. Meðan slíkar heimskulegar fullyrðingar koma jafnvel fram hér á hv. Alþingi er kannske ekki von að vel fari í umr. úti í þjóðfélaginu.

Ég vil hins vegar segja það í þessu sambandi og ligg ekkert á því og hef margoft sagt, að fyrir bændastéttina sjálfa, stöðu hennar og atvinnugreinina í heild út frá öllum forsendum, ekki síst þeim áróðurslegu, þá er það auðvitað ljóst að mikil nauðsyn er að umframframleiðsla sé sem allra minnst og þurfi sem allra minnst að bæta við úr ríkissjóði. Það er auðvitað alveg glöggt því að við vitum að einn sterkasti áróðurspunkturinn gegn landbúnaðinum eru þessar útflutningsbætur. Þess vegna eigum við öfgalaust og með fullri gát að haga okkar framleiðslumálum í landbúnaði svo að hæfi innanlandsmarkaði okkar sem allra best og þá þeim útflutningi sem fyllilega ber sig og þarf ekki við að bæta. Enn síður eigum við að stunda framleiðslu sem hefur í för með sér að hún skerðir beinlínis tekjur bændastéttarinnar, kemur bændum beinlínis í koll síðar. Ég legg á þetta sérstaka áherslu.

Ég er að sjálfsögðu eindreginn talsmaður sem öruggastrar stjórnunar og skipulags í okkar atvinnumálum og ákveðinnar stefnumótunar, sem bæði tekur þá til langtímaþarfa og einnig þeirra vandamála sem við blasa á líðandi stund. Þau vandamál eru vissulega mörg í íslenskum landbúnaði og vissulega er það rétt að ein stefnumótunartillaga leysir ekki allan þann vanda. Ég vil hins vegar segja að á þessu hefur verið tekið af hæstv. landbrh. á þann veg að ég dreg það stórlega í efa að flokksbræður hans aðrir, sem hafa nú tekið býsna stórt upp í sig, hefðu gert betur. Ég dreg það stórlega í efa, þrátt fyrir fulla virðingu mína fyrir hv. 11. landsk. þm. t. d., og segi að hæstv. ráðh. hefur oft tekið nokkuð djarfar ákvarðanir, m. a. varðandi kvótaskiptinguna, m. a. varðandi kjarnfóðurgjaldið. Vitanlega má deila um framkvæmd og ýmislegt í því sambandi. En það eru þó ákvarðanir sem hafa verið gerðar einnig í tengslum og samvinnu við bændasamtökin og ber að meta það að þau samtök hafa tekið skynsamlega á þeim málum.

Þar með er ég ekki að segja að það hafi verið um gallalausa framkvæmd að ræða. Það er líka rétt, að það kann að vera vandfundið það form sem á að vera á þessu skipulagi. Fyrsta atriðið er kannske það, að heildaryfirsýnin sé nógu glögg, menn geri sér nægilega grein fyrir staðreyndum, bæði stéttin sem heild og stjórnvöld. Að sjálfsögðu eiga framleiðslu- og atvinnusjónarmið að vera þar í öndvegi, en ákveðið búsetuöryggi einnig og þá fyrst og fremst það að hagur stéttarinnar sé í fyrirrúmi.

Ég tek sérstaklega fram, og tek þar undir með hv. 6. þm. Norðurl. e., að við þurfum kannske fyrst og fremst að tryggja sem mest jafnrétti og jafnræði í tekjuskiptingunni hjá bændastéttinni, því að tekjuskiptingin innan bændastéttarinnar er alger sérkapítuli, og þar með verðum við einnig að tryggja að búseta sé sem öruggust, því við vitum að það er nauðsynlegt í þessu harðbýla og um margt gjöfula landi okkar að við séum ekki með mikinn hluta þess í eyði, að landgæði séu nýtt á sama hátt og við verðum að gæta þess að á landgæðum sé ekki troðið.

Einnig verður auðvitað að huga að hvers konar hagræðingu, m. a. til þess að tilkostnaðarþættirnir séu sem allra lægstir, en á það vitum við að hefur svo sannarlega skort. Tilkostnaðarþættir íslensks landbúnaðar, aðfangaþættirnir allir, eru því miður hrikalega háir og því miður hafa samtök bændanna, meðal annars verslunarsamtök þeirra, ekki reynst fær um að haga þeim aðföngum það skynsamlega sem þeim hefði borið skylda til.

Sama er að segja um þá mjög svo áberandi milliliði sem einkenna þessa atvinnugrein svo mjög. Ef við skoðum endanlegt verð til bænda í ljósi raunverðs án niðurgreiðslna, þá kemur í ljós hve milliliðakostnaðurinn er gífurlegur, hve mismunur útsöluverðs, raunverðs og grundvallarverðs til bænda er mikill. Hér þarf sannarlega að athuga mál af mikilli gaumgæfni og bændur sjálfir eiga að vera betur á verði.

Annars er þetta mál of margrætt til þess að ég fari nánar út í það. Ég er ekki heldur með neinar beinar ásakanir uppi í því efni, en þegar milliliðakostnaður er jafnhár og raun ber vitni hljóta að vakna spurningar, þá hlýtur að vakna ákveðin tortryggni og þá hlýtur að vakna fullyrðing um það jafnvel, að númer eitt sé það ævinlega að þeir aðilar sem versla með vörur bænda hafa allt sitt á þurru. Síðan koma bændurnir á eftir og verða að búa við það þó eitthvað skerðist um þeirra liði. M. a. þegar ekki hefur verið greitt fullt grundvallarverð til bænda er auðvitað alveg ljóst að sölu- og umboðsaðilar hafa haft allt sitt 100%. Þar með er ég ekki endilega að segja að þeir hafi á nokkurn hátt tekið til sín óeðlilegan hlut, en þetta er auðvitað staðreynd sem

Í sjötta lagi tel ég – og það er staðföst sannfæring mín – að það þurfi, þrátt fyrir stórvirki sem hafa verið unnin á því sviði, að auka vísindalegar rannsóknir til að stuðla að bættum búskaparháttum. Við höfum að vísu margvíslegar niðurstöður af margvíslegum rannsóknum, sem sumir segja að ekki sé alltaf farið eftir, en ég tel að þessi þáttur málsins þurfi að hljóta miklu meiri umbun en hann hlýtur nú. Ég vil bara sérstaklega, vegna fundar sem ég sat í morgun í þeirri nefnd sem fylgdist með framvindu mála í landgræðsluáætlun, geta þess, að t. d. þyrfti að stórefla allar rannsóknir á kalskemmdum í landinu. Þetta eru dýrustu gróðurskemmdir sem verða. Þær verða á grónu landi, þær verða á landi sem búið er að ausa í áburði, þær verða á landi sem búið er að vinna. Þetta eru dýrustu gróðurskemmdir sem til eru. Við verðum að efla rannsóknir á þessu sviði. Ég vil nota þetta tækifæri raunar til þess að þakka hæstv. landbrh. fyrir stuðning, sem hann hefur veitt aðila á Norðurlandi, sem hefur mesta þekkingu allra Íslendinga á þessu sviði, stuðning sem hann veitti framhjá fjárlögum. (**EgJ:** Framleiðnisjóðinn.) Það skiptir engu máli hvaðan peningarnir koma. Hæstv. ráðh. beitti sér fyrir því að þeir færu í þetta. Ég tel líka, af því að við vorum að ræða þessi mál, að við eigum að efla rannsóknir á þeim jurtum, þeim grastegundum sem við helst getum notað hér. Mér er t. d. minnistætt frá því í fyrra, að við skoðuðum landgræðsluna í Gunnarsholti og sáum þar eitt afbrigði, Beringspunt, sem hefur reynst afburða vel og virðist ætla að koma mjög vel út, en er erfiður til fræsöfnunar. Þegar fengist hefur góð reynsla af þessari tegund þá eigum við auðvitað að leggja til fjármagn til að efla rannsóknir á þessari tilteknu tegund. Mörg dæmi af þessu tagi gæti ég rakið.

Þá vil ég segja í sjöunda lagi að ég vil – og það hefur ekki farið neitt leynt að það hefur verið stefna Alþfl. – að draga úr útflutningsuppbótum á skipulegan hátt og í áföngum, í samræmi við skipulegan samdrátt í dilkakjötsframleiðslunni. Ég nefndi áðan eitt dæmi um það hvernig við gætum gert þetta. Mér er það ekki neitt kappsmál í sjálfu sér að draga þessa fjármuni frá landbúnaðinum, þannig að hann njóti fjármunanna ekki á nokkurn hátt. Ég gæti hugsað mér, eins og ég sagði áðan, að hluti af þessum fjármunum færi til þess að kanna markaði, auka hagræðingu í búrekstri o. s. frv.

Ég er búinn að nefna það að ég telji að efla þurfi úrvinnsluiðnað í landbúnaði. Það er mjög mikilvægt verkefni í sjálfu sér. Það gengur ekki lengur, eins og ég hef oft sagt, að við seljum úr landi, eins og þróunarríki væri, hráefni sem aðrar þjóðir þúsund- eða hundraðfalda í verði. Ég tel að það sé gífurlega margt hægt að gera til að efla þennan úrvinnsluiðnað. Ég minni á það að það hefur sáralítið verið gert að því t. d. að nýta innyfli sauðfjár til lyfjagerðar. Það hefur sáralítið verið gert að því að ganga þannig frá dilkakjöti til útflutnings að fýsilegt væri fyrir útlendinga að kaupa það. Það þarf augljóslega að gera mikið átak í prjóna- og ullariðnaði hér á landi. Það þarf að leita nýrra leiða bæði í sambandi við þau tískufyrirbæri sem uppi eru hverju sinni og að efla markaðsrannsóknir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega um þær till. sem hér liggja fyrir, það gefst kannske tími til þess síðar, en ég vildi láta koma skýrt fram þau sjónarmið sem ég hef nú gert grein fyrir, svo að ekkert fari á milli mála hvað kratarnir meintu í landbúnaðarmálum. Í sjálfu sér fagna ég báðum þessum till. Eins og ég hef margoft sagt hér í umr. fagna ég því að það er eins og það sé að færast meira raunsæi í allar umræður um landbúnaðarmál, það er ekki bara einstefnuakstur lengur. Menn eru farnir að átta sig á því að það þarf að kanna þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, líta á hann eins og aðra undirstöðuatvinnuvegi og athuga hvernig við getum hagrætt, lagfært og sparað.

Helgi Seljan: Herra forseti. Sannleikurinn er sá, að þessar umr. sanna mjög rækilega að í raun er um vissan áherslumun að ræða í afstöðu manna, en að mestu þó áherslumun, og þrátt fyrir ýmis stór orð, sem hafa stundum fallið hér á milli þeirra flokksbræðra og ekki alltaf sem kærleiksríkust, hæstv. landbrh. og hv. 11. landsk. þm., þá vita allir hv. þm. að till. þeirra fara mjög í sömu áttina. Reyndar mun hæstv. landbrh. vera upphaflegur höfundur að þeirri till. sem nú er till. þeirra sjálfstæðismanna eða aðalhöfundur hennar og þar af leiðandi eðlilegt að till. séu keimlíkar svo ekki sé meira sagt. Það er líka greinilegt að unnt er að ná víðtækri samstöðu um stefnumótun til heilla fyrir landbúnaðinn í heild, það hafa þessar umr. sannað.

Sú vitræna umræða, sem ég vil nú kalla, sem hér hefur farið fram um þetta mál, er hins vegar ekki að mínu viti nægilegt bergmál eða ekki nægilega í takt við umræðuna úti í þjóðfélaginu. Það er nú kannske of mikið sagt að það sé Alþfl. að þakka að við erum að ná upp þessari vitrænu umræðu eins og hv. þm. Árni Gunnarsson kom inn á. Hv. þm. hefur þó sannarlega lagt sitt lóð á vogarskálarnar til þess að þessi umræða yrði með vitrænum hætti. Það gera hins vegar ekki allir flokksbræður hans ennþá, og mætti hann gjarnan taka þá í tíma þar um og væri full þörf á. Við skulum ekkert slá striki yfir það, að umræðan sem fram fer úti í þjóðfélaginu um landbúnaðarmál er oft hin fáránlegasta, þar sem hvað rekur sig á annars horn og ýmsir „spekingar" þenja sig þar yfir síður dagblaðanna án þess í raun og veru nokkur glóra komist þar að eða skynsemi sé þar höfð eða staðreyndir til viðmiðunar.

Ég þarf í raun og veru ekki að taka mikinn tíma hér í þinginu varðandi þetta mál. Eins og hæstv. landbrh. gat um er ég einn af þeim sem átti sæti í nefnd sem um þetta mál fjallaði á sínum tíma varðandi heildarstefnumótunina, og megindrættir þeirrar till. eru frá þeirri nefnd komnir sem ég átti sæti í. Ég geri mér ljóst, að þrátt fyrir að mikil vinna væri unnin af ýmsum aðilum, m. a. formanni þeirrar nefndar Agli Bjarnasyni, hefði meiri vinna verið nauðsynleg. Hæstv. landbrh. skýrði reyndar frá því að ýmislegt af þeirri vinnu væri í gangi og hann hefði svo sannarlega í hyggju að bæta þar úr. Ég nefni t. d. rækilega könnun á fjárhagsstöðu bænda og þeim mikla mismun sem þar er, sem hæstv. ráðh. ræddi um að þyrfti að kanna betur og hann hefði sett nefnd í og ég fagna sannarlega.

Það hefði einnig þurft að gera miklu betri úttekt á raunverulegri búrekstrarstöðu einstakra jarða og búsetustöðunni í einstökum sveitum, fá hlutlægt mat á allri þeirri mynd út frá þjóðhagslegum forsendum. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi vegna þess að þegar við vorum að vinna þetta verk, þá sáum við þetta ekki fyrir okkur. T. d. sáum við ekki – eða ég sem einn af þeim nm. sem gleggst hefði þó átt til að þekkja – ákveðna þróun í einni

hvað sem aðflutningum til landsins kann að líða. Þessu grundvallarsjónarmiði ásamt með markvissri fjölgun atvinnutækifæra til sveita er ennfremur ætlað að tryggja að þriðja meginmarkmiði landbúnaðarstefnunnar verði náð, að byggð verði í meginatriðum haldið í sveitum landsins.

Það er þó fullkomlega ljóst að við náum ekki þeim efnahagslega ávinningi, sem við viljum ná með breyttri landbúnaðarstefnu, nema að nokkur fækkun býla eigi sér stað. Hér er ekki um það að ræða að leggja niður búskap í einhverjum tilteknum byggðarlögum, heldur felst í þessu að þeir framleiðendur sem rýrasta afkomu hafa, og þeir eru dreifðir um land allt, dragi saman framleiðslu eða hætti henni, en verði gefin ný tækifæri til bættrar afkomu í heimabyggðum.

Ég vil bæta því við, herra forseti, vegna umr. sem hefur átt sér stað síðustu daga um sauðfjárhald í þéttbýli, að ég tel að ná megi markmiðum í fækkun sauðfjár í landinu, ef mönnum er það mjög í mun, m. a. með því að kanna markvisst og á ákveðinn hátt hverjir það eru sem búa í nágrenni þéttbýlisstaða og hafa megintekjur sínar m. a. af vörubílaakstri eða verkamannavinnu í frystihúsum, en reka stór fjárbú meðfram. Ég segi það sem mína skoðun að ég tel gersamlega ófært að bændur, sem hafa allar sínar tekjur af búrekstri, líði fyrir það að hér í landinu eru menn sem stunda tómstundabúskap en hafa megintekjur sínar af annarri vinnu en landbúnaði.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mjög þessa umr., en það er hægt að fara mörgum orðum um till. þá sem hæstv. landbrh. hefur gert hér grein fyrir. Ég sakna þess nokkuð að sjá ekki í þeirri skýrslu ýmislegt sem ég hefði gjarnan kosið að þar væri inni, en það gefst kannske tóm til að ræða það síðar. En ég vil svona rétt undir lokin geta þess, að það eru nokkur atriði, ein 5–6 atriði, sem ég vildi nefna sem grundvallaratriði þegar við erum að ræða landbúnaðarmálin. Og ég get ekki neitað því að ég hef duggunar lítið gaman af að heyra þá sjálfstæðismenn, hæstv. landbrh. og hv. þm. Egil Jónsson, deila um landbúnaðarstefnuna eins og þeir hafa gert. Ég heyrði ekki annað en hv. þm. Egill Jónsson teldi að varla stæði steinn yfir steini í þáltill. hæstv. landbrh., enda hefur hann sjálfur flutt hér till., hv. þm. Egill Jónsson, sem hann ugglaust stendur og fellur með. En þetta er nú bara brot af þeirri tvístefnu, sem Sjálfstfl. rekur þessa dagana, ekki bara á sviði landbúnaðarmála heldur á flestum öðrum sviðum.

Ég ætlaði að geta hér að lokum, herra forseti, nokkurra atriða sem ég tel að verði að taka fullt tillit til þegar menn vilja ræða í alvöru stefnuna í landbúnaðarmálum. Ég held að karpumræður af því tagi sem hafa átt sér stað hér í þinginu undanfarin ár þjóni nákvæmlega engum tilgangi fyrir landbúnaðinn.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að það er grundvallaratriði fyrir lýðfrjálsa þjóð að hún haldi uppi þeirri matvælaframleiðslu sem hún getur. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar er það auðvitað hörmulegt, þegar á það mál er litið, að það skuli þurfa með „þvingunaraðgerðum“ að draga úr matvælaframleiðslu. Það er auðvitað skelfilegt í sveltandi heimi að það skuli þurfa að gera. Og ég endurtek það, að ég held að það væri ekki vitlausara en hvað annað að nota hluta útflutningsuppbóta, t. d. 10–15%, jafnvel 20% af þeim til þess að setja það fjármagn beint inn í markaðsöflun fyrir íslenskan landbúnað næstu árin. Ég er nánast sannfærður um að út úr þeirri leið, ef vel væri að málum staðið hér heima, gæti komið umtalsverður árangur.

Þá vil ég nefna það, að ég vil að stöðvuð verði sú arðlausa fjárfesting sem hefur átt sér stað í landbúnaði. Þegar ég segi það og tala um arðlausa fjárfestingu, þá á ég við það að allt of mörg bú í landinu eru rekin án þess að nokkur arður sé af því starfi sem þar er unnið. Og það gengur auðvitað ekki. Við vitum það allir. Arðlaus fjárfesting á Íslandi undanfarin ár hefur komið okkur inn á kreppuskeið sem við eigum eftir að líða fyrir næstu árin.

Ég er í þriðja lagi þeirrar skoðunar, að við höfum gert allt of lítið af því að haga búskap og búskaparháttum eftir landsháttum. Ég er alfarið þeirrar skoðunar, að við eigum með einhverjum ráðum, og það ætti nú að vera unnt þegar gróðurkortagerð lýkur, að vera með sauðfé þar sem best er að vera með sauðfé, þar sem það er afurðaríkast, þar sem haglendi er best, þar sem afréttir eru bestir og jafnvel þar sem heimahagar eru bestir, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar jafnframt, að við þurfum að efla mjög og bæta beit í heimahögum í stað þessa afréttarrekstrar, sem ákveðin rómantík hvílir yfir og menn iðka meira af rómantískum ástæðum heldur en annað. Sem sagt, það verði undinn bráður bugur að því að við skiptum landinu hreinlega eftir því hvar hagkvæmt er að reka hverja búskapargrein, mjólkurbúskap, jafnvel nautgripabúskap sérstaklega og fjárbúskap.

Í þessu sambandi dettur mér í hug að skjóta því að hæstv. landbrh., að eitt mesta þarfaverk sem hér yrði unnið á næstu árum væri að fækka hrossastofni landsmanna um um það bil helming, því ofbeit af völdum hrossa í landinu er stórkostlegt vandamál og bitnar á bændum m. a.

Ég vil taka undir hluta af því sem hv. þm. Egill Jónsson sagði, að auðvitað ber okkur að veita meira fjármagn til þess að auka hagræðingu í búrekstri. En þá orða ég það öðruvísi en hann þótt meiningin sé kannske hin sama. Ég vil að þetta verði gert með það fyrir augum að lækka tilkostnað á hverja einingu í framleiðslu og með nýrri tækni, með vísindalegum rannsóknum, með öllum þeim ráðum sem við höfum. Þá eigum við auðvitað að reyna að auka framleiðsluna, og við eigum að auka hana pr. bónda, pr. býli, en ég er ekki að tala um að auka heildarframleiðslumagnið.

Ég vil líka, og er þá kominn að fimmta þætti þessa máls, tryggja það að bændum, sem búa á arðlausum búum, verði gert kleift að hætta búskap án þess að ævistarf þeirra verði að engu gert. Það er ekki mögulegt að halda þeirri stefnu áfram þegar bóndi, sem vill hætta búskap með konu sinni og jafnvel börnum, sem kynnu að vera eftir heima, selur jörð sína og hús sem standa uppi, geti, þegar upp er staðið eftir kannske ævistarf hans, konu hans og jafnvel barna, með naumindum keypt sér kjallaraíbúð í Reykjavík. Þetta dæmi gengur auðvitað ekki upp og er algerlega forkastanlegt. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að eitt af brýnustu verkefnunum, sem við ættum að snúa okkur að núna, væri e. t. v. að stofna sjóð, sem ríki og bændur greiddu í – eða samtök bænda, og fjármunum þessa sjóðs yrði varið til að greiða bændum það verð fyrir bújarðir sínar sem talist getur hæfilegt og hæfilegur afrakstur af ævistarfi í þeirri grein.

kjöt, osta og jafnvel smjör, með því að búa um þetta í glæsilegum umbúðum, ganga betur frá því til neyslu á erlendum markaði, ættum við að geta fundið fyrir þennan varning meiri markað en nú er.

Ég vil minna á það, að kaupfélagið á Svalbarðseyri hefur gert mjög merkilega tilraun í þessum efnum, og ég veit ekki betur en sú tilraun hafi tekist allþokkalega og að fengist hafi talsvert hærra verð fyrir kjötið heldur en eins og það hefur verið selt úr landi að undanförnu.

Ég vil halda áfram með útflutningsuppbæturnar. Það má segja að lögin frá 1959 banni jöfnun á halla útflutnings með verðhækkun á innanlandsmarkaði. Hallinn á útflutningi landbúnaðarafurða hefur því ekki verið jafnaður með beinum hætti af neytendum. Lögin um verðábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings landbúnaðarafurða hafa einungis að mjög takmörkuðu leyti náð tilgangi sínum. Að mínu mati tryggja þau hvorki hagsmuni neytenda né framleiðenda og hafa beinlínis stuðlað að óhagkvæmri framleiðslu. Það ófremdarástand, sem ríkti í framleiðslu- og verðlagsmálum landbúnaðarins, kallaði því á aðgerðir til framleiðsluhömlunar sem loks var gripið til árið 1979. Ef við frá þessu hlaupum yfir til þeirra markmiða sem ég tel að við ættum að hafa fyrir augum til næstu aldamóta í tengslum við þær tölur sem ég gat um í mannaflaspá orkuspárnefndar, þá vil ég nefna þessi:

Stefnunni í landbúnaðarmálum verði hagað með tilliti til fjögurra meginmarkmiða:

1. Framleiðendum búvöru verði tryggð afkoma sem er sambærileg við afkomu verkafólks og iðnaðarmanna.
2. Landsmönnum verði tryggt stöðugt framboð landbúnaðarafurða með sem lægstum tilkostnaði og án þess að langtíma hagsmunum og öryggi sé stefnt í hættu.
3. Byggð verði í meginatriðum haldið í sveitum landsins í líkum mæli og nú gerist.
4. Landnýtingu verði stillt í hóf þannig að ekki verði of nálægt landinu gengið. Réttur landsmanna til útivistar og samskipta við náttúru landsins verði viðurkenndur.

Út frá almennum réttlætis- og jafnaðarsjónarmiðum verður að teljast sjálfsagt að framleiðendur búvöru njóti í heild afkomu sem sambærileg er við afkomu annarra helstu starfsstétta í þjóðfélaginu. Í þessu tilliti er beinn tekjusamanburður að sjálfsögðu ekki einhlítur mælikvarði á lífskjör. Þar kemur ýmislegt mat aðstæðna og aðstöðu einnig til álita. Ekki sýnist líklegt að á næstu árum eða áratugum verði unnt að afla hagstæðra markaða fyrir íslenskar búvörur á erlendum mörkuðum nema til komi mjög umtalsvert átak í sölumálum og markaðsöflun. Engar líkur eru til þess að unnt verði að bæta afkomu framleiðenda búvöru ef áfram væri í verulegum mæli treyst á erlendan markað. Samdráttur í framleiðslu er því nauðsynlegur að því marki, að búvöruframleiðslan miðist einungis við þarfir innanlandsmarkaðar. Þarfir innanlandsmarkaðar eru að sjálfsögðu afstæðar og þær eru einnig breytilegar. Hér verður einkum að hafa í huga verð vörunnar á innanlandsmarkaði, kaupmátt neytenda og loks hagsmuni iðngreina sem byggja á aðföngum frá landbúnaði. Nýting innlends iðnaðar til framleiðslu á ullar- og skinnavörum hefur lengi verið slæm, þar sem lítil áhersla hefur verið lögð á fullvinnslu afurða en meira á magn.

Ýmislegt bendir til þess að samdráttur í framleiðslu ullar og skinna þurfi alls ekki að þýða fækkun atvinnutækifæra í þessum úrvinnslugreinum ef aukin áhersla væri lögð á að vinna afurðir betur en nú er gert.

Þær aðferðir til framleiðsluhönnunar, sem gripið var til árið 1979, voru tvíþættar. Annars vegar var heimilað að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda, þ. e. kvótakerfi, en hins vegar var lagt gjald á innflutt kjarnfóður.

Kvótakerfið er í grundvallaratriðum að mínu mati rangt. Það felur í sér vísbendingar um að mannafli í landbúnaði skuli vera óbreyttur. Afleiðing þessarar stefnu getur ekki orðið önnur en sú, að kostnaður á hverja framleidda einingu hækkar og framleiðnin minnkar.

Kjarnfóðurgjaldið er allt annars eðlis og hefur sannast á síðustu árum, sem áður var reyndar vitað, að verð kjarnfóðurbætis hefur afgerandi áhrif á magn mjólkurframleiðslu. Ljóst er þó að enn má draga nokkuð úr mjólkurframleiðslu, einkum ef unnt verður að jafna hana. Það virðist augljóst að hagkvæmt muni reynast að greiða sérstakar verðbætur á mjólk þá mánuði sem framleiðslan er minnst. Almennt verður að álíta að kjarnfóðurgjaldið eitt nægi til þess að stýra mjólkurframleiðslunni á þann veg, að hún falli vel að þörfum landsmanna.

Samdráttur á sviði sauðfjárframleiðslu er mun erfiðari en á sviði nautgripaframleiðslu. Á undanförnum árum hefur framleiðsla kindakjöts stundum farið 50% fram úr innanlandsneyslu. Ef sníða ætti framleiðsluna í einu vetfangi að þörfum innanlandsneyslu þyrfti því að draga framleiðsluna saman um nálægt þriðjung. Slíkur samdráttur mundi valda þeim byggðum landsins, sem þegar standa höllustum fæti, miklu tjóni. Aðlögun framleiðslu sauðfjárafurða að þörfum landsmanna hlýtur að verða að eiga sér stað á allmörgum árum. Það þarf að skapa aðstæður fyrir samdrátt í framleiðslu sauðfjárafurða. Þessar aðstæður verða því aðeins til staðar að markvisst verði unnið að fjölgun atvinnutækifæra í sveitum landsins. Hér þarf að mínu mati að leggja megináherslu á eftirfarandi:

1. Stuðning við nýjar búgreinar. Hér má nefna loðdýrarækt, fiskirækt í ám og vötnum og ræktun jarðávaxta.
2. Eflingu skógræktar.
3. Stuðning við ferðaþjónustu.
4. Eflingu smáiðnaðar í sveitum.

Samhliða aðgerðum af þessu tagi þarf að vinna að því að ullar- og skinnaiðnaður lagi sig að framleiðslusamdrætti með aukinni vinnslu afurða. Á alllöngu aðlögunartímabili, t. d. 4—8 árum, kæmi til greina að ákveða flöt skerðingarmörk kvótakerfis, þannig að t. d. væri um verðskerðingu að ræða á 5% afurða allra framleiðenda sauðfjárafurða.

Það sem hér hefur verið rakið miðar allt að því að fyrsttalda markmiði landbúnaðarstefnunnar verði náð. Þessar aðgerðir eru einnig forsenda þess, að neytendum sé tryggt stöðugt framboð afurða á sem hagkvæmustu verði.

Það er ljóst að landbúnaður hefur notið verulegrar sérstöðu meðal atvinnuvega landsmanna og er þar mjög samsíða sjávarútvegi. Þar hljóta hagkvæmnissjónarmið að víkja nokkuð fyrir öryggis- og atvinnusjónarmiðum. Eyþjóð á borð við Íslendinga verður að gæta þess að vera ævinlega sjálfbjarga um brýnustu nauðsynjar í mat,

ar teljast nú búa í dreifbýli. Þessi búseturöskun endurspeglar vel þær breytingar sem orðið hafa á atvinnuháttum þjóðarinnar. Stórstígar framfarir í veiðitækni og nýtingu sjávarafla hafa dregið til sín vinnuafl úr sveitum landsins. Atvinnubyltingunni við sjávarsíðuna fylgdi hliðstæð umbylting í búskaparháttum landsmanna. Gífurleg framleiðniaukning varð í landbúnaði. Það losnaði því um vinnuafl sem sjávarútvegurinn, fiskvinnslan og vaxandi verslunar-, iðnaðar- og þjónustustarfsemi gat tekið við og þurfti á að halda. Breytingar þær sem orðið hafa á atvinnuháttum landsmanna og sú búseturöskun sem þeim hefur fylgt hefur ekki orðið erfiðleika- eða sársaukalaus. Þessar breytingar hafa á hinn bóginn fært Íslendingum þann efnahagslega ávinning, sem er nauðsynleg forsenda sjálfstæðis þjóðarinnar, enda voru aflvakar þessara breytinga ýmsir þeir sömu og sjálfstæðisbaráttunnar.

Efnalegar framfarir hafa ekki einungis skilað Íslendingum í hóp sjálfstæðra þjóða. Þær hafa skilað okkur í hóp þeirra þjóða sem taldar eru þróaðar í efnahagslegu tilliti. Þessu fylgir að tiltölulega lokað og einangrað samfélag hefur breyst í opið samfélag sem er meðvitað um umhverfi sitt. Íslendingar þekkja vel til lífskjara í ýmsum grannlöndum. Þessi þekking og eðlilegur samanburður á efnalegri afkomu hefur nú á nokkrum árum leitt til þess að þúsundir manna hafa flutt af landi brott. Heimsmyndin sjálf er breytt, en jafnframt verður að telja að íslenskir atvinnuvegir hafi ekki reynst fyllilega samkeppnisfærir um vinnuafl Íslendinga við atvinnuvegi grannþjóða. Þessi þróun hefur verið uggvænleg og við verðum, eins og hefur tekist á síðari árum, að hamla gegn henni sem best við getum.

Það verður þó að segja að við getum trauðla breytt heimsmyndinni allri. En við getum eflt og endurnýjað atvinnuvegi okkar á þann veg, að við búum hér við lífskjör sem fyllilega standist samanburð við nágranna okkar.

Ég vil geta þess, að fyrir nokkru gaf orkuspárnefnd út spá um mannafla í atvinnugreinum og þróun þess á árabilinu 1980 til ársins 2000. Þar koma fram tölur, sem renna stoðum undir þann formála sem ég hef haft að þessum orðum mínum, um það að ugglaust verður lítil breyting á þeirri þróun, sem verið hefur hér á landi síðustu áratugina, þ. e. að mannafli færist frá landbúnaði til annarra atvinnugreina. Í tölum orkuspárnefndar segir að miðað við árið 1980, þegar atvinnutækifæri í landbúnaði eru talin 7 800, verði þau 5 500 árið 2000, eða þeim fækki um 2 300. Um fiskvinnslu er sagt að þar fækki um 100, úr 5 100 í 5 000. Þó eru margir sem telja að þessi fækkun verði ennþá meiri með tilkomu tölvuvæðingar og vélmenna, sem taka að verulegum hluta við störfum fólks í fiskiðnaði.

Þá má ætla að fjölgun í byggingarstarfsemi verði um 1 700 á þessu tímabili, úr 11 300 í 13 000, iðnaðurinn þurfi að skapa 6 100 ný atvinnutækifæri, úr 17 900 í 24 000, og að þjónustugreinar þurfi um 23 000 ný atvinnutækifæri, fjölgi úr 54 100 í 76 800.

Herra forseti. Til þessara staðreynda verðum við að taka tillit þegar við ræðum um landbúnaðarmál. Meginmarkmið í heildarstefnu í atvinnumálum hlýtur alltaf að vera að velsæld þegnanna verði sem mest. Sá þáttur velsældar, sem nútíma þjóðfélag hefur skipað í öndvegi, er hagsæld, efnaleg afkoma. Þessi þáttur velsældar er samtvinnaður öðrum þáttum þar sem gildastir eru jöfnuður og öryggi. Stefnumótun á sviði atvinnumála verður að taka tillit til þess að atvinnuvegirnir eru samtvinnaðir. Sérhver atvinnugrein sækir aðföng sín og selur afurðir sínar í einhverjum mæli til annarra greina. Af þessari ástæðu er nauðsynlegt að stefnan sé heilstæð og nái til allra greina. Jafnframt er æskilegt að sem víðtækust stjórnmálaleg samstaða náist um höfuðatriði stefnunnar, þannig að langtímamarkmið séu skýr og atvinnuvegirnir taki mið af þeim við uppbyggingu sína.

Mig langar að fara nokkrum orðum um landbúnaðarstefnu liðinna ára. Í lögum um framleiðsluráð frá árinu 1959 er mælt svo fyrir, að tryggja skuli greiðslu á þeim halla sem bændur kunni að verða fyrir á útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessara tryggingar ekki vera hærri en sem jafngildir 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar. Fram til ársins 1959, þegar þessi ákvæði um verðbætur á útflutning voru í lög leidd með brbl., hafði landbúnaðarframleiðslan ávallt tekið mið af markaðsþörf innanlands. Fram til þess tíma hafði útflutningurinn, þegar hann var allra mestur, aðeins numið 5.45% af heildarverðmæti framleiðslunnar. Telja verður að höfuðmarkmið þessarar lagasetningar hafi verið í fyrsta lagi að tryggja afkomu framleiðenda, í öðru lagi að tryggja stöðugt framboð og í þriðja lagi að koma í veg fyrir að halli á útfluttum afurðum væri jafnaður með hækkun á verði á innanlandsmarkaði. Það verður að telja jafnframt að lagasetningin hafi náð því markmiði að tryggja neytendum stöðugt framboð landbúnaðarafurða. Hins vegar verður það að játast að þetta ákvæði hefur ekki tryggt afkomu framleiðenda.

Á síðustu árum hefur mikið vantað á að 10% verðbætur dygðu til þess að jafna sívaxandi halla á útflutningi. Framleiðendur hafa ekki haft neina tryggingu fyrir því að viðbótarfjárveitingar fengjust og reyndar orðið að taka á sig verulegan halla sjálfir. Í þessu sambandi er rétt að minna á að þegar þessi lög voru sett virðist engum manni hafa til hugar komið að framleiðslan tæki slík stökk, að hámark verðábyrgðar yrði notað ár eftir ár og hrykki jafnvel ekki til. Markmiðið var alls ekki að framleiða langt umfram þarfir þótt sú hafi orðið raunin.

Ég vil skjóta því inn hér, herra forseti, að það er auðvitað dapurlegt að þurfa að deila um það á þingi ár eftir ár að draga þurfi úr framleiðslu á matvælum. Ég hef litið svo á, að það hlyti að vera eitt af forgangsverkefnum hverrar þjóðar, í fyrsta lagi að verða sjálfri sér næg með framleiðslu á matvælum og í öðru lagi að framleiða matvæli fyrir aðra. Nú hefur þróunin því miður orðið sú á þeim mörkuðum, sem við höfum kannske helst getað selt okkar varning á, að þar hafa m. a. Efnahagsbandalagslöndin náð fótfestu, og með því fyrirkomulagi sem þar ríkir nú, stórkostlegum niðurgreiðslum á öllum þáttum landbúnaðarframleiðslunnar, höfum við engan veginn getað keppt við það verð sem þar hefur verið í boði. Hins vegar hef ég stundum verið að gæla við þá hugmynd, hvort það væri ekki tilraunarinnar virði að reyna t. d. um tveggja til þriggja ára skeið að nota einhvern hluta af útflutningsuppbótunum, sem greiddar eru með landbúnaðarafurðunum, til þess að gera stórkostlegt átak í sölumálum landbúnaðarins. Ég held nefnilega að með því að gera betur úr garði þær afurðir sem við seljum, og á ég þá við

ástandið sé orðið svo bágt í þeim efnum að það er ekki hægt að hafa landbúnaðinn með í þeim samanburði. Ég ætla með leyfi, herra forseti, að lesa hér niðurlag í skýringu um það efni. Þar segir svo, þ. e. ef landbúnaðurinn er ekki felldur út úr þessum samanburði, þá kemur í ljós að „þeir landshlutar þar sem bændur eru hlutfallslega fjölmennir búa við mjög lágt tekjustig og óhagstæða tekjuþróun.“ Ástandið er orðið svona núna, að þegar fjallað er um tekjur þjóðarinnar og þróun þeirra á milli ára komast opinberar stofnanir að því að ekki sé hægt að hafa bændurna í landinu með, því að það skekkir svo mikið myndina, þar sem þeir koma að sjálfsögðu inn í það dæmi mjög misjafnlega fjölmennir, eftir því hvernig landbúnaðurinn dreifist um landið.

Herra forseti. Enda þótt hér sé á ferðinni tvær tillögur um stefnu í landbúnaði, sem báðar á vissan hátt lýsa jákvæðum viðhorfum til landbúnaðarins, þá verða menn í þessari virðulegu stofnun að líta sér nær. Þetta eru tillögur inn í framtíðina, sem trúlega verða ekki samþykktar hér á Alþingi að þessu sinni. Þess vegna vil ég hér í lok máls míns leggja áherslu á þau atriði sem Sjálfstfl. telur mikilvægust í sambandi við landbúnaðarmálin eins og þau horfa við nú í dag og að það þoli enga bið að hefja starf og breyta umhverfi landbúnaðarins með þessi sérstöku áhersluatriði að leiðarljósi. Ég tek það fram, herra forseti, að það er með engum hætti hægt að gera þeim eins rækileg skil hér og þörf væri á og eins er reyndar um annan texta, sem hér kemur fram í okkar tillögum, sem ég mun skýra frekar eftir því sem þörf krefur við framhald þessarar umr.

Í fyrsta sinn sem talað hefur verið um svæðaskipulag í landbúnaðarmálum, a. m. k. svo að ég hafi orðið þess var, er í till. okkar sjálfstæðismanna eins og við fluttum hana árið 1980. Hafi verið þörf fyrir það fyrirkomulag þá, þá er það sannarlega orðin nauðsyn nú. Fyrir því eru tvær ástæður. Sjálfstfl. er andvígur kvótafyrirkomulagi. Það getur ekki gilt nema tiltölulega mjög takmarkaðan tíma af augljósum ástæðum. Þar af leiðandi verður að fá framleiðslumálunum stjórn heima í héraði þar sem einungis fáar ákvarðanir, þ. e. um framleiðslurétt hvers framleiðslusvæðis, yrðu teknar af bændasamtökunum sjálfum á grundvelli þeirrar löggjafar sem þar um gilti, en ákvæði þar að lútandi eru ekki fyrir hendi í lögum núna.

Árið 1980 þegar við lögðum þessar tillögur fram var þetta aðalforsendan fyrir áhuga okkar á svæðaskipulagi. En síðan hefur það gerst að byggðin er sífellt að breytast. Fámennari og veikari byggðirnar eru sífellt í erfiðari stöðu og þaðan leitar fólkið, þar dregst landbúnaðurinn saman. Þess vegna er höfuðnauðsyn á að viðhalda byggðinni þar með því að byggðasvæðin, framleiðslusvæðin fái tiltekinn framleiðslukvóta, sem ber að meta sem auðlegð hverrar byggðar, sem hún hefur möguleika til þess að nýta sér og getur færst á milli fólksins í þeim byggðarlögum. Á þetta legg ég alveg sérstaka áherslu og ég fagna því sem kom fram í ræðu hæstv. landbrh. um þennan þátt okkar tillögugerðar.

Annað atriði er virkara greiðslu- og rekstrarfjárfyrirkomulag í landbúnaði. Um það hefur Eyjólfur Konráð flutt sín mál hér á Alþingi og um það hefur verið fjallað og það hefur verið litið á það hvernig þetta fjármagn nýtist bændunum í landinu. Það er alveg óefað hægt að koma þarna fyrir miklum umbótum sem mundu beinlínis snerta fjárhag bændanna sjálfra.

Í þriðja lagi þarf að breyta heimildunum um útflutningsbótaréttinn. Það er nákvæmlega skilgreint í okkar tillögum. Þar er bent á að nýting þess fjár yrði betri frá þjóðhagslegu sjónarmiði, auk þess sem það mundi koma bændunum í landinu að miklu betri notum,, ef hluta fjármagnsins væri heimilt að nota til að draga úr rekstrarkostnaði í landbúnaði, draga þannig úr framleiðslukostnaði, minnka þörfina fyrir útflutningsbætur en aftur á móti stórbæta rekstrarskilyrði landbúnaðarins. Ég tek það hér fram að til þess að þetta geti orðið virkt og skilað jákvæðum árangri, þá þarf áður að taka til, það þarf áður að gera hreint, losna við þær óreiðuskuldir sem landbúnaðurinn tekur nú við, m. a. í gegnum áburðarverðið á næsta vori.

Í fjórða lagi eru það nýjungar í landbúnaði. Um það efni get ég líka verið stuttorður. Ég hef flutt fjögur frumvörp í Ed. Alþingis og haft framsögu fyrir þeim öllum og vitna í þeim efnum til þess er þar var sagt. En einnig þar verðum við að fara öfugt að við það sem nú er gert. Við verðum að fá þetta viðfangsefni sérstökum sjóð sem fær ódýrt fjármagn. Það þarf ekki að vera mikið. Ég hef einungis í mínum málflutningi hér á Alþingi miðað við hliðstætt fjármagn og samkomulag var gert um þegar jarðræktarlögunum var breytt árið 1979. Við þurfum að setja það í Framleiðnisjóð landbúnaðarins og við þurfum að færa ákvarðanatökuna þangað. Ég hef lagt til í mínum tillögum að það væru bændasamtökin sem hefðu þar forsjá. Það byggi ég á þeirri skoðun minni að það eigi að vera það afl sem býr í þeim samtökum, sá styrkur sem þau samtök ala með sér, sem eigi að byggja upp ný atvinnutækifæri í sveitum landsins. Ég er andvígur þeirri ríkisforsjá sem nú er viðhöfð, þar sem leyfi til nýrra viðfangsefna þarf m. a. og fyrst og fremst að sækja til stjórnvalda, og gildir þar einu hver sæti í þeim ráðherrastóli.

Með þessum fjórum mikilvægu atriðum og skýringum á þeim lýk ég, herra forseti, máli mínu að þessu sinni. Ég geri mér ljóst að þessi ræða hefur verið nokkuð yfirlitskennd, en miðað við fyrri málflutning minn og fleiri sjálfstæðismanna hér á Alþingi og miðað við það að fyrir hendi eru nægar ástæður til að skýra þetta mál betur, þá lýk ég hér máli mínu að þessu sinni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Mig langar að fara nokkrum orðum um þá till. sem hér liggur fyrir og hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir. Ég vil fyrst segja það með örfáum orðum að ég fagna því hve mikið tillit hefur í raun og veru verið tekið til þeirra tillagna sem Alþfl. hefur barist fyrir í um tvo áratugi í landbúnaðarmálum í þessari till. Ég geri mér fulla grein fyrir því að Alþfl. hafi tekist að hnika til þeirri stefnu, sem ríkt hefur í íslenskum landbúnaðarmálum, með gagnrýni sinni á því ófremdarástandi sem ríkt hefur í þeim málaflokki. Að vísu hefur flokkurinn hlotið fyrir það ámæli frá ýmsum aðilum. Hefur hann látið sér það í léttu rúmi liggja, enda hefur komið í ljós, þegar árin hafa liðið, að hann hefur haft á réttu að standa.

Ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir á hverju Alþfl. byggir afstöðu sína í landbúnaðarmálum. Fáar þjóðir hafa upplifað slíka umbyltingu í atvinnumálum sem Íslendingar hafa gert á síðustu 100 árum. Fyrir einni öld bjó minna en sjötti hluti þjóðarinnar í þéttbýli. Nú hefur þetta algerlega snúist við, um 14% þjóðarinn-

landbúnaði. Ef stiklað er á stóru í þeim efnum, þá vil ég hér í fyrstu benda á að mikið hefur verið um það talað af hálfu ríkisstj. að efla þyrfti nýjar búgreinar. Árið 1979 voru gefin um þetta mikil fyrirheit, löggjöf breytt og að því er séð varð farið á stað mjög svo undir fullum seglum í þessum efnum. Ég hef hér áður á Alþingi sýnt fram á hverjar efndirnar hafa orðið í þessum efnum, m. a. í umr. í Ed. núna rétt fyrir jólaleyfi þm. Sannleikurinn er sá, að það samkomulag sem var gert við bændur árið 1979, þegar heimildir voru teknar upp í jarðræktarlögunum um að skerða framkvæmdir til vissra þátta í þeirri löggjöf en aftur á móti að verðtryggja lögin miðað við framkvæmdaþunga áranna 1978 og 1979, meðaltal þeirra ára, þau hafa verið svikin. Og það sem athyglisverðara er: í þeim efnum hefur verið gengið lengra eftir því sem árunum hefur fjölgað. Það hefur nánast ekkert fjármagn komið inn til að auðvelda ný viðfangsefni í landbúnaði.

Ég ætla ekki að tefja umr. að þessu sinni með nánari skýringum á þessu. Ég vitna til þess málflutnings sem ég hafði uppi í Ed. um þetta sama efni, og það gefst þá tími til þess að skýra það enn betur síðar í umr.

Það voru gefin sérstök fyrirheit um það að sauðfjárræktin skyldi verða óbreytt í landinu og að hlutur sauðfjárbænda skyldi verða tryggður. Þetta hefur verið efnt með því að nú er nánast eina viðleitnin, sem sést hefur í sambandi við framleiðslustjórnun, við það miðuð að fækka sauðfé í landinu. Og það sem þó er kannske enn athyglisverðara, að kjör í sauðfjárrækt hafa á síðustu tveimur áratugum aldrei farið jafnlangt niður eins og einmitt um þessar mundir. Ég hef gert sérstakar ráðstafanir til þess að meta rekstrarskilyrði í landbúnaði tvo áratugi aftur í tímann og borið þau skilyrði saman við afkomu bænda í sauðfjárrækt og í nautgriparækt og síðan haft hliðsjón af almennri tekjuþróun í landinu. Og í ljós kemur við þann samanburð að hlutur sauðfjárbænda hefur aldrei verið jafn slakur og hann er um þessar mundir. Ég minni á það sem hefur verið sagt um þessi efni að tilhlutan ríkisstj. í stjórnarsáttmála og tvívegis í stefnuræðu forsrh. og ég vitna til ummæla hæstv. landbrh. er hann viðhafði við setningu Búnaðarþings fyrir tæpu einu ári.

Árið 1979 var gert sérstakt samkomulag við bændur varðandi Stofnlánadeild landbúnaðarins, þegar ákveðið var að taka upp verðtryggingu á allan meginþorra lána til landbúnaðarins. Þetta samkomulag byggðist á því að tekjustofnar deildarinnar yrðu ekki skertir. Á hverju ári síðan hefur þetta loforð verið efnt með því að skerða framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildarinnar að stórum mun.

Ég hef hér minnst á rekstrarskilyrði í landbúnaði, sem við sjálfstæðismenn fjöllum alveg sérstaklega um í okkar till., og þá með þeim hætti að benda á gildi þess að búa landbúnaðinum þau starfsskilyrði að rekstrarskilyrði geti verið með nokkuð eðlilegum hætti. Eins og ég minntist hér á áðan, þá hefur skilaverðshlutfall samkv. verðlagsgrundvelli verið allt frá árinu 1960 yfir 40% nema tvö ár, þegar áburðarhækkunin varð um miðjan síðasta áratug. En þrjú síðustu ár hefur þetta hlutfall farið stöðugt minnkandi og er nú komið niður fyrir 35%. Þannig er og hefur verið búið að landbúnaðinum í tíð núv. ríkisstj. Þó eru ekki öll kurl komin til grafar. Er þá skemmst að minnast þeirrar fréttar, sem síðast hefur borist, um að gengistöp á rekstrarlánum Áburðarverksmiðju ríkisins muni nema eitthvað í kringum 140 millj. kr. á þremur síðustu árum. Þetta er ógreitt, þessi skuld er ógreidd, og það er kannske gleggsta dæmið um það hversu lítið hefur verið hugað að hinum eiginlegu rekstrarskilyrðum í landbúnaði að á sama tíma og landbúnaðarvörur eru nær óseljanlegar úr landi er Áburðarverksmiðja ríkisins fjármögnuð með rekstrarlánum sem eru í dollurum. Gengistöp á þessu tímabili — og þá að sjálfsögðu er ekki tekið með það síðasta — nema 140 millj. kr.

Hæstv. landbrh. tilgreindi hér tvö töluleg atriði, þau einu sem ég fann í hans ræðu varðandi og sem áttu að skýra árangur í stjórn á landbúnaðarframleiðslu nú á síðustu árum. Bæði þessi atriði eru röng. Á vissan hátt skaðar það kannske ekki svo mikið að því er annað þessara atriða varðar. En það er sannarlega hættulegt gagnvart hinu.

Hæstv. landbrh. komst svo að orði að umframframleiðsla mjólkurafurða hefði numið 17 til 18%. Hann tekur árið 1978, en þá fór allt saman: tiltölulega lágt áburðarverð, ódýr fóðurbætir og hagstæð veðrátta. Þetta er mesta framleiðsluár sem orðið hefur í mjólkurframleiðslunni á síðustu árum. Og ef þetta toppár er tekið sem slíkt, þá eru þessar tölur réttar. En þetta er eina árið á síðasta áratug sem skilar þessum samanburði. Ef um væri að ræða raunhæfan samanburð af hendi hæstv. ráðh. yrði hann að taka framleiðslu næsta árs á eftir. Sannleikurinn er sá, að mjólkurframleiðslan hefur verið að magni til 5—6% umfram neysluþörfina hér innanlands, sé til fleiri ára litið eða liðlega það. Ef menn þurfa að skýra stefnu sína með þessum hætti, þá er sannarlega ekki úr mörgu góðu að velja. En þetta er liðin tíð og skiptir ekki sköpum í þessari umr. Fullyrðing hæstv. landbrh. hér áðan um að ekki hefði þurft að fullnýta útflutningsbótaréttinn vegna árangurs í framleiðslustjórnun fyrir síðasta ár er öll hæpnari. Ástæðan fyrir því að hæstv. fjmrh.. þarf ekki að greiða út allan útflutningsbótaréttinn nú í ár er sú, að það hefur ekki tekist að selja allar landbúnaðarvörurnar úr landi. Það er vegna þess að þær eru í birgðum og verðmætin eru ekki fyrir hendi. Ef ekki hefði orðið um birgðasöfnun í landbúnaði að ræða á s. l. ári hefðu útflutningsbæturnar ekki dugað.

Annars er það kannske táknrænt dæmi um það hver afkoma bændanna í landinu er að nú er hæstv. landbrh. góðu heilli búinn að skipa sérstaka nefnd til að gera úttekt á fjárhag bænda. Og þetta gerir hæstv. landbrh. þótt ekkert kvak, engin ósk, engin óánægjurödd heyrðist, svo að notuð séu hans eigin orð.

Það er talað um það í grg. fyrir till. ríkisstj. að fyrir liggi miklar heimildir hjá Búnaðarfélagi Íslands sem hægt sé að nýta til mats á aðstöðu landbúnaðarins og úttekt á stefnu hans. Þetta voru heimildir sem áttu að sýna gullaldartímabilið í íslenskum landbúnaði og leggja grundvöll að því, þ. e. þessi þrjú síðustu ár. Nú geta menn enn notað þessi gögn, látið tölvurnar og tólin snúast á þveröfugan hátt við það sem áður hafði verið áformað, og fá þá út skuldir og vanskil í stað allra hinna góðu fyrirheita sem átti að leiða yfir íslenskan landbúnað með tilkomu þessarar ríkisstj. Annars er það kannske skýrasta dæmið um stöðu landbúnaðarins nú í dag, sem fram kemur í þeirri skýrslu sem alveg nýlega hefur verið dreift frá Framkvæmdastofnun ríkisins og er um mannafla og tekjur atvinnuveganna. Þar segir að

að trygggja bændum sambærileg lífskjör við aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins.

VI. Íbúum sveitanna verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nýtur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.

VII. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tök eru á, að varðveitt séu sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og séð verði fyrir opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og tjaldstæðum."

Till. *að öðru leyti, grg. og nánari skýringar á þeim* markmiðum sem lagt er til að stefnt verði að, skýra sig sjálf. Eins og ég sagði áðan, þá sé ég ekki sérstaka ástæðu til að ræða efni þess hluta till. ítarlega að þessu sinni. Það má kannske líka segja að á því sé ekki mikil þörf, m. a. vegna þess að till. hefur verið send til umsagnar til bændasamtakanna, til Stéttarsambands bænda, til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, til Búnaðarfélags Íslands og til Landnáms ríkisins. Allir þessir aðilar hafa skilað umsögnum um till. og allar þær umsagnir voru á einn veg, að till. var fagnað og jákvæð viðhorf komu fram í garð þess texta sem hún flytur. Auk þess hefur till. verið rædd nokkuð ítarlega a. m. k. einu sinni í atvmn. Sþ. og þar kom greinilega fram jákvæð afstaða frá öllum flokkum, sem þar eiga fulltrúa, í garð þessarar till. Það má því alveg fullyrða að ef það hefði ekki verið stjórnarandstaðan sem hefði staðið að *þessum tillöguflutningi, þá væri búið að samþykkja* till. fyrir löngu. Þetta er sá vitnisburður, sem ber þessum tillöguflutningi skýrast vitni og segir það með skýrari hætti en nokkur orð hvað hér er um jákvæða, skýra og þýðingarmikla tillögugerð að ræða.

Eins og ég sagði áðan miðast till. okkar sjálfstæðismanna fyrst og fremst við að skýra afstöðu Sjálfstfl. til málefna í íslenskum landbúnaði. Ég fagna þess vegna því, að það skuli aðilar flytja tillögur um sama efni á Alþingi. Ég fagna því, að með því séu skýrð stefnumið *annarra flokka og að með þeim hætti opnist leiðir til* virkrar umr. um það hvað stjórnmálaöflin í landinu eiga sameiginlegt þegar málefni íslensks landbúnaðar eru annars vegar. Af þessari ástæðu verður ekki komist hjá því að gera hér nokkurn samanburð á þessum tveimur tillögum og þá með það í huga hvort hugsanlega finnist leiðir til að afgreiða þetta mál sem sameiginlega ályktun Alþingis. *Því að það er að sjálfsögðu alveg ljóst að* tillögugerð sem þessi þjónar engum tilgangi þótt hún kynni að verða samþykkt með einhverjum tilteknum stjórnarmeirihluta á Alþingi, ég tala nú ekki um þann stjórnarmeirihluta sem nú er. Ef á að móta stefnu í landbúnaði, sem bændurnir í landinu og stjórnmálamenn — og raunar þjóðin öll getur tekið einhver mið af og treyst eitthvað á, þá þarf að vera um hana samkomulag hér á Alþingi.

Það er að sjálfsögðu nokkurt verk að bera þessar tillögur tvær saman. Till. ríkisstj. ber þess greinilega vott að hún er samin á eftir till. okkar sjálfstæðismanna. Sannleikurinn er sá, að það má víða finna þegar grannt er leitað, sérstaklega í grg. till. ríkisstj., nokkuð svipuð markmið og við gerum að höfuðmarkmiðum í okkar till. En það er mikill ókostur á till. ríkisstj. að þessi markmið eru ekki sett fram í tillgr. sjálfri. Þar af *leiðandi er tillöguflutningur* ríkisstj. miklu óskýrari og loðnari en tillöguflutningur okkar sjálfstæðismanna.

Þá sakna ég þess líka að í till. ríkisstj. er ekki sérstaklega fjallað um framleiðslumarkmið. Þau eru aðeins sett inn með almennu orðalagi, en þau eru ekki skilgreind t. d. eins og gert er í 3. tölulið till. okkar sjálfstæðismanna, þar sem kveðið er svo á, að innanlandsmarkaðurinn eigi að viðhalda byggð í sveitum landsins í núverandi mynd, en aftur á móti nýjar búgreinar og ný atvinnutækifæri að koma til styrktar og stuðnings við byggðir í sveitum landsins.

Þá sakna ég þess líka í till. ríkisstj. að ekki er leitast við að sýna með hvaða hætti beri að takast á við þau *framleiðsluvandamál* sem hafa verið og eru í íslenskum landbúnaði. Það er forðast að skilgreina þau, það er forðast að segja frá ástæðunum fyrir þeim og það er ekki tekin afstaða til þeirra. Með sama hætti er ekki heldur fjallað um rekstrarskilyrði í landbúnaði, sem verður ekki komist hjá að meta sem einn meginþátt, þegar landbúnaðarstefna er ákveðin og aðstaða landbúnaðarins metin. Í stað þessa — og það þarf kannske engan út af fyrir sig undra þegar Alþb. og Framsfl. eru annars vegar — er talað um áætlun. Menn tala um 5 ára spá eða 10 ára spá. Þar á að fjalla sérstaklega um markaðinn hér innanlands og út frá því á að ákveða framleiðslumagnið í landinu. Og það er líka tilgreint að því á að stjórna með sérstökum hætti miðað við framleiðslu hverrar jarðar og þar fram eftir götunum. Hér koma fram miklu skýrari pólitísk sjónarmið heldur en menn kannske rekast á við lauslegan yfirlestur þessara tveggja þáltill. Annars vegar er það stefna okkar sjálfstæðismanna sem að sjálfsögðu telja að ákvörðunarvaldið eigi að vera hjá bændunum og félagssamtökum þeirra. Hins vegar eru það áætlanir og spár sem á að gera af hendi hins opinbera og síðan að leggja til grundvallar við heimildir til búrekstrar á hverri jörð á Íslandi. Þannig eru það viss tiltekin atriði, sem skilja leiðir í þessum efnum, tiltekin atriði sem má rekja til stjórnmálaflokka, stefnu þeirra og markmiða. En það breytir ekki því, að það er jafn gagnlegt að fá þessi sjónarmið fram og að um þau sé fjallað.

Nú er það svo, að það er ríkisstj. sem flytur till. um stefnu í landbúnaði. Þessi till. kom fram á síðasta degi síðasta Alþingis. Og núna, þegar ríkisstj. er bráðum búin að sitja í þrjú ár og á væntanlega alls ekki eftir að sitja lengur en þrjá mánuði, þá leggur hún fram þessa till. til þál. hér á Alþingi. Það er þó alveg sérstaklega *eftirtektarvert við þennan tillöguflutning að í sjálfum* stjórnarsáttmálanum, sem settur var fram hér á Alþingi 8. febr. fyrir þremur árum síðan, er kveðið svo á að landbúnaðinum á stjórnarferli núv. ríkisstj. eigi að stjórna samkv. till. sem samþykkt verði á Alþingi. Till. kemur svo til 1. umr. um líkt leyti og ríkisstj. er að skila af sér. Þetta er þess vegna boðskapur hennar til framtíðarinnar, en skýrir að sjálfsögðu ekki störf hennar að neinu marki.

Nú hefur það gerst að hæstv. landbrh. hefur flutt hér framsögu fyrir till. ríkisstj., ef framsögu skyldi kalla, því að í raun og var hér einungis um að ræða skýrslu um stöðu landbúnaðarins eins og hún er skoðuð frá bæjardyrum ráðh., en það var nánast engin umfjöllun um stefnumótun í íslenskum landbúnaði í hans boðskap. Þetta er á vissan hátt ákaflega auðskilið, því að stefna ríkisstj. hefur gengið þvert á a. m. k. þá jákvæðu þætti sem koma fram í tillögugerðinni um stefnumótun í

fólk í aðrar atvinnugreinar.

Í III. lið þessarar till. eru þau meginatriði að búsetu verði haldið í svipuðu horfi og verið hefur í landinu. Það er í rauninni hlutverk landbúnaðarins, sem þjóðfélagið hefur fengið honum í hendur, að treysta byggð um allt Ísland. 1980 var talið að um 4300 bændur stunduðu búvöruframleiðslu, þar af um 4 þús. nautgripa- eða sauðfjárrækt, en 300 framleiðslu annarra búvara. Í landbúnaðinum voru talin þá um 7300 ársverk eða tæplega 7% alls vinnuafls í landinu. Um þessi efni má lesa mjög ítarlega í fskj. sem fylgir þessari till.

Ég tel, að um leið og lögð er áhersla á búsetu og byggðaþróun sé rétt að gera sér grein fyrir því að það er auðvitað hlutverk þjóðfélagsins að sjá til þess að byggð geti haldist með sæmilegum hætti í landinu. Þess vegna er auðvitað sá opinberi stuðningur, sem landbúnaðurinn fær í sumum greinum, að nokkru leyti til þess að gera þessa búsetukeðju mögulega. Félli hann niður mundi einnig byggðin falla niður á stórum svæðum. Ég hygg að flestir Íslendingar vilji sjá land sitt byggt með svipuðum hætti og nú er og muni þess vegna, þegar grannt er skoðað, vera ánægðir með að verja fjármunum til þess að þetta sé mögulegt.

Ég vil svo aðeins segja það undir lok máls míns, að ekkert vafamál er að eftir að landbúnaðurinn hefur tekið á sig þann samdrátt í hefðbundinni búvöruframleiðslu sem ég hef lýst hér að framan og samtímis hafa 3 af síðustu 4 árum verið hörð og köld ár, þá búa bændur við misjafna afkomu. Þetta hafa þeir ekki fengið bætt í tekjum sínum. Þeir hafa fengið nokkra aðstoð umfram það sem lög gera beint ráð fyrir til þess að gera þetta mögulegt, en víst er að af þessum sökum er fjárhagsleg afkoma þeirra misjöfn. Ég hef því sett til þess nefnd manna undir forustu Bjarna Braga Jónssonar hagfræðings að kanna fjárhagslega afkomu bænda og skila skýrslu um það mál til rn. ásamt tillögum til úrbóta eftir því sem þörf kann að þykja til. Ég á auðvitað von á að það þyki ástæða til einhverra ráðstafana og er ekki neitt undarlegt miðað við þær aðstæður sem bændur hafa þurft að ganga í gegnum nú síðustu árin. En ég vil jafnframt segja það, að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hafa verið gerðar með fullu samþykki bændastéttarinnar og með slíku fulltingi hennar að það hefur mátt segja að tæplega hafi heyrst þar óánægjurödd. Þess vegna er það víst, að ef ýmsar aðrar stéttir tækju með líkum hætti á vandamálum sínum sem bændastéttin hefur gert, þá væri um margt öðruvísi umhorfs í okkar landi.

Ég vil svo aðeins leggja áherslu á nokkur meginatriði þessa máls. Það er sem sé, að við þurfum að nýta gæði landsins til framleiðslu á landbúnaðarafurðum á sem hagkvæmastan hátt og án þess að landgæði rýrni. Við þurfum að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir matvæli, sem hagkvæmt telst og skynsamlegt að framleiða, m. a. með tilliti til sjálfsbjargargetu okkar og öryggis á óvissum tímum, og samhæfa framleiðsluna sem best markaðinum. Við þurfum að sinna óskum neytenda um vörugæði og stöðugt framboð fjölbreyttra fæðutegunda og við þurfum til þess að ná því markmiði að efla matvælavinnslu og gera þá grein þannig úr garði að neytendur fái þessar hollu og góðu vörur á borð sitt með þeim hætti sem þeir geta best kosið sér. Við þurfum að halda framleiðslukostnaði í skefjum og ná með því og betri nýtingu mannafla, aðfanga og aðstöðu aukinni framleiðni. Við þurfum að byggja framleiðslu á innlendum aðföngum, en forðast að byggja hana um of á erlendu fóðri og orku. Við þurfum að nýta allar innlendar orkulindir og aðra náttúrlega sérstöðu landsins til verðmætasköpunar í nýjum búgreinum, t. d. með ylrækt, með eflingu loðdýraræktar, fiskeldis o. s. frv. Við þurfum að halda þannig á þessum málum að okkur takist að tryggja efnahagslegt sjálfstæði bænda, félagslegt jafnrétti bændafólks og varðveita eignar- og umráðarétt þess á bújörðum landsins. Og við þurfum að gæta þess að starfsskilyrði landbúnaðarins séu ekki lakari en annarra atvinnugreina í landinu. Með þessum hætti treystum við því, að okkur takist það markmið okkar að viðhalda byggð um allt Ísland. Ég trúi að það sé einlæg sannfæring þjóðarinnar og allir Íslendingar vilji að land okkar beri blómlega byggð sem næst því sem nú gerist, enda þótt alltaf verði þar einhver þróun.

Að lokum vil ég láta þess getið, að landbúnaðurinn er þess eðlis atvinnuvegur að skarpar breytingar og byltingarkenndar aðgerðir eru ákaflega dýrar. Þess vegna má aldrei grípa til aðgerða sem bera þau mörk. Þess vegna þurfa breytingar að gerast fyrir þróun. Það þarf þó alltaf að vera vakandi til að fylgja eftir aðstæðum markaðarins — aðstæðum sem sumpart skapast í landi okkar sjálfra, en skapast einnig af neysluvenjum og markaði erlendis, sem við getum átt aðgang að.

Herra forseti. Ég legg svo til að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. atvmn.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði, 75. máli þessa þings, sem 19 þm. Sjálfstfl. hafa flutt. Þessi till., í meginatriðum í sama formi og hún er hér í, hefur verið flutt áður tvívegis á Alþingi. Ég hef flutt fyrir henni tvívegis ítarlegar framsöguræður. Af þeirri ástæðu þykir mér ekki bera sérstaka nauðsyn til að ræða eða skýra till. eins nákvæmlega og ella hefði verið gert. Ég vil þó með leyfi forseta lesa hér tillgr. sjálfa sem leggur grundvöll að þeirri stefnu sem hér er túlkuð og er að sjálfsögðu stefna Sjálfstfl. í málefnum landbúnaðarins og dreifðra sveitabyggða yfirleitt.

„I. Treysta skal sjálfseignarábúð bænda á jörðum. Eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verði verndaður. Landbúnaðurinn verði jafnan metinn sem sjálfstæður atvinnurekstur þar sem framsýni og hyggindi njóti sín og sú áhætta sem felst í rekstri og uppbyggingu leiði til aðhalds og ábyrgðar.

II. Grundvöllur landbúnaðar, er felst í ræktun landsins, verði treystur og verðmæti jarðargróðurs aukin með nýrri þekkingu og tækni. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.

III. Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það að fullnægt verði þörfum þjóðarinar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra sem landbúnaðarframleiðslan veitir.

IV. Áhersla verði lögð á að treysta byggð í sveitum landsins. Miðað verði við að hefðbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda fullnægi atvinnuþörf sveitanna í núverandi mynd, en nýjar búgreinar og aukin atvinnutækifæri, m. a. í iðnaði og þjónustugreinum, auki á styrk byggðar í sveitum landsins.

V. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði að unnt sé

Á síðasta ári voru afgreidd lög frá Alþingi sem gerðu mögulegt að lækka sjóðagjöld landbúnaðarins á þessari framleiðslu og var það mjög mikils virði fyrir loðdýraræktina. Með sama hætti hafa verið felldir niður tollar og sölugjöld til jafns við það sem gerist hjá samkeppnisiðnaðinum og er þetta einnig mjög þýðingarmikið til þess að þessi nýja búgrein geti staði sig í samanburði við sams konar framleiðslu í nágrannalöndum.

Skipuð hefur verið nefnd til þess að skila tillögum um skipulag fóðurstöðva fyrir loðdýraræktina og hefur hún skilað bráðabirgðaáliti, sem leitast verður við að vinna eftir.

Til viðbótar við þetta er rétt að vekja athygli á þeim stefnuatriðum varðandi loðdýraræktina að efla sem mest leiðbeiningarþjónustu og fræðslustarfsemi, en í mörgum greinum er þekking af skornum skammti varðandi þessa nýju framleiðslugrein, og þá er jafnframt, sem er auðvitað undirstaða þess að hún geti gengið, unnið að því að koma þeirri menntun sem til þarf inn í landið og í tengslum við bændaskólana.

Einnig vil ég vekja athygli á því stefnuatriði varðandi loðdýraræktina, að þar starfi virkt félag loðdýrabænda, sem fari með hagsmunamál þeirra og tengsl þessarar búgreinar við bændasamtökin. Þessi samtök hafa tekið til starfa og þurfa þau vissulega á stuðningi að halda fyrsta kastið, en eðlilegt er að þau verði byggð þannig upp að þau geti síðar staðið á eigin fótum og hafi í sínum höndum einnig þau tengsl, sem hér er vikið að, við bændasamtökin í heild.

Garð- og gróðurhúsaafurðir eru verulegur þáttur í landbúnaðarframleiðslunni eða sem nemur um 6% af heildarframleiðslumagninu. Af því eru um ⅔ hlutar kartöflur og rófur, en ⅓ hluti gróðurhúsaafurðir. Fyrst var framleitt í gróðurhúsum hér á Íslandi 1924 og það ár voru aðeins 150 fermetrar undir gleri. 1980 var fjöldi garðyrkjustöðva um 130 og voru þá um 170 þús. fermetrar lands undir gleri. Segja má að þáttaskil hafi orðið við stofnun Garðyrkjuskóla ríkisins, sem tók til starfa árið 1939.

Það er rétt að vekja á því athygli, að þrátt fyrir að mikil þróun hafi orðið í þessari framleiðslugrein eigum við þar enn verulega möguleika að því er talið verður. Við framleiðum nú um 30 tegundir grænmetis og ávaxta í landinu og fjöldi þessara tegunda fer sífellt vaxandi. Þrátt fyrir það gætum við enn unnið verulega á til þess að mæta markaðsþörfinni innanlands, en neysla á þessum afurðum fer einnig vaxandi eftir því sem fjölbreytni vex. Ég tel því að í þessari grein eigum við einnig nokkra ónotaða möguleika. Við þurfum því að leggja áherslu á frekari þróun, bæði fræðilega og tæknilega, í þessari grein við uppbyggingu garðyrkjustöðva og varðandi fjármögnun í þeim efnum.

Lax- og silungsveiði er talin nema um 3% af heildarframleiðslumagni landbúnaðarins og við eigum verulega mikið undir þessari búgrein og hlunnindaafrakstri í það heila tekið. Ég vil aðeins minna á að í þessum efnum hefur mikið verið unnið á síðustu árum við byggingu fiskræktarstöðva og hafbeitarstöðva.

Það er rétt að vekja athygli á því sem stefnuatriði, sem unnið hefur verið eftir, að koma þurfi upp útibúum frá Veiðimálastofnun úti um land til þess að starfsmenn þessara útibúa veiti fiskræktendum og veiðibændum þá þjónustu sem óskað er eftir. Nú hafa verið stofnuð eða ákveðin þrjú útibú frá Veiðimálastofnun í landinu. Hið fyrsta hefur starfað nokkur ár í Borgarnesi, annað er á Egilsstöðum fyrir Austurland og hið þriðja hefur verið ákveðið á Hólum í Hjaltadal fyrir Norðurland.

Margt mætti segja um þá grein sem hér er um að ræða og felur hún væntanlega í sér mjög mikla möguleika fyrir íslenskan landbúnað og íslenskt efnahagskerfi. Ég vil einnig vekja athygli á því, að þekking í þessum efnum er undirstaða framfara. Þess vegna er unnið að því að flytja menntun í fiskrækt og fiskeldi inn í landið og það er unnið að auknum rannsóknum, auknum seiðamerkingum og annarri þekkingarleit sem verður undirstaða þess að framfarir verði í þessari grein.

Aðrir þættir í framleiðslu landbúnaðarins eru minni háttar en hér hefur verið talið. Þó leggur skógrækt nokkuð fram til heildarframleiðslu landbúnaðarins og rétt er að vekja á því athygli, að skógrækt er og verður væntanlega grein í landbúnaði sem hefur meiri þýðingu í framtíðinni en þegar er orðið.

Ég vil þá aðeins víkja fáum orðum að því, sem er auðvitað undirstaða þessarar framleiðslu, og það er landið sjálft, eins og ég hef þegar getið um, og afrakstur þess, en umfram allt er það þó ræktun, heyfengur og fóðuriðnaður. Á það er lögð veruleg áhersla og verður seint lögð of mikil áhersla á að tryggja fóður í landinu fyrir þann búfénað sem í landinu er. Við þurfum að keppa að því að framleiða sem mest af öllu fóðri okkar í landinu sjálfu. Þess vegna er jafnhliða ræktun og fóðurframleiðslu bænda sjálfra unnið að því að byggja upp grasköggla verksmiðjur og fóðurstöðvar til þess að sinna þessu hlutverki. Ég tel að það sé gífurlega þýðingarmikið atriði fyrir íslenska þjóð að öryggis sé gætt í framleiðslu matvæla með því að við framleiðum matvælin sem ítarlegast í landinu sjálfu, en um leið að öryggis sé gætt við það efni að fóðurframleiðslan fari fram í landinu sjálfu. Á árinu 1979 voru flutt inn um 84 þús. tonn af fóðri, en síðan hefur innflutningur dregist saman og var t. d. árið 1980 um 60 þús. tonn, þannig að þegar vannst nokkuð í áttina að framleiðslu á fóðri innanlands. En við þurfum að vinna betur í þeim efnum og að því er unnið svo sem lögð er áhersla á í þessari till.

Varðandi II. lið í meginstefnumörkun þessari, sem fjallar um fjárhagslega afkomu bænda, þá er byggt á þeim grundvallarmarkmiðum framleiðsluráðslaga frá 1947, að tekjur bænda skuli vera hliðstæðar tekjum verkamanna og iðnaðarmanna. Ennfremur er það lagt til grundvallar, eins og þegar hefur verið vikið að, að landbúnaðurinn eigi kost á útflutningsbótum, sem verði að hámarki 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar, og að stjórnunaraðgerðum verði beitt til að halda framleiðslunni innan þeirra marka miðað við aðstæður á hverjum tíma. Í þessari till. er vikið að því að unnið verði áfram að verðlagningu búvara á grundvelli framleiðsluráðslaga, en stefnt að beinni þátttöku ríkisvaldsins í samningagerð. Það atriði er til athugunar, en er vandasamt og viðkvæmt hvernig með skuli fara þannig að samkomulag takist um.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um félagsleg atriði, sem í till. eru greind. Ég vil þó leggja á það nokkra áherslu að það er auðvitað kominn tími til að unnið verði að því að koma á möguleikum bænda og sveitafólks til þess að taka sér orlof, en enn hefur ekki náðst samkomulag um hvernig því verður fyrir komið. Það er hins vegar ljóst, að búi sveitafólk ekki við svipuð félagsleg réttindi og aðrar stéttir í landinu leitar ungt

það sé í rauninni að líða sú tíð að við getum haldið áfram að flytja út t. a. m. dilkakjöt í heilum skrokkum í grisjupokum. Ef við ætlum að halda því áfram er ljóst að við verðum algerlega undir á kindakjötsmörkuðum heimsins. Það þarf því að breyta um. Sú breyting er þegar byrjuð hjá okkur í verulegum mæli, bæði að pakka kjötið í plast og eins einstaka hluta skrokksins í dýrari umbúðir.

Það segir í stefnuatriðum varðandi sauðfjárframleiðsluna að keppa beri að því að bæta nýtingu heimalanda og jarða. Það verður auðvitað alltaf grundvallaratriði. Ennfremur segir, að reynist óhjákvæmilegt að draga saman sauðfjárframleiðslu skuli kappkosta að sá samdráttur verði hjá þeim bændum sem auðveldast eiga með að mæta honum með tilliti til bústærðar og annarra framleiðslumöguleika og að því verði náð með takmörkun fjárfestingarlána, kjarnfóðurgjaldi og beinu samkomulagi við einstaka bændur.

Þessar leiðir hafa í raun verið farnar og kunnugt er að ríkisstj. ákvað að verja nokkru fé á síðasta ári til að koma til móts við óskir Framleiðsluráðs landbúnaðarins um fækkun sauðfjár samkv. frjálsu samkomulagi. Það eru líkur til að sauðfé í landinu hafi, eins og áður sagði, fækkað um allt að 50 þús. í haust, en aðeins að litlum hluta með slíkum samningum og svokölluðu frjálsu samkomulagi, þannig að sá þáttur varð ekki afgerandi, nema þá að því er tók til þeirra sauðfjárbænda, sem búa við riðuveikt fé, en lögð var áhersla á að beina því máli sérstaklega í þann farveg.

Í sambandi við sauðfjárframleiðsluna og sölu á þeim afurðum er rétt að geta þess, að á síðasta ári var samið með tilstyrk ríkisstj. um verulega aðstoð við fátækar þjóðir, við Pólland og Líbanon, og þá þannig að sú aðstoð var færð yfir í matargjafir. Það var gefið kindakjöt í stað þess að til þessa hefur venjulega verið um að ræða að aðstoð Íslands við þróunarlöndin og aðrar fátækar þjóðir hafi verið í formi fégjafa. Tel ég þetta nokkuð merkilegt mál og í rauninni tímamót í sambandi við aðstoð Íslands við fátækar þjóðir. Er ábyggilega heppilegt fyrir okkur Íslendinga, sem framleiðum matvæli umfram það sem þjóðin þarf á að halda, að við beinum okkar aðstoð við aðrar þjóðir yfir í þennan farveg.

Um hross er það að segja, að hrossaafurðir eru nú taldar nema um 1% af heildarlandbúnaðarframleiðslunni eða rúmlega 1%. Hrossaafurðir og hrossaeign hafa því samkv. þessu ekki svipað því jafnmikla efnahagslega þýðingu og þær greinar sem ég hef nefnt hér á undan. En það er talið að framtalin hross á landinu séu um 52–53 þús. og þeim hefur fjölgað mjög á síðari árum. Þessi hrossaeign hefur færst mjög mikið í hendur þéttbýlisbúa og það er ekkert vafamál að hrossastofninn í landinu hefur miklu meira gildi en hin beina efnahagslega þýðing segir til um samkv. þessum skýrslum. Ég skal ekki rekja það. Þetta er öllum ljóst. En markaðir fyrir lífhross erlendis hafa verið að þrengjast. Á hinn bóginn hefur nokkuð rýmkast um markaði erlendis fyrir hrossakjöt fyrir sæmilega gott verð og auk þess eru nokkrar afurðir hrossa seljanlegar erlendis til lyfjagerðar. Svo er til að mynda um blóð úr fylfullum hryssum og á síðasta hausti voru seld öll miltu úr hrossum til lyfjagerðar erlendis, og er það nýmæli. Einnig er nú mögulegt að selja fleiri innyfli úr hrossum og öðrum sláturdýrum hérlendis. Er líklegt að unnt verði til að mynda að selja á sæmilegu verði öll lungu sem til falla á næsta hausti. Kunna þannig að opnast markaðir, ef vel er að hugað, varðandi einstakar framleiðsluvörur, sem lítt hefur kannske verið hirt um að sinna til þessa.

Alifuglar eru taldir gefa af sér um 7% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarins. Nokkrar sveiflur hafa verið í framleiðslu alifuglabúa, einkum í eggjaframleiðslunni, en í heild má segja að framleiðsla bæði eggja og kjúklingakjöts hafi verið nokkurn veginn í jafnvægi eða í samræmi við markaðinn, þó að um sveiflur hafi verið að ræða. Það er vissulega nokkuð athugandi að framleiðsla á afurðum alifugla virðist vera að færast í vaxandi mæli í hendur stórbúa. Er það í sjálfu sér nokkurt áhyggjuefni að þessi framleiðslugrein virðist ekki þrífast nema að einhverju leyti sem aukabúgrein og hin minni bú eiga sí og æ erfiðara uppdráttar í samkeppni við stórbúin, sem framleiða langmestan hluta framleiðslumagnsins.

Í sambandi við svínakjötsframleiðsluna má segja einnig að um jafnvægi hafi verið að ræða varðandi þá framleiðslugrein miðað við innlendan markað. Svínakjötsframleiðsla er um 1.5% af heildarframleiðslumagni landbúnaðarafurða. Það er rétt að geta þess, að fyrir skömmu eru hafnar rannsóknir á kjötgæðum og vaxtargetu íslenska svínastofnsins, sem virðast gefa til kynna að þessi búfjárstofn okkar Íslendinga þurfi mikilla kynbóta við til þess að hann standi jafnfætis því sem best gerist erlendis.

Loðdýraafurðir voru taldar nema um 1.5% af framleiðslu landbúnaðarins 1980. Loðdýrabúum hefur fjölgað mjög, einkanlega á síðasta ári. Minkabú voru 1980 5 talsins og svo er enn, minkabúin eru enn 5 talsins, en refabú eru nú yfir 80 talsins og allmargir bændur hafa fengið leyfi fyrir rekstri refabúa til viðbótar við þá sem þegar hafa stofnað þau. Það eru bundnar miklar vonir við þessa nýju búgrein, loðdýraframleiðsluna. Þær vonir verður þó að meta af raunsæi, ekki af óhóflegri bjartsýni. Við höfum vitað það alveg frá því snema síðasta vor að yfirvofandi var verðfall á refaskinnum. Það hefur einnig komið á daginn vegna þess hve gífurlega hefur vaxið framleiðsla á refaskinnum í heiminum. Þess vegna er líklegt að við eigum nú fyrir höndum nokkra lægð í verði á þessari framleiðslu, en þó er ekki talin nein yfirvofandi hætta á því að ekki verði mögulegt að selja refaskinn með sæmilegu móti.

Í sambandi við loðdýraræktina er rétt að vekja á því athygli, að sjúkdómur hefur herjað og herjar á minkastofninn í landinu. Þessi sjúkdómur hefur verið gangandi í 3 af þessum 5 minkabúum og valdið þar miklu tjóni. Tekin hefur verið ákvörðun um að leitast við að útrýma þessum sjúkdómi og hefur nú minkastofninn í einu af þessum loðdýrabúum verið felldur. Samið hefur verið um að kaupa minka frá Danmörku, sem vonast er til að geti verið heilbrigðir, — ég segi vonast er til því að það er seint hægt að fullyrða með neinni vissu að við fáum ekki þennan sjúkdóm með minkunum aftur eða þá annan, en tvær aðrar pestir hrjá minka í nágrannalöndum okkar. En það er auðvitað gert allt sem mögulegt er til að freista þess að við fáum heilbrigðan stofn og leggja menn vitaskuld mikið í hættu til þess að það megi takast. Allrar varúðar verður gætt eins og mögulegt er og er sannarlega vonandi að það takist að koma þessum skiptum á minkum við áfallalaust.

Ég vil láta þess getið, að frá 1980 hefur tekist að halda mjólkurframleiðslunni sem næst við hæfi innlends markaðar, en til þess að ná því marki þurfti á því ári að grípa til sérstakra stjórnvaldsaðgerða vegna þess að mjólkurframleiðsla var orðin um 17—18% umfram innanlandsneyslu og sú framleiðsla var eigi seljanleg nema við mjög óhagkvæmu verði. Þetta tókst og var unnið í félagi við bændur sjálfa og að verulegu leyti að forgöngu bændasamtakanna og einnig á grundvelli tiltekinna stjórnvaldsaðgerða. Á þessu sviði náðist því með skjótum hætti sá árangur, sem að var stefnt, að halda mjólkurframleiðslunni í því horfi sem hæfði innlenda markaðnum, og það hefur tekist að halda því síðan. Framleiðsla síðasta árs var um 104.5 millj. lítra, sem að vísu var um 1.5% aukning frá árinu á undan.

Helstu stefnuatriði varðandi mjólkurframleiðsluna umfram þetta, sem þegar hefur verið rakið, ef beita þarf sérstökum aðgerðum til að halda í þessu horfi, er að nokkurt gjald verði lagt á innflutt kjarnfóður og því e. t. v. breytt, ef tímabundnar sveiflur verða á framleiðslu og eftirspurn, ákveðið verði svæðisbundið framleiðslumagn mjólkur með hliðsjón af sölusvæðum eða framleiðslusvæðum og markaðsþörf þeirra. Til þess að ná þessu markmiði hef ég skipað nefnd til að athuga möguleika á því að koma við þessum framleiðslutakmörkunum eftir tilteknum framleiðslusvæðum eða héruðum. Er formaður þeirrar nefndar Egill Bjarnason, sem jafnframt var formaður þeirrar nefndar sem lagði grunninn að þessari þáltill.

Ég tel einnig mikilvægt að athugað verði hvort ekki sé nauðsynlegt að taka upp slík svæðisbundin mörk varðandi framleiðslu sauðfjárafurða. Þjónar það margþættum tilgangi, sem ekki skal farið ítarlega út í hér. Í fyrsta lagi mun það þjóna þeim markaðssvæðum sem hlut eiga að máli á hverjum stað, en mun einnig verja hin veikari framleiðslusvæði landsins, sem verða harkalega fyrir barðinu á harðæri sem við þekkjum nú hin síðustu ár, og verja það að framleiðsla þeirra svæða detti um of mikið niður.

Í stefnuatriðum varðandi mjólkurframleiðsluna, umfram það sem þegar hefur verið sagt, er gert ráð fyrir að útflutningsuppbætur verði ekki greiddar á mjólkurafurðir umfram það sem nemur 5% af verðmæti mjólkurframleiðslunnar allrar á verði til bænda. Þetta setur enn takmörkun á framleiðslu mjólkurinnar umfram innanlandsneyslu, sem er nauðsynlegt vegna þess hve það er fjarri lagi að við getum stundað þessa framleiðslu til útflutnings. Ýmis fleiri stefnuatriði eru sett hér fram varðandi mjólkurframleiðsluna sem ég skal ekki rekja nánar.

Sauðfjárframleiðslan hefur oft verið sem svarar 35% af heildarframleiðslumagni landbúnaðarins. Framleiðsla kindakjöts var, að ég hygg, mest 1979 15 þús. og 300 tonn. Þetta framleiðslumagn hefur lækkað síðan, var á árunum 1980 og 1981 um 14 200 tonn — eða 1100 tonnum minna en 1979 — og á síðasta ári um 13 700 tonn innanlands. Tala sláturfjár var mest nálægt 1 millj., en hefur einnig farið lækkandi, enda sauðfjártalan í landinu lækkað úr um tæpum 900 þús. vetrarfóðruðum kindum niður í tæpar 800 þús. kindur á síðasta ári. Ekki liggja endanlegar tölur fyrir um hver sauðfjártalan í landinu er nú í haust, en talið er að hún sé um 750 þús. fjár.

Það var komið svo, að sá hluti sauðfjárframleiðslunnar sem þurfti að flytja á erlenda markaði var það mikill að ekki náðist fullt verð til framleiðenda fyrir þessa vöru og af þeim sökum var eigi annað fært en draga saman sauðfjárframleiðsluna.

Nú er komið að því marki að ekki eru líkur til þess að stefna þurfi að meiri samdrætti í sauðfjárframleiðslunni, miðað við að við getum nýtt okkur áfram útflutningsuppbætur svo sem lög heimila. Það er kunnugt að á fimm árum, frá 1977 til 1981, dugðu ekki útflutningsuppbætur til þess að fullu verði yrði náð og ríkissjóður greiddi öll þessi ár verulegar fjárhæðir eða útvegaði lánsfjármagn sem nam verulegum fjárhæðum til þess að bæta við útflutningsuppbætur sem lögboðnar eru. Á síðasta ári var það hins vegar svo, að samkv. bráðabirgðauppgjöri þurfti ekki að nota að fullu þann útflutningsbótarétt sem landbúnaðurinn á. Þá voru notaðar útflutningsuppbætur um 182 millj. kr. af 192.6 sem landbúnaðurinn átti rétt á samkv. 10% reglunni eða 94.5% af útflutningsbótaréttinum. Miðað við að síðan hefur orðið samdráttur í sauðfjárstofninum tel ég að komið sé að þeim mörkum að ekki sé rétt að hvetja að sinni a. m. k. til þess að bændur fækki búfénaði sínum. Á hitt ber að líta, að þarna er um nokkra framleiðslu að ræða af hálfu annarra en bænda, og þó að ekki séu nein stefnuatriði um það í þessari till. að taka fyrir slíka framleiðslu er ljóst að það skerðir nokkuð möguleika bændastéttarinnar í þessum efnum. Hér er þó um mikilvæga framleiðslu margra einstaklinga að ræða, kannske fyrst og fremst sem tómstundaiðju, — iðju sem þéttbýlisbúar sækja til lífsfyllingu og mikla ánægju.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja þetta atriði miklu meira. Ég vil aðeins geta þess, að nokkur stefnuatriði varðandi sauðfjárframleiðsluna, umfram það sem þegar hefur verið sagt, eru: Að reyna til þrautar að gera útflutning á kindakjöti hagkvæmari með öflun nýrra og betri markaða og auka hagkvæmni á öllum framleiðslustigum. Þegar ég segi öllum framleiðslustigum á ég auðvitað bæði við framleiðslu bændanna sjálfra, en ekkert síður við vinnslustig landbúnaðarafurða. Á þeim vettvangi eigum við margt enn ógert.

Verulega hefur verið unnið að því að freista þess að taka upp nýjar aðferðir í vinnslu landbúnaðarvara og þarf ekki að rekja það. Það hefur verið gert með mjög miklum ágætum í mjólkurframleiðslunni. Kjötvinnsla hefur verið nokkru einhæfari, en nú á allra síðustu árum hefur verið unnið að því að gera þá vinnslu fjölbreyttari. Vænti ég að það muni leiða til þess að sú þýðingarmikla framleiðslugrein haldi sínum mörkuðum betur og geti e. t. v. unnið nýja markaði innanlands og utan. A. m. k. er nauðsynlegt að vinna sem ítarlegast á þessu sviði því að það er okkur nauðsyn að þær hollu og góðu matvörur, sem framleiddar eru af íslensku þjóðinni, séu reiddar þannig á borð neytenda að þær a. m. k. haldi sínum hlut gagnvart annarri framleiðslu og helst sæki á og verði viðurkenndar sem sérstakar vörur hvað gæði og allt útlit snertir. Ég er sannarlega ekki vonlaus um að það geti tekist, að við getum unnið okkur sess erlendis með sérvörur af einhverju tagi, þá einkanlega úr íslenska dilkakjötinu, sem geti orðið þar mikilvægar og selst á betra verði en hinn almenni markaður gefur tilefni til, en til þess þarf sérvinnslu og til þess þarf útlit og annað að vera við hæfi slíkra vara.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta efni, en ég tel að

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál. um stefnumörkun í landbúnaði, sem hér er flutt á þskj. 47, var fyrst lögð fyrir hv. Alþingi á síðasta ári eða í aprílmánuði. Till. hlaut þá ekki afgreiðslu og er endurflutt nú óbreytt eins og hún var fyrst lögð fram.

Till. þessi hefur hlotið allítarlegan undirbúning. Með bréfi dagsettu 10. mars 1980 var skipuð nefnd á vegum ríkisstj. til þess að semja till. til þál. um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins. Í nefndinni áttu sæti Egill Bjarnason ráðunautur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda og Helgi F. Seljan alþm. Nefnd þessi lagði mikla vinnu í störf sín og skilaði tvívegis áfangaskýrslu um tiltekna þætti landbúnaðarmála, en lokatillögum sínum skilaði nefndin 2. apríl 1981.

Till. sú, sem hér er flutt, er að meginstofni samin af þessari nefnd. Nokkrir þættir um sérgreinar landbúnaðarins voru samdir af forstöðumönnum tiltekinna stofnana á vegum landbúnaðarins og var Guðmundi Sigþórssyni, deildarstjóra í landbrn., falið að yfirfara þá þætti, samræma gerð þeirra tillagna í heild og yfirfara till. og samræma hana að allri gerð. Einnig aflaði Guðmundur Sigþórsson mikilla gagna og vann tölulegar upplýsingar sem í miklum mæli birtast með grg. till.

Till. sem heild er að sjálfsögðu sumpart staðfesting á þeirri stefnu sem fylgt hefur verið í landbúnaðarmálum frá því að núv. ríkisstj. tók til starfa, en jafnframt hefur hún að geyma mörg nýmæli og stefnuatriði sem ýmist er unnið að eða ekki eru enn komin fram.

Tillgr. sjálf skiptist í meginmarkmið ásamt skýringum á því hvernig þeim markmiðum verði náð og myndar það tillgr. Till. fylgir svo einnig mjög ítarleg grg. sem felur í sér glöggt yfirlit um þróun landbúnaðarins á síðustu tveimur áratugum og einnig er vikið að þeim möguleikum sem sýnilegir eru og aðstöðu miðað við ríkjandi aðstæður í þjóðfélaginu fyrir hverja framleiðslugrein fyrir sig. Í grg. getur að líta eftirfarandi meginkafla: Um framleiðslu og ráðstöfun landbúnaðarafurða, markaðs- og framleiðslumöguleika, ræktun, heyfeng og fóðuriðnað, framleiðslu hráefnis til iðnaðar, landnýtingu og landvernd, tekju- og félagsmál bænda, búsetu og byggðaþróun, búnaðarfræðslu, rannsóknarstarfsemi og leiðbeiningaþjónustu. Einnig fylgir grg. sem fskj. yfirlit, sem unnið er af annarri nefnd sem hefur fjallað um þjóðhagslega hagkvæmni landbúnaðarframleiðslunnar, um vinnuafl í landbúnaði og síðan yfirlit yfir grg. í heild.

Grg. felur því í sér mjög mikinn fróðleik. Í grg. sjálfri er þannig að finna nánari útfærslu á þeim stefnuatriðum sem tillgr. sjálf felur í sér því að þegar um svo viðamikil mál er að ræða verður því eigi við komið í tillgr.

Tillgr. sjálf felur í sér þrjú meginmarkmið. Þau eru: Í fyrsta lagi að Alþingi ályktar að framleiða skuli landbúnaðarafurðir með þeirri fjölbreytni sem landkostir, veðurfar og markaðsskilyrði leyfa. Í öðru lagi að tryggja efnahagslegt sjálfstæði og félagslegt jafnrétti bændafólks og eignar- og umráðarétt þess á bújörðum. Fjölskyldubúskapur og sjálfseignarábúð bænda verði grundvallarform rekstrareininga, en félagsbúskapur fái fastmótað form í lögum. Réttur þéttbýlisbúa til umgengni við landið og náttúru þess verði tryggður. Í þriðja lagi að leggja áherslu á að varðveita náttúruauðæfi landsins, landkosti og hlunnindi bújarða og eðlilega byggð í landinu fyrir næstu kynslóðir, m. a. með gerð áætlana um landgræðslu og landvernd. Landbúnaðurinn og úrvinnslugreinar landbúnaðarafurða leggi fram sinn skerf til vaxandi þjóðartekna með hagkvæmri nýtingu landsgæða og síaukinni framleiðni vinnu og fjármuna.

Þessi þrjú meginmarkmið eru fram sett sem höfuðatriði þessarar stefnu.

Ef litið er á þessi þrjú meginatriði í örfáum orðum hvert fyrir sig má segja um framleiðslumarkmiðið, sem er fyrsta aðalatriði þessarar till., að gert er ráð fyrir gerð spár um þróun markaðar fyrir landbúnaðarafurðir hér á landi næstu fimm og tíu árin, er einnig byggi á spá um mannfjölda og markaðshorfur, og einnig til útflutnings. Út frá slíkri spá verði gerð áætlun um framleiðslu á landbúnaðarafurðum, er taki mið af nokkrum meginþáttum, og þá í fyrsta lagi lögboðnum rétti landbúnaðarins til útflutningsbóta, ákvörðun um niðurgreiðslur og möguleikum nýrra búgreina. Í sambandi við þessi atriði er vert að vekja á því sérstaka athygli, að í framleiðslumálum verður í það heila tekið samkv. þessari till. miðað við að mjólkurframleiðslan verði sem næst við hæfi innlenda markaðarins og ekki gert ráð fyrir mjólkurframleiðslu sem útflutningsgrein. Sauðfjárframleiðsla verði við hæfi innanlandsmarkaðar og einnig fyrir erlenda markaði sem teljast viðunandi. Í þriðja lagi verði unnið að eflingu nýrra búgreina og nýrra tekjuöflunarleiða í sveitum, einkanlega þannig að þar verði byggt á kostum landsins sjálfs og þeim afrakstri sem landbúnaðurinn og landið sjálft gefa. Sérstaklega verði því hlúð að þeim framleiðslugreinum í nýjum búgreinum og nýjum tekjuöflunarleiðum í sveitum sem byggjast þannig á innlendum aðföngum.

Að sjálfsögðu er meginundvöllur undir framleiðslu landbúnaðarins landið sjálft, gæði þess og margbreytilegir kostir, ræktun og fóðurframleiðsla. Þess vegna er lögð á það rík áhersla að efla innlenda fóðurframleiðslu, sem er vitaskuld grundvöllur búfjárræktar í landinu og þeirra afurða sem búfénaðurinn skilar. Til þess að styðja þessa viðleitni verði rannsókna-, leiðbeininga- og fræðslustofnunum landbúnaðarins beitt í þessa þágu.

Ég tel ástæðu til að víkja örfáum orðum að helstu framleiðslugreinum landbúnaðarins og gefa upp þær upplýsingar í sem allra stystu yfirliti og þá um leið að víkja að þeim helstu stefnuatriðum sem þessar greinar varða.

Nautgripaframleiðslan er talin nema um það bil 44% af heildarframleiðslu landbúnaðarins og hefur verið mjög mörg ár í kringum þá hlutfallstölu. Svo var til að mynda 1980. Framleiðsla á mjólk hefur síðustu þrjú árin verið á milli 100 og 105 millj. lítra, þ. e. sá hluti mjólkurframleiðslunnar sem lagður er inn í mjólkurbú, og er það mjög nálægt því sem er innanlandsneysla. Lítils háttar hefur verið flutt út af ostum, að vísu með lágu verði, en það magn fer þó minnkandi. 1. des. s. l. voru ostabirgðir í landinu 739 tonn, sem er mun minna en oft hefur verið áður og 19.4% minna en var á sama tíma árið á undan. Eðlilegt er að ostabirgðir í landinu séu alltaf í nokkru magni vegna þess að þessi framleiðsla þarf sinn tíma til þess að gerjast og verða söluhæf vara eins og hún getur best orðið.

sem því líður þakka ég hv. þm. fyrir þau orð sem hann lét falla um þetta mál vegna þess að þau undirstrika mjög vel þá brýnu þörf sem er á alþjóðaskipulagi um þessi mál.

Hitt er svo auðvitað, að það fer í þessu efni eins og öðru allmikið eftir framkvæmdinni og hversu fylgt er á eftir. En fyrst er þó að fá ákvæðin sem þetta varða.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni hér áðan, að Siglingamálastofnun hefur verið mjög aðþrengd með fjármagn, reyndar í mörg ár, og *það hefur orðið til þess að samgrn. hefur neyðst til að* takmarka t. d. utanferðir og ýmislegt annað hjá stofnuninni, sem æskilegt væri, útgáfustarfsemi o. fl. Við höfum leitað mjög eftir meiri fjárveitingum til stofnunarinnar, m. a. hjá fjvn. nú við afgreiðslu fjárlaga. Þau ár sem ég þekki til hefur verið gerð ítarleg tilraun til þess. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þar er um þrengingar að ræða almennt og ég er ekki að áfellast fjvn. Það hefur alltaf fengist nokkur úrbót, en staðreyndin er þó sú, að með hausti eða í lok ársins hefur ætíð orðið að rétta hlut stofnunarinnar með mjög verulegri aukafjárveitingu. En að sjálfsögðu hefur á þeim tíma sem þá er liðinn orðið að takmarka umsvif stofnunarinnar að mörgu leyti. Allt hefur það að mínu mati verið mjög skaðlegt þó ég vilji leggja áherslu á að vitanlega verður að gæta mjög að því í rekstri að vel sé farið með fjármagn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil þakka báðum hæstv. ráðh. fyrir svör þeirra. Ég vil endilega vekja athygli þingheims á þessu máli. Það vill nú svo til að við vöktum eitthvert mesta matarforðabúr veraldar, sem er landhelgin okkar, og við nýtum úr þessu matarforðabúri, sem jafnframt er fjöregg þessarar þjóðar. Ég vil endilega að menn gaumgæfi betur en gert hefur verið þær hættur sem að okkur steðja vegna mengunar í hafinu, mengunar sem eykst látlaust eftir því sem úrgangsefni í hafinu aukast, eftir því sem meiru er kastað af úrgangsefnum, ég tala nú ekki um geislavirku úrgangsefni, sem vitað er að hefur verið fleygt í hafið, Norður-Atlantshafið m. a. Ég vildi hvetja menn til að hugleiða þessi mál því að Alþingi Íslendinga þarf að taka þau fastari tökum en gert hefur verið.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fullgilding samnings um loftmengun, þáltill. (þskj. 138). — Ein umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um fullgildingu samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa. Fyrir allmörgum árum varð ljóst að loftmengun, sem átti upptök sín í verksmiðju í einu landi, gæti haft alvarleg áhrif á lífríki í landi í 1000 km fjarlægð. Erfitt er þó að beita venjulegum þjóðréttarreglum um skaðabótaábyrgð ríkja í slíkum tilfellum þar sem ekki er unnt að tilgreina nákvæmlega hversu mikinn þátt einstakar verksmiðjur eiga í menguninni.

Loftmengunar er sérstaklega getið í umhverfiskafla lokasamþykktar ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu og í framhaldi af starfi ráðstefnunnar voru hafnar víðtækar rannsóknir á áhrifum loftmengunar í Evrópu. Er vikið að því nánar í þeim aths. sem fylgja þáltill.

Samningurinn gerir ráð fyrir víðtæku samstarfi og upplýsingamiðlun, viðræðum, rannsóknum og eftirliti og þess er vænst að þetta samstarf geti leitt til viðunandi lausnar þessa vandamáls. Í 5. gr. segir t. d. að viðræður skuli fara fram milli annars vegar samningsaðila, sem verða fyrir loftmengun sem berst langar leiðir að eða sem hætta er á að verði fyrir slíkri mengun, og hins vegar samningsaðila sem eiga lögsögu þar sem loftmengun á eða gæti átt upptök sín.

Til þess að framfylgja samningnum mynda samningsaðilarnir með sér framkvæmdastofnun á vegum Efnahagsnefndar Evrópu, eins og segir í 10. gr. samningsins.

Ríkisstj. leitar með þessari þáltill. eftir heimild til þess að mega fullgilda þennan samning fyrir Íslands hönd. Samningurinn er frá 13. nóv. 1979.

Það má sjálfsagt segja að sem betur fer hafi Íslendingar ekki orðið mikið varir við mengun af því tagi sem rætt er um í þessari þáltill. Hins vegar er það t. d. mjög brennandi mál á Norðurlöndunum, sumum hverjum a. m. k., sem hafa orðið fyrir mengun af þessum sökum og eru á hættusvæði. Þó að við séum fjarlægari í þessu efni og hættan ekki eins nálæg, þá tel ég sjálfsagt að við gerumst aðilar að þessum samningi.

Því er ekki að leyna að það var mikill áhugi á því, einkanlega hjá Norðurlöndum, að Ísland gerðist aðili að þessum samningi til þess að hann gæti öðlast gildi. Þegar gengið var frá þessari þáltill. og prentaðar voru þær aths. sem fylgja henni höfðu 23 ríki staðfest samninginn, en til þess að hann öðlist gildi þurfa 24 ríki að staðfesta hann. Nú hefur það gerst að vísu að 24 ríki hafa þegar staðfest hann. Samningurinn mun þess vegna öðlast gildi í mars n. k.

Vissulega er hér líka um alvarlegt mál að ræða, eins og það mál sem var til meðferðar hér á undan, þó að það verði sjálfsagt að segja sem svo, að það hafi ekki brunnið eins mikið á okkur og hitt og menn hafi ekki haft af því hér á landi jafn miklar áhyggjur eins og hinni *menguninni*, sem rætt var um áðan.

Herra forseti. Samningurinn er að sjálfsögðu prentaður með þáltill., sem fylgir með, og ég leyfi mér að vísa til efnis hans þar. Ég leyfi mér svo að óska þess, að umr. verði frestað og till. vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Friðunaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 172). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 47 og 77). — 1. umr.

völdum olíu ásamt síðari breytingum. Ísland hefur staðfest þann samning og hann hefur öðlast lagagildi hér. Allt efni þeirrar samþykktar hefur verið tekið upp í þennan samning með nokkrum viðbótum og breytingum auk þess sem samningurinn fjallar um fleiri þætti mengunar frá skipum en olíumengun.

Samningurinn og bókunin er hvort tveggja prentað sem fskj. með þessum samningi og sé ég ekki ástæðu til að rekja samninginn og efni hans. Það er aðeins gerð grein fyrir því í stuttu máli í aths. þeim sem fylgja með samningnum að til þess að samningurinn öðlist gildi þurfa 15 ríki að hafa staðfest hann, 15 ríki með minnst 50% af kaupskipaflota heimsins, og þá öðlast hann gildi 12 mánuðum eftir að því marki hefur verið náð.

Allmörg ríki hafa þegar fullgilt samninginn, þ. á m. Norðurlöndin öll að Íslandi undanteknu, og það er nú gert ráð fyrir því að hann muni öðlast gildi seint á þessu ári. Það sem þarf til framkvæmda þessum samningi er reglugerð sem samgrh. mun setja. Þarf lagaheimild til þess að setja þá reglugerð og hygg ég að alveg á næstunni sé væntanlegt frv. um það efni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt um þetta, en leyfi mér að óska eftir því að umr. verði frestað og till. vísað til utanrmn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. Það er raunverulega ekki efnislega sem ég tala um þennan samning sem slíkan, heldur langaði mig að beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort svo kunni að vera, að við höfum á undanförnum árum undirritað alþjóðlega samninga, sem eiga að koma í veg fyrir mengun sjávar, en vegna þess að þess hafi ekki verið nógsamlega gætt að fjármagn væri útvegað til að fylgja þeim samningum eftir, þ. e. þeirri aðild sem við eigum að þeim samningum, hafi þeir ekki verið eins mikils virði fyrir okkur og samningarnir gefa tilefni til. Mér er þetta mál mjög hugstætt og ég hef nefnt það hér áður að ég hef umtalsverðar áhyggjur af mengun sjávar í nágrenni Íslands.

Ég orðaði það svo fyrir nokkrum mánuðum, þegar þessi mál komu eilítið til umr. hér, að þessi mengunarmál væru þess eðlis að við þyrftum að gefa þeim meiri gaum en við hefðum gert. Þar væri um að ræða það sem kallað er á erlendu máli „dumping" á hvers konar úrgangsefnum í Norður-Atlantshafið í fyrsta lagi. Í öðru lagi væru það ferðir kjarnorkuknúinna skipa, sem hafa í för með sér nokkra hættu, ekki mikla að vísu, vegna hugsanlegra slysa við losun á kælivatni.

Mér er kunnugt um það, vegna þess að ég hef leitað eftir upplýsingum um það hjá siglingamálastjóra og fengið mjög greinargóða skýrslu frá honum, að hann telur vanta nokkuð á það að t. d. Siglingamálastofnun hafi fengið þau fjárframlög sem nægja henni til að fylgjast með þessu alþjóðlega samstarfi. Og mér er kunnugt um það í sambandi við fund nú fyrir skömmu í Finnlandi þar sem fjallað var um samvinnu á þessu sviði, að siglingamálastofnun hafði ekkert fjármagn til að senda fulltrúa sinn á þá ráðstefnu eða þann fund. Mér er einnig kunnugt um að þeir menn sem með þessi mál fara hér á landi hafa af því umtalsverðar áhyggjur að ekki sé nóg að undirrita alþjóðasamninga um mengunarvarnir, heldur verðum við að vera í stakk búnir til að fylgja þeim eftir. Ég vil nefna sem dæmi að núna er í uppsiglingu mikil áætlun um efnagreiningu sjávar á djúpsævi, starf sem við erum aðilar að, en ég hygg að okkur skorti fjármagn til að geta tekið þátt í því samstarfi.

Nú er ég ekki að gagnrýna einn eða neinn í þessum efnum. Ég vil bara skjóta þessu að og spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann hafi orðið var við það að með undirskrift þessara samninga séum við að undirgangast skuldbindingar sem við vegna fjárskorts getum ekki staðið að fullu við. Ég þykist vita að þetta sé hæstv. utanrrh. og sjútvrh. svipað áhyggjuefni, sú mengunarhætta sem vofir yfir sí og æ og menn eru nú farnir að hafa miklu meiri áhyggjur af en ella, vegna þess að komið hefur í ljós að ýmsar umbúðir utan um úrgangsefni, sem fleygt hefur verið í Norður-Atlantshafið á síðustu árum, hafa verið að gefa sig. Mér er einnig kunnugt um að Greenpeace-samtökin hafa ritað Náttúruverndarráði Íslands bréf og lýst áhyggjum sínum af mengunarmálunum.

Þetta var erindi mitt hingað. Mér þætti vænt um ef hæstv. utanrrh. gæti veitt svör við þessum spurningum.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér er nú ekki kunnugt um aðra alþjóðasamninga, sem Ísland hafi gerst aðili að, varðandi þetta efni en þann samning sem þarna er vitnað til, um varnir gegn olíumengun, eða varnir gegn óhreinkun sem stafar af völdum olíu. Ég veit að haldnar hafa verið ýmsar ráðstefnur um þessi mál að undanförnu, en get ekki svarað því hvort þær ráðstefnur hafi alltaf verið sóttar af Íslands hálfu. Þær hafa verið sóttar að einhverju leyti, en það má vel vera að það hafi ekki alltaf verið hægt vegna fjárskorts. Þær eru margar þessar ráðstefnur og við reynum að taka þátt í mörgum, en það er erfitt að komast yfir það allt saman.

Það er sjálfsagt að ég reyni að afla upplýsinga um það sem hv. þm. spurði um. Ég mun reyna að afla þeirra upplýsinga fyrir fund utanrmn. svo að fyrir geti legið ítarlegri áætlun um hvaða kostnaður muni leiða af þessu fyrir Ísland. Það er áreiðanlegt að Ísland tekur á sig vissar skuldbindingar með þessu og það getur einhver kostnaður verið því samfara.

Hitt er svo algerlega laukrétt hjá hv. þm., sem ég fór nú ekki nánar út í í þessum inngangsorðum mínum um þennan samning, að mengun í sjónum af völdum ýmiss konar efna, þar á meðal úrgangsefna af ýmsu tagi sem varpað er í sjó, er mönnum stórvaxandi áhyggjuefni. Þessi samningur er náttúrlega sprottinn m. a. af þeim ástæðum, þó að hitt sé rétt, að sú hætta hefur náttúrlega farið gífurlega vaxandi eftir að sá samningur sem hér er um að tefla var þó gerður. Það er þess vegna mikil ástæða til að snúast til varnar gegn því, eftir því sem nokkur kostur er, og það ætla ég að sé reynt að gera með því skipulagi sem sett er upp eftir þessum samningi. Framkvæmd þessara mála og framkvæmd þessa samnings heyrir, eins og hér háttar til um verkaskiptingu, undir Siglingamálastofnun. Ég er nú ekki svo kunnugur því að geti svarað nánar því sem hv. fyrirspyrjandi var að nefna. Það má vel vera að sú stofnun hafi ekki fengið þá fjármuni sem hún hefur óskað eftir og orðið í því efni að sitja við sama borð og margar aðrar stofnanir. Eins og við vitum er erfitt að fullnægja öllum óskum í þessu efni. Það má vera að hæstv. samgrh. hafi frekari upplýsingar um þetta efni. En hvað

nákvæmari til þess að hægt sé að taka á þeim mark.

Þegar trúnaðarskýrslan, sem hæstv. ráðh. vitnaði til í dag, er skoðuð styrkist kannske enn grunur manns um hversu óáreiðanlegar upplýsingar við þm. höfum til að byggja á. Þar kemur t. d. fram, sem ég hygg að sé prentvilla og leyfi mér að halda því fram að óskoðuðu máli, að nefnd sú sem skipuð var í nóvember 1981 hafi sent út 800 bréf. Ég held að það geti tæpast verið. Ég spái því að óskoðuðu máli að þarna hljóti að eiga að standa 200, en skal þá taka leiðréttingu ef hún berst. En hvort sem bréfin voru 800 eða 200 kemur fram að eftir endurtekinn eftirrekstur bárust alls 100 svör og að um er að ræða fyrirtæki sem hafa haft um 30% af öllum heildartekjum sjávarútvegsins í landinu. Það er harla lítið til að byggja á. Síðan er talað um að 59 fyrirtæki hafi verið skoðuð nánar. Þau eru orðin nokkuð fá. Þá kemur listi yfir fyrirtæki sem ekki svöruðu.

Ég verð að líta á það sem nokkra lítilsvirðingu gagnvart stjórnskipaðri nefnd að þessi fyrirtæki, sem ærið oft eru hér á borðum okkar með beiðni um hvers kyns stórkostlega fjárhagsfyrirgreiðslu, og ber ekki að undrast það um höfuðatvinnuveg landsmanna, skuli — 42 fyrirtæki af þessum 100 eins og hér segir — senda gögn sem ýmist berast of seint eða voru ófullnægjandi. Manni gæti dottið í hug, þegar maður sér hvaða fyrirtæki þetta eru, að þetta hafi einmitt verið fyrirtækin sem skulduðu réttum aðilum, þ. e. bönkunum, og áttu þar af leiðandi ekki von á fyrirgreiðslu í þetta skipti. En eftir stendur, að til þess að slík vinna beri einhvern varanlegan árangur gæti maður ímyndað sér að þörf væri á að úttektin ætti sér stað á öllum fyrirtækjum til þess að nefndin kæmi með einhverjar haldbærar till.

Það kann að vera að hæstv. sjútvrh. sé ánægður með vinnu þessarar nefndar. Ég get ekki tekið undir það. Ég sé ekki að þessi nefnd geri annað en tína til þau fyrirtæki sem hún telur að þurfi að njóta góðs af þessum gengismun. Þarna eru engar efnislegar till., engar till. um breyttan rekstur. Þetta eru einfaldlega till. um meiri peninga. Og ég hlýt þá að spyrja hæstv. forsrh.: Hvers vegna var ekki vinna þessarar nefndar nýtt betur til að gera till. um einhverjar varanlegar úrbætur?

Við þekkjum öll þá sögu, eins og hér hefur komið fram hjá ýmsum ræðumönnum, að fyrirtækin fjárfesta mjög oft nokkuð glæfralega að því er virðist, þegar vel árar, vegna þess að það er alltaf hægt að koma hingað og segja: Nú höfum við ekki veltufé. Þetta er algengur leikur. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni að þetta er alveg óleyst mál. Við vitum þetta öll og okkur er það alveg ljóst, bæði stjórnarþm. og stjórnarandstöðuþm., að það er afskaplega lítið varanlegt í þessum till. Og ef upplýsingar, sem við erum að byggja á, eins og upplýsingar um óseldar birgðir, eru álíka áreiðanlegar og gefnar af jafnmikilli samviskusemi og þær upplýsingar sem þessi nefnd fékk er ekki traustvekjandi fyrir þm. að byggja á þeim.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þetta mál að sinni, en ég tel að eðlilegt sé að óska eftir að skýrslur sem þessar séu birtar þm., þannig að menn viti í raun og veru nokkuð um hvað þeir eru að tala. Þessar athugasemdir hlýt ég að láta hér í ljós.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er til 1. umr. í hv. Nd. frv. til staðfestingar á brbl. sem hæstv. ríkisstj. setti í sumar og eru lög sem fjalla fyrst og fremst um launaskerðingu og skattahækkanir í þeim tilgangi sem nefndur er í fskj. með frv. og þeim bráðabirgðaráðstöfunum sem hæstv. ríkisstj. efndi til seint í ágústmánuði.

Áður en ég vík að efni málsins tel ég ástæðu til þess, af því að ég hef gert það að venju í þessum ræðustól, að benda á hve slæmt það er að þegar staðfestingarfrv. vegna brbl. eru lögð fram á hv. Alþingi skuli í stað grg. eða athugasemda, eins og gengur og gerist þegar venjuleg frv. eru lögð fram, koma fskj., sem er að sjálfsögðu ekkert annað en brbl. sjálf og þess vegna prentaður upp sá texti sem felst í sjálfu staðfestingarfrv. Það hlýtur að vera hægt að breyta þessu. Það hlýtur að vera eðlileg krafa þeirra sem á hv. Alþingi starfa, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. láti grg. með einstökum greinum brbl. fylgja slíkum staðfestingarfrv. Ekki síst á þetta við þegar frv. fjalla um flókin efni, eins og stundum vill verða og á við a. m. k. í nokkrum greina frv. sem hér er til umr.

Í öðru lagi langar mig til að bera brigður á að brýna nauðsyn hafi borið til lagasetningar þessarar í sumar í ágústmánuði. Það hefði verið eðlilegra að kalla þing saman og láta hv. Alþingi fjalla um málið. Það var tiltölulega auðvelt þegar þess er gætt að hér í þingflokksherbergjum fóru fram um sömu mundir fundir stjórnmálaflokkanna um þetta mál, þar sem afstaða var tekin til brbl., og þess vegna mættu langflestir hv. þm. í sjálfu þinghúsinu. Nú má halda því fram, að ekki hafi gefist kostur á að leggja þetta frv. fram sem venjulegt frv. á slíku þingi, sem hefði verið kallað saman í sumar, en þá ber þess að geta, að einmitt þegar hæstv. ríkisstj. lét þetta frv. frá sér fara í formi brbl. í ágústmánuði lá það fyrir að einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., hv. 6. þm. Suðurl., hafði gert hæstv. ríkisstj. grein fyrir því að hann teldi sig ekki vera lengur stuðningsmaður hennar. Þetta þýddi það að sjálfsögðu að hæstv. ríkisstj. var ljóst á þessum tíma að hún hefði ekki nægan meiri hl. í Nd. Alþingis og varð þess vegna að leita samráðs hjá stjórnarandstöðunni, ef hún ætlaði sér að koma nauðsynlegum málefnum fram á hv. Alþingi. Það var m. a. á þessum grundvelli sem yfirlýsing þingflokks Sjálfstfl. var mótuð, en í henni var bent á nauðsyn þess að kalla þá þegar saman þing, ganga frá nauðsynlegustu málum á því þingi, þ. á m. kjördæmamálinu, rjúfa þing síðan, strax í haust, og efna til kosninga það snemma að ný ríkisstjórn gæti tekið við og haft á bak við sig góðan þingmeirihluta, sem nauðsynlegur er til þess að fást við þau vandamál sem blasa við íslensku þjóðlífi. Í stað þess að fara að þessum ráðum kaus hæstv. ríkisstj. að sitja án þess að geta stjórnað.

Þá langar mig og að minnast á það varðandi það frv. sem hér er til umr., að það hlýtur að vera mjög óeðlilegt að setja í brbl., með tilliti til þess ákvæðis í stjórnarskránni sem fjallar um brbl., ákvæði sem framlengja skatta, sem voru þá þegar í gildi, til 31. des. á s. l. ári, eins og vörugjaldið var, og framlengja þá um heilt ár eða til 31. des. á árinu 1983. Hæstv. ríkisstj. lýsir því m. ö. o. yfir í ágústmánuði á árinu 1982, að brýna nauðsyn beri til að framlengja skatta, sem voru í gildi þar til 31. des. eða fjórum mánuðum síðar, til jafnlengdar næsta ár á eftir. Ég tel að þetta, sem þarna hafi verið gert, hljóti að fara á svig við það ákvæði stjórnarskrárinnar sem heimilar handhafa forsetavalds að gefa út brbl.

Það fer ekki framhjá neinum, að hér á Alþingi hefur í

vetur myndast nokkurs konar þrátefli þar sem hæstv. ríkisstj. getur ekki komið fram málum án samstarfs við stjórnarandstöðu og stjórnarandstaða getur ekki fellt hæstv. ríkisstj., en hefur þó afl atkv. til þess að stöðva viss mál án þess þó að geta breytt ákvæðum í heilum lagafrv. Það hlýtur þess vegna að vera forsenda fyrir öllum varanlegri efnahagsráðstöfunum, sem grípa þarf til á næstunni, að hæstv. ríkisstj. segi af sér, rjúfi þing og efni til kosninga. Aðeins þannig má búast við því að skýrar línur fáist í stjórnmálin, en það er auðvitað forsenda þess að hægt sé að takast á við vandamálin.

Það kom mér satt að segja á óvart að hlusta á ræðu hv. 4. þm. Reykv., nýlega sjálfkjörins formanns Bandalags jafnaðarmanna, þegar hann lýsti því yfir að hann væri á móti því frv. sem hér er til umr. og byggði það m. a. á því – og þó aðallega á því – að þetta frv. væri til leiðréttingar á samningum sem þegar hefðu verið gerðir og þetta frv. sýndi glögglega þá röngu leið sem stjórnvöld gripu ætíð til til þess að leiðrétta slíka samninga. Þessi hv. stuðningsmaður fimmflokkakerfis hér á landi, hv. 4. þm. Reykv., hefur samt sem áður lýst því yfir að hann sé fylgjandi eða geti alla vega séð sér fært að sitja hjá við atkvgr. um frv. til laga um Olíusjóð fiskiskipa og fleira í þeim dúr, sem er 159. mál þingsins og lagt fram hér í Nd. En þegar það mál er skoðað kemur í ljós að einmitt í því frv., frv. um Olíusjóð fiskiskipa, eru stjórnvöld að grípa inn í samninga með nákvæmlega sama hætti og gert er í brbl. og öðrum þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að leiðrétta það sem hefur verið gert af ábyrgum aðilum. Það má því halda því fram, svo notuð séu ummæli hv. þm., að í slíkum vendingum eigi sér stað siðlaus millifærsla á málefnum eða hugsjónum, ef hann vill tala um hugsjónir í þessu sambandi.

Það sem auðvitað skiptir máli, herra forseti, í þessari umr., sem hér fer fram, og í umr. um meiri háttar mál á Alþingi þessa dagana er að úr því verði skorið hvenær kosið verður næst. Hv. formenn Alþb. og Framsfl., Svavar Gestsson og Steingrímur Hermannsson, hafa báðir lýst því yfir að þeir hafi viljað láta kosningar fara fram fyrir löngu, helst strax í haust, og þeir séu tilbúnir að láta kosningar fara fram hvenær sem er og helst sem allra fyrst. Nú er það svo, að samkv. íslenskum lögum er þingrofsréttur hjá forseta lýðveldisins, en það er forsrh. sem er handhafi þess réttar í raun. Það er þess vegna aðeins hæstv. forsrh. sem getur stöðu sinnar vegna lýst því yfir hvenær þing skuli rofið. Það hlýtur að vera eðlilegt í umr. um jafnveigamikið mál og hér er fjallað um, sem eru bráðabirgðaráðstafanir og duga aðeins um næstu vikur, að ætlast til þess að hæstv. forsrh. segi frá því í þessum umr., þegar hann tekur til máls hér á eftir, hvort hann sé samþykkur þeim yfirlýsingum sem formenn beggja stjórnarflokkanna hafa gefið í þessu máli. Ég veit reyndar að hæstv. forsrh. hefur sagt að kosningar geti farið fram um eða eftir sumarmál, ef ég man það rétt, en á þeirri yfirlýsingu, sem er æðiloðin, má þó skilja að svo kynni að fara að þetta gæti dregist á langinn. Jafnvel hefur stundum heyrst að hæstv. forsrh. kjósi að halda stjórninni á lífi, ef ég má nota það orð að halda dauðri stjórn á lífi, – við skulum kannske fremur segja: á floti. (**GJG:** Dauðri stjórn á lífi!) Það er varla hægt. Það er rétt ábending hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, sem lýsir því yfir hér að ekki sé hægt að halda dauðri stjórn á lífi. Það er athyglisverð yfirlýsing hv. þm., að hann skuli vera sammála mér um að þessi stjórn sé í raun dauð. En það er auðvitað hægt lögum samkv. eða stjórnarskránni samkv. að framlengja kjörtímabilið eða hafa kosningar ekki fyrr en í byrjun desember. Eftir slíkri yfirlýsingu er auðvitað beðið. Það væri vel til fundið á þessu máli, sem hefur verið til meðferðar á hv. Alþingi um langt skeið, að hæstv. forsrh. segði frá því skýrt og skorinort hvort hann sé sammála meðráðh. sínum varðandi þetta mál.

Það er alkunna, að sú hæstv. ríkisstj. sem nú situr hefur á undanförnum árum fylgt stefnu sem kennd hefur verið við niðurtalningu, niðurtalningarstefnu, en það var stefna sem stærri stjórnarflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, barðist fyrir fyrir síðustu kosningar og vann út á nokkurn sigur í þeim kosningum. Þessari stefnu var fylgt að þeirra sögn og er hægt að sanna það með tilvitnunum í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. þar sem byggt er á þessum hugmyndum, en einmitt í þeim sáttmála kemur skýrt fram að ætlunin var að telja niður verðbólguna, sem átti að gefa þá niðurstöðu, að á s. l. ári, árinu 1982, átti verðbólgan hér á landi að vera sú sama og í nágranna- og/eða viðskiptalöndum. Hefði þessi niðurtalningaraðferð skilað þeim árangri sem höfundar væntu væri verðbólga hér á landi innan við 10%, en þær tölur heyrast frá nágrannalöndum, bæði Bandaríkjunum og Bretlandi, að verðbólga þar hafi farið lækkandi að undanförnu og sé u. þ. b. 5%. (**GJG:** Atvinnuleysi hefur vaxið.) Það er rétt hjá hv. alþm. Guðmundi J. Guðmundssyni. Það er ágætt að hann skyldi minna mig á að atvinnuleysi hefur vaxið í þessum löndum, þó ekki í sama hlutfalli. En það er athygli vert hér á landi, að á sama tíma og við höldum úti óðaverðbólgu og verðbólga stefnir líkast til í 70 til 80% á yfirstandandi ári er mikil hætta á því að atvinnuleysi verði í landinu. Þá stendur íslenska þjóðin frammi fyrir tvöföldu vandamáli, óðaverðbólgu og fjöldaatvinnuleysi, en ekki aðeins öðru vandamálinu eins og hingað til. Þetta er ósköp eðlilegt vegna þess að það atvinnuleysi sem hér gæti skapast er afleiðing þeirrar óstjórnar sem m. a. hefur komið fram í óðaverðbólgu hér á landi.

Í framsöguræðu sinni, sem flutt var s. l. miðvikudag, fjallaði hæstv. forsrh. nokkuð um þau efnisatriði sem komu fram í máli manna við umr. um þingsköp, sem fóru fram sama dag. Benti hann ýmsum hv. alþm. á að eðlilegra væri að bera fram þær fsp. sem þá voru bornar fram í sjálfri umr. um brbl. Ekki efast ég um að jafnþingvanur maður og hæstv. forsrh. hafi rétt fyrir sér í þessum efnum, en um leið verð ég að telja að með þessari skoðun sinni hafi hann jafnframt fallist á að það sé eðlilegt að hæstv. frsm. svari þeim fsp. sem koma fram við 1. umr. um málið. Á undan mér hafa þeir hv. 1. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vestf. lagt fram miklar spurningar til hæstv. ráðh., þ. á m. hæstv. forsrh., og tel ég eðlilegt að hér á eftir svari hæstv. forsrh. þeim fsp.

Í þingskapaumr. á miðvikudaginn var kom fram sú beiðni, að hæstv. sjútvrh. legði þá þegar eða sem allra fyrst, ekki síðar en við 1. umr., fram brtt. um ráðstöfun gengismunar. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa brugðist við með viðeigandi hætti og lagt fram þá brtt., þótt ég sé ekki sammála efni þeirrar till.

Í öðru lagi var á það bent í þingskapaumr. á miðvikudaginn í síðustu viku, að hv. þm., sem hér er

staddur í salnum eins og heyra má á áhuga hans á ræðu þeirri sem nú er flutt, yrði að fá tækifæri til að lýsa skoðun sinni við 1. umr. á svokölluðum láglaunabótum, sem ákveðnar voru fyrir jólin og hafa valdið talsverðu fjaðrafoki, ef ekki miklu umtali, í þjóðfélaginu að undanförnu, og fær hann ugglaust tækifæri til þess síðar í þessari umr.

Loks var það mjög áberandi í umr. sem fór fram um þingsköp á miðvikudaginn var að menn lögðu áherslu á að hæstv. ríkisstj. gerði Alþingi grein fyrir því hvort ekki ætti að leggja fram svo kölluð fylgifrv. áður en endanleg afgreiðsla brbl. yrði á Alþingi. Þar er auðvitað fyrst og fremst átt við það frv. sem ríkisstj. lofaði að leggja fram og samningar tókust um á milli stjórnarflokkanna í ágústmánuði, þ. e. um nýtt verðbótakerfi eða viðmiðunarreglur sem svo hafa verið kallaðar, en þá er gengið út frá því sem segir í 1. lið yfirlýsingar ríkisstj., sem er fskj. með frv. og er dagsett 21. ágúst 1982, og ég les hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkv. nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. des. 1982."

Í þessum texta segir skorinort að tekið verði upp nýtt viðmiðunarkerfi og ekkert loforð er gefið um að það samráð sem talað er um við aðila vinnumarkaðarins skuli breyta niðurstöðum eða hafa veruleg áhrif á þær niðurstöður sem virtust vera, því að í þessari 1. gr. er bent á að hliðsjón skuli höfð af hugmyndum viðræðunefndar sem þá þegar lágu fyrir. En það sem hins vegar má deila um er hvað það þýðir þegar stendur í slíkum texta: eftir 1. des. 1982. Allir dagar eftir 1. des. 1982 gætu þar komið til greina og engin leið er að sjá í þessum texta hvenær eigi að byrja á þessu. En þó held ég að flestir Íslendingar, ef ekki allir, skilji þennan texta svo, að kerfið hefði átt að taka upp frá 1. des. s. l. Nú óska ég eindregið eftir því, að hæstv. forsrh. geri hv. Alþingi grein fyrir því hvað hafi átt að felast í þessum texta, í fyrsta lagi hvort hæstv. ríkisstj. hafi ekki náð samkomulagi um þetta mál s. l. sumar í ágústmánuði, hvort einhver breyting hafi orðið á slíku samkomulagi sem hafi tafið framlagningu málsins og hvort ástæða sé til að ætla að hæstv. forsrh. leggi nú áherslu á að mál þetta, sem hér er til umr. verði afgreitt án þess að viðmiðunarfrv. sjái dagsins ljós. Það hefur heyrst og sést í blöðum að Alþb.-menn hafi gengið gegn samþykkt sem gerð hafi verið í ríkisstj. á sínum tíma. Sé það rétt hlýtur hæstv. forsrh. að skýra frá því, svo mikilvægt sem þetta mál er ef menn ætla að ná tökum á vandamálum sem skapast vegna verðbótakerfisins.

Það er fjölmargt annað, sem kemur fram í yfirlýsingu ríkisstj. frá því í sumar, sem ástæða væri til að fjalla verulega um. Það kemur t. d. fram í þessari yfirlýsingu, að meginmarkmið ríkisstj. með setningu brbl. hafi verið fjögur.

Í fyrsta lagi skyldi draga úr viðskiptahallanum þannig að á næstu tveimur árum, þ. e. 1983 og 1984, megi ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd. Nú er það ljóst, að viðskiptahallinn á síðasta ári er líklega á milli 11 og 12% af þjóðarframleiðslunni og líkur eru á að viðskiptahallinn á yfirstandandi ári verði að minnsta kosti 8% nema til komi aðrar aðgerðir en þær sem þegar hefur verið lýst og þegar hefur verið gripið til. Ég fæ ekki séð að þessar bráðabirgðaráðstafanir, þessi brbl., geti með nokkru móti náð tilgangi sínum. Þvert á móti virðast vera líkur til þess að viðskiptahallinn verði áfram, en viðskiptahalli þýðir það í raun að skuldir erlendis aukast og má búast við því, ef fram heldur sem horfir, að skuldir íslensku þjóðarinnar erlendis verði 55%, ef ekki meira, af þjóðarframleiðslunni á yfirstandandi ári. Vissulega ber að taka tillit til þess í þessu sambandi að þetta hlutfall hækkar meðal annars vegna þess að gert er ráð fyrir samdrætti þjóðarframleiðslunnar, en það er af þeim stofni sem reiknað er.

Í öðru lagi ætlaðist hæstv. ríkisstj. til þess að undirstöður atvinnulífsins treystust með þeim aðgerðum sem gripið var til í sumar. Þar segir jafnframt, að þær séu gerðar til þess að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarinnar. Og ég spyr: Er líklegt að það fylgifrv., sem samþykkt var síðustu dagana fyrir jól um breytingar á orlofslögunum, auki framleiðslugetu þjóðarbúsins og framleiðni þegar það er upplýst að ráðuneytisstjóri fjmrn. hefur sagt að ríkið þurfi að ráða milli 230 og 240 starfsmenn til viðbótar ef halda á úti sömu þjónustu og starfsemi og ríkið stendur fyrir nú? Auðvitað gildir nákvæmlega sama um aðra atvinnustarfsemi í landinu, um þá atvinnuvegi sem standa undir allri starfsemi í landinu.

Í þriðja lagi var sagt að verja ætti lægstu laun. Það var gert með svokölluðum láglaunabótum sem alkunna er.

Í fjórða lagi skyldi veita viðnám gegn verðbólgu, sem nú er gert ráð fyrir að verði á milli 60 og 80%, svo að ég vitni beint til forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem flutti erindi litlu fyrir jól, en gert er ráð fyrir að verðbólgan fari í 75% á þessu ári, verði ekki frekar að gert.

M. ö. o.: öll fjögur meginmarkmið ríkisstj. hafa brugðist. Það er kannske ekkert við því að segja og helstu rökin gegn þessu sjónarmiði mínu eru e. t. v. þau, að ef þetta hefði ekki verið gert hefði verðbólgan orðið enn meiri. En ég spyr á móti: Sætta menn sig við 75% verðbólgu og atvinnuleysi eða ber þeim stjórnvöldum sem að slíku standa að segja af sér og efna til kosninga? Þetta er auðvitað spurning um siðferðilegt mat, en um leið pólitískt, en á þessu ber að vekja athygli.

Það mætti fara mörgum orðum um alla þá töluliði sem koma fram í yfirlýsingu ríkisstj. Þar er m. a. sagt að undirbúið verði sérstakt átak í markaðs- og sölumálum íslenskra afurða erlendis. Það er eðlilegt að spurt sé hvernig að þessu hafi verið staðið. Þar segir að aukin áhersla verði lögð á sparnað og spornað við útþenslu í opinberum rekstri. Hvernig var að því staðið? Var það gert með afgreiðslu síðustu fjárlaga? Ekki fæ ég séð að svo hafi verið því að í þeim fjárlögum var beinlínis gert ráð fyrir að rekstrarútgjöldin, eyðsluútgjöldin, héldu áfram að vaxa, en niðurskurðurinn bitnaði fyrst og fremst á framkvæmdum. – Í þessu sambandi er kannske hægt að skjóta því að, að enn hefur lánsfjárlagafrv. ekki séð dagsins ljós. Ber þó hæstv. ríkisstj. lagaskylda að láta lánsfjárlagafrv. fylgja fjárlögum hverju sinni og því var lofað í nóvember að lánsfjárlagafrv. yrði lagt fram á Alþingi „á næstu vikum".

Í yfirlýsingu ríkisstj. er talað um starfsskilyrði atvinnuveganna. Auðvitað þarf hv. Alþingi að kjósa nefnd til þess að fara í þetta mál. Þar er talað um í fimmtánda lagi, í yfirlýsingunni, að unnið verði að því

að samræma aðstöðugjald á atvinnurekstur. Þar er minnst á Byggingarsjóð ríkisins, þær 85 millj. sem teknar voru með aukinni skattheimtu til þess að vinna að litlu, en þó nokkru, upp á móti því þegar ríkissjóður tók til sín meginþorra af þeim tekjum sem fást vegna launaskatts, en launaskattur var auðvitað fundinn upp á sínum tíma til að standa undir fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins. Og í sautjánda lagi segir í yfirlýsingunni, að ríkissjóður muni efna til viðræðna við viðskiptabanka og sparisjóði um lengingu lána til atvinnuvega og húsbyggjenda. Hvar stendur þetta mál?

Auðvitað hljótum við við 1. umr. málsins að eiga heimtingu á því hér á hv. Alþingi að frá því sé sagt hvar þessi mál standi öll. Þó mun ég ekki frekar fjalla um það, ekki gefst færi til þess að sinni, en svona mætti halda áfram um flestalla þá liði, tuttugu og einn að tölu, sem þarna er um að ræða, að undanskildum þó 21. lið, sem fjallar um orlof, sem átti að breytast eftir samráð við aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekendur og launþega. Það er einmitt slíkt samráð sem oft er skálkaskjól hjá okkur og okkar stjórnvöldum.

Ég mun ekki heldur, þótt fyllsta ástæða væri til, – ég get gert það með öðrum hætti, með því að leggja fram fsp., – spyrjast fyrir um það hvað hafi orðið um svipaðar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. sem lagðar voru fram með bráðabirgða aðgerðum sem efnt var til um áramótin 1980 og 1981. Þar var fullt af yfirlýsingum, en þær hafa horfið í tímans rás. Með sama hætti mætti líka spyrja um fjölmörg önnur atriði sem komu fram í efnahagsskýrslu ríkisstj. í janúar á s. l. ári, en það var einmitt um það leyti sem hæstv. ríkisstjórn gafst upp í slagnum við verðbólguna og ákvað að sitja þótt hún gæti ekki neinu stjórnað.

Herra forseti. Þeir sem hafa talað á undan mér í þessu máli hafa gert mjög ítarlega grein fyrir sjónarmiðum stjórnarandstöðuflokkanna til þessa máls. Reyndar er þetta mál búið að vera svo lengi í meðförum Alþingis að flestir eru nokkuð klárir á því að þær ráðstafanir sem efnt var til með þessum brbl. hafa ekki náð markmiðum sínum nema að mjög litlu leyti. Það kemur í ljós þegar ástand mála er skoðað, að viðskiptahallinn var 11–12% á s. l. ári, eins og ég hef áður sagt, og svo kann að fara að hann nemi um 3000 millj. kr. á yfirstandandi ári. Það er jafnframt ljóst að langvarandi taprekstur undirstöðugreinanna hefur orðið hér á landi, jafnvel í besta árferði eins og var hér á árunum 1980 og 1981, og það hefur ekki verið reynt að ná árangri með raunhæfum hætti í þeim efnum. Það hefur jafnframt komið fram að heildarsparnaður þjóðarinnr hefur minnkað verulega að undanförnu, fjárfesting í atvinnuvegunum hefur dregist saman, efnt hefur verið til stórkostlegra skattahækkana, þannig að annað eins hefur ekki þekkst hér á landi, mikill samdráttur hefur orðið í þjóðarframleiðslu og þess vegna hafa lífskjörin versnað, því auðvitað verða lífskjör ekki til í kjarasamningum heldur með því að verðmæti skapist hjá atvinnuvegunum, og loks stefnir í enn nýtt Íslandsmetið í verðbólgunni.

Það er því alveg sýnt að þessi kaupskerðingar- og skattalækkunarlög, sem hæstv. ríkisstj. setti í sumar, eru lög sem fyllsta ástæða er til að standa gegn á hv. Alþingi, þó ekki væri nema til þess eins að sú hæstv. ríkisstj. sem nú situr fari frá og kosningar geti orðið sem allra fyrst.

Að allra síðustu langar mig til þess að minnast á þá brtt. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram og fjallar um breytingu á 4. gr. brbl. Í því sambandi er gert ráð fyrir að stórum hærri upphæð en sagt var frá á s. l. sumri eigi að renna til þeirra ráðstafana sem þar getur um. Hv. síðasti ræðumaður gerði þetta nokkuð að umtalsefni og óskaði eftir því að hæstv. sjútvrh. skýrði með hverjum hætti þessi nýja tala væri komin til og hvernig þessar 80 til 90 millj., ef ég man rétt, ættu sér skýringu. Ég held að hér sé á ferðinni það, að nú eigi að taka gengismun af þeim birgðum skreiðar sem eru til í landinu. Það er verið að gera ráð fyrir, en sú vara liggur geymd með miklum kostnaði fyrir þá sem hafa lagt út fyrir þessari vöru, sem eru skreiðarverkendur í landinu, að taka gengismun þegar þeir, sem enginn veit hvenær verður, losa sig við þá vöru. Gegn þessu hljótum við að standa og munum standa því hér er um það að ræða að enginn veit hvað fæst fyrir þessa vöru, enginn veit hvenær hún verður seld og enginn veit hvenær hún verður greidd. Það hlýtur þess vegna að vera eðlilegt að þeir sem geyma skreiðina fái að njóta svokallaðs gengishagnaðar þegar að því kemur. Ég er viss um að hæstv. sjútvrh. hefur fengið tækifæri til að ganga um t. d. hjá vestfirskum skreiðarframleiðendum, t. d. Íshúsfélagi Ísfirðinga, fengið að ganga þar upp á hæðina hjá ágætum vini sínum og skoða þær birgðir sem þar liggja sem enginn veit hvenær viðkomandi losnar við. Er eðlilegt að það sé fyrir fram verið að taka upp þessar eignir?

Herra forseti. Það hefði verið fyllsta ástæða til þess að lesa hér upp úr Fjármálatíðindum, úr grein sem Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, sem er nú einskonar gjaldeyrisgjaldkeri þjóðarinnar, skrifar og er einskonar grafskrift eða minningargrein um þessa ríkisstjórn, en vegna þess hve tíminn hefur hlaupið frá okkur í dag og við teljum ekki ástæðu til að lengja þessar umr. mun ég ljúka máli mínu. Það er hins vegar fyllsta ástæða til þess að menn fái góðan tíma til að kanna þessi mál, en ekki sé tafið við langar umr. En ég vil benda hv. þm. á þessa grein því þar kemur fram með mjög glöggum hætti, eins og höfundur er þekktur fyrir, hvers vegna þessari hæstv. ríkisstj. hefur mistekist stjórn efnahagsmálanna.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir og einnig síðasti ræðumaður gerðu ætlanir um gengismun að nokkru umræðuefni. Þessar áætlanir eru fengnar frá Seðlabanka Íslands. Þegar gengi var fellt 21. ágúst mun Þjóðhagsstofnun hafa aflað umbeðinna upplýsinga um gengismun og áætlað þá, samkv. upplýsingum um birgðir sem hún fékk frá framleiðendum, að gengismunur yrði samtals um 140 millj. Þessa áætlun endurskoðaði Seðlabankinn í desember og áætlaði þá, eins og ég sagði áðan, að gengismunur yrði 231 millj.

Nú hefur Seðlabankinn farið vandlega í þessar tölur og ég er hér með áætlun frá 20. þ. m. Þar segir: „Samtals inngreiddur gengismunur 20. jan. ásamt vöxtum fyrir árið 1982 123 millj. 500 þús.“ Það er að sjálfsögðu af öllum greinum, frystum fiski, saltfiski og skreið. „Áætlaður óinnkominn: 1. Freðfiskur frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 20 millj., frá Sambandi ísl. samvinnufélaga 5 millj., eða samtals 25 millj. 2. Saltfiskur samkv. upplýsingum frá SÍF 6 millj. 3. Skreið samkv. upplýsingum frá skreiðarútflytjendum 54 millj. Samtals óinnkomið 85 millj.“ Síðan segir: „Samtals áætlaður gengismunur 208 millj. 500 þús.“ Þetta er sem

sagt nokkru lægra en áætlað hafði verið í desember.

Nú er spurt: Hvernig stendur á svona mismun? Það er ágætis spurning. Ég kann nú eiginlega ekki svör við henni önnur en þau, að upplýsinga var aflað í allmiklum flýti 21. ágúst og þessar stofnanir segja mér að þá hafi gengið erfiðlega að fá á skömmum tíma nákvæmar upplýsingar um hve miklar birgðir væru til í landinu. Síðan hefur það að sjálfsögðu skýrst mjög.

Vegna þess sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði um gengismun af skreið vil ég vekja athygli hans á því, að brtt. mín breytir engu um það að brbl. gera ráð fyrir að gengismunur sé tekinn af skreið. Brtt. mín breytir aðeins því hvernig ráðstafað er þeim gengismun sem inn kemur. Ég er hins vegar mjög ósammála honum um það sem hann sagði um skreiðina. Ég bið hv. þm. að fletta upp í Morgunblaðinu frá s. l. hausti. Þá birtist ákaflega athyglisverð grein eftir reikningsglöggan mann í því virta blaði. Hann vakti athygli á því að besta fjárfestingin á Íslandi í dag væri að eiga skreið, því að skreiðarbirgðirnar hafa verið á 29% vöxtum og síðan á 33% þegar hún selst. Það er að vísu nokkur áhætta eins og í margs konar fjárfestingu. **(Gripið fram í:** Þekkir ráðh. einhvern sem vildi fjárfesta í skreið?) Ég þekki marga sem eiga fjármagn í skreið. Ég þekki marga sem hafa efni á að geyma fjármagn sitt í skreið og horfa til þess tíma þegar hún fer úr landi eftir svona gífurlega mikla breytingu á dollaranum. Ég held að hv. þm. mættu fletta upp í þessari grein í viðkomandi blaði.

Hitt er svo annað mál, að það eru margir sem ekki hafa efni á því að festa fjármagn sitt í skreiðinni, því þeir fá ekki nema hluta að láni. Þetta hefur að sjálfsögðu valdið mörgum fyrirtækjum verulegum greiðsluerfiðleikum á meðan þau eiga fjármagn sitt bundið í skreiðinni. Það er alveg rétt. Þetta tengist þeirri peningamálastefnu sem fylgt hefur verið í bönkum. Það hefur verið lögð áhersla á að draga verulegt fjármagn inn og með því reynt að draga úr þeirri þenslu sem verið hefur í þjóðfélaginu. En þeir sem hafa efni á að geyma fjármagn sitt í skreiðinni, sagði viðkomandi lærður viðskiptafræðingur í Morgunblaðinu, þeir fjárfesta mjög vel. **(Gripið fram í:** Hann er nýkominn úr skóla.) Ég er viss um að hv. þm. mundi feginn þiggja lán með 29% vöxtum ef hann fengi það svo endurgreitt með 101%. Jafnvel þó hann sé ekki nýkominn úr skóla veit ég að hann skilur það.

Hafa menn ekki talað um að afurðalánin væru ákaflega hagkvæm í þessari breytingu sem verður á okkar gjaldmiðli? **(Gripið fram í:** Væri ekki nær að breyta því?) Það má vera, en það er allt annað mál. Ég er bara að tala um staðreyndina, sem hefur verið, að afurðalánin hafa verið 29% á sama tíma og dollarinn hefur breyst um yfir 100%. Það sem er selt í dollurum og fjármagnað með afurðalánum á 29% vöxtum, að vísu eru viðbótarlánin aðeins hærri, held ég að sé óhjákvæmilega góð fjárfesting ef maðurinn getur ráðið við þau 30 eða 40% sem hann þarf sjálfur að hafa þennan tíma í viðkomandi birgðum.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að út af fyrir sig breytir brtt. mín engu um þetta. Ég vona að hv. þm. sé mér a. m. k. sammála um það. Hvort skreiðarframleiðendur hafa efni á að borga þetta eða ekki, um það má deila. Þeir borga þetta ekki fyrr en varan fer úr landi, þeir borga ekki fyrr en þeir fá hana greidda í dollurum og þeim er breytt í íslenskar krónur, þannig að ég sé ekki að verið sé út af fyrir sig að skattleggja þá, eins og hér hefur verið haldið fram.

Ég vek athygli á því að gengi var breytt það mikið 21. ágúst að talið var eðlilegt að taka gengismun af birgðum. Gengi var breytt minna núna við gengisfellinguna í upphafi ársins, m. a. með tilliti til þess að taka ekki gengismun. Í raun og veru má segja að þetta tvennt helst nokkuð í hendur. Þetta er bætt með þeirri gengisfellingu sem ákveðin var.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði um skýrslu sem ég nefndi hér áðan, skýrslu nefndar um vandamál útgerðarinnar, og furðaði sig á að slík skýrsla skuli ekki birt svo að menn gætu gert sér grein fyrir því hvernig fjármagni er ráðstafað. Skýrsla þessi inniheldur trúnaðarmál viðkomandi fyrirtækja og upplýsingarnar eru fengnar á þeirri forsendu. Því er ekki heimilt að birta skýrsluna almenningi. Hins vegar legg ég á það áherslu að bæði sú nefnd sem fjallað hefur um þessi mál og stjórn Framkvæmdastofnunar og reyndar fleiri athuga að sjálfsögðu mjög vandlega þær upplýsingar sem þarna koma fram. Það er misskilningur hjá hv. þm. að fé sé ausið í þessi fyrirtæki án margs konar skilyrða. T. d. er athugað hvort eigið fé viðkomandi fyrirtækja sé nægjanlegt og þá í mjög mörgum ef ekki flestum tilfellum sett það skilyrði að eigið fé fyrirtækjanna sé aukið. Í mörgum tilfellum er sett skilyrði um aukna hagræðingu, ef ákveðnir liðir í rekstrinum eru taldir óeðlilegir, o. s. frv.

Þetta er nákvæmlega það sama og við höfum gert ár eftir ár, þegar nefndir sérfræðinga hafa kannað einstök fyrirtæki og gert tillögur um breytingar til hagræðingar í rekstri. Slíkar tillögur hafa iðulega verið tengdar loforði um lán, enda verði þetta framkvæmt.

Ég er hér með aðra skýrslu, sem fjallar um slíka framkvæmd 1978 og 1979 og má segja að væri unnin á grundvelli úttektar þriggja manna nefndar, sem þáv. hæstv. sjútvrh. Kjartan Jóhannsson skipaði, og vann raunar á nákvæmlega sama máta.

Ég vona að ég hafi svarað þessum tveim spurningum.

Forseti (Alexander Stefánsson): Eins og kom fram í upphafi þessa fundar varð samkomulag um það að reyna að ljúka umr. núna til þess að þurfa ekki að hafa frekari kvöldfund. Ég vona að hv. þm styðji forseta í þeirri viðleitni til þess að ekki þurfi að boða nýjan fund seinna í kvöld.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum sem forseti bar fram hér áðan. En mig langar til, í framhaldi af því sem hæstv. sjútvrh. sagði varðandi brtt. þá sem hann hefur flutt og greinargerð hans áðan um gengishagnað, upptöku gengishagnaðar samkv. því frv. sem hér er til umr., að vekja athygli á einu. Eins og hæstv. ráðh. sagði eru það 54 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að komi inn vegna gengishagnaðar af skreið, þ. e. 6.5%. Væri nú ekki skynsamlegra að falla frá því að greiða í gengismunarsjóð þessa upphæð af skreiðarbirgðum, sem í landinu eru frá 1982, og að þeir aðilar sem eiga skreiðina fái það fjármagn og ríkisstj. aðstoði þá og láni þeim út á skreiðarbirgðirnar á meðan þær fara ekki úr landi? Ég held að þetta væri mun skynsamlegra og ég er sannfærður um að þetta mundi leysa vanda fjölmargra fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum í dag og hæstv. ráðh.

ber fyrir brjósti. Þau mundu fá með þessu móti töluvert mikið fjármagn nú og gætu leyst úr aðsteðjandi vanda á eigin spýtur.

Ég vek athygli ráðh. á því að hjá keppinautum okkar á skreiðarmörkuðunum, Norðmönnum, hefur ríkisstj. beitt sér fyrir sérstakri sjóðmyndun til þess að tryggja útflytjendum skreiðar að þeir fái það verð sem reiknað hefur verið með fyrir skreiðarframleiðslu og með því móti hvatt þá til að halda skreiðarframleiðslu áfram.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um þetta frv. og ég hef óskað eftir greinargerð um þessi mál þar á fundi, en ég vildi varpa þeirri hugmynd fram til ráðh. hvort þetta væri ekki skynsamlegri leið heldur en að taka gengishagnað og færa hann til Byggðasjóðs til þess að úthluta þar e. t. v. eftir allt öðrum sjónarmiðum en þeir stofnfjársjóðir gera sem eru í eigu þeirra aðila sem fiskvinnslu og útgerð stunda.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef áður úr þessum virðulega ræðustól sagt álit mitt á þeim bráðabirgðaráðstöfunum sem gerðar voru í sumar og hefðu átt að koma hér á dagskrá þá, svo að ég skal reyna að verða stuttorður. Það er öllum landsmönnum ljóst nú að þessar ráðstafanir eru alls ekki á einn eða annan hátt tengdar baráttu gegn verðbólgu. Þær eru verðbólguhvetjandi. Ég veit ekki hvort ég átti að heyra í hv. formanni fjh.- og viðskn., en úr því að ég heyrði til hans þegar ég sagði að ráðstafanirnar væru verðbólguhvetjandi fremur en hitt, þá vildi ég gjarnan að hann kæmi hér upp sem fagmaður á því sviði og útskýrði hvað hækkanir á vörugjöldum, viðbótarvöruflokkar í vörugjaldstekjum til ríkissjóðs, þýði þegar ríkisstj. gerir sparnaðarráðstafanir fyrir sjálfa sig með niðurskurði á vísitölu. (**HÁ:** Það er nefndarfundur í fyrramálið.) Það er nefndarfundur í fyrramálið, já. Þess vegna bjóst ég við að við gætum talað saman þar en ekki hér.

Allar þær ráðstafanir sem felast í þessu baráttutæki ríkisstj. sem efnahagsfrv. er eru verðbólguhvetjandi. Og ég get ekki með nokkru móti séð að þegar tekið er af gengismun frá birgðaeigendum útflutningsafurða þjóðarinnar séu þeir jafn vel settir og áður. Það er langt frá því. Það er ofvaxið mínum skilningi, jafnvel þótt hæstv. sjútvrh. vilji fá mig til að skilja það, að þeir séu vel settir með þetta fjármagn í útflutningsafurðum, sem ekki eru í augnablikinu seljanlegar, liggja hér á þungum geymslukostnaði með þunga fjárfestingu frá bönkum, sem ekki þora að fjárfesta í afurðunum, vegna þess að þetta eru keðjuverkandi áhrif, eins og t. d. þegar Seðlabankinn neyðir viðskiptabankana, sem fjármagna afurðirnar á lager, til þess að taka fleiri hundruð prósent dýrari lán í Seðlabankanum.

Það er kannske eitt til viðbótar, sem hv. formaður fjh.- og viðskn., formaður bankaráðs Seðlabankans telur líkast til arðbært eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh., en ég get ekki skilið. Ég vildi gjarnan fá skýringu á svari hans til mín, þegar ég greip fram í áðan, ef hann má vera að því að hlusta. (Gripið fram í.) Gott. Hann talaði um að það væru fleiri krónur sem fengjust væntanlega einhvern tíma þegar skreiðin seldist. Fleiri krónur, mikið rétt, en það eru verðlausari krónur. Halda menn virkilega, heldur hæstv. sjútvrh. að fyrir þær krónur fáist sama magn af skreið til að selja aftur seinna? Þetta gengur á verðmæti eigenda sjávarútflutningsafurða að sjálfsögðu. Það þýðir ekki að tala hér eins og verið sé að tala við nýútskrifaða viðskiptafræðinga. Kaupmátturinn er alls ekki hinn sami. Og þá er búið að draga frá gengismun og það er búinn að hlaðast á vöruna aukakostnaður í geymslu, það er búið að hlaðast á hana fjármögnunarkostnaður, þannig að jafnvel þótt dollarinn hafi hækkað um 100% á árinu, þá dugar það bara ekki til til að standa undir öllum kostnaði, þrátt fyrir niðurgreiðslu á fjármagni, miðað við það sem Seðlabankinn tekur af viðskiptabönkunum.

Það er talað um að auka eigið fé fyrirtækjanna. Hvernig þá? Halda menn að það sé álitið arðbært að leggja hlutafé í fyrirtæki sem tapa fé linnulaust, ár eftir ár? Hvaðan á þetta nýja fé að koma? Það næst ekki nema ágóðinn komi af starfseminni sjálfri, en til þess er ekkert svigrúm eins og efnahagsástand þjóðarinnar er í dag. Það er ekkert svigrúm fyrir fyrirtæki, hvort sem þau eru í útflutningi eða ekki — og kannske ennþá síður ef þau stunda útflutning, til að reka fyrirtækin eins og þarf til að þau skili ágóða. Það er ekki nokkur möguleiki á því. Það er hrein sjálfsblekking ef menn halda að einstaklingar fáist til að leggja nýtt fé í slíkan rekstur sem sjávarútvegurinn er orðinn. Það eru bara framlög til taprekstrar.

Ég segi fyrir mína parta að mér er ekki nokkur leið að skilja þá ráðstöfun ríkisstj. að leggja skatt á þann atvinnuveg sem á að fara að styrkja. Að leggja skatt á styrkþegann og styrkþeginn er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Þetta er alveg furðulegt fyrirtæki. Það er það, það er alveg furðulegt fyrirtæki. Ég get ekki með nokkru móti skilið að blankur einstaklingur geti tekið lán hjá sjálfum sér til þess að halda áfram að fjármagna sínar þarfir. Það get ég ekki skilið. Ég held að það verði að staldra við og athuga hvert við stefnum í þessu máli, og í lánamálum og peningamálum þjóðarinnar í heild, því að þetta er allt keðjuverkandi. Við erum á villigötum eins og er.

Forseti (Alexander Stefánsson): Ég verð að biðja hv. þdm. afsökunar á að ég tók það sem orðinn hlut að hægt væri að ljúka þessum umr. núna án þess að hafa framhaldsfund í kvöld. Ég vona enn að svo geti orðið.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og réttilega hefur komið fram hjá hæstv. forseta er gert ráð fyrir að ljúka 1. umr. á þessum fundi þannig að ekki þurfi að boða til kvöldfundar sérstaklega. Það er meðfram af því við höfum tekið tillit til þess að við höfum stillt okkar málflutning mjög í hóf og orðið að sleppa mjög mörgu því sem vissulega hefði verið ástæða til að fjalla um. Við ætlumst þá auðvitað til þess að nefndin fjalli um þetta. En það kemur mér stórkostlega á óvart, eftir að hafa varpað hér fram nokkrum fsp. um veigamikil atriði, gert það ásamt hv. þm. Geir Hallgrímssyni og Sighvati Björgvinssyni, að ekki skuli koma eitt einasta svar frá hv. frsm. í þessu máli.

Þegar hæstv. forsrh. flutti sína framsöguræðu sagði hann, með leyfi forseta:

„Hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, undraðist það mjög að hann hefði ekki fengið svör við fsp. sem hann bar fram til ráðh. Ég vil bara benda á það, að þær fsp. sem hann bar fram til okkar heyra undir efnisumr. um það mál sem nú er til umr." — Ég skýt því hér inn að þessum fsp. var beint til hæstv. ráðh. í þingskapaumr. Held ég áfram lestrinum: „Hitt er náttúrlega hrein

fjarstæða og sýnir að eitthvað á hv. þm. enn ólært í þingvenjum og þingsköpum. Það er ákaflega óeðlilegt ef við færum að ræða utan dagskrár um þau atriði eða svara fsp. um þau atriði sem heyra alveg beinlínis undir það mál sem er á dagskrá og er nú komið til dagskrár, en sem þessir hv. þm. hafa verið að tefja nú með málþófi.“

Nú stendur þannig á, að við höfum fallist á að flýta þessum umr. í dag. Ég hélt satt að segja að hæstv. ráðh. hefði með þessum ummælum sínum á síðasta fundi á miðvikudaginn var verið að segja að þetta heyrði undir efnisumr. málsins og hann hlyti þá að koma hér upp og taka þátt í þeim umr. og svara þeim fsp. sem yrðu til þegar þetta mál kæmi til umr. Ég var svo einfaldur, svo — hvað er það nú kallað — lítt þingvanur og þekkti svo lítið þingsköp. Það má vera að það sé ástæða þess að ég spyr svona barnalega, en ég ætlast þá til þess af mönnum, sem hafa setið hér áralangt og um áratuga skeið, að þeir skýri út hvað felst í slíkum ummælum.

Þetta mál er þannig vaxið, að í því eru fjölmörg atriði sem við vissulega vildum fá svör við. Ég skal bara taka eitt einasta mál út úr og það varðar verðbótakerfið. Ég þarf ekki að endurtaka spurninguna. Þær hafa komið fram frá fjölmörgum aðilum við þessa umr. En mér finnst vera full ástæða til að spyrja og ítreka þá spurningu, hvar það mál standi o. s. frv. Gerist það ekki ætlast ég til þess af hv. nm. í fjh.- og viðskn. að þeir taki þetta mál til vandlegrar íhugunar og gefi sér góðan tíma til að kynna sér og leita að því hvar þetta mál er statt.

Herra forseti. Ég tek fullt tillit til þeirra óska að ekki verði hér kvöldfundur. En mér fannst nauðsynlegt vegna þeirra ummæla sem féllu hér við framsöguræðu í þessu máli að biðja um að þau yrðu skýrð í ljósi þess að nú hafa fsp. komið þegar efnisumr. fór fram um þetta mál.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og hæstv. forseti hefur skýrt frá var það samkomulag að ljúka þessari umr. um sjöleytið. Hv. þm. sem nú talaði, Friðrik Sophussyni, var vel kunnugt um það samkomulag, en hann átti sinn verulega þátt í því að sprengja þetta samkomulag vegna þess að hann talaði sjálfur óvenjulangt mál. Mest af því sem hann sagði var endurtekningar á því sem hann hafði ýmist áður sagt eða aðrir hér í umr. Klukkan var farin að ganga átta þegar honum loksins þóknaðist að ljúka sínu máli. Þetta tek ég fram þegar hann leyfir sér að koma hér með ásakanir í minn garð fyrir að ég svari ekki fsp. Ég benti honum á það um daginn, að það væri ekki rétt að bera fram efnislegar fsp. um málið utan dagskrár, tefja sem sagt að sjálft aðalmálið kæmi til umr. og þylja upp fsp., sem snerta málið sjálft, utan dagskrár.

Varðandi þær fyrirspurnir sem hér hafa verið bornar fram hafa þær flestar efnislega verið til hæstv. sjútvrh. Hann hefur svarað þeim ítarlega og síður en svo að ástæða sé til að kvarta yfir því. Það er engin ástæða til þess að ég sé að rísa upp líka og svara sömu fyrirspurnum og endurtaka það sem annar ráðh., sem mál að þessu leyti heyrir undir, hefur sagt.

Hins vegar er það eitt sem er þráhyggja hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni. Það er 1. liður í yfirlýsingunni sem fylgdi brbl. frá því í ágústmánuði, — og hér hafa komið fram nokkrar fsp. í sambandi við framkvæmd á þessum 21 lið sem talinn er upp í yfirlýsingunni. Vitanlega kemur ýmislegt af þessu til umr. í n. sem fjallar um málið og ég vil vissulega áskilja mér rétt til þess að tala við 2. og jafnvel 3. umr. málsins og skýra ýmis þau atriði. Hins vegar dettur mér ekki í hug að fara hér að gefa ítarlega skýrslu um hvar hver þessara 21 liða stendur í þessum umr., sem þegar eru búnar, m. a. fyrir tilverknað þessa hv. þm., að standa lengur en um var talað og um samið.

Ég skal hins vegar taka það fram strax, og það segir í þessari yfirlýsingu, að auk þeirra aðgerða sem ákveðnar hafa verið með brbl. hefur ríkisstj. ákveðið að standa að eftirfarandi — og síðan kemur 21 liður. Þeir sem lesa yfir þessa liði sjá ósköp vel að sumir þessara liða hafa þegar verið framkvæmdir. Sumir þessara liða eru langtímaáætlun sem þegar er einnig unnið að.

Að því er snertir 1. liðinn, þá er hann á þá leið að að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. s. frv. Að þessu hefur verið unnið. Þetta er auðvitað eitt af erfiðustu og viðkvæmustu vandamálum sem þjóðin á við að glíma. Það sem hér er um að ræða eru ekki bráðabirgðaráðstafanir, heldur aðgerðir sem gætu orðið til frambúðar. Þess vegna má ekki heldur hrapa að neinu í því efni.

Eins og kemur fram í þessari yfirlýsingu er einnig í samræmi við grundvallarstefnu ríkisstj., sem hún hefur fylgt í þessu í nær þrjú ár sem hún hefur starfað, gert ráð fyrir samráði við aðila vinnumarkaðarins. Í þeim aðgerðum sem hingað til hafa verið gerðar varðandi efnahagsmál hefur verið lögð á það áhersla að hafa samráð við verkalýðssamtökin og að gera ekki neitt sem væri beinlínis í andstöðu við þau, — ekki þannig að þau eða forusta þeirra samþykktu endilega það sem gert hefur verið, en a. m. k. að þau vildu ljá eyra þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Vil ég sérstaklega nefna hér tvö dæmi þessa efnis. Það sem gert var í ársbyrjun 1981 og svo aftur í ágústmánuði s. l.

Í sambandi við breytingu á viðmiðunarkerfinu er þetta auðvitað ákaflega mikilvægt atriði. Ég geri ráð fyrir að áður en langt um líður láti ríkisstj. taka saman grg. um hvað gert hefur verið varðandi þennan 21 lið, en ég hef hins vegar tekið fram að sumt er í vinnslu, sumt er þegar komið í framkvæmd.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. greindi hér frá samkomulagi sem gert hefði verið um að umr. lyki hér fyrir ákveðinn tíma. Ég vil aðeins fara fram á, þið einstaklingar hér í þessu háa húsi sem stöðugt hafið mannasiði á vör, að það gildi þá jafnt um þá sem hér eru. Ég undirstrika að ég hef ekki verið aðili að neinu slíku samkomulagi.

Forseti (Alexander Stefánsson): Út af síðustu orðum. Ég tók skýrt fram í dag að það yrði kvöldfundur, en áður en fundur hófst kl. 6 komu þm. til mín og tilkynntu mér að ekki yrði þörf á að framlengja fundinn vegna þess að þeir sem hefðu beðið um orðið mundu stytta mál sitt og fundi yrði lokið fyrir kl. 7. Út á þetta tilkynnti ég um fundartíma og jafnframt treysti því að þetta væru orð sem væri hægt að standa við.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég kannast við að hafa sagt að ég mundi stytta mál mitt svo að ekki þyrfti

að halda kvöldfund, en að talað hafi verið um að umr. skyldi lokið fyrir kl. 7 kannast ég ekki við, enda engin þörf á því.

En mitt erindi í þennan ræðustól var að þakka hæstv. forsrh. Ég sá alls ekki eftir þessum 5 eða 6 mín. sem hann gaf sér til að svara fsp. og fagna því, því að það kom margt fram í hans máli. Ég þakka hans ágæta svar, sem menn muna að vísu kannske ekki hvernig var. Það skiptir ekki öllu máli alltaf hvernig svörin eru. En ég hlakka til 2. og 3. umr. málsins, þegar svör koma við hinum spurningunum öllum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 25. jan., að loknum 40. fundi.

Könnun á högum og aðstöðu öryrkja, þáltill. (þskj. 252). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð, þáltill. (þskj. 256). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 47). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 77). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ráðunautur í öryggis- og varnarmálum, þáltill. (þskj. 48). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 48 er till. til þál., sem er 47. mál þingsins, um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum, en flm. eru ásamt mér þeir hv. 9. þm. Reykv. og 5. þm. Reykn. Tillgr. er stutt og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að stofna sérstakt embætti ráðunauts ríkisstj. í öryggis- og varnarmálum hjá utanrrn."

Till. sama efnis var flutt á síðasta þingi og var þá nákvæmlega eins orðuð. Þá voru flm. þeir sömu að öðru leyti en því, að Benedikt Gröndal var þá flm., en Jón Baldvin, sem ekki átti þá sæti á Alþingi, var ekki flm. Það hafði hann verið hins vegar þar árið áður, þegar till. sama efnis var flutt í fyrsta sinni, á 103. löggjafarþinginu.

Umr. um varnar- og öryggismál Íslands einkennast oft um of af tilfinningalegri afstöðu og lítilli þekkingu á þeim staðreyndum sem móta og ráða stefnunni í þessum málum og þeim ákvörðunum sem teknar eru í varnar- og öryggismálum. Árum saman hafa hinir hernaðarlegu þættir, sem móta það ytra umhverfi sem Ísland býr við, verið á vitorði tiltölulega fárra. Stjórnvöld hafa lítt sinnt því að fræða þjóðina um staðreyndir þessara mála. Ein ástæða þess er vafalaust skortur á viðurkenndri innlendri sérfræðiþekkingu á þessum sviðum. Þessi skortur á innlendri sérfræðiþekkingu hefur líka leitt til ásakana þess efnis, að stjórnvöld séu í mati sínu á varnarhagsmunum Íslands á hverjum tíma um of háð mati erlendra manna á íslenskum hagsmunum. Það ætti því að vera augljóst áhuga- og hagsmunamál allra að Íslendingar ráði sjálfir yfir nægri þekkingu til að meta sjálfir þann hernaðarlega veruleika sem landið er hluti af og til þess að meta sjálfstætt þær upplýsingar og skoðanir sem aðrir kunna að gefa um og hafa á herfræðilegri stöðu Íslands og varnar- og öryggishagsmunum landsins. Slík herfræðiþekking innan stjórnkerfisins er í fyrsta lagi til þess fallin að treysta ákvarðanir stjórnvalda á þessum sviðum. Í öðru lagi mundi hún eyða tortryggni og ásökunum í garð þeirra sem með þessi mál fara.

Eins og allir vita er Alþb. eini stjórnmálaflokkurinn sem í orði kveðnu er á móti aðild að Atlantshafsbandalaginu og veru varnarliðsins hér á landi. Það er þó öllum ljóst að Alþb. leggur samt sífellt minna upp úr þessum stefnumiðum sínum og minnist sjaldan á þau nema fyrir kosningar, þegar tryggja þarf flokksstuðning svokallaðra herstöðvaandstæðinga, við hátíðleg tækifæri á tyllidögum og þá sjaldan er utanríkismál ber á góma á Alþingi. Þessi þróun mála eða stefnuaðlögun Alþb. sést best á afstöðu Alþb. í stjórnarsáttmálum þeirra ríkisstjórna sem Alþb. hefur átt aðild að síðasta áratuginn – eða liðlegan áratug.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem kom til valda 1971, var tekið fram að stefnt væri að því að varnarliðið færi í áföngum. Við stjórnarmyndun 1978 var tekið fram í stjórnarsáttmálanum að Alþb. hefði sérstöðu í þessum málum, en ekki var lengur minnst á brottför varnarliðsins. Og 1980, þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð, var ekkert minnst á sérstöðu Alþb. Þannig hefur þróunin orðið. Alþb. leggur sífellt minna upp úr þessu stefnuatriði.

Snemma á árinu 1979 var skipuð svokölluð öryggismálanefnd, sem starfað hefur fram á þennan dag. Það

er því eðlilegt að spurt sé, þegar rætt er um ráðunaut í varnarmálum, hvort ekki sé nóg að gert þar sem störf öryggismálanefndarinnar eru. Í þessu sambandi þykir mér rétt að rifja upp ummæli hæstv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar þegar hann var forsrh. og flutti stefnuræðu sína hinn 19. okt. 1978. Þá fórust honum orð á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þá er í samstarfsyfirlýsingunni ákvæði um skipan nefndar til athugunar á öryggismálum. Þar er um að ræða algert nýmæli og má vera að sumum þyki það allnýstárlegt. En þar er að mínum dómi á margan hátt um merkilegt mál að tefla. Það ákvæði er svohljóðandi:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að sett verði upp nefnd þar sem allir þingflokkar eigi fulltrúa og verði verkefni nefndarinnar að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins. Nefndin geri ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar, stöðu landsins í heimsátökum, valkostum um öryggisstefnu, núverandi skipan öryggismála og áhrif á íslenskt þjóðlíf svo og framtíð herstöðvanna eftir að herliðið fer og varnir gegn hópum hryðjuverkamanna. Nefndin fjalli einnig um hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi og láti semja yfirlit yfir skipan öryggismála smáríkja í heiminum, einkum eyríkja sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og Íslendingar. Nefndin fái starfskrafta og fé til að sinna verkefnum sínum og til að gefa út álitsgerðir og greinargerðir um afmarkaða þætti í því skyni að stuðla að almennri umræðu.““

Hér lauk Ólafur Jóhannesson lestri úr stjórnarsáttmála, sem hann vitnaði til í þessari ræðu sinni, og svo hélt hann áfram:

„Í mörgum löndum starfa sjálfstæðar stofnanir sem fjalla á hlutlægan hátt um utanríkis- og öryggismál. Slík stofnun er okkur Íslendingum ofviða. En ég vil líta á þessa könnunarnefnd í öryggismálum sem vísi að hliðstæðri starfsemi hér.“

Hér lýkur tilvitnun í stefnuræðu hæstv. utanrrh., sem hann flutti 19. okt. 1978, þegar hann var forsrh. Eins og kemur fram í tilvitnuninni er lögð áhersla á að nefndin sé könnunarnefnd, en ekki stjórnvald í þeim skilningi.

Öryggismálanefndin réð síðan á miðju ári 1979 starfsmann, Gunnar Gunnarsson, og hefur hann starfað fyrir nefndina síðan. Þá hafa fjórir aðrir fræðimenn en Gunnar unnið að einstökum verkefnum á vegum nefndarinnar.

Á það ber að leggja áherslu að það er eðli og starfssvið öryggismálanefndarinnar að rannsaka og kanna og kynna málin. Má geta þess, að fyrsta ritið, um GIUK-hliðið, er mjög gott framlag nefndarinnar og í því er mjög vel skýrt og greinilega greint frá hernaðarlegu mikilvægi Íslands vegna legu landsins.

Í lok grg. með þáltill. á þskj. 48 er greint frá því, hvernig hægt sé að skipa málum innan utanrrn. með tilliti til hins nýja embættis. Tillögumönnum er ekki fast í hendi hvernig sú skipan yrði og er eðlilegt að hv. utanrmn. fjalli frekar um það mál ásamt hæstv. utanrrh. Í grg. er þó stungið upp á þeirri leið, að embættið falli beint undir hæstv. utanrrh. með sama hætti og varnarmáladeild gerir nú, en einnig má hugsa sér að embættið verði innan varnarmáladeildarinnar.

Starfssvið embættisins væri að annast samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið á sviði her- og öryggismála innan utanrrn. og að sjálfsögðu í fullri samvinnu við önnur stjórnvöld, sem jafnframt annast þessi mál, auk þess sem varnarmálaráðunautur væri ríkisstj. til ráðuneytis um allt það sem snertir þjóðaröryggi og varnarmál landsins. Jafnframt má bæta því við, að eðlilegt sýnist að slíkur varnarmálaráðunautur hefði um almannavarnir að segja og þá sérstaklega auðvitað þann þátt almannavarna sem snýr að vörnum vegna hernaðarátaka. Aðalatriðið er auðvitað að hæstv. utanrrh. komi verkaskiptingu á innan rn. með þeim hætti sem eðlilegastur er talinn vera.

Það þarf varla að minna hv. alþm. á 75. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.“

Eins og sést af þessum orðum stjórnarskrárinnar er sú skylda lögð á Íslendinga að verja landið, og getur löggjafinn ákveðið með hverjum hætti það skuli gert. Á þetta minni ég hér – ekki til að gefa í skyn að stofna eigi til íslensks hers, heldur þvert á móti til að benda á að þeim sem sömdu stjórnarskrána var vel ljóst að ein af frumskyldum þjóðarinnar er að verja landið, verja þjóðina gegn utanaðkomandi hættu, án þess að menn hefðu þó í huga almenna hervæðingu.

Í varnarmálum hljóta Íslendingar að hafa sérstöðu, annars vegar vegna legu landsins og hins vegar vegna fámennis þjóðarinnar. Það er þess vegna tími til kominn að Íslendingar eigi sérfræðinga í þessum málum. Í því sambandi má gjarnan minna á hafréttarmálin, t. d. þátt Hans G. Andersens sem er sérfræðingur í þeim málum og hefur án efa gert landinu og þjóðinni gífurlegt gagn á alþjóðavettvangi við að gæta hagsmuna okkar. Ég efast um að nokkur Íslendingur hafi viljað vera án þeirrar sérþekkingar í hafréttarmálum sem við höfum í hafréttarsérfræðingum. Á sama hátt hlýtur að vera keppikefli okkar að eignast sjálfir sérfræðinga sem geta metið varnarþörf og varnarmöguleika þjóðarinnar.

Á undanförnum árum hafa nokkrar umræður orðið um þessi mál. Segja má að eitt síðasta merka framlagið, þó um nokkrar ritgerðir sé að ræða, hafi komið frá Kjartani Gunnarssyni lögfræðingi, þegar hann flutti merka ræðu um íslenskt frumkvæði í öryggismálum, sem mjög styður þá till. sem hér liggur fyrir til umr. Kjartan er lögfræðingur, en stundaði nám, eftir að hafa lokið lagaprófi, við varnarmálaháskóla norska varnarmálaráðuneytisins á árunum 1979–1980. Ég tel að það sé gagnlegt að vitna til nokkurra ummæla Kjartans Gunnarssonar í þessari ræðu, sem reyndar hefur birst í Morgunblaðinu.

Hann fjallar þar um meginmarkmið íslenskrar varnarmálastefnu og hugsanlega ógn sem að okkur gæti steðjað. Síðar í ræðunni segir hann um skyldur okkar, með leyfi forseta:

„Það er skylda okkar Íslendinga við sjálfa sig og vinaþjóðir sínar að taka varnar- og öryggismál sín margfalt fastari tökum en við höfum gert og láta okkur ekki lengur nægja að vera eingöngu eins konar áheyrnaraðilar hjá Atlantshafsbandalaginu. Afstaða okkar til varnarliðsins á ekki að ráðast fyrst og fremst af því, og þá á ég við afstöðu okkar sem styðjum landvarnir, að aðalatriðið sé bara að hafa Kanann hér, eins og sumir orða það, og láta Bandaríkjamönnum eftir allt frumkvæði í öryggismálum okkar og tala með hræsnis-

fullri fyrirlitningu um hernaðarbrölt og vopnakapphlaup rétt eins og það snerti okkur ekki.“

Og síðar í þessari ræðu sagði Kjartan, með leyfi forseta:

„Ég tel að við Íslendingar eigum að gera okkar eigin tillögur um varnir landsins. Við eigum sjálfir að meta varnarþörfina og við eigum sjálfir að meta fyrirkomulag varnanna í samvinnu við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu og sérstakri samvinnu við þann aðila sem hefur tekið að sér samkv. sérstökum samningi frumvarnir landsins.“

Í lok þessarar ræðu sagði Kjartan, með leyfi forseta:

„Þeir, sem hafa markað stefnu Íslands í utanríkis- og varnarmálum, hafa ávallt haft að markmiði að tryggja að Íslendingar fái að lifa á Íslandi án afskipta eða yfirgangs annarra. Á nýjum og breyttum tímum þarf nýjar og breyttar starfsaðferðir til þess að tryggja að þessi markmið náist. Ábyrgðin og frumkvæðið í öryggismálum þjóðarinnar hlýtur og verður ávallt að vera í höndum hennar sjálfrar. Þar er um slíkt fjöregg að ræða að það er aldrei hægt að fela erlendum mönnum til ákvörðunar og mats, en án þekkingar, frumkvæðisvilja og óttaleysis við að viðurkenna staðreyndir stjórnmálalegs og herfræðilegs umhverfis verður öryggisins aldrei gætt sem skyldi.“

Ef draga á saman aðalatriðin í því, sem ég hef sagt í þessari ræðu minni, tel ég að það hafi unnist í umr. á síðustu árum að nú er rætt um utanríkis- og varnarmál þjóðarinnar af meiri þekkingu og rökum í stað þess tilfinningahita og trúar sem einkenndu slíkar umr. fyrir nokkrum árum. Í öðru lagi er breyting til batnaðar í íslenskum stjórnmálum sú stefnuaðlögun Alþb. sem orðið hefur með tilliti til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og dvalar erlends varnarliðs í landinu. Í þriðja lagi hef ég bent á muninn á starfssviði embættisráðunauts í varnarmálum, sem verður stjórnvald, og hins vegar öryggismálanefndarinnar, sem er könnunarnefnd tilnefnd af þingflokkum. Í fjórða lagi hef ég undirstrikað að hér er ekki verið að undirbúa stofnun íslensks hers, heldur er verið að tryggja íslenska hagsmuni, ýta undir íslenskt frumkvæði í mikilvægum þætti sjálfstæðismála þjóðarinnar. Og loks hef ég bent á nokkur atriði, sem verið hafa til umr. á þessu sviði að undanförnu, og vitnað í því sambandi sérstaklega til erindis Kjartans Gunnarssonar.

Herra forseti. Ég hef reynt að sneiða hjá ágreiningsefnum í varnarmálum og fremur bent á það sem sameinar okkur Íslendinga í þessum málum. Ég fæ ekki betur séð en þessi till. um stofnun embættis ráðunauts í varnarmálum hljóti að eiga verulegt fylgi á hv. Alþingi. Ég fagna því að sjálfsögðu ef koma fram hér í umr. eða í hv. nefnd jákvæðar tillögur um betri skipan en gert er ráð fyrir í sjálfri tillgr., en leyfi mér að lokum að fara fram á að málinu verði vísað, eftir að umr. hefur verið frestað, til hv. utanrmn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tíma hv. þm. lengi út af þessu máli. Ég vil lýsa yfir andstöðu Alþb. við þetta mál. Það þarf ekki að segja neinum Íslendingi að við teljum okkur þurfa að leysa okkar mál með embætti ráðunauts ríkisstj. í öryggis- og varnarmálum, sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur hér lagt til. Það er hreint dæmalaust að hlusta á málflutning eins og þann sem hér fór fram áðan. Ég veit að hv. flm. er allt of greindur og hæfur þm. til að trúa einu einasta orði sem hann sagði sjálfur.

Ég held að þm. og landsmenn allir ættu að þakka fyrir þann tilfinningahita sem hefur rekið Alþb. áfram allar götur frá því að landið missti sjálfstæði sitt að nýju og hefur þó bjargað því sem bjargað varð. Við getum litið til smáþjóða, sem hafa fengið yfir sig annan eins ófögnuð, og séð hvernig komið er fyrir þeim, og ættu hv. þm. sem sækja fundi út um allar grundir, þingmannasambandsfundi á Kúbu og ég veit ekki hvar, að fara í leiðinni t. d. til Tahiti einhvern tíma og sjá hvernig málum er komið þar og fyrir Puerto Ricomönnum og öðrum slíkum þjóðum. Það er nefnilega ekki ennþá komið svo fyrir Íslendingum vegna þessa tilfinningahita sem hv. þm. harmaði svo mjög áðan. Við höfum reynt að halda íslenskri menningu í horfinu, við höfum reynt að tala okkar eigið tungumál áfram og ég vænti þess að við munum halda því áfram af sama tilfinningahita.

Það er líka skemmtilegt að upplifa það að heyra loks þm. Sjálfstfl. tala um hernaðarlegt mikilvægi Íslands vegna legu landsins. Sú var tíðin – og ekki fyrir svo mörgum árum – að það talaði enginn um þetta. Hér var ameríski herinn til að vernda okkur. – Það er reyndar hverju mannsbarni í heiminum ljóst að ef Íslendingum stafar hætta af nokkru umfram aðrar þjóðir, þá er það einmitt af þessu hernaðarlega mikilvægi og af veru bandarískra hersins hér. Þetta þarf svo sem ekki að segja eina ferðina enn.

Svo vogar hv. þm. sér að tala hér um Hans G. Andersen, sem hefur verið sérlegur sendifulltrúi Íslands á hafréttarráðstefnunni og vissulega unnið þar gott starf, og ber það saman við hlutverk einhvers sérfræðings í öryggis- og varnarmálum! Ég ætla að vona að sá ágæti maður, Hans G. Andersen, lesi ekki Alþingistíðindi eða heyri annað eins og þetta.

Svo að aðeins sé farið yfir nokkra punkta í máli hv. flm. sagði hann að við skyldum ekki lengur láta allt frumkvæði vera hjá Bandaríkjamönnum. Mikið er ég sammála honum. Það var bara hans eigin flokkur sem fól Bandaríkjamönnum þetta frumkvæði um íslensk málefni og það höfum við ævinlega harmað og munum gera áfram og berjast gegn því eins lengi og okkur endist aldur til. Hann studdi það og hans flokkur að lána íslenskt land undan íslenskri lögsögu. – Hvernig geta menn talað? Nei, það vorum ekki við sem stóðum að því, hv. þm. Friðrik Sophusson, og munum aldrei gera.

Það er svo sem ósköp gleðilegt að ungir menn í Sjálfstfl., sem hafa lært í háskólum erlendis, hafa loks skilið og séð að allt sem þeim hefur verið áður sagt í Heimdalli og upp úr stenst ekki. Þessir ungu menn hafa þó þá samvisku að reyna að skoða þessi mál. Þeir hafa skrifað nokkur ágæt rit um þessi mál. Svo standa menn hér og lesa upp úr þessu eins og þetta séu einhver ný sannindi! Það er búið að segja þetta mjög lengi.

Það sýnir best hvers virði eru embætti svokallaðra sérfræðinga í öryggis- og varnarmálum að nýlega kom út bók í Danmörku um Grænland og hlutverk þess og breytingar sem hafa verið gerðar á herstöðvum NATO þar í landi án þess að danska ríkisstjórnin hafi haft hugmynd um. Liggur fyrir að þessum stöðvum hefur verið breytt í hreinar árásarstöðvar. Þessi bók er rædd mikið í Danmörku þessa dagana. Trú mér til: Danska

ríkisstjórnin hefur haft einhvers konar ráðunauta. Danir hafa her og ég geri ráð fyrir að þar séu einhverjir ráðunautar á borð við þann sem hv. þm Friðrik Sophusson langar þessi ósköp til að fá hingað. En ég held að við ættum að spara okkur það embætti. Það kemur í ljós að dönsku ríkisstjórnirnar, sem hafa setið á meðan þetta gerðist, hafa ekki haft hugmynd um það.

Ég held að við þessari till. hv. þm. sé ekki nema eitt svar, og það er auðvitað svar Alþb.: Við þurfum að losna við bandaríska herinn af íslensku landi og við þurfum að ganga úr NATO. Ég er ekki þar með að segja að okkur sé tryggt varanlegt öryggi. En það er áreiðanlegt að í því væri fólgið meira öryggi en að vera bitbein mitt í Atlantshafinu milli tveggja stórvelda sem búa nú yfir kjarnorkuvopnum sem nægja til þess að margdrepa hvert einasta mannsbarn á jörðinni.

Það hneykslar mig að þm. skuli sitja undir öðru eins og þessu. Ég legg til að þessari till. verði tafarlaust vísað frá.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Með vissum hætti er kannske rétt að játa að mér hafi komið ræða hv. 8. þm. Reykv. nokkuð á óvart – ekki þó hið djúpsálarlega inntak hennar þar sem skírskotað var til gildis tilfinninga, ef ég skildi rétt, umfram skynsemi. **(GHelg:** Það mætti vera meira um þær á Alþingi Íslendinga.) Já, ekki hef ég á móti tilfinningum. En mín skoðun er þó einfaldlega sú, að þarna verði ekki sundur skilið. Skynsemi án tilfinninga er kannske köld og tilgangslítil, en uppstemmdar tilfinningar einar, án yfirvegunar og skynsemi, eru vísasti vegurinn til glötunar, í sumum málum a. m. k. Einmitt út frá þessu sjónarmiði hefði ég haldið að það væri hv. þm. fagnaðarefni, sem eins og kunnugt er er hér málsvari flokks sem kennir sig við þjóðfrelsi umfram aðra flokka, að hér er lagt til að íslenskir aðilar framselji ekki í hendur öðrum að leggja mat á öryggishagsmuni þjóðarinnar. Um það snýst málið og annað ekki.

Stundum er því haldið fram af skoðanabræðrum hv. þm. að eðlisbreyting hafi átt sér stað, ef ekki á varnarviðbúnaði hér á landi, þá á umr. um utanríkis- og öryggismál Íslendinga, að í stað tiltölulega steingelds skotgrafahernaðar, þar sem klisjurnar eru orðnar ærið gamlar, annars vegar: úr NATO — herinn burt eða eitthvað þess háttar, hafi komið til sögunnar ný þekking, nú umræða byggð á nýjum sjónarmiðum, byggð á mati á upplýsingum um alþjóðleg hernaðarkerfi, upplýsingum um nýja tækni í hernaðarmálefnum. Því er jafnvel stundum haldið fram að þessar nýju upplýsingar og þessi nýja þekking renni nýjum stoðum undir röksemdir herstöðvaandstæðinga. Því ætti að fagna, ef svo er, að umr. er komin á svolítið skynsamlegri grundvöll og hún er farin að snúast um mat á staðreyndum fremur en þá ljóðatexta sem betur eru fallnir til söngs — og á þó söngur prýðilega við á sumum samkomum.

Ég held að það hafi ekki komið fram í ræðu hv. þm. að um væri að ræða verulegan ágreining að þessu leyti, enda standist líkingin að þessu leyti að því er varðar hafréttarmál fyllilega. Allt sem að hafinu lýtur og er hagsmunir Íslendinga gagnvart átökum við aðrar þjóðir hefur vissulega orðið mikið tilfinningamál á Íslandi. En við hefðum aldrei sigrað Breta í deilum okkar um landhelgismál með söngvum einum og formælingum. Við þurfum að afla okkur þekkingar. Það er óumdeilt, og hefur sérstaklega verið á það minnst hér, að sérfróðir menn í hafréttarmálum, eins og Hans G. Andersen og fleiri, hafi lagt fram þá þekkingu sem hafi orðið lykillinn að árangursríkri baráttu okkar í þeim málum.

Kjarni málsins er ofur einfaldlega þessi: Við eigum ekki að framselja í hendur annarra réttinn til að meta sjálfstætt hvað er að gerast í hafinu í kringum okkur, hvað er að gerast í löndunum í kringum okkur, hvaða áhrif nýjungar á sviði hernaðartækni hafa á öryggi þjóðarinnar. Þessara upplýsinga eigum við að reyna að afla okkur. Skref hafa þegar verið stigin í þá átt með stofnun öryggismálanefndar, sem er könnunar- og umræðunefnd í umboði þingflokka. Ég hygg að þetta sé óneitanlega mál af því tagi að við ættum ekki að horfa í lítinn kostnað við að ganga lengra á þessu sviði. Þetta kemur ágreiningnum um núverandi fyrirkomulag um öryggismál á Íslandi í raun og veru ekkert við. Menn geta auðveldlega haldið sinni sannfæringu um að varnarleysi og það að Ísland verði utan hernaðarbandalaga sé haldbær afstaða í utanríkispólitík, þó að ég haldi það ekki, en engu að síður samþykkt þessa till.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með þær umr. sem hér fara fram. Ég verð þó að segja, eins og hér hefur verið sagt áður, að ég átti ekki von á að enn væri hér á hv. Alþingi fulltrúi svo gamalla viðhorfa í þessu máli eins og hv. 8. landsk. þm. virðist vera. Ég harma að hv. 8. landsk. skuli hafa lýst fyrir hönd síns flokks yfir sjálfsagðri andstöðu við þetta mál, einfaldlega vegna þess að með því er verið að lýsa andstöðu við að hægt sé að meta varnarþarfir og varnarmöguleika Íslands með íslenskum augum. Það var á sínum tíma tekið skref í þessu efni þegar könnunar- og rannsóknarnefnd þingflokkanna, öryggismálanefndin, var sett á laggirnar. Hún hefur gert ákveðið gagn. Hún hefur breytt umr.

Ég vil í því sambandi benda á t. d. hvernig hv. 11. þm. Reykv. hefur haldið á málflutningi síns flokks. Það er með allt öðrum hætti. Ég er hér með nokkrar tilvitnanir í hans mál frá því hann flutti hér ræðu 12. nóv. 1981, en hv. 11. þm. Reykv. er formaður þingflokks Alþb. Þá sagði hv. 11. þm. Reykv., með leyfi forseta:

„Það er ósköp skiljanlegt að við hér á Íslandi höfum ekki mikla þekkingu á þessum efnum. Við höfum ekki haft her. Við erum ekki hernaðarmenntuð þjóð. Öll þessi orð, SS-20, SS-4, SS-5, Poseidon, Polaris, Trident o. s. frv, eru nöfn sem við vitum ósköp lítið hvað að baki liggur, nema það sem við lesum í dagblöðum. Staðreyndin er samt sem áður sú, að á rúmlega 20 árum hafa risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, komið sér upp svo flóknu kerfi gereyðingarvopna, að það þarf langan tíma til að setja sig inn í eðli þess. Það er kjarnorkuvopnakerfi“ o. s. frv. o. s. frv.

Og síðar í sínu máli segir hv. 11. þm. Reykv.:

„Íslenskir þm. t. d., sem taka þátt í samtökum Atlantshafsbandalagsins, sækja ekki fundi hermálanefndarinnar að öllu jöfnu. Þeir hafa látið hina herfræðilegu umræðu afskiptalausa, en það er sú umræða sem er kjarni málsins. Það er sú umræða sem gerir okkur kleift að meta það, hvers vegna við erum á móti SS-20, hvers vegna við erum á móti Pershing II og hvers

vegna við erum á móti stýrieldflaugunum.“

Ég lít svo á, að með þessum orðum sínum hafi hv. 11. þm. Reykv. verið að benda á að þeir sem sækja þingmannafundi Atlantshafsbandalagsins ættu að sækja hermálanefndarfundina einmitt í því skyni að kynna sér þessi mál rækilega, og ég tel að ummæli hans um hve langan tíma tekur að afla þessara upplýsinga hljóti að renna stoðum undir að hv. 11. þm. Reykv., formaður þingflokks Alþb., skilji nauðsyn þess að hér sé innlend sérfræðileg þekking í höndum stjórnvalda.

Ég ætla að halda áfam, af því að þetta er ágæt ræða, sem ég vitna hér til, ræða hv. 11. þm. Reykv. Hann segir síðar í sinni ræðu, með leyfi forseta:

„Við ræðum oft hér um öryggismál á Íslandi út frá umræðugrundvelli sem fyrst og fremst er mótaður af seinni heimsstyrjöldinni.“ — Ég skýt því hér inn að við heyrðum einmitt slíka ræðu áðan flutta af 8. landsk. Nú held ég áfram lestrinum: „Sá tími er því miður liðinn. Veröldin í dag er miklu flóknari. Það er miklu meira verk, það er miklu meiri vinna að setja sig inn í þau deilumál sem núverandi hernaðarumræða snýst um. Íslendingar mega ekki setja sig í þá stöðu að taka bara sem góða og gilda vöru þær áróðursplötur sem fulltrúar stórveldanna spila fyrir okkur um þessi efni, hvort sem það eru fulltrúar Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna.“

Og loks vil ég vitna til ummæla hv. 11. þm. þar sem hann segir:

„Það er nauðsynlegt fyrir okkur sem sjálfstætt ríki að gera okkur grein fyrir hvað hér er verið að tala um, að átta okkur á hinu sanna og rétta í þessu efni, vegna þess m. a. að við erum aðildarríki NATO og þar greiða fulltrúar Íslands atkvæði, við erum í Sameinuðu þjóðunum og þar greiða fulltrúar Íslands atkvæði, við erum kallaðir til að taka afstöðu. Það er lágmarkskrafa að við tökum þá afstöðu á grundvelli þekkingar.

Hér lýkur tilvitnun í hv. 11. þm. Reykv., sem er formaður þingflokks Alþb., og ég get ekki með eigin orðum, frá eigin brjósti, flutt betri ræðu sem rök fyrir því að okkur Íslendingum beri skylda til að koma á fót stjórnvaldi sem byggi yfir þeirri íslensku þekkingu sem nauðsynleg er til þess að við getum metið það sjálf hvernig við viljum hafa varnirnar, veikari eða sterkari, hverjir varnarmöguleikarnir eru á hverjum tíma og það sé gert með þeim hætti sem gert er í sjálfstæðu ríki.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vona að hv. þm. sé ekki farin að daprast heyrnin. Ég sagði ekkert um þingflokk Alþb. í máli mínu áðan. Ég sagði Alþb. og ég lagði til að þessari till. yrði vísað frá. Það vill nefnilega svo til, að barátta íslenskra sósíalista, barátta íslenskra hernámsandstæðinga, hefur ekki bara farið fram í þingflokki Alþb., heldur taldi ég mig vera að tala fyrir munn þúsunda manna úti í þjóðfélaginu. Ég sagði ekkert um þingflokk Alþb. — Ég hefði átt von á að fleiri úr honum væru hér staddir inni.

En hv. þm. Friðrik Sophusson heldur áfram sinni veiku vörn í þessu máli. Ég verð að upplýsa hv. þm. um það, að ég þarf engan sérfræðing í varnar- og öryggismálum til þess að stórveldin þylji ekki yfir mér áróðursplötur sínar sem ég trúi eins og nýju neti. Ég er alveg fullfær um það mat ein og sjálf og svo er sem betur fer um milljónir manna um allan heim, sem nú hafa tekið völdin af stjórnmálamönnum og ætla að reyna að fara að berjast fyrir friði í heiminum vegna þess að það hefur ekki neitt breyst í umræðunum um þessi mál vegna tilkomu einhverrar nýrrar þekkingar. Auðvitað verða morðtól heimsins æ skelfilegri. Það hefur loksins runnið upp fyrir heimsbyggð allri að þau eru orðin svo skelfileg að allar varnir, og þá ekki síst lítillar eyþjóðar, yrðu auðvitað út í hött. Það kemst enginn undan ef þessi vopn verða nýtt. Og eins og ég sagði áðan hafa milljónir borgara hinna ýmsu landa tekið höndum saman og þreyst á ógnarjafnvægisrugli fávísra stjórnmálamanna, sem sitja fundi hvort sem það er NATO, Varsjárbandalagsins eða hvað þetta nú allt saman heitir. Ég held að íslenskir þm. ættu að einbeita sér að þeirri baráttu, en ekki halda uppi þessum meiningarlausa áróðri fyrir tilvist bandarískrar herstöðvar eða hvaða annarrar herstöðvar sem stórveldin kynnu hér að reyna að fá aðstöðu til að hafa.

Hins vegar vil ég ítreka, vegna þess að ég held að mönnum sé það kannske ekki alveg fullljóst hvers virði barátta íslenskra sósíalista hefur verið gegnum árin, að það er ein versta villa sem maður heyrir að sú barátta hafi verið gagnslaus. Það væri gaman að geta séð hvað hefði gerst hér ef þessi stórþjóð í vestri hefði fengið að vaða hér uppi eins og hana langaði til.

Það vill svo til, að ég hef átt viðræður við Bandaríkjamenn um þessi mál, menn í háum stöðum sem hefur verið falinn mikill trúnaður hjá sinni heimaþjóð. Þetta er þeim ljóst, þó að þeim Íslendingum sem kjörist hafa til trúnaðarstarfa á Alþingi Íslendinga virðist ekki vera það ljóst. Og það er ekki langt síðan háttsettur embættismaður Bandaríkjanna á Íslandi lauk viðræðum okkar með því að hvetja okkur til að halda þessari baráttu áfram. Menn sem hafa farið víða um heiminn hafa séð hver örlög bíða þjóða sem láta slíkt yfir sig ganga. Og á næstu árum er ég sannfærð um að einn sérfræðingur í öryggis- og varnarmálum kemur ekki til með að skipta miklu máli, komi til átaka og komi til þess að gripið verði til þeirra vopna sem nú eru til í heiminum. Það er satt að segja skelfilegt að menn skuli ennþá ræða á þessum nótum á Alþingi þjóðar sem aldrei hefur haft her. Og ég ætla að vænta þess, að þetta hlægilega ákvæði um vopnfæra menn verði fellt úr stjórnarskrá Íslendinga þegar hún verður nú afgreidd endurskoðuð. Að öðru leyti skal ég ekki eyða fleiri orðum á þetta.

En ég vil ítreka að ég tel alveg ástæðulaust fyrir menn að setja á bakið á mér allan þingflokkk Alþb. Þetta er skoðun Alþb.-manna og fyrir þá tala ég hér á Alþingi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths.

Í fyrsta lagi verða það að þykja nokkur tíðindi þegar hv. þm. í þingflokki Alþb. lýsir því yfir að hún sé hér málsvari Alþb.-manna, en vilji á engan hátt láta bendla þann málflutning sinn við tilvitnanir úr málflutningi formanns þingflokks Alþb., sem tilheyrði þá öðrum þjóðflokki samkv. þessu.

En aths. mín er efnislega þessi: Hv. þm. fór ýmsum orðum um þann árangur sem náðst hefði af starfi friðarhreyfinga í Evrópu. Starf, málflutningur og árangur friðarhreyfinga í Evrópu er mörgum Íslendingum sennilega ekki nægilega kunnur og sér í lagi er það áreiðanlegt, miðað við fréttaflutning íslenskra fjölmiðla og almennar umræður um þessi mál, að upplýsingar um málflutning friðarhreyfinganna eru mjög af skornum skammti hér á landi. En ég hygg að það sé ómótmælan-

legt að sú athygli sem þær hafa vakið sé ekki síst þannig til komin að þær hafa, með því að sækja sér bein þekkingarleg rök svo að segja inn í vopnabúr hernaðarbandalaganna og vekja athygli almennings á því til hverra hörmunga mundi koma ef til styrjaldar með kjarnavopnum kæmi, náð athygli almennings, sem áður kærði sig kollóttan um þó að ástandið hefði verið slíkt hið sama í mörg ár. Það var ekki fyrr en menn fóru raunverulega að afla sér þekkingar, miðla þessari þekkingu, og hún er fyrst og fremst sótt til sérfræðiþekkingarmanna sem sérskólaðir eru bæði að því er varðar vígbúnað og beitingu vopna, sem athygli almennings virkilega beindist að þessum málum.

Rök friðarhreyfinganna eru náttúrlega mjög margvísleg. Sumir eru þeir sem eru friðarsinnar, eins og það er kallað á íslensku máli, af sannfæringu, hvort sem hún er trúarleg eða önnur. Við skulum ósköp einfaldlega segja: Við erum á móti vopnum, við erum á móti vígbúnaði og við munum aldrei beita ofbeldi undir neinum kringumstæðum. — Þetta er tiltölulega lítill hópur innan friðarhreyfinganna. Aðrar eru þær sem beina fyrst og fremst athyglinni að því, að öryggishagsmunir Evrópu kunni undir ýmsum kringumstæðum að vera aðrir en Bandaríkjanna. Í því sambandi kann vel að vera að öryggishagsmunir Íslendinga sem eyþjóðar hér á Atlantshafi kunni að vera í ýmsum atriðum aðrir en ýmissa meginlandsþjóða í Evrópu, og eru þær þó engan veginn á einu máli um hvernig þeirra öryggi verði best tryggt.

Það er t. d. athyglisvert, að þær hreyfingar jafnaðarmanna á meginlandi Evrópu, sem athygli manna hefur einkum beinst að á seinustu árum, þar sem annars vegar eru þýskir sósíaldemókratar, sem hafa haft sérstöðu í utanríkispólitík á löngum valdaferli sínum í vestur-þýska lýðveldinu, og svo hins vegar franskir jafnaðarmenn, hafa mjög ólíka afstöðu til þessara mála, meta öryggishagsmuni þjóða sinna út frá mjög ólíkum forsendum. Hvorugum þessara aðila mundi detta í hug að ætla að fjalla um þessi mál eða meta þau eða taka afstöðu til þeirra út frá tilfinningasjónarmiðum einum saman. Þeir stinga ekki höfðinu í sandinn. Þeir láta ekki óskir okkar eða drauma um að við lifum í ofbeldislausum heimi rugla sig í ríminu. Þeir viðurkenna staðreyndir, afla sér þekkingar og komast að niðurstöðum út frá því. Að sjálfsögðu gerum við þetta.

Ég endurtek: Kjarni málsins er einfaldlega þessi: Þessi till., sem hér liggur fyrir, gefur út af fyrir sig ekki tilefni til að opna alla umræðuna um afstöðu manna til aðildar Íslands að varnarsamtökum, til dvalar varnarliðs hér á landi, hvort menn eru meðmæltir því eða andvígir. Spurningin er einfaldlega þessi: Vilja menn að Íslendingar sjálfir afli sér þeirrar sérþekkingar sem til þarf til að leggja hlutlægt mat á þær upplýsingar sem aðrir mata okkur á? Það hélt ég að bæði herstöðvaandstæðingar og eins hinir, sem sannfærðir eru um réttmæti þeirrar stefnu að Íslendingar haldi áfram aðild sinni að varnarsamtökum lýðræðisríkja, gætu orðið sammála um því að við megum ekki láta rugla okkur neitt í ríminu. Um þessi mál verður endanlega rætt og þau verða endanlega metin aðeins út frá tvennu: þekkingu og skynsemi.

Afstaða okkar getur vissulega mótast af tilfinningum, þjóðerniskennd, mati okkar á sögu og bókmenntum, skoðunum okkar á því hvernig sjálfstæði þjóðarinnar er best tryggt. En það gerist líka á þekkingarlegum grundvelli og verður ekki sundur skilið. Þess vegna er það, að áminning í Markúsarguðspjalli á enn við: Þegar ég var barn, þá talaði ég eins og barn og hugsaði eins og barn, en þegar ég hætti að vera barn, þá lagði ég af barnaskapinn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því að heyra úr þessum ræðustóli ræðu á borð við þá sem hv. 8. landsk. þm. flutti hér áðan. Ég hélt að slíkar ræður tilheyrðu fortíðinni, tilheyrðu sögunni. Og ennþá meira hissa varð ég þegar hv. þm. kom aftur í þennan ræðustól og flutti ræðu sem var að ýmsu leyti ennþá forstokkaðra íhald, ennþá meira afturhald og aftan úr grárri forneskju, liggur mér við að segja.

Ég skil ekki hvernig hugsandi fólk getur haft á móti því að upplýsinga sé aflað, að þekkingu sé safnað til að byggja ákvarðanir á og til að fylgjast með því sem er að gerast í kringum okkur. Ég skil ekki hvernig hægt er að hafa á móti slíku. Það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig – þeim sem það vilja – að stinga hausnum í sandinn og sjá ekki það sem gerist í sínu næsta nágrenni. Það er greinilegt að hv. 8. landsk. þm. vill viðhafa þá aðferð.

Hið sama gildir hins vegar ekki um flokksbróður hennar, hv. 11. þm. Reykv., formann þingflokks Alþb., sem hefur gert sér sérstakt far um að kynna sér öryggis- og varnarmál. Þess hefur séð stað í þeim ræðum sem hann hefur flutt hér á þingi að hann hefur lagt vinnu í það. Ég er ekki sammála þeim ályktunum sem hann dregur af sinni þekkingarleit í þessum efnum, ég er ósammála þeim. En hann notar rétta aðferð. Hann stingur ekki hausnum í sandinn. En þeim sem það vilja gera og hafa í þeim efnum asklok fyrir himin að ekki sé fastara að orði kveðið, er það auðvitað frjálst.

Það er kannske ævinlega svo, að þegar Alþb. hefur setið nokkra hríð í ríkisstj. án þess að fá nokkru áorkað í þessum málum, þá koma einstakir þm. og gera sig breiða í þessum ræðustól til að sýna hernámsandstæðingum að þeir séu ekki með öllu gleymdir. Þetta tækifæri var notað núna eins og við var að búast. En hitt blöskrar mér ævinlega, þegar talsmenn Alþb. koma hér og segja þjóðinni hversu miklu betri Íslendingar þeir séu heldur en hinir, sem vilja þátttöku Íslands í varnarsamstarfi vestrænna þjóða og vilja að hér séu hafðar uppi varnir. Þetta blöskrar mér ævinlega og þó ekki síður þegar því er haldið fram að nánast mundi íslensk tunga og íslensk menning líða undir lok ef ekki væri hér þessi sérvitringahópur herstöðvaandstæðinga. Slíkt bull tekur auðvitað engu tali. Þetta fólk hefur engu bjargað. Hins vegar skil ég það, að hv. 8. landsk. þm. og þeim Alþb.-mönnum fleiri skuli svíða það sárt að skoðanir þeirra eiga ekki meiri hljómgrunn með þjóðinni en raun ber vitni. Það er þessi sami litli hópur sem hefur sig í frammi. Hann sýnist svo sem hvorki hafa minnkað né stækkað s. l. 30 ár, 30–35 ár. Ég skil ósköp vel að undan þessu skuli svíða. En þetta fólk hefur ekki verið þess umkomið að bjarga íslenskri menningu, síður en svo.

Ég virði það, eins og ég sagði hér áðan, að formaður þingflokks Alþb. hefur verið talsmaður þeirra í þessum efnum og gert sér far um að afla sér upplýsinga og fylgjast með því sem verið hefur að gerast á þessum vettvangi. Hann hefur ekki stungið hausnum í sandinn.

Ég held að þau vinnubrögð sem hvatt er til með þeirri málsmeðferð að vísa þessari till. frá, sem fjallar um það að afla upplýsinga á mikilvægu öryggishagsmunasviði Íslendinga, séu ekki til fyrirmyndar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hafði af vissum ástæðum, vegna þess að ég hafði verið kallaður hér til annarra verka í þessum húsum, ekki ætlað að kveðja mér hljóðs sérstaklega í þessum umr. Það var hrokinn og mikillætið í málflutningi hv. síðasta ræðumanns og þess næstsíðasta, talsmanna Alþfl., sem gerði það að verkum að mér fannst eiginlega alveg nauðsynlegt að við skiptumst frekar á skoðunum um þessi mál. Ég segi hroki og mikillæti, þegar menn setja þessa hluti þannig upp að hérna sé um að ræða einhvern lítinn sérvitringahóp, eins og hv. þm. Eiður Guðnason orðaði það, sem skipti engu máli á Íslandi, hér sé um að ræða börn, í besta falli leitandi börn, sem hafi í raun og veru lítið til málanna að leggja annað en tilfinninguna eina, og hver maður megi heita gæfusamur, sem hafi losað sig undan því að bera tilfinningu í brjósti, þegar um þessi mál er rætt.

Hérna er ég að vitna til ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem kom hér uppbelgdur yfir þeim fögnuði að hann skyldi nú vera laus við þann söng, sem forðum kvað í runni einnig í hans máli, þegar hann gekk samferða okkur sunnan úr Keflavík á móti hernum einu sinni. Hann fagnar því nú að ganga í öðrum röðum. Það er hans mál. Mér finnst það ekki fagnaðarefni hans vegna heldur vorkunnarefni miklu frekar, en það er hans mál og ég vil ekki gera lítið úr honum fyrir það.

En staðreyndin er auðvitað sú, að sá sérvitringahópur, sem hv. þm. Eiður Guðnason talaði um af mikilli fyrirlitningu hér áðan, hefur náð verulegum árangri í starfi sínu á Íslandi undanfarna áratugi sem betur fer. Það var þessi sérvitringahópur sem var svo gæfusamur að hann gat í bandalagi við menn úr Alþfl. og Framsfl. og einnig Sjálfstfl. komið í veg fyrir það að Ísland var hernumið til 99 ára með samningum sem Bandaríkjamenn gerðu kröfur um árið 1945. Þá var þessi litli sérvitringahópur, sem hv. þm. Eiður Guðnason kallar svo, meiri hluti þjóðarinnar. Hann var meiri hluti Alþingis Íslendinga, sem ákvað að vísa á bug þessari frekju Bandaríkjastjórnar, sem var borin fram aðeins fáeinum mánuðum eftir að íslenska þjóðin hafði öðlast fullt sjálfstæði árið 1944. Og það var ekki undarlegt þó að það gerðist að þjóðin hafnaði þessari málaleitan, sem þarna var borin fram af hálfu Bandaríkjastjórnar. Síðan er liðinn langur tími og það kann að vera að í brjóstum landsmanna sé sú glóð, sem kveikt var árið 1944, ekki jafnheit og rík og yfirgnæfandi og hún þá var og hin næstu ár þar á eftir. Engu að síður verð ég að leyfa mér að gera mér von um það, að hún sé enn til í brjóstum fjölmargra landsmanna.

En það var ekki aðeins árið 1945 sem herstöðvaandstæðingar, sjálfstæðissinnar, þjóðfrelsismenn á Íslandi hafa náð árangri. Það gerðist t. d. einnig árið 1956. Árið 1956 höfðu Bandaríkjamenn gert kröfu um það og náð því fram furðulangt í samningum við fulltrúa hernámsflokkanna hér á Alþingi, að þeir fengju hér nokkrar herstöðvar í viðbót eftir 1956, m. a. í Hvalfirði, á Suðurlandi og víðar. Hvað gerðist þá? Þá gerðist það að þessi hópur, sem hv. þm. Eiður Guðnason kallaði lítinn sérvitringahóp, breyttist í fjöldahreyfingu sem meiri hluti hernámssinna á Alþingi þorði ekki að ganga á móti. Þess vegna var gerð hér samþykkt 28. mars 1956 með atkvæðum Alþfl., Framsfl., sósíalista og þjóðvarnarmanna, sem þá sátu á Alþingi.

Sú samþykkt varð síðan grundvöllur þeirrar ríkisstj. sem mynduð var í júnímánuði 1956 og kölluð var vinstri stjórn. Sú stjórn lofaði því að grípa til ráðstafana til þess að koma bandaríska hernum héðan úr landi. Gerði hún það? Og af hverju gerði hún það ekki? Það hefur verið upplýst síðar. Inn í stjórnina fór utanrrh. Alþfl., Guðmundur Í. Guðmundsson, sem síðan hefur lýst því yfir að hann hafi gagngert farið inn í stjórnina til að svíkja þann grundvöll sem hún var reist á. Gagnvart svona heilindum á enginn maður í rauninni nokkurt orð. Gagnvart svona heilindum, gagnvart svona vinnubrögðum er erfitt að verja sig, einnig þann góða málstað sem herstöðvaandstæðingar hafa barist fyrir um áratuga skeið í þessu landi. Engu að síður varð sú samþykkt sem Alþingi gerði í mars 1956 til þess, að herstöðvaáform Bandaríkjamanna, sem þeir höfðu uppi það ár, voru stöðvuð um sinn. Fylking sérvitringa breyttist í meiri hluta meðal þjóðarinnar, sem hernámsflokkarnir þorðu ekki annað en að hlýða, af ótta við kjósendur í kosningunum 1956. Þessi fylking hindraði áform Ameríkanans um þrjár herstöðvar í viðbót hér í landinu.

Mörgum árum síðar, í kringum 1970, hafði hér setið um skeið viðreisnarstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. Þessi stjórn var svo lítilþæg og ómerkileg að hún lét sér það vel líka að Ameríkaninn væri með sjónvarp inni á svo að segja hverju einasta heimili hér á þéttbýlissvæðinu um margra ára skeið. Og það komu hér þm. mörgum árum seinna á Alþingi Íslendinga, sem lögðu það til að ríkisstj. krefðist þess að þetta sjónvarp yrði opnað aftur. En þeirri ríkisstj. sem mynduð var 1971 tókst að loka þessari smán, loka Keflavíkursjónvarpinu. Árangur hvers var þetta? Var þetta árangur þeirra manna sem ævinlega hafa haldið því fram, að það gerði ekkert til fyrir íslenska menningu hvernig hún væri leikin að þessu leyti? Var það árangur þeirra manna, sem héldu opnu Keflavíkursjónvarpinu, Alþfl. og Sjálfstfl., á viðreisnarárunum? Var það árangur þessara manna að Keflavíkursjónvarpinu var lokað? Svarið er auðvitað nei. Þessir menn lögðu ekkert á sig í því efni og þeir höfðu það í flimtingum þegar Keflavíkursjónvarpinu var lokað, að slíkt skyldi gert og á að það skyldi verða lögð áhersla. Þeir gerðu það aftur og aftur, m. a. í málflutningi hér á Alþingi Íslendinga. Og þegar Keflavíkursjónvarpinu hafði verið lokað, þá gerðist það að einn eða tveir þm. Sjálfstfl. fluttu till. á Alþingi um að fara vinsamlegast fram á það við Bandaríkjastjórn að hún náðarsamlegast opnaði sjónvarpið aftur. Þvílík var nú reisnin yfir þessum viðreisnarhetjum, sem hér forðum börðust gegn hinum litla sérvitringahópi, sem hv. þm. Eiður Guðnason talaði um með mikilli fyrirlitningu hér áðan.

Þannig hefur það aftur og aftur gerst, að þessi hópur hefur sýnt það að hann er vald í þjóðfélaginu, sem þessir hópar, t. d. Alþfl. og Framsfl. óttast. Framsfl. gekkst undir það, þegar mynduð var vinstri stjórnin 1971, að herinn skyldi fara úr landinu á kjörtímabilinu. Þegar sú ríkisstj. hafði komist að þeirri niðurstöðu að herinn skyldi fara úr landi á kjörtímabilinu og með hvaða hætti bandarískt herinn skyldi fara úr landi, þá

gerðust önnur tíðindi innan þeirrar stjórnar sem gerðu það að verkum, að hún gat ekki við þær aðstæður komið þessu stefnumáli sínu fram.

Ég fann það vel þá og sjálfsagt einnig margir félagar mínir aðrir, að það var svikult bandalag, sem við þá náðum við Framsfl., það var svikult. Það var hins vegar ekki alveg af sama toga og það svikabandalag sem Alþfl. vildi gera á árunum 1956–1958. Ég veit a. m. k. ekki til þess að neinn ráðh. Framsfl. hafi farið inn í ríkisstj. 1971 til þess gagngert að svíkja grundvöll þeirrar stjórnar, eins og Alþfl. lét sér sæma árið 1956. Ég hef enga ástæðu til að ætla að svo hafi verið af hálfu þeirra framsóknarmanna árið 1971. Þvert á móti kynntist ég því vel að ýmsir liðsmenn Framsfl. lögðu þá á það áherslu að koma því máli fram.

Hinu vil ég hins vegar halda til haga hér í þessum ræðustól, úr því að farið er að tala um þessi mál, að þegar ég lagði á það áherslu 1979, þegar mynduð var ríkisstj., að kanna hvort Framsfl. væri reiðubúinn til að standa að því samkomulagi sem hann hafði gert 1974 um brottför hersins, þá neitaði hann því. Hann var þá ekki tilbúinn til þess.

Samkv. röksemdafærslu hv. þm. Eiðs Guðnasonar ættum við herstöðvaandstæðingar á Íslandi þar með að gefast upp, vegna þess að það blési ekki byrlega, vegna þess að það væri erfitt um þessar mundir að koma okkar baráttumálum fram. Ég segi þvert á móti. Ég segi: Þeim mun erfiðara sem það er að koma þessum málum fram, þeim mun nauðsynlegra er að berjast vasklega fyrir þeim. Engin hugsjón er í rauninni svo lítils virði að hún eigi það skilið að mæta fyrirlitningu í málflutningi af þeim toga sem ég heyrði hér áðan hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni og hv. þm. Eiði Guðnasyni.

Ég er líka sannfærður um það, að sú fjölmenna fylking sem oft áður í sögu eftirstríðsáranna hefur náð verulegum árangri hér í okkar landi, sú fjölmenna fylking mun enn ná árangri og þá mun það enn og aftur koma í ljós, sem áður hefur komið í ljós í þessu landi, að þeir sem nú hafa stærst orð um vanmátt hennar munu taka tillit til hennar í sínum málflutningi og a. m. k. ekki tala um hana með þeirri djúpstæðu fyrirlitningu sem hér kom fram áðan.

Þessi hópur hefur ekki reynst þess umkominn að bjarga íslenskri menningu, síður en svo, segja menn og berja sér á brjóst. Ja, þvílíkir höfðuðsnillingar. Þvílíkir höfuðsnillingar að geta lýst því yfir að allir hinir hafi verið að svíkjast í rauninni aftan að íslenskri menningu og það hafi þá verið einhverjir aðrir sem hafi bjargað íslenskri menningu í þeim örlagaríku sviptingum sem standa yfir á Íslandi um þessar mundir og um áratugaskeið. Ég segi: Við skulum fagna hverjum þeim manni sem í orði og í athöfn vill leggja eitthvað á sig fyrir varðveislu íslenskrar menningar. Það er sorgleg staðreynd að sjaldnar og sjaldnar, eftir því sem lýðveldið eldist, heyrir maður talað um sjálfstæðismál þjóðarinnar, þjóðlega vitund, menningararf og sögu, sjaldnar og sjaldnar heyrir maður talað um þessa þætti nú orðið með þeirri reisn sem einkenndi málflutning hundraða og þúsunda manna þegar Ísland varð lýðveldi fyrir nærri fjórum áratugum. Það er dapurlegt. Það mætti verða okkur til umhugsunar. En það á ekki að verða til þess að við tölum með fyrirlitningu um þá sem vilja leggja þeim málum lið.

Ég hef tekið eftir því að hv. þm. Eiður Guðnason hefur iðulega mælt eitt og annað gott t. d. í sambandi við meðferð íslensks máls, svo að ég nefni dæmi. Ég fagna því. En ég er í grundvallaratriðum ósammála honum í utanríkismálum. Ég held þvert á móti varðandi íslenska menningu og baráttuna fyrir varðveislu hennar, sem alltaf heldur áfram, eigum við að reyna að krækja okkur saman og taka höndum saman í fullri alvöru og af fullum heilindum. Ég held að það sé ástæðulaust að láta stórveldið, sem ennþá hefur her hér suður á Miðnesheiði, kljúfa okkur í sundur í þessu efni.

Bandarískt herinn hefur setið hér lengi, um áratugaskeið, og enn er það og verður markmið okkar í Alþb. að koma bandarískra hernum úr landi. Það kemur kosningum ekkert við eða öðrum slíkum sviptingum í stjórnmálunum, að ég tek það fram hér. Það geri ég hér að gefnu tilefni. Það er verið að bregða mér og félögum mínum um það, að hér sé um að ræða eins konar tækifærismál, sem sé notað af og til, dregið úr glatkistunni af og til. En ég vil að það sé alveg skýrt í þennan hóp, hafi einhver dregið það í efa af einlægni, þá vil ég að það sé alveg skýrt í þennan hóp, að svo lengi sem Alþb. er Alþb., þá mun það berjast fyrir brottför bandarískra hersins. Þannig er það mál og til þess verða menn að taka tillit í íslenskum stjórnmálum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það vekur óneitanlega nokkra athygli, vekur upp ýmsar spurningar, þegar hæstv. félmrh., formaður Alþb., sér sérstaka ástæðu til þess að standa upp hér í ræðustól og ítreka það að Alþb. hafi ennþá brottför varnarliðsins á stefnuskrá sinni. Það er nefnilega virkilega ástæða fyrir þennan hæstv. ráðh., þennan flokksformann, að ítreka þessa skoðun. Ástæðan er einfaldlega sú, að Alþb. notar varnarmál Íslands sem tækifærismál þó að reynt sé að mótmæla því þegar nær dregur kosningum eða þegar talað er í hátíðarræðum.

Alþb. hefur setið í ríkisstj. eftir ríkisstj. án þess að gera nokkra minnstu tilraun til að koma þessu svokallaða stefnumáli sínu í framkvæmd. Þetta mál e. t. v. umfram önnur er eitt besta dæmið um það hvílíkur tækifærisflokkur Alþb. er. Þar ræður tækifærismennskan. Hún ríður þar húsum og þar er reynt að tala eins og hver vill á hátíðarstundum. Nú eru kosningar í nánd og nú sér Alþb. og formaður þess alveg sérstaka ástæðu til að koma hér upp á hv. Alþingi eða í sínum málgögnum og ítreka, til þess að forða öllum misskilningi, að Alþb. hefur ennþá brottför varnarliðsins á stefnuskrá sinni.

Þessar umr. hér í dag snúast um tiltölulega saklausa till., sem er í sjálfu sér óháð þeim meginágreiningi í íslenskum stjórnmálum hvort hér skuli vera varnarlið eða ekki, en hefur þó orðið tilefni til allmikilla efnislegra umr. um grundvallaratriði í íslenskri utanríkisstefnu, þ. e. hvaða stefnu við Íslendingar eigum að hafa í okkar varnarmálum. Hæstv. félmrh. fór mörg ár aftur í tímann. Hann fór allt aftur til stofnunar íslenska lýðveldisins á árinu 1944 og rifjaði upp ýmis atriði í okkar sögu frá þeim árum. Sannleikurinn er sá, að herstöðvaandstæðingar svokallaðir hafa sem betur fer haft ákaflega lítil áhrif hér í okkar þjóðlífi. Það er alveg laukrétt sem þeir hv. þm. 5. þm. Vesturl., Eiður Guðnason, og 9. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, hafa sagt í þeim efnum. Og ég vil segja sem betur fer.

Ég held að það sé ástæða til þess, úr því að árið 1944 var sérstaklega nefnt í þessu sambandi, að rifja það upp

hvers vegna við Íslendingar tókum þá mikilvægu ákvörðun að hafa varnir hér á Íslandi og ákváðum að ganga í Atlantshafsbandalagið árið 1949. Sú saga er einmitt rakin aftur til ársins 1944, til þeirra ára þegar seinni heimsstyrjöldinni var að ljúka, þegar stórveldið í austri, föðurland sósíalismans, það land sem Alþb. og áður Sósíalistaflokkurinn litu til með nánast guðlegri lotningu, þegar þetta ríki tók sig til eftir lok heimsstyrjaldarinnar, eftir að Vesturveldin höfðu afvopnast, og lagði undir sig hvert smáríkið í Vestur-Evrópu á fætur öðru.

Það lagði undir sig Eystrasaltslöndin, smáríki sem við Íslendingar höfðum í gegnum árin og aldirnar haft góð samskipti við. Það lagði undir sig Tékkóslóvakíu og fleiri ríki í Austur-Evrópu. Og í hvert skipti sem þetta gerðist, þá var ákveðinn hópur manna hér á Íslandi sem fagnaði þessu, sem rak upp fagnaðaróp yfir því að nú væri sósíalisminn í heiminum að vinna nýja sigra. Þetta fólk er heiðursfélagar í Alþb. í dag. Þetta eru forverar þeirra Alþb.-manna, hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur, og hæstv. félmrh. í Alþb. Það fólk sem í hvert skipti rak upp fagnaðaróp þegar ný smáþjóð fór bak við járntjald Sovétríkjanna – þetta fólk er enn í dag samstarfsmenn þeirra ræðumanna sem hér hafa talað af hálfu Alþb.

Á árunum í kringum 1944 og þar á eftir var til fólk hér á Íslandi sem söng á hátíðastundum: „Sovét-Ísland, óskalandið, hvenær kemur þú?“ Hvaða fólk er þetta? Það er Alþb.-fólkið í dag. Það eru samstarfsmenn hæstv. félmrh. og hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Svo kemur þetta fólk hér, leyfir sér að berja sér á brjóst og tala eins og það séu hinir einu sönnu þjóðfrelsismenn á Íslandi, að öll sjálfstæðisbaráttan á Íslandi, öll baráttan fyrir sjálfstæðri íslenskri menningu sé í höndum þessa fólks. Hér eru slík öfugmæli á ferðinni að það er með ólíkindum að menn skuli bera slíkt á borð hér á hv. Alþingi.

En þessi ummæli, þessi belgingur, þessi tilraun til að sýnast vera hinir einu sönnu Íslendingar á auðvitað rætur að rekja til minnimáttarkenndar þessa flokks vegna sinnar fortíðar. Það er því engin furða, og Alþb.-menn skulu ekkert undrast yfir því, þó að Íslendingar tortryggi þennan flokk og vantreysti honum í þjóðfrelsismálum þessarar litlu þjóðar, vegna þess að það hefur enginn flokkur á Íslandi, það hafa engir aðrir en íslenskir sósíalistar verið eins háðir erlendu valdi. Þessir menn fóru fund eftir fund í eins konar utanstefnur til Moskvu á alþjóðafundi kommúnistasambandsins. Alþb.-menn hafa að vísu nú reynt að þvo af sér þetta orð og segja: Sovétríkin koma okkur ekkert við lengur. Sá sósíalismi sem þar er á ferðinni er ekki okkar sósíalismi. Við ætlum að reyna að koma upp annars konar sósíalisma. Við ætlum að gera aðra tilraun. Tilraun sem reyndar hvergi hefur verið gerð í heiminum. En ég segi: Íslendingar frábiðja sér slíkar tilraunir. Það hefur verið gerð tilraun með að koma á sósíalisma í Sovétríkjunum og í Austur-Evrópuríkjunum. Slíkar tilraunir hafa ekki verið gerðar annars staðar og Íslendingar frábiðja sér að verða næsta tilraunadýr í þeirri starfsemi.

Yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar hefur tekið þá ákvörðun og staðið við hana í mörgum kosningum að vilja hafa varnir hér á Íslandi. Og langstærsti hluti íslensku þjóðarinnar tók þá ákvörðun og hefur stutt þá ákvörðun að þeim vörnum sé hagað með þeim hætti sem verið hefur, að gera sérstakt varnarsamkomulag við Bandaríkin. Ég er sannfærður um að langmestur hluti íslensku þjóðarinnar er ennþá sömu skoðunar. Rætt er um það að með dvöl bandaríska herliðsins á Íslandi séum við að kalla sérstaka hættu yfir okkur, ekki síst hættu á árás með kjarnorkuvopnum. Ég er algerlega ósammála þessum málflutningi. Ég er sannfærður um að það er einmitt lega Íslands, hin hernaðarlega mikilvæga staða Íslands í miðju Atlantshafi, staða sem m. a. sjálfur Lenin kom auga á mjög glögglega á sínum tíma, það er hún sem því veldur að þessi eyja getur ekki og má ekki vera varnarlaus.

Við skulum líka hafa það í huga að allar götur síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk hafa verið háðir tugir styrjalda í heiminum. Það hafa ekki verið kjarnorkustyrjaldir. Það hafa verið styrjaldir með venjulegum vopnum, hræðilegum vopnum engu að síður. En þær styrjaldir hafa fyrst og fremst farið fram á svæðum þar sem smáþjóðir hafa verið varnarlausar. Þar sem stórveldi, ekki síst Sovétríkin, hafa reynt að þrýsta sér inn í tómarúm sem skapast hefur á hinum ýmsu stöðum á hnettinum. Það er þess vegna enginn vafi á því í mínum huga, að áframhaldandi varnir hér á landi eru nauðsynlegar. En ég er líka þeirrar skoðunar, að í þeim efnum, í mati á því eigum við Íslendingar alls ekki að vera háðir öðrum þjóðum. Við eigum að geta reynt að meta sjálf bæði nauðsyn okkar varna og fyrirkomulag þeirra. Þess vegna er það sjálfsagt að till. eins og sú sem hér er til umr. verði samþykkt á hv. Alþingi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hæstv. félmrh. og formaður Alþb. flutti hér langa tölu áðan og var mikið niðri fyrir. Auðheyrt var að það sem sagt hafði verið úr þessum ræðustóli hafði snert hann, haft þau áhrif að honum svall móður í brjósti. Það var eitt atriði í ræðu hæstv. félmrh. og formanns Alþb. sem ástæða er til að víkja hér sérstaklega að.

Hann lét svo ummælt að fyrrv. utanrrh. Guðmundur Í. Guðmundsson hefði viðurkennt að hafa tekið sæti í vinstri stjórninni til þess eins að geta þar setið á svikráðum við samráðherra sína. Nú hika ég ekki við að fullyrða og tel mig raunar vita að svona hafi Guðmundur Í. Guðmundsson aldrei tekið til orða. Þess vegna fullyrði ég að þessi ásökun hæstv. félmrh. er röng. Guðmundur Í. Guðmundsson sagði ekki þau orð sem formaður Alþb. lagði honum í munn hér áðan. Þess vegna skora ég á hæstv. ráðh. að finna orðum sínum stað, greina frá því hvar þessi ummæli er að finna og hvenær þau voru sögð. Auðvitað hljótum við, sem hér höfum hlýtt á umr., að draga þá ályktun að hann hafi vitnað orðrétt til þess sem utanrrh. hafi sagt.

Það er alvarlegur hlutur ef ráðh. í ríkisstjórn Íslands leggur mönnum orð í munn með þeim hætti sem hæstv. félmrh. gerði hér áðan og það reynist síðan vera staðlausir stafir og ekki hafa við nein rök að styðjast. Ég er sannfærður um að Guðmundur Í. Guðmundsson hefur ekki látið þau orð falla sem hæstv. félmrh. lagði honum í munn. Það má vera að hann hafi talað í þá veru að hann hafi tekið sæti í þessari ríkisstj. til að hyggja sérstaklega að þessum viðkvæmu málum. En að hann hafi sagt að hann ætlaði sér að taka sæti í þessari ríkisstj. til að sitja þar á svikráðum við samráðherra sína, það

held ég að sé alrangt. Ég trúi því að það sé alrangt meðan hæstv. félmrh. finnur ekki orðum sínum stað, segir þingheimi hvenær þau voru sögð, við hvaða tækifæri og hvar þau sé að finna.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef það nú ekki til siðs að hafa með mér bókasafn mitt hingað, en ég óska eftir því að þessari umr. verði frestað til þess að ég geti flett upp þeim gögnum sem nauðsynleg eru og vitnað til þeirra, svo sem hv. síðasti ræðumaður hefur óskað eftir.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég skal vera örstuttorður í mínum málflutningi. Mér finnst það vera harla einkennileg ástæða sem hæstv. félmrh. ber fyrir sig um frestun þessa máls. Þetta er í þriðja skiptið sem þessi þáltill. er flutt hér á hv. Alþingi. Fyrsta skiptið kom hún mjög seint fram og reyndar í annað skiptið líka. Nú gefst hins vegar tækifæri til að láta reyna á hvort till. fæst samþykkt. Hún þarf að fara til utanrmn. Þar á Alþb. sinn fulltrúa. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að hæstv. forseti taki til greina að fresta umr. um þessa till. vegna þess eins að hæstv. ráðh. getur ekki sagt hér og nú að þeim ummælum sem hann er með í umr. sé hægt að finna stað einhvers staðar nema hann fái að leita í bókasafni sínu og koma með hluta af því hér inn á hv. Alþingi. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hæstv. ráðh. að vera þægan eitt andartak, bara eitt andartak. Hugsum okkur svo að hver og einn neytti þessara bragða. Ég stæði t. d. upp í einhverju máli, sem ríkisstj. þyrfti að koma í gegn, og segði: Ja, einhver maður, sem er flokksbróðir hæstv. ráðh., sagði einhvern tíma eitthvað. Svo kemur einhver upp og segir: Viltu ekki færa orðum þínum stað? Ég heimta bara að málinu sé frestað til þess að ég geti fengið að leita að þessu í bókasafni mínu. Þetta er náttúrlega með slíkum endemum, að það tekur varla tali að þurfa að hlusta á svona lagað.

Málið er það, að hæstv. ráðh. kom hér í ræðustól áðan án þess að hafa hugmynd um hvaða mál væri á dagskrá. Hann heyrði aðeins að einn af fulltrúum Alþb. — ég ætla nú ekki að móðga hv. 8. landsk. þm. með því að telja hann fulltrúa þingflokks Alþb. — kemur hér upp, flytur sín sjónarmið, fer halloka í umr. Hæstv. félmrh. sér það og heyrir og vill leggja orð í belg og flytur einhverja gamla ræðu, sem ég er búinn að heyra hann flytja svona 20—30 sinnum, fyrst í skóla, síðan á kappræðufundum og hef síðan lesið hana í ritstjórnargreinum Þjóðviljans og loks hér á Alþingi, ræðu sem ég býst við að Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason hafi samið fyrir hann, því að hún er frá 1945, en þá var hæstv. ráðh. eins árs. Og koma svo hér í ræðustól og biðja um að málinu sé frestað, ég bara skil ekki slíka ástæðu. Það hlýtur að vera einhver önnur ástæða fyrir því en þessi.

Það sem skiptir auðvitað máli eru ekki umr. um sjónvarp, eins og hæstv. ráðh. var að fjalla hér um þegar hann komst næst nútímanum, fjallaði um amerísku sjónvarpið og minnti mann satt að segja á auglýsinguna sem hefur komið í sjónvarpið stundum: Þetta er ekki auglýsing um æðarvarp, þetta er ekki auglýsing um kúluvarp, þetta er auglýsing um sjónvarp. Slík var ræða hæstv. ráðh. Hún bar eiginlega öll merki slíkra sjónvarpsauglýsinga. Málið er ósköp einfaldlega það, að hér er verið að fjalla um till. sem hefur ekkert með NATO að gera eða Atlantshafsbandalagið, ekkert með herstöðina eða varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli. Þetta er till. um það að stofnað verði til embættis ráðunauts á Íslandi, sem geti á grundvelli íslenskrar þekkingar ráðlagt þeim sem taka ákvörðun um varnar- og öryggishagsmuni þjóðarinnar, íslenskum stjórnvöldum, hvernig hægt sé að komast að sem bestri ákvörðun. Það er aðeins verið að fara fram á að þetta sé gert á grundvelli þekkingar og ég hef fært fyrir því mörg og ágæt rök.

Mér þótti ræður þær sem á eftir komu mjög góðar og skemmtilegar. Ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst allt í lagi að hlusta á hæstv. ráðh. flytja þessa ræðu sína, sem hann er náttúrlega þaulæfður í að flytja allt frá barnsaldri. En hún fjallar bara ekkert um þetta mál, það er lóðið. Ég mælist því til þess, hæstv. forseti, þar sem gera má ráð fyrir að þetta þing verði í styttra lagi og jafnvel fari fram kosningar í apríl, sem þýðir að svo kann að fara að þing verði rofið í næsta mánuði, að þessu máli verði flýtt, því frestað og hv. utanrmn. falið að fjalla um það. Ef hv. nefnd kemst að þeirri niðurstöðu að þetta sé æskilegt, þá fáum við í síðari hluta umr. tækifæri til að fjalla um málið frekar og þá skora ég á hæstv. ráðh. að koma hér í ræðustól og finna orðum sínum stað, sem hann treystir sér ekki til að gera í þessum umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. er það mjög í mun að fá till. til meðferðar í nefnd. Ég get svo sem vel fallist á þá ósk hans, tel það sanngirnismál að hann fái málið þar til meðferðar. Ég hef ekkert á móti því og ég tel alveg ástæðulaust að vera að setja á meiri háttar kappræður um það mál út af fyrir sig, eins og hann gerði tilraun til hér áðan. Það er sanngirnismál að þetta fari í nefndina. Svo skulum við ræða málið áfram þegar það kemur úr henni, þegar og ef það kemur úr henni. Um það vitum við auðvitað ekki. Þá getum við kannske einnig fjallað betur um efni þessarar till. Hún hefur verið rædd hér nokkuð áður, í dag af hv. 8. landsk. þm., Guðrúnu Helgadóttur. Sömuleiðis hefur þetta mál oft verið rætt áður af bæði mér og öðrum hér úr þessum ræðustól. Ég tel enga ástæðu til þess að fara frekar út í það núna og eyddi þess vegna ekki mörgum orðum að því hér áðan. Ég taldi ekki þörf á því, en mér finnst sjálfsagt að taka þessa till. til sanngjarnrar athugunar, enda veit ég að hv. þm. Friðrik Sophusson þekkir það að við Alþb.-menn reynum yfirleitt að vega hlutina og meta af fullri sanngirni. Við munum einnig að sjálfsögðu gera það í þessu máli.

Ástæðan til þess að ég kom hér upp áðan var auðvitað fyrst og fremst sá málflutningur sem uppi var hafður af tveimur talsmönnum Alþfl. Síðan hafa náttúrlega fleiri bæst í þennan kór eins og gengur. Ég ætla ekki að eyða frekari orðum að því nema segja það að lokum. Hv. þm. Friðrik Sophusson kvartaði undan því að hafa heyrt þá ræðu alloft sem ég flutti hér áðan. Hann á eftir að heyra hana sjálfsagt nokkrum sinnum enn. Ég dreg ekkert af mér að flytja þessa ræðu vegna þess að ég tel að það sé góður málstaður, sem ég hér berst fyrir og aðrir þeir sem hafa svipaðar skoðanir á þessum málum og ég og Alþb. Við drögum því ekkert af okkur í þeim efnum og hv. þm. Friðrik Sophusson verður að búa sig undir að hlýða á þær ræður allmargar

enn. Við höldum þær þangað til okkar málstaður hefur unnið þann sigur sem hann á skilið í þessu landi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki heyrt hæstv. ráðh. halda þessa ræðu sína oft og ég harma það að minn ágæti flokksbróðir og samþm. í þessu kjördæmi, 10. þm. Reykv., er orðinn leiður á að heyra hana. Ég vil að hæstv. ráðh. flytji hana sem allra oftast, því að hún er samfelld saga þeirrar baráttu, sem hefur átt sér stað um varnarmál og þátttöku Íslands í vestrænni samvinnu um varnir Íslands og varnir vestrænna ríkja og hún er saga um samfellda sigurgöngu gegn Alþb.-mönnum og málstað þeirra. Ég ætla að biðja hv. 10. þm. Reykv. að stöðva alls ekki hæstv. ráðh. í þessum ræðuflutningi sínum, ekki undir neinum kringumstæðum.

En það sem sló mig í upphafi málflutnings hæstv. ráðh. í fyrstu ræðu hans var að hann talaði um hroka þeirra sem tala af sannfæringu fyrir vestrænni samvinnu og fyrir þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir sem 47. mál þessarar virðulegu stofnunar. Hver talar af hroka og hver talar af mikillæti, eins og hann orðaði það? Er það að tala af hroka að tala af sannfæringu gegn málflutningi ráðh., gegn málflutningi Alþb.? Hafa aðrir þm. og aðrir menn ekki heimild til þess að hafa sína skoðun og fylgja henni eftir, án þess að sérstaklega sé talað um að þeir séu hrokafullir í sínum málflutningi? Þeir sem tala með vörnum Íslands og þátttöku Íslands í vestrænni samvinnu tala af meiri sannfæringu heldur en þeir sem tala gegn því að Ísland sé varið land. Þar er ekki glóð einhvers staðar að finna. Þar er eldur, sem brennur í æðum, sem Alþb.-menn ráða ekkert við.

Ég vil ekki taka undir það sem hér hefur verið sagt um Alþb., að það sé hópur sérvitringa sem berjist gegn vörnum Íslands. Þetta er sértrúarflokkur á því sviði. Það er komið við fjöregg og að því er virðist eina stefnumálið sem sameinar þann hóp manna sem berjast gegn vörnum Íslands og samstarfi vestrænna ríkja.

Ég hjó eftir því að hæstv. ráðh., sem einnig gegnir því veigamikla embætti innan Alþb. að vera formaður þess, sagði: Svo lengi sem Alþb. er Alþb. mun það berjast gegn varnarliðinu, heyrðist mér hann segja. (**Gripið fram í:** Hernum.) Hernum, já, varnarliðinu, þá hef ég heyrt nokkurn veginn rétt. Nú vill svo til að í Þjóðviljanum var sagt frá því eftir ársþingið, eða hvað þeir kalla nú sína stærstu samkomu, að Alþb. hefði á þessari samkomu sinni samþykkt að skipa nefnd til þess að gerbylta Alþb., endurskoða stefnu þess og störf. Það getur þess vegna vel verið að það sé að koma að því að Alþb. og Alþb.-menn hafi loksins séð að lengra verður ekki haldið á þeirri braut sem þeir hafa hingað til gengið. Og það þýðir, virðulegi góði vinur hv. 7. þm. Reykv., að sú endurhæfing, sem á ykkur hefur verið ástunduð undanfarið af íslensku þjóðinni og málflutningi þeirra sem hafa staðið með vestrænni samvinnu, er farin að bera árangur. Lengra getið þið ekki gengið í vitleysunni en þið hafið þegar komist.

Þá vil ég nefna það sem sló mig einna helst í málflutningi hv. 8. landsk. þm. Í hennar frumræðu var kjarni málflutnings Alþb. yfirleitt, sérstaklega ef þessi mál koma á dagskrá. Hún sagði: „Það á ekki að ræða þessa þáltill., það á ekki að ræða þetta mál, það á að vísa því burt án umr.“ Þetta undirstrikar hugsunarháttinn, þann hugsunarhátt sem kemur fram hjá þeim sem eru einræðishneigðir. Það á ekki einu sinni að fá að ræða á Alþingi Íslendinga mál sem kemur þeim ekki vel að ræða eða fá þau á dagskrá.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að taka þátt í samstarfi vestrænna þjóða á þann hátt sem við gerum og frekar auka það samstarf en að draga úr því. Og það þýðir að sjálfsögðu að ég vil hér sterka varnarstöðu, ekki veika. Hvort sú till. til þál. sem hér liggur fyrir er þörf eða óþörf, það skal ég ekkert um segja. Ég mun standa að samþykkt hennar, en ég álít hana að því leyti til óþarfa, að ég held að varnarmálanefnd eða utanrrn. hefði getað, án þess að þessi till. kæmi hér til samþykktar, ráðið slíkan mann. Það er það sem gerir það að verkum að ég tel að þessi till., um að ráða ákveðinn starfsmann til að gegna ákveðnu hlutverki, sem er að sjálfsögðu hluti af hlutverki varnarmálanefndar okkar Íslendinga, eigi ekki að koma fyrir Alþingi, heldur eigi varnarmálanefnd að ráða slíkan mann, ef hún telur þörf fyrir hann.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málefni El Salvador, þáltill. (þskj. 89). – Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef ásamt tveimur öðrum þm. Alþfl. leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 89, till. sem fjallað um málefni El Salvador og till. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til utanrrh., að Ísland beiti áhrifum sínum, hvarvetna þar sem þess gefst kostur á alþjóðavettvangi, til þess að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála í El Salvador, jafnframt því að beita sér fyrir því gagnvart Bandaríkjastjórn, að hún láti af hernaðarstuðningi við þá ógnarstjórn sem fer með völd í El Salvador. Í þessu sambandi er sérstaklega minnt á nýlegt tilboð stjórnarandstöðunnar um, að deiluaðilar setjist að samningum, og hvatt til þess, að Ísland stuðli að því, að af slíkum samningum verði sem allra fyrst.“

Þess er að geta að till. er skrifuð á haustmánuðum og sú grg., sem henni fylgir og ég mun hér á eftir í máli mínu styðjast við, er skrifuð á haustmánuðum. Síðan hefur auðvitað eitt og annað gerst, þó ekki neitt sérstaklega ánægjulegt, í þessum efnum. Grg. ber þess sem sé merki að hún er rituð á s. l. hausti.

Skemmst er frá því að segja, að þær ríkisstjórnir sem farið hafa með völd í El Salvador bera ábyrgð á einhverjum mestu fjöldamorðum síðari ára. Samkv. heimildum frá fulltrúum kirkju og mannréttindasamtaka hafa tugþúsundir manna verið myrtar á kerfisbundinn hátt á síðustu þremur árum. Á síðustu þremur árum hefur Mannréttindanefnd El Salvador skráð rúmlega 26 þúsund morð á óbreyttum borgurum í landinu. Mannréttindasamtök, sem starfa í El Salvador, og kirkjunnar menn þar í landi halda því fram, að langflest þessara morða séu framin af öryggissveitum, her og lögreglu landsins. Það hefur einnig verið sýnt fram á tengsl milli herforingjanna í El Salvador og ýmissa hópa öfgamanna, sem vinna þessi óhæfuverk að langmestu leyti. Mikill meiri hluti fórnarlambanna er fátækir landbúnaðarverkamenn, en allar stéttir landsins hafa þó orðið fyrir barðinu á því sem þarna hefur verið að gerast. Sérstaklega má nefna, að talið er að 42 læknar

hafi verið myrtir á síðustu þremur árum og mikill fjöldi kennara, bæði við æðri og lægri skóla, hefur horfið sporlaust.

Það er talið að nú hafi rúmlega 1 millj. manna orðið að yfirgefa heimili sín eftir að ógnaröldin hófst í El Salvador árið 1979. Þetta lætur nærri að sé fimmti hver landsmaður, sem kominn er á flótta í eigin landi eða á flótta úr eigin landi. Samkvæmt heimildum mannréttindasamtaka standa herinn í El Salvador og lögreglan fyrir skipulögðum pyntingum í fangelsum landsins. Með þetta þarf ekki að fara í neinar grafgötur. Fyrir þessu liggja skjallegar heimildir víða.

Nú er það svo, að aftökur og hryðjuverk hers og lögreglu hafa verið gagnrýnd ákaft á alþjóðavettvangi að undanförnu. Á síðasta ári virtust aðferðir yfirvalda vera að breytast til samræmis við aðferðir sem ógnarstjórnir sunnar í þessari álfu hafa beitt og beita. Tölur yfir mannshvörf sýna að á þessu ári hafa þau á sumum tímabilum ársins þrefaldast miðað við sama tíma í fyrra, þ. e. árið 1981. Það er einnig hrikalegt að ofbeldi gegn konum virðist fara vaxandi. Skýrslur mannréttindasamtaka sýna að 90%-þeirra kvenna sem handteknar eru er nauðgað. Þá er til fjöldi vitnisburða um fjöldamorð á óbreyttum borgurum á þessu ári.

Það er alveg augljóst að ríkisstjórn El Salvador ræður ekki við þennan vanda. Þrátt fyrir gífurlega og að því er virðist næstum ótakmarkaða hernaðar- og efnahagsaðstoð Bandaríkjastjórnar hefur stjórnarhernum og lögreglunni lítt miðað í baráttu við vopnaða stjórnarandstöðu, sem hefur rúmlega þriðjung landsins, ef ekki meira, undir sinni stjórn. Það verður að teljast afar ólíklegt að unnt sé að vinna hernaðarlegan sigur þar sem þjóðin skiptist í andstæðar fylkingar og her og lögregla halda almenningi í stöðugum ótta. Þrátt fyrir yfir 80 millj. dollara aðstoð Reagan-stjórnarinnar á s. l. ári hefur yfirstjórn landsins lítið miðað í baráttunni gegn skæruliðum FMLM, hinni vopnuðu stjórnarandstöðu landsins.

Það virðist því rétt, að reynt sé til þrautar að ná samkomulagi hinna stríðandi afla. Þar hafa menn ekki haft árangur sem erfiði. Settar hafa verið fram hugmyndir til lausnar, og þær án skilyrða, en þeim tilboðum hefur verið hafnað.

Nú er það svo, að menn kynnu að spyrja: Hvers vegna að taka þessi mál upp hér? Jú, okkur ber vissulega skylda til þess þar sem ofbeldi og mannréttindabrot eiga sér stað og við teljum að við getum með einhverjum hætti stuðlað að lausn mála. Hér var síðast í gær maður frá þessu hrjáða landi, sem þm. höfðu tækifæri til að ræða við, og kom fram í hans máli að ástandið verður æ erfiðara: Efnahagsástandi hrakar, atvinnuleysi vex og þar af leiðandi verður erfiðara ástand hjá öllum almenningi. Það er talið að þjóðarframleiðsla þarna hafi minnkað mjög verulega, verðlag á helstu framleiðsluvörum landsins, sem er kaffi og baðmull, hafi lækkað. Erlent fjármagn hræðist það öryggisleysi sem er þarna í stjórnmálum. Innfæddir kaupsýslumenn senda gróða sinn úr landi og alvarlegur gjaldeyrisskortur ríkir. Fyrirtæki loka hvert af öðru. Það sem virðist halda lífinu í þessari ríkisstjórn er efnahagsaðstoð Reagans Bandaríkjaforseta.

Bandaríkjaþing hefur, að því ég best veit, sett þau skilyrði að þessari aðstoð verði ekki áfram haldið nema því aðeins að mannréttindabrotum linni og það sé hægt að tala um að þar hafi orðið jákvæð þróun. Frá því segir í síðasta hefti bandarísku vikuritsins Time, að embættismenn í Washington hafi veitt því athygli með mikilli ánægju að pólitísk morð væru nú færri en 200 á mánuði, en voru 500 pólitísk morð á mánuði árið 1981. Vissulega má e. t. v. með nokkrum hætti segja að þar hafi ástandið skánað, en gott er það auðvitað ekki. Og hér er haft eftir embættismanni í bandarísku utanrrn.: Þetta er auðvitað feiknarlegur fjöldi morða og ekki er þetta beinlínis jákvæð mynd, sem hér blasir við, en þetta er þó verjanlegt.

Í nóvember á s. l. ári skýrði eitthvert blaðanna á Norðurlöndum frá því, að fram til þessa hefðu 5639 manns fallið í borgarastyrjöldinni í El Salvador. Þar af voru 762 hermenn, 2500 úr skæruliðasveitum. Afgangurinn, um 2400 manns, var borgarar, börn, menn og konur, sem lent höfðu í eldlínunni milli stríðandi afla.

Nú er það auðvitað svo, að það verður Bandaríkjaforseta og Bandaríkjastjórn til ævarandi lítils sóma, að ekki sé sagt skammar, að hafa stutt við bakið á þessari ógnarstjórn með jafnríkulegri efnahagsaðstoð og hernaðaraðstoð sem hér er um að ræða, og það er auðvitað alveg ljóst að á bandaríska þinginu er veruleg andstaða við þetta, en forsetinn hefur engu að síður haft sitt fram.

Það heyrði til mikilla undantekninga og raunar tíðinda á s. l. hausti, um miðjan nóvember, þegar sendiherra Bandaríkjanna í El Salvador kvað upp úr um ástandið þar í landi. Þá voru birt við hann blaðaviðtöl, og í einu þessara viðtala sagði hann: Undir venjulegum kringumstæðum tala sendiherrar ekki um þessa hluti, en þetta eru bara ekki venjulegar kringumstæður.

Það sem honum lá á hjarta og það sem hann sagði var: Ef dómskerfið í þessu landi starfar ekki, ef morðingjum bandarískra ríkisborgara er sleppt átölulaust, þá ætlar þessi sendiherra Bandaríkjanna að leysa frá skjóðunni.- Og það gerði þessi sendiherra Bandaríkjanna í El Salvador.

Það sem hann kvartaði einkum yfir var að stjórnvöld í El Salvador höfðuðu ekki mál á hendur herforingja í stjórnarher landsins fyrir að gefa fyrirmæli um það á árinu 1981 að tveir bandarískir landbúnaðarsérfræðingar skyldu myrtir. Þeir voru myrtir og eftir sendiherranum er haft í þessu tölublaði Newsweek, 15. nóv. 1982: „Við vitum að þessi maður er sekur. Sannanirnar og rökin eru yfirgnæfandi. Dómarinn horfir bara framhjá sönnunargögnunum og ástæða er til að ætla að dómarinn hafi óttast um líf sitt ef hann hefði úrskurðað á annan veg."

Ennfremur greindi sendiherra Bandaríkjanna frá því, að vopnaðir menn í borgaralegum klæðum hefðu numið á brott a. m. k. 15 vinstri sinnaða stjórnmálamenn og foringja verkalýðsfélaga í okt. Her El Salvador játaði seint og um síðir að hafa 8 þessara manna í haldi á sínum vegum. En hvað um hina? Enginn veit örlög þeirra.

Ýmislegt fleira mætti hér tiltaka, en ég kýs að láta máli mínu senn lokið. Ég ítreka að við Íslendingar getum haft áhrif á þróun þessarar deilu. Við getum haft áhrif til þess að stuðla þarna að friði, m. a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem um skeið hefur verið unnið að því að reyna að leysa þessa deilu. Við getum einnig og við eigum einnig að þrýsta á ríkisstjórn Reagans Bandaríkjaforseta að láta þegar í stað af hernaðaraðstoð við herforingjastjórnina. Án hernaðar-

aðstoðar Bandaríkjamanna gætu her og lögregla í þessu ógæfusama landi ekki haldið uppi þeirri ógnarstjórn og þeim hryðjuverkum sem einkennt hafa sögu þessa lands og alla þróun mála þar undanfarin ár. Alþfl. leggur ríka áherslu á að sem víðtækust samstaða geti náðst um þessar till.

Ég vil skjóta því hér inn að lokum, að ég heyrði þess getið í fréttum að hér ætti að sýna á næstunni kvikmynd sem heitir „Saknað" eða Missing. Það er bandarísk kvikmynd. Hún gerist í einu af einræðisríkjum Suður-Ameríku. Hún fjallar um föður sem fer að leita að syni sínum sem herforingjastjórn hefur handtekið að tilefnislausu. Ég veit að þm. og raunar við öll höfum gott af því að sjá þessa mynd. Hún er verulega áhrifarík. Ég held að Bandaríkjamenn verði ekki sakaðir um að draga þar of dökka mynd eða of sterkar línur. Ég held að því miður sé þessi mynd allt of sannleikanum samkvæm.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til utanrmn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fylgja afstöðu okkar Alþb.-manna úr hlaði með langri ræðu að þessu sinni. Ég gerði nokkra grein fyrir málefnum El Salvador á síðasta þingi og hv. flm. hefur gert það hér nú.

Við vitum að í Suður-Ameríku er nú herforingjaeinræði í Argentínu, Chile, Uruguay, Bolivíu, Honduras, Guatemala og El Salvador —ógnarstjórnir sem njóta fulltingis og efnahagsaðstoðar Bandaríkjastjórnar og bandarískra auðhringa.

Herforingjaklíkurnar hafa stjórnað El Salvador hver af annarri frá 1931, þegar síðasta kjörna forsetanum var steypt af stóli. Farabundo Marti, sem þjóðfrelsishreyfingin í El Salvador er kennd við, var myrtur 1932 ásamt þúsundum annarra landsmanna og síðan hefur landinu verið stjórnað af leppstjórnum erlendra ríkja.

El Salvador er land þjakað af fátækt og þjóðfélagslegu misrétti, menntunarskorti og hörmungum. Á sama tíma samþykkir bandaríska þingið ár eftir ár gífurlegt fjármagn til þess að leppstjórnir þeirra geti viðhaldið þessu ástandi með hervaldi, misþyrmingum og morðum, eins og hér hefur verið lýst.

Öllum siðmenntuðum þjóðum ber að beita sér fyrir því að Bandaríkin láti nú þegar af þessari fjárhagsaðstoð við núverandi svokallaða ríkisstjórn í El Salvador. Fyrr ná stríðandi öfl í landinu ekki saman um friðsamlega lausn.

Þingflokkur Alþb. lýsir því yfir eindregnum stuðningi við framkomna till. hv. þm. Alþfl. og skorar á Alþingi að sjá til þess að hún verði afgreidd á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárhagsstaða láglaunafólks og lífeyrisþega, þáltill. (þskj. 104). – Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Jóni Árm. Héðinssyni, Magnúsi H. Magnússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur leyft mér að flytja till. til þál. um könnun á fjárhagsstöðu láglaunafólks og lífeyrisþega. Till. er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram sérstaka könnun á fjárhagsstöðu og afkomu láglaunafólks og lífeyrisþega, þar sem m. a. verði sérstaklega könnuð áhrif myntbreytingarinnar á hag þeirra sem lægst hafa launin."

Það er tilgangur þm. Alþfl. með flutningi þessarar till. að fela ríkisstj. að láta fram fara sérstaka könnun til þess að fá fram óyggjandi upplýsingar um kjör láglaunafólks og lífeyrisþega til að auðvelda úrbætur er miði að því að tryggja afkomu þeirra Íslendinga sem búa við lökust kjör.

Í stefnuræðu, sem hæstv. forsrh. flutti Alþingi og þjóðinni 25. okt. s. l., kom fram að ríkisstj. hefur ákveðið að láta fara fram sérstaka úttekt á fjárhagsstöðu íslenskra bænda.

Flm. þessarar till. vilja á engan hátt gera lítið úr mikilvægi þess, að gerð verði úttekt á fjárhagsstöðu íslenskra bænda, alls ekki. En við sem að þessari till. stöndum erum hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé ekki síður brýnt að gera úttekt á fjárhagsstöðu láglaunafólks og lífeyrisþega. Slík úttekt mun áreiðanlega leiða ýmislegt athyglisvert í ljós og hún á jafnframt að geta verið mikilvæg leiðsögn um það, hvar brýnast sé að beita sér fyrir úrbótum og hvaða ráðstafanir skuli gera til að tryggja megi sem best afkomu þeirra sem minnst mega sín.

Þess er skemmst að minnast, hverja umræðu hinar svokölluðu láglaunabætur hafa orsakað í þjóðfélaginu. Þar hefur ýmislegt skondið og skrýtið komið upp á, að því er virðist, og staðreynd er að þeir sem úr minnstu hafa að spila, svo sem einstæðir foreldrar í sumum tilvikum og lífeyrisþegar, hafa engar bætur fengið. Hins vegar eru þess ýmis dæmi, sem margfræg eru og nefnd, að fólk sem er sæmilega stætt og stöndugt hefur fengið þessar bætur.

Ég skal vissulega viðurkenna að það er ekki auðvelt né heldur einfalt að ná því fram sem þarna var tilgangurinn, þ. e. að ná til þeirra sem mest þurfa. En því miður sýnist manni að þarna hafi ekki tekist til sem skyldi. Við erum þá alla vega reynslunni ríkari og vonandi tekst betur til og finnast heppilegri aðferðir en þarna varð raun á. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að þeir sem minnst hafa fengu stundum minnst og oftast ekkert.

Það er ennfremur skoðun okkar að í slíkri könnun sem þessi till. gerir ráð fyrir skuli m. a. sérstaklega kanna áhrif myntbreytingarinnar á hag þeirra sem lægst hafa launin. Það er alveg auðséð að ef svo heldur fram sem horfir með verðbólguþróun, þá líður að því fyrr en varir að aftur þarf að taka núll af krónunni. Þá væri ágætt að búið væri að skrá og skrifa hjá sér þá reynslu og þá lærdóma sem draga má af því hvernig til tókst með myntbreytinguna, þar sem öllum er nú ljóst að mörg smávaran hækkaði um mörg hundruð prósent. Menn þekkja allir dæmi um skrúfur og karamellur og nagla og því um líkt, sem hækkaði allt í einu um mörg hundruð ef ekki í sumum tilvikum þúsund prósent. Þar var sennilega framið rán frá almenningi með blessun yfirvalda, því miður. Margt smátt gerir auðvitað eitt stórt. Það hefur aldrei verið kannað með neinum hætti hve mikla kjararýrnun þessi smávöruhækkun hefur haft í för með sér, en við teljum tvímælalaust æskilegt að slík könnun fari fram.

Það er sannfæring okkar sem stöndum að þessari till.

að meðal láglaunafólks og lífeyrisþega á Íslandi séu kröpp kjör og fátækt almennari en margur hyggur, þrátt fyrir gnægtaþjóðfélagið. Úr því viljum við bæta. Slík könnun eins og hér er gert ráð fyrir á fjárhagsstöðu láglaunafólks og lífeyrisþega er ein af forsendum þess, að unnt sé að marka stefnu og móta aðgerðir til úrbóta í þessum efnum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er hreyft miklu máli, spurningunni um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu fyrst og fremst. Engin tök eða tími eru til að ræða þau mál til botns í þessum umr., enda verða menn sjálfsagt seint á eitt sáttir um hvað sé réttast. Jafnvel heyrast þær raddir nú, að þau tekjuskiptingarhlutföll sem við höfum þó í dag í þjóðfélaginu séu röng að því leyti til, að það þurfi jafnvel að raska þeim enn meir þeim í hag sem meira hafa, með því að ýta undir frelsi fjármagnsins og reyna að koma því sem allra mest á fárra manna hendur. Er því rétt og skylt að vera vel á verði varðandi kjör þeirra sem lakast eru settir. Við höfum svo sem öll í þessum sölum haft á orði að þá þurfi að vernda og verja og ég efast ekki um að þingheimur vill í raun og veru gera það.

Ég ætla aðeins að koma inn á þau efnisatriði sem í þessari till. felast. Í fyrsta lagi er hér um geysilega mikilvægt mál að ræða og veigamikið. Ég hef oft bent á það atriði sem hv. 1. flm. kom inn á, varðandi myntbreytinguna. Ég er ekki í neinum vafa um það að í kjölfar hennar hefði þurft að koma mjög hert verðlagseftirlit. En í þess stað hefur því miður verið gengin sú gata að auka hið svokallaða frelsi samkeppninnar á öllum sviðum, næstum að segja í kjölfar myntbreytingarinnar, sem hefur orðið til þess að glögglega hefur komið í ljós að okkur veitir ekki af öflugu verðlagseftirliti. Og þó menn geti endalaust deilt um það hversu virkt það er og hversu vel það standi vörð um kjör manna, þá er hitt þó alveg augljóst, að þegar öllu er gefinn laus taumurinn, menn fá að hækka vörur að vild sinni, þá fyrst tekur steininn úr. Þá sjá menn kannske að einhvers sé í misst þegar gallað verðlagseftirlitskerfi er brott fellt að miklu leyti. Ég veit a. m. k. að á síðasta ári, því ári sem hvað mest af hömlum við verðlagshækkunum hefur verið úr gildi fellt, hafa landsmenn ekki orðið varir við að þetta mikla frjálsræði í samkeppni leiddi til lægra vöruverðs. Ég skal ekki segja að þess hafi ekki fundist dæmi, en á miklu fleiri sviðum hefur ábyggilega alveg þveröfugt orðið uppi á teningnum.

Ég tek undir það með hv. flm. að áhrif myntbreytingarinnar voru mikil og komu víða við, allt of víða. Ég vakti mjög snemma á því athygli að þarna væri ýmislegt ekki eins og það ætti að vera. En verðlagseftirlitið og þeir sem áttu um þau mál að sjá sáu því miður ekki ástæðu til þess á nokkurn hátt að herða það eftirlit sem þurfti að vera með vöruverði í landinu í kjölfar breytingarinnar. Kom það m. a. fram í svari hæstv. viðskrh. hér í þessum þingsal.

Ég vil taka það fram út af því sem hv. flm. sagði um lífeyrisþega að vitanlega hefur orðið gjörbreyting á öllum málefnum lífeyrisþega í landinu þó við vitum að ennþá búi margir þeirra við kröpp kjör. Það eru æ fleiri sem njóta lífeyrisréttinda úr lífeyrissjóðum og hafa þar býsna góðar tekjur. Sá hópur stækkar sem betur fer. En um leið verður kannske mismunurinn enn tilfinnanlegri og meiri.

Þó að þessi till. hafi verið fram komin sá ég a. m. k. ástæðu til þess að flytja sérstaklega till. um að kjör þeirra öryrkja sem verst eru fatlaðir væru athuguð alveg sérstaklega. Mig grunar að þar sé að finna þann þjóðfélagshóp sem býr við allra lökust kjör almennt hér á landi og því tók ég þá sérstaklega út úr, enda málefnum þeirra býsna vel kunnugur. Ég held að það sé ekki ofmælt hjá mér að enda þótt í mörgum stéttum þjóðfélagsins megi eflaust finna fólk sem lítið hefur, m. a. eldra fólk, þá sé þó þessi hópur, hópur hinna verst fötluðu tvímælalaust lakast settur varðandi almenn kjör, varðandi aðstöðu alla, varðandi möguleika til tekjuöflunar, varðandi möguleika til einföldustu frumþarfa þess lífs sem við teljum sjálfsagt samkvæmt okkar lífsstíl í dag. Það er nokkuð bratt upp fyrir það fólk að horfa á þann lífsstíl sem við flest höfum tamið okkur. Það er nokkuð hátt til lofts fyrir það fólk að klífa þann stiga.

Ég tek þess vegna undir meginatriði þessarar till. Það er vissulega ástæða til þess.

Hér var drepið á galla þeirra láglaunabóta sem greiddar voru út nú fyrir jólin. Ég skal ekkert draga úr því að þeir gallar voru býsna miklir. Ég tel hins vegar að þær bætur sem greiddar voru hafi að vísu náð í yfirgnæfandi tilfellum með því fyrirkomulagi til réttra aðila. En hróplegu dæmin verða ekkert betri fyrir því, m. a. gagnvart því gólfi sem sett var á þetta. Á ég þá ekki sérstaklega við lífeyrisþegana, vegna þess að ætlunin var sú að þeir fengju þá skerðingu, sem 1. des. varð á launum manna, bætta með vissri hækkun t. d. tekjutryggingar. Nú á auðvitað eftir að meta það hvort endar hafi náðst saman þar. Ég skal ekki alveg fullyrða um það, en hins vegar var það verulega í áttina, miðað við kjör þeirra sem þar eru allra verst settir.

Við sjáum það hins vegar gleggst og best í sambandi við greiðslu á láglaunabótunum, að við búum við gallað skattakerfi, skattakerfi sem allir flokkar hér bera ábyrgð á, samkvæmt skattalögum sem menn voru að baxa við í fleiri ár að koma í gegn og reyna að ná sem allra mestri samstöðu um. Sumir segja eflaust að þarna sé um framkvæmd að ræða sem sé ein hinna gölluðustu og erfiðustu í skattakerfi okkar. Það er sjálfsagt seint hægt að komast fyrir það að menn skjóti sér undan réttmætum skyldum til samfélagsins í þessu efni. Eflaust er það rétt. En því miður fer ekki milli mála að sú viðleitni, sem ég held að allir flokkar hafi lagt mikla vinnu í, að ná fram nýjum skattalögum sem m. a. áttu að ná til þeirra sem auðveldast áttu með að svíkja undan skatti, hefur ekki náð tilgangi sínum. Það sanna m. a. ýmsir ágallar sem fram komu nú við greiðslu láglaunabótanna.

Ég vildi sem sagt taka undir meginmálið í því sem hv. 1. flm. sagði hér áðan, minna um leið á þá lífeyrisþega sem ég held að séu allra verst settir og minna enn og aftur á það, að svo gallað sem okkur þykir oft allt eftirlit og allar hömlur með verðlagi hér í landinu, þá er það þó alveg víst að hin frjálsa samkeppni í vöruverði færir ekki láglaunafólkinu neina blessun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. (þskj. 111). — Ein umr.

Flm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 111 flytjum við þrír þm., auk mín hv. þm. Páll Pétursson og hv. þm. Stefán Guðmundsson, till. til þál. um framhaldsrannsóknir á Ilmenitmagni í Húnavatnssýslum, eiginleikum þess og vinnsluhæfni. Með leyfi forseta les ég till. eins og hún birtist á þskj.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram frekari rannsóknir á þeim Ilmenitsvæðum, sem þekkt eru í Húnavatnssýslum, og leita nýrra svæða þar sem titanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.

Skal rannsóknin beinast að magni titans og annarra verðmætra efna í berginu og vinnsluhæfni þeirra.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal fylgja frumáætlun um arðsemi, vinnslu, mannaflaþörf, fjárfestingarkostnað, markaðshorfur svo og önnur atriði sem rannsóknaraðilar telja máli skipta."

Eins og í grg. með þáltill. segir er vitað um nokkra staði í Húnavatnssýslum þar sem Ilmenit er að finna, en Ilmenit er bergtegund sem oft inniheldur titan og aðrar málmtegundir.

Þeir staðir, sem nú eru þekktir í Húnavatnssýslum þar sem Ilmenit er að finna, eru Steinsvað á Víðidalsá, Urðarfell upp af bænum Melrakkadal í Víðidal, Hólar og Skessusæti austan og norðan Í Víðidalsfjalli, Deildarhjalli, sem er venjulega kallaður Hjallinn, í Vatnsdalsfjalli og fleiri staðir þar um slóðir, svo sem Borgarvirki og Hnjúkur í Vatnsdal.

Dýrmætasta efnið sem hérlent Ilmenit inniheldur er málmurinn titan, sem af kunnáttumönnum er sagður verðmætur. Einnig hefur mælst með þeim takmörkuðu rannsóknum sem hér hafa farið fram töluvert magn af járni í berginu.

Þegar ég var ungur drengur í skóla lærði ég af bókum að á Íslandi væru engir málmar í jörðu. Sem betur fer hefur sú kenning afsannast. Við vitum nú þegar að við eigum ein og önnur verðmæti í jörðu, í fjöllum okkar og dölum.

Þessi þáltill. fjallar fyrst og fremst um rannsóknir á magni titans og annarra málma sem samhliða vinnslu þess væri hagkvæmt að nýta. Titan er sagt til margra hluta nytsamlegt. Sem dæmi um notkun þess er að það er notað eitt sér sem málmur. Titan er léttur málmur. Titan er mikið notað sem íblöndun við aðra málma. Stærsti hluti titans fer þó til framleiðslu á málningarvörum. Við þekkjum væntanlega öll titanhvítu t. d. Þá er það einnig notað sem einangrun á suðuþráð og karbítþráð svo og við pappírsvinnslu, plastvinnslu o. fl.

Ég ætla ekki hér að halda fyrirlestur um eðli eða eiginleika þeirra málma sem í fjöllum Húnavatnssýslna finnast, til þess skortir mig yfirsýn og þekkingu. Það sem fyrst og fremst vakir fyrir flm. með flutningi þessarar till. er að vekja hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj. til umhugsunar um að við Íslendingar eigum ekki einungis orku til iðnaðar, heldur kunnum við einnig að eiga hráefni í landinu sjálfu til að grundvalla iðnað okkar á og þar með notkun þeirrar orku sem við eigum. Í máli mínu hef ég fyrir hönd flm. bent á einn þessara möguleika.

Flm. gera sér grein fyrir því, að undirstaða þess að við vitum hverra kosta við eigum völ á sviði iðnaðar og annarrar verðmætasköpunar á Íslandi úr íslenskri jörð er rannsóknir. Hv. alþm. tala oft og tíðum fjálglega um vandamál íslensks iðnaðar. Skýrslur hafa verið gefnar út um hækkun í hafi á þeim aðföngum sem iðnfyrirtæki hefur unnið úr hér á landi og hefur það valdið deilum. Hversu nærtækara væri ekki að vinna verðmæti úr íslenskri jörð með íslenskri orku og með íslenskum höndum.

Flm. leggja engan dóm á hagkvæmni þeirra iðnaðarkosta sem till. fjallar um. Við gerum aðeins tillögu um rannsóknir þar að lútandi. Við gerum tillögur um rannsóknir á vinnslumöguleikum þeirra efna sem till. fjallar um. Flm. telja að hér geti verið um stórt mál að ræða og óverjandi sé að þeir möguleikar, sem þarna kynnu að leynast, séu ekki rannsakaðir þó nokkurt fé muni að sjálfsögðu kosta.

Flm. þessarar þáltill. eru talsmenn hvers konar iðnaðarmöguleika í landinu. Þó við berum í þessu tilfelli fram till. um rannsóknir á auðæfum húnvetnskra fjalla og dala, þá er það í sjálfu sér ekki okkar eina takmark að þar fari fram rannsóknir og hvergi annars staðar.

Tilefni þess að við óskum eftir þeim rannsóknum og áætlunum sem till. gerir ráð fyrir er að við óttumst að ef ríkisvaldið hlutast ekki til um að rannsóknir verði gerðar á náttúruauðæfum landsins stöndum við uppi ráðalaus og vegvillt, e. t. v. með auðæfin allt í kringum okkur, flytjandi hráefni til iðnaðar frá fjarlægum heimsálfum óvitandi um auðæfi þeirrar jarðar sem við stöndum á.

Í grg. með þáltill., sem ég las áðan, er vísað til skýrslu sem Iðnþróunarstofnun Íslands og Orkustofnun gáfu út árið 1978 um íslenskt Ilmenit. Í þessari skýrslu er ýmsan fróðleik að finna um þær takmörkuðu rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði. M. a. er þar getið um rannsókn sem gerð var á Ilmeniti eða gabbróí úr Steinsvaði í Víðidalsá. Rannsóknir sýndu að titaninnihald bergsins reyndist 4.4%, en við þyngdarskiljun ákveðinnar kornastærðar tókst að auðga það upp í 25% titanoxíðs, auk 52% járns, og var talið að betur mætti gera.

Ég læt nægja að geta um þetta eina dæmi, en það sýnir okkur að þarna eru verðmæti til staðar sem vert er að gefa gaum. Hvort vinnsla þeirra er hagkvæm við núverandi aðstæður skal hér ósagt látið, en einmitt það atriði m. a. er þeim rannsóknum, sem þáltill. gerir ráð fyrir, ætlað að leiða í ljós.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en vísa til grg. sem þáltill. fylgir. Að lokinni þessari umr. legg ég til að umr. verði frestað og till. vísað til hv. atvmn. þingsins.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er síður en svo að ég hafi eitthvað við þennan tillöguflutning að athuga, þótt mér komi það reyndar nokkuð einkennilega fyrir eyru að heyra hvað Húnavatnssýsla er allt í einu orðin merkilegt landssvæði frá jarðfræðilegu sjónarmiði séð. Það hefur víðar verið minnst á Ilmenit, og kannske eru önnur svæði á þessu landi fullt eins líkleg til þeirrar vinnslu og dalir og fjöll norður í Húnaþingi.

Annars er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að vekja athygli á máli sem þessu. Það er hins vegar þannig vaxið, að nauðsynlegt er að þá sé fjallað um verkefnið sem eina heild og það sé ekki einskorðað við einstakar sýslur. Slíkur tillöguflutningur finnst mér satt að segja bera heldur mikinn keim af prófkjörsumhverfi. Þetta er

að sjálfsögðu þannig mál að líta verður á það sem verkefni yfir allt landið.

Við höfum heyrt mikið talað um t. d. staðsetningu og staðarval. Það er til sérstök nefnd sem fjallar um staðarval hinna ýmsu orkukosta, svo að það séu nú notuð orð sem oft eru viðhöfð við hátíðleg tækifæri. Það er að sjálfsögðu hvað varðar frumrannsóknir og athuganir alveg útilokað að nefna eitt sýslufélag frekar en annað, og þá alveg sérstaklega þegar það hefur enga sérstaka sérstöðu í þeim efnum.

Ég hygg að mestu gabbrósvæði á þessu landi séu suðaustanlands. Þar hefur einmitt farið fram greining á grjóti af þessu tagi. Ég hygg að ég fari líka rétt með að Jón Jónsson jarðfræðingur hafi fundið í fjörusöndum við strendur í Austur-Skaftafellssýslu sand með mjög háu innihaldi af Ilmeniti þar sem aðstæður til slíkrar hugsanlegrar vinnslu, sem vafalaust er ekki í nánd, væru mjög ákjósanlegar. Þess vegna verða menn í tillöguflutningi sem þessum, og ekki síst við afgreiðslu þingmála sem þessara, að fjalla um málið á landsvísu. Það verður að leggja áherslu á að frekari rannsóknir af þessu tagi séu bundnar við þau svæði þar sem frumrannsóknir hafa þegar farið fram og árangur þykir líklegastur. Þó að þarna sé um að ræða merkilegt byggðarlag, Húnavatnssýslur, sé ég ekki að það skapi neina sérstöðu í kringum verkefni sem þessi.

Ég vil af þessari ástæðu, um leið og ég þakka 1. flm. fyrir að vekja athygli á þessu máli, mjög ákveðið leggja til við meðferð þess í þingnefnd að þar fari sú umfjöllun fram á þeim grundvelli að þau hugsanlegu svæði sem innihalda þetta efni verði rannsökuð á jafnréttisgrundvelli, því að m. a. þá þjónar það ekki neinum tilgangi að taka eitt byggðarlag sérstaklega út úr. Það flýtir ekkert fyrir málinu á þeim stað vegna þess að það verður ekki komist hjá því áður en það hugsanlega kemur að meiri alvöru í þessu máli að meta hvort aðstæður, álíka góðar eða betri, séu annars staðar fyrir hendi á þessu landi. Þar af leiðandi má í svona máli ekki með neinum hætti gæta þröngra hagsmunasjónarmiða.

Ég vona að þetta verði ekki skoðað þannig, að ég líti á störf þessa mæta þingmanns sem dæmi þröngs sjónarmiðs í kjördæmi. En mér geðjast ekki að því að þarna skuli sérstaklega vera talað um eitt sýslufélag. Ég held að málinu sé ekki gerður sérstaklega mikill greiði með því að binda það þannig böndum.

Ég vil svo, að þessum orðum sögðum, lýsa stuðningi við breytta till.-gerð eða víðtækari afgreiðslu þessa máls því að málið er að öðru leyti hið gagnlegasta.

Flm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir hans orð, þó ég skildi ekki alveg, sem mér heyrðist í upphafi, hvers vegna hann væri að setja flutning þessarar þáltill. í sambandi við prófkjörsmál, ef ég heyrði rétt. Þetta er 109. mál þingsins. Ætli þau séu ekki orðin 170 núna. Það bendir til þess að allnokkuð sé liðið frá því að þessi till. var flutt. Ég vonast til þess að hann hafi alla vega ekki verið kominn með neinn prófkjörsskrekk þegar þessi till. var flutt. Sá skrekkur hefur ekki gert vart við sig hjá mér ennþá.

Að því slepptu tók ég það greinilega fram að ekki væri okkar eina takmark að rannsóknir færu fram á húnvetnskum fjöllum eða í húnvetnskum dölum. Ég tók það fram, að tilefni þess að við óskuðum eftir þessum rannsóknum og áætlunum sem till. gerir ráð fyrir er að við óttumst að ef ríkisvaldið hlutaðist ekki til um að rannsóknir yrðu gerðar stæðum við uppi ráðalaus og vegvillt. Ég hef síður en svo á móti því með þessum till.-flutningi, og raunar gef að vissu leyti undir fótinn með það, að rannsóknir fari víðar fram, svo sem eins og í Eystra- og Vestra-Horni í kjördæmi hv. þm. sem hér talaði næstur á undan mér. En till. beinist einungis að því, að við reynum að vinna að rannsóknum á þeim auðæfum sem við eigum í landinu sjálfu, kannske áður en við förum að flytja hráefni til iðnaðarframleiðslu til landsins yfir höf og álfur. Ég held að svona till.-flutningur muni einmitt flýta fyrir málinu.

Rannsóknir á titaninnihaldi Ilmenits munu fyrst hafa verið gerðar á Ilmeniti úr Steinsvaði í Víðidalsá. Þær gerði Baldur Líndal verkfræðingur fyrir mjög mörgum árum.

Hv. þm. telur að það sé kannske ekki á næstu grösum, eftir því sem mér skildist best, að þessi vinnsla geti átt sér stað. Má svo vel vera. Til þess vantar okkur rannsóknir. En í grg. er bent á að ýmsa málma, sem unnir hafa verið úr jörðu og unnir eru úr jörðu, er verið að vinna úr snauðari námum en áður hefur verið gert. Í grg. er dæmi um kopargrýti. Unnið var kopargrýti 1942 þar sem grjótið innihélt 1.1%. Árið 1977 eru unnar námur með 0.65% innihaldi og áætlun um að árið 2000 verði námur unnar sem eru með 0.03% innihaldi. Án rannsókna vitum við ekki hvar við stöndum, hvenær hagkvæmt er að nýta þær námur sem við kynnum að eiga hér á landi, og mér þykir nokkurs virði að það sé þekkt hverra kosta við eigum völ þarna, þannig að þegar að því kemur að þetta þykir vinnsluhæft, þessar námur sem við eigum, þegar það fer að líta þannig út að þær séu vinnsluhæfar miðað við það sem gerist víðs vegar í heiminum, þá þurfi ekki að fara að byrja á rannsóknum, heldur hafi rannsóknir verið gerðar áður og við vitum nokkurn veginn hvar við stöndum.

Þetta er aðalinnihaldið í þessu öllu. En að við séum að tefja fyrir málinu með þessum tillöguflutningi, eins og hv. þm. lét liggja að, því hafna ég alveg. Ég get alveg fallist á það, og eins og ég hef tekið fram áður er jafnvel gefið undir fótinn með það, að rannsóknir verði gerðar víðar en till. gerir ráð fyrir, en ég held að slíkar rannsóknir þurfi að fara fram sem fyrst og kannaðir séu þeir möguleikar sem við Íslendingar eigum á þessu sviði svo og öðrum sviðum í svipuðum tilfellum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 204). – 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér með fylgi ég úr hlaði frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Þetta frv. er sama efnis og frv. þau sem að venju eru lögð fram á hverju reglulegu Alþingi. Það hefur að geyma nöfn 17 erlendra ríkisborgara sem óska eftir því

að öðlast íslenskan ríkisborgararétt.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. á þessu stigi, en leyfi mér að óska þess að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 154). - 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Undanfarin misseri hefur það gerst hér, sem gerst hefur einnig víðast hvar í löndunum í kringum okkur, að orðið hefur svokölluð vídeósprenging eða vídeóbylting. Fyrirtæki, sem leigja út kvikmyndir og ýmiss konar efni á myndböndum, hafa sprottið upp eins og gorkúlur – ekki aðeins hér á þéttbýlissvæðum höfuðborgarinnar, heldur og hvarvetna, að ég hygg, í þéttbýli út um allt land. Þessi fyrirtæki hafa á boðstólum kvikmyndir af ýmsu tagi, upp og ofan eins og gengur og gerist, góðar myndir, slakar myndir og allt þar á milli og raunar niður í það að hafa hér á boðstólum myndir sem engum manni eru boðlegar. Um þetta hefur margt verið rætt og ritað og raunar mun það liggja fyrir að nokkur hluti þeirra myndbanda, sem hér eru á markaði í slíkum leigum, er ekki fenginn með eðlilegum hætti. Þá á ég við það, að ekki hafa verið greidd af þeim tilskilin gjöld og þau hafa ekki verið flutt inn löglega.

Nú býst ég við að mikill meiri hluti þeirra manna sem reka slík fyrirtæki sé með allt sitt á hreinu og hafi farið að lögum. En hins eru örugglega dæmi, og um það hefur verið fjallað í blöðum nýlega, að hér er töluvert af efni sem er, svo sagt sé hreint út, stolið, og er auðvitað miður að slíkt skuli látið óátalið.

Annar þáttur þessa máls er sá, að töluvert af því efni, hluti þess efnis sem hér er á boðstólum, er ofbeldismyndir og klámmyndir – ofbeldismyndir sem engum manni geta gert gott og sem sumar hverjar eru bannaðar í löndunum hér í kringum okkur. Skemmst er þess að minnast í þessum mánuði þegar einn af blaðamönnum Þjóðviljans – og ég hélt að ég ætti ekki eftir að upplifa það að þakka blaðamanni Þjóðviljans, en hann á vissulega þakkir skilið fyrir það frumkvæði, – hafði upp á kvikmyndinni Cannibal Holocaust, sem hvarvetna erlendis hefur verið gerð upptæk á myndbandaleigum þar sem talið er að þar hafi raunverulegt morð verið framið fyrir framan myndavélina. Þetta mál hefur nú verið kært og gengur sína eðlilegu leið fyrir dómstóla landsins. Þeir sem að þessu stóðu eiga vissulega þakkir skilið. En ég fullyrði að það eru fleiri myndir hér á myndbandaleigum sem bannaðar hafa verið á Norðurlöndum, og kem ég betur að því seinna.

Það er auðvitað óviðunandi ástand að hér skuli starfandi kvikmyndaeftirlit, sem skoðar allar myndir sem sýndar eru í kvikmyndahúsunum, en síðan skuli tugir fyrirtækja, sem leigja út efni á myndböndum sem streymir inn á heimilin í landinu, vera óháðir og undanskildir öllu eftirliti. Það eru sem sagt engar reglur í gildi um það, hvernig með slíkt efni skuli fara. Það er engum takmörkunum háð og þar eru allar gáttir opnar. Og það verður að segjast eins og er, að hæstv. menntmrh. og hans virðulega rn. hafa ekki verið sérlega framsækin eða fljót að taka við sér í þessum efnum.

Ég leyfi mér að flytja hér ásamt hv. 2. þm. Reykn. frv. til l. til breyt. á lögum um vernd barna og ungmenna, en í lögum þessum eru ákvæði um sýningar kvikmynda og kvikmyndaeftirlit. Sú breyting sem við leggjum til að verði gerð á lögunum um vernd barna og ungmenna er í þá veru, að sú stefna verði mörkuð í lögum að ekki megi sýna börnum innan 16 ára kvikmyndir er ætla má að haft geti skaðleg áhrif á sálarlíf þeirra eða siðferði. Í öðru lagi að slá því föstu svo að ekki verði um villst, að kvikmyndir á myndböndum og myndplötum skuli háðar kvikmyndaeftirliti eins og allar aðrar kvikmyndir sem almenningi eru ætlaðar. Og í þriðja lagi að kveða skýrt á um að óheimilt sé að leigja eða sýna börnum innan 16 ára myndefni sem þeim er talið skaðlegt.

Við leggjum til að upphaf VI. kafla laga um vernd barna og ungmenna breytist og verði svohljóðandi, með leyfi forseta – ég les aðeins fyrri hluta þessa kafla laganna, sem breytist:

„Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, sem ætla má að geti haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt.

Ráðh. tilnefnir að fengnum tillögum barnaverndarráðs sérstaklega þar til hæfa menn til 5 ára í senn til að annast skoðun kvikmynda, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum, og úrskurða um sýningarhæfni kvikmynda, sem seldar eru eða leigðar á myndböndum eða myndplötum.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs, áður en sýningar á henni hefjast fyrir almenning í kvikmyndahúsum eða hún er tekin til sölu eða útleigu á myndböndum eða myndplötum.

Eigendur kvikmyndahúsa skulu kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þeir hyggjast taka þær til sýningar.

Seljendum eða leigjendum kvikmynda á myndböndum eða myndplötum er óheimilt að leigja börnum innan 16 ára aldurs myndefni, sem haft getur skaðleg áhrif á börn samkv. framanskráðu. Jafnframt er óheimilt að selja eða leigja slíkt myndefni til fullorðinna, nema þeir undirriti yfirlýsingu um að þeir ábyrgist að myndefnið verði ekki til sýningar fyrir börn.

Sé myndefni þannig flokkað erlendis, að það teljist þar varhugavert til sýningar börnum eða svo má ætla af öðrum ástæðum, er seljendum eða leigjendum myndbanda og myndplatna skylt að fá fyrir fram úrskurð skoðunarmanna kvikmynda um sýningarhæfni myndefnis gagnvart börnum. Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar."

Nú gerðist það nokkru eftir að við höfðum flutt þetta frv. til breytinga á lögum um vernd barna og ungmenna að fram kom stjfrv. til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum. Það frv. er, að ég hygg, á dagskrá Nd. í dag, hvort sem það kemur þar til umr. eða ekki. Vissulega ber að fagna því, að þetta stjfrv. skuli fram komið. Ég held að þessi tvö frv., sem fjalla um svo skyld efni, ættu nefndir þær sem fá þessi mál til umfjöllunar að fjalla um í sameiningu. Það má vera að frv. ríkisstj. gangi nokkru lengra en frv. okkar 2. þm. Reykn., en hins vegar eru í

okkar frv. ýmis fyllri ákvæði að því er varðar vernd barna og ungmenna, þannig að ég held að það væri ekki úr vegi að um þetta væri fjallað af væntanlega allsherjarnefndum beggja deilda í sameiningu. Mergurinn málsins er auðvitað ekki sá, hver flytur málið, heldur að efnisatriði þess nái fram að ganga og það verði tryggt að börn og ungmenni njóti verndar gagnvart þeim ofbeldisóhroða sem veður uppi í þessu þjóðfélagi. Ég mundi því hvetja til þess að um þetta yrði fjallað þannig að bæði málin væru skoðuð í senn.

Ég get þess hér, að í frv. ríkisstj. er sem fskj. listi yfir kvikmyndir sem bannaðar eru í Noregi og Svíþjóð. Ég fullyrði það hér og nú, að þó nokkrar af þessum myndum, sem þar eru bannaðar, eru til leigu hér í höfuðborginni. Ég fullyrði ekki meira hér en ég treysti mér til að standa við og nefni þess vegna aðeins þrjár myndir, sem ég veit með fullri vissu um, að því tilskildu að ekki sé um að ræða aðrar myndir með nákvæmlega sömu nöfnum. Það er í fyrsta lagi myndin Cruising frá 1980, sem hér er á boðstólum. Í öðru lagi kvikmynd frá sama ári, sem heitir því aðlaðandi nafni Terror, ógn. Og í þriðja lagi mynd frá sama ári, sem heitir The Warriors eða stríðsmennirnir. Allar þessar þrjár myndir fullyrði ég að eru hér á boðstólum, og hef raunar grun um að þær séu töluvert fleiri þó að ég treysti mér ekki til að fullyrða um það.

Aðeins til marks um hvert magn af myndum nú stendur almenningi til boða á myndböndum skal þess getið um Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna eina, sem hefur margar ágætar myndir og hefur lagt sig fram um að hafa íslenskt efni, þó í allt of litlum mæli sé, á boðstólum líka, að ég sé ekki betur við lauslega samantekt en það fyrirtæki eitt sé með hátt á 5. hundrað kvikmyndir á boðstólum. Þær eru auðvitað misjafnar eins og gengur og gerist. Margt eru þekktar úrvalsmyndir, en sumt er líka rusl sem bannað er á Norðurlöndunum. A. m. k. tvær af þeim myndum sem bannaðar eru og taldar eru upp í fskj. við frv. ríkisstj. eru til leigu á þessari myndbandaleigu og víðar er áreiðanlega að finna slíkt efni.

Nú velta menn því kannske fyrir sér: Hvers vegna er verið að hafa á móti þessu? Hvers vegna er verið að gera hér aths.? Jú, ég held að það sé alveg tvímælalaust að við eigum að vinna gegn því að myndir þar sem ofbeldi er lofað og dásamað skuli eiga greiða leið inn á heimili.

Það hafa margar rannsóknir verið gerðar á áhrifum ofbeldis í sjónvarpi og kvikmyndum á börn og unglinga. Í febrúarhefti bandaríska tímaritsins Reader's Digest, sem er, þó ekki sé það kannske vísindarit, áreiðanlegt rit a. m. k., er fjallað um þetta í grein og þar eru vægast sagt ýmis atriði sem eru ógnvekjandi. Sagt er frá því þar, að táningur, grunnskólanemi, horfði á leikgerð frægrar morðsögu og réði síðan meginhluta fjölskyldu sinnar bana.

Kvikmyndin Deer Hunter, sem hér hefur verið sýnd, hefur orðið þess valdandi að fleiri en eitt ungmenni hafa leikið þann leik, sem kallaður hefur verið rússnesk rúlletta, að setja eitt skot í marghleypu og snúa síðan skothylkjahólfinu og taka í gikkinn. Fleiri en eitt ungmenni hafa gert það. Sagt er frá 12 ára gamalli stúlku sem tók of stóran skammt af svefnlyfjum vegna þess að foreldrar hennar höfðu bannað henni að gera það sem hún vildi gera. Hún sagði: Ég sá stúlku gera þetta í sjónvarpinu. Henni batnaði og þá tóku foreldrar hennar hana í sátt.

Fyrir 10 árum, eftir töluvert ítarlegar rannsóknir, gaf landlæknisembætti Bandaríkjanna út skýrslu þar sem fram kom að samhengi milli ofbeldis í sjónvarpi og andfélagslegrar hegðunar væri nægilega vel sannað til þess að þegar í stað ætti að grípa til aðgerða. Samt hefur ekkert verið gert. Talið er að ofbeldisverk gerist í bandarísku sjónvarpi a. m. k. sex sinnum á hverri klukkustund á þeim tíma sem flestir horfa. Þeir þættir sem ætlaðir eru börnum um helgar, á sunnudagsmorgnum og laugardagsmorgnum aðallega, eru taldir ennþá verri. Rannsókn sem gerð hefur verið, þar sem rúmlega 100 þús. einstaklingar hafa komið við sögu, bendir eindregið til þess að bein tengsl séu milli þess í hve ríkum mæli menn horfa á ofbeldi í sjónvarpi og þess ofbeldis sem þeir gera sig seka um. Talið er að venjuleg bandarísk fjölskylda eyði um það bil 49½ klukkustund fyrir framan sjónvarpstækið á viku. Unglingur sem er að brautskrást úr grunnskóla hefur að öllum líkindum eytt tvöfalt meiri tíma fyrir framan sjónvarpstækið heima hjá sér en hann hefur eytt í skólanum. Sá tími sem slíkur unglingur hefur varið til að horfa á sjónvarp er í kringum 10 ár, ef miðað er við 40 stunda vinnuviku, og þá er talið að hann hafi orðið vitni að a. m. k. 150 þús. ofbeldisverkum, þar af sennilega 22 þús. morðum.

Þær kannanir, sem vísindamenn hafa gert á þessu sviði, benda eindregið til þess að ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum hafi varanleg og alvarleg áhrif í fyrsta lagi. Í öðru lagi er bent á það, að ofbeldiskvikmyndir og þættir í sjónvarpi af slíku tagi losi um hömlur þannig að ef slík hneigð er fyrir hendi hafi slíkir þættir veruleg áhrif til að lækka varnargarðana, til að losa um hömlurnar. Ennfremur er bent á það, að bara það óheyrilega magn sjónvarpsefnis sem unglingar horfa á og þeim stendur til boða hafi afar neikvæð áhrif, – ekki aðeins á hegðan og framkomu, heldur einnig á námsárangur í skóla.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil aðeins benda á þá hættu, sem ég held að þetta mikla framboð af ofbeldisefni hafi í för með sér, og hve brýn og rík nauðsyn er að stemma stigu við því að rusl og óþverri af þessu tagi eigi greiðan aðgang að börnum og unglingum. Einhver kann að telja að hér sé um einhvers konar ritskoðunartilhneigingar að ræða, en því neita ég alfarið. Þarna er fyrst og fremst um hreinsun að ræða.

Ég minnist þess, að í Svíþjóð var fyrir nokkrum vikum eða mánuðum gert átak til að hreinsa út af markaðinum þetta rusl. Það gerðist fyrst eftir að sjónvarpsmenn höfðu boðið menntmrh. landsins í sjónvarpið og sýnt honum svart á hvítu — eða öllu heldur í eðlilegum litum — sýnishorn af þeim óþverra sem mönnum stóð til boða að fá leigðan. Þá var gripið til ráðstafana. Ég held að þetta sé mjög brýnt, að á þessu verði tekið, og ég fagna því að af hálfu ríkisstj. skuli fram komið frv. sem stefnir í sömu átt.

En ég vil líka á það benda að á þessu máli eru ýmsar fleiri hliðar, eins og t. d. þau sjálfstæðu sjónvarpskerfi sem upp hafa risið og þar sem eftirlit er með ákaflega mismunandi hætti með því efni sem sýnt er. Fyrir utan þau skaðlegu áhrif sem lélegt efni kann að hafa í þessum myndbandakerfum hafa þau því miður líka haft þau áhrif í ýmsum byggðarlögum úti á landi, að þau kvikmyndahús, sem þar hafa verið starfrækt, eru að

gefast upp. Það held ég að sé þróun sem er af hinu slæma.

Auðvitað er þetta þáttur stærra máls, en ég held að við þurfum að setja hér niður nefnd, svo sem gert hefur verið víða annars staðar, til þess að fjalla um hvaða stefnu við ætlum að fylgja í þessum málum öllum að því er varðar þessa nýju fjölmiðlunartækni. Það hefur bara ekkert verið um það talað, því miður. Stundum hefur það hvarflað að manni að yfirvöld hér fylgdu sömu stefnu og bandarískir eigendur kvikmyndahúsa gerðu þegar sjónvarpið hófst þar í landi. Þeir vonuðu bara að sjónvarpið mundi fara, þetta væri eitthvað sem hyrfi, þetta væri einhver dægurfluga. En svo einfalt er málið hreint ekki. Þetta er hlutur sem er kominn og þetta er hlutur sem verður. Og við eigum ekki að láta þessa þróun gerast stjórnlaust. Við eigum að hafa stjórn á henni til góðs. Við eigum að hafa áhrif á hvað gerist. Við eigum að nýta kosti þessarar nýju tækni, bæði við fræðslu, kennslu og ekki síður sem dægradvöl og skemmtan. En við eigum ekki að láta þetta vaða yfir okkur stjórnlaust og eftirlitslaust. Það er engum til góðs. Það er öllum til skaða.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að taka undir þá skoðun, sem fram kom hjá hv. flm. og fram kemur í þessu frv., að það sé nauðsynlegt að setja reglur um það efni sem þar er fjallað um. Ég ætla mér ekki að lengja mikið umr. hér, en ég taldi ekki við hæfi að þessu frv. væri sýnt það tómlæti að þögn væri alveg látin ríkja í sambandi við flutning þess.

Það þarf ekki miklu að bæta við það sem hv. fyrri flm. hefur sagt um þá hættu sem stafað getur af ofbeldiskvikmyndum og klámkvikmyndum og öðrum slíkum óhroða sem um er að tefla. Það er auðvitað hægt að nefna einstök dæmi, þar sem þetta hefur haft þessi og þessi áhrif, eins og hv. flm. gerði. Ég hygg þó að það sé ekki svo auðvelt að festa hendur á slíkum einstökum dæmum, heldur er hitt miklu hættulegra, hvernig þetta síast í raun og veru inn í almannavitund og án þess að menn geri sér grein fyrir. Og auðvitað eru börn og ungmenni næmust fyrir áhrifum og þess vegna er þetta sjálfsagt skaðlegast fyrir þau, þó að það sé tæpast nokkur heilsubót fyrir nokkurn.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þá bylgju, liggur mér við að segja, sem fer um löndin nú af svokölluðum terrorisma eða ofbeldi og sem birtist í ýmsum myndum og öllum ógeðslegum. Þó að það sé reynt að réttlæta slíkt með einhverjum fallegum markmiðum er ómögulegt að fallast á að það sé leyfilegt að beita slíkum aðferðum til að vinna málstað fylgi. Og þó að það liggi kannske ekki í augum uppi að samband sé beint á milli þess, sem hér er um að tefla, sýningar svona kvikmynda, og svo þeirrar ofbeldisbylgju sem yfir gengur, þá er a. m. k. ekki of mikið sagt að telja að það sé líklegt að eitthvert samhengi sé þarna á milli. Menn vita hver áhrif það hefur á börn og ungmenni ef maður er gerður að einhverri hetju í kvikmynd — maður sem er óspar á að beita líkamlegu ofbeldi. Þess vegna held ég að það sé full ástæða til að bregðast hart við í þessu efni.

Eins og kom fram hjá hv. þm., sem mælti fyrir frv., hefur ríkisstj. nú flutt frv. um þetta efni, sem gengur a. m. k. í mjög svipaða átt og þetta frv., sem hér er um að tefla. — Mér sýnist það í raun og veru skynsamleg till., sem hann setti fram, að það væri fjallað um þessi frv. af allshn. þannig að hún gæti þá tekið það úr hvoru frv. sem betur er talið hæfa. Og eins og hann gat um er engin ástæða til í máli eins og þessu að metast um hver hafi átt frumkvæðið.

En það er eitt atriði sem ég vildi drepa á í þessu sambandi. Það er, að ég er ákaflega lítill talsmaður boða og banna yfirleitt, en stundum verður að grípa til þeirra. En þá er þó þetta, að það er ákaflega mikilsvert hvaða reglur þeir skoðunarmenn, sem eiga að hafa það ákvörðunarvald sem hér er um að ræða, hafa við að styðjast og hvernig þeir líta á málið. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni hefur hent að það hefur verið litið öðruvísi á kvikmynd hér en t. d. annars staðar. Þarna verður sem sagt að framkvæma mat, en það er ákaflega æskilegt að það sé einhver samkvæmni í því mati og það sé í nokkurri samhljómun við það sem annars staðar er litið á. Þó vil ég segja að kannske væri betra að það væri heldur á undan hér en á eftir. En smekkur manna í þessu efni er auðvitað alltaf misjafn og það er ekki hægt að girða fyrir að þeir sem skoða myndirnar, skoðunarmennirnir, líti eitthvað öðruvísi augum á þetta en flestir aðrir mundu gera. En það er nauðsynlegt að það séu einhverjar reglur sem geta verið þeim til leiðbeiningar um þetta. Það er sjálfsagt erfitt að setja slíkar reglur.

Það er laukrétt, sem flm. benti á, að það er komið upp nýtt viðfangsefni eða vandamál þar sem er hin nýja fjölmiðlatækni. Það verður vart komist hjá því að taka einhverja afstöðu til þess og athuga það.

Í þessu sambandi langar mig líka til þess að minna á að kannske hefur ekkert tæki hér meiri áhrif en einmitt sjónvarpið. Eins og kom fram í máli flm. hefur það sýnt sig einmitt viðvíkjandi sjónvarpskvikmyndum erlendis að þær hafa verið ekki hvað minnst áhrifaríkar í þessu efni. Nú horfi ég ekki það mikið á sjónvarp hér að ég treysti mér til að fella neinn dóm um það sem hér er sýnt. En þó er ég hræddur um að þar sé stundum farið á jaðarmörk, og séð hefur maður þess merki að ekki hafi verið spöruð kjaftshögg og jafnvel byssuskot og menn hafi fallið fyrir þeim og að slíkum verknaði hafi staðið sá sem var aðalhetja í myndinni.

Ég held að hvað sem öllum kvikmyndahúsum líður sé sjónvarpið enn þá varhugaverðara að þessu leyti til, af því að það kemur og er í flestum tilfellum velkomið inn á hvert heimili. Það er náttúrlega hægara sagt en gert þegar þannig er í pottinn búið að ætla að greina á milli heimilisfólks og banna þeim sem eru yngri en innan við tiltekinn aldur að horfa á það, en leyfa hinum. Þetta getur því verið nokkrum vandkvæðum bundið. Þó að menn geti sagt sem svo: Mönnum er það í sjálfsvald sett hvort þeir horfa á það eða ekki, geta skrúfað fyrir, þá er það nú í reyndinni ekki svo einfalt.

En það sem hér hlýtur að koma upp í hugann er það, hvort þá sé nægilega tryggilega frá gengið í þessu sambandi varðandi sjónvarpskvikmyndir. Hér er gert ráð fyrir að það sé Ríkisútvarpið sem ákveður og ber ábyrgð á hvað það hefur sýnt. Þetta er dálítið óákveðið svona, en ætli það verði ekki að álíta að það sé þá útvarpsráð, hvort sem það gerir það í eigin persónu eða felur einhverjum starfsmönnum að framkvæma eftirlit

með því hvort kvikmynd skuli sýnd eða ekki. Mér finnst það ekkert fjarlæg spurning, þó að hér sé um ríkisfyrirtæki að ræða þar sem menn bera ábyrgð að vísu, þeir sem eru í störfum þar, að spyrja hvort það sé ekki eðlilegt að sömu reglur gildi um það sem þar er tekið til sýningar og í kvikmyndahúsum og hvort það ættu ekki sömu skoðunarmenn að skoða hvort tveggja. Þannig held ég að það væri þá best tryggð samkvæmni í þessum efnum.

Eins og ég sagði áðan er ég lítið fyrir að prédika boð og bönn, og ég veit að sumum kann að þykja nokkuð hart að setja fyrirtæki sem þetta undir slíkar reglur, og það er fjarri mér að halda því fram að ég geti sagt að þar hafi verið eða sé um nokkra misnotkun að ræða, en þó vil ég endurtaka það, sem ég sagði, að þetta er í rauninni enn viðkvæmara en jafnvel kvikmyndahúsin og það getur verið réttlætanlegt að grípa til einhvers eftirlits í þessum efnum.

En höfuðatriðið er að þessi mál þarf að skoða og það gefst tækifæri til þess í sambandi við þetta frv. og eins það frv. sem ríkisstj. hefur samið, og það er sjálfsagt að setja þær reglur sem æskilegastar eru taldar um þetta efni. Auðvitað er aldrei hægt að tryggja neitt með slíkum reglum, heldur veltur hér á framkvæmdinni, en hana þarf líka að festa þá í sessi og tryggja að það sé haldið á þessum málum af verulegri festu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég ætla að segja hér aðeins örfá orð.

Það er rétt, eins og fram kom hjá hæstv. utanrrh., að hér er um mjög þarft mál að ræða — mál sem má ekki vera þögn um. Oft vill það verða svo, þegar góð mál eru á ferðinni og þeim fylgir góð framsaga og menn koma aðalatriði málsins til skila, að mönnum þykir kannske ekki þörf á því að fara mjög náið út í málið að öðru leyti, en vilja gjarnan styðja það engu að síður. Auðvitað er þetta mál í heild víðtækt. Það er miklu víðtækara en svo að það sé í stuttu máli hægt að gera grein fyrir því, enda hefur það þegar verið gert af hv. fyrra flm.

Vídeóæðið, sem gengur yfir og er í raun og veru tilefni þessa frv., hefur auðvitað verið óheillavænlegt og á eftir að hafa ómæld áhrif. Inn í allt það mál blandast vitanlega hin ógeðfelldu gróðasjónarmið, sem hafa orðið þar alls ráðandi og valda auðvitað mestu um að það er gripið til hverra þeirra ráða sem geta verið í þágu þessa alræmda sjónarmiðs, sem öllu á að ráða og maður heyrir stundum að eigi að ráða allri þjóðfélagsgerðinni, þ. e. arðsemissjónarmiðið, gróðasjónarmiðið.

Það þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um það, hvaða áhrif þær myndir hafa, sem hér hafa verið umræddar, á börn og unglinga. Nóg er samt af alls konar lesmáli og öðru slíku, sem þau hafa tiltölulega greiðan aðgang að og gefur þeim í senn ranga mynd af lífinu annars vegar og er hins vegar með hrikalegar lýsingar af voðaatburðum, ofbeldi og öðru því um líku. Auðvitað eru menn allt of seinir að taka við sér í þessum efnum. Ég hlýt þó að lýsa yfir því, að til viðbótar stuðningi við þetta frv., meginefni þess og markmið, hlýt ég að fagna því að fram er komið stjfrv. um þetta mál. Það er að vísu rétt að það er heldur seint fram komið, miðað við þá þróun sem verið hefur í gangi, og ber vissulega að harma hvað menn hafa verið seinir að taka við sér í þessum efnum.

Sjónvarpið okkar er auðvitað sérkapítuli, og vissulega er það rétt hjá hæstv. utanrrh. Ég veit ekki hvor okkar horfir meira á sjónvarp — kannske ég öllu meira, miðað við þær lýsingar sem hann gaf á sinni sjónvarpsnotkun. En þá sé ég oft á síðkvöldum að gjarnan mætti þar vera um öllu heppilegra efni að ræða og viðkunnanlegra, og stundum kemur fyrir að fram af manni gengur. Ekki eru allir íslensku þættirnir þar til fyrirmyndar. Er þá skemmst að minnast þeirra frægu félagsheimilisþátta, sem manni sýndist fyrst og fremst að ættu að sýna hinn eina sanna landsvísuidjót eða ættu a. m. k. að sýna hvað fólk úti á landi væri yfirleitt framúrskarandi illa gert til allra hluta og aðalmarkmið þess í lífinu væru eitthvað sem snerti klám og brennivín. Það er auðvitað sérkapítali og skal ekki farið út í hér.

En það er auðvitað hörmulegt, að þegar sjónvarpið getur örugglega fengið hæfa menn, hæfa rithöfunda og hæfa menn, til þess að stjórna þáttum af þessu tagi og koma þeim til skila, menningarlegum þáttum, skuli vera farið út í þau ósköp sem t. d. félagsheimilisþættirnir urðu. Ég þykist vita að það hefur aldrei verið markmið útvarpsráðs að svo færi. Ég hef rætt þetta við formann þess ráðs, sem hefur svo sannarlega, að því er hann segir, oft svitnað allhrikalega við það að horfa á þá þætti og jafnvel óskað eftir því að þurfa ekki að bera neina ábyrgð á neinum þeirra, þó að auðvitað væru þeir misjafnir. Þeir voru ekki allir jafnbölvaðir, satt er það.

Ég skal ekki fara mikið út í þetta mál, en því miður verður ekki hjá því komist, af því að um fjölmiðla er talað almennt, að veita því eftirtekt hvað fjölmiðlar okkar, ríkisfjölmiðlar og ég tala nú ekki um dagblöð, eru farnir hreinlega að velta sér upp úr hörmulegum atburðum, hvort sem það eru slys, mannslát, morð eða annað því um líkt. Ég get ekki stillt mig um að koma þessu að hér í framhaldi af þessari umr., því að hér er vægast sagt um óhugnanlegt mál að ræða. Og auðvitað er þessi stefna fjölmiðlanna, og m. a. blaðanna sem velta sér upp úr þessum hörmungum með þessum gífurlega ítarlegu frásögnum, sem eiga að þjóna lesendunum svona vel, að því er þeir segja sem að þessu standa, í þá veru að auðvitað eru það gróðasjónarmiðin ein sem þarna ráða. Það er til þess að blaðið seljist betur. Það munar sennilega töluverðu á því að nefna ósköp venjulega frétt, sem hrópuð er hér úti í Austurstræti, eða ef hægt er að vera með jafnkrassandi upphrópun fyrir blaðinu í dag eins og Morð í gær! eða eitthvað því um líkt.

Ég vildi aðeins taka undir meginmál það sem hér hefur komið fram hjá hv. flm. og áhuga hans á þessu máli. Hann er vissulega lofs verður, enda kemur hann nálægt þessum málum á öðrum vettvangi eða þeim vettvangi, sem kannske er viðkvæmastur, þar sem er sjónvarpsvettvangurinn. Einnig tek ég undir með hæstv. utanrrh. varðandi það, að menn gái sérstaklega að sér varðandi þann ríkisfjölmiðil sem er í stofunni hjá okkur öllum og við nýtum misjafnlega mikið, en þó börn og unglingar kannske allra mest, að við séum þar sérstaklega vel á verði.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vildi þakka hæstv. utanrrh. og hv. þm. Helga Seljan, 2. þm. Austurl., þær góðu undirtektir sem frá þeim hafa hér heyrst við þetta frv.

Ég hef í rauninni ákaflega litlu við það að bæta sem

þegar er komið fram, en vegna þess að hér hefur sjónvarpið verið nokkuð gert að umtalsefni og með hverjum hætti skoðun kvikmynda, sem sýndar eru í sjónvarpi, fer fram, þá vildi ég bara að það kæmi fram að hér er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu frá því sem verið hefur. Þetta ákvæði hefur verið svona frá því að íslenskt sjónvarp tók til starfa, að það hefur sjálft annast skoðun kvikmynda og efnis sem þar er sýnt, og ég hygg að þetta sé til samræmis því sem er á Norðurlöndunum annars staðar. En auðvitað má um þetta deila. Fyrst og fremst hygg ég að þetta hafi verið sett til einföldunar. Það er ærið verk fyrir þá sem skipa þetta svokallaða kvikmyndaeftirlit að skoða þær myndir sem sýndar eru hér í kvikmyndahúsunum þótt ekki bættist við nær allt efni sem sýnt er í sjónvarpinu líka, sem er kannske 2—3 klukkustundir á dag. Að vísu má segja að það þyrfti ekki að skoða allt, sem sýnt er, frá upphafi til enda.

En það er auðvitað alveg rétt, að í sjónvarpi er sýnt töluvert af ofbeldi. Oft er það þannig, að það er ofbeldi í þágu hins góða málstaðar, sem er kannske alhættulegast, eins og hæstv. utanrrh. gat hér um. En framhjá þessu er sjálfsagt erfitt að komast. Það ofbeldi, sem sýnt er í sjónvarpsmyndum og sjónvarpsþáttum, er þó kannske ekki endilega sömu gerðar og sá óhroði sem er í þeim ruslmyndum sem hafa ofbeldi, líkamameiðingar, klám og óþverra að innihaldi einu saman, þar sem er nánast ekkert annað. En í sjónvarpi er þess gætt, og það er mjög eindreginn vilji útvarpsráðs og hefur margoft komið fram, hvað varðar myndir sem ekki eru ætlaðar börnum, þar sem talin eru atriði sem ekki eru við hæfi barna, að þess sé sérstaklega og rækilega getið og þær séu seint á dagskrá, þær séu eins seint á dagskrá og mögulegt er. Það hefur oftlega verið gagnrýnt í útvarpsráði þegar bæði föstudag og laugardag eru myndir sem ekki eru við hæfi barna. Það er vond dagskrárgerð. Það hefur líka verið gagnrýnt þegar slíkt efni er snemma kvölds og það hefur líka verið gagnrýnt þegar slíkt efni hefur verið sýnt án þess að við því hafi verið varað. Það hefur því miður komið fyrir, og þó að viðleitni sé uppi af hálfu sjónvarpsins til að slíkt gerist ekki gerast slík óhöpp engu að síður á stundum, sjaldan sem betur fer.

En ég hygg að seint verði ofbeldi upprætt úr dagskrá sjónvarpsins. Ég held að slíkt sé raunar ekki mögulegt, en auðvitað ber að kappkosta að við því sé þá varað, það sé á þeim tíma sem ætla má að börn séu hvað síst að horfa. En þetta er auðvitað mál sem ákaflega erfitt er að komast framhjá. Ofbeldi er ekki eingöngu í myndum sjónvarps og í kvikmyndahúsum. Það er, eins og hér hefur réttilega verið sagt, líka á bókum. Það er kannski ekki hvað síst í þeim bókum sem við metum hvað mest. Þegar talað er um að ofbeldisleikir barna og unglinga nú á dögum eigi sér rætur í sjónvarpi og kvikmyndum er það auðvitað ekki rétt. Það þarf ekki annað en lesa t. d. ævisögu Þórbergs Þórðarsonar, Steinarnir tala, þegar hann var að alast upp í Suðursveit hér upp úr aldamótum. Þar eru mjög glöggar lýsingar á þeim leikjum, sem þar voru leiknir, og voru þar háðar grimmilegar orrustur með dátum og vopnum af ýmsu tagi. Við getum því ekki kennt sjónvarpi og myndum um þetta allt, en vissulega hefur það þúsundfaldað þennan vanda.

Ég tek undir það sem hæstv. forseti þessarar deildar, hv. 2. þm. Austurl., sagði um þá þætti sjónvarpsins sem kallaðir voru „Þættir úr félagsheimili“. Það var léleg dagskrárgerð og misheppnuð, því miður. Þeim peningum var að langmestu leyti á glæ kastað og hefði verið betur varið á annan hátt, að mínum dómi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Ég þakka þær undirtektir, sem þetta mál hefur hlotið, og vona að það eigi ásamt með frv. ríkisstj. efnislega greiðan gang í gegnum þingið. Þótt ég kysi mjög gjarnan að allshn. fjallaði um þetta mál hefur mér verið á það bent að eðlilegra muni að því sé vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 28. fundur.

Miðvikudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 43). – 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til staðfestingar á brbl. frá s. l. sumri um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frv. hefur legið hér alllengi. Ég kaus að draga það að mæla fyrir því þar til gerð hefði verið grein fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem er ítarlegt og allviðamikið mál og liggur fyrir hv. Ed. Ég óskaði eftir því við formann félmn. Ed., að nefndirnar störfuðu saman að þessum húsnæðismálum og tækju þá m. a. til meðferðar frv. það sem hér liggur fyrir til staðfestingar á brbl.

Frv. gerir ráð fyrir nokkrum breytingum frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er breytt ákvæðum sem varða kaupskyldu sveitarfélaga á verkamannabústöðum. Hún er felld niður á þann hátt sem gert var ráð fyrir í lögunum í öndverðu og kaupskyldunni er breytt í forkaupsrétt sveitarfélaganna. Hér er um að ræða íbúðir sem byggðar hafa verið samkv. eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið hafa lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Þetta er önnur meginbreyting brbl. Hún var gerð af þeirri ástæðu að fram höfðu komið óskir um þessa breytingu frá fjölmörgum sveitarfélögum í landinu, sem töldu að þau gætu ekki risið undir þeirri kaupskyldu sem lögin kváðu á um, enda væri ekki sanngjarnt að ætlast til þess að sveitarfélögin tækju þá byrði á sig vegna verkamannabústaða sem byggðir hefðu verið fyrir árum eða jafnvel áratugum.

Önnur aðalbreyting frv. felst í 3. gr. Þar er breytt útreikningsreglu á eldri verkamannabústöðum, útreikningsreglu eftirstöðva. Í lögunum var þetta orðað þannig: „Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár má hann að auki njóta verðhækkunar sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna.“ Í brbl. er gert ráð fyrir því að þetta 10 ára þrep sé afnumið og í staðinn er orðalagið svona: „Að auki skal seljandi njóta verðhækkunar á hluta af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að til verðbóta reiknast 4%

af eftirstöðvunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, en þannig koma verðbætur á allt lánið eftir 25 ára eignarhald."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að menn eignist þennan rétt stig af stigi, en ekki verði um að ræða sérstakt 10 ára þrep, sem oft olli vandkvæðum þegar um var að ræða endursölu á verkamannabústöðum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara ítarlegar yfir þetta frv. að sinni, enda er það í rauninni einfalt og skýrir sig sjálft. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að sú lagabreyting sem hér er til umr., þ. e. að fella niður forkaupsskyldu sveitarfélaga á öllum íbúðum sem byggðar eru fyrir mitt ár 1980, væri tilkomin vegna gagnrýni og óska frá sveitarfélögum. Þetta er ekki rétt nema að hluta. Gagnrýni sveitarfélaganna var ekki í reynd gagnrýni á lögin, heldur framkvæmd þeirra í höndum hæstv. félmrh. Framkvæmdinni þurfti fyrst og fremst að breyta, ekki endilega lögunum, a. m. k. ekki í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir.

En hvað var það sem sveitarfélögin gagnrýndu mest? Það var einkum tvennt: Annars vegar það að sveitarfélögunum var með reglugerð uppálagt að greiða 10% af uppfærðu verði íbúðanna við endursölu þeirra og ekkert tillit tekið til þess, að þau voru áður búin að borga 30% eða þar um bil af brúttóbyggingarkostnaði íbúðanna. Þeta er ekki lagaatriði, þetta er reglugerðaratriði.

Í öðru lagi gagnrýndu sveitarfélögin að þau voru skyldug til að greiða út verð íbúða við endursölu þeirra til fyrri eigenda, en Byggingarsjóður verkamanna kom þá fyrst inn í myndina þegar nýr kaupandi var til staðar. Þetta var mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélög, þar sem lítil eftirspurn er eftir íbúðarhúsnæði, en það eru einmitt þau sömu sveitarfélög sem yfirleitt eiga við mesta fjárhagsörðugleika að stríða. Hvorugt þessara atriða, sem sveitarfélögin gagnrýndu mest, er löggjafaratriði. Þessi gagnrýnisverði framkvæmdamáti var settur í reglugerð, sem núv. hæstv. félmrh. setti, og á að mínu mati varla stoð í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er í öllu falli mjög hæpið. Það er þessi framkvæmdamáti sem þurfti að breyta fyrst og fremst, en ekki lögunum.

Í öllum umr. um lagafrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins og vinnslu þess var alltaf gengið út frá því að sveitarfélögin greiddu sinn hluta af byggingarkostnaði í eitt skipti fyrir öll. Síðari eigendaskipti yrðu alfarið fjármögnuð af Byggingarsjóði verkamanna, enda er það hann sem græðir á uppfærslu eftirstöðva fyrri lána við endursölu, ekki sveitarfélögin. Það að sveitarfélögin voru höfð með inni í myndinni við endursölu íbúða var fyrst og fremst litið á sem öryggisatriði. Sveitarfélögin vita betur en aðrir hvar skórinn kreppir að og var þeim því falið að sjá um eðlilegan framgang þessara mála.

Bæði þessi gagnrýnisatriði eru lögunum sem slíkum óviðkomandi og áttu að leiðréttast á sama stað og þau voru búin til, í reglugerð frá hæstv. félmrh. Ég viðurkenni þó að rétt var að gera eigendaskipti auðveldari og sveigjanlegri en lögin gerðu ráð fyrir. En fyrr má nú rota en dauðrota. Fyrr má nú gera ráðstafanir til bóta en taka hundruð ef ekki þúsundir íbúða, áður en lýkur, undan félagslega kerfinu og setja þær á almennan markað. Með þessari lagabreytingu geta menn, sem fengu óverðtryggð lán frá Byggingarsjóði verkamanna fyrir liðlega helmingi andvirðis íbúðanna til 42 ára með 2.5% vöxtum fyrir fáum árum, jafnvel 2–3 árum, selt íbúðirnar að vild og grætt ómælt á lánum frá Byggingarsjóði verkamanna, sem gjarnan námu helmingi upphaflegs verðs íbúðanna, án þess að greiða nema örlítið brot af upphaflega láninu til baka.

Auðvitað verða freistingarnar miklar að losa íbúðirnar undan forkaupsrétti sveitarfélaganna. Bæði er að fyrri eigendur sjá sér leik á borði að selja íbúðir sínar á frjálsum markaði og munu því örugglega þrýsta á sveitarstjórnarmenn með að nýta ekki forkaupsréttinn. Og svo hitt, að auðvitað verður það mikil freisting fyrir fjárvana sveitarfélög að falla frá forkaupsrétti, sem kostar þau eins og áður segir og eins og reglugerðin er nú 10% af uppfærðu verði íbúðanna. Ég býst við að Reykjavíkurborg muni í flestum tilvikum notfæra sér forkaupsréttinn og e. t. v. eitt eða tvö önnur sveitarfélög. En ég er mjög hræddur um að flestar sveitarstjórnir geri það ekki meðan sú fáránlega regla er við lýði, að sveitarfélögin séu neydd til að greiða 10% af uppfærðu verði íbúðanna, án minnsta tillits til þess að sveitarfélögin hafa áður greitt umtalsverðan hlut upphaflegs byggingarkostnaðar, gjarnan 30%.

Það væri út af fyrir sig í lagi að samþykkja þetta frv. ef yfirdrifið fé væri til í Byggingarsjóði verkamanna og allir gætu fengið lán með þeim vildarkjörum sem þar er um að ræða og ef unnt væri að byggja verkamannabústaði eftir þörfum. Hvorugt af þessu er til staðar og lagasetningin því í meira lagi hæpin. Verkamannabústaðakerfið er bæði gott og nauðsynlegt, svo langt sem það nær. Með þeirri lagasetningu sem hér er til umr. er að mínu mati verið að vega að rótum þess.

Á meðan hinn almenni húseigandi og íbúðakaupandi fær aðeins 15–20% af byggingarkostnaði að láni hjá Byggingarsjóði ríkisins, og mun minna ef miðað er við staðalíbúð, þá fær það varla staðist að lána öðrum 90% af byggingarkostnaði og leyfa jafnframt að íbúðirnar verði seldar á frjálsum markaði að fáum árum liðnum. Við eigum að byggja mikið af íbúðum í verkamannabústaðakerfinu, en við megum ekki missa þær jafnóðum út úr kerfinu aftur. Við höfum ekki fjármagn til að haga okkur þannig. Eins og ég sagði áðan, þá þurfti að lagfæra ýmis framkvæmdaatriði við eigendaskipti félagslegra íbúða. En að stefna að því að sleppa út úr kerfinu öllum íbúðum, sem byggðar voru fyrir mitt ár 1980, það er fráleitt og forkastanlegt að gera það með brbl. skömmu fyrir þingsetninguna.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil sérstaklega gera hér að umtalsefni 3. gr. þessa frv. Þar segir m. a. með leyfi forseta:

„Að auki skal seljandi njóta verðhækkunar á hluta af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að til verðbóta reiknist 4% af eftirstöðvunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, en þannig koma verðbætur á allt lánið eftir 25 ára eignarhaldstíma."

Þessi regla er að mörgu leyti sanngjarnari en sú 10 og 20 ára regla, sem gilt hefur, því að verðhækkanir dreifast jafnar á eignarhaldstímann en koma ekki í tveim þrepum eins og verið hefur. Á þessari reglu er þó galli, sem ég tel nauðsynlegt að leiðrétta, og mun ég beita mér fyrir því að svo verði gert. Um er að ræða að

þessi nýja regla skerðir rétt þeirra frá því sem nú er sem átt hafa íbúð í 10–12½ ár og síðan á tímabilinu 20–25 ár. Gamla reglan samkv. núgildandi lögum gaf 50% hækkun eftir 10 ár, meðan þessi nýja regla samkv. frv. gefur 40%. Er það fyrst eftir 12½ ár sem nýja reglan nær 50% hækkun eins og nú er. Sama er að segja um 20 ára eignarhaldstímann, að nýja reglan gefur 80% eftir 20 ár og nær ekki fullri hækkun fyrr en eftir 25 ár, meðan eldri reglan gaf verðbætur að fullu eftir 20 ár. Þarna er um verulega skerðingu að ræða á ákveðnu tímabili, frá því sem nú er, sem ég tel nauðsynlegt að leiðrétta. Ef verðbætur reiknast 5% af eftirstöðvum fyrir hvert ár í stað 4%, eins og frv. gerir ráð fyrir, væri hægt að koma í veg fyrir þá skerðingu sem ég hef hér lýst.

Ég á sæti í þeirri n. sem fær þetta frv. til meðferðar og mun ég sérstaklega beita mér fyrir því að þetta atriði verði sérstaklega skoðað í nefndinni og leiðrétt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 254). – 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. til l. sem ég flyt hér um breytingu á sveitarstjórnarlögum er flutt í framhaldi af óskum sveitarstjórna Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, en í þessum sveitarfélögum var samþykkt við almenna atkvgr., sem fram fór 14. nóv. 1982 í báðum hreppunum, að þessir hreppar yrðu sameinaðir í einn hrepp.

Frv. gerir ráð fyrir því að heimilt verði, þrátt fyrir sameiningu þessara tveggja hreppa, að ganga svo frá málum, að eftir sem áður geti sýslunefndarmenn verið tveir frá þessu sameinaða sveitarfélagi, eða eins og það er orðað í 1. gr. frv.: „Þegar ákveðið hefur verið að sameina tvö eða fleiri sveitarfélög getur félmrh. ákveðið að tala sýslunefndarmanna verði sú sama og var fyrir sameininguna, enda óski fráfarandi hreppsnefndir eftir því að svo verði.“

Frv. skýrir sig í rauninni alveg sjálft. Ríkisstj. taldi rétt að verða við þessum eindregnu óskum hreppsnefndanna í Dyrhólahreppi og Hvammshreppi, enda var sú afstaða ríkisstj. í raun og veru ein meginforsenda þess, að fallist var á sameiningu sveitarfélaganna í atkvgr. 14. nóv. s. l.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 241). – 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um bann við ofbeldiskvikmyndum. Ég vil geta þess, að þetta frv. er samið í menntmrn., og ég vil einnig nefna það, að ég hef haft til sérstakrar aðstoðar við samningu þessa frv. tvo af skoðunarmönnum kvikmynda, Huldu Valtýsdóttur og Níels Árna Lund æskulýðsfulltrúa. Auk þess hefur mjög komið nærri þessu máli Þorbjörn Broddason dósent og fjölmiðlafræðingur.

Eins og menn sjá er þetta frv. ekki margort eða margar lagagr., það er aðeins fimm greinar, en eigi að síður fjallar það um mikilvægt málefni, og vil ég fara um það nokkrum orðum áður en þessari umr. lýkur og málið fer til nefndar.

Eins og kunnugt er er það mjög farið að tíðkast hér að sýndar eru kvikmyndir í heimahúsum, svokölluð vídeótækni. Með þessari tækni er mjög lítið eftirlit og *augljóst mál að til landsins berst á þessum vídeóspólum, vídeósnældum, margs konar efni sem síður en svo* virðist vera hæft til þess að sýna t. d. börnum og unglingum. Er mjög mikil nauðsyn á því að hefta að börn og unglingar komist yfir slíkar myndir eða horfi á slíkar myndir, enda eru í gildi almenn lög um kvikmyndaeftirlit, sem kvikmyndahúsaeigendur verða að sæta, en slíku eftirliti er að sjálfsögðu ekki beint gegn kvikmyndahúsaeigendunum, heldur fyrst og fremst gert til að vernda börn og unglinga fyrir skaðlegum áhrifum kvikmynda. Það er alveg greinilegt að nú, með þeirri tækni sem orðin er og þeim þjóðfélagsháttum sem við búum við, er nauðsynlegt að endurskoða þessi mál og koma við öðrum reglum en nú eru í gildi um dreifingu á kvikmyndaefni. Og það er í raun og veru kjarni þessa máls.

Því miður er ekki að finna í núgildandi lögum nein ákvæði sem fær eru um að stemma stigu við dreifingu ofbeldiskvikmynda af því tagi sem hér er einkum um að ræða. Þess vegna tel ég að það sé hin brýnasta nauðsyn að gera ráðstafanir til þess einmitt að stemma stigu fyrir dreifingu þeirra.

Eins og menn vita er í lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 að finna ákvæðin um hlutverk skoðunarmanna kvikmynda. Afskipti þeirra takmarkast við það að ákveða hvort myndir séu við hæfi barna innan 16 ára aldurs, en þeir hafa ekki heimild til að leggja algert bann við sýningu kvikmynda. Þessir skoðunarmenn, eða það sem við köllum Kvikmyndaeftirlit ríkisins í daglegu tali, hafa ekki geta túlkað hlutverk sitt svo, að þeim bæri að fylgjast með því efni sem á boðstólum er t. d. hjá myndbandaleigunum. Þess vegna hefur eftirlit með þeim í rauninni alls ekkert verið.

Þessi mál hafa mjög verið til umræðu í nágrannalöndunum, einkum þó í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og reyndar í Danmörku líka, en það má kannske segja að í þessum löndum hafi menn nálgast þetta vandamál með nokkuð öðrum hætti en gert er með þessu frv. Í þessu frv. er gert ráð fyrir algeru banni á því sem við köllum ofbeldiskvikmyndir, en t. d. í Svíþjóð og Noregi, þar sem sett hafa verið mjög nýleg lög um þetta efni, er ekki gengið svo langt, heldur er það gert refsivert að dreifa slíkum myndum í hagnaðarskyni og atvinnuskyni. Hins vegar er ekki lagt bann við því að slíkar myndir séu til og finnst í fórum manna, ef sýningarnar eru ekki til þess að græða á fé.

Í Finnlandi er einnig verið að ræða þessi mál einmitt á þessum vetri. Liggur fyrir finnska þinginu nú frv. til breytinga á hegningarlögunum, sem fer í svipaða átt og gerðist í Noregi og Svíþjóð, um að gera það að refsiverðu athæfi að dreifa ofbeldiskvikmyndum í hagn-

aðarskyni.

Í Danmörku hafa þessi mál einnig verið til umræðu, en þeirri umræðu er tæpast lokið. Þó virðist, eftir þeim umræðum sem orðið hafa og fréttum af því, að þar fari menn sér hægar í þessum efnum en kannske annars staðar á Norðurlöndum.

Þetta eru út af fyrir sig góðar upplýsingar og má vera að mönnum hér finnist að nokkuð langt sé gengið með því frv., sem hér er, að banna þetta algerlega, en ég held að fyrir því séu einmitt margvísleg rök að það sé æskilegt að hafa við þessu algert bann, ef við á annað borð viljum koma í veg fyrir að auðveldur sé aðgangur manna að slíkum myndum og að t. d. börn geti komist yfir myndbandaspólur með þessu efni. Það hefur reyndar komið í ljós við athuganir að slíkt er mögulegt.

Venjulegt sjónvarp á heimilum manna er, eins og fjölmiðlafræðingar hafa gjarnan kallað það, fjölskyldumiðill. Fjölskyldan safnast þar saman og fylgist með því efni sem þar er á boðstólum. Það er að sjálfsögðu talsverð regla á því hvaða efni er sýnt í hinu almenna sjónvarpi. En aftur á móti er það svo um vídeótækin, að þau verða eins konar hópmiðill sem fólk á líkum aldri eða með lík áhugamál safnast utan um og verður sér úti um efni til að sýna í. Það mun hafa talsvert borið á því einmitt, að unglingar rotta sig saman um að sitja við vídeótæki og safna að sér efni, sem er að þeirra dómi æsilegt og spennandi og gaman að sjá, og þá er ekkert efamál að þar slæðist innan um margs konar efni sem börnum og unglingum er síst hollt að sjá og mundi áreiðanlega ekki verða sýnt í kvikmyndahúsum, þar sem kvikmyndahúsin eru háð eftirliti kvikmyndaskoðunarmanna og hafa að sjálfsögðu sína stefnu í því hvað sýna skuli almennt talað. Þess vegna er það, að ég hef talið það vera frambærilega og eðlilega stefnu að miða að því að slíkar myndir verði algerlega bannaðar og að það verði refsivert að hafa slíkar myndir undir höndum. Mér finnst sem sagt rétt að reyna að koma í veg fyrir að þessum hrottalegu ofbeldismyndum sé dreift inn á heimili og börn og unglingar geti með ýmsum hætti orðið sér úti um þetta og hópast saman á einhverjum stöðum til þess að horfa á slíkar myndir.

Kjarni þessa frv. er sem sagt bann við því að framleiða eða flytja inn til landsins og dreifa í landinu og sýna myndir sem við köllum ofbeldismyndir. Og kjarna málsins er að finna í 1. gr. þessa frv. Þar er það skýrgreint hvað „ofbeldiskvikmynd" er, en það segir í 2. mgr. 1. gr.:

„Ofbeldiskvikmynd" merkir í lögum þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Bannið tekur ekki til kvikmynda þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda, sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966."

Þarna er sem sagt verið að skýrgreina hvað „ofbeldiskvikmynd" er og með þessu er verið að banna myndir sem sýna hrottalegt ofbeldi ofbeldisins vegna, sem eru bæði ólistrænar myndir og viðurstyggilegar í alla staði. Ég held að það þurfi ekkert að vefjast fyrir mönnum við hvað er átt þegar talað er um ofbeldiskvikmyndir. Hins vegar hlýt ég að viðurkenna það og nefna það, að allt kvikmyndabann er mjög vandmeðfarið. Það er ákaflega vandmeðfarið að taka upp „sensur" í lýðfrjálsu landi eða ritskoðun. Það er mjög vandmeðfarið mál, og á það vil ég leggja mikla áherslu að auðvitað verðum við að fara þar gætilega með. En ég held þó að málið sé ekki svona einfalt. Þrátt fyrir allt hefur það lengi verið viðurkennt að tjáningarfrelsi hefur sín takmörk og ég held að það sé bæði viðurkennt lagalega séð og eins heimspekilega séð að við verðum að gera ráð fyrir að takmörk á tjáningarfrelsi séu fyrir hendi, enda hefur eftir því verið farið. Við höfum í ýmsum tilfellum sett takmörk á tjáningarfrelsi og þá ekki síst hvað varðar birtingu kvikmyndaefnis. Þetta þekkjum við.

En svo að ég ræði aðeins meira um skýrgreiningu á orðinu „ofbeldiskvikmynd", þá er í frv. sagt að bannið nái ekki til kvikmynda þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis. Áður en kvikmyndabanni yrði beitt á grundvelli þessa frv., ef að lögum verður, þarf því að hyggja að tilgangi og listrænu gildi myndarinnar. Þetta ákvæði er auðvitað fyrst og fremst sett til að koma í veg fyrir þröngsýni og bókstafstrú í beitingu kvikmyndabanns eða túlkun á orðinu „ofbeldiskvikmynd". Það á ekki að vera hægt að beita þessu banni alveg án íhugunar um tilgang myndarinnar og áhrif myndarinnar. Menn verða sem sagt að hyggja vel að því hver tilgangur myndarinnar er áður en slíku banni verður beitt, ella verður að líta svo á að allt bann af þessu tagi sé algert undantekningaratriði, sem verður að fara varlega með. Tilgangurinn með þessu frv. er því alls ekki að banna spennandi kvikmyndir, sem menn vilja sjá, hvað þá listrænar hrollvekjur í anda Hitchcocks eða slíkra manna, og ekki ameríska „vestra" almennt talað eða stríðsmyndir og jafnvel slagsmálamyndir eða listrænar kvikmyndir sem byggðar eru á efni úr íslenskum fornsögum. Ekkert af þessu er haft í huga í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, þannig að þetta frv., eins og ég legg það fram og eins og ég vil túlka það, stefnir ekki að neinni dauðhreinsun á kvikmyndum þó að þær segi frá morðum eða manndrápum eða fjalli að einhverju leyti um hrottaskap af ýmsu tagi. Hins vegar er þessu frv. ætlað að tryggja að mannskemmandi og menningarsnauðar ofbeldismyndir séu ekki tiltækar á Íslandi og þá er það gert í þeim megintilgangi að koma í veg fyrir að börn og unglingar eigi aðgang að slíkum myndum.

Þetta er það sem ég vildi segja um tilgang þessa frv. og hvernig beri að skilja þetta ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Samkv. 2. gr. frv. eru það skoðunarmenn kvikmynda sem fengju það vald að meta sýningarhæfi kvikmynda að þessu leyti. Það þýðir auðvitað að verksvið Kvikmyndaeftirlitsins hlýtur að stórvaxa, ef þetta frv. verður að lögum. Eins og stendur hefur Kvikmyndaeftirlitið aðeins eftirlit með bíómyndum sem sýna á í venjulegum kvikmyndahúsum. Skoðunarmenn kvikmynda skoða ekki t. d. sjónvarpsmyndir né vídeómyndir sem í gangi eru eins og ég hef áður sagt. Það er líka augljóst, að ef af þessu verður, að skoðunarmenn kvikmynda fá það vald sem hugsað er í þessu frv., yrði kvikmyndaeftirlitið að fá aðgang að öllum kvikmyndum sem hér eru framleiddar eða koma til landsins og ætlað er að dreifa til sýninga í landinu. Þetta getur auðvitað orðið mjög vandasamt mál í framkvæmd og þarf að setja um þetta efni ítarlegar starfsreglur, enda gert ráð fyrir því í frv. að

ráðh. setji reglugerð um framkvæmd laga þessara. Ég dreg ekkert úr því að þessi framkvæmd kann að vera vandasöm, en ég sé þó ekki ástæðu til þess að menn láti sér vaxa það í augum. Þetta mál er allt meira og minna vandmeðfarið, en ég viðurkenni að reglugerð um framkvæmdina er mjög mikilvæg og hana þarf að hugsa mjög gaumgæfilega og vel.

Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þetta í þessari framsögu, herra forseti. Ég vil þó benda á að kvikmyndaeftirlitsmenn, bæði hér á landi og annars staðar, hafa mjög velt þessum málum fyrir sér og þeim vanda sem komið hefur upp í sambandi við þessa nýju kvikmyndatækni eða vídeótæknina. Hér er m. a. að finna fskj. sem er ályktun norrænna kvikmyndaeftirlitsmanna um ofbeldis- og fíkniefnamyndir. Þessi ályktun norrænu kvikmyndaeftirlitsmannanna var samhljóða ályktun sem þeir hugðust flytja á eins konar heimsþingi slíkra manna í London og sýnir þessi ályktun hvaða skoðun kvikmyndaeftirlitsmenn hafa á þessu máli. Þessi ályktun hefur borist mér og rn. einmitt fyrir tilstilli kvikmyndaeftirlitsmannanna; Huldu Valtýsdóttur fyrst og fremst, sem sat þetta þing að ég hygg.

Ég hef greint frá meginefni þessa frv. og ég vænti þess, herra forseti, að þetta mál fái greiða leið í gegnum þingið. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi geti afgreitt þetta mál, þó að sjálfsagt sé að fjalla ítarlega um það á þinglegan hátt, og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn. þegar þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Lögræðislög, frv. (þskj. 194). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Að tilhlutan minni var skipuð nefnd hinn 19. nóv. 1980 til að endurskoða lög um lögræði nr. 95 frá 5. júní 1947. Formaður nefndarinnar var Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Auk hennar áttu sæti í nefndinni Halldór Þorbjörnsson hæstaréttardómari og Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Ritari nefndarinnar var Ólöf Pétursdóttir deildarstjóri í dómsmrn.

Lögð var á það áhersla, að við endurskoðunina yrði sérstaklega hugað að lagareglum í II. kafla núgildandi laga um sviptingu lögræðis, um brottnám lögræðissviptingar svo og lagareglum um réttarstöðu þess sem sætir slíkum aðgerðum, einnig á þeim tíma er lögræðissvipting varir. Í þessu samhengi var ennfremur lögð áhersla á að endurskoðaðar yrðu reglur 31. gr. núgildandi laga, en þær fjalla um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi án hans samþykkis. Var lögð áhersla á í því samhengi að leita samráðs við sérfróða aðila um læknisfræðileg viðhorf við þær aðstæður.

Núgildandi lögræðislög nr. 95 frá 5. júní 1947 voru samin af dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að tilhlutan Finns Jónssonar dómsmrh., þá er stofnað var til samningar frv. Hafði áður verið lögð fram af Hannibal Valdimarssyni alþm. till. til þál. sem fjallaði um það efni. Þau lög urðu til mikilla bóta á sínum tíma.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í fimm köflum. Helstu breytingar á gildandi lögum, sem í frv. felast, er að finna í II., III. og V. kafla frv., þ. e. um réttarfar í lögræðissviptingarmálum, sjúkrahúsvistun án samþykkis manns og um lögráðendur. Mun ég gera nokkru nánari grein fyrir helstu breytingum, er í frv. felast, hér á eftir.

Í II. kafla frv. eru ákvæði er ná til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar. Lagt er til að mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar verði færð aftur í sitt upprunalega horf, þ. e. að þau sæti afbrigðilegri meðferð einkamála, verði rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi og dómarar í þeim séu hinir reglulegu héraðsdómarar, í Reykjavík borgardómarar.

Telja verður óeðlilegt að með lögræðissviptingarmál sé farið að hætti opinberra mála, enda ekki til þess dæmi í löggjöf nágrannalanda að sóknaraðild í slíkum málum sé í höndum ákæruvaldsins.

Á undanförnum áratugum hefur gætt óvissu um ýmis réttarfarsatriði þessara mála, þar sem réttarfarsreglur varðandi lögræðissviptingarmál var að finna bæði í lögum nr. 95 frá 1947, þar sem kveðið var svo á að slík mál skyldu sæta afbrigðilegri meðferð einkamála, og í lögum um meðferð opinberra mála, þar sem kveðið var svo á að lögræðissviptingarmál skyldu fara að hætti opinberra mála.

Í III. kafla frv. er fjallað um bráðabirgðavistun manns í sjúkrahúsi án samþykkis hans.

Eins og ég hef áður greint frá var dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara falið að semja frv. að núgildandi lögræðislögum. Þegar það var gert var hann beðinn að athuga þessi mál með sérstöku tilliti til sjúklinga sem beita þarf frelsisskerðingu til innlagnar í sjúkrahús. Þá voru engin ákvæði í lögum til tryggingar þeim mönnum sem af hálfu aðstandenda eða almannavalds voru vistaðir í sjúkrahúsi gegn vilja sínum eða án þess að um hann yrði vitað. Til þess að tryggja hagsmuni þeirra sjúku og girða fyrir mistök voru lögfestar reglur í 31. gr. lögræðislaga um framkvæmd þess þegar vista þarf mann í sjúkrahúsi án hans samþykkis. Meginregla er sú, að svipta þarf þann mann sjálfræði með dómi þegar þannig stendur á, auk þess sem krafist er samþykkis dómsmrn.

Framkvæmd þessara mála hefur ekki orðið að öllu leyti á þann veg sem lögin mæla fyrir um. Framkvæmdin hefur orðið sú, að sviptingarbeiðnin ein er látin nægja ásamt vottorði læknis og samþykki dómsmrn., en dómarinn tekur málið ekki strax til meðferðar nema sjúklingur óski sérstaklega eftir því.

Aðalástæðan fyrir þessari framkvæmd er tillitssemi við sjúklinginn. Allir þeir sem að þessum málum vinna eru sammála um að það sé ómannúðlegt að íþyngja sjúklingum með því að láta þá ganga í gegnum lögræðissviptingarmál, ef hjá því verður komist. Þá virðist vera óþarflega harkalegt að aðstandendur þurfi að láta svipta bráðveikan geðsjúkling sjálfræði til þess að hægt sé að koma honum í sjúkrahús. Hin öra þróun geðlækninga hefur haft það í för með sér að hægt er að lækna sjúkling á mun skemmri tíma en áður var unnt og eru læknar almennt á móti því að menn séu sviptir sjálfræði til þess að unnt sé að vista þá í sjúkrahús.

Lagt er til í 13. gr. frv. að hægt sé að vista sjálfráðan mann til bráðabirgða í sjúkrahús gegn vilja sínum, ef hann er haldinn þeim annmörkum er í 2. mgr. 13. gr. segir.

Í 15. gr. frv. er lagt til að samþykkis dómsmrn. til nauðungarinnlagnar sé leitað, að fullnægðum fyrrgreindum skilyrðum í 2. mgr. 15. gr.

Í 17. gr. frv. er að finna nýmæli, þar sem lagt er til að á vegum rn. starfi trúnaðarlæknir sem rn. getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Jafnframt er lækni þessum veitt heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Ákvæði þetta er sett til þess að tryggja hagsmuni sjúklings og var það gert í samráði við yfirlækna Kleppsspítalans.

Í 18. gr. frv. er tekin fram sú sjálfsagða regla, að sjúklingur geti ávallt leitað úrlausnar dómstóla um ákvæði rn. um vistunina.

Í 19. gr. frv. er kveðið á um hámarkstíma sem bráðabirgðavistun getur varað. Vistun lýkur þegar yfirlæknir telur hennar ekki lengur þörf, en eigi síðar en 15 sólarhringum frá því að hún hófst, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að viðkomandi verði sviptur sjálfræði.

Í IV. kafla frv. er fjallað um löggerninga ólögráða manna og er þar ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um ákvæði er varða lögráðendur, störf þeirra, skyldur og réttindi er fjallað í V. kafla. Breytingar eru gerðar til samræmis við barnalögin nr. 9 frá 15. apríl 1981. Ekki er í frv. þessu gert ráð fyrir neinum mikilvægum breytingum á skipun lögráðamanna eða störfum þeirra.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja, en legg til að frv. þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 219). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, en þetta frv. er flutt til að koma við umbótum á fjárhag allmargra hitaveitna, sem byggðar voru á síðasta áratug, auk þess sem sú breyting, sem hér er lögð til, hvetur til frekari notkunar jarðvarma. Fjárhagserfiðleikar ýmissa hitaveitna stafa að hluta til af erfiðri vatnsöflun með kostnaðarsömum borunum. Frv. það sem hér er flutt felur í sér að lækkun yrði á borkostnaði, auk þess sem bætt er aðstaða til lántöku úr Orkusjóði til öflunar á heitu vatni.

Frv. er flutt til þess að unnt verði að leysa með sem skjótustum hætti úr erfiðleikum vissra hitaveitna, auk þeirra atriða sem fram á við horfa. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að á vegum iðnrn. hefur verið unnið að heildarendurskoðun orkulaga og verða þær breytingar sem hér um ræðir að sjálfsögðu felldar að því frv., sem ég vænti að fram komi hér í þinginu innan skamms. Endurskoðun orkulaga í heild tekur hins vegar óhjákvæmilega nokkurn tíma, en úrlausn þess vanda, sem hér er við að fást, er svo brýn að ekki þótti rétt að bíða þess að heildarendurskoðun orkulaga lyki.

Eins og að var vikið hafa ýmsar hitaveitur átt í erfiðleikum með að afla nægilegs heits vatns. Á undanförnum árum hefur því í auknum mæli verið leitað á hin erfiðari jarðhitasvæði eftir heitu vatni. Samfara því hefur fjárhagsleg áhætta í borunum aukist og tilkostnaður vaxið vegna yfirgripsmeiri rannsóknarvinnu. Breytingar þær á orkulögum, sem hér eru til umr., miða að því að gera boranir ódýrari en nú er með því að afnema söluskatt af borunum og aðflutningsgjöld af efni til borana vegna jarðhitaleitar og jarðhitavinnslu svo og að auka þátttöku Orkusjóðs í fjárhagslegri áhættu við vatnsöflunina.

Varðandi fyrra atriðið, þá felur breytingin í sér leiðréttingu á misræmi sem lengi hefur viðgengist og felst m. a. í því, að Hitaveita Reykjavíkur hefur ekki verið krafin söluskatts af borunum sem eignaraðili að jarðbornum Dofra. Hins vegar hafa aðrar hitaveitur goldið slíkan söluskatt, sem er metinn um 12—15% af heildarkostnaði borverka.

Að því er tekur til seinna meginatriðis frv. og aukinnar þátttöku Orkusjóðs í fjárhagslegri áhættu við boranir, þá er þar í fyrsta lagi verið að leiðrétta þann ágalla í gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að borun annaðhvort heppnist eða misheppnist og endurgreiðsluskyldu lána úr Orkusjóði er hagað í samræmi við það. Hér er hins vegar gert ráð fyrir heimild til að meta árangur vatnsöflunarinnar og fjárhagslegan ávinning af notkun einstakrar borholu, og verði endurgreiðsluskyldunni hagað í samræmi við slíkt mat. Einnig er horfið frá þeirri viðmiðun við endurgreiðslu lána úr Orkusjóði að viðkomandi jarðhitasvæði hafi þegar verið tekið í notkun. Í staðinn er tekin upp viðmiðun við sérhverja borholu sem lánað er til.

Hér er um að ræða veigamikla lagfæringu á gildandi lögum, þar sem í vissum tilfellum hefur ekki borgað sig að taka í notkun heitt vatn frá borholu vegna þess að þá falla öll lán til borana á viðkomandi jarðhitasvæði í gjalddaga.

Í heild er hér um að ræða mikilvægar breytingar frá gildandi lagaákvæðum, þar sem stefnt er að því að gera boranir ódýrari og minnka áhættu hitaveitna þeim til hagsbóta og til að hvetja enn frekar til jarðvarmanotkunar þar sem það telst þjóðhagslega hagkvæmt. Eftir sem áður er að sjálfsögðu nauðsynlegt að meta hvaða innlendir orkugjafar eru þjóðhagslega hagkvæmastir á hverjum stað. Þessi breyting felur í sér, að enn brýnna er í rauninni að vanda til undirbúnings og rannsókna vegna jarðhitaleitar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og tel að í því séu ákvæði til stórra bóta. Ég vænti þess að Alþingi geri þetta að lögum fyrir vorið, þar sem hér er verið að fást við þau mál sem kannske hafa valdið hvað mestri byggðaröskun í þessu landi, en það eru orkumálin. Örugglega ætti þetta að auðvelda sveitarfélögum að fara út í boranir af meira öryggi en verið hefur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Hreppstjórar, frv. (þskj. 257). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það sem hér er til umr. lýtur að breytingum á lögum um hreppstjóra frá 26. apríl 1965. Frv. er í samræmi við tillögur starfshóps er skipaður var í nóvember 1980 og falið það verkefni að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra. Í áliti starfshópsins sem fylgir frv. þessu er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um sögu hreppstjórastarfsins, lagaákvæði sem tengjast störfum hreppstjóra og reglur er gilt hafa um launagreiðslur þeirra og upplýsingar og ábendingar frá sýslumönnum landsins.

Hreppstjórastarfið er eitt hið elsta opinbera starf hér á landi sem á rætur að rekja til starfs hreppstjórnarmanna Jónsbókar. Framan af fóru hreppstjórar fyrst og fremst með sveitarstjórnarstörf, fljótlega skipuðust mál þó þannig, að þeir fóru einnig — og síðar í auknum mæli — með ýmiss konar umboðsstörf í umboði sýslumanna. Með breyttri skipan sveitarstjórnarmála frá 1872 hafa störf hreppstjóra eingöngu verið á vettvangi stjórnsýslu ríkisins.

Hér skal getið um helstu nýmæli frv. Hreppstjórum er samkv. því gert að hlíta almennum reglum um aldurshámark, þ. e. miðað er við 70 ára aldursmarkið. Samkv. könnun, sem gerð var á s. l. ári, voru 46 starfandi hreppstjórar eldri en 70 ára.

Reglum um útreikning launa er breytt á þann veg að laun ákvarðast sem ákveðinn hundraðshluti af launum almennra lögreglumanna, samkv. launaflokki sem fjmrh. ákveður nánar. Launin miðast að nokkru leyti við íbúatölu í viðkomandi hreppi, á bilinu 100—500 íbúar. Hreppstjórar í hreppum með 500 íbúa eða fleiri fá þó sömu laun.

Samkv. gildandi lögum taka hreppstjórar laun í hlutfalli við íbúatölu viðkomandi hrepps. Umfang hreppstjórastarfsins fer ekki ætíð eftir fólksfjölda í hreppunum. Ýmis önnur atriði eru þar ráðandi. Í þeim hreppum sem hin fastákveðnu laun hrökkva eigi fyrir áætluðu vinnuframlagi hreppstjóra getur dómsmrh. samkv. 2. gr. ákveðið, að fengnum tillögum sýslumanns, að greiða þeim viðbótarlaun. Ætti þetta ákvæði að vera til hagræðis.

Í hreppum er liggja fjarri sýsluskrifstofum og þar sem útgerð er talsverð er lögskráning sjómanna nokkurt starf. Í afskekktum hreppum getur verið hagkvæmt að fela hreppstjóra innheimtu þinggjalda og önnur umboðsstörf.

Samkv. athugun er gerð var á síðasta ári námu greidd hreppstjóralaun í landinu 19.7 ársstöðugildum samkv. launum eftir 12. launaflokki BSRB, 3. þrepi. Eftir reglum frv. hefðu heildarlaun hreppstjóra numið 18.4 ársstöðugildum. Er því í raun verið að lækka heildarlaun hreppstjóra um 1.3 ársstöðugildi. Þar á móti kemur að ekki er áætlað fyrir viðbótarlaunum fyrir hreppstjóra er gegna umfangsmiklum störfum.

Í frv. er ákvæði um að lífeyrissjóðsréttindi hreppstjóra fari eftir reglum er fjmrh. setur. Einnig er að finna ákvæði um hvernig fari um greiðslu útlagðs kostnaðar.

Svo sem fram kemur í áliti starfshópsins hafa störf hreppstjóra víða hin síðari ár farið minnkandi. Þeir gegna þó enn mikilvægum störfum í stjórnkerfi ríkisins og er því lögð áhersla á að launagreiðslur til þeirra séu í sem bestu samræmi við það vinnuframlag sem þeir inna af hendi. Er til þess ætlast að ákvæði frv. tryggi það.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Fjölskylduráðgjöf, frv. (þskj. 250). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var lagt fram sem þmfrv. frv. til l. um fjölskylduráðgjöf. Voru flm. hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Matthías Bjarnason og Níels Á. Lund. Frv. gerði ráð fyrir því að inn í barnalög nr. 9/1981 yrði bætt ákvæði um fjölskylduráðgjöf. Frv., eins og það var þá, gerði í rauninni ráð fyrir því að skotið yrði lagagrundvelli undir þá foreldraráðgjöf sem starfrækt hefur verið frá árinu 1979 á vegum Barnaverndarráðs Íslands. Málið hlaut mjög góðar undirtektir hér í þinginu og var vísað til ríkisstj. með ósk um að hún beitti sér fyrir því að það yrði aftur tekið til meðferðar á nýju þingi. Ástæðan til þess að menn treystu sér ekki til að afgreiða málið þá þegar var sú, að ekki þótti eðlilegt að tengja ákvæði um foreldraráðgjöf við barnalögin nr. 9/1981. Eðlilegra þótti að hér yrði um að ræða sérstakt frv. og að fjölskylduráðgjöfin yrði flutt til félmrn.

Fjölskylduráðgjöfin hefur verið byggð á 60. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, en þar segir m. a. að barnaverndarráði sé heimilt að efna til námskeiða og annarrar fræðslu fyrir foreldra og aðra þá er sinna uppeldisstörfum. Eftir gildistöku barnalaga hafa orðið miklar breytingar á skyldum foreldra við börn sín, umgengnisréttur hefur gerbreyst og er ljóst að fjölmargir munu þarfnast aðstoðar við stofnun og slit hjúskapar, svo að þörfum barnanna sé sinnt. Fjölmargir aðrir lagabálkar, sem tryggja skulu réttindi barna til farsæls uppeldis, hafa verið lögfestir á síðustu árum, en hætt er við að margt af því verði pappírsgagnið eitt sé því ekki framfylgt með skipulagðri ráðgjöf.

Nefna má að Samband ísl. sveitarfélaga hefur sett fram hugmyndir á ráðstefnum sínum um slíka ráðgjöf um allt land. Vissulega þjóna félagsmálastofnanir og aðrar opinberar þjónustustofnanir hluta af þessu starfi, en hér er oft um að ræða mál sem aðstandendum sýnist ekki vera á því stigi, að ástæða sé til að leita aðstoðar félagsmálastofnana eða sveitarstjórnarskrifstofa að svo komnu máli. En óhjákvæmilega hlýtur foreldraráðgjöf af þessu tagi að starfa í nánum tengslum við þessar stofnanir þegar þess gerist þörf. Hér er því á engan hátt verið að taka verkefni frá öðrum stofnunum, heldur fremur létta af þeim minni háttar málum. Slíka foreldraráðgjöf er að finna á Norðurlöndum og víða í Vestur-Evrópu og hefur hún þótt gefast vel.

Margir þm. hafa þegar flutt tillögur í þessa veru eins og ég gat um áðan. Auk þeirrar tillögu sem flutt var á síðasta þingi vil ég nefna till. til þál. frá hv. þm. Haraldi Ólafssyni og Alexander Stefánssyni um stefnumörkun í fjölskylduvernd. Í þeirri tillögu var lögð áhersla á gildi fjölskyldunnar sem stofnunar í þjóðfélaginu og bent á leiðir til að tryggja öryggi barna og fjölskyldna þeirra.

Á 100. löggjafarþingi fluttu þm. Alþfl. till. til þál. um skipun samstarfsnefndar sem fjalli sérstaklega um málefni barna.

Herra forseti. Eins og þjóðfélagsháttum okkar er nú komið er mjög brýnt að foreldrar eigi kost á því að leita sér einhverrar ráðgjafar sérfróðra aðila á ýmsum stigum vegna uppeldis barnanna. Ég er sannfærður um að starfsemi af því tagi sem hér er gerð till. um er mikilvæg, því að hún getur komið í veg fyrir félagsleg vandamál sem eru miklu alvarlegri og kostnaðarsamari fyrir þjóðfélagið en starfræksla þeirrar fjölskylduráðgjafar sem hér er verið að gera till. um. Ég hef látið kanna, eins og skylt er samkv. lögum, hvað starfsemi þessi mundi kosta á ári til viðbótar við það sem þegar er vegna þeirrar foreldraráðgjafar sem starfrækt er á vegum Barnaverndarráðs Íslands. Hefur komið fram í mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar að kostnaður við starfrækslu þessarar fjölskylduráðgjafar yrði ekki mikið umfram ½ millj. kr. — miðað við þann starfsmannafjölda, þ. e. tvær stöður, sem frv. gerir ráð fyrir — ½ millj. kr. til viðbótar við það sem þegar er um að ræða í þessu efni.

Herra forseti. Ég leyfi mér að vænta þess að hv. félmn. afgreiði þetta mál fljótt og vel því að um það á að vera góð samstaða. Ég vænti þess, þó að þingið verði kannske styttra núna en venjulega, að það verði afgreitt sem lög á þessu þingi. Ég sé a. m. k. ekkert sem mælir á móti því.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 95). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég flyt ásamt sex öðrum þm. Sjálfstfl. öðru sinni frv. til l. um breytingu á lögum um erfðafjárskatt. Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er annars vegar sú, að síðan síðasta breyting var gerð á lögunum árið 1978 hafa allar fjárhæðir breyst mjög, þannig að þær viðmiðunartölur sem í lögunum standa eru nánast út í hött nú vegna verðbólgunnar. Erfðafjárskatturinn er því mun hærri og tilfinnanlegri heldur en gert var ráð fyrir á sínum tíma, þegar lögin voru sett, og alls ekki í samræmi við vilja löggjafans um hversu mikill hluti af arfi skuli renna í ríkissjóð og hversu mikill hluti skuli renna til erfingja. Erfðafjárskatturinn er m. ö. o. miklu þyngri en löggjafinn vildi á sínum tíma.

Alþt. 1982. B. (105. löggjafarþing).

Nú hefur það verið markmið ríkisstjórna æ síðan þessi lög voru sett að koma verðbólgunni niður í 10—15% á næsta ári, svo að ætla verður að enginn vilji standi til þess að skatturinn þyngist með þessum hætti. Að þessu leyti er frv. ábending til Alþingis um að gera hreint fyrir sínum dyrum og rétta hlut þeirra manna sem þurfa að standa skil á erfðafjárskatti.

Ég vil beina því til fjh.- og viðskn., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún fallist í það minnsta á leiðréttingu á viðmiðunarfjárhæðum erfðaskattsins, þó svo að hún geti ekki fallist á þau nýmæli sem frv. felur í sér að öðru leyti.

Eitt helsta nýmælið í frv. er það að eftirlifandi maki skuli undanþeginn erfðafjárskatti. Ég hef alltaf litið svo á, að það eigi ekki að vera tekjustofn fyrir ríkissjóð ef annað hjóna missir maka sinn. Ég veit fjölmörg dæmi þess, að eftirlifandi maki hafi átt í erfiðleikum með að standa skil á erfðafjárskatti, enda fellur hann allur í gjalddaga samstundis og ekki hægt að fá neinn frest á því. Ég tel því að hér sé um mjög merkilegt nýmæli að ræða, réttlætismál sem ég vonast til að allir alþm. geti fallist á. Ógæfa fólks á ekki að vera tekjustofn fyrir ríkissjóð. Ef maður missir maka sinn stendur maður verr að vígi en áður í lífsbaráttunni. Það er undir engum kringumstæðum siðferðilega rétt að ríkissjóður eigi að hagnast á slíku. Þess vegna álít ég nauðsynlegt að þessi breyting nái fram að ganga.

Þá er því slegið föstu í frv. að erfðafjárskattur verði aldrei hærri en 45%, í stað 50% sem nú er, og að öðru leyti er erfðafjárskatturinn lækkaður nokkuð. Hér er ennfremur gert ráð fyrir einu ákveðnu þrepi ef um fyrirframgreiðslu arfs sé að ræða. Er það gert til þess að auðvelda framkvæmd laganna.

Þá er það nýmæli í frv. að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af fé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, en samkv. núgildandi lögum ber að greiða 10% erfðafjárskatt af slíkum gjöfum.

Ég lét á árinu 1980 gera athugun á því hversu mikill erfðafjárskattur hefði innheimst á árinu 1981. Þá nam erfðafjárskatturinn við borgarfógetaembættið í Reykjavík 9 988 450 kr. Erfitt er að meta um hversu háar fjárhæðir er að ræða. Eins og ég sagði áðan þyngist erfðafjárskatturinn jafnt og þétt vegna verðbólgunnar, þar sem viðmiðunarlágmarkið er föst krónutala. Ég skal ekki segja hvað frv. skerðir þessar tekjur mikið núna, en eins og þetta var reiknað út á árinu 1981 var búist við að ef frv. næði fram að ganga mundi það rýra tekjur ríkissjóðs um 20% á því ári. Verðbólgan á s. l. ári var 60—70%. Verðbólgan heldur áfram á þessu ári og þess vegna er við því að búast að tekjutap ríkissjóðs verði nokkru meira en 20% þar sem verðbólguárunum fjölgar. Ég skal ekki meta það, það er svolítið þreytandi að reikna út verðbólgutölur hæstv. ríkisstj. mánaðarlega, en kjarni málsins er sem sagt þessi: Annars vegar er þetta frv. tilraun til þess að vilji Alþingis komi fram, að erfðafjárskatturinn sé ekki þyngri en löggjafinn vill. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv. að taka upp nýmæli, sem sumpart eru til einföldunar á erfðafjárlögum og þar sem sumpart er um réttlætis- og sanngirnismál að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að málinu sé vísað til fjh.- og viðskn. og beini því til nefndarinnar, eins og ég sagði áðan, að láta frv. ekki sofna í nefnd öðru sinni. Þetta er einfalt mál og ég tel fyrir því full rök, þar sem um

endurflutning málsins er að ræða, að á það reyni hver sé vilji Alþingis í þessum efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Lán til íbúðabyggjenda, frv. (þskj. 143). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það frv. sem hér er til umr. er auk mín flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Jóni Árm. Héðinssyni, Karvel Pálmasyni og Sighvati Björgvinssyni. Frv. er svo til samhljóða frv. sem þm. Alþfl. í Ed. fluttu á síðasta löggjafarþingi, en fékkst þá ekki afgreitt.

Megintilgangur frv. er að gefa íbúðabyggjendum og íbúðakaupendum kost á langtímaláni í stað þeirra skammtímalána sem tíðkast hafa undanfarin ár. Með því er fólki gert kleift að fjármagna íbúðabyggingar og íbúðakaup með eðlilegri hætti en hingað til. Frv. gerir ráð fyrir að viðbótarlán þessi, að upphæð 300 000 kr., komi að verulegu leyti í stað ýmiss konar skammtímalána sem eru lánþegum afar óhagstæð vegna þungrar greiðslubyrðar.

Það eru sjálfsögð mannréttindi að fólk geti búið í góðu húsnæði og þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því að standa undir eðlilegum greiðslum af húsnæði sínu. Því fer víðs fjarri að svo sé við núverandi aðstæður. Úr því verður að bæta og þolir enga bið. Sú aðstaða sem allur almenningur býr við í þessum efnum er fyrir neðan allar hellur. Fólki er ætlað að mæta húsnæðisþörf sinni með skammtímalánum og vinnuþrældómi langt úr hófi fram.

Árið 1979 samþykkti ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar að tillögu Alþfl. stefnumótun í húsnæðislánamálum sem meðal margs annars gekk út á það að stórefla hið opinbera húsnæðislánakerfi. Stefnt var að uppbyggingu öflugra íbúðalánasjóða sem gætu innan fárra ára fjármagnað til langs tíma og með viðráðanlegum kjörum íbúðarhúsnæði einstaklinga og leyst um þriðjung íbúðarþarfar landsmanna á félagslegum grundvelli. M. a. var stefnt að því að almenn nýbyggingarlán Byggingarsjóðs ríkisins hækkuðu í fyrir fram ákveðnum áföngum á eigi lengri tíma en 10 árum í 80% byggingarkostnaðar og stefnt að samsvarandi hækkun annarra lána.

Með rækilegri úttekt á húsnæðislánakerfinu og ítarlegri áætlunargerð mörg ár fram í tímann var sýnt fram á að þessi markmið voru raunhæf og viðráðanleg væri rétt að málum staðið. Það sem til þurfti að koma var einkum þrennt: Í fyrsta lagi að markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins og lögboðin opinber framlög til Byggingarsjóðs verkamanna væru óskert næstu 10 árin. Í öðru lagi þurfti að auka opinber framlög til byggingarlánasjóðanna um að meðaltali 30% þessi sömu 10 ár. Eftir það gætu opinber framlög farið ört lækkandi. Þá gætu sjóðirnir sjálfir að mestu staðið undir lögboðnum útlánum, 80% af brúttó byggingarkostnaði almennra íbúða og 90% af brúttó byggingarkostnaði félagslegra íbúða. Í þriðja lagi þurfti að hækka lántökur til sjóðanna um ca. 50% að jafnaði þessi sömu 10 ár, frá því sem verið hafði að meðaltali næstu árin fyrir 1979. Og auðvitað er það algjört grundvallaratriði að tekin lán séu ekki með hærri vöxtum en veitt lán.

Sex af tíu núverandi hæstv. ráðherrum samþykktu þessa stefnumótun og samþykktu einnig að ábyrgjast þær fjárveitingar og þær lántökur sem til þyrfti til að hrinda henni í framkvæmd. Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur þó farið þveröfugt að. Í stað þess að halda mörkuðum tekjustofnum óskertum og auka opinber framlög um 30% að meðaltali hefur hún sífellt verið að skerða tekjustofnana meira og meira. Á síðasta ári nam skerðingin meira en helmingi eða 53.4%, og er þá átt við heildarframlög til sjóðanna beggja og reiknað með 400 íbúðum á vegum Byggingarsjóðs verkamanna. Og til að kóróna allt saman eru tekin lán með mun hærri vöxtum og til skemmri tíma en veitt lán. Það styttist óðfluga í það að öll opinber framlög, eins og þau hafa verið að undanförnu, fari í það eitt að greiða vaxtamismun tekinna og veittra lána, ekki bara næstu árin heldur áratugi fram í tímann. Það er verið að eyðileggja kerfið bæði fyrir þá sem nú og á næstunni þurfa á lánum að halda og fyrir börn þeirra.

Afleiðingarnar hafa heldur ekki látið á sér standa. Nýbyggingarlánum hefur fækkað langt niður fyrir það sem svarar til eðlilegrar íbúðaþarfar og raungildi lána hefur minnkað. Venjulegt fólk ræður ekki lengur við að byggja eða kaupa íbúðir.

Árið 1981 voru lán til nýrra íbúða á vegum Byggingarsjóðs ríkisins 1112 talsins, en frv. Alþfl. frá 1979 gerði ráð fyrir 1700 slíkum íbúðum á því ári. Íbúðabyggingar nú eru a. m. k. þriðjungi minni en nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir alvarlegan íbúðaskort á næstu árum, hvað þá ef lengra er horft fram í tímann.

Almenn nýbyggingarlán nema nú aðeins 12—15% af raunverulegum byggingarkostnaði staðalíbúða í stað 45% hið minnsta á þessu ári samkvæmt stefnumótun ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Allt þetta kemur til með að valda því að á næstu árum vex húsnæðisskortur hröðum skrefum og húsnæðiskostnaður almennings vex langt úr hófi fram á sama tíma og kaupmáttur fer minnkandi.

Forsjá ráðh. Alþb. í húsnæðismálum var nýlega nefnd af flokksbróður þeirra sjálfra og í þeirra eigin málgagni „hægfara lífskjaraskerðing, sem bitna mun á heilli kynslóð ungs fólks". Þetta eru orð að sönnu. Miklum meiri hluta ungs fólks og annarra, sem vilja byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinni, eru nú allar bjargir bannaðar jafnvel þótt það hafi sæmilegan aðgang að lífeyrissjóðslánum, hvað þá hinum, sem lítil eða engin lífeyrissjóðslán geta fengið. Eina fyrirgreiðslan fyrir utan skammarlega lág lán frá Byggingarsjóði ríkisins og lífeyrissjóðslán, þar sem þeim er fyrir að fara, eru skammtímalán í bönkum, ef þau þá fást sem er undir hælinn lagt. Greiðslubyrði slíkra skammtímalána er slík, að undir þeim getur enginn venjulegur maður staðið, ef þau eru fyrir umtalsverðum hluta íbúðaverðsins, eins og nú er í mörgum tilvikum. Fólk er á eilífum þönum á milli bankastofnana til að slá lán til að greiða fyrri lán og hefur enga vissu fyrir því að ný lán fáist þegar á þeim þarf að halda. Þetta ástand er með öllu óbærilegt og því er þetta frv. flutt.

Þegar verðtrygging var almennt tekin upp lá það í augum uppi að húsbyggjendur og íbúðakaupendur urðu að hafa aðgang að lánum til langs tíma fyrir meiri hluta íbúðaverðsins. Ef tekin eru verðtryggð jafngreiðslulán

til 20 ára eða lengri tíma með skikkanlegum vöxtum, þó þau nemi 80% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þá verður greiðslubyrðin af slíkum lánum flestum viðráðanleg og svipuð eða lægri en húsaleiga gengur og gerist á hverjum tíma. En tveggja og þriggja ára lán bankakerfisins, eins og nú tíðkast, eru gjörsamlega óviðráðanleg ef þau nema umtalsverðum upphæðum.

Það verður að stefna að svipuðum markmiðum og sett voru fram í stefnumótun ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar í húsnæðislánamálum, þótt núverandi hæstv. ríkisstj. hafi óðfluga verið að fjarlægjast þau markmið og gera þau að óraunsærri draumsýn, í stað þess að gera þau að veruleika eins og Alþfl. stefndi að. Á meðan verðum við að grípa til annarra ráða. Á meðan byggingarlánasjóðirnir eru jafn vanmegnugir og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert þá verður bankakerfið að koma til hjálpar, eins og þm. Alþfl. hafa ítrekað lagt til og eins og það frv. sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir.

Þótt gert sé ráð fyrir talsvert háum lánum til nokkuð langs tíma úr bankakerfinu, þá er ekki endilega um nýtt fjármagn að ræða nema fyrir hluta lánanna. Mikið er nú í gangi af keðjuverkandi skammtímalánum í bankakerfinu sem mundu breytast í langtímalán ef þetta frv. verður samþykkt.

Réttur launafólks til lánafyrirgreiðslu í bankakerfinu helgast enn frekar af því, að um það bil ¾ hlutar innlána eru frá einstaklingum en einungis ¼ frá fyrirtækjum. Í útlánum snúast þessi hlutföll við. Þá hafa fyrirtækin ¾, en einstaklingar ¼. Er því fyllilega eðlilegt að einstaklingar, sem eiga mestan hluta þess fjár sem bankakerfið fær til ráðstöfunar, hafi rétt til ákveðinnar lágmarksfyrirgreiðslu af hálfu bankanna. Hitt verður jafnframt og ekki síður að hafa í huga, að verði ekki komið á eðlilegri lánafyrirgreiðslu til íbúðabygginga og íbúðakaupa munum við útiloka meiri hluta ungs fólks og fleiri frá því að eignast eigin íbúðir og húsnæðisskorturinn mun fara hraðvaxandi á komandi misserum og árum.

Þetta frv. hefur þríþættan tilgang. Í fyrsta lagi að veita eðlilega lánafyrirgreiðslu til húsnæðisútvegunar. Í öðru lagi að tryggja eðlilegan rétt almennings, sem sannanlega leggur fram stærsta hluta sparifjárins í bönkum, gagnvart bankakerfinu. Í þriðja lagi að koma í veg fyrir yfirvofandi húsnæðisskort ef svo fer fram sem horfir.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. hv. deildar, sem að jafnaði afgreiðir mál sem varða Húsnæðisstofnun og húsnæðislánamál, og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 42. fundur.

Fimmtudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Ráðunautur í öryggis- og varnarmálum, þáltill. (þskj. 48). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Málefni El Salvador, þáltill. (þskj. 89). – Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárhagsstaða láglaunafólks og lífeyrisþega, þáltill. (þskj. 104). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. (þskj. 111). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Mótmæli gegn hvalveiðibanni, þáltill. (þskj. 93). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt með tilliti til þess sem ákveðið hefur verið um fundahöld hér í dag. Engu að síður tel ég þó ástæðu til að gera grein fyrir þessari till. minni í allnokkru máli, en hins vegar get ég vissulega stytt mál mitt nokkuð vegna þess að hæstv. sjútvrh. hefur afhent þm. þrjár mjög greinargóðar skýrslur, sem voru afhentar í gær og mönnum hefur væntanlega gefist tækifæri til að kynna sér, þar sem mjög ítarlega er fjallað um þetta mál. Af þeim ástæðum get ég nokkuð stytt mál mitt. Ennfremur er þess að geta, að allnokkuð hefur þetta mál borið á góma í ýmsum fjölmiðlum að undanförnu og verið gerð þar grein fyrir rökum með og móti.

Till. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 93 er stutt. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að mótmæla nú þegar samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algert bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986.“

S. l. sumar samþykkti hið svonefnda Alþjóðahvalveiðiráð að algert bann við hvalveiðum skuli taka gildi frá og með árinu 1986. Nokkrar þjóðir, sem þetta bann snertir beint, hafa þegar komið mótmælum á framfæri við ráðið. Það hafa Íslendingar ekki gert enn sem

komið er. Flm. þessarar till. telur að ríkisstj. eigi nú þegar að koma mótmælum á framfæri við ráðið. Því er þessi till. flutt. Ef mótmælum Íslendinga er ekki komið á framfæri fyrir 2. febr. n. k. mun svo til litið sem Íslendingar hafi samþykkt þetta bann, en mótmæli Íslendingar banninu hins vegar eru þeir óbundnir af þessari samþykkt ráðsins.

Um það má ræða langt mál hverja þýðingu hvalveiðar hafa fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Kannske er þess fyrst að geta, að þetta er sennilega eða því sem næst sú eina grein sjávarútvegs sem aldrei hefur notið nokkurra ríkisstyrkja. Í öðru lagi eru þetta þær veiðar á hafinu sem frá upphafi vega hefur verið stjórnað eða síðan hvalveiðar hófust hér að nýju 1947.

Í þeim gögnum sem þm. hafa fengið er gerð ítarleg grein fyrir atvinnulegri þýðingu hvalveiðanna, hversu margar íslenskar fjölskyldur eiga sitt undir því að þessari starfsemi verði haldið áfram og þá líka hve okkar þjóðarbú á mikið undir því að þessi starfsemi leggist ekki niður.

Það hafa komið fram margar og ítarlegar tölur um efnahagslegt mikilvægi hvalveiða. Hlutdeild hvalafurða Hvals hf. í útflutningi sjávarafurða hefur á undanförnum 10 árum numið að meðaltali 1.37%, 1981 1.5%. Þó að útlendingum þyki þetta kannske ekki háar prósentutölur hafa þær vissulega mikla og ég vil segja afgerandi þýðingu í okkar þjóðarbúskap, auk þess sem um það er að ræða hér að nýta til manneldis mikilvæga auðlind.

Við hvalveiðar og hvalvinnslu hafa starfað hvert sumar um 230 manns. Það hafa verið um 100 í hvalstöðinni í Hvalfirði. Þetta er auðvitað ekki lítill hópur. Þá eru ótaldir þeir sem hafa óbeint atvinnu eða framfæri af þessari atvinnugrein. Stækkar þessi hópur verulega séu þeir með taldir.

Nú er það svo, að svonefnt Alþjóðahvalveiðiráð er upphaflega myndað af þjóðum sem stunduðu hvalveiðar. Á nokkrum s. l. árum hafa orðið breytingar á. Ýmsar smáþjóðir, sem engra hagsmuna hafa að gæta, hafa komið þar inn — að því er virðist til þess eins að hafa áhrif í þá átt að beita sér fyrir stöðvun hvalveiða. Það er auðvitað ekki í samræmi við reglur og tilgang hins alþjóðlega hvalveiðiráðs, en engu að síður hefur þetta gerst með þessum hætti. Þar hefur sem sagt orðið þróun sem við ekki sáum fyrir — þróun sem auðvitað verður að teljast mjög óæskileg. Það er augljóst að sú breyting, sem orðið hefur á viðhorfum innan þessa ráðs, þar sem sjónarmið skynsamlegrar nýtingar hafa vikið fyrir tilfinningalegum rökum, veitir Alþjóðahvalveiðiráðinu ekkert umboð til að taka ákvarðanir á grundvelli sem byggist á tilfinningalegum rökum.

Ég minntist á það hér áðan, að þessar veiðar hafa verið stundaðar á vegum Hvals hf. í Hvalfirði í 35 ár. Alla tíð hafa þessar veiðar verið stundaðar undir vísindalegu eftirliti og í mjög vaxandi mæli hin síðari árin og fyrirtækið, sem rekur þessa útgerð, hefur látið drjúgt fjármagn af hendi rakna til að þessar rannsóknir væru framkvæmanlegar. Það er hygg ég alveg rétt, sem bent hefur verið á, að ef hvalveiðar verða alveg bannaðar leiðir það af sjálfu að mjög mun draga úr öllum rannsóknum á hvalastofninum, vegna þess að þá er ekki sá hvati fyrir hendi sem áður var og er, meðan veiðar eru leyfðar, til þess að fylgjast með ástandi stofnanna og hvað þar er að gerast.

Auðvitað hafa ýmsir aðilar, sem þetta mál snertir, látið það til sín taka og gert um það ályktanir. Aðalfundur samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Munaðarnesi í byrjun nóv., gerði samþykkt sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, haldinn í Munaðarnesi 5.—6. nóv. 1982, skorar á ríkisstj. að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algert hvalveiðibann frá og með árinu 1986. Fundurinn bendir á að hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir byggðir Vesturlands, heldur þjóðarbúið í heild, enda eru hvalafurðir 1.3% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þá minnir fundurinn á að Hvalveiðistöðin í Hvalfirði hefur verið rekin í 35 ár með góðri og skynsamlegri stjórnun veiðanna og undir vísindalegu eftirliti. Ósannað er, að hvalastofninn sé að ganga til þurrðar eða að honum sé ógnað með ofveiði."

Ennfremur hefur t. d. hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps gert 8. ágúst s. l. ályktun, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps skorar á ríkisstj. að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986. Hreppsnefnd telur að þjóðir, sem engra hagsmuna eiga að gæta, eigi ekki að hafa ákvörðunarvald um það, hvernig Íslendingar nýta auðlindir sínar. Hreppsnefndin bendir á að hér er um gífurlega hagsmuni að ræða, ekki aðeins fyrir Hvalfjarðarstrandarhrepp, heldur einnig fyrir nærliggjandi sveitarfélög og þjóðarbúið í heild, enda eru hvalafurðir 1.3% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þá minnir hreppsnefndin á að Hvalveiðistöðin í Hvalfirði hefur verið rekin í 35 ár og ekkert bendir til að hvalastofninn sé að ganga til þurrðar eða að honum sé ógnað með ofveiði."

Fleiri aðilar hafa gert ályktanir sem ganga í svipaða átt.

Nú er það til að taka, svo að allrar sanngirni sé gætt, að ýmsir aðilar hafa líka ályktað á aðra lund, og þá fyrst og fremst kannske þau samtök sem standa að sölu á íslenskum fiski erlendis, sem óttast hótanir erlendra aðila.

Við skulum líka hafa það í huga, þegar við fjöllum um þetta mál, að þessar hvalveiðar eru alfarið stundaðar á íslensku yfirráðasvæði, þ. e. innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands, og það er því okkar mál hvað gerist á þeim hafsvæðum varðandi nýtingu fiskstofna og annarra nýtanlegra stofna.

Ég ætla ekki, herra forseti, þó að vissulega væri ástæða til, að rekja hér í löngu máli efni þeirra greinargerða sem okkur þm. hafa borist. Ég tel mikilsverðara að fleiri taki til máls um þetta mál og fleiri raddir heyrist, en fáir þm. setji hér á mjög langar tölur. Eitt vil ég þó undirstrika alveg sérstaklega: Engin vísindaleg rök hníga að því að banna alfarið hvalveiðar við Ísland. Í skýrslu frá Hafrannsóknastofnun til sjútvrh., sem okkur hefur verið afhent, segir með leyfi forseta:

„Allsherjarbann við hvalveiðum getur ekki skoðast sem vísindaleg nauðsyn, eins og nú er háttað veiðum í heiminum, þótt deila megi um réttmæti einstakra veiðikvóta."

Þar er ennfremur lögð áhersla á mikilvægi rannsókna.

En að lokum vil ég gera hér að sérstöku umtalsefni

auglýsingu, sem birtist í, að ég held, öllum íslensku dagblöðunum s. l. þriðjudag. Það verður ekki hjá því komist hér í þessari umr. að gera þessa auglýsingu að sérstöku umtalsefni, en að henni standa allmörg samtök sem kenna sig við náttúruvernd og því um líkt, vernd dýrastofna, — markmið sem að sjálfsögðu eru góðra gjalda verð. Staðreynd er að í þessari auglýsingu, þessu ávarpi til Íslendinga, er farið með fleipur og ósannindi. Skal ég nú rökstyðja það nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi segir hér í 4. mgr.:

„Því miður eru málalok enn ekki ljós. Frestur til að skila mótmælum hefur verið framlengdur til 2. febr. 1983. Það er von okkar, að Íslendingar hunsi ekki vilja yfirgnæfandi meirihluta aðildarríkja Alþjóðahvalveiðiráðsins, en reynsla okkar af framkomu Íslendinga í Alþjóðahvalveiðiráðinu kennir okkur að vera við öllu búin. Við leyfum okkur að nefna þrjú dæmi."

Íslendingar, fullyrði ég, hafa ævinlega komið fram af fullri ábyrgð og byggt afstöðu sína í Alþjóðahvalveiðiráðinu á vísindalegum staðreyndum og mikilvægi hvalveiða fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Við byggjum á auðlindum hafsins umhverfis landið og getum ekki leyft okkur annað en lúta þar vísindalegum rökum. Þetta er því rangt. — Og hér koma svo þessi dæmi:

„Íslendingar hafa margoft haft ráðleggingar vísindamanna að engu, farið fram á háa kvóta og hvað eftir annað veitt Japönum, Sovétmönnum og öðrum hvalveiðiþjóðum stuðning í veiðleitni þeirra til að fá háa aflakvóta af hvalstofnum."

Það eru ósannindi að við höfum í þessu tilliti haft ráðleggingar vísindamannanna að engu. — Síðar segir í þessari sömu mgr.:

„Íslendingar hafa veitt slíkan stuðning í tilvikum, þar sem gögn sýndu að hvalastofnar minnkuðu geigvænlega og væru jafnvel í útrýmingarhættu."

Þetta kannast fulltrúar Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu hvergi við. Þetta er fleipur eitt og fordómar. — Síðar segir hér í fjórða lagi:

„Tekið er fram, að mótmæli Íslendingar ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins munu þessi samtök taka þátt í mótmælaaðgerðum, og margir hyggjast jafnvel hafa í frammi áróður gegn íslenskum fiskafurðum."

Hér er okkur beinlínis hótað. Því er hótað að vega að afkomumöguleikum íslensku þjóðarinnar.

Í fimmta lagi segir hér, með leyfi forseta:

„Við hörmum að álit meirihluta þjóða heims, sem óskar þess að hvalveiðum verði hætt, skuli hvað eftir annað virt að vettugi."

Meirihluti þjóða heims er líklega þessi fáu ríki innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þau munu vera 38 talsins, ef ég man rétt. Innan Sameinuðu þjóðanna eru 157 ríki. Þetta er líka fleipur. Hér er ekki byggt á staðreyndum.

Í sjötta lagi, og það er kannski það alvarlegasta er vitnað til Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, og raunar fleiri stofnana: „Allt eru þetta virtar alþjóðastofnanir með mikla þekkingu í þessum efnum. Sameiginlegar ráðleggingar þeirra til ríkisstjórna heimsins voru að nauðsynlegt væri að leggja niður hvalveiðar um óákveðinn tíma vegna verndunarsjónarmiða". Þetta er sömuleiðis fleipur, fordómar og alrangt.

Á fundi hvalveiðiráðsins í sumar lagði fulltrúi FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, fram yfirlýsingu í upphafi fundar. Ég get sagt það strax að sú yfirlýsing vakti enga kátínu hjá þeim sem berjast fyrir banni við hvalveiðum. Fulltrúi FAO segir hér, með leyfi forseta, og ég les íslenska þýðingu:

„Einnig getur hvalveiðum í atvinnuskyni verið hætta búin vegna stjórnunaraðgerða, sem eru of takmarkandi. Það dæmi sem lengst gengur er bann við öllum hvalveiðum." — Síðan segir hér í íslensku þýðingunni: „Þetta er algerlega óvalin ráðstöfun." Þetta er kannske ekki alveg rétt þýðing. Á ensku segir: „This is an unselective measure", sem þýðir að þetta gangi jafnt yfir allt, þarna sé ekki gert upp á milli tegunda. — Síðan segir fulltrúi FAO: „Ekki virðist réttlætanlegt að banna hvalveiðar um víða veröld með tilliti til mismunandi ástands hinna ýmsu hvalastofna og þeirrar staðreyndar að nær allar hvalategundir og stofnar, sem hafa orðið fyrir alvarlegri fækkun, njóta nú þegar algerrar verndar. Hægt er að réttlæta að hætta alveg við hvalveiðar á fagurfræðilegum eða siðferðilegum grundvelli, en það virðist utan verkahrings ráðsins."

Og hver er svo niðurstaða fulltrúa FAO á fundum Alþjóðahvalveiðiráðsins? Hann segir:

„Svo fremi hvalveiðar verði í framtíðinni stundaðar samkv. góðri vísindalegri þekkingu og tekið sé tillit til áhrifa á ljósátu, makríl, fisk og aðrar skyldar tegundir, sér Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna fram á tímabil þegar mögulegt kann að reynast að auka heimilaðan afla og e. t. v. er þess ekki langt að bíða. Kynni þá að vera rýmilegt að dæma um ágæti aðgerða ráðsins á grundvelli aukningar þess afla sem veiddur er."

Þetta er alveg ótvírætt. Þessi — ja, ég vil segja hingað til virtu samtök, náttúruverndarsamtök, leyfa sér því að fara rangt með staðreyndir, fara með fleipur og fara á svig við sannleikann.

Ég skal geta þess í sjötta og síðasta lagi varðandi þessa auglýsingu, að hér segir:

„Loks skal þess getið, að á síðasta fundi Norðurlandaráðs lýstu Danir yfir áhyggjum sínum vegna afstöðu Íslendinga og Norðmanna í hvalveiðimálum."

Enn er þarna farið á svig. Einn danskur þm., að svo miklu leyti sem ég man rétt, gerði þessi mál að umtalsefni, frú Margrethe Auken, og gerði það mjög hressilega. Henni var svarað, og það gerðu hv. þm. Stefán Jónsson og hv. þm. Páll Pétursson. Þeir kváðu hennar andmæli í kútinn. Okkur hafa borist fregnir af því, sem eigum sæti í Norðurlandaráði, að þessi sami þm. muni enn hafa uppi svipuð mótmæli á næsta fundi. Það voru ekki Danir sem voru að mótmæla. Það var einn danskur þm. Ég þykist þess fullviss að henni muni enn á ný svarað þeim rökum sem duga, eins og gert var í Helsinki í fyrra.

Ég tel mig hafa fært sönnur á hvað varðar þessi samtök, sem hér um ræðir, að í þeirra auglýsingu, svokölluðu ávarpi til Íslendinga, er mjög farið á svig við sannleikann. Þar er hallað réttu máli og þar er raunar beinlínis sagt ósatt.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki þörf að hafa um þetta öllu fleiri orð. Að endingu vil ég aðeins segja þetta: Við, sem eigum allt okkar undir sjávarafla, eigum að beygja okkur fyrir vísindalegum rökum. Við eigum ekki að beygja okkur fyrir hótunum, en það er það sem hér er um að tefla.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til utanrmn. og í ljósi þess hve

skammur tími er hér til stefnu, ef ríkisstj. vill að í ljós komi vilji Alþingis varðandi það hvort mótmæla skuli eða mótmæla ekki, væri afar brýnt ef utanrmn. gæti lokið umfjöllun sinni um þetta mál fyrir n. k. þriðjudag, sem er 1. febr. Mér þætti það ákaflega miklu skipta ef nefndin gæti starfað að þessu máli með þeim hætti að unnt væri með góðu samkomulagi að taka það fyrir hér aftur á fundi sameinaðs þings strax eftir helgina.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Með þessu máli er hreyft mjög viðkvæmu efni að ýmsu leyti, sem mikið hefur verið til umræðu upp á síðkastið og við í sjútvrn. höfum lagt mikla vinnu í að skoða og upplýsa. Hef ég reyndar, eins og kom fram í ræðu hv. flm., látið dreifa hér á Alþingi allítarlegum gögnum um þetta mál. Hef ég látið útbýta skýrslu frá Hafrannsóknastofnun um ástand hvalastofnsins við Íslandsstrendur. Upplýsingar um Hval hf. og mikilvægi þeirrar starfsemi fyrir íslenskan þjóðarbúskap hafa einnig legið fyrir og verið dreift, en auk þess almennu yfirliti frá sjútvrn. um hvalveiðar. Ég skal, eins og hv. flm., ekki lengja þessar umr. um of með því að rekja allt þetta. Þetta kemur, vona ég, greinilega fram.

Menn munu sjá af skýrslum Hafrannsóknastofnunar, að hún telur að hvalastofninn hér sé ekki í hættu. Menn munu einnig sjá af skýrslu um vinnslu á hval, að hér er um mikilvæga grein í okkar atvinnulífi að ræða. Reyndar mikilvægari en kemur fram í þeirri skýrslu, því að þar er ekki fjallað um hrefnuveiðar, sem eru stundaðar á nokkrum stöðum hér á landi.

Alþjóðahvalveiðiráðið var stofnað fyrir allmörgum árum af ríkjum sem hvalveiðar stunduðu. Það var stofnað í þeim tilgangi að koma þeim veiðum á skynsamlegri grundvöll en áður var og ekki síst til að efla vísindastarfsemi á þessu sviði þannig að stunda mætti veiðarnar á vísindalegum grundvelli. Við Íslendingar höfum tekið virkan þátt í þessari starfsemi. M. a. áttum við formann Alþjóðahvalveiðiráðsins um allmörg ár. Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. frsm., að okkar menn þar hafa, að mínu mati, unnið algerlega á málefnalegum grundvelli og lagt mjög mikla áherslu á að efla vísindastarfsemi þannig að grundvöllur tillagna vísindanefndarinnar, sem með Alþjóðahvalveiðiráðinu starfar, gæti orðið sem öruggastur. Um þetta hafa fulltrúar Íslands ætíð haft fyrirmæli. Ég hef að sjálfsögðu, meðan ég er í þessu starfi, fylgst með vinnu þeirra þar og er sannfærður um að því hefur verið fylgt. Hitt er svo annað mál, að vísindanefndin hefur stundum verið ósammála og t. d. hafa verið deilur um hvernig á að meta hvalastofninn. Ég get getið þess hér, að fyrir síðasta fund lögðu íslenskir vísindamenn fram gögn, þar sem þeir vefengja mjög þá formúlu, ef ég má kalla það svo, sem hefur verið notuð til að meta styrkleika einstakra stofna. Tel ég hana reyndar þannig, að hún meti hættuna miklu meiri en hún er.

En það hafa orðið verulegar breytingar innan Alþjóðahvalveiðiráðsins á undanförnum árum. Stöðugt hefur fjölgað þeim þjóðum sem hafa sótt um og fengið inngöngu — ekki sem hvalveiðiþjóðir heldur fyrst og fremst sem andstæðingar hvalveiða og reyndar í mjög mörgum tilfellum þjóðir sem hafa engra efnalegra hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Á síðasta fundi voru þjóðirnar orðnar 38. Þar af gengu 8 í ráðið á árinu 1982, en eitt ríki gekk úr, og engin þessara þjóða hefur hvalveiðar sem atvinnugrein.

Reglur ráðsins eru þær, að banna má hvalveiðar ef slík tillaga hlýtur ¾ atkv. Hins vegar geta aðildarlöndin mótmælt slíkri samþykkt og er þá það ríki ekki bundið af samþykktinni.

Á ársfundinum 1982 fékk tillaga, sem legið hefur fyrir ráðinu nokkur ár, um allsherjarbann tilskilda ¾ hluta atkv. Það voru 25 þjóðir sem greiddu atkv. með slíkri tillögu, en 7 voru á móti og voru Íslendingar í þeim hópi. Í þeirri till. er gert ráð fyrir að banna allar úthafsveiðar 1985 og veiðar frá strandstöðvum eftir áramótin 1985/86.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að árið áður voru samþykktar tillögur í ráðinu í fyrsta lagi um bann við búrhvalveiðum og í öðru lagi um bann við notkun á köldum skutli við hrefnuveiðar. Við Íslendingar mótmæltum banni við notkun á köldum skutli, þótt við tökum mjög ákveðið undir að leita þarf betri leiða. Kem ég að því síðar. Hins vegar mótmæltum við ekki búrhvalsbanninu, vegna þess að til eru þeir vísindamenn í vísindanefndinni sem töldu að um ofveiði á búrhveli kynni að vera að ræða. Er það, vil ég leyfa mér að segja, nokkuð táknrænt fyrir það, að við höfum ekki viljað ganga gegn niðurstöðum vísindamanna, jafnvel þótt þær væru ekki studdar af meiri hluta vísindamannanna. Við erum hér nú að ræða bann við veiðum á langreyði og sandreyði sem falla þá undir þetta allsherjarbann.

Innan fyrstu 90 daganna mótmæltu fjögur ríki, þ. e. Noregur, Japan, Sovétríkin og Perú, en reglurnar eru jafnframt þær, að mótmæli einhver framlengist tíminn til mótmæla um aðra 90 daga. Þetta annað tímabil rennur út 2. febr. n. k.

Eins og mönnum er kunnugt hafa hvalveiðar dregist mjög saman. Fjölmargir hvalastofnar, sem voru stórir áður, hafa verið ofveiddir. Á því er enginn vafi. Hefur verið mjög nauðsynlegt að friða þá. Hefur verið mjög dregið úr öllum hvalveiðum, þannig að það eru aðeins níu lönd í heiminum sem stundað hafa hvalveiðar síðustu árin. Eitt af þessum löndum hefur hætt, þ. e. Spánn, og stóð að tillögunni um bann á síðasta fundi. Er jafnframt talið mjög líklegt að á næstu árum munu fleiri ríki hætta hvalveiðum, eins og t. d. Norður-Kórea og Brasilía. Hins vegar hefur andstaðan gegn hvalveiðum mjög aukist upp á síðkastið. Er þess skemmst að minnast, að bann við hvalveiðum var samþykkt á heljarmikilli friðunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi fyrir örfáum árum, ég held 1973. Þar tókum við Íslendingar þátt í atkvgr. Má því viðurkenna að við höfum ekki verið alveg sjálfum okkur samkvæmir. En þó hefur mest borið á ýmiss konar alþjóðasamtökum sem upp hafa risið í mörgum löndum, ekki síst í Bandaríkjunum, og sum eru reyndar alþjóðleg, sem hafa barist gegn hvalveiðum af miklum tilfinningahita.

Í þessu máli hafa gengið rök með og á móti og er óþarft að rekja það í mörgum orðum. Rökin á móti hvalveiðum eru þau, að um útrýmingarhættu sé að ræða. Ég hef komið inn á það nokkuð og ég tel alls ekki nægilega vel rökstutt. Rökin með hvalveiðum eru hins vegar þau, að ekki sé um slíka hættu að ræða og nýta beri hvalastofninn eins og önnur dýr þessarar plánetu okkar, en hins vegar undir ströngu vísindalegu eftirliti og gæta þess að ekki sé farið of langt. Það eru einnig rök í þessu sambandi að vera þarf visst jafnvægi í

náttúrunni. Við höfum þess dæmi að jafnvægisleysi skapast þegar um algera friðun á einum stofni er að ræða, en annar er hins vegar nýttur. Við sjáum þetta t. d. í sambandi við selveiðar. Sel fjölgar gífurlega mikið, eftir að sala á selskinnum hefur nánast dottið niður, og veldur það t. d. okkur Íslendingum verulegum og vaxandi búsifjum.

Sjútvrn. hafa að sjálfsögðu borist mörg erindi um þessi mál og með þeirri skýrslu, sem ég hef látið dreifa hér, hef ég jafnframt látið dreifa ýmsum þessum erindum. Ég vil taka það fram, að þarna er alls ekki öllu dreift. Það er mikill bunki af bréfum og slíku, stundum svo skiptir tugum, sem berst til sjútvrn. í viku hverri frá skólabörnum í Bandaríkjunum. Sé ég alls ekki ástæðu til að birta allt slíkt. Auk þess eru ýmsar marktækar álitsgerðir, sem ekki eru hér með, en þeirra er getið nokkuð í lokaorðum þessarar skýrslu. Það eru í fyrsta lagi hreppsnefndir, eins og t. d. Barðastrandarhrepps, verkalýðsfélagið Hörður sunnan Skarðsheiðar, starfsmenn Hvals hf., skipstjórar á hrefnuveiðibátum o. s. frv. sem hafa lagt mjög eindregið til að banninu verði mótmælt. Jafnframt hafa ákveðin samtök gert till. um að fallist verði á þetta bann. Þar má nefna Náttúruverndarráð og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ég vil vekja athygli í þessu sambandi á því, að í ályktun Náttúruverndarráðs segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í niðurstöðum:

„Tímabundin stöðvun hvalveiða hér á landi er ekki líffræðileg nauðsyn". – Ég legg áherslu á þetta. – „er ekki líffræðileg nauðsyn, heldur ákvörðun sem byggir á stjórnmálalegum og menningarlegum viðhorfum." M. ö. o. telur Náttúruverndarráð ekki að hvalastofninn, sem við nýtum sé í hættu.

Ég vil jafnframt geta þess, að í ályktun Landverndar, sem ekki er birt hér með, en gengur mjög í svipaða átt, kemur fram nokkur misskilningur, þar sem Landvernd leggur til, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Landverndar 1982 bendir á að þar sem ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun hvalveiða frá árinu 1986 er m. a. byggð á þeim niðurstöðum vísinda- og tæknineftndar ráðsins að búrhvala- og langreyðarstofnar í Norður-Atlantshafinu séu ofnýttir" o. s. frv.

Lagt er til að fallist sé á þetta. Þarna er misskilningur. Það er rétt að nokkrir vísindamenn hafa talið búrhvalastofninn ofveiddan, en langflestir vísindamanna hafa ekki talið langreyðarstofninn ofnýttan, og enginn sem við þekkjum hefur haldið því fram að hann væri í eyðingarhættu.

Sama kemur fram í samþykkt Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, þar sem lagt er til að hvalveiðum verði hætt til að forðast útrýmingu hvala. Það er að sjálfsögðu ekkert síður markmið stjórnvalda og þeirra sem hvalveiðar stunda en dýraverndarsamtakanna að forðast slíkt.

Eins og ég sagði áðan hef ég reynt að gera mér eins glögga grein fyrir þessu máli og hægt er. Mér er ljóst að þarna eru bæði rök sem mæla með mótmælum og önnur sem mæla með því að ekki verði mótmælt. Ég átti m. a. fund með sjútvrh. Noregs um málið þegar þeir voru að móta sína afstöðu. Norðmenn veiða um 2000 dýr, hrefnu eingöngu. Norðmenn ákváðu að mótmæla eftir mjög ítarlega athugun á málinu. Þeir sendu m. a. menn til Bandaríkjanna, sem áttu þar ítarlegar viðræður við stjórnvöld, samtök, þm. o. fl., og lögðu eftir slíka ferð til að Norðmenn mótmæltu þessu banni.

Ég hef einnig átt ítarlegar viðræður við bandaríska sendiherrann um þessi mál. Það er að minni ósk að hann lætur í ljós álit sitt, að athuguðu máli, á þessu með bréfi dags. 2. nóv. s. l. Þar er rakið til hvaða aðgerða megi grípa samkv. amerískum lögum. Í lögum þar eru tvær heimildir:

Önnur heimilar stjórnvöldum þar að takmarka innflutning á sjávarafurðum frá þeim löndum sem ekki hlíta verndunaraðgerðum Alþjóðahvalveiðiráðsins, en að vísu þarf það að vera í samræmi við reglur Alþjóðatollastofnunarinnar, GATT. Ég get getið þess hér, að Norðmenn töldu að vel athuguðu máli að slíkar takmarkanir gætu aldrei samræmst reglum Alþjóðatollastofnunarinnar.

Hin heimildin er annars eðlis. Hún heimilar Bandaríkjastjórn að afturkalla veiðileyfi sem kunna að hafa verið veitt erlendum ríkjum sem ekki hlýða slíkri samþykkt sem hér um ræðir. Það kemur okkur að sjálfsögðu ekki við. Við höfum engar slíkar veiðiheimildir í bandarískri fiskveiðilögsögu.

Ég vil geta þess, að hingað til lands kom, eftir að ég hafði rætt við sendiherrann, maður frá Bandaríkjunum sérfróður í þessum aðgerðum. Ég átti ítarlegt viðtal við hann. Ameríska sendiráðið hefur því veitt mjög mikilvægar upplýsingar í þessu sambandi.

Ég held ég megi segja að það sé nokkuð samdóma álit þeirra sem þessi mál hafa skoðað, að þær hættur, sem mótmælum kunna að fylgja, stafi ekki af opinberum aðgerðum, heldur öllu fremur af hugsanlegum aðgerðum þrýstihópa í Bandaríkjunum, sem eru nefndir í þessum gögnum allmargir. Þeir virðast hafa mikil fjárráð og starfa ötullega. Þetta kemur m. a. fram í samþykkt Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem telur að slíkir þrýstihópar kunni að taka upp mótmæli gegn neyslu á íslenskum fiski í veitingahúsum þar sem íslenskur fiskur er auglýstur sem 1. flokks gæðavara. Sérstaklega hefur þetta komið fram, segja forstöðumenn risafyrirtækisins Long John Silver's, sem er stærsti einstakur fiskkaupandi í heiminum og rekur 1100 eða 1200 veitingastaði í Bandaríkjunum, sem selja íslenskan fisk m. a. og fyrst og fremst.

Ég vil geta þess að ég hef einnig rætt við hinn aðalútflytjanda á fiski til Bandaríkjanna, Samband ísl. samvinnufélaga. Það telur sig ekki hafa orðið vart við þessa tilhneigingu og ekki hafa fengið slíkar aðvaranir frá sínum „kúnnum" í Bandaríkjunum. En ég vil leggja á það ríka áherslu, að alls ekki ber að taka svona mál léttilega. Þetta er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál. Ef úr slíkum mótmælum yrði og ef þau leiddu til samdráttar hjá slíkum aðilum eða t. d. þeir hyrfu að því að kaupa fremur kanadískan fisk, sem aðallega keppir við okkur um þennan markað, er þar um langtum stærra áfall að ræða í raun og veru en ef hvalveiðar okkar Íslendinga legðust niður, þótt mjög mikilvægar séu. Þannig eru rökin með og á móti. Ég vil geta þess, að eftir að þessar skýrslur voru teknar saman barst mér grg. frá sendiráði okkar í Bandaríkjunum. Þar er þetta rakið á málefnalegan hátt nokkuð svipað og ég hef nú þegar gert og bætir út af fyrir sig ekki miklu við það. En sendiráðið kemst einnig að þeirri niðurstöðu, að hættur stafi fyrst og fremst frá slíkum þrýstihópum sem ég hef nefnt.

Um þetta gæti ég haft ýmis fleiri orð, því mikið er búið um þetta að fjalla. M. a. vil ég geta þess, að við höfum tekið þátt í fundum hvalveiðiríkja eftir að þetta hefur skeð og reynt að fylgjast vandlega með því sem þau hafa í huga.

Ég vil einnig geta þess, að við höfum fylgst náið með *þeim tilraunum sem nú eru gerðar með* að aflífa hrefnuna á mannúðlegri hátt, eins og talað er um. Bæði Norðmenn og Japanir eru með víðtækar tilraunir. Ég geri ráð fyrir að haldið verði áfram hrefnuveiðum, þar sem við mótmæltum a. m. k. þar til algert bann kemur til framkvæmda. Ef við verðum þá að hlíta því. Þá verða hrefnuveiðar að stöðvast. En ég geri ráð fyrir að til þess tíma munum við leggja ríka áherslu á að nýta okkur þær leiðir sem þessar þjóðir eru að þróa til mannúðlegri veiða. Og ég vil taka mjög undir að það ber að gera. Þótt skiptar skoðanir séu um réttmæti þeirrar gagnrýni sem er á kalda skutlinum. Viðurkennt er að í sumum tilfellum getur tekið töluverðan tíma að aflífa skepnuna með slíku verkfæri. Því ber vitanlega að breyta.

Nokkur vandi er þarna á höndum. Ákaflega *erfitt* er að nota sprengjuskutla. Bæði er það hættulegt fyrir mannskap á litlum bátum, sem þetta stunda, og hins vegar eyðileggja slíkir skutlar dýrið svo mjög að lítið getur orðið eftir nýtanlegt af því. Þess vegna beinast tilraunir að því að nota miklu minna sprengiefni og þá alveg sérstaklega að því að nota jafnhliða kraftmiklar byssur. Það er t. d. sú leið sem Norðmenn hyggjast fara og telja sig þegar hafa náð athyglisverðum árangri.

Ég vil geta þess að lokum almennt, að gæta þarf þess að jafnvægi sé í náttúrunni. Mér er tjáð að áætlað hafi verið að *hrefnustofninn í Norður-Atlantshafinu neyti* um 1.5 millj. lesta af loðnu á ári. Það er sem sagt tvöfalt meira en við Íslendingar höfum gert okkur vonir um að veiða. Þetta mun að vísu ekki allt vera á íslensku yfirráðasvæði, heldur fyrst og fremst norðar og í Barentshafi. Í þeirri veislu er hrefnan, að því er mér er sagt, svona 6 mánuði á ári og hámar í sig 1.5 millj. lestir. Að sjálfsögðu er enginn vafi að þessi stóru og föngulegu dýr nýta mjög mikið af nytjafiski. Ég hef stundum haft á orði, að ef þetta dýr yrði alveg friðað yrði líklega að friða loðnuna svo að hvalurinn fái nóg að éta. En það er *nú annað mál*.

Ég vil svo segja það að lokum til að draga þetta saman, að ég tel að ákvörðun 34. ársfundar Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni, úthafsveiða 1985 og veiða frá ströndum eftir árslok 1985, þ. e. 1986, sé alls ekki byggð á vísindalegum niðurstöðum, eins og ætlast er til í þeim samþykktum sem á að fara eftir hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Ég tel jafnframt skylt að taka tillit til þess, að vísindanefnd ráðsins, sem meta á ástand hvalveiðistofnanna, hefur ekki séð ástæðu til að mæla með allsherjarstöðvun hvalveiða. Það er því mín skoðun að heimila eigi að nýta hval eins og önnur dýr í lífríki okkar, en sú nýting skuli vera undir ströngu vísindalegu eftirliti með hverjum einstökum hvalastofni, þannig að nýtingin sé hæfileg. Ég tel því að auka beri vísindalegar athuganir á hvalastofninum, eins og við höfum reyndar gert síðustu árin, en þurfum að gera í stórauknum mæli. Í því skyni má vitanlega nota hvalveiðiskipin. Ég tel verulega hættu á því að mjög dragi úr rannsóknum á hvalastofninum ef hvalveiðar leggjast niður.

Ég vil einnig leggja áherslu á það, að ég tel að bæta þurfi hvalveiðar þannig að þær verði sem mannúðlegastar, eins og sagt er. Á það sérstaklega við um kalda skutulinn.

Þá vil ég leggja áherslu á það, að hvalastofnar þeir sem við Íslendingar veiðum úr, þ. e. Austur-Íslands-langreyðarstofninn og Íslands-Grænlandssundssandreyðarstofninn og svo loks Norður-Atlantshafsmiðsvæðis-hrefnustofninn, eru samkv. niðurstöðum vísindamanna, þeim bestu sem fáanlegar eru, ekki taldir vera í hættu. Þessir stofnar hafa reyndar allir verið flokkaðir í ákveðinn flokk hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem má kalla á íslensku „Stofnar í jafnvægi“, og talið er eðlilegt að nýta þá. Í samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1946 segir:

„Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalveiðistofnum sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar.“

Ég tel einnig rétt að vekja athygli á því, að hvalastofninn neytir gífurlegs magns af nytjafiskum, sem nýttir eru til manneldis, og alger friðun hvalastofnsins *getur leitt til* þess að jafnvægi þessu verði stofnað í hættu.

Ég tel m. ö. o. að stöðvun veiða úr þessum stofnum verði því ekki réttlætt á vísindalegum grundvelli. Þess vegna hef ég lagt fram í ríkisstj. till. sem er svohljóðandi:

„Með hliðsjón af ofangreindu mótmælir ríkisstjórn Íslands hér með breytingu á viðauka við alþjóðasáttmálann um skipan hvalveiða frá 1946, þ. e. undir málsgrein 10 e, um stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni, úthafsveiða 1985 og veiða frá strandstöðvum 1986.“

Ég vil einnig taka það fram, að ég tel sjálfsagt að mjög vandlega sé með þessum málum fylgst á næstu árum og stjórnvöld eigi að vera tilbúin að endurskoða slíka ákvörðun, ef í ljós kemur að þær staðreyndir, sem ég hef rakið í nokkrum orðum, reynast að einhverju leyti ekki réttar. Ég geri því ráð fyrir að hvalveiðibanninu verði mótmælt, nema fram komi hér á Alþingi meirihlutavilji gegn slíkum mótmælum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Við höfum ekki langan tíma nú fram að kvöldfundi til þess að ræða þetta þýðingarmikla mál. Ég vil strax í upphafi ræðu minnar lýsa yfir því, að ég mun greiða atkv. gegn þessari till. Ekki vegna þess að ég trúi því að hvalastofnarnir séu *ofveiddir hér við land, svo sem undirstrikað* hefur verið af miklum dugnaði af hálfu þeirra hvalfriðunarmanna. Ég held að það sé ekki sannað. En ég er mjög hræddur um það, að mörkuðum okkar fyrir fisk beggja vegna Atlantshafsins sé stefnt í voða ef við mótmælum hvalveiðibanninu. Mér er kunnugt um það reginafl sem samtökin sem barist hafa gegn hvalveiðum búa yfir pólitískt og áróðurslega. Ég tek miklu alvarlegar heldur en bæði hv. flm. þáltill. sem hér er um að ræða og hæstv. sjútvrh. hættuna sem í þessu felst.

Hitt er annað mál, að við megum passa okkur Íslendingar ef svo verður komið málum, að stofnaðir eru þrýstihópar og áróðurshópar suður í löndum, í stórborgum heimsins, og við eigum að sæta því að slík samtök banni okkur aðgang að þeim auði sem við eigum einir til þess að byggja á framfærslu okkar, sem er sjávarafli í hinum ýmsu myndum. Við höfum reynt þetta og það brennur á okkur nú þegar, og höfum gert undanfarin ár eins og hæstv. sjútvrh. drap á með

afleiðingu af áróðrinum gegn selveiði, sem leiddi til þess m. a. nú endanlega, að Norðmenn ákváðu að gera ekki út á selveiðar í austurísnum nú í vetur. Ástæðan er sú, að það er ekki hægt að selja þessi skinn. Í þessu máli gengu fram ýmis samtök sem voru þó annars eðlis nokkuð heldur en sterkustu samtökin sem standa núna að ávarpi til Íslendinga út af hvalveiðunum. Það voru fyrst og fremst samtök á meginlandi Evrópu. Gengu þar ýmsir fyrir, þar á meðal heimsþekkt þokkadís, Brigitte Bardot, sem mælti mjög gegn því að verið væri að drepa litlu sætu kópana úti á ísnum og flá þá lifandi. Í a. m. k. einu sjónvarpsviðtalinu, sem átt var við hana um litlu sætu kópana á ísnum, var hún í pels úr úlfaskinni. Svo bar til að einmitt um þetta leyti var það nú líklega einna helst vesalings úlfurinn sem var í hættu vegna útrýmingar.

Við sjáum hvernig fer þegar gerðar eru friðunarráðstafanir án tillits til mannsins og án tillits til þeirrar staðreyndar að dýrastofnarnir hér á norðurslóð hafa sætt sig við tilveru mannsins og veiðiaðferðir hans.

Hringormapestin jókst í fiskinum og síðan gripu gáfaðir og framsýnir reiknistokksmenn — ég vil nú aðeins undirstrika þetta þegar menn tala eins og hv. þm. Eiður Guðnason annars vegar og hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson hins vegar um hina vísindalegu sönnun — þeir gripu til þess mælistokksmennirnir þá að leggja til að farið yrði að borga verðlaun fyrir neðri kjálka úr sel, verðlaun sem námu þá 700 ísl. kr. fyrir hvern kjálka. Þetta var náttúrlega forkastanlegt á upplýstri og siðaðri öld að hvetja til þess háttar morða og dráps eins og þar var gert. En það breytir ekki því, að ef hefði átt að borga 700 kr. fyrir neðri kjálkann úr einhverju kvikindi í þessu sambandi þá var það ekki selurinn. Ég vil ekki hrakyrða frú Brigitte Bardot, en hvað afkomu selsins og lífsins í Norður-Atlantshafi áhrærir, þá hefði gjarnan fyrr mátt vera einum neðri kjálkanum færra í henni. En það er annað mál.

Ég hef fullkomna ástæðu til þess að ætla að við séum í hættu með fiskmarkaðina okkar beggja vegna Atlantshafs ef við mótmælum nú hvalveiðibanninu eins og sakir standa, og að við eigum ekki sakarafl við þá aðila sem snúast munu gegn okkur í hefndarskyni á fiskmörkuðunum. Nú tel ég alveg bráðnauðsynlegt að fram komi á Alþingi vilji fyrir því að við mótmælum ekki banninu.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær margfróðlegu upplýsingar, sem fram hafa komið, ekki síst í máli hv. flm. þeirrar till. sem hér er til umr. og í máli hæstv. sjútvrh. Það þykir e. t. v. einhverjum hv. alþm. skrýtið að aðrir hv. alþm. Vesturl. en hv. þm. Eiður Guðnason skuli ekki standa að flutningi þeirrar till. sem hér er til umfjöllunar.

Ég vil segja það fyrst, að ég hygg að meginskýringin sé á þann veg að fleiri en færri af hv. þm. hafi viljað doka við og sjá hverju fram yndi í meðferð málsins á vegum stjórnvalda. Ég tel þó rétt að skýra frá því, að vegna einhverra ófyrirséðra atvika fórumst við og flm. till. á mis í þann mund er till. kom fram. Ég skal játa að ég hafði á liðnu hausti hugleitt flutning slíkrar till., en hvarf frá því ráði m. a. með tilliti til þess, að það upplýstist að málið var til rækilegrar meðferðar á vegum stjórnvalda.

Hins vegar vil ég taka það fram að hv. flm. till. kom til mín síðar og bauð mér að prenta till. upp. Ég taldi það hins vegar of mikla sýndarmennsku í störfum hér á Alþingi og úr því varð ekki.

Ég vil ekki lengja þessa umr. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að ítreka þá miklu efnahagslegu þýðingu sem starfsemi Hvals hf. hefur haft á undanförnum fjölmörgum árum, ekki síst fyrir þann landshluta sem mér stendur að sjálfsögðu næst og hv. flm. og fleirum, Vesturland, einkum þó suðurhluta þess ágæta kjördæmis. En eins og fram hefur komið hefur starfsemi fyrirtækisins haft allverulega þýðingu fyrir þjóðarbúskap okkar Íslendinga í heild. Ég ætla mér ekki að fara að rekja það, það hefur rækilega verið gert. Hins vegar vil ég taka það fram að um slíkt mál sem hér er til umfjöllunar er nauðsynlegt fremur en hitt að samstaða ríki, ég vil ítreka það. Ég tel mjög hættulegt ef svo færi að málinu yrði þyrlað upp í pólitísku moldviðri. Ég hygg að hv. alþm. hafi þegar ráðið það af mínum málflutningi að ég er meðmæltur því að við mótmælum hvalveiðibanninu.

Ég ætla ekki að eyða löngu máli í að færa frekari rök fyrir skoðun minni. Ég get vitnað í þau ummæli sem hér hafa komið fram nú þegar í ræðum manna. Hins vegar vil ég ítreka það, að slíkum mótmælum fylgi óyggjandi yfirlýsing stjórnvalda þess efnis, að rannsóknir á hvalastofninum verði stóreflfdar. Ég hygg að slík yfirlýsing mundi miklu fremur en hitt milda þá andstöðu sem hugsanlega kynni að leiða af slíkum mótmælum okkar. Hins vegar megum við ekki gleyma því, eins og raunar hér hefur verið vikið að, að mótmæli er hægt að draga til baka. Ég vil trúa því að þeir aðilar sem e. t. v., ef til skarar létu skríða, væru okkur skeinuhættastir lúti rökum í þessu máli. Það hefur verið bent á í þeim skýrslum sem fram hafa verið lagðar, að vísindalegar kannanir eru ekki nægjanlegar fyrir hendi til að sanna að hvalastofninn, að svo miklu leyti sem við stundum þessar veiðar, sé í hættu.

Um efnahagslegu þýðinguna þarf ekki að deila. Hún er augljós. Í þeirri skýrslu sem tíundar efnahagslega þýðingu fyrirtækisins Hvals er gerður samanburður við bandarískt efnahagslíf og þá sjá menn háar tölur. En þýðing fyrirtækisins er og verður vonandi óumdeild.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil fagna því að afstaða verður tekin í ríkisstj. eða á vegum hennar. Að sjálfsögðu hefur þess verið beðið. Ég geri mér grein fyrir því, að þessi mál hafa þurft svo rækilegrar athugunar við að e. t. v. var ekki eðlilegt að taka slíka ákvörðun fyrr en nú, að mjög vandlega athuguðu máli. Að síðustu legg ég áherslu á það, að slíku banni fylgi yfirlýsing þess efnis að við munum stórauka rannsóknir á hvalastofninum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil strax lýsa yfir stuðningi mínum við þessa till. og vænti þess að Alþingi geti samþykkt hana í tæka tíð, þ. e. ekki síðar en á þriðjudaginn kemur. Ýmis rök hafa hér verið flutt til stuðnings þessu máli. Ég vil taka undir þau og bæta kannske örfáum orðum við.

Ég legg áherslu á það að við megum ekki tapa rétti nú með því að gera ekki neitt. En svo verður frá næstu mánaðamótum, ef Alþingi tekur ekki af skarið, þar sem hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa treyst sér til þess, sem hún þó hefði getað gert. Hér eru vissulega íslenskir hagsmunir í húfi. Mér er alveg ljóst að hagsmunaárekstrar geta orðið, en það er þó alls kostar óvíst. Hér

er um að ræða hagsmuni Hvals hf. og fleiri aðila, þeirra sem stunda hrefnuveiðar. Það er um að ræða hagsmuni starfsmanna, sem að þessum veiðum vinna, og það er auðvitað um að ræða hagsmuni þjóðarbúsins sjálfs.

Ég vil aðeins nefna örfáar tölur í þessu sambandi. Framleiðsla Hvals hf. hefur verið um 8 þúsund tonn afurða á ári og hlutdeild í útflutningi sjávarafurða á síðasta ári var 1.54%. Sé söluverðmæti hvalafurða borið saman við útflutning annarra atvinnugreina er um mjög athyglisverðar tölur að ræða. Það er 91% af útflutningi landbúnaðarafurða, það er 136% hærra en útflutningur Kísiliðjunnar og það er 26% hærra en allur útflutningur niðursoðinna vara. Sala Hvals hf. á afurðum nam á árinu 1981 yfir 80 millj. kr. Eins og hér hefur komið fram vinna yfir sumartímann hjá þessu fyrirtæki um eða yfir 230 manns. Atvinnuöryggi þessa hóps skiptir vissulega máli á Íslandi nú. Við höfum ekki efni á því að stofna atvinnuöryggi slíks hóps í hættu. Það er ekki hægt að segja þessum mönnum að fá sér eitthvað annað að gera eins og nú er umhorfs í okkar atvinnulífi.

Því er haldið fram, að útrýming hvalastofnsins sé yfirvofandi, ef ekki verður nú brugðið á það ráð að banna algerlega hvalveiðar. Hv. flm. gerði hér að umræðuefni auglýsingu, sem birtist í dagblöðunum í fyrradag, og rakti þær rangfærslur sem þar koma fram. Ég vil aðeins bæta hér við einu atriði. Hér segir með leyfi hæstv. forseta:

„Nú stöndum við andspænis þeim möguleika, að Íslendingar mótmæli tímamótaatkvæðagreiðslu Alþjóðahvalveiðiráðsins. Félagar og stuðningsmenn nokkurra undirritaðra samtaka hafa sent bréf til íslenska sendiráðsins í Bandaríkjunum, svo og til forstjóra Flugleiða, framkvæmdastjóra Iceland Seafood Corporation og framkvæmdastjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Þar er lýst óánægju vegna þess hversu lengi Íslendingar skorast undan þeirri ábyrgð að taka þátt í varðveislu náttúruverðmæta sem eru sameiginleg arfleifð okkar allra."

Síðan koma hótanirnar þar á eftir. Það er að vísu þakkarverð sú samúð, sem þessir aðilar sýna þeim fyrirtækjum sem þarna eru upptalin, og það er auðvitað vont ef þau lenda í erfiðleikum vegna þess að við veiðum hvali, Íslendingar. En eiga íslensk stjórnvöld að beygja sig fyrir hótunum einhverra aðila úti í heimi, sem segjast hætta að kaupa fiskafurðir ef þetta eða hitt gerist hér hjá okkur? Í þessu sambandi vil ég nefna kafla úr greinargerð áheyrnarfulltrúa FAO á 34. ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins. Hv. flm. gerði hér að umræðuefni hluta af því sem þar kemur fram. Ég vil taka hér upp eina eða tvær setningar til viðbótar. Þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Vísindalega er þekking okkar á hvalastofninum langt frá því að vera fullkomin og talsvert má um það deila hversu miklar veiðar einstakir stofnar þola. Efasemdir þessar gefa þó enga ástæðu til að veiða ekki hóflegan afla úr stofnum sem virðast vera í góðu ástandi."

Á þetta legg ég áherslu. Ég hlýt að bæta því hér við að veiðar Íslendinga hafa ekki verið gagnrýndar. Þvert á móti hafa þær verið nefndar sem dæmi um hóflega veiði hvalastofnsins.

Herra forseti. Ég þarf ekki að tala hér miklu lengra mál. Meginatriðið er að við mótmælum nú samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algert bann við hvalveiðum, til þess að glata ekki rétti, eins og ég sagði áðan. Við mat á því hvað hv. alþm. þykir rétt að gera í þessum efnum vil ég taka meira tillit til þeirra sem þekkja þessar veiðar okkar af eigin raun en t. d. einhvers hóps danskra þingmanna eða einhvers hóps manna sem neita að kaupa mat hjá Long John Silver's í Bandaríkjunum af því að það fyrirtæki kaupir frystan fisk af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandinu. Það er umhugsunarefni fyrir alþm. og hæstv. ríkisstj. hver staða okkar verður í ýmsum öðrum efnum ef skoðanamyndun okkar á að byggjast á hótunum erlendis frá af þessu tagi. Að þessu leyti erum við sammála, hv. þm. Stefán Jónsson og ég, þótt hann styðji ekki till. Það verður hins vegar að vera mat okkar hvort minni hagsmunir verði að víkja fyrir hinum meiri ef við stöndum frammi fyrir slíkri spurningu.

Herra forseti. Ég ítreka stuðning minn við þessa till. og vona að málið verði afgreitt hér á hv. Alþingi n. k. þriðjudag og hv. utanrmn. geti lokið umfjöllun sinni um málið í tæka tíð.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég tala hér hvorki sem náttúruverndarmaður eða hvalfriðunarsinni og ég hef alla tíð fylgst með hvalveiðum Íslendinga og rekstri Hvals hf. og tel að það sé mjög mikilsvert fyrirtæki. Hvalveiðar Íslendinga hafa alla tíð verið reknar af mikilli skynsemi. Satt að segja hef ég verið fremur óánægður með að við skulum ekki hafa helgað okkur stærri hlut í hrefnuveiðum í Norður-Atlantshafi en verið hefur frekar en hitt. En ég tel að hér sé ákaflega viðkvæmt mál til umr. og vandmeðfarið.

Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni að þarna verði minni hagsmunir að víkja fyrir hinum ríkari. Ég hræðist það ekki að bandarísk stjórnvöld muni grípa til aðgerða þó að við mótmælum, en við skulum gera okkur grein fyrir að það eru ýmis þau öfl að verki á fiskmörkuðum okkar, og þá ekki síst í Bandaríkjunum sem er býsna erfitt við að glíma.

Ég vil ekki horfa framhjá viðvörunarorðum þeirra manna sem mest og best hafa unnið fisksölumálum Íslendinga í Bandaríkjunum á síðustu áratugum. Þar vil ég fyrst nefna Þorstein Gíslason, sem er forstjóri Coldwater. Ég hef oft átt viðræður við hann um þróun þessara mála á bandarískra markaðnum og ekki síst þegar Greenpeace-samtökin fóru að láta á sér kræla. Hann gerði alltaf lítið úr þessum samtökum og gerði satt að segja grín að þessu fólki, en nú hefur sjónarmið hans breyst æðimikið. Hann segir í bréfi, sem hann skrifar sjútvrh., að þess vegna væri langbest fyrir hagsmuni Íslendinga núna að engin mótmæli kæmu frá þeim um bannið við hvalveiðum.

Ég ætla ekkert að gera lítið úr rökum hvalveiðimanna og talsmanna Hvals hf. Ég skil mjög vel þá baráttu sem þeir nú heyja fyrir sínum hagsmunum og fyrir því fólki sem hjá þeim hefur unnið. Það getur ekki verið sársaukalaust að hafa haft fólk í starfi áratugum saman og þurfa kannske að horfa á að sá atvinnurekstur leggist niður og þetta fólk verði að hætta starfi.

Með þeim pappírum sem við þm. fengum á borð til okkar var bréf frá Hval hf., þar sem sagt er frá leiðangri forstjóra fyrirtækisins til Bandaríkjanna og frá viðræðum hans við ýmsa málsmetandi menn þar. Þar segir hann frá viðræðum sínum við Guðjón B. Ólafsson forstjóra Iceland Seafood Corporation. Sagðist Guðjón

fyrir sitt leyti ekki sjá því neitt til fyrirstöðu að Ísland neitaði samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann við hvalveiði frá 1986 til að afsala sér ekki rétti sínum, enda þykir það ekki nauðsynlegt ef hvalveiðum yrði haldið áfram. Mér finnst gæta nokkurs tvískinnungs í þessum ummælum. Við skulum hafa það í huga, að ef við mótmælum verða þau mótmæli kannske tekin aftur, en við skulum gera okkur grein fyrir því, að áhrif mótmælanna verða ekki tekin aftur.

Hann segist hér hafa talað við einn fulltrúa Long John Silver's og spurst fyrir um hvort Long John Silver's hafi orðið fyrir mótmælastöðum við veitingahús sín vegna þess að einhver ríki veiði hval. Hann segir að þessi maður hafi sagt að svo væri ekki. En aftur á móti segir Þorsteinn Gíslason í bréfum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna frá því að forráðamenn Long John Silver's séu orðnir æðiþreyttir á því núna að standa frammi fyrir þessum mótmælaaðgerðum. Síðan segir hann hérna: „Kom þetta mér mjög á óvart, eins og nærri má geta, og mér er ómögulegt að geta mér þess til hvað hér hangir á spýtunni."

Mér sýnist að þarna sé ákveðin ófyrirleitni á ferðinni og manni gerðar upp einhverjar annarlegar skoðanir, annarleg sjónarmið, í þessum efnum. Það finnst mér illa farið. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur séð ástæðu til þess að samþykkja mótmæli gegn því að hvalveiðibanninu verði mótmælt. Við skulum ekki heldur gleyma því, að í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sitja 18 menn sem koma víðs vegar að af landinu og gæta hagsmuna bæði hraðfrystihúsa og fiskvinnslufólks um allt land.

Auðvitað gera menn mikið úr því að hvalafurðirnar séu stór hluti í útflutningi okkar Íslendinga, en við skulum ekki gleyma því að bandaríski markaðurinn fyrir þorsk hefur skilað okkur um 60% af útflutningsverðmætum okkar í frystum fiski.

Ég hef hérna með mér dreifibréf frá einum af þessum samtökum sem heita The Animal Welfare Institute. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði áðan að við ættum ekki að taka tillit til einhverra þeirra manna sem kæmu til með að neita að kaupa fisk í Bandaríkjunum, en við skulum ekki gleyma því, að þetta eru ekki einhverjir menn, heldur gífurlega öflug samtök sem hafa ómældum peningum yfir að ráða og geta beitt hverjum þeim áróðursbrögðum sem þeim þóknast. Þau hafa dreift um Bandaríkin dreifibréfum og mótmælabréfum við því að bandaríska þjóðin eigi viðskipti við þær þjóðir sem hvalveiðar stunda. Við skulum ekki heldur gleyma því, að innan þessara samtaka, sem þarna er um að ræða, eru ⅔ af öldungadeildarþingmönnum Bandaríkjanna. Þeir eru hvorki meira né minna en 66 öldungadeildarþingmennirnir sem styðja þessi sjónarmið og eru í þessum samtökum. Svo er t. d. í þessum dreifibréfum, sem send eru um öll Bandaríkin, mynd af hval þar sem fánar Íslands, Noregs, Japans og Sovétríkjanna blakta. Þetta er blæðandi hvalur og er nokkuð áberandi. Hér eru alls konar upphrópanir og skorað á fólk að ganga framhjá vörum frá þessum þjóðum, sem hvalveiðar stunda, og með því láta í ljós mótmæli sín.

Með leyfi forseta segir Þorsteinn Gíslason í bréfi sem hann ritar um þetta mál: „Samtökin sem vilja láta hætta hvalveiðum hafa beitt sér gagnvart stærstu viðskiptavinum okkar, Long John Silver's, og séð til þess að fjöldi manna hefur skrifað þeim hvatningarbréf um að hætta að nota íslenskan fisk, ef Ísland muni þrjóskat við að hætta veiðum hvala. Einnig komu fram áróðursmenn, sem gengu með skilti á sér fyrir framan veitingahús Long John Silver's. Forstöðumenn fyrirtækisins sögðu mér strax að þeir mundu hafa bæði lítinn vilja og litla getu til að berjast við svona þrýstihópa og vonuðust til þess að ráðstafanir Íslendinga yrðu slíkar, að ekki þyrfti að taka tillit til þessa máls við fiskinnkaup almennt."

Ég vona að ráðstafanir Íslendinga verði þær, að bandarískur almenningur hafi ekki ástæðu til að ganga framhjá íslenskum vörum á bandarískum markaði. Við skulum gera okkur grein fyrir því, hverjar afleiðingar það getur haft ef við mótmælum hvalveiðibanninu. Það getur orðið samdráttur í sölu á íslenskum fiski í Bandaríkjunum eða jafnvel eitthvað annað verra. Ég skora á ykkur, hv. þm., í nafni þeirra þúsunda togarasjómanna sem stunda þorskveiðar hér við Ísland, í nafni þeirra þúsunda bátasjómanna sem stunda veiðar hér við Ísland, í nafni alls þess verkafólks sem á hagsmuna að gæta í frystiiðnaðinum og þeirra tuga fyrirtækja og byggðarlaga sem allt sitt eiga undir þorskveiðum við Ísland að fella þessa till., og ég mun sjálfur greiða atkv. gegn henni.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Vegna þess sem hv. 9. landsk. sagði, þá er spurning hvort verði mikið eftir af nýtanlegum þorski og loðnu ef við alfriðum bæði sel og hval. Það var auðvitað rétt hjá hæstv. sjútvrh. að hættulegt getur verið að raska jafnvægi náttúrunnar með algerri friðun ákveðinna dýrategunda, nema sú hin sama dýrategund sé í útrýmingarhættu. Morgunblaðið hafði það í morgun eftir norska blaðinu Fiskaren, að allar veiðar Norðmanna, Rússa og allra annarra þjóða í Barentshafi væru 2.6 millj. lesta af þorski og loðnu á ári. En Norðmenn áætla að hvalur og selur í Barentshafi éti hvorki meira né minna en 3—5 millj. tonna af þorski og loðnu á þessu sama svæði, sem er allt að því helmingi meira en allar veiðar manna, sem þó eru takmarkaðar vegna þess að stofnar eru taldir ofveiddir. Alveg eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh. étur hvalurinn 1.5 millj. lesta af loðnu á þessu hafsvæði. Þessar dýrategundir eru því í mjög harðri samkeppni við sjómenn um að höggva í þessa þýðingarmiklu fiskstofna. Við getum auðvitað ekki yfirfært nákvæmlega þessar tölur yfir á Ísland, en sjálfsagt er hlutfallið ekki mjög ólíkt.

Náttúruverndarmenn hafa auðvitað oft rétt fyrir sér, en mér finnst þeir stundum ganga of langt. Nú hafa þeir í reynd stöðvað selveiðar. Nú er reynt að stöðva hvalveiðar. Þá er spurning, hvenær þeir fara að skipta sér af fiskstofnum okkar, af þorskveiðum okkar og öðru slíku, nema þá hvalnum og selnum verði einum látið eftir að nýta þær tegundir. Svo er það líka spurning, hvaða leyfi við höfum til að hætta að framleiða þýðingarmiklar fæðutegundir, mikið magn af fæðu í sveltandi heimi. Það verður líka að taka tillit til þess.

Ég tek undir, herra forseti, með hv. flm. þessarar þáltill. Við eigum ekki að beygja okkur fyrir hótunum, hvorki frá náttúruverndarmönnum né öðrum. Ég styð þáltill. eindregið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hef fylgst náið með hvalveiðum frá árinu 1954 og raunar talað við vísindamenn um það, hvort ástæða sé til að ætla að um

ofveiði á hvalstofninum sé að ræða hér á landi. Þar er stutta og skýra sögu að segja: Mér er ekki kunnugt um að neitt bendi til þess að um það sé að ræða. Þvert á móti hefur það vakið athygli og aðdáun margra, hversu skynsamlega hefur verið staðið að hvalveiðum hér á landi, bæði varðandi nýtingu hvalafurða og meðferð alla. Veiðarnar hafa verið stundaðar með gætni og hófsemi og á síðustu árum hefur æ meiri áhersla verið lögð á að nýta hvalafurðirnar til manneldis.

Það er eftirtektarvert í hungruðum heimi að við erum hér að tala um hvort við eigum að telja það sjálfsagt mál að 4 732 tonn af frystum afurðum, sem öll fara til manneldis, skuli fara í súginn eða ekki. Þetta er ekki lítið magn og mjög vaxandi hin síðustu ár — og batnandi líka. Það er ekki einasta að hver kjöttætla sé hirt og nýtt, heldur er sporðurinn nýttur, spikið, rengið, meira að segja garnir hvalanna — og eru herramannsmatur eins og allir þeir vita sem þær hafa smakkað. Við erum þess vegna ekki að tala um neina gúanóvöru.

Við erum að tala um hvort áfram verði stundaðar hvalveiðar. Ég vil taka það fram að mikill hluti af þessari framleiðslu rennur til fólks sem að öðrum kosti ætti þess ekki kost að fá kjötvörur. Það má vera að sumum finnist þetta léttvægt. Það má líka vera að svo sé komið í heimi hér, að menn verða að beygja sig fyrir fjármagni og auglýsingum, skrumi og áróðri fremur en staðreyndum.

Þetta mál, sem við erum að ræða hér, snýst ekki um hvort um ofnýtingu á hvalastofninum sé að ræða. Það bendir ekkert til þess. Hér á landi hættu menn að veiða hnúfubak 1954 vegna þess að sá stofn var í hættu. Ég man ekki hvort síðasta steypireyðurin var veidd 1958, 1959 eða 1960 — það var á þeim árum — vegna þess að sá stofn var í hættu. Það var ekki nein spurning um að halda áfram af þeim sökum. Þetta mál snýst því auðvitað ekki um vöxt og viðgang hvalastofnsins, enda er það ekki rekið þannig af fólki sem vill tala um málin af alvöru og sanngirni. Það eru önnur sjónarmið sem inn koma.

Ég vil líka vekja athygli á því, að þegar þetta mál kemur upp núna er atvinnuástand hér á landi alvarlegra en það hefur verið mjög lengi. Á hverjum degi lesum við fregnir um það, að svo og svo mörgu fólki sé sagt upp vinnunni. Talað er um að fleiri fyrirtæki séu að loka á næstunni. Við höfum áhyggjur af því, að útflutningstekjur okkar standi ekki undir neyslu okkar og eyðslu. Erlendar skuldir vaxa. Við slíkar kringumstæður er með öllu óverjandi að líta á bann við hvalveiðum með einhverri léttúð.

Ég vil á hinn bóginn taka undir það, og hef oft rætt um það hér á Alþingi, að umgengni okkar við náttúruna eigi að vera betri. Ég hef takmarkaðan skilning og takmarkaða þolinmæði t. d. á því, hversu mjög hefur dregist úr hömlu að ný fuglafriðunarlög séu sett, svo ég taki það sem dæmi, hvernig við förum með úrgang og hvernig við á annan hátt spillum okkar náttúru. En það er sitt hvað. Hér erum við að tala um atvinnurekstur, hér erum við að tala um skynsamlegar veiðar, hófsamlegar veiðar, miðað við stofn og afurðir, sem koma sér vel í hungruðum heimi. Af þessum sökum er ég hlynntur því að við mótmælum og tek undir till. hæstv. sjútvrh.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mér skilst að segja megi að það sé algerlega á síðustu stundu og jafnvel of seint að ræða þessa till. Samkv. upplýsingum sem hæstv. sjútvrh. gaf hér áðan hefði það þegar verið tekið fyrir í ríkisstj. að hvalveiðibanni yrði mótmælt. Yfirlýsingar um það hvort menn séu með eða á móti till. séu því frekar gagnslitlar og einnig litlar líkur á að tími vinnist til að afgreiða till. úr n., hvað þá að koma áfram atkvgr. hér í þinginu, áður en að þeim degi kemur sem þarf að vera búið að taka ákvörðun í málinu, og málið raunverulega í höndum sjútvrh.

Eins og hv. 3. þm. Vesturl. upplýsti hér áðan leitaði flm. till., hv. 5. þm. Vesturl., til okkar Vesturlandsþingmanna um það að við flyttum till. með honum. Ég hafnaði því þá, reyndar ekki á þeirri forsendu að ég væri á móti því að hvalveiðibanninu væri mótmælt, heldur frekar vegna þess að ég taldi varla tímabært að flytja till. á þingi meðan þessi mál væru frekar skoðuð. Ég er reyndar kominn á þá skoðun nú, ekki síst eftir þær umr. sem hér hafa átt sér stað í þinginu, að vera mótfallinn till. Mér finnst þau rök sem notuð eru til þess að mæla með samþykkt hennar engan veginn geta staðist. Aðalrökin fyrir því að við eigum að mótmæla banninu séu efnahagslegar aðstæður, rekstur fyrirtækisins Hvals hf. í Hvalfirði, mannfjöldinn sem vinnur þar og hlutdeild hvalafurða í útflutningstekjum okkar. Ég fæ ekki séð að það standist raunverulega að bera þetta fram sem rök í málinu, vegna þess að hættan á skaða á öðrum vettvangi við það að mótmæla banninu er jafnvel meiri, eins og hv. 9. landsk. þm. benti hér á áðan. Það eru aðrir efnahagslegir þættir sem eru veigameiri og okkur hættulegri en sá að þessi atvinnugrein leggist niður um einhvern tíma, því ekki liggur beint fyrir að það sé nema um ákveðinn árafjölda sem bannið gildir.

Hv. flm. benti á það í framsöguræðu sinni að upphaflega hefði Alþjóðahvalveiðiráðið verið myndað af þjóðum sem stunduðu hvalveiðar og áttu hagsmuna að gæta á því sviði. Á undanförnum árum hefðu aftur á móti komið inn í ráðið aðrar þjóðir, sem hefðu lítilla hagsmuna að gæta, og beitt þar atkvæðisrétti sínum gegn þeim þjóðum sem enn veiða hval. Á móti þessu verður ekki mælt. Staðreyndin er sú að upphaflega voru þjóðirnar 14 sem stóðu að Alþjóðahvalveiðiráðinu og allar hvalveiðiþjóðir. Nú eru aðeins eftir sjö og samkv. upplýsingum hæstv. sjútvrh. áðan og þeim plöggum sem hér var dreift í gær blasir við að þær verði brátt ekki fleiri en fimm. Ég tel einmitt að atkvæði þeirra þjóða, sem í ráðinu eru og voru áður veiðiþjóðir, en styðja nú bannið, séu gildari, en atkvæði þeirra sem vilja veiða áfram. Sá félagsskapur sem við stöndum eftir í nú er Noregur, Sovétríkin, Japan og Perú.

Hv. 9. landsk. þm. sýndi hér mynd, sem dreift hefur verið um Bandaríkin þar sem íslenski fáninn er í bland við þennan hóp. Mér finnst ekki ótrúlegt að þeir sem berjast gegn hvalveiðum hugsi sem svo þegar þeir hugsa til Íslendinga – og sjálfsagt hugsa þeir margir hverjir enn vel til þeirra: Segðu mér hverja þú umgengst og ég skal segja þér hver þú ert. Ef við eigum að fylkja liði með þessum hóp í sambandi við mál sem þessi, þá held ég að við séum ekki á réttri braut.

Ég tel að atkvæði þeirra sem veiddu **og eru** hættir því vegna þess að ofveiði hefur átt sér **stað séu** þyngri á metunum heldur en þeirra sem vilja halda áfram ofveiði, en líklegast eru ekki aðrar þjóðir drýgri við þá iðju en stórfiskiveiðiþjóðirnar Japan og Sovétríkin.

Það er ekki langt síðan ég og hv. 5. þm. Vesturl.

stóðum að því að undirbúa verksmiðjubyggingu vestur í Búðardal til að nýta selskinn. Við höfðum öll trú á því, sem stóðum að því, að þarna væri verkefni fyrir Dalamenn að nýta selinn við Breiðafjörð og súta og vinna skinn af selnum. Við tókum ekki mikið mark á því, sem þá var verið að segja í fjölmiðlunum, að hópar úti í löndum væru að byrja að berjast gegn þessum veiðum. Bjartsýni var ríkjandi um það að þarna væri hægt að byggja upp atvinnufyrirtæki. Nú er staðreyndin aftur á móti sú, að selveiðar sem atvinnuþáttur á Íslandi er úr sögunni.

Ég geri ráð fyrir því að svipuð þróun eigi sér stað hver sem okkar mótmæli verða í sambandi við hvalveiðibann í dag, að þeir aðilar sem nú berjast fyrir hvalveiðibanni hafi eftir nokkur ár þá stöðu t. d. í Bandaríkjunum sem eru okkur viðkvæmust, að viðskipti okkar við það land með sjávarafurðir fari minnkandi. Þá geri ég ráð fyrir að þeir sem nú mæla með því að við höldum áfram hvalveiðum vildu allir hafa verið á hinni skoðuninni í dag.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði hér áðan að við töpuðum rétti með því að gera núna ekki neitt. Ég tel að með því að mótmæla hvalveiðibanninu nú munum við stíga það skref sem við gerum okkur ekki grein fyrir hvaða afleiðingar getur haft. Ég tel miklu farsælla fyrir okkur að tapa þeim rétti, sem við ímyndum okkur að við getum haft til að veiða hval eftir 1986, en að halda þessu striki sem hér er lagt til að verði gert.

Hæstv. sjútvrh. og fleiri hv. ræðumenn hafa nefnt það að hvalastofninn geri mikið af því að éta fisk og hafa nefnt háar tölur í sambandi við það. Við höfum ekki heyrt annað en að loðnustofninn á norðlægum slóðum hafi verið hér frá alda öðli. Þó vitum við að hvalastofninn í norðurhöfum var áður miklu, miklu stærri en núna. Rök á þessa vísu tel ég vera mjög léttvæg og ættu helst ekki að heyrast í umræðum sem þessari. Að tala um það meðan dýrastofn er í lægð, eins og hvalastofninn er nú, að hann ógni öðrum fiskistofnum eða öðrum náttúruþáttum, það finnst mér að tala út í hött. (Gripið fram í.) Það er ekki neinn vafi á því.

Svo virðist sem það sé þegar ákveðið að hvalveiðibanninu verði mótmælt. Ég tel að fyrst svo er gert þá eigi að hverfa frá þeirri braut að leggja málin fyrir eins og gert hefur verið að miklu leyti hér í dag, að efnahagslegum þætti sé stillt upp eins og hv. flm. gerði, sérstaklega að þetta séu ákveðin bolabrögð þjóða sem ekki koma þessi mál neitt við. Ég tel að gagnrýni okkar á þessu banni eigi frekar og eingöngu, ef henni verður haldið áfram, að byggjast á því sem reyndar kemur að nokkru fram í grg. hv. flm., að aðalatriðið eigi að vera það að veiðin fari öll fram innan okkar íslensku landhelgi, þ. e. innan 200 mílnanna, og í öðru lagi að fyrir liggi að þeim hvalastofnum sem veiddir eru á Íslandsmiðum verði ekki ógnað af ofveiðum. (Gripið fram í.) Já, þetta liggur fyrir og þessu getum við haldið áfram. Og svo að veiðarnar séu stundaðar undir eftirliti og miklar og auknar rannsóknir fari fram í sambandi við þetta. En að blanda efnahagslega spursmálinu inn í þetta tel ég að sé okkur neikvætt. Við eigum að halda fram okkar líffræðilegu rökum í sambandi við þetta, en að stilla upp efnahagsþættinum í þessu, eins og hér hefur verið gert meira og minna, það tel ég vera rangt. Ekki aðeins vegna þess að sá þáttur hlýtur að vera mjög lítils metinn hjá öðrum þjóðum, heldur líka af hinu, að með því að stilla upp þessum efnahagslega þætti er raunverulega verið að stilla íslenskum atvinnugreinum upp hverri á móti annarri. Sú ógnun í sambandi við fiskveiðar og fisksölu til Bandaríkjanna sem er tengd þessu máli á ekki að vera til umr. hér og ekki heldur sá skaði sem við verðum fyrir ef hvalveiðarnar verði stöðvaðar, heldur fyrst og fremst hinn siðferðislegi eða náttúrufræðilegi grundvöllur sem við getum bent á að við séum ekki að skerða.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. og tel ekki ástæðu til að taka efnislega þátt í þeim. Ég hef allt frá því á s. l. hausti haft mjög náið samband við hæstv. sjútvrh. og sjútvrn. og lagt ríka áherslu á að tekin yrði afstaða til mótmæla fyrir lok frestsins. Ég fagna því till. hæstv. sjútvrh. í ríkisstjórninni og jafnframt jákvæðum viðbrögðum í ríkisstjórn og treysti því að hún komi til framkvæmda sem ákvörðun ríkisstjórnar Íslands. Ég hef ekki nokkra trú á að hv. alþm. reyni í alvöru að koma í veg fyrir slíkt.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 29. fundur.

Fimmtudaginn 27. jan., kl. 3.30 síðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 255). – 2. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og hv. þdm. er ljóst hefur verið útbýtt dagskrá fundarins, sem sjá má 29. fund í hv. deild. Nú er þess að geta fyrst, að til þess að þetta mál megi koma fyrir þarf að leita afbrigða, þar sem of skammt er liðið síðan nál. var útbýtt. En af lögmætum ástæðum verður ekki gengið til þessarar dagskrár. Að vísu er mjög fast á knúið um afgreiðslu málsins. Það hefur verið lengi fyrir hinu háa Alþingi og fjh.- og viðskn. beggja deilda hafa starfað saman að málinu, þannig að það ætti að vera þann veg úr garði gert að það mætti koma til lokaumr. og afgreiðslu. Þess er þó að geta, að síðasti fundur hv. fjh.- og viðskn. Nd. var í morgun og aðeins fram komið minnihlutaálit, hvort sem nú í kjölfarið fylgja tvö minnihlutaálit eða meirihlutaálit. Um það skal ég ekki segja. En með vísan til þessara ástæðna verður þetta mál tekið út af dagskrá, en til næsta fundar boðað með dagskrá kl. tvö á morgun, þar sem þetta mál verður tekið fyrir til umr. og afgreiðslu. – Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá, eins og ég áður sagði. Fundi er slitið.

Neðri deild, 30. fundur.

Föstudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 255). – 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði samþ. með 20:3 atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og fram kom í gær, var það þá hugmynd forseta deildarinnar að dagskrármálið, efnahagsaðgerðir, yrði tekið til umr. og afgreiðslu á þessum fundi. Augljóst er að það nær ekki fram að ganga. Ég gat þess, að vissulega hefði þetta mál verið alllengi í meðförum þingsins og hv. fjh.- og viðskn. starfað saman að úrvinnslu málsins. Af þeim sökum og ýmsum öðrum mætti ætla að málið gæti fljótlega náð afgreiðslu í hv. deild. Ég hef til viðbótar fengið upplýsingar um að nokkrir nm. bíða enn eftir upplýsingum sem þeir telja sér mjög mikilvægt að fá áður en nál. eins minni hl. verður skilað.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um mjög langt skeið um það mál sem hér liggur nú fyrir til umr. Fyrst í stað starfaði nefndin ásamt fjh.- og viðskn. Ed. Hafa komið fram margvísleg gögn varðandi það starf frá nm. í Ed. og tel ég ekki ástæðu til að gera það að umtalsefni.

Fjh.- og viðskn. Nd. hefur einnig leitast við að afla ýmissa upplýsinga og kallað á sinn fund fjölda manns. Varðandi láglaunabætur komu starfsmenn frá fjmrn., fulltrúar frá ASÍ og BSRB, varðandi gengismun og ráðstöfun hans komu fulltrúar frá Seðlabanka, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi skreiðarframleiðenda og Framkvæmdastofnuninni. Einnig kom ráðuneytisstjóri sjútvrn. Við höfum einnig reynt að afla allra þeirra upplýsinga sem nm. hafa beðið um. Veit ég ekki betur en þær hafi komið nokkuð jafnharðan og um hefur verið beðið, eftir því sem kostur er. Hitt er svo annað mál, að það vill oft verða í umfangsmiklum málum, að mönnum dettur ýmislegt nýtt í hug og ýmsar nýjar beiðnir koma upp í hugum manna. Svo hefur verið í þessu máli. Hef ég og aðrir nm. reynt að verða við þeim óskum, eftir því sem kostur er.

Nm. vildu fá viðræður við lögfræðinga í morgun til þess að fjalla um lagahlið málsins. Tókst í gærkvöld að ná sambandi við lagadeild Háskóla Íslands til þess að þær viðræður gætu átt sér stað í morgun. Ég vænti þess að allt þetta geti orðið til að greiða sem best fyrir þessu máli.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags. Á árinu 1982 má gera ráð fyrir því að verðhækkanir verði um 60%, en á sama tíma er meðalbreyting á gengi krónunnar um 90%. Þetta hefur reynst nauðsynlegt til þess að halda atvinnuvegum þjóðarinnar gangandi. Það ætti öllum að vera ljóst, sem huga að efnahagsmálum, að til þess að um raungengisbreytingu geti orðið að ræða verður að taka út úr víxlgangi verðlags og kaupgjalds áhrif þessara gengisbreytinga, ef þær eiga að koma að tilætluðum notum.

Það er alveg ljóst að þessi breyting hafði tiltölulega lítil áhrif á árinu 1982, enda má gera ráð fyrir því að viðskiptahalli verði um það bil 3 800 millj. á s. l. ári. Það hefði því þurft að taka þessa ákvörðun fyrr, það liggur alveg ljóst fyrir. Hefði verið mun hagstæðara fyrir íslenskt þjóðarbú ef þessi ákvörðun hefði gengið í gildi þegar 1. sept. Svo varð ekki. Ætti öllum að vera ljóst að sú ákvörðun, sem þarna var tekin, var ekki ónauðsynleg. Hins vegar má segja að hún hafi verið tekin of seint.

Á sama tíma var gert ráð fyrir ýmsum hliðarráðstöfunum og enn er gert ráð fyrir því að breytingar verði gerðar á vísitölukerfi landsins. Ætti öllum einnig að vera ljóst að aldrei hefur verið nauðsynlegra en nú að gera það, því að það hefur komið berlega í ljós að undanförnu hversu þetta vísitölukerfi magnar upp erfiðleikana. Við verðum fyrir ákveðnum áföllum í okkar þjóðarbúskap, sem vísitölukerfið magnar sjálfkrafa upp, og það er engin leið að leysa þessi vandamál án þess að taka tillit til þess.

Í öðru lagi var í frv. gert ráð fyrir heimild til handa ríkisstj. til að greiða 50 millj. í bætur til láglaunafólks. Það var gert samkv. ákveðnu kerfi sem mikið hefur verið gagnrýnt. Hafa farið fram margvíslegar viðræður um það, einnig í nefndinni, hvernig skuli haldið áfram að þessu leyti, hvort menn eigi að reyna að bæta það kerfi sem þá var sett eða jafnvel að hætta við láglaunabæturnar og greiða bætur eftir öðrum leiðum. Þetta kemur allt til greina. Það þarf að vinna að þeim málum áfram. Það er öllum ljóst að ekki verður haldið áfram með þetta kerfi nema gera einhverjar lagfæringar, sem eðlilegt er, því að hér er um frumraun að ræða. Einnig kemur til álita að bæta aðstöðumun í þjóðfélaginu eftir öðrum leiðum. Það fer ekki á milli mála að hægt er að gera það. Það er mikill aðstöðumunur í þjóðfélaginu í dag varðandi upphitunarkostnað. Þó að öllu þessu fjármagni væri varið til að bæta þann mun, þá mundi það lítið duga. Það liggur fyrir að mikill aðstöðumunur er í þjóðfélaginu varðandi húsnæðiskostnað. Þó að þessi upphæð væri þar notuð mundi það lítt duga til. Það er því af nógu að taka. Ég vænti þess að fram geti farið á næstunni skoðanaskipti um það milli aðila í þjóðfélaginu og ekki síst innan verkalýðshreyfingarinnar, sem tiltölulega mikið hefur tekið þessi mál til umr., á hvern hátt þetta verði best gert.

Í þriðja lagi gerði frv. ráð fyrir því að taka helming gengismunar af sjávarafurðum og greiða hann til baka samkv. ákvæðum í 4. gr. Brtt. liggur fyrir á þskj. 255 frá sjútvrh. Í ljós hefur komið að gengismunur þessi er nokkru hærri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því að afla tekna til ríkisins til að standa undir ákveðnum verkefnum.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það er mikilvægt að þetta mál fái sem fyrst framgang hér á Alþingi. Ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja um mál þetta, en mun síðar í umr. koma ýmsu öðru á framfæri varðandi málið, ef ég sé ástæðu til. Ég vil aðeins að lokum taka það fram að 1. minni hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Því miður vannst mér ekki tími til áður en fundur þessi hófst að afhenda nál. mitt í skrifstofu þingsins. Ég var að fá það úr vélritun alveg á sömu mínútu og fundurinn hófst og fékk mínar síðustu upplýsingar varðandi þetta nál. nú í hádeginu, þannig að meiri hraða held ég að sé varla hægt að hafa á miðað við að þingstörfin gangi eðlilega fyrir sig. Ég hef hins vegar gengið frá þessu nál. nú og mun styðjast við það í

ræðu minni hér á eftir og vona að það nægi að ég afhendi hæstv. forseta nál. að því loknu.

Það hefur áður komið fram í máli mínu um afstöðuna til þessa frv. að meginefni þess má skipta í þrennt: Það er í fyrsta lagi helmingslækkun verðbóta á laun, sem tók gildi þann 1. des. s. l., í öðru lagi ákvæði um láglaunabætur að upphæð 50 millj. kr., sem út voru greiddar í sama mánuði, í þriðja lagi hækkun vörugjalds á ýmsum innfluttum nauðsynjum, svo sem matvælum, sem ætlað er að skila á 6 mánaða gildistíma fimm- til sexfalt hærri tekjum í ríkissjóð en nemur samanlagðri fjárhæð láglaunabótanna, sem úthlutað var í des., og í fjórða lagi ráðstöfun gengismunar vegna gengislækkunar ríkisstj. í ágústmánuði á s. l. hausti, en það er orðin næstsíðasta gengisfelling hæstv. ríkisstj.

Launalækkunin, sem kom til framkvæmda þann 1. des. s. l. samkv. ákvæðum brbl. ríkisstj., reyndist nema röskum 7%. Laun alls launafólks í landinu voru þann dag lækkuð um þennan hundraðshluta frá ákvæðum gildandi kjarasamninga, jafnt laun hinna launalægstu sem laun hinna launahæstu. Vegna brbl. ríkisstj. héldu launagreiðendur á Íslandi þennan dag, þann 1. des., eftir af launagreiðslum starfsmanna sinna 135 millj. kr., sem þeim hefði ella borið að greiða launafólki, ef ríkisstj. hefði ekki komið í veg fyrir það. Vegna brbl. ríkisstj. mun launafólk á yfirstandandi ári missa rúmlega 1600 millj. kr. í launum, sem fólki bar samkv. gildandi kjarasamningum að fá.

Þessi aðgerð, launalækkun með lögum, er einasta ráðstöfunin í samanlögðum brbl. og yfirlýsingum ríkisstj. sem einhver tímabundin áhrif hefur á verðbólguþróun. Engar aðrar ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert eða boðað, hvorki í brbl. né í yfirlýsingunni sem brbl. fylgdi, hafa nokkur minnstu mælanleg áhrif á verðbólguna. Einasta verðbólguúrræði ríkisstj. var sem sé að lækka laun fólks með lögum um 1600 millj. kr. á einu ári.

Það er einnig kunnugt að slík ráðstöfun skilar tímabundnum árangri til lækkunar verðbólgu, en jafngömul er sú reynsla að þótt slík aðgerði skili árangri til skamms tíma eru áhrif hennar á verðbólguþróun til lengri tíma nákvæmlega engin. Til fjölmargra slíkra aðgerða hefur verið gripið á undanförnum árum. Þær hafa ekki forðað því, að verðbólgan hefur samt sem áður farið árvaxandi. M. ö. o.: aðgerð af þessu tagi, sem skilar skammvinnum árangri til lækkunar á verðbólgu, hefur nákvæmlega engin áhrif á verðbólgu til lengri tíma.

Þessi gamla reynsla hefur hlotið nýja staðfestingu nú. Strax eftir setningu brbl. í ágústmánuði á s. l. hausti gaf ríkisstj. út þá yfirlýsingu, að vegna setningar laganna hefði tekist að hafa þau áhrif á verðbólguna að hún mundi á árinu 1983 ekki fara mikið yfir 50% frá upphafi árs til ársloka, en án laganna hefði hún sennilega farið yfir 70%. Þetta var að sögn ríkisstj. hinn mikli árangur þeirrar fórnar sem launþegum var ætlað að færa með lækkun launa þann 1. des. Ég hafði hins vegar tal af Þjóðhagsstofnun í morgun og nú, rétt fimm mánuðum eftir setningu brbl. og aðeins tæpum tveimur mánuðum eftir að launalækkunin tók gildi, er áætlað af Þjóðhagsstofnun að um mitt ár 1983 verði verðbólgan komin yfir 70% og frá upphafi til loka þessa árs verði verðbólga a. m. k. 65%. M. ö. o. stöndum við nú í nákvæmlega sömu sporum og við stóðum áður en brbl. voru sett í ágúst á s. l. hausti. Verðbólgulækkunaráhrifin af launaskerðingunni þann 1. des. s. l. eru nú þegar runnin út í sandinn. Sú fórn er nú þegar orðin árangurslaus. Ætli menn að ná þeim markmiðum í verðbólgumálum sem ríkisstj. setti sér í ágústmánuði s. l. og ætli menn að beita sömu aðferðum til þess og ríkisstj. beitti þá, þá liggur nú fyrir að þann 1. mars n. k. ætti að skerða laun um sama hundraðshluta og þau voru skert í des. s. l. Ef ná ætti markmiði ríkisstj. með setningu brbl. með sama hætti yrði þann 1. mars að lækka laun í landinu um 7% enn á ný. Fórnin frá því í des. er runnin út í sandinn. Áhrifa hennar gætir ekki lengur. Við stöndum í sömu sporum og við stóðum í í ágústmánuði, áður en lögin voru sett. Svo algerlega tilgangslaus hefur sú fórn orðið sem launafólk var neytt til þess að færa í sjálfum jólamánuðinum fyrir tilstuðlan brbl. ríkisstj. Sem vopn í aðgerð gegn verðbólgu eru brbl. orðin marklaust plagg.

Til þess að vega upp á móti launalækkun, sem á einu ári mun svipta íslenskt launafólk röskum 1600 millj. kr., sem það ella mundi hafa fengið á desemberverðlagi árið 1982, ákvað ríkisstj. í brbl. að verja 50 millj. kr. í láglaunabætur. Þessi fjárhæð nemur 3% af launasviptingu ríkisstj. Sárabæturnar námu 3% af þeirri launalækkun sem ríkisstj. framkvæmdi og að mati Alþýðusambands Íslands námu þessar láglaunabætur 0.7% af launafjárhæðinni sem greidd var í landinu 1. des. s. l.

Fram hefur komið, einkum og sér í lagi eftir að láglaunabæturnar komu til greiðslu, að ýmsir forsvarsmenn launþegasamtaka hafa gagnrýnt framkvæmdina mjög harðlega og ekki viljað við kannast að samráð hafi verið við þá haft um tilhögun og framkvæmd greiðslnanna, eins og skylt er þó samkv. ákvæðum brbl. – Nú, herra forseti, sakna ég mjög hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, sem úr salnum gekk á braut þegar ég hóf mína ræðu því að hann vissi hvað ég ætlaði að segja. (**Gripið fram í:** Þess vegna fór hann.)

Vegna þessara yfirlýsinga forustumanna launþegasamtakanna beitti ég mér fyrir því í nefndarstörfum fjh.- og viðskn. að sérstaklega yrði kannað hver aðild forsjármanna stærstu launþegasamtaka í landinu hefði verið að ákvörðun um tilhögun láglaunabóta og jafnframt að hvaða marki gagnrýni þeirra eftir á hefði við rök að styðjast. Nefndin fékk til viðræðu við sig um þessi efni fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og auk þess aðstoðarmann fjmrh. og þá sérfræðinga sem með honum unnu að ítarlegri könnun á framkvæmd láglaunabótagreiðslnanna samkv. ýmsum mismunandi útfærslum. Upplýsingarnar, sem við í fjh.- og viðskn. fengum frá þessum heiðursmönnum, leiddu eftirfarandi í ljós:

Við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var af hálfu fjmrn. og ríkisstj. nær ekkert samband haft í tengslum við ákvarðanirnar um tilhögun á greiðslum láglaunabóta. Þá fyrst þegar margir fundir höfðu verið haldnir milli fulltrúa fjmrn. og forustumanna Alþýðusambands Íslands og margar sameiginlegar athuganir gerðar að frumkvæði þessara aðila um ýmsa tilhögun láglaunabótagreiðslnanna voru fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja kvaddir til og þá aðeins til eins fundar. Á þeim fundi voru fulltrúum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja t. d. ekki afhentar ítarlegar upplýsingar og útfærslur, sem fulltrúar Alþýðusambands höfðu dögum saman haft með höndum og unnið með. Þessum eina

samráðsfundi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja lauk án nokkurrar sameiginlegrar niðurstöðu og annar fundur var ekki boðaður. Samráð ríkisstj. við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um láglaunabæturnar var sem sagt nánast ekki neitt. Upplýsingamiðlun ríkisstj. til BSRB var nánast engin og aðstaða BSRB til tillagnagerðar eða áhrifa á niðurstöðuna var ekki fyrir hendi.

Samráðið við forustumenn Alþýðusambands Íslands um tilhögun láglaunabótanna var hins vegar mikið og allnáið um langt skeið. Þær upplýsingar voru veittar í fjh.- og viðskn., að forustumenn Alþýðusambandsins voru til samráðs kvaddir strax upp úr mánaðamótunum október/nóvember á s. l. hausti, eftir að fjmrn. hafði lagt fram sínar fyrstu grunnhugmyndir um greiðslu láglaunabóta á grundvelli skattaframtala fyrir árið 1981 og keyrt þær hugmyndir út í tölvum. Fulltrúum Alþýðusambandsins voru fengnar allar þessar upplýsingar, þ. á m. tölvukeyrslan, og hófust síðan tíðir fundir milli forráðamanna Alþýðusambands Íslands annars vegar og starfsmanna og sérfræðinga fjmrn. hins vegar. Stóð það samráð í tvær til þrjár vikur. Á þeim tíma voru verulegar breytingar gerðar á hugmyndum fjmrn. um tilhögun bótagreiðslnanna. Fjölmargar útkeyrslur í tölvum á grundvelli skattaframtala 1981 voru jafnframt gerðar á þessu tímabili til að sýna áhrif hverrar breytingarhugmyndar fyrir sig, sem fram komu í viðræðum Alþýðusambandsins og fjmrn. Allar þessar upplýsingar er ég með hér. Alla þessa bók með öllum þessum tölvuútkeyrslum á öllum hugmyndum og breytingum sem fram komu fengu forráðamenn Alþýðusambands Íslands í hendur og unnu með ásamt fulltrúum fjmrn. á samráðsfundum, sem tíðum voru haldnir í 2–3 vikur.

Lesið þið svo það sem þeir heiðursmenn segja um sína aðild að málinu eftir að af framkvæmdinni hefur orðið og eftir að gagnrýnin hefur komið fram í blöðum. Það eru kannske mannleg viðbrögð, en þau eru ekki stórmannleg og ekki til sóma kjörnum forustumönnum voldugustu launþegasamtaka í landinu, enda ekki kyn þótt hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi vikið sér snarlega úr salnum þegar ég bað um orðið. Hann á sæti með mér í fjh.- og viðskn. á þingi og vissi hvaða upplýsingar ég hafði þar fengið og vissi hvað ég ætlaði mér að segja.

Meðal athyglisverðustu breytinga frá fyrstu hugmyndum fjmrn. um tilhögun bótagreiðslnanna, sem verða á meðan þetta samráð við Alþýðusamband Íslands um framkvæmd bótagreiðslnanna á sér stað, er eftirfarandi:

Samkv. upphaflegum hugmyndum fjmrn. var ráð fyrir því gert, að fólk með tekjur undir 10–15 þús. kr. ætti ekki að njóta láglaunabóta. Eftir fundahöld og viðræður við Alþýðusamband Íslands breytast þessi mörk úr 10–15 þús. í 25 þús. kr. M. ö. o.: fólk með tekjur á bilinu 10–15 og upp í 25 þús. kr. á árinu 1981 hefði átt að fá láglaunabætur samkv. upphaflegum hugmyndum fjmrn., en fékk þær ekki samkv. þeim hugmyndum sem komust á blað í viðræðum og samráði ASÍ og fulltrúa fjmrn.

Í öðru lagi var samkv. upphaflegum hugmyndum fjmrn. gert ráð fyrir að hámarkstekjur þeirra sem láglaunabótanna nytu væru röskar 51 þús. kr. á ári. Þeir sem hefðu hærri tekjur fengju ekki láglaunabætur. Eftir að samráð fjmrn. við Alþýðusamband Íslands hefur átt sér stað hefur þessi fjárhæð leyfilegra hámarkstekna verið hækkuð úr 51 þús. í 75. Þessar breytingar, sem verða meðan á samráði fjmrn. og Alþýðusambands Íslands um framkvæmd láglaunabótagreiðslnanna stendur, hafa m. a. þau áhrif að láglaunahjón með tekjur á bilinu 10–30 þús. kr. á árinu 1981, sem hefðu samkv. upphaflegum tillögum fjmrn. átt að fá láglaunabætur sem numið hefðu ca. 9% af tekjum þeirra, hlutu samkv. þeim hugmyndum sem festar voru á blað að loknu samráði við Alþýðusambandið láglaunabætur sem voru ígildi um 2% af tekjum þeirra. Þetta lægst launaða fólk hafði lækkað í láglaunabótum á meðan á þessu samráði stóð úr 9% ofan í 2%. Á sama tíma hafði hlutur fólks með tekjur á bilinu 80–120 þús. kr. skánað mjög verulega.

Í þessu sambandi voru eftirfarandi spurningar lagðar sérstaklega fyrir aðstoðarmann fjmrh., sem þátt hafði tekið í umræddu samráði af hálfu fjmrn.:

1. Hvaða fulltrúar Alþýðusambands Íslands sátu á samráðsfundum með starfsmönnum rn. um þessi mál? – Svar: Ásamt forseta og varaforseta Alþýðusambands Íslands áttu aðild að þessum fundum yfirmenn á skrifstofu Alþýðusambandsins og ýmsir verkalýðsforingjar, svo sem Guðmundur J. Guðmundsson o. fl. Sumir komu aðeins á einn samráðsfund. Aðrir sátu þá alla.

2. Voru einhverjar af hinum fjölmörgu útfærsluhugmyndum og tölvukeyrslum, sem gerðar voru í sambandi við athugun málsins, sem fulltrúar Alþýðusambandsins fengu ekki í hendur til skoðunar og athugunar? – Svar: Nei.

3. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur, sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands komu með um aðra útfærslu kerfisins, ekki kannaðar eða skoðaðar? – Svar: Nei.

4. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur um fyrirkomulag láglaunabótanna, sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands settu fram, sem ekki var fallist á? – Svar: Nei.

5. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur um útfærsluna sem fulltrúar Alþýðusambandsins andæfðu eða mótmæltu, en engu að síður voru framkvæmdar? – Svar: Nei.

Ástæðulaust er að orðlengja þetta frekar, en ljóst er af þeim upplýsingum, sem fjh.- og viðskn. hlaut, að ítarlegt og náið samband var milli fjmrn. og forustumanna ASÍ um alla tilhögun málsins og stóð það samráð í 2–3 vikur. Allar hugmyndir og breytingar á upphaflegu kerfi, sem urðu til á þessum tíma, urðu í þessu samráði. Og aðferðin, sem loks var notuð við greiðslu bótanna, var að mjög verulegu leyti byggð á hugmyndum sem fram komu í viðræðum ASÍ og fjmrn. Hins vegar kom einnig fram á þessum fundum, að við ákveðin atriði höfðu fulltrúar Alþýðusambandsins gert aths.

Í fyrsta lagi samþykktu þeir ekki að greiðslur bótanna ættu sér stað á grundvelli tekna ársins 1981. Hins vegar viðurkenndu þeir, að ef af greiðslum ætti að verða í desembermánuði væri þetta eina færa leiðin.

2. Samkv. tillögum Alþýðusambands Íslands var á það fallist að sjálfstæðir atvinnurekendur, sem ættu kröfu á að njóta greiðslu láglaunabóta á grundvelli skattaframtala ársins 1981, yrðu að sækja um það sérstaklega. Þær umsóknir áttu að berast í janúarmán-

uði. Engin umsókn frá slíkum aðilum hefur komið. Hins vegar féllust fulltrúar Alþýðusambandsins á það til samkomulags að bændur, sem teljast sjálfstæðir atvinnurekendur, fengju engu að síður bótagreiðslur byggðar á skattframtali 1981.

3. Einnig komu fram frá Alþýðusambandinu andmæli við því, að hlutafjáreigendur sem störfuðu sem launþegar við fyrirtæki sem þeir eiga hlutafé í skuli njóta láglaunabóta. Hins vegar kom fram, og þeir gerðu sér ljóst og gátu engum brtt. við það fram komið, að eins og skattaframtöl væru uppbyggð væri ekki hægt að einangra þennan hóp manna frá öðrum launþegum.

Vegna þess hversu mikil gagnrýni hefur komið fram, m. a. hjá forustumönnum í Alþýðusambandi Íslands, á framkvæmd láglaunabótagreiðslnanna tel ég nauðsynlegt að hér komi fram hvaða samráð var við þá haft við undirbúning málsins, hvaða breytingar áttu sér stað í grundvallaratriðum á útfærslukerfinu á meðan á þeim samræðum stóð og hvaða áhrif þær breytingar höfðu fyrir kjör hinna lakast launuðu.

Ég gæti einnig haft langt mál um hvernig þessir sömu menn og áttu aðild að þessu samráði hafa eftir á komið fram í fjölmiðlum, – ekki bara til þess að firra sig allri ábyrgð, ekki bara til þess, heldur einnig til þess að taka undir þá gagnrýni, sem fram hefur komið á þessar aðferðir, hvernig þeir hafa m. a. gefið fráleitar upplýsingar, sem slegið hefur verið upp í blöðum, eins og þær, að hæsti gjaldandi í tilteknum hreppi hafi fengið láglaunabætur þegar þeir vissu um leið og þeir héldu því fram að sá hreppur, sem þeir tiltóku, hafði aðeins fjóra gjaldendur og allir töldust þeir vera láglaunamenn. Þetta er bara dæmi um hvað voldugir aðilar í þessu samfélagi telja sér sæma.

Að nota skattframtöl til að reyna að jafna kjör fólks er ekki hugmynd sem er ný af nálinni. Slíkt hefur þó ekki áður verið reynt í þeim mæli sem gert var við útgreiðslu láglaunabótanna. Sú tilraun er því að mörgu leyti merk og þótt ýmsir ágallar hafi komið í ljós nú, í fyrsta skipti sem þetta hefur verið reynt, tel ég að úr þeim megi bæta og úr þeim eigi að bæta og nauðsynlegt sé að nota tímann vel til að kanna nánar hvernig sníða megi af ýmsa annmarka á þessu kerfi. Það er skoðun undirritaðs, að með því að beita skattakerfinu frekar en gert er megi bæta mjög mikið kjör þess þjóðfélagshóps sem hefur raunverulega lægstu launin í landinu og við lökust lífskjörin býr.

Sú háværa gagnrýni, sem komið hefur fram á þessa framkvæmd, er ekki að öllu leyti sanngjörn, þó að hún sé það að sumu leyti, og þá síst er hún sanngjörn þegar hún er sett fram af hálfu þeirra sem samráð var haft við um undirbúning málsins og verulegt tillit virðist hafa verið tekið til.

Herra forseti. Ég hef látið þessum kafla í minni framsögu lokið. Nú ætti að vera óhætt fyrir hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson að ganga í salinn.

Eins og áður sagði er ráð fyrir því gert, að sú hækkun á vörugjaldi sem í frv. felst verði til að hækka verðlag á ýmsum nauðsynlegum neysluvörum, svo sem matvörum, og muni á gildistímanum, 6 mánuðum, skila ríkissjóði í tekjur um fimm- til sexföldum þeim láglaunabótum sem út voru greiddar í des. eða hartnær tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ráð er fyrir gert í yfirlýsingu ríkisstj. með brbl. að samtals verði greiddar í láglaunabætur á árinu 1982 og árinu 1983. Þessi aðgerð veldur beinum verðhækkunum algengrar neysluvöru og vinnur að sjálfsögðu gegn yfirlýstum tilgangi brbl., sem átti að vera að draga úr verðbólgu og verðhækkunum. Þessi þáttur brbl. er því mótsögn við sjálfan tilganginn og sennilega gleggsta dæmið um hvernig eitt rekur sig á annars horn í ráðstöfunum hæstv. ríkisstj.

Um ráðstöfun gengismunar, fjórða atriði frv., er það að segja, að aðgerð af því tagi hefur verið fylgifiskur margra gengisbreytinga. Um hana er deilt og um hana má vissulega deila, bæði hvort yfirleitt eigi að taka gengismun og einnig hvernig honum er ráðstafað. Verða þær deilur ekki gerðar að frekara umræðuefni hér.

Við 1. umr. í Nd. flutti sjútvrh. hins vegar till. um breytingu á þessu ákvæði, þar sem hann m. a. leggur til að Alþingi fallist á að heimila honum að fá hluta af gengismun til ráðstöfunar að höfðu samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Áður hafði ráðh. lýst því opinberlega að hann mundi flytja till. um að hluta af gengismun yrði ráðstafað fyrir milligöngu Byggðasjóðs til tiltekinna fyrirtækja í fiskvinnslu sem eiga við rekstrarörðugleika að etja. Sú reyndist samt ekki vera till. hans, heldur eins og fyrr segir, að hann sjálfur fái fjármunina til ráðstöfunar þótt látið sé í veðri vaka að hann hyggist ráðstafa þeim með þeim hætti sem hann hefur áður lýst opinberlega að ætti að vera efni till. sinnar.

Það er út af fyrir sig athugunarvert hvort og þá hvernig eigi að veita tilteknum fyrirtækjum sérstaka fjárhagsaðstoð svo að þau geti haldið áfram rekstri. Þm. Alþfl. eru reiðubúnir að taka afstöðu til slíks máls eða till. þar um, ef hún kemur fram á Alþingi. Eins og frá till. sjútvrh. er gengið er Alþingi hins vegar ekki gefinn kostur á að taka ákvörðun um það atriði, heldur aðeins að sjútvrh. fái tiltekna fjármuni til úthlutunar án nokkurra fyrirmæla frá Alþingi um hvernig með skuli fara. Þm. Alþfl. eru á móti slíkri till. og munu því greiða atkv. á móti henni, en lýsa sig hins vegar reiðubúna að taka efnislega afstöðu til till. frá ríkisstj. um hvernig mæta eigi rekstrarerfiðleikum tiltekinna atvinnufyrirtækja, ef slík till. kemur fram á Alþingi.

Í sambandi við það er þó nauðsynlegt að eitt komi fram: Því hefur verið haldið fram á opinberum vettvangi, að þau fyrirtæki sem nú er sérstaklega rætt um að þurfi sérstakrar aðstoðar við séu „eftirlegukindur“ sem ekki hafa fengið sérstaka fyrirgreiðslu eða lánsaðstoð úr Byggðasjóði eða öðrum sjóðum á síðustu mánuðum eins og önnur fyrirtæki hafi fengið m. a. til skuldbreytinga. Þetta er rangt. Mjög mörg þeirra fyrirtækja, sem nú er rætt um að veita sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu, eru í hópi þeirra sem slíka fyrirgreiðslu fengu á árinu 1982, bæði með sérstökum lánveitingum frá Byggðasjóði, með skuldbreytingum við olíufélög og með skuldbreytingum við Byggðasjóð sjálfan. Sum þessara fyrirtækja eru jafnvel í hópi þeirra sem hæstu fjárhæðirnar hafa fengið í þessu sambandi. Eru þess jafnvel dæmi að þau hafi fengið með þessum hætti á árinu 1982 fjárhagsaðstoð sem nemur margföldu eigin fé þeirra.

Mér er kunnugt um að íbúar í sveitarfélögum þar sem mörg þessi fyrirtæki starfa standa í þeirri trú, að engin aðstoð hafi fengist til reksturs þessara fyrirtækja og atvinnuörðugleikar staðanna séu vegna þess að þessi atvinnufyrirtæki sitji ekki við sama borð og önnur. Í

sumum tilvikum eru þetta fyrirtæki sem fengið hafa metfjárhagsfyrirgreiðslu á síðasta ári. Upplýsingar um að svo hafi ekki verið hafa komið frá forsvarsmönnum þessara fyrirtækja, jafnvel á sömu dögum og þeir hafa verið að sækja lánatékkana sína. Lánveitingar Byggðasjóðs eru opinber gögn. Lánveitingar ýmissa annarra sjóða eru það ekki. Í fskj. með frv. eru birtar lánveitingar Byggðasjóðs til þessara fyrirtækja á síðustu árum og einnig þær lánveitingar sem hafa orðið með sérstökum hætti á árinu 1982, sem mér er sagt að sé ekki trúnaðarmál, en er lærdómsríkt og nauðsynlegt, ekki síst fyrir íbúa þessara byggðarlaga, að afla, því að það er ekki rétt að Byggðasjóður eða aðrar lánastofnanir hafi brugðist.

Herra forseti. Við Alþfl.-menn teljum að gersamlega þýðingarlaust sé að halda áfram á þessari braut stöðugra bráðabirgðalausna. Algert meginatriði er að menn láti þeim lokið, en stígi í þeirra stað fyrsta skref í átt til gerbreyttrar stefnu og stjórnunar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í samræmi við það telur flokkurinn að nú eigi að samþykkja eftirtaldar ráðstafanir:

1. Með breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt verði komið á afkomutryggingu heimila, þar sem þjóðfélagið ábyrgist öllum þegnum sínum tiltekið lágmarkslífskjarastig, sem verðbólga, skattahækkanir, tekjumissir vegna sjúkdóma, aldurs og örorku, atvinnumissir og aðrar slíkar aðstæður fá ekki hróflað við. Jafnframt verði með breytingum á sömu lögum tryggð jöfnun á orkukostnaði. Með slíkri ábyrgð þjóðfélagsins um tiltekna lágmarksafkomu munu byrðar hinna erfiðu ára lenda á bökum þeirra sem þær byrðar geta borið. Sú er till. Alþfl. að slíkt skuli gert.

2. Með breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og með breytingu á fjárlögum verði stigið fyrsta skref í afnámi útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir með því að lækka þá fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum, um fjórða hluta. Í staðinn verði landbúnaðinum veittur tímabundinn framleiðslu- og framleiðnistyrkur til stuðnings við nýjar og ábatasamar búgreinar og uppbyggingu iðnaðar í dreifbýli. Frv. að lögum um þetta efni liggur þegar á borðum alþm. flutt af Alþfl.

3. Samþykkt verði frv. um tímabundna stöðvun á innflutningi fiskiskipa og hagkvæmni í endurnýjun fiskiskipastólsins. Áhersla verði lögð á að efla hagræðingu og tækniframfarir í fiskvinnslu og breytingar í þá átt gerðar á lögum og reglum um lánveitingar stofnlánasjóða. Þetta frv. liggur ennfremur á borði alþm. tilbúið til afgreiðslu.

4. Kosin verði af Alþingi nefnd til að gera í samráði við sjómenn og útvegsmenn tillögur um veiðileyfastjórn á fiskveiðum þannig að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og hagstæðustu útgerðaraðstæður fái að njóta sín. Tillaga um þetta efni liggur á borðum alþm. flutt af Alþfl. tilbúin til afgreiðslu.

5. Allt sparifé verði samstundis verðtryggt til að tryggja hag sparifjáreigenda og skapa á ný nægilegt framboð á lánsfé. Jafnframt verði samþykkt frv. um breytingu á útreikningsreglum lánskjaravísitölu þannig að greiðslubyrði af verðtryggðum lánum hjá almenningi geti aldrei aukist umfram hækkun verðbóta á laun. Þetta frv. liggur reiðubúið á borðum þm. flutt af þm. Alþfl. tilbúið til afgreiðslu.

6. Til þess að mæta sérstaklega áhrifum verðtryggingarstefnunnar gagnvart húsbyggjendum verði samþykkt frv. um sérstakt viðbótarlán úr bankakerfinu til húsnæðisöflunar. Þetta mál liggur einnig fyrir Alþingi flutt af þm. Alþfl. tilbúið til afgreiðslu.

7. Á næstu þremur árum verði ný erlend lán takmörkuð við skuldbreytingar og erlenda kostnaðarþætti arðbærra framkvæmda, en önnur erlend lántaka verði bönnuð. Þessa till. mun þingflokkur Alþfl. gera, komi einhvern tíma í dagsins ljós frv. ríkisstj. um lántökur.

8. Framkvæmdastofnun ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd, en byggðastefna verði mörkuð við afgreiðslu Alþingis á fjármögnunar- og framkvæmdaáætlunum í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Framkvæmd á slíkum áætlunum verði í höndum aðila sem lúti sameiginlegri stjórn ríkisvalds og sveitarfélaga. Einnig hefur frv. um þetta efni verið samið og flutt af þm. Alþfl.

Herra forseti. Þetta eru ekki bara innantóm orð, eins og í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. sem hún gaf í ágústmánuði og ekkert hefur sést í efndirnar á. Þetta varðar mál sem þegar hafa verið sniðin í lagabúning og flutt inn á Alþingi og liggja þar tilbúin til afgreiðslu, til samþykktar, til breytingar eða til synjunar. Þetta er ekki tímabundin skammtímaráðstöfun, sem rennur úr gildi á þremur, tveimur, einum mánuði, eins og brbl. hæstv. ríkisstj. gera. Þetta er till. um kerfisbreytingu, — ekki bara um gerbreytta efnahagsstefnu, heldur einnig um gerbreyttar starfsaðferðir við stjórnun efnahagsmála. Einasta vonin fyrir okkur til þess að stöðugar fórnir launafólks í baráttunni við verðbólguna fari að skila einhverjum árangri, er að menn fallist á að gera slíka kerfisbreytingu á íslenskum efnahagsmálum. Slík breyting mun ein skila árangri. Af hverju? Af því að hún er varanleg. Ef við breytum okkar efnahagskerfi, ef við breytum okkar stjórnarháttum, erum við að gera varanlega breytingu og slík varanleg breyting er það eina sem skilað getur varanlegum árangri, er það eina sem getur tryggt venjulegu launafólki að fórnir þess í baráttunni við verðbólguna fari að skila árangri.

Það frv. til staðfestingar á brbl., sem hér er til afgreiðslu, gerir á hinn bóginn einungis ráð fyrir kaupskerðingu hjá launafólki. Slík ráðstöfun ein sér er ósanngjörn og það er þegar komið í ljós að hún hefur engum árangri skilað. Alþfl. er því andvígur frv. og munu þm. flokksins greiða atkv. gegn 1. gr. þess.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Með vísun til þess, sem ég áður hef sagt um fundahaldið í dag, að ekki verður gengið til atkv. um dagskrármálið, þá er það ákvörðun mín að þing standi eigi lengur en til kl. 3 nú, líka með vísun til þess að þingflokksfundir hafa verið boðaðir á þeim tíma. Ég leyfi mér að kalla hv. 1. þm. Reykn. frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn., enda þótt hans álit hafi enn eigi verið lagt fram, og tekur hann nú til máls, en eins og ég hef þegar sagt eru aðeins 9 mínútur til stefnu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við þeim tilmælum sem fram hafa komið af hálfu forseta um stutta ræðu hér. Ég tala að vísu ekki nú sem frsm. nefndarálits. Það liggur ekki fyrir, það hefur ekki verið ritað. Ég þykist þekkja nokkuð til sögu þingsins í þau 24 ár tæp sem ég hef setið hér og hafa nokkra reynslu og þekkingu á gangi þingmála. Þau

vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð eru einsdæmi að mínum dómi. Ég kem hér ekki upp til að tala fyrir nál. heldur til að gera grein fyrir hvers vegna nál. er ekki fram komið.

Þegar það mál sem hér er til umræðu var til 2. umr. í hv. Ed. kom fram að einn þáttur þess, þ. e. hvernig að láglaunabótunum hafði verið staðið, sætti mikilli gagnrýni. Menn vildu gjarnan fá nánari skýringar á hvað þar hafði verið að gerast og hvernig áformað væri að standa að þeim málum þegar fram kæmi á árið 1983.

Fjölmargir menn, sem fjallað höfðu um þessi mál með einum eða öðrum hætti, höfðu ritað í blöðin. Ég er hér með heilan bunka af úrklippum þar sem fram kemur gagnrýni á láglaunabæturnar. Sjálfur hæstv. fjmrh. segir að ekkert komi á óvart þó að eitthvað hafi farið úrskeiðis. Þegar á þetta er bent varð um það samkomulag í Ed. að þetta skyldi athugað sameiginlega af nefndum beggja deilda þegar málið væri til meðferðar hér í hv. Nd.

Þegar 2. umr. fór fram í hv. Ed. flutti hæstv. sjútvrh. brtt. við frv. Hann flutti hana að vísu ekki hér á Alþingi. Hann flutti hana í sjónvarpi, staddur suður í Grindavík.

Þegar umr. fór fram og kallað var eftir brtt. hæstv. sjútvrh. var því lýst yfir að hann mundi gera grein fyrir henni þegar málið yrði hér til meðferðar í Nd. Að vísu gerði hæstv. ráðh. grein fyrir brtt. Hún var ekki nákvæmlega sú sama sem hann hafði gert grein fyrir í sjónvarpinu, henni hafði þá verið breytt, en hún hafði þann formála að ríkisstj. hefði á fundi sínum ákveðið að ráðstafa gengismun eftir því sem hún hafði ákvarðað og þessi brtt. skyldi verða sú lagastoð sem sú ákvörðun skyldi síðan framkvæmd eftir. Eins og ég gat um fékkst till. ekki rædd í Ed., en samkomulag varð um það að allar upplýsingar skyldu fást um málið þegar um frv. yrði fjallað hér í hv. Nd.

Þegar nefndarstörf hófust gerðu menn grein fyrir hvaða atriði um væri að ræða og menn vildu spyrja um. Leitað var m. a. til þeirra aðila sem fjallað höfðu um láglaunabæturnar. Það stóð ekki á formanni fjh.- og viðskn. að ná til þeirra sem um þær höfðu fjallað. Það stóð ekki heldur á þeim mönnum sem höfðu sem starfsmenn fjallað um málið, t. d. í fjmrn., að koma til fundar. Hins vegar gátu þeir ekki komið með neinar upplýsingar eða skilaboð frá hæstv. fjmrh. um það hvernig hann hygðist haga þessum málum í framtíðinni.

Við hlýddum hér áðan á framsögu hv. 3. þm. Vestf. þar sem hann gerði grein fyrir ýmsu sem fram kom á þessum fundum hjá fulltrúa Alþýðusambands Íslands um gang mála þar. Út í það fer ég ekki hér því að ég er ekki að ræða efnislega um málið. Það kom þá líka fram í nefndinni að mjög vafasamt væri að lagastoð væri t. d. fyrir greiðslu láglaunabóta á árinu 1983. Í framhaldi af því sem Sigurður Líndal prófessor hafði sagt í sambandi við ákvæði brbl. um 50 millj. kr. greiðslur til láglaunabóta á árinu 1982 spurðu menn: Er lagastoð fyrir því að greiða láglaunabætur á árinu 1983? Við vildum gjarnan fá um þetta upplýsingar.

Ég vildi gjarnan fá tækifæri til að ræða við þá menn sem nefndin hafði áður leitað til um vafasöm ákvæði frv. er hafði verið breytt í Ed. Ég fékk fyrst tækifæri til þess í morgun og 7 mín. fyrir kl. 12 í dag fékk ég grg. frá hæstv. fjmrh. þar sem hann telur að full lagastoð sé fyrir því að greiða láglaunabætur á árinu 1983 og vitnar þar til liðar á fjárlögum sem heitir niðurgreiðslur á vöruverði, sbr. lið 12 201 í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1983. Hér er ekki neinu saman að jafna. Ég vitna aðeins til laganna um ríkisendurskoðun þar sem stendur: „Við endurskoðun ber að gæta þess að greiðslur allar séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þar að lútandi samninga og að engin útgjöld eigi sér stað og séu innt af hendi án lagaheimildar.“ Við vildum fá upplýsingar um þetta atriði. Við gátum ekki fengið þær og viðræðum mínum við lagaprófessor í morgun lauk ekki með ákveðinni niðurstöðu svo að við höfum ekki fengið þær útskýringar sem við teljum okkur þurfa á þessu máli.

Ég bendi á að hæstv. sjútvrh. breytir till. sinni og kemur hér í deildina með tillögur um ráðstöfun á gengismun og tilkynnir þá að ríkisstj. hafi ákveðið að veita þeim fjármunum til Byggðasjóðs til þess að hann geti leyst úr vanda ákveðinna fyrirtækja. Hér er farið inn á algerlega nýjar brautir með ráðstöfun gengismunar. Það var staðfest í fjh.- og viðskn. af þeim mönnum sem gerst þekkja og lengst hafa fjallað um þessi mál á undanförnum áratugum.

Í morgun ræddi ég um þessi mál við aðila í lagadeild Háskólans. Að sjálfsögðu voru menn ekki reiðubúnir að tjá sig með svo stuttum fyrirvara. Nefndarmenn óskuðu eftir upplýsingum frá Framkvæmdastofnun um ýmislegt varðandi hlutaðeigandi fyrirtæki. Kom starfsmaður hennar á fund nefndarinnar. Þau gögn sum hver bárust seint í gærkveldi, önnur bárust nú rétt fyrir hádegi og við höfum ekki enn — ég undirstrika: við höfum ekki enn fengið ákveðnar upplýsingar sem við höfum beðið um.

Þegar formaður fjh.- og viðskn., sem gerði sitt til þess að við fengjum allar umbeðnar upplýsingar og það eins fljótt og hægt var, gerði tillögu um að nefndin lyki störfum í gær kl. 10.30 gerði ég honum grein fyrir því þar, að við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. værum ekki reiðubúnir til þess að ganga frá nál. okkar fyrr en við værum búnir að fá þær upplýsingar sem við óskuðum eftir og hefðum fengið tækifæri til að ræða málið aftur á þingflokksfundi sjálfstæðismanna sem þá hafði verið ákveðinn kl. 3 í dag. Við höfum ekki fengið þær upplýsingar, okkur hefur ekki tekist að fá niðurstöður um atriði sem vefengd voru á fundinum. Þingflokksfundurinn hefur enn ekki verið haldinn, enda kl. á mínútunni 3 og einni betur.

Ég vonast til þess að ég hafi gert þingheimi grein fyrir ástæðunni fyrir því að ég er hér ekki að tala fyrir nál. heldur að gera grein fyrir því hvers vegna nál. er ekki komið fram hjá sjálfstæðismönnum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykn. komst svo hér að orði áðan, að meðferð þessa máls væri einsdæmi í þingsögunni og sagðist hann hafa nokkuð langa þingsögu að baki. Ég held að ég verði að segja, og er mín þingsaga víst ívið lengri, að hann hafði mjög mikið til síns máls í þessum ummælum. Mér virðist nefnilega að framkoma hans sjálfs og nokkurra þm. úr hans eigin þingflokki sé með þeim hætti að ég minnist ekki slíkra vinnubragða.

Þetta frv. er búið að vera til meðferðar á Alþingi á þriðja mánuð. Þegar Ed. þingsins hafði það til meðferðar voru haldnir sameiginlegir fundir fjh.- og viðskn. úr báðum deildum. Þetta voru mjög margir og langir fundir, þar sem til voru kallaðir allir þeir sem óskað var

upplýsinga frá og fengnar mjög ítarlegar skýrslur og upplýsingar um málið. En svo er mál með vexti, að nefndir vinna þannig saman, að þegar málið er til meðferðar í hinni fyrri deild, þá er það venja hér á þingi að þegar málið kemur til seinni deildar taki nefnd í þeirri deild sér tiltölulega skamman tíma þar sem hún er búin að kynna sér ásamt nefndinni úr hinni deildinni alla málavöxtu.

Nú kemur málið hingað, er afgreitt frá hv. Ed. 18. jan., fyrir 10 dögum og þegar það kom til þessarar hv. deildar til 1. umr. miðvikudaginn 19. jan. bar ég fram þá ósk við hv. þd., nefnd og hæstv. forseta deildarinnar að reynt yrði að ljúka þessu máli fyrir lok þeirrar viku sem nú er senn á enda. Þetta var ósköp eðlileg ósk og ekki til mikils mælst vegna þeirra vinnubragða sem áður voru viðhöfð. Þá gerist það hér, að hv. 1. þm. Reykn. og fáeinir félagar hans upphefja hér hið mesta málþóf, sem stóð í nærri tvo tíma og tók mestallan tíma þessarar hv. deildar þann dag, frá kl. 2 til nær 4, svo það munaði minnstu að málið sjálft kæmist ekki til umr. svo að hægt væri að flytja framsöguræðu. Þannig hafa þessi vinnubrögð, sem þessi hv. þm. var að lýsa að væru einsdæmi, haldið áfram — allt miðaði að því markmisst að tefja og trufla meðferð málsins.

Nú liggur það fyrir, að mikill meiri hluti þessarar hv. deildar hefur ekki við það að athuga og telur það eðlilegt að málið næði afgreiðslu í þessari viku. Það eru ekki aðeins stuðningsmenn frv., heldur hefur Alþfl., annar stjórnarandstöðuflokkurinn, sýnt fullan drengskap í því og lýst því yfir að þótt andvígur sé frv. muni hann ekki á nokkurn hátt leggja stein í götu þess að það fengi afgreiðslu í þessari viku. En þarna eru nokkrir hv. þm. sem misbeita valdi sínu til að koma í veg fyrir að vilji þingsins nái fram að ganga. Þetta eru einstök vinnubrögð. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá hv. 1. þm. Reykn. Ég minnist ekki slíks.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en öllum þingheimi og alþjóð er kunnugt hvernig þessi vinnubrögð, þessar tafir, þetta sem hv. þm. færir fram, eru eingöngu átyllur tilbúnar til að fela aðaltilganginn að tefja og trufla. Um það skal ég ekki fara fleiri orðum. Þessi framkoma dæmir sig sjálf. En ég vil taka það fram, að hæstv. forseti þessarar deildar hefur lagt sig mjög fram um að greiða götu þessa máls og fá sæmilega samstöðu um að afgreiða það. Og þótt svo horfi að málið nái ekki afgreiðslu í dag, þá vil ég láta hæstv. forseta vita það, að hans viðleitni í þessu efni er verulega mikils metin.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. vildi meina að hér væru menn með málþófi að gera þessa málsmeðferð að einsdæmi. Ég vísa þessu aftur heim til föðurhúsanna og bendi hæstv. forsrh. á það m. a., að ég er að tala í fyrsta skipti í þessu máli hér á Alþingi í dag. Ég vil líka benda honum á, þar sem hann orðaði það svo að ég hefði ásamt nokkrum samflokksmönnum mínum upphafið hér málþóf, að ef hann á við umræðurnar á miðvikudaginn í síðastliðinni viku og nefnir þær málþóf, ef það er þannig, þá tók ég ekki þátt í þeim umr. Það sem hann annars sagði um málsmeðferð og vék að mér dæmir sig náttúrlega eftir því sem hér hefur verið sagt.

Ég bendi á að það skiptir ekki máli hvort um eins, tveggja eða þriggja daga töf er að ræða á Alþingi á afgreiðslu brbl., en þýðingarmikið að síðari deild þingsins, sem er að fjalla um málið og óskar eftir því – eða þm. innan hennar – að fá upplýsingar áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu fái þær upplýsingar. Málið fór frá fyrri deild þannig að allir voru um það sammála og gerðu um það samkomulag að þetta mál yrði skoðað betur í þessari hv. deild. Við skulum líka átta okkur á því, að ríkisstjórnin gerir með málflutningi brtt. hæstv. sjútvrh. ráð fyrir að málið, nái það ekki fram að ganga, fari til Ed. aftur. Hvers vegna var ekki till. hæstv. sjútvrh. flutt í Ed. til þess að tefja ekki fyrir málinu? Menn sjá af þessu hvað hér er um að vera.

Umr. frestað.

Efri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Sektarmörk nokkurra laga, frv. (þskj. 249, n. 266). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, 160. mál, og fékk til viðræðu við sig skrifstofustjóra og ráðuneytisstjóra dómsmrn. Þetta frv. er raunar flutt í framhaldi af öðru sama efnis, sem flutt var á síðasta þingi undir vor, og þá var breytt sektarákvæðum 52 laga. Með þessu frv. er lagt til að breytt verði sektarákvæðum 74 laga á sama hátt, þ. e. að í stað ákveðinnar krónutölu, sem gjarnan vill úreldast býsna fljótt á þessum miklu verðbólgutímum, komi almenn sektarheimild í samræmi við ákvæði 50. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er í 9 greinum þessa frv. lagt til að lagfærð verði ákvæði um dagsektarfjárhæðir.

Ég tel enga ástæðu til, herra forseti, að fara að rekja hér einstakar greinar þessa frv. Allshn. varð sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir á þessu þskj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—75. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 264). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 264 hef ég leyft mér að bera fram frv. til l. um breytingu á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum. Hér er um að ræða breytingu á niðurlagi 2. gr. umferðarlaga, sem orðist svo með leyfi forseta:

„Ljósatími: a) Bifreiðar, bifhjól og vélhjól skulu aka með ljósum allan sólarhringinn árið um kring. b) Önnur ökutæki, sem talin eru upp í þessari grein. Ljósatími frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Jafnan skal aka með ljósum séu birtuskilyrði slæm."

Frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að hafa nokkur áhrif til bóta á öryggi í umferðinni.

Um alllangt skeið hefur umferðaróhöppum fjölgað hér á landi ár frá ári. Meiðslum og dauðaslysum hefur fjölgað og eignatjón er geysilegt. Þrátt fyrir aukna löggæslu og bætta umferðarlöggjöf næst ekki sá árangur sem vænst var.

Oft verða óhöppin vegna þess að gangandi vegfarandi verður þess ökutækis, sem óhappinu veldur, ekki var í tæka tíð eða stjórnendur ökutækja, sem rekast á, gera sér ekki hættuna ljósa fyrr en of seint.

Í nokkrum löndum hefur ökutækjum verið gert að aka með ljósum allan sólarhringinn árið um kring. Víða eru ökumenn hvattir til þess að aka með ljósum á daginn ef skyggni er ekki gott og það þekkjum við einnig hér á landi. Umferðarráð sendir oft frá sér slíka áskorun. Margir verða við þeirri áskorun, en aðrir ekki. Þá verður jafnvel enn erfiðara að forðast hættu, þegar á eftir 3—4 bifreiðum með ljósum kemur ein ljóslaus.

Allir, sem reynslu hafa af akstri, vita að t. d. þeirrar bifreiðar, sem kemur á móti í umferðinni, verður mun fyrr vart, ef hún ekur með ljósum, þó albjartur dagur sé. Af þessum ástæðum hafa t. d. „Greyhound" langferðabifreiðarnar í Bandaríkjum Norður-Ameríku ekið með ljósum allan sólarhringinn í meira en hálfa öld.

Svíar hafa ekið með ljósum allan sólarhringinn í allmörg ár og eru eina Norðurlandaþjóðin sem náð hefur því marki að fækka umferðaróhöppum. Finnar hafa fylgt fast á eftir með mjög góðum árangri. Bifreiðar framleiddar í Svíþjóð eru nú þannig gerðar, að þar koma ljósin á um leið og bifreiðin er ræst.

Öldruðum í umferðinni fer fjölgandi, og þótt kannanir sýni að aldraðir ökumenn valdi ekki slysum öðrum fremur, nema síður sé, þá er þó ljóst að þetta ákvæði í umferðarlögum mundi auka öryggi allra sjóndapurra í umferðinni, bæði ökumanna, en þó einkum gangandi vegfarenda.

Einn af hverjum 14 körlum sem aka bifreið er samkv. erlendum skýrslum haldinn svonefndri „rautt-grænt" litblindu, þannig að þessir ökumenn eiga erfitt með að greina rauða og græna hluti við vissar aðstæður, en bifreið með ljósum sjá þeir vel.

Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferð, kemur fram sú hörmulega staðreynd, að í ungu aldurshópunum, 7—20 ára, eru slysin algengasta dánarorsökin hjá okkur og á aldrinum 17—25 ára eru umferðarslysin ein algengari dánarorsök en nokkur önnur.

Vitað er að umferðarlögin eru í heildarendurskoðun, en ástandið hjá okkur er svo slæmt að við megum ekki bíða. Ákvæðið, sem þetta frv. fjallar um, er einfalt, getur tekið gildi strax eftir samþykkt laganna og það má vænta árangurs.

Nú er norrænt umferðaröryggisár. Ljósatími allan sólarhringinn, allt árið, væri verðugt byrjunarákvæði.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að mælast til að þessu frv. verði vísað til allshn. að lokinni umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft ágætu öryggismáli um að bifreiðir, bifhjól og vélhjól aki með ljósum allan sólarhringinn. Raunar er það svo, að margir gera þetta nú þegar en mættu vera fleiri. Tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs er hins vegar sú staðreynd að býsna lengi hafa umferðarlögin verið í endurskoðun. Ég vildi af því tilefni beina spurningu til hæstv. dómsmrh. og óska eftir því að forseti láti kanna hvort ráðh. getur komið því við að vera hér í deildinni stundarkorn. (**Forseti:** Það mun verða athugað.)

Það eru býsna mörg atriði, ótrúlega mörg, í umferðarlögunum sem ástæða væri til að breyta og hrófla við — ekki bara þetta öryggisatriði heldur fjölmörg önnur.

Ég minni þar á t. d. ákvæðið um notkun öryggisbelta, sem samþykkt var á sínum tíma að ekki skyldu vera viðurlög við, þó svo öryggisbeltaskyldunni væri ekki sinnt, og það var bundið við þann tíma er endurskoðun umferðarlaga lyki. Hins vegar voru menn þá svo bjartsýnir að búast við að þessi endurskoðun umferðarlaganna tæki ekki nema tiltölulega skamman tíma. Sú endurskoðun, þó að hér sé ekki um sérstaklega flókinn lagabálk að ræða, hefur þó tekið ótrúlega langan tíma og virðist lítt á því bóla að nokkrar breytingar eða tillögur sjáist til bóta. Ég held að það sé t. d. orðið brýnt að gera ráðstafanir til þess að reglunum um notkun öryggisbelta í bifreiðum verði betur framfylgt en verið hefur. Það gerist áreiðanlega ekki öðruvísi en að einhver viðurlög verði við því ef menn ekki hlíta þessum reglum, svo sem annars staðar er og svo sem hefur sýnt sig að því miður er nauðsynlegt til þess að eftir þessum reglum sé farið.

Ég hefði sem sé viljað beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh., hvenær væri að vænta tillagna umferðarlaganefndar, sem nú hefur starfað í ein tvö eða þrjú ár. Ef þeirra tillagna er ekki að vænta á næstunni er e. t. v. ástæða til að flytja brtt. við ýmsa fleiri þætti umferðarlaga. — Það virðist eitthvað erfitt (**Forseti:** Ritari deildarinnar er að leita að ráðh.) að ganga úr skugga um hvort hæstv. dómsmrh. er hér í húsinu. Ég doka bara við. (Gripið fram í.) Ef hæstv. dómsmrh. er ekki í húsinu nær þetta náttúrlega ekki lengra. Þá verður fsp. mín að bíða betri tíma. E. t. v. má fresta þessari umr. (**Forseti:** Eigum við ekki aðeins að hinkra eftir ritara. Þá kemur í ljós hvort maðurinn er í húsinu.) Ég mun óska eftir því að umr. verði frestað, þannig að ráðrúm gefist til þess að svar fáist, ef í ljós kemur að hæstv. ráðh. er ekki viðlátinn. (**Forseti:** Ef hv. þm. vill hinkra örlítið enn og fá úr því skorið hvort ráðh. er í húsinu eða ekki.) Ég hef nægan tíma. (**Forseti:** Það hefur komið í ljós að hæstv. ráðh. virðist vera í húsinu, en finnst því miður ekki. En hv. þm. hefur beðið um að umr. verði frestað. Ég mun reyna að fresta henni þá um sinn, en taka málið ekki út af dagskrá.) Það er sem sagt ósk mín, herra forseti, að þessari umr. verði þá frestað þangað til hæstv. dómsmrh. getur verið við hér í deild, hvort sem það verður í dag eða síðar. (**Forseti:** Hæstv. dómsmrh. hefur nú komið í deildina og það hefur verið beint til hans fsp. eða óskað eftir að hann hlýddi á umr. Þá gef ég hv. 5. þm. Vesturl. aftur orðið.)

Herra forseti. Það var vegna umr. um þá breytingu á umferðarlögum, sem hv. 4. landsk. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur mælt fyrir, um að bifreiðar, bifhjól og vélhjól skuli aka með ljósum allan sólarhringinn, að ég beini hér með þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh. hvort líkur séu á því að endurskoðun umferðarlaga, sem nú hefur kannske ekki staðið jafnlengi og endurskoðun stjórnarskrár en hefur samt staðið ótrúlega lengi, sé að ljúka, vegna þess að ef þeirri endurskoðun er ekki að ljúka og engar horfur á að henni ljúki á næstunni held ég að það sé brýnt að breyta ýmsum fleiri ákvæðum umferðarlaga en þessu eina. Þetta er vissulega breyting sem er til bóta og breyting sem nauðsynlegt er að eigi sér stað, en það er svo margt annað í umferðarlögunum sem þarf að breyta að það væri þá ástæða til þess að taka miklu fleiri mál upp um leið. En ég verð að segja það alveg eins og er, að þessi endurskoðun umferðarlaga hefur gengið undrahægt fyrir sig. Því er það spurning mín til hæstv. dómsmrh., hvenær Alþingi megi vænta þess að fram verði lagt frv. til nýrra umferðarlaga, sem sagt, hvenær líkur séu á að þessari endurskoðun ljúki.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af þessari fsp. vil ég taka fram, að heildarendurskoðun umferðarlaga mun ljúka á þessu ári, á þessu sumri, að því er ég best veit. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að heildarendurskoðun umferðarlöggjafarinnar hefur tekið alllangan tíma og er það ekki að undra þar sem að mörgu er að hyggja. Á hitt vil ég benda, að nú þegar eru frumvörp, eitt eða fleiri, frá þeirri nefnd, sem fjallar um þetta mál, orðin að lögum. Önnur hafa verið sýnd á hv. Alþingi, en ekki náð fram að ganga. Um þetta er ekkert að segja, þar sem málið er margþætt. En heildarskoðun mun ljúka á komandi sumri.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við frv. það sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir mælti fyrir hér áðan. Einmitt sú staðreynd, hvað hlutfallslega margir aka nú þegar með fullum ljósum og að þeim bifreiðategundum fjölgar þar sem ökuljós kvikna um leið og bifreið er ræst, gerir það að verkum að ökumenn reikna með því í sífellt vaxandi mæli að bifreiðir séu með ljósum og gjalda síður varhug við þeim bílum sem ekki hafa ljósin. Sú staðreynd gerir það að verkum að nú verður æ brýnna að kveðið verði á um slíkt með lögum og gengið verði í að leysa með tæknilegum hætti þetta vandamál, þ. e. gera bifreiðarnar þannig úr garði að ökuljós kvikni um leið og þær eru ræstar.

Ég tek undir mál hv. þm. Eiðs Guðnasonar áðan um nauðsyn þess að hraða hinni margfyrirheitnu endurskoðun á umferðarlöggjöfinni. Vel er mér það kunnugt að þetta er umfangsmikið verk, tekur töluverðan tíma, en ég hlýt að ætla að þessu verki hefði eigi að síður mátt ljúka miklu fyrr en nú virðist raunin á. Ég minni rétt aðeins á það, að við hv. þm. Eiður Guðnason höfum lagt fram frv. um breytingu í einum litlum lið á umferðarlöggjöfinni, vegna þess að þann lið var hægt að taka út úr, lið sem orðið hefur að ásteytingarsteini á milli okkar og frænda okkar á Norðurlöndum, þar sem við einir saman ætlum ekki Norðurlandaþjóðum skýlausan rétt til notkunar á umferðarskírteinum sínum hér heima hjá okkur.

Aðeins þetta svo til áherslu í lokin: Ég vildi gjarnan að sú ákvörðun væri tekin einarðlega af hálfu þeirra sem verkið vinna, hin tæknilegu verk, fyrir hæstv. dómsmrh., að þessari endurskoðun umferðarlaganna, heildarendurskoðun, verði lokið, svo sem hann hefur gefið okkur fyrirheit um nú, á næsta sumri.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. og 4. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir við þetta litla frv. mitt um lagfæringu á umferðarlögunum. Ég get tekið undir það, að þýðingarmikið er að heildarendurskoðun umferðarlaganna fari að sjá dagsins ljós. Við höfum fengið hér staðfestingu hæstv. dómsmrh. á að henni muni ljúka á þessu ári, en hugsanlega ekki fyrr en á því miðju. Það er einmitt með það í huga sem ég flutti þetta einfalda frv. og með það sama í huga og hv. 4. þm. Norðurl. e. varðandi það frv. sem þeir félagar hafa flutt hér um breytingu á umferðar-

lögum og hann nefndi. Það er það að taka út úr einfalda þætti, sem er í raun og veru auðvelt að koma í framkvæmd. Þetta er ekki kostnaður á nokkurn hátt til þess að tala um a. m. k., en það má vænta þess að slík breyting á umferðarlögunum beri strax árangur.

Ég verð að segja fyrir mig, að strax þegar umfjöllunin á síðasta þingi var um lögleiðingu bílbeltanna, eins og hv. þm. væntanlega muna, þá var ég á móti lögfestingunni, þó að ég hafi ekki verið á móti notkun þeirra. Ég taldi að það ætti ekki að þurfa að lögfesta slíkt. En frá þessum tíma byrjaði ég strax sjálf að nota bílbeltin og jafnframt að venja mig á að aka með ljósum á hvaða tíma dags sem ég var á ferðinni. Ég hef þess vegna lagt mig fram um að gera mér grein fyrir hvaða áhrif það hefur í umferðinni að nota ljósin, þótt um bjartan dag sé. Mér finnst það skipta mjög miklu máli þegar bílar koma á móti, sérstaklega þegar ekið er úti á þjóðvegum og maður hefur nokkuð langar vegalengdir fram undan, að sjá bíla með ljósum. Þetta skiptir mjög miklu máli og það vekur hjá ökumanni vissa öryggistilfinningu.

Ég vænti þess að þetta frv. fái góða og skjóta umfjöllun í hv. allshn. og það verði ekki farið að tefja þetta mál með því að fara að fjalla um umferðarlöggjöfina í heild, vegna þess að þetta einfalda mál getur verið áhrifaríkt. Ef þetta frv. yrði fljótlega að lögum gætum við vissulega fagnað, því þótt við fækkuðum ekki nema kannske um eitt slys væri tilganginum náð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 82, n. 267). – 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum n. 5 frá 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum. Frv. þetta fjallar um breytingar sem varða afurðir sem unnar eru úr kolmunna til manneldis.

Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Hér er um að ræða tilraunaveiðar, sem nú eru stundaðar, á kolmunna.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., þó með þeirri breytingu, að nánar væri skilgreint eða fram tekið hversu lengi þetta skyldi standa, til hvaða afurða það skyldi ná og á hvaða tíma.

Eins og segir í nál. varð nefndin sammála um að flytja brtt. við 3. gr., en þar segir í frv.: „Lög þessi öðlast þegar gildi“. Brtt. fjallar um viðbót, sem hljóði svo: „og taka ákvæði þeirra til landaðs afla á árunum 1982, 1983 og 1984“, þ. e. á þeim tíma sem við teljum að muni með réttu geta talist tilraunatími varðandi þessar veiðar.

Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, sem er formaður nefndarinnar og frsm. líka, en því miður forfallaður, Guðmundur Bjarnason, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson og Geir Gunnarsson, en fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Karl Steinar Guðnason – stendur nú reyndar í nefndarálitinu Karl H., en er prentvilla eins og menn vita – og Gunnar Thoroddsen.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 267 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265 og 269, 255). – Frh. 2. umr.

Afbrigði um skrifl. nál. samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. S. l. föstudag, þegar þetta mál var til umr., gerði ég grein fyrir því, hvers vegna ég talaði ekki fyrir nál. og hvers vegna nál. væri ekki fram komið. Eins og kom fram hjá hæstv. forseta höfum við í 3. minni hl. fjh.- og viðskn. nýlega lokið gerð nál. Á því nál. eru auk mín hv. 3. þm. Reykv. Albert Guðmundsson og hv. 1. þm. Vestf. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Þegar þessar umr. fóru hér fram á föstudaginn vék ég að þeim mikla hraða sem væri viðhafður við afgreiðslu þessa máls. Ég lýsti því þar þá, að ekki væri enn búið að ljúka athugun á ýmsum atriðum varðandi láglaunabætur, sér í lagi lagastoð til greiðslu á láglaunabótum árið 1983. Það kom ennfremur þar fram, að enn væri ekki búið að fá gögn sem óskað hafði verið eftir og það stendur enn. Þess vegna var haldinn fundur í fjh.- og viðskn. þessarar deildar í morgun. Þar var m. a. gengið frá bréfi til prófessors Sigurðar Líndals, þar sem leitað var álits hans á vissum atriðum í þessum efnum. Auk þess kom þar til fundar sá fulltrúi sem komið hefur frá Framkvæmdastofnun og vikið að þeim gögnum sem nm. töldu að vantaði til þess að þeir hefðu þær upplýsingar sem þeir þyrftu vegna m. a. þeirrar brtt. sem flutt hefur verið hér í þessari hv. deild af hæstv. sjútvrh. Það var hins vegar ekki að okkar dómi ástæða til þess að draga umr. fram yfir það sem gert hafði verið og ég lauk því gerð nál., sem enn er í vélritun og ég mun leggja hér fram við lok ræðu minnar, en hæstv. forseti hefur nú leitað afbrigða fyrir að hér geti verið til umr.

Ég held að það sem ég nú hef sagt sýni hversu mikill hraði hefur verið á afgreiðslu þessa máls. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, þegar talað er um að báðar nefndir þingsins, þ. e. nefndir beggja deilda þingsins, hafi starfað saman – eða störfuðu saman eftir að málið var flutt í Ed. – og mönnum þótti að það ætti að geta flýtt fyrir afgreiðslu þessa máls í þessari hv. deild. Það gerist að sjálfsögðu. Hins vegar vek ég athygli á því, að í þessari hv. deild sitja 40 þm. Ég vek jafnframt athygli á því, að það eru gerðar tillögur um breytingar á þessu frv. í síðari deild. Allt þetta gerir það að verkum, að

mér sýnist að sá tími sem nú hefur farið til þess að skoða þetta mál, farið í að gera athuganir á þeirri gagnrýni sem fram hefur komið, sé síður en svo um of. Miklu frekar sýnist mér að það hafi ekki veitt af, og ég vonast til þess á milli 2. og 3. umr., ef samþ. verður, að menn fái tækifæri til að skoða þessa hluti. Ég vænti þess þá að fram komi nánari skýringar og svör við spurningum, sem ég trúi að komi fram hér, þegar 2. umr. fer fram.

Þetta stafar allt af því, að þegar við 2. umr. málsins í Ed., eftir áramótin, hafði komið fram mjög mikil gagnrýni á afgreiðslu og framkvæmd láglaunabóta. Auk þess hafði hæstv. sjútvrh. gert grein fyrir því í fjölmiðlum að hann hygðist flytja brtt. við frv., þar sem gert væri ráð fyrir annarri ráðstöfun á hluta gengishagnaðar en frv. gerir ráð fyrir. Eins og ég gat um á föstudaginn var mjög óskað eftir því við hæstv. ráðh. að hann flytti þessa brtt. strax við 2. umr. í Ed., þegar hún fór þar fram, en ráðh. virtist þá ekki reiðubúinn til þess, enda kom í ljós, þegar till. var flutt í Nd. við 1. umr., að orðalag till. hafði breyst frá því að ráðh. hafði gert grein fyrir henni í fjölmiðlum. Hins vegar kom fram í þeirri ræðu, sem hann flutti fyrir till., að ríkisstj. hafði samþykkt að því fjármagni sem um væri að ræða skyldi ráðstafað með sama hætti og fram hafði komið hjá hæstv. ráðh. í sjónvarpinu. Þessi breyting er fólgin í því, að rn. er ætlað í samráði við sjútvn. beggja deilda að ráðstafa þessum afgangi eða því sem eftir verður af gengismun frá því í sumar, en það fylgir sá böggull skammrifi að ríkisstj. sjálf hefur ákvarðað, eins og kom fram hjá ráðh., hvar og hvernig þessum gengismun skyldi ráðstafað.

Þegar 2. umr. fór fram í Ed. kom fram, eins og ég gat um áðan, að mikil gagnrýni hafði átt sér stað og verið flutt af ýmsum aðilum, sem höfðu með einum eða öðrum hætti forsvar fyrir láglaunafólki. Það var þess vegna mjög eðlilegt að eftir því yrði leitað í Ed. hvaða breytingar það væru sem fyrirhugaðar væru af hálfu fjmrn. til að mæta þeirri gagnrýni varðandi ráðstöfun láglaunabótanna á s. l. ári og ennfremur hvaða breytingar rn. hyggist gera í sambandi við þær láglaunabætur sem gert er ráð fyrir að úthlutað verði á þessu ári. Þegar sú gagnrýni kom fram af hálfu þm. þeirra sem í Ed. sitja og óskað var eftir að þm. fengju tækifæri til að skoða þessi mál þar betur, þá var því svarað til, að miklu eðlilegra væri að báðar nefndir þingsins störfuðu saman þá þegar og eftir 1. umr. í Nd. um málið. Þar yrði svo hægt að gera grein fyrir því sem óskað var eftir þegar umr. fóru fram í Ed. Ennfremur er þess getið, að þá yrði till. sjútvrh. flutt og þá fengju nefndir tækifæri til að skoða málið betur.

Öllum hlaut að vera ljóst að slík vinnubrögð tefja fyrir framgangi eins máls. Að sjálfsögðu hefði verið eðlilegast að í Ed. hefði fengist umr. um málið eins og það þá stóð í ljósi þeirrar miklu gagnrýni sem fram hafði komið og að fenginni þeirri vitneskju sem fram kom í sjónvarpi þegar sjútvrh. lýsti sinni hugmynd varðandi ráðstöfun á gengismun frá því í ágúst s. l. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að málið skyldi ítarlegar skoðað þegar það væri til meðferðar hér hjá hv. deild og að sjálfsögðu yrði þá gerð grein fyrir þeim breytingum, sem væru í farvatninu hjá hæstv. fjmrh. varðandi láglaunabætur, og svo að sjálfsögðu hjá hæstv. sjútvrh., þegar hann flytti sína till.

Við umfjöllun þessa máls í fjh.- og viðskn. komu fjölmargir aðilar, sem unnið höfðu að gerð þessa frv. og náið samráð hafði verið haft við og hagsmuna höfðu að gæta, til viðræðna við nm. Það verður út af fyrir sig ekki sagt að þær upplýsingar eða þær hugmyndir, sem þar komu fram, hafi verið þess hvetjandi að þeir sem áður höfðu lýst andstöðu sinni við frv. yrðu frekar til þess að samþykkja það, nema þá síður væri. Fulltrúar fjmrn., sem á fundi n. komu, gerðu grein fyrir hvernig að þessu máli hafði verið staðið, þ. e. láglaunabótunum, og létu nm. í té þær upplýsingar sem þeir þá þegar höfðu. M. a. var nm. afhentur tölvulisti þar sem fram kom hversu margir höfðu hlotið þessar bætur, hvernig þær skiptust í tekjuflokka, hvernig þær skiptust á milli einstaklinga og hjóna. Þegar óskað var eftir frekari skilgreiningu varð mjög erfitt um svör, en þegar síðar dró fengust m. a. upplýsingar um einn hóp manna, en það voru sérstaklega bændur sem upplýsingar gátu fengist um. Ég ætla þessum ágætu mönnum, sem til viðræðna komu, ekki að hafa svarað öðru en því sem þeir best vissu, og höfðu þeir að sjálfsögðu ekki möguleika á því að svara þeirri gagnrýni. Þeir leituðust hins vegar við að gera mönnum grein fyrir í hverju m. a. þessi gagnrýni væri fólgin. Ég efast ekki um að þeir a. m. k. draga af því ákveðinn lærdóm og hafa vilja til þess að ná fram lagfæringu þegar fram í sækir. En það var einhvern veginn þannig, að þegar málið var rætt í Ed. reiknuðu menn með því þegar 1. umr. væri lokið hér og málið væri til meðferðar í n. deildarinnar yrðu þessar upplýsingar fyrir hendi, þ. e. þá lægi fyrir hvaða breytingar fjmrh. eða ríkisstj. hygðust gera á þeirri reglugerð sem láglaunabæturnar voru greiddar eftir. Það er að vísu ekki mikið sem sagt er í brbl. um greiðslu láglaunabóta annað en það er tekið fram hver upphæðin skuli vera, en að engu leyti vikið að því með hvaða hætti eða hvernig þær skulu greiddar.

Aðrir sem til viðræðna komu, þ. e. fulltrúr þeirra aðila sem þarna höfðu mestra hagsmuna að gæta, fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, höfðu sumir hverjir ekki ýkjamikið um málið að segja, en það kom glögglega fram að samstarf það sem lögin gera ráð fyrir, t. d. við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, var ekki ýkjamikið. Upp úr hafði þar slitnað. Að mér skildist hafði stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ekki einu sinni fjallað í sjálfu sér um brbl. eða um láglaunabótareglugerðina, heldur aðeins, eins og fram kom á fundum n., formlega mótmælt setningu brbl. Að mínum dómi var hér ekki um ýkjamikla hagsmunagæslu að ræða. Formleg mótmæli eða skoðun á reglugerð, þaðan af síður samráð, höfðu ekki verið fyrir hendi. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands virtust hins vegar hafa haft töluvert miklu meira með málið að gera þegar það var á undirbúningsstigi. Það kom fram hér í ræðu hv. 3. þm. Vestf., þegar hann talaði fyrir sínu nál., hvernig þessar umr. þar fóru fram, og það er vikið að þeim í hans nál. Það mátti glöggt heyra og skilja að fulltrúr Alþýðusambandsins höfðu haft viss áhrif. (**Gripið fram í:** Alþb.-menn.) Fulltrúar Alþýðusambandsins, hvaðan svo sem þeir koma úr flokki, höfðu haft áhrif. (Gripið fram í.) Hvaðan svo sem þeir komu úr flokki, sagði ég. Þeir voru fulltrúar Alþýðusambandsins. Þeir höfðu haft þar viss áhrif, t. d. varðandi hvaða lægstu tekjur skyldi við miða. Þegar rn. hafði talað um 10–15 þús. kr. fékkst það hækkað í 25 þús. Þegar rn. hafði talað um 51 þús.

sem hámark mun áhrifa þessara aðila hafa gætt og hækkunin orðið 75 þús. Vel má vera að það sem hér var gert hafi haft ýmis þau áhrif sem síðar hafi valdið hluta þeirrar gagnrýni sem fram kom.

Mér fannst hins vegar, á fundunum sem þessir aðilar mættu á, eins og þessir aðilar vildu sem allra minnst um sín samráð tala og vildu helst láta líta út sem upp úr hefði slitnað. Ég skal ekki dæma um hvað rétt er í þeim efnum, en þegar þeir voru hins vegar spurðir að því á þessum fundum hvort þeir hefðu sjálfir einhverjar tillögur til úrbóta eða hefðu tillögur sem þeir teldu að gætu lagfært það sem úrskeiðis hafði farið við greiðslu láglaunabótanna á s. l. ári, þá var nú fátt um svör í þeim efnum og þeir höfðu ekki heldur neinar tillögur um hvernig þeir teldu réttast að með skyldi fara þegar til láglaunagreiðslna kæmi á árinu 1983, þ. e. á þessu ári. Mér virtist að þessir aðilar hefðu ekki heldur áhyggjur af því, hvort ríkisstj. hefði aflað sér lagaheimildar til greiðslu láglaunabóta 1983, en það kom hins vegar fram í fjh.- og viðskn. að nm. efuðust um að svo væri.

Ég gat þess hér áðan að við hefðum viljað skoða þetta mál nokkru betur þegar störfum í fjh.- og viðskn. lauk. M. a. gerðum við fsp. til fjmrn. um hverjar væru skoðanir þess. Hæstv. fjmrh. hefur svarað þessu sjálfur og lítur svo á, að í 4. gr. fjárl., að mig minnir lið 09 990, þar sem eru 130 millj. kr. til efnahagsaðgerða, sé um að ræða heimild til greiðslu láglaunabóta. Vissulega er þar um að ræða heimild til greiðslu láglaunabóta. Vissulega er þar um að ræða 130 millj. kr. til ráðstafana í efnahagsmálum, en einhvern veginn held ég að það hljóti að mega gera ráð fyrir að nánari till. þurfi að koma til að það fé verði notað til greiðslu þessara bóta og auðveldasti leikurinn, ef samþykkt verður hér frv. til brbl., fyrir ráðh. að afla sér slíkrar heimildar. Féð er fyrir hendi. Það hefur enginn efast um það.

Á fyrri stigum þessa máls var leitað til prófessors Sigurðar Líndals um það, hvernig skilja bæri ákveðin ákvæði brbl. Niðurstaða hans varð til þess að gerð var breyting á brbl. í Ed. varðandi tímasetningu á skerðingu launavísitölunnar. Í grg., sem Sigurður Líndal prófessor lét frá sér fara, víkur hann sérstaklega að því hvernig með brbl. er verið að framselja vald Alþingis til framkvæmdavaldsins. Mér fannst eðlilegast að leita álits prófessors Sigurðar á þessu máli og honum var í morgun ritað bréf þar sem leitað var eftir skoðun hans, eins og segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Sú ósk hefur verið borin fram í fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, að þér, í framhaldi af greinargerð yðar frá 9. des. s. l., létuð nefndinni í té skoðun yðar á því, hvort fyrir hendi séu næg lagafyrirmæli til greiðslu bóta til láglaunafólks á árinu 1983 að upphæð 125 millj. kr., en lagafyrirmælin um greiðslu láglaunabóta 1982 er að finna í 2. gr. brbl. frá 21. ágúst 1982.

Ákvæði um láglaunabætur 1983 er ekki að finna að dómi fyrirspyrjanda, en á hefur verið bent, að í fjárlögum 1983, 4. gr., lið 09 990, er greiðsluheimild til efnahagsaðgerða að upphæð 130 millj. kr. Nm. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til viðræðna um þetta atriði og nánari útskýringa, ef þörf er á að yðar dómi.

Þá er yður sent bréf fjmrn., dags. 28. júní s. l., varðandi efnisatriði þetta með ósk um skriflegt svar yðar við fyrsta hentugt tækifæri.

Virðingarfyllst,

f. h. fjárhags- og viðskiptanefndar".

Og undir það ritar Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður n., sem stýrði fundinum.

Mér finnst eðlilegt að úr þessu fáist skorið. Að vísu kveður hér ekki upp dóm neinn háskólaprófessor, það er mér ljóst. Hitt er ljóst, að skoðun hans á málinu er að mínum dómi óvilhöll. Eins og oft áður er leitað til þeirra manna sem þessi vísindi kenna og það hafði verið leitað til Sigurðar áður og því fannst mér eðlilegast að á því yrði framhald.

Þegar unnið var að þessu frv. var leitað til þeirra aðila annarra sem hagsmuna höfðu og hafa að gæta. Þá komu til fundar við fjh.- og viðskn. fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna og Sambands skreiðarframleiðenda og var sérstaklega rætt við þá um þá brtt. sem sjútvrh. hafði gert varðandi ráðstöfun gengismunar. Það var enginn vafi á hver var afstaða þessara manna. Formaður Landssambands ísl. útvegsmanna lýsti andstöðu sinni við þessa brtt. Hann benti m. a. á, að búið hefði verið að ganga frá því hvernig ráðstafa skyldi þessum gengismun og hann leit svo á, að hér væri um að ræða brigð á því sem samkomulag hefði náðst um. Hann gat þess að hann hefði látið hæstv. sjútvrh. heyra sína skoðun á þessu máli. Framkvæmdastjóri Skreiðarsamlagsins benti réttilega á, að sú upphæð af gengismun, sem ríkisstj. hygðist ráðstafa samkv. till., væri svipuð upphæð og allur gengismunurinn af skreiðarbirgðunum, milli 50—60 millj. kr. Hann benti réttilega á þá gífurlegu erfiðleika sem skreiðarframleiðendur hefðu við að glíma vegna söluerfiðleika og taldi að meiri ástæða væri fyrir stjórnvöld að bregðast við með öðrum hætti en þessum. Hann benti þá á m. a. hvað nágrannaríkisstjórnir okkar hefðu gert til að létta undir með skreiðarframleiðendum, tryggja skreiðarframleiðslu og koma í vega fyrir erfiðleika á skreiðarmörkuðum.

Á fundum nefndarinnar höfðu áður gert grein fyrir stöðu þessara mála fulltrúar frá Seðlabankanum. Þar hafði komið fram heildarupphæðin, sem gert var ráð fyrir að gengismunurinn frá í ágúst væri 20. jan. 1983 ásamt með vöxtum fyrir árið 1982, og þar var um að ræða 208 millj. kr. Síðan var gerð grein fyrir hvernig ráðstöfun hefði farið fram miðað við sama dag, og þar var gerð grein fyrir ráðstöfun upp á 110 millj. kr. Það var líka gerð grein fyrir því, hvað væri áætlað óinnkomið, 85 millj. kr. Af þeim 85 millj. eru það 54 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að þær skreiðarbirgðir sem í landinu eru í dag gefi.

Hér er miðað við birgðirnar í magni. Hér er ekki hægt að miða við birgðir í verðmæti. Að sjálfsögðu er reynt að finna út verðmæti skreiðarbirgðanna, en það liggur alveg ljóst fyrir að það getur enginn um það dæmt í dag eða metið hvað fyrir skreiðina fæst. Hér er því um að ræða reikningsaðferð, en ekki raunveruleika sem hægt er að festa hendur á til þess að gera þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstj. hyggst nota í þær 50—60 millj. kr. sem hún hefur áætlað. Þess vegna vildi ég gjarnan spyrja hæstv. sjútvrh. í þessu sambandi: Það er vitað að mjög tregt er um útflutning á skreið og það er enn verið að flytja út skreið frá árinu 1982. Ef fer sem horfir í þessum efnum verða þessir fjármunir ekki til fyrr en í fyrsta lagi seint á þessu ári, ef þeir verða þá til fyrr en á næsta ári, og þá er spurningin, hversu mikið? Ég hef því velt fyrir mér og vildi gjarnan spyrja ráðh. að því, hvort hann væri búinn að tryggja lánsfjármagn á meðan til þess að

hægt væri að framkvæma það sem hann hyggst láta gera með þeirri upphæð sem hér er rætt um, hvort hann hefur tryggt sér fjármagn upp á 50—60 millj. kr. til að láta Byggðasjóði í té svo að hann geti lánað það fyrirtækjum þeim sem í miklum erfiðleikum eiga umþessar mundir. Mér sýnist ekki hér vera annað hægt að gera en prenta seðla. Það má vel vera að það verði gert og það sé hugsun hæstv. sjútvrh. að haldið verði áfram á þeirri leið sem núv. ríkisstj. hefur gengið í seðlaprentun með einum eða öðrum hætti.

Eins og ég sagði áðan höfðu mætt á fundum nefndarinnar fulltrúar Seðlabankans og Framkvæmdastofnunarinnar. Fulltrúar Seðlabankans mættu til að gera grein fyrir stöðu gengismunarsjóðs frá því í ágústmánuði. Fulltrúar Framkvæmdastofnunarinnar mættu hins vegar til að ræða við nm. um það, með hvaða hætti hugsað væri í sambandi við ráðstöfun á gengismun sem hér var vikið að áðan.

Það kom fram hjá fulltrúa Seðlabankans, það vil ég mjög gjarnan undirstrika, að yrði framkvæmd á ráðstöfun gengismunar samkv. því sem sjútvrh. leggur til og ríkisstj. hefur samþykkt væri um einsdæmi að ræða. Ráðstöfun gengismunar út fyrir sjóði og stofnanir sjávarútvegsins og fiskframleiðslunnar hefur ekki áður gerst. Vissulega gáfu þessar umr., sem fram fóru á nefndarfundi fjh.- og viðskn., ástæðu til ítarlegrar umfjöllunar og athugunar og hefði verið ástæða til að fá þar fram af hálfu ríkisstj. eða fulltrúa hennar tillögur til breytinga, en eins og þar var sagt og áður er hér fram komið var ekki um neitt slíkt að ræða.

Allar ráðstafanir núv. ríkisstj. í efnahags- og atvinnumálum hafa verið bráðabirgðaráðstafanir og meira að segja engar ráðstafanir verið gerðar öðruvísi en með brbl. Gjarnan hafa fylgt yfirlýsingar ríkisstj. og einstakra ráðh. *um betri tíð og blóm í haga*, þegar *tími* hefði gefist til að vinna að heildartillögum til lausnar aðsteðjandi vandamálum. Nú er svo komið, að þegar nálgast alþingiskosningar og þegar ríkisstj. heldur á næstu dögum upp á þriggja ára afmælið hefur útlitið aldrei verið jafndökkleitt og nú. Enda þótt ytri aðstæður hafi verið okkur óhagstæðar að undanförnu er öllum ljóst að stefnuleysi og fálmkenndar bráðabirgðaráðstafanir ríkisstj. eru höfuðorsök þess hvernig komið er. Frá því að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum í sept. 1978 hafa efnahagsráðstafanir ríkisstjórna verið launaskerðing, skattahækkanir, erlendar lántökur, aukin ríkisumsvif. Núv. ríkisstj. hefur ekkert legið á liði sínu í þessum efnum og nú blasir við yfir 70% verðbólga og talið að erlendar skuldir muni nema í árslok um 55% af þjóðarframleiðslu yfirstandandi árs vegna óhóflegrar notkunar stjórnvalda á erlendu lánsfé.

Eins og áður segir hefur ríkisstj. með bráðabirgðaráðstöfunum sínum reynt að bjarga einhverju, en það hefur, eins og ráðh. sjálfir hafa sagt ævinlega, verið of lítið, komið of seint og skakkt verið að farið. Mergurinn málsins er hins vegar sá, að engar raunhæfar tillögur hafa verið lagðar fram, einfaldlega vegna þess að um það hefur ekki náðst nein samstaða. Og beri menn saman þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið á undanförnum árum, þá geta menn auðveldlega séð að ekkert af þeim fyrirheitum sem þar voru birt hafa komið til framkvæmda.

Það skorti ekki heldur á fyrirheitin, upptalningu þeirra, þegar þau brbl. sem hér eru til umr. voru sett. Það var hvorki meira né minna en 21 atriði sem skyldi *nú tekið til sérstakrar meðferðar og átti* að sjálfsögðu að verða til þess að koma á betri skikkan í atvinnumálum og efnahagsmálum. Reynslan sýnir okkur að við stöndum ekki aðeins í stað eftir sex mánuði, heldur hefur okkur miðað nokkuð aftur á bak. Hvað staðfestir betur stjórnleysi og stefnuleysi núv. hæstv. ríkisstj. en þær staðreyndir sem við blasa?

Í brbl. var skerðing verðbótavísitölu. Það var skerðing verðbótavísitölu í þrettánda sinn frá því að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við 1978. Þeir aðilar sem hvað hæst höfðu 1978 um *samningana* í gildi hafa nú staðið fyrir um 50% verðbótaskerðingu frá árinu 1978, enda þótt grunnkaupshækkanir hafi numið um 30%.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarsinnum, að ráðstafanir brbl. væru svipaðs eðlis og þær ráðstafanir sem ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar beitti sér fyrir vorið 1978. Því fer víðs fjarri, því að þær ráðstafanir voru samræmdar efnahagsráðstafnir og það skiptir auðvitað öllu máli. Þegar líða tók á árið 1978 sýndi sig að þær báru árangur, en þegar stjórnarskipti urðu var dæminu snúið við, enda komin vinstri stjórn í landinu.

Þær ráðstafanir, sem gripið var til 1978, voru afleiðingar af samningum um mjög miklar grunnkaupshækkanir á skömmum tíma. Því var ekki til að dreifa nú, þegar þessar ráðstafanir eru gerðar. Þegar í ljós kom þá að í óefni stefndi með slíkar grunnkaupshækkanir var gripið inn í af stjórnvöldum með takmarkaðri skerðingu vísitöluverðbóta. En það var ekki gert með brbl., heldur var málið lagt fyrir Alþingi og eðli málsins samkvæmt rætt þar, og komu þær ráðstafanir ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hafði haft þær til meðferðar og þm. fengið tækifæri til að afla allra gagna og *tíma til umr.*

Nú eru gefin út brbl., þegar ekkert knúði til þeirrar útgáfu og vitað var þar að auki að ríkisstj. hafði ekki lengur meiri hluta í Nd. Alþingis. Útgáfa brbl. í ágústmánuði um aðgerðir 1. des. sýnir allt og segir allt um hvers vegan gripið er til þessara ráðstafana. Það eðlilega hefði að sjálfsögðu verið, að fyrir Alþingi hefði verið lagt frv. þegar það kom saman 10. okt., það frv. verið rætt hér og þingið fengið tækifæri á því að láta skoðun sína í ljós áður en frv. kæmi til framkvæmda.

Ég vil ennfremur benda á að 1978 var í sambandi við vísitöluskerðingu verðbótaauki, sem var í gildi til viðbótar venjulegum verðbótum á laun. Nú hefur þróunin hins vegar leitt í ljós, að þrátt fyrir mótmæli launþegasamtakanna 1978 hafa launþegasamtökin nú sætt sig við niðurfellingu verðbótaauka, sætt sig við skerðingu á verðbótavísitölu samkv. efnahagslögunum frá 1979 með skerðingaráhrifum eða þrettán sinnum skerðingu á verðbótavísitölu frá 1978. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessa breyttu stefnu launþegasamtakanna sýnir sig að efnahagslífið, atvinnulífið var aldrei verr komið en nú.

Til þess að bæta þeim lægst launuðu þá skerðingu sem þeir urðu fyrir var ákveðið að verja 175 millj. kr. til láglaunabóta, 50 millj. á s. l. ári og 125 millj. á árinu 1983. Eins og fram kom fyrr í minni ræðu hefur komið upp mikil gagnrýni á þær reglur og þá framkvæmd, sem við hefur verið höfð á greiðslu láglaunabóta, og því mjög vafasamt að þær hafi komið að tilætluðu gagni, að þeir hafi fengið þær bætur sem þær þurftu helst að fá. Og það sem mér sýnist vera miklu verra er það að

ekki eru uppi neinir tilburðir til að koma fram lagfæringu í þessum efnum. Það eru ekki uppi neinir tilburðir til að breyta þeirri reglugerð sem gildir um úthlutun láglaunabóta þannig að það megi við úthlutunina síðar á þessu ári taka mið af því og afla heimilda til þess að óyggjandi sé sú heimild sem fyrir hendi er.

Þetta er annar stærsti þáttur þessara efnahagsaðgerða, það er skerðing vísitölunnar 1. des., og það orðað í grg. með frv. að það sé þannig að farið til að draga úr víxlgangi kauplags og verðlags og þá til að ná árangri í efnahagsmálunum, til þess að draga úr verðbólgunni. Á sama tíma og þetta er gert, lögfest er helmingslækkun verðbóta 1. des. til þess að draga úr verðbólguhraðanum, hækkar ríkisstj. vörugjaldið, sem leiðir af sér vöruverðshækkun á ýmsum neysluvörum fólksins í landinu. Það er gert undir því yfirskini að afla tekna til greiðslu láglaunabóta. Hér er enn einu sinni á fölskum forsendum verið að afla ríkissjóði tekna til að auka enn á ríkisumsvifin. Sú fjárhæð, sem hækkun vörugjalds skilar ríkissjóði, mun á gildistímanum skila tvöfaldri þeirri upphæð sem brbl. og yfirlýsing ríkisstj. gera ráð fyrir að greidd verði í láglaunabætur á árunum 1982 og 1983. Þessi þáttur brbl. er að sjálfsögðu í algerri mótsögn við þann tilgang sem sagður er vera með lögunum, enda hefur árangurinn bersýnilega sýnt sig í því, eins og kom fram áðan, að horfurnar í dag eru metnar þannig að við stöndum verr en við stóðum í ágústmánuði, þegar þessi brbl. voru gefin út. Slíkar vinnuaðferðir, slíkar tillögur dæma sig því sjálfar.

Í sambandi við gengisbreytinguna, sem gerð var, var nú gengismunur, eins og stundum áður, gerður upptækur og honum ráðstafað sérstaklega. Hvort það er rétt eða röng ráðstöfun, hvort rétt getur verið í eitt skipti en rangt í annað skipti, skal ósagt látið. Það sem mestu máli skiptir er að slík ráðstöfun hefur allajafnan verið með sæmilegu samkomulagi við þá sem telja sig eiga tilkall til gengismunar.

Það er ljóst að ráðstöfun gengismunar hefur ætíð verið innan atvinnugreinarinnar, sjóða hennar eða stofnana, svo sem til Fiskveiðasjóðs, Stofnfjársjóðs, Verðjöfnunarsjóðs og Lífeyrissjóðs sjómanna. Í þessum brbl. er gert ráð fyrir að svo verði, þó með undantekningum sem aðilar sýnast hafa orðið sammála um. Þessir aðilar, sem hér um ræðir og brbl. gera ráð fyrir að njóta skuli gengismunar að þessu sinni, eru innan sjávarútvegsins og það er því með hefðbundnum hætti sem þessu fjármagni er ráðstafað eða tillögur gerðar þar að lútandi. Þegar málið er til umr. í Ed. gerir sjútvrh. grein fyrir hugmynd sinni og flytur brtt. við 1. umr. í síðari þd. Sjútvrh. lýsir þar samþykkt ríkisstj. á ráðstöfun hluta gengishagnaðar og flytur brtt. sem felur í sér að nokkrum hluta gengishagnaðar verði ráðstafað til Byggðasjóðs, um 50—60 millj. kr., er láni sjávarútvegsfyrirtækjum sem eiga í miklum erfiðleikum. Við endurgreiðslu lána renni helmingur lánanna til Fiskveiðasjóðs, en hinn helmingurinn til Byggðasjóðs til eignar.

Það er á allra vitorði, að Framkvæmdastofnun hefur að undanförnu, á s. l. ári, unnið að því að aðstoða ýmis fyrirtæki, sem hafa átt í miklum erfiðleikum. Ef ég man rétt, munu um 73 millj. kr. hafa verið lánaðar til fyrirtækja á s. l. ári og það af lántöku Byggðasjóðs eða Framkvæmdasjóðs. Hér er lagt til að þau fyrirtæki, sem sum hver hafa fengið fyrirgreiðslu, fái enn fyrirgreiðslu, en fjölmörg önnur fyrirtæki hafa ekki haft tækifæri til að fá þá aðstoð sem nú er lagt til að gengismunur verði notaður til.

Ég verð að segja að mér finnst nokkuð furðulegt að inn á þessa braut skuli farið. Í fyrsta lagi er deilt um hvort taka eigi gengismun, hvort ástæða er til að hreyfa þar við nokkru. Ég tala nú ekki um, eftir að mikill hluti lána sem sjávarútvegurinn hefur eru orðin verðtryggð. Það má vel vera að hér áður fyrr hafi mönnum fundist eðlilegt að hluti gengismunar rynni ekki til viðkomandi útflutningsgreinar, en eins og nú er komið er mjög vafasamt hvort slíkt er réttlætanlegt.

Það hefur þó verið fallist á þetta undir þeim kringumstæðum að fjármagnið renni til aðstoðar innan sjávarútvegsins, stundum til Verðjöfnunarsjóðs, til Fiskveiðasjóðs, til Stofnfjársjóðs eða til Lífeyrissjóðs sjómanna. Það að ætla sér að ráðstafa gengismun út fyrir atvinnugreinina eru ráðstafanir sem ég held að menn ættu mjög að endurskoða áður en þeir grípa til þeirra. Ég beitti mér fyrir því að fá skoðun á því í Seðlabankanum hver staða þessara fyrirtækja væri í sambandi við skreiðarbirgðir og hvort ekki væri í raun og veru verið að taka gengismun af fyrirtækjum til að láta Byggðasjóð hafa til að lána sömu fyrirtækjum í verðtryggðu láni. Þetta er, sýnist mér, skollaleikur sem ekki á að viðhafa. Væri ekki skynsamlegra, ef menn eru reiðubúnir til þess, að nýta 54 millj., eða það sem ætla má að komi af gengismun vegna skreiðarinnar, til þess að aðstoða skreiðarfyrirtækin? Okkur er ekkert nauðsynlegra en halda áfram skreiðarframleiðslu, halda mörkuðum. Það gerum við ekki öðruvísi en aðstoða þessa aðila þegar árar eins og nú.

Við fengum greinargerð frá Seðlabankanum, sem birtist með sem fskj. Við fengum ennfremur lista hjá Framkvæmdastofnuninni yfir fyrirtæki sem fengu lán þar á s. l. ári. Þar var nokkuð hægt að sjá hvað voru bein lán og hvað var breyting á lánum sem fyrirtækin höfðu fengið áður. Nú óskum við eftir að fá að sjá hver er staða þessara fyrirtækja, sem ætlað væri að lána gengismun vegna skreiðar. Eru fyrirtækin þannig stödd að búast megi við að þau geti endurgreitt verðtryggð lán, sem ætlað er að lána þeim, eða er í raun og veru verið að taka gengismun af skreið til þess að gefa einhverjum fyrirtækjum, sem vitað er að þau geta ekki greitt? Mér sýnist þetta vera í raun og veru. Þegar þetta er skoðað ofan í kjölinn hlýtur dæmið að vera þannig, að hæstv. sjútvrh. hefur ekki gert sér grein fyrir hvað fylgdi þessu öllu.

Ég lýsi andstöðu við þessa brtt. Ég held að það skynsamlegasta væri að hún yrði dregin til baka og að hæstv. sjútvrh. reyndi að ná samstöðu við aðila innan sjávarútvegsins um það, með hvaða hætti ráðstafa skuli afgangi gengismunar, ef um afgang er að ræða, en samkv. brbl. er gert ráð fyrir að það sem eftir stendur, þegar upptalningu lýkur, renni til Stofnfjársjóðs. Hafði verið gert ráð fyrir því í ágústmánuði að um 30 millj. væri að ræða, en samkv. því sem nú hefur verið sagt er um að ræða 20 millj. kr. mismun á stofninum frá ágústmánuði, þannig að í staðinn fyrir 140 millj. hefði í raun og veru mátt ætla gengismun upp á 160 millj. kr. Með vöxtum eru það 20. jan., eins og ég sagði áðan, 208.5 millj. kr. Ég teldi mun skynsamlegra, ef menn vilja halda sér við það að Stofnfjársjóður fái 30 millj. eða það sem ætlað var á sínum tíma, að ráðh. beitti sér

fyrir því að þessi upphæð verði notuð með einum eða öðrum hætti til að veita vissa tryggingu í sambandi við útflutning skreiðar, en enn þá er staðan þannig, að útflutningur skreiðar frá árinu 1982 er engan veginn hafinn.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er ekki hér í salnum. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann hvort hann nú væri tilbúinn að gera grein fyrir einhverjum brtt. í sambandi við láglaunabætur og greiðslu láglaunabóta á þessu ári, hvort hann teldi að það væri ekki rétt að gera grein fyrir því hér, því vissulega hefur það starf, sem unnið hefur verið af hans rn. í þessu máli, fengið mikla gagnrýni. Meira að segja lét hann sjálfur hafa það eftir sér að honum kæmi ekkert á óvart þó eitthvað færi úrskeiðis þegar svo gífurlega stór hópur ætti í hlut. Þeir sem hafa látið í sér heyra eru fulltrúar launþegasamtakanna, ýmist frá Alþýðusambandinu, Verkamannasambandinu eða Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og þetta eru forsvarsmenn þeirra aðila sem þessar bætur áttu helst að fá. Ekki er óeðlilegt þó að hann sé spurður að því hér hvort hann hafi nokkru við það að bæta sem fram kom hjá starfsmönnum hans á nefndarfundum, en þeir höfðu þar engar brtt. eða neinn boðskap frá ráðh. í sambandi við þá gagnrýni sem fram hafði komið.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fjölyrða meira um þetta frv. Ég tel að ég hafi hér gert grein fyrir þeim sjónarmiðum sem að vísu hafa áður komið fram af hálfu okkar sjálfstæðismanna. Ég vék að því áðan að ég væri andvígur þeirri brtt. sem hæstv. sjútvrh. hefur flutt. Ég mæltist til þess að hann skoðaði það mál betur. Ég benti á, að það sem þar er verið að gera er einsdæmi, að sögn þeirra manna sem gerst þekkja, hvað varðar ráðstöfun gengismunar í marga áratugi. Ég held að skynsamlegra væri að koma lagfæringum fram í sambandi við gengismun skreiðarinnar og láta þá, sem þar eiga í erfiðleikum, njóta þess.

Ég sagði áðan, hæstv. fjmrh., að ég teldi ekki óeðlilegt að við þessa umr. málsins fengju þm. að heyra hvort ráðh. hefur á prjónunum einhverjar breytingar í sambandi við láglaunabæturnar með tilliti til þeirrar miklu gagnrýni sem fram hefur komið. Eins og ég skýrði frá voru starfsmenn rn. inntir eftir því í n., þegar um málið var fjallað þar, en þeir tjáðu okkur að þeir hefðu ekki vitneskju um neinar slíkar breytingar. Mér finnst því eðlilegt að fá tækifæri til að heyra frá ráðh. hér, hvort á þessu hefur orðið nokkur breyting, um leið og ég ítreka þessa fsp. mína til hæstv. sjútvrh.: Ef hann hugsar sér að halda við þá ráðstöfun á gengismun, sem hann gerði till. um, og lagaheimildir fást til þess að það geti gerst, þá vantar fjármagn, því að ég á ekki von á því að gengismunur af skreið sé kominn inn á næstu vikum, en hefur ráðh. gert ráðstafanir til að útvega lánsfé eða er það annarra, sem bjarga á af hálfu Byggðasjóðs, að ganga með yfirlýsingu frá ríkisstj. um að þegar skreiðin verður seld muni ríkisstj. senda tékka til Byggðasjóðs og af honum verði aðstoðin veitt, og út á þetta eigi fyrirtækin síðan að útvega sér fjármagn?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal í stuttu máli svara því sem til mín var beint.

Ég vil segja það í fyrsta lagi, að ég hef ekki gert ráðstafanir til að útvega lánsfé sem endurgreitt yrði með gengismun af skreið. Ég hef talið eðlilegt að fá áður fram vilja Alþingis í málinu. En ég er bjartsýnni en kom fram hjá hv. þm. Ég tel allar líkur til þess að skreiðin verði seld úr landi og ýmsilegt benda til þess að jafnvel kunni fljótlega eitthvað að liðkast til í skreiðarsölu okkar. Þær upplýsingar hef ég m. a. fengið frá hæstv. viðskrh. Það er hins vegar alveg rétt, að eflaust tekur þetta einhvern tíma og yrði þá að brúa það bil með lánsfé.

Ég vil leiðrétta það, sem skilja mátti á ræðu hv. þm., að ég hafi gert grein fyrir þessari till. í fjölmiðlum. Ég gerði grein fyrir till. í þeirri samráðsnefnd sem starfaði í þinghléi og sendi till. m. a. stjórnarandstæðingum. Eftir það fréttist af henni og hún var komin á borð fjölmiðla, að því er virtist. Ég svaraði þá spurningum sem til mín var beint um þessa breyttu ráðstöfun á gengismun.

Ég vil vekja athygli á því, að í þessari till. er alls ekki ákveðið að umræddur gengismunur skuli ekki renna í Stofnfjársjóð, heldur má segja að þarna sé slegið á frest slíkri ákvörðun. Í till. segir að því sem er umfram 40 millj., sem renna eiga í Stofnfjársjóð, skuli ráðstafað af sjútvrn. í samráði við sjútvn. Alþingis. Ég vil að sjútvn. Alþingis fái tækifæri til að skoða þann vanda, sem útgerðin er í í heild sinni.

Ég rakti við 1. umr. ýmislegt sem í því sambandi er í athugun, bæði lækkun á skuldum útgerðarinnar við Fiskveiðasjóð og sömuleiðis þá athugun sem gerð hefur verði í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar, að hvort tveggja þurfi að skoðast í einu lagi og því komi til greina að skipta umræddum gengismun, sem er áætlaður nú töluvert meiri en áður var, þannig að í hvort tveggja fáist nokkurt fjármagn til ráðstöfunar. Ég vil vekja athygli á því, að allmörg útgerðarfyrirtæki fá enga aðstoð í gegnum Stofnfjársjóð. Ég nefni t. d. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Hún nýtur slíkrar aðstoðar á engan máta. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar er hins vegar eitt af þeim fyrirtækjum, sem var í úttekt þessarar nefndar, sem ég hef greint hér frá, og þarf að mínu mati í sambandi við endurskipulagningu á rekstri, sem að er unnið, að fá nokkra fjárhagsaðstoð.

Vel kann svo að fara, að eftir viðræður um þessi mál og athugun í sjútvn. komist menn að þeirri niðurstöðu að útvega þurfi meira fjármagn og rétt sé að gengismunur renni þá allur í Stofnfjársjóð eða mestallur, en lánsfé útvegað í aðra fyrirgreiðslu. Þetta finnst mér ekki liggja nægilega ljóst fyrir og þurfi að skoðast betur og þess vegna hef ég lagt til að ekki verði ákveðið nú að öllum gengismun verði ráðstafað í stofnfjársjóðinn.

Hér hefur töluvert mikið verið um skreiðina talað og má skilja suma menn svo, að um óeðlilega skattlagningu á skreiðina sé að ræða. Skreiðarframleiðendur eiga í erfiðleikum, það er rétt. Ég gerði aths. við þetta við 1. umr. og hef síðan beðið Þjóðhagsstofnun að áætla fyrir mig hver ávöxtun fjármagns er í skreiðarbirgðum miðað við þróun á dollara- og afurðalánum og annan kostnað á síðasta ári. Þetta hefur Þjóðhagsstofnun gert. Þar kemur fram að birgðir að verðmæti 1 000 kr. í árslok 1981 voru í lok ársins orðnar 2 290 kr. Að sjálfsögðu er þessi hækkun til komin vegna breytingar á gengi dollarans. Gengisbreyting dollarans frá árslokum 1981 til 25. janúar 1983 – þar er tekin með gengisbreytingin sem varð í jan. – er um 129%, þannig að verðmætið hefur aukist úr 1 000 kr. í 2 290 kr. Frá þessu ber síðan að draga þann gengismun, sem hér um ræðir, sem er

6.5% eða 150 kr., og einnig geymslukostnað, sem er áætlaður 115 kr., þannig að það sem fæst eru 2 025 kr.

Undir venjulegum kringumstæðum eru afurðalán í fyrsta lagi endurkaup Seðlabankans 52% og viðbótarlán 40% af endurkaupum. Samtals gerir þetta 730 kr., þannig að sá mismunur, þ. e. sá hluti birgða sem ekki er fjármagnaður með afurðalánum, yrði þá 270 kr.

Nú vil ég taka það fram, að afurðalán út á skreið hafa ekki náð þessari hundraðstölu. Þarna er reiknað með venjulegum afurðalánum, en þau hafa verið nokkru lægri. Sé svo reiknað með 33% vöxtum afurðalána, sem reyndar voru nú ekki svo háir allt árið, heldur töluvert lægri, þá kemur út að vaxtakostnaður hefði orðið 320 kr. og sé það svo dregið frá kemur í ljós að mismunur, þ. e. hluti söluverðmætis sem framleiðandi fær í sinn hlut, er 975 kr. M. ö. o.: ávöxtun þessa fjármagns er á ársgrundvelli 240%, þ. e. eigið fé ávaxtast um 240%.

En um leið og ég segi þetta vil ég leggja á það ríka áherslu að erfiðleikar skreiðarframleiðenda eru miklir vegna greiðslufjárerfiðleika. Það er út af fyrir sig annað mál. Margir þessara manna hafa ekki efni á að festa sitt fjármagn í skreið, jafnvel þótt ávöxtunin sé svona mikil.

Ég vek hins vegar athygli á því, að þessi umræddi 6.5% gengismunur er ekki tekinn fyrr en skreiðin fer úr landi. Því er ekki verið að skattleggja einn eða neinn fyrr en hann hefur fengið þessa ágætu ávöxtun eigin fjármagns í hendur. Ég verð því að segja það eins og er, að mér sýnist ekki að verið sé að íþyngja skreiðarframleiðendum. Svo geta menn náttúrlega metið það, hvort þetta verð fæst fyrir skreiðina. Það lækkar kannske eitthvað frá því sem hér hefur verið reiknað með. En hins vegar er ansi mikið borð fyrir báru. Það er því á misskilningi byggt sem hér hefur verið sagt um þá erfiðleika sem þetta veldur skreiðarframleiðendum.

Ég vil jafnframt upplýsa, að sú aðstoð sem Norðmenn hafa veitt skreiðarframleiðendum þar í landi er mjög hliðstæð þeim afurðalánum sem hér eru veitt af Seðlabankanum. Norðmenn veita ekki slík afurðalán frá sínum seðlabanka. Þeir veita útflutningslán með miklu óhagstæðari kjörum. En Norðmenn hafa tvisvar í sérstökum erfiðleikum skreiðarframleiðenda veitt afurðalán, sem við getum kallað svo. Þetta er því út af fyrir sig ekkert nýtt fyrir okkur. Við gerum þetta alla tíð gegnum okkar seðlabanka.

Ég vona að ég hafi svarað þeirri spurningu, sem til mín var beint, og þarf ekki að hafa fleiri orð um frv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram, að sá er nokkurn veginn fastur siður, að þegar undir umr. um ríkisstjórnar frv. er beint vegna atriða málsins ákveðnum fsp. til ráðh., þá er þeim gefið orðið. Þetta vil ég sérstaklega taka fram, af því að þessu hefur verið fundið. Ég hef nú gefið orðið hæstv. sjútvrh. og mun nú gefa hæstv. fjmrh. orðið, þar sem beinni spurningu var til hans beint varðandi efni málsins, en tek fram að þess er vænst að þeir haldi sig nokkurn veginn við svar, ella komist þeir síðar að í efnisumr. málsins.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen gerði að umtalsefni úthlutun bóta til láglaunafólks og bar fram fsp. í því sambandi. Eins og kunnugt er fór fram úthlutun bóta til lágtekjumanna í desembermánuði s. l. Þar var um að ræða eins konar neikvæðan tekjuskatt, sem greiddur var út eftir ákveðinni reiknireglu, sem sett hafði verið fyrir fram. Þrátt fyrir mjög mikla undirbúningsvinnu, sem viðhöfð var af nefndinni sem undirbjó málið, og þrátt fyrir mjög ítarleg samráð við fulltrúa launþegahreyfingarinnar var hins vegar ljóst, eftir að úthlutun hafði farið fram, að reglurnar voru á ýmsan hátt gallaðar. Einnig reyndist það miklu meiri ágalli en menn höfðu gert sér grein fyrir í upphafi, að bætur voru reiknaðar út frá skattframtölum liðins árs, en því miður eru ekki neinar aðrar tiltækar upplýsingar fyrir hendi við ákvörðun bóta af þessu tagi en einmitt þær upplýsingar sem eru á skattframtölum. En hvað um það, þessar upplýsingar skattframtalanna eru gallaðar og í raun og veru miklu hæpnari grundvöllur greiðslna úr ríkissjóði en menn gerðu sér grein fyrir þegar ákvörðun um það var tekin.

Ég ætla ekki hér að fjölyrða um ágalla þessarar úthlutunaraðferðar. Ég held að óumdeilt sé að þeir reyndust býsna margir. Það er verið að endurskoða úthlutun þá sem átti sér stað í desembermánuði s. l. Þegar þeirri endurskoðun er lokið gefst betra tækifæri til að taka þessi mál hér til umr. En í kjölfar þeirrar endurskoðunar er gert ráð fyrir að úthlutun sú, sem fram fór í desember, verði endurbætt á þann hátt að allmargar greiðslur verði sendar út til viðbótar þeim sem sendar voru út í desembermánuði.

Einnig er að sjálfsögðu í athugun hvernig skynsamlegast sé að haga greiðslum af þessu tagi síðar á árinu, en athugun á því er heldur ekki lokið og því ekki tímabært að taka málið til efnislegrar umr. að svo stöddu. Ég vænti þess hins vegar, að innan skamms verði það kleift.

Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvort lagagrundvöllur væri fyrir hendi til greiðslu láglaunabóta – eða til þessa neikvæða tekjuskatts eða hvað helst á að kalla greiðslur af þessu tagi – og vitnaði til þess að hann hefði spurst fyrir um þetta með bréfi til fjmrn. í seinustu viku og svo hefði hann aftur nú nýverið átt hlut að því í fjh.- og viðskn., þ. e. í gær eða í morgun, að prófessor Sigurði Líndal var send beiðni um lagatúlkun í þessu máli. Eg vil staðfesta það sem fram kom í máli hv. þm., að vegna fsp. frá honum og Sighvati Björgvinssyni s. l. föstudag:

„Sem svar við fsp. yðar, sem fram kom á fundi fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis í gær, vill rn. taka eftirfarandi fram:

Rn. telur enga lagalega fyrirstöðu á því að greiða bætur til láglaunafólks á grundvelli þeirra heimilda sem fjárlagafrv. fyrir árið 1983 veitir. Rn. minnir á að mörg dæmi eru þess, að Alþingi hafi veitt framkvæmdavaldinu svipaðar heimildir, og tilgreinir þar sérstaklega liðinn „Niðurgreiðslur á vöruverði", sbr. lið 12 201 í 4. gr. fjárl. fyrir árið 1983."

Eins og fram kom hjá hv. þm., þá var ákveðið í tengslum við setningu brbl. að greiða 175 millj. til fólks án þess að getið væri um það á því stigi með hvaða hætti það væri gert. Í brbl. var því heimild til greiðslu í desembermánuði. Sú greiðsla nam um 50 millj. kr. eins og flestum mun kunnugt. Viðbótarheimildin var síðan sett í fjárlagafrv. og síðan afgreidd í fjárlögunum sjálfum, að upphæð 130 millj., sem að vísu eru merktar efnahagsráðstöfunum, en á allra vitorði var að einmitt þessi sama upphæð var ætluð í þessu skyni, til útgreiðslu úr ríkissjóði til fólks sem talið væri að hefði sérstaka þörf fyrir stuðning frá ríkinu á þeim erfiðleikatímum sem nú ganga yfir.

Ég viðurkenni að eðlilegra hefði verið að í fjárlagafrv. hefði þessi fjárlagaliður heitið Greiðslur til láglaunafólks eða Greiðslur á neikvæðum tekjuskatti eða einhverju slíku nafni. En það varð nú ekki. Hann var nefndur allt öðru nafni. Hann var nefndur Efnahagsráðstafanir og vissu þó allir að hverju var stefnt í þessu sambandi. Ég hygg nú að mörg dæmi séu um það að fjárlagaliðir séu ekki nánar eða betur tilgreindir heldur en á sér stað í þessu tilviki, eins og raunar er vitnað til í bréfi rn., þar sem á það er bent að einn fjárlagaliður er gjarnan nefndur Niðurgreiðslur, en það fer síðan eftir nánari ákvörðun ríkisstj. með hvaða hætti þessar niðurgreiðslur eiga sér stað, hvaða vörutegundir eru þar valdar og með hvaða hætti þessu fé er komið til neytenda. Það geta verið margar leiðir sem koma til greina og það er ævinlega ákvörðun ríkisstj. hverju sinni hvaða leið hún velur.

Auk þess eru býsna mörg fordæmi fyrir því að greiðslur til almennings í formi niðurgreiðslna hafi verið ákveðnar með aukafjárveitingu. Hygg ég að það hafi verið gert flest ár.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa hlið málsins. Það er skoðun okkar í fjmrn. að fjárlagaheimildin sé sú heimild sem þörf er á í þessu sambandi. Við teljum enga lagalega fyrirstöðu á því að greiða bætur á þeim grundvelli sem fyrir liggur. Aftur á móti er fsp. sem send hefur verið til prófessor Sigurðar Líndals allt annars eðlis, og er satt að segja svo einkennilega orðuð af jafn ágætum og gáfuðum nefndarmönnum sem þar áttu í hlut, að mig undrar stórum. Þar er ekki spurt að því hvort einhver lagaleg fyrirstaða sé á því að bætur verði greiddar á grundvelli fjárlagaheimilda, heldur er spurt að því hvort næg lagafyrirmæli séu fyrir hendi til greiðslu á bótum af þessu tagi. Sem sagt, fyrirspyrjendur vita alveg fyrir fram að þeir fá neikvætt svar. Þeir haga orðalagi bréfsins beinlínis með það fyrir augum að svarið verði neikvætt. Ég er út af fyrir sig ekkert að gagnrýna það að menn hagi orðalagi bréfa á þann veg sem þeim sýnist, en svarið kemur ekki til með að segja neitt sem skiptir máli í þessu sambandi. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er það sem ég hef nú þegar rætt, að það virðist ekki vera nein lagaleg fyrirstaða á því að bætur séu greiddar með þessum hætti. En það er hins vegar alveg ljóst, og við þurfum ekki að spyrja Sigurð Líndal um það, að það eru engin lagaleg fyrirmæli um það að greiða skuli þessar bætur. Mér dettur ekki í hug að halda að nm. í fjh.- og viðskn. hafi látið sér til hugar koma að slík lagafyrirmæli væru fyrir hendi. Þeir þekkja alveg nægilega vel bæði fjárlagaheimildir og fyrirmæli fjárlaga og einnig þau lög, sem hér koma til greina, til þess að þurfa ekki að leita ráða hjá Sigurði Líndal um það, hvort slík lagafyrirmæli séu einhvers staðar fyrir hendi. Þetta vita þeir og þurfa ekki að spyrja að því. Það er í raun og veru alveg óskyld spurning, sem ekki kemur þessu máli neitt við, hvernig sem svarið verður. Og þar sem það getur að sjálfsögðu ekki verið nema á einn veg, þ. e. neitandi, þá virðist það nú ekki skipta neinu máli í þessu sambandi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það var ljóst þegar 21. ágúst á s. l. ári, þegar þau brbl. sem nú eru hugsanlega að koma til endanlegrar atkvgr. í þessari hv. deild voru sett, að vafi lék á hvort þau nytu meiri hl. í annarri deild þingsins, þ. e. þessari, þar sem þau nú eru til 2. umr. Þetta vekur auðvitað spurningar um hvað heimildir til útgáfu brbl., sem kunna að hafa verið eðlilegar fyrir öld eða rúmlega það þegar þau ákvæði voru sett, eru hæpin ákvæði á árinu 1983. En allt um það. Ljóst er samkv. þjóðskipan landsins að þessi ákvæði eru til staðar og þessi ákvæði nýtti sér núv. hæstv. ríkisstj.

Vitaskuld verður að ætla það siðferðisskyldu ríkisstj., þó svo slík ákvæði sé hvergi að finna í lögum eða stjórnarskrá, að þegar hún beitir ákvæði eins og þessu hafi hún einhverja lágmarkstryggingu fyrir því að lögin, sem út eru gefin, njóti meiri hl. þar sem krafist er raunar öflugri meiri hl., þ. e. 32 hv. þm. af 60 í þessu húsi. Það mun reyna á það, sennilega seinna í dag, hvort slíkur meiri hl. er til staðar.

Það er auðvitað ljóst að allmargir hv. þm. eru brbl. andvígir og m. a. sá sem hér stendur. Hann hefur frá öndverðu verið andvígur þessum lögum og þá þeirri meginhugsun þeirra að gripið skuli inn í kjarasamninga með þeim hætti sem gert var í framhaldi af þessum lögum hinn 1. des. s. l., enda er það alveg margsannað í íslenskri hagsögu undanfarinna ára að þessi leið dugir skammt. Hún dugir ekki og hún undirstrikar það botnlausa ábyrgðarleysi í allri samningsgerð í þjóðfélaginu sem er orðið hér meiri háttar vandamál.

Við vitum að á árinu 1983 eru heimildir til útgáfu brbl. gamaldags og úr sér gengnar. Við vitum þess utan, að eins og þessi mál eru í pottinn búin gerist það, og ríkisstj. getur með hegðan sinni orsakað það, að lögin taka í raun gildi 1. des. þó svo umfjöllun um þau hafi ekki farið fram á Alþingi. Menn eru þannig að greiða atkv. um lög, hver þegar hafa verið framkvæmd.

Samt er það svo, að hæstv. ríkisstj. hefur haft ástæðu til að ætla að hún nýti stuðnings hluta af stjórnarandstöðunni við þessa lagasetningu. Hæstv. ríkisstj. hefur aldrei getað reiknað með þeim sem hér stendur í þeim efnum. Sú afstaða hans hefur verið ljós alveg frá upphafi og er auðvitað svo enn. En ég vísa í blaðaviðtal t. d., sem flutt var og birt í Morgunblaðinu miðvikudaginn 10. nóv. 1982, þar sem til að mynda hv. þm. Magnús H. Magnússon var spurður um afstöðu sína og síns flokks til þessara brbl. Ég vísa, með leyfi forseta, í þetta blaðaviðtal um afstöðu til laganna:

„Það þori ég nú ekki að segja. Við þurfum náttúrlega ekki að fara í eina sæng með þeim til þess að hjakka þessum brýnustu málum í gegn. Það er nóg að veita hlutleysi á mjög takmörkuðu sviði til þess. Það má náttúrlega segja að það hjálpi þeim til þess að stjórna þessa mánuði — til þess að skrölta áfram."

Ég verð að segja að mér er fullkunnugt um að þetta eru ummæli sem féllu ekki af neinni tilviljun. Umræður um þetta höfðu farið fram og þessar skoðanir höfðu heyrst. Hvert sambandið var við núv. hæstv. ríkisstj. hef ég ekki hugmynd um. En ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. sé læs — ég geri ekki aðeins ráð fyrir því, mér er fullkunnugt um að svo er — og lesi væntanlega Morgunblaðið best allra blaða. Ég veit ekki hvort það var þetta eða eitthvað annað sem reiknað var með í þessum efnum. En því undirstrika ég þetta og rifja þetta upp, að auðvitað er átakanlegt að horfa á þetta stjórnkerfi, sem er úr sér gengið, horfa á það engjast vegna þessarar afgreiðslu þessa máls, segjandi eitt í dag og annað á morgun.

Enn er það svo, eftir því sem mér hefur skilist, að

allstór hópur, ef ekki meiri hluti hv. alþm., hefur ekki hugmynd um hvort þessi lög muni falla á jöfnum atkv. eða hvort einhver önnur leið verði farin. Þetta er ástandslýsing á hv. Alþingi á því herrans ári 1983.

Mér er ekki kunnugt um hvort þessi yfirlýsing frá 10. nóv. 1982 stendur enn þann dag í dag. Mér er ekki heldur kunnugt um hvað kynni að hafa breyst, ef hún stendur ekki. Og ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. er kunnugt um hvort eitthvað hefur breyst eða hefur ekki breyst í þessum efnum. Hæstv. forsrh., sem eðli málsins samkvæmt hefur áhuga á því að þessi lög komist í gegn, geri ég ráð fyrir, hefur ekki þurft að vaða í villu og svima t. d. um afstöðu þm., sem hér stendur, til þessa máls. En ég fæ ekki betur séð af þessari yfirlýsingu og mörgum öðrum yfirlýsingum, en svo hafi verið um þessa hnúta búið að eðlilegt sé að menn hafi vaðið í villu og svima um hver yrðu örlög þessara laga. Þetta er það sem þjóðinni hefur verið sagt. Þjóðinni er auðvitað fullkomlega ókunnugt um t. d. hvort sú yfirlýsing, sem hér hefur verið vitnað í, stendur eða stendur ekki.

Þetta er mikið alvörumál og ekki síst vegna þess að auðvitað hangir fleira á þessari spýtu en það eitt, hvort þessi lög falla eða falla ekki. Nokkrir hv. þm. eru af prinsipástæðum andvígir því að gripið sé inn í frjálsa samninga, það er auðvitað alveg ljóst. Hér er líka allstór hópur hv. þm., og hann er því miður sennilega stærri, sem er nákvæmlega sama hvort og hvernig millifært er þarna og alls staðar annars staðar, og það er líka ljóst. Að vísu hef ég ekki haft aðstæður til að fylgjast með nákvæmlega síðustu vikur hvað hér er að gerast, en mér sýnist að raunverulega sé verið að leika ljótan leik. Auðvitað veit þjóðin öll að ef þessi lög falla gæti það gerst, að teknar væru allt annars konar ákvarðanir, sem fylgi þegar í kjölfarið. Og hverjar eru þær? Þær eru að þing verði rofið hið fyrsta. Og hvað þýðir það? Það þýðir að úrlausnum í stjórnarskrár- og þar með kjördæmamálum verður slegið á frest og guð einn veit hvað lengi, kannske í fjögur ár. Þetta er vitaskuld einnig kjarni þessa máls.

En það sem hér er að gerast er að flokkakerfið, þetta gamla flokkakerfi, er ekki aðeins gersamlega úrlausnalaust í efnahagsmálum og kann engar aðrar leiðir en að fitla við vísitölu viðmiðun launa á þriggja mánaða fresti, heldur er það líka þverklofið í kjördæmamálunum, hver og einn einasti flokkur af þeim gömlu. Það er óravegur milli skoðana hæstv. forseta þessarar deildar, Sverris Hermannssonar, annars vegar og hv. þm. Péturs Sigurðssonar í kjördæmamálum. Það er óravegur á milli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar annars vegar og hv. þm. Jóns Hannibalssonar hins vegar í kjördæmamálum. Svona má taka flokkakerfið upp og niður þvert og endilangt. Og vandinn er sá, að það sem gömlu flokkarnir vilja forðast er að sýna þjóðinni með hverjum hætti þetta hefur átt sér stað og á sér stað, að flokkakerfið er á flótta frá fólkinu. Leikurinn snýst fyrst og fremst um að menn ræða þessi lög og virðast ekki hafa hugmynd um hvort þau falla eða falla ekki. Menn leika sér að þingrofi og ákvörðun nýrra kosninga alveg gersamlega án tillits til hagsmuna þess fólks sem í landinu býr.

Kjarni málsins er einfaldlega sá, að flokkakerfið í landinu er að þessu leytinu til öndvert við hagsmuni fólks sem landið byggir, því að ef svo væri ekki mundu menn tala um það bæði af ábyrgð og hreinskilni hvað það hefði í för með sér, ekki bara efnahagslega heldur stjórnkerfislega, ef þessi lög féllu. Ætla menn að rjúfa þing í kvöld? Ætla menn að rjúfa þing á morgun?

Við lesum í fjölmiðlum boðskap frá skörungum Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Ég vísa í forsíðu Dagblaðsins í dag. Þar segir, með leyfi forseta: „Sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu á Alþingi hafa boðið stjórnarliðum að ganga til allsherjarsamkomulags“. — Og ég spyr, herra forseti: Um hvaða allsherjarsamkomulag er verið að tala? Ég á ekki þátt í því og telst ég þó vera 1/60 af þingliðinu. Þykjast þessir herramenn vera að gera eitthvert samkomulag fyrir hönd stjórnarandstöðunnar allrar? Ég veit t. d. ekki hvort hv. þm. Alþfl. eru hluti af því allsherjarsamkomulagi sem hér er verið að tala um. Ég veit ekki með hvaða rétti hv. þm. Ólafur G. Einarsson gengur fram fyrir skjöldu með þessum hætti. Og um hvað er verið að versla? Um hvað er verið að versla? (**Gripið fram í:** Fiskverð.) Ég sé að hv. þm. Albert Guðmundsson bendir á sig líka. Hann veit greinilega ekkert um þetta. En alla vega er talað um afgreiðslu þingmála og þingrof. Það er hvorki meira né minna. Allsherjarsamkomulag um þingrof! Í nafni hvers? Tvímenninganna sennilega. Kosningadag og samkomulag nýs þings. „Í slíku samkomulagi eru brbl. innifalin, nema brtt. sjútvrh. um ráðstöfun 100 millj. gengismunar af óseldum skreiðarbirgðum.“

Nú skyldi maður halda að þetta væri uppspuni blaðamannsins, en svo er ekki. Hér segir: „„Það er rétt, við höfum boðið þetta,“ sagði Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna. „En þeir hafa ekki sinnt þessu enn sem komið er.““

Nei, hugsa sér hvað ríkisstj. í landinu er ókurteis, hefur ekki sinnt þessu enn sem komið er!

Sannleikurinn er sá, að sé þessi útlagning rétt, að hér sé um að ræða eitthvert allsherjarsamkomulag, þá lýsi ég það sem helber ósannindi, þó ekki væri nema þegar af þeirri ástæðu að sá sem stendur hér á ekki þátt í samkomulagi af þessari tegund.

Af forsíðufréttinni í Dagblaðinu í dag má ráða að þeir eru að reyna að semja á bak við tjöldin, og enginn á um það að vita, um brbl. Og um hvað semja þeir? Kosningadag. Eru þeir að tala um kjördæmamál? Eru þeir að tala um hagsmuni fólksins? Nei, nei, bara um kosningadag. Og fyrir hverja? Fyrir sig. Þeir eru að tala um þingrof. Þingrof fyrir hverja? Fyrir fólkið í landinu? Nei, fyrir sig. (**Gripið fram í:** Þig?) Ég tilheyri ekki þessu flokkakerfi lengur og það er mikil breyting.

Það er þetta, herra forseti, sem er kjarni þessa máls. Formaður þingflokks Sjálfstfl. segir það og staðfestir í fjölmiðlum í dag, að hann hafi farið — ég veit ekki til hverra — og boðið upp á samkomulag, ég veit ekki í nafni hverra, en lýsir því sem allsherjarsamkomulagi. Það er rangt. Það er ekkert allsherjarsamkomulag gert. Sé um að ræða lausnir á kjördæmamálum og öðrum þáttum stjórnarskrárinnar, sem sá sem hér stendur teldi t. d. eðlilegt að kæmi í kjölfar þessarar umr., með hverjum hætti sem atkv. fara að öðru leyti hér í dag, þá er það auðvitað skylda Alþingis að sjá svo til að slíkt eigi sér stað. En þessir herramenn eru ekki að semja um það og ætla sér ekki að semja um það. Þeir eru að hugsa um hvernig óbreytt völd fjórflokkanna í landinu, sem að vísu æ fleiri einstaklingar hrekjast frá, verði tryggð óbreytt til skamms tíma.

Hér er verið að gera samsæri gegn þjóðinni í þessu

landi. Það er beinlínis óhugnanlegt að það skuli gerast með þessum hætti. Þegar Cicero, hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, hélt hér sína löngu og „elegant" ræðu áðan og skýru að öllu leyti, þá minntist hann ekki á afleiðingarnar af því ef þessi lög falla. Okkur getur greint á efnislega. Mér er alveg ljóst að þeir sem styðja stjórnina ætla að greiða þeim atkv. Ég ætla að greiða atkv. á móti þeim og fleiri. En það sem menn þurfa auðvitað að átta sig á er eftirleikurinn — og ekki eftirleikurinn aðeins efnahagslega, heldur eftirleikurinn stjórnarfars- og stjórnkerfislega, en það neita menn að ræða hér fyrir opnum tjöldum. Og af hverju er það? Af hverju er það ekki rætt, því að vitaskuld skiptir máli hvað það þýðir? Það skiptir máli stjórnarskrárlega, það skiptir máli að því er varðar jöfnun atkvæðisréttar og það skiptir máli að öllu leyti. En það er ekki rætt, heldur eru menn að hóta hver öðrum bak við tjöldin með þingrofi, svo vafasamur sem sá réttur vissulega er, þingrofsrétturinn, og með hverjum hætti því verði beitt.

Það vil ég segja, að að þessu leytinu til hef ég fyllstu samúð með hæstv. forsrh. Hann hefur marglýst því yfir að hans vilji stendur til þess að Alþingi hrökklist ekki frá með skít og skömm, eins og nú gæti staðið til að gerðist, fyrr en það hefur lokið við að afgreiða hin brýnustu mál, og þá verða stjórnarskrár- og kjördæmamálin fyrst og fremst. En upp gæti komið sú staða að í kjölfar þess að þessi lög falla yrði hæstv. forsrh. nauðbeygður til þess af flokkavaldinu, sem óttast umr. um kjördæmamálin, sem óttast aðrar umr. sem af því mundu leiða, að láta Alþingi hrökklast frá með þingrofi til að koma í veg fyrir breytingar og umr. Þetta er, hv. alþm., mjög alvarlegt mál ef það þróast með þessum hætti. Það er þetta sem er kjarni þessa máls.

Nú veit auðvitað enginn hvað gerist. Gerist það hér að þessi lög falla, sem allt lítur út fyrir að gerist, virðast ekki nema örfáir menn hafa um það hugmynd — ég fullyrði að allur þorri alþm. hefur ekki þá hugmynd — hver eftirleikurinn verður í kvöld eða á morgun. Það eina get ég þó fullyrt, að innan flokkanna fjögurra, þessa flokkakerfis, sem er að ganga sér til húðar, sem samsvarar ekki lengur þeim lífsskoðunum sem fólk hefur í þessu landi, stendur sameiginlega vilji til eins, og þó raunar svo margs, að láta afleiðingarnar verða með þeim hætti að engar breytingar verði gerðar á stjórnarskrá lýðveldisins, að aðstaða þeirra, völd þeirra, verði tryggð enn um sinn. Þetta, herra forseti, verðum við, sem reynum þó að hugsa svolítið lengra en um stofnanir þessa fjórhöfða kerfis, að reyna að koma í veg fyrir, sé það mögulega hægt. En flokkarnir hugsa auðvitað ekki svona. Vörnin fyrir hagsmunina er auðvitað ofar öllu öðru í þessu samfélagi.

Ég vil, herra forseti, enn rifja upp það sem ég vísaði til áðan. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ríkisstj. hafi reynt að fylgjast með hvernig mál þróuðust á hinum kanti þessa stjórnkerfis, þ. e. meðal þeirra sem í stjórnarandstöðu eru. Ég vísaði hér í ummæli sem féllu í viðtali við Morgunblaðið hinn 10. nóv. 1982. Ég er ekki að vísa í þessi ummæli vegna þess að ég finni að því að menn skipti um skoðun. Allir skynsamir menn hljóta að skipta um skoðun öðru hverju. Ég er að vísa í þessi ummæli vegna þess að afstaðan til þessara laga var þarna gerð að verslunarvöru. — Ég sé að hv. þm. er farinn úr salnum. Það mundi ég líka gera í hans sporum. — Í þessu viðtali var verið að lýsa því að afstaðan til þessara laga kynni að vera til sölu og kaups. Og því spyr ég núna, fjórum mánuðum seinna: Kynni að vera að eitthvað slíkt væri líka uppi á teningnum nú og ástæðan fyrir þessum sinnaskiptum, sem mér sýnist hér hafa átt sér stað, sé líka kaup og sala, en bara með öðrum hætti? Þetta, herra forseti, kynni að vera alvarlegt mál.

Auðvitað skipta annars vegar höfuðmáli efnisatriði málsins. Efnisatriði málsins eru þau, að fram fór helmingslækkun verðbóta á laun. Sú helmingslækkun tók gildi 1. des. Þeim aðferðum hlýt ég að vera andvígur og af þeim ástæðum greiði ég atkv. gegn þessum lögum, þó svo mér sé ljóst að allur aðdragandi þeirra og allur aðdragandi þessa máls er auðvitað hjákátlegur, að vera að greiða atkv. um lög mörgum mánuðum eftir að þau hafa raunverulega tekið gildi. Engu að síður er það prinsipafstaða að samningar skuli vera frjálsir og án inngripa ríkisvalds, þ. e. sömu ástæður t. d. og ollu því að ég var andvígur inngripum ríkisstjórnar hv. þm. Geirs Hallgrímssonar á sínum tíma í samninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, svo að nokkuð sé nefnt. Þessi prinsipafstaða ræður því að þessi lög er ekki hægt að styðja.

Annað atriði þessara laga var það, að láglaunabætur sem námu 50 millj. kr. voru greiddar út í des. Við vitum náttúrlega af dapurri reynslu að þær útborganir mistókust meira og minna, lentu allt annars staðar en þeim var ætlað o. s. frv. Þetta er auðvitað búið og gert, en engu að síður vitlaus aðferð. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) Olíusjóður er allt annað mál, hv. þm. Olíusjóður er allt annað mál og kemur þessu máli ekkert við. (**Forseti:** Ég þykist vita að hv. ræðumaður eigi langt eftir af máli sínu og vildi þess vegna fara fram á það við hann að hann frestaði ræðu sinni við fyrstu hentugleika.) Ég skal bara fresta henni núna. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Í ræðu minni hér fyrr í dag var ég í raun og veru aðeins að endurtaka röksemdir, sem hér hafa margoft verið fluttar mánuðum og árum saman, andstöðu við það inngrip í frjálsa samninga sem 1. gr. þessa frv. gerði og gerir ráð fyrir. En um leið var ég að lýsa bæði áhyggjum mínum og ábyrgð á hendur fjórflokkakerfinu hér á hinu háa Alþingi og í landinu vegna þess ábyrgðarleysis, sem gætir í meðferð þessa frv., með því að engin umr. hefur farið um það hvað við taki í stjórnkerfislegu og stjórnarfarslegu tilliti.

Mér sýnist að þingrofshótanir svífi hér um sali. Ég endurtek þær fullyrðingar mínar frá því fyrr í dag, að ástæðan fyrir þessu kemur auðvitað ekkert efni þessa máls við, heldur er það staðreynd, sem þjóðin verður að fá um að vita og mun fá um að vita, að fjórflokkarnir hafa ekki komið sér saman í kjördæmamálinu. Allar upplýsingar um það með hverjum hætti það mál gengur fyrir sig sýna flokkakerfi sem er klofið niður í rót.

Ef þessir sömu fjórflokkar ætla sér að nota þetta mál til þess í raun og veru að sprengja stjórnarfarið hér í loft upp, í kjölfar þess að þessi lög kunni að falla, þá er það þyngri ábyrgð en stjórnmálaflokkarnir fjórir fá risið undir.

Af þessum ástæðum vildi ég í þessari umr. fá svör við því frá hæstv. forsrh. eða öðrum talsmanni hæstv. ríkisstj., hvað menn, í kjölfar þess að þessi lög hafa fallið, hyggist fyrir í stjórnarfarslegum efnum. Ég tel

skylt að þjóðin fái um það að vita, því að ef að jafn alvarlegum þætti stjórnkerfisins sem þingrof auðvitað er, að ekki sé talað um við aðstæður eins og þær sem nú eru, ef til þess kann að koma innan ekki margra klukkustunda, sem vel getur verið, þá verða menn auðvitað að fá til þess tækifæri og hafa til þess aðstöðu að vega það og meta í heild sinni. Það breytir að ég hygg engu um afstöðu mína eða annarra til frv. efnislega.

En kjarni málsins er þessi, að rök með slíkri gerð, ef hún stendur fyrir dyrum, verða að heyrast og þar með einnig rökin á móti, því að öðrum kosti er hér um að ræða samsæri flokkakerfisins í landinu, allra flokkanna fjögurra. Og af hvaða ástæðum? Vegna þess að kerfið kemur sér ekki saman. Það á ekki við eingöngu um efnahagsmálin, heldur miklu frekar um kjördæmamálið. Þetta er slíkur kjarni málsins, að á svig við hann má ekki ganga í þessari umr.

Af þeirri ástæðu er hæstv. forsrh. eða annar talsmaður hæstv. ríkisstj. spurður hér og nú: Hvað mun fall þessara laga, sem hugsanlega er ljóst að muni falla, hafa í för með sér á næstu klukkustundum eða dögum í stjórnarfarslegum efnum? Þetta er auðvitað aðalatriði málsins og það ber að ræða samtímis því sem verið er að ræða örlög þessa máls. Ég ítreka þessa spurningu til hæstv. forsrh.

Í annan stað vil ég leggja þá spurningu fyrir hv. formann þingflokks Sjálfstfl., Ólaf G. Einarsson, eða annan talsmann Sjálfstfl., ef hann er ekki viðlátinn þessa stundina, hvað þau ummæli á forsíðu Dagblaðsins í dag tákni að boðið hafi verið upp á allsherjarsamkomulag, eins og það er orðað, um afgreiðslu þingmála, þingrof og kosningadag, sem og samkomudag nýs þings. Þetta er staðfest í blaðinu í dag og haft beint eftir hv. þm. Ólafi G. Einarssyni.

Í fyrsta lagi er þetta rangt. Hér er ekki um allsherjarsamkomulag að ræða, þó ekki væri nema af þeirri ástæðu, að sá sem hér stendur er ekki aðili að því. Mér er ekki kunnugt um að hv. þm. Alþfl. séu heldur aðilar að slíku tilboði. En ég vildi fá upplýsingar um hvort svo er. Því spyr ég: Hvað er hér á seyði? Hvers konar samninga er verið að gera á bak við fólkið í landinu?

Vitaskuld hefur fólkið í landinu áhuga á örlögum þessa frv., sem flestir eru eflaust á móti. En það hefur líka áhuga á öðru. Það hefur áhuga á því hvort Alþingi gegnir skyldum sínum. Það hefur áhuga á því að fá að vita hvort og þá hvernig stjórnarskrá eða kjördæmaþáttur hennar einn verður afgreiddur. Þessi þjóð á ekki skilið það samsæri gegn henni sem hér er hugsanlega verið að framkvæma af flokkakerfi þverklofnu upp og niður.

Ég vil ítrekað spyrja hv. talsmann Sjálfstfl., í tilefni af þessum ummælum í dag, um hvaða allsherjarsamkomulag sé hér verið að tala og í hvaða umboði þessir menn hafi farið til ríkisstj., sem skýrt var frá í dag, og boðið upp á eitthvert allsherjarsamkomulag. Í hvaða umboði hafa þeir gert það? Ég krefst þess, herra forseti, vegna þess að þessi ummæli eru höfð eftir hv. þm. stjórnarandstöðuarms Sjálfstfl., að þeir upplýsi í hverra umboði þeir buðu upp á slíkt allsherjarsamkomulag. Mér þætti einnig vænt um ef mín fyrri flokkssystkin vildu upplýsa hvort þau eru aðilar að þessu allsherjarsamkomulagi, sem ég satt að segja efast um. Og um hvað er þá verið að tala?

Ég nefndi það í þriðja lagi í framsögu minni, þeirri ræðu sem ég hélt hér í dag, að einn af hv. þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon, hefði lýst því í viðtali við Morgunblaðið hinn 10. nóv. s. l. að hann vildi semja við ríkisstj. að uppfylltum tilteknum skilyrðum um að þessi lög færu í gegn. Nú veit ég ekki hvort það var þetta viðtal eða önnur ummæli, sem að baki því kunna að hafa búið, sem orsökuðu það að aftur og aftur lýsti hæstv. forsrh. því yfir að hann gerði sér vonir um meiri hluta.

Það er undarlegur umsnúningur andans að mælast til þess að lög séu samþykkt eða þeim veitt brautargengi með hlutleysi, áður en þau komast til framkvæmda, en ætla síðan að fella þau eftir að þau hafa verið framkvæmd. Það væri út af fyrir sig fróðlegt bæði fyrir þingið og þjóðina að fá að heyra það frá talsmönnum Alþfl., hv. þm., hverju þessi umsnúningur sætir, því að mér er kunnugt um það, að þetta blaðaviðtal varð ekki til á mínútuupphlaupi eða fyrir tilviljanir. Við skulum hafa það alveg klárt að viðtalið varð ekki til með þeim hætti.

Upp á þetta var boðið 10. nóv. Það virðist ekki standa ennþá. Þjóðin á heimtingu á að fá að vita hvort staða málsins hafi um eitt skeið verið þannig, að hæstv. ríkisstj. hafi talið sig hafa meiri hl. fyrir brbl.

Ég endurtek það sem sagt var hér í dag, að því aðeins nefni ég þetta, að vitaskuld er það fyrir neðan allar hellur að mál eins og þetta gangi kaupum og sölum. Það er það sem er kjarni málsins. Og ég endurtek það, að að því er sjálfan mig varðar og allmarga hv. þm. aðra, þar á meðal allnokkra af mínum fyrri flokkssystkinum, þá hefur ekki verið um neina slíka sölustefnu að ræða.

Það var alveg ljóst frá upphafi að ekki stóð til að styðja þessi lög af prinsipástæðum. En ég fullyrði að það gildir ekki t. d. um alla mína fyrri flokksbræður. Ég vísa enn í þetta viðtal frá 10. nóv. og því spyr ég. Ég mundi ekki vera að rifja þessa leiðindasögu upp af öðrum ástæðum en þeim að ég fæ ekki betur séð en sömu hlutir séu að gerast núna, en með öfugum formerkjum.

Nú eigi nefnilega að hegða sér svo gagnvart þessum lögum, ekki vegna efnis málsins, enda væru þá orðnar breyttar niðurstöður, heldur vegna þess að flokkakerfið vilji koma í veg fyrir það að þjóðin — og flokkakerfið notast þá auðvitað við sína fjölmiðla og það fjölmiðlavald sem það hefur — fái að vita hve það sjálft er úrræðalaust í kjördæma- og stjórnarskrármálum. Þá er verið að leika svo ljótan leik að engu tali tekur. Þá er þessi stofnun að fremja óhæfuverk gagnvart fólkinu í landinu. Ef leikurinn er til þess eins gerður að fara framhjá efnisatriðum málsins og keyra þjóðina út í kosningar til þess að hún fái ekki um það að vita, að flokkakerfið er ekki aðeins ónýtt í efnahagsmálum, heldur í kjördæma- og stjórnarskrármálum. Og þess vegna væri hægt að fara yfir flokkakerfið þvert og endilangt. Ég fullyrði að það er eins mikill munur á milli hv. þm. Karvels Pálmasonar og Jóns Hannibalssonar í kjördæmamálum eins og á milli dags og nætur. Þetta er ekki sagt um þá sem einstaklinga, það er verið að lýsa stjórnmálaflokkunum. (**Gripið fram í:** Hvor er nóttin?) Þú ert nóttin. Það er verið að lýsa flokkakerfinu alveg eins og það leggur sig. Þetta á ekki við um þennan flokk sérstaklega, þetta á við um þá alla. Það er það sem er kjarni þessa máls. Áður en þessi lög koma til atkv., sennilega til þess að falla, ber að upplýsa þjóðina um þessi aðalatriði málsins.

Herra forseti. Ég hef varpað fram fsp. í fyrsta lagi til hæstv. forsrh. eða annars talsmanns ríkisstj. um þær fyrirætlanir sem uppi hljóta að vera í stjórnarfarslegum efnum að þessum lögum föllnum. Í öðru lagi – og þá gef ég mér þá forsendu sem ég auðvitað get þó ekki sagt um með vissu en tel þó að sé nokkuð borðliggjandi – í öðru lagi hef ég varpað fram fsp. til hv. þm. Ólafs Einarssonar eða annars talsmanns Sjálfstfl. um þá furðulegu frétt, sem er að finna á forsíðu Dagblaðsins í dag. Ég spyr einfaldlega: Í hvaða umboði er maðurinn að tala? Ég skýt því hér inn, að það er a. m. k. ekki í mínu umboði. Síðan í þriðja lagi hef ég spurt hv. þm. Alþfl., sem lýstu yfir um miðjan nóv. allt annars konar afstöðu, þá voru þeir tilbúnir að semja, með hverjum hætti þessi sinnaskipti hafi átt sér stað.

Ég segi svo í lok þessa máls míns, að ef það sem stendur til að gera er að rjúfa hér þing með snöggum hætti, í kjölfar þess að þessi lög eru fallin, og í fyrsta lagi auðvitað að hlaupast frá efnahagsmálum, í annan stað að hlaupast frá kjördæma- og stjórnarskrármálum, þar sem þetta flokkakerfi hefur a. m. k. undanfarin misseri reynst vera á hvorum vettvanginum um sig gersamlega óhæft, þá er engu að síður augljóst að það er gert af þeim ástæðum einum, að í þessari örvæntingarfullu stöðu halda þeir að með þeim hætti helst geti þeir teygt sig með bestum hætti. Það eru þá hagsmunir flokkanna, sem eru öndvert við hagsmuni fólksins í landinu. Ég vara alvarlega við því að slík óhæfuverk verði framin andspænis fólkinu í landinu, andspænis þeim málefnum sem um er að tefla bæði í efnahagsmálum og í stjórnarskrármálum.

Auðvitað vill maður ekki trúa því, að það sé þetta ábyrgðarleysi, þessir samtvinnuðu og sameiginlegu hagsmunir flokkanna fjögurra, sem meginmáli skipti í þessum efnum. Ég óska, herra forseti, mjög eftir því, að þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram verði svarað áður en þessi lög koma til endanlegrar afgreiðslu.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég skal ekki verða til að lengja þessa umr. um frv. til l. um efnahagsaðgerðir, enda lýsti formaður þingflokks Alþfl. því yfir hér á föstudag, þegar þetta mál var til umfjöllunar, að við mundum ekkert gera, Alþfl.-menn, til að tefja afgreiðslu þessa máls. Ég kem hér upp í ræðustól að gefnu tilefni til að beina einni ákveðinni spurningu til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar.

Ég ætla ekki að ræða efnislega um frv. sjálft, en ég tel að það sé rétt að fram komi afstaða Guðmundar J. Guðmundssonar miðað við hans fyrri yfirlýsingar varðandi þetta frv. Fyrri yfirlýsingar hans frá því fyrir áramótin, sem hægt er að vitna til í fjölmiðlum, voru á þá leið að það væri ýmislegt sem þyrfti að koma fram hér á Alþingi og fást samþykkt ef hann ætti að greiða þessu frv. atkv. sitt. Hér höfum við á borðum okkar nál., sem m. a. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skrifar undir. Ekki er að finna í því nál. að hann hafi neinn fyrirvara á sinni afgreiðslu varðandi það mál sem ég sérstaklega vil gera hér að umtalsefni.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson talaði um það fyrr í vetur í fjölmiðlum, að það væri ýmislegt sem þyrfti að koma fram í sambandi við þessi brbl. Þar átti hv. þm. við m. a. frv. um orlof, sem nú hefur orðið að lögum, og eins minntist hv. þm. á lánskjaravísitöluna, þ. e. samræmingu kaupgjaldsvísitölu og lánskjaravísitölu, þannig að greiðslubyrði lána hækkaði ekki meira en sem nemur hækkun launa. Ég vil með leyfi forseta vitna hér í ummæli Guðmundar J. Guðmundssonar, sem komu fram í Þjóðviljanum. Fyrirsögnin er á þessa leið:

„Mun Guðmundur J. Guðmundsson styðja brbl." Síðan er haft eftir honum orðrétt, með leyfi forseta: „Ég set því það að skilyrði, að verði það meginatriði ekki virt, að meiri byrðar verði lagðar á aðra en láglaunafólk, mun ég standa fastur á því að greiða atkv. gegn brbl. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna það og ég geri það að stóru máli, að lánskjaravísitala verði látin fylgja kaupinu, þannig að verkafólk geti staðið undir þeim dýru lánum sem það neyðist nú til þess að taka."

Það þarf ekki að orðlengja það, að það skiptir mjög verulegu máli fyrir launafólk, og húsbyggjendur kannske sérstaklega, að þetta mál verði leiðrétt. Fyrir Alþingi liggur nú frv. um þetta mál, sem var lagt hér fram í októbermánuði og hefur legið lengi fyrir fjh.- og viðskn. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á sæti í fjh.- og viðskn. Það hefðu því átt að vera hæg heimatökin fyrir Guðmund J. Guðmundsson að spyrjast fyrir um þetta frv. í fjh.- og viðskn. um leið og fjh.- og viðskn. fjallaði um brbl. Þar sem ég hef leitað fyrir mér í því máli hef ég frétt það, að hann hafi ekki gert tilraun til þess að fá málið afgreitt út úr nefnd. Það má vera að það sé rangt. Þá leiðréttir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson það hér á eftir. En ég vænti þess að hann svari minni spurningu.

Því er mín spurning til Guðmundar J. Guðmundssonar: Ætlar Guðmundur J. Guðmundsson að greiða atkv. með brbl. núna þegar þau koma til atkv. án þess að frv. varðandi lánskjaravísitöluna hafi verið samþykkt? Það er spurning um það, hvort Guðmundur J. Guðmundsson ætlar að standa við það sem hann hefur sagt í þessu máli hér áður.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 43. fundur.

Þriðjudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur utanrmn. til meðferðar tillögu sem snertir afstöðu Íslendinga til banns við veiðum á hvölum. Það hefur komið fram, m. a. í utanrmn. í gær, að hæstv. ríkisstj. mundi bíða eftir afstöðu Alþingis til þessa máls áður en hún tæki afstöðu. Utanrmn. hélt tvo fundi um málið í gær og var ákveðið að halda annan fund í dag og verja þessum þingdegi þannig, að Alþingi gæfi sér tíma til að móta afstöðu sína í þessu máli. Í því skyni hélt utanrmn. fund allan morguninn í gær og síðan fund frá kl. 6 til kl. 8 í gærkvöldi.

Í hádegisfréttum var hins vegar greint frá því, að hæstv. ríkisstj. hefði í morgun gert þá samþykkt að mótmæla hvalveiðibanninu. Þingflokkur Alþb. gerði þá samþykkt í gær að hann væri andvígur því að þessu

banni væri mótmælt og teldi nauðsynlegt að hv. Alþingi tæki afstöðu til málsins. Þess vegna hef ég kvatt mér hér hljóðs, herra forseti, ekki til að ræða efnisatriði málsins hér og nú, heldur til þess að óska eftir skýringum frá hæstv. sjútvrh., hvort sú yfirlýsing standi ekki enn, sem margsinnis hafði verið gefin, að áður en endanleg afstaða Íslands er tekin í þessu máli verði kannaður vilji Alþingis. Ég tel að sú yfirlýsing hafi verið gefin, hún hafi verið grundvöllur þeirrar vinnu sem hæstv. utanrmn. vann í málinu í gær og þeirrar vinnu sem hún ætlaði sér að vinna í málinu í dag. Þess vegna ber ég fram þá ósk hér til hæstv. sjútvrh., að hann endurtaki þá yfirlýsingu sína að hann muni bíða eftir afstöðu hv. Alþingis áður en frá íslenskum stjórnvöldum fer tilkynning um afstöðu Íslands í þessu máli. Þá óska ég þess, hæstv. forseti, að gefið verði fundarhlé á störfum Sþ. til þess að bæði þingflokkar og utanrmn. geti lokið umfjöllun sinni um málið og málið komi síðan til efnislegrar og formlegrar umr. og atkvgr. síðar í dag.

Ég tek það skýrt fram, að ég er ekki að hefja hér efnislega umr. um málið, heldur eingöngu að beina formlegri ósk til hæstv. sjútvrh., að hann lýsi því hér yfir að hann sé reiðubúinn að fara að þeirri niðurstöðu sem Alþingi kemst að í málinu, og í öðru lagi bið ég þess, hæstv. forseti, að skapað verði þinghlé til þess að utanrmn. geti lokið störfum sínum að málinu og þingflokkar um það fjallað og það verði síðan efnislega tekið á dagskrá síðar í dag.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á fundi ríkisstj. í morgun var hvalveiðimálið svonefnda tekið til ítarlegrar umr. Á grundvelli þeirrar umr. hef ég ákveðið að mótmæla samþykkt um hvalveiðibann. Eftir að hringt hefur verið í framkvæmdastjóra Alþjóðahvalveiðiráðsins er ljóst að í lagi er að þessi mótmæli berist í fyrramálið og þau verða ekki send fyrr. Ef hv. Alþingi óskar ekki að mótmæla mun ríkisstj. að sjálfsögðu taka það til meðferðar. Ekki er að efast um það. (**SvH:** Meðferðar? Mun fara eftir því.) Mun fara eftir því, já já, við skulum segja það. Ég held að það sé alveg ljóst. Hins vegar vil ég taka skýrt fram að ég stjórna hvorki störfum utanrmn. né Alþingis, en nauðsynlegt var fyrir ríkisstj. að taka sína afstöðu og það gerði hún í morgun.

Ég vil í þessu sambandi nefna það, að ýmsir hafa vakið á því athygli að það kann að vera dálítið vafasamt að hv. Alþingi álykti að hvalveiðibanni skuli verða mótmælt. Að sjálfsögðu er slík ákvörðun þyngri á metunum en ákvörðun ríkisstj. og má þá álykta sem svo, að ef talið verður eðlilegt síðar að draga mótmælin til baka, þá þyrfti að leggja það fyrir Alþingi að nýju. Ég nefni þetta því að mér finnst það vera atriði í málinu sem vert er að hafa í huga.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel rétt að fram komi hér vegna þessarar umr. utan dagskrár, að á ríkisstjórnarfundi í morgun túlkaði ég það viðhorf ásamt fleiri ráðh. Alþb. að ekki bæri að mótmæla ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins í sambandi við stöðvun hvalveiða og jafnframt að eðlilegt væri að málið fengi umræðu og afgreiðslu hér á hv. Alþingi áður en ríkisstj. eða sjútvrh., sem hefur hið formlega vald í þessu máli, tæki sína afstöðu, þar á meðal að um málið yrði fjallað í utanrmn. Það kom hins vegar fram, eins og hæstv. sjútvrh. hefur greint hér frá, að hann taldi nauðsynlegt að afstaða hans til málsins kæmi fram, því að ákvörðunarvaldið í þessu máli væri í hans höndum, og hann mun að sjálfsögðu standa fyrir því sem slíkur. Ég ætla hér ekki að fara að gera efnislega grein fyrir minni afstöðu til málsins, enda ekki óskað eftir því af þeim sem hér hóf máls á þessu, en mun gera grein fyrir atkv. mínu þegar og ef málið kemur hér til afgreiðslu í þinginu, þ. e. sú þáltill. sem hér liggur fyrir hv. sameinuðu þingi.

Forseti (Jón Helgason): Það hefur komið fram beiðni um frestun á fundum nú og mun ég verða við því. Í sambandi við framhald þessa máls, þá gat ég ekki tekið þá þáltill. sem rætt var um á dagskrá fyrr en nál. lá fyrir frá utanrmn., en mun vitanlega taka það til athugunar ef fram kemur nál. síðar í dag. – [Fundarhlé.]

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna verðhækkana á raforku, sem dunið hafa yfir landsmenn.

Í Þjóðviljanum 28. jan. er þess getið að 29% verðhækkun sé væntanleg hjá Landsvirkjun 1. febr. Það er látið að því liggja að þessi verðhækkun sé ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar einnar. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Stjórn Landsvirkjunar fer með allt ákvörðunarvald í þessum efnum samkv. núgildandi lögum og þarf ekki að leita samþykkis hjá gjaldskrárnefnd, Verðlagsstofnun eða ríkisstj."

Í Dagblaðinu, 22. tölublaði, er viðtal við hæstv. ráðh., þar sem orðrétt er haft eftir honum, með leyfi forseta:

„Með þessari síðustu hækkun Landsvirkjunar hefur raforkuverð hækkað um 800% á þremur árum, á sama tíma og verðlag hefur hækkað um 275% miðað við byggingarvísitölu."

Það fer ekki milli mála að Landsvirkjun hefur með sínum hækkunum slegið öllum opinberum stofnunum við. Það hlýtur að vera ærið umhugsunarefni hjá hæstv. seðlabankastjóra, þegar hann næst tekur sig til og semur ræðu á hátíðis- eða tyllidögum og kemur á framfæri sínum boðskap, að ríkisstj. hafi brugðist í efnahagsmálum, að víkja örfáum orðum að stjórnarformönnum í ríkisstofnunum sem fara í fylkingarbrjósti í verðhækkunum í landinu. Ég tel að það hljóti að vera fyrsta spurning hins óbreytta: Hvaða fjárfestingarmistök hafa átt sér stað hjá Landsvirkjun á undanförnum árum sem gera það að nauðsyn að hún fái 800% verðhækkun á sama tíma og byggingarvísitala hefur hækkað um 275%.

Í þeim blaðaviðtölum, sem ég hef lesið hér, hefur ráðh. nánast þvegið hendur sínar af allri ábyrgð á þessum hækkunum, sem hér er minnst á. Þetta er þó málaflokkur sem undir hann heyrir og einnig hlýtur það að vera eðlilegt, ef ráðh. telur sig ekki hafa völd til afskipta á þessu sviði, að hann leiti eftir lagabreytingum, hafi frumkvæði um að leggja það til sem tryggi að eðlilegt aðhald geti átt sér stað á þessu sviði. Ég vitna í ræðu, sem hann flytur á SÍR-þingi nú í haust. Þar spyr hann, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi er vert að hafa í huga lög um

Landsvirkjun, þar sem segir m. a. í 11. gr.:

„Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.““

Vissulega má um það deila samkv. orðanna hljóðan, hvort þetta eigi aðeins að gilda þann dag sem ráðh. tekur ákvörðunina, svo sé allt í lagi að halda áfram með verðhækkanir, ef hann er fallinn frá og aðrir menn teknir við. Ef svo er er lagatextinn meingallaður og eðlilegt að lagðar verði til breytingar á þessum lagatexta hið bráðasta.

Ég vil vekja á því athygli, að 11. gr. í landsvirkjunarlögunum er af þeim sem sömdu lögin örugglega hugsuð á þann veg, að hún eigi að tryggja rétt almennings í þessu landi til að fá raforku á sannvirði. Ég vil lesa nú upphaf þessarar greinar, með leyfi forseta, til að varpa ljósi á hver er höfuðtilgangur greinarinnar:

„Stjórn Landsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku. — Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við Rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver, innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“

Þarna er aftur komið að niðurlagsorðum greinarinnar, þeim orðum sem hæstv. ráðh. vitnaði til í sinni ræðu. Ég tel að orðalag þessarar greinar hefði þurft að vera miklu ákveðnara. Það hefði þurft að standa hér skýrum stöfum að óheimilt væri með öllu að velta yfir á almenning í landinu afleiðingum af röngum orkusölusamningum. En hægjum örlítið á því að meta hvað lög leyfa í þessum efnum og hvert raunverulegt vald hæstv. ráðh. er í reynd.

Hæstv. ráðh. hefur gengið frá samningi fyrir hönd ríkisstj. milli Íslands og Laxárvirkjunar um yfirtöku á byggðalínum o. fl. Í þessum samningi er verið að afhenda bestu virkjunarkosti þessa lands fyrirtæki sem hefur að dómi ráðh. lítið eigið fé. Það hefði verið eðlilegt undir þeim kringumstæðum að það væri gengið frá í fyrsta lagi aukinni aðild ríkisins að þessu fyrirtæki. Það getur ekki verið eðlilega staðið að verki að stór bæjarfélög á Íslandi skuli vera helmingseigendur á móti íslenska ríkinu í virkjun sem er landsvirkjun fyrir landið allt. Það hlýtur að vera mjög óeðlilegt að um leið og virkjunarrétturinn var afhentur skyldi ekki vera gengið frá aukinni eignaraðild íslenska ríkisins. En hitt er þó ennþá undarlegra, að eftir að hæstv. ráðh. er búinn að vera vitni að þeirri gífurlegu verðhækkunarskriðu, sem orðið hefur á raforku í hans stjórnartíð, skuli hann ekkert gera í þessum samningi til að tryggja að raforkuverð til almennings í landinu markist ekki alfarið af því að Landsvirkjun geti samið um svo óhagstæða raforku til stórfyrirtækja að það sé eina nauðvörnin að velta því yfir á almenning.

Hitt vekur svo ekki síður spurningu, ef stefnan er að leggja skuli á skatta sem eigi að greiða með orkusölusamningunum, hvort réttlætanlegt sé að taka þá í gegnum raforkuna. Þá erum við komin að kjarnaatriði: Hverjir eru það sem greiða? Jú, það eru raforkukaupendurnir á Íslandi, segja menn. Það hlýtur að vera nokkuð jafnt. Svo er þó ekki í reynd.

Á hinum „heitu svæðum“ þessa lands, þar sem hitaveitur eru, má gera ráð fyrir að meðalheimili noti 3–4 þús. kwst. á ári, en á heimili úti á landi, þar sem menn kaupa raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis, nota menn raforku sem er að magni til 37–38 þús. kwst. á ári. Hvernig haldið þið að svona skattheimta komi þá út? Það er verið með þessu móti að standa þannig að verki að hin „köldu svæði“ Íslands eru að borga stórkostlegan skatt með stóriðjunni í landinu. Stórkostlegan skatt. Í orði kveðnu er verið að tala um að það sé verið að greiða niður raforku til húsaupphitunar og það sé jöfnunargjald á raforku, en í framkvæmd kemur þetta þannig út með þessari gífurlegu verðhækkun á raforku að það er verið að skattleggja þessi svæði fyrir stóriðjuna í landinu.

Fyrir nokkrum árum var mörkuð sú stefna að Íslendingar skyldu draga úr olíukaupum og hætta að nota olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis og nota innlenda orkugjafa í staðinn. Ég hygg að hver einasti Íslendingur hafi fagnað þessari stefnu. En með 800% hækkun á heildsöluverði á raforku hefur þessi stefna snúist upp í martröð. Dreifbýlið, sem vonaði að það mundi fá raforku á sanngjörnu verði til upphitunar íbúðarhúsnæðis, situr í dag uppi með það, að í reynd er verið að skattleggja það í þágu stóriðjunnar.

Nú munu e. t. v. einhverjir spyrja: Nær það nokkurri átt að vera að hella úr skálum reiði sinnar yfir hæstv. iðnrh. í þessu máli? Eru það ekki bara lögin sem eru þess efnis að fram hjá þeim verði ekki gengið? En í *Þjóðviljanum 16. nóv. er vitnað í ræðu hæstv. iðnrh.* og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Um það var samkomulag milli stjórnvalda og Landsvirkjunar í apríl s. l. að í stað þess að fyrirtækið tæki þá stórt stökk í hækkunum gjaldskrár yrði slíkum hækkunum dreift á nokkur tímabil með það að markmiði að rekstrarhallinn í ár fengist bættur með tekjuauka á næsta ári (1983).“

Það er nefnilega, ef grannt er skoðað, um samkomulag að ræða milli hæstv. ríkisstj. og Landsvirkjunar um að velta þessum hækkunum yfir á þjóðina. Ég held að hverjum þeim sem les þetta hljóti að vera ljóst að það er um kattarþvott að ræða þegar allri ábyrgð er varpað á stjórn Landsvirkjunar í þessu máli. Hitt bið ég menn að hugleiða, hversu auðvelt það er að ætla að draga úr verðbólgunni í þessu landi meðan fyrirtæki á borð við Landsvirkjun leikur lausum hala í sínum verðlagsákvörðunum og hefur samþykkt 800% hækkun á raforku.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess að hæstv. iðnrh. geri grein fyrir því samkomulagi sem gert var í apríl um þessi efni.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv.

5. þm. Vestf. kemur hér upp utan dagskrár til að ræða mál sem er eflaust ekki áhyggjuefni hans eins. Ég tel að oft hafi verið hafin umræða utan dagskrár á Alþingi af minna tilefni en hann vekur hér máls á. Hann kom hér að mörgum þáttum í mjög stóru máli og stóru samhengi, sem gæti tekið alllangan tíma að fara yfir, ef ætti að gera því skil. Ég mun taka nokkurn tíma til að fara yfir helstu efnin í því sem hann vék hér að. Ég hlýt að vekja athygli hv. fyrirspyrjanda á því, að hann getur áreiðanlega átt kost á því að leggja lið í sambandi við úrbætur í þessum málum, þær stórfelldu hækkanir raforku sem yfir hafa gengið á liðnum misserum og úrlausnir í því efni.

Það kom fram í máli hv. þm. og er eftir mér haft í blöðum nýlega að gjaldskrá Landsvirkjunar hafi hækkað á s. l. þremur árum um nærfellt 800%, á sama tíma og vísitala byggingarkostnaðar hafi hækkað um 275%. Þetta er rétt, ef tekin er inn í til viðbótar þremur árum sú 29% verðhækkun sem ákveðin var af stjórn Landsvirkjunar á heildsöluverði raforku frá Landsvirkjun núna 1. febr., þ. e. ef við tökum það gjaldskrártímabil til viðbótar. En ef aðeins er litið til þriggja ára rammans, þá er þetta um 600% hækkun á móti 275% hækkun byggingarvísitölu, sem eru raunverulega hinar sambærilegu tölur í þessu samhengi.

Ég tel rétt að rekja hér til frekari skýringar, af því að prósentutölur segja kannske ekki alltaf alla söguna, hver hefur verið hækkunin á gjaldskrá Landsvirkjunar innan hvers árs á þessu tímabili: Árið 1980 90.7%, árið 1981 66.2% og árið 1982 119%. Ráðgerð hækkun á heildsöluverði raforku hjá Landsvirkjun, samkv. þeim áætlunum sem lagðar hafa verið fyrir rn. varðandi gjaldskrárbreytingar á þessu ári, þar sem 29% hækkunin er fyrsta skrefið, er 125.9%.

Menn hafa hér fyrir sér hækkunarferli sem veltir upp á sig. Þannig koma samreiknað tölur af því tagi, sem hér liggja fyrir, þ. e. nærfellt 600% hækkun á þriggja ára tímabili. Ef við bætist síðan hækkunin innan þessa árs, þá verður hækkunin framreiknuð 1 468% á fjórum árum. Þetta eru hækkanir miðað við þessi tvö ár, s. l. ár og yfirstandandi ár, miðað við þær verðbólguforsendur sem stjórn Landsvirkjunar gefur sér, um 50% verðbólgu. Það er nú ekki meira verðbólgustig sem Landsvirkjun leggur til grundvallar, þegar hún áætlar hartnær 126% hækkun á raforkuverði, þannig að hún hefur fyrirvara um að þessi hækkun gæti orðið meiri, miðað við þá fyrirætlan að tryggja hallalausan rekstur á árunum 1982 og 1983 samanlagt. Þetta er um tvöfalt meiri hækkun í prósentum heldur en verðhækkanir almennt innan viðkomandi ára.

Mál liggja þannig, að frá ársbyrjun 1982 hefur Landsvirkjun lögformlegt vald til þess, án atbeina stjórnvalda, að ákveða sína gjaldskrá. Um þau áramót féllu úr gildi lög nr. 94 frá 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, eins og þau hétu. Þar með gilda eingöngu ákvæði 11. gr. laga um Landsvirkjun varðandi ákvörðun gjaldskrár fyrirtækisins. Það eru engin ákvæði í lögum sem heimila stjórnvöldum inngrip í þá verðákvörðun. Hefur verið yfir það farið af hálfu lögfræðinga á vegum Landsvirkjunar svo og iðnrn., sem á þessi mál hafa litið, þannig að valdið er í höndum stjórnar Landsvirkjunar frá ársbyrjun 1982 að telja.

Það er vert að líta á hækkunina 1980, sem var nærfellt 90%. Ég tel mig muna það rétt, að árið áður, 1979, voru hækkanir til Landsvirkjunar innan við eða a. m. k. ekki verulega fram yfir almennar verðhækkanir. Veturinn 1979–1980 var sviptingasamt tímabil. Það var á seinni hluta ársins 1979, að mig minnir sem ekki voru heimilaðar teljandi hækkanir til Landsvirkjunar, sem aftur olli því að stjórnvöld töldu óhjákvæmilegt að leyfa meiri hækkanir en ella hefðu orðið á árinu 1980. Á árinu 1981 er verðhækkunin um 66%, en síðan, eftir að Landsvirkjun hafði heimild til ákvarðana um þessi efni, tvöfalt meiri en almennar verðhækkanir í landinu.

Hv. 5. þm. Vestf. vék að því að ríkisstj. hefði beint þeim tilmælum til Landsvirkjunar s. l. vor, að í stað þess að taka mjög stórt skref í verðhækkunum yrði leitast við að dreifa verðhækkunum á lengra tímabil. Þetta er alveg rétt. Um þetta var rætt af fulltrúum stjórnar Landsvirkjunar og ríkisstj. og um það hafði ég að sjálfsögðu forgöngu, að slík stefna yrði mörkuð, í stað þess að láta eina stóra verðhækkun skella á með þeim afleiðingum sem það hefði haft. Á þeim tíma voru einnig og hafa verið síðan uppi um það áform og að því unnið að fá fram breytingar á verðlagningu raforku til stóriðju í landinu, en það eru samningar þar að lútandi, eins og réttilega kom fram í máli hv. ræðumanns hér áðan, sem valda mestu um það að verðhækkanir á raforku til Landsvirkjunar eru svo gífurlegar, umfram það sem almennt hefur verið í sambandi við verðlagningu hér í landinu, og verður þó að segja að við getum ekki kallað allt ömmu okkar, ef litið er til liðinna ára.

En við skulum aðeins horfa á þær skýringar sem fram eru bornar í þessu máli. Hvernig stendur á þessum miklu hækkunum? Auðvitað ber að hafa í huga að Landsvirkjun hefur í sambandi við sínar miklu framkvæmdir tekið mikið af lánum. Framkvæmdir hennar hafa að yfirgnæfandi hluta verið fjármagnaðar með erlendum lánum, sem auðvitað taka breytingum með breytingum á gengi gjaldmiðla og gengisskráningu íslenskrar krónu. Heildarlán Landsvirkjunar í árslok 1982 voru, að því er ég hef fengið upplýsingar um frá fyrirtækinu, 341.3 millj. Bandaríkjadala, umreiknað í Bandaríkjadali. Af þessum lánum voru 65% í dollurum, í Bandaríkjadölum, af þessari stóru lánafúlgu.

Það segir sig sjálft, að fjármagnsbyrðin af þessum miklu lánum hefur farið hækkandi með háum vöxtum, ekki síst á dollurum, og koma hér inn í af verulegum þunga. Við skulum ekkert horfa fram hjá því. Hitt er þó enn meiri þáttur í þessu máli, orkusölusamningarnir um stóriðju, og þá fyrst og fremst orkusölusamningurinn við Íslenska álfélagið h. f., sem er svo óralangt frá því að standa undir kostnaði við framleiðslu raforku í landinu frá nýjum virkjunum, að hrikalegt er á að horfa. Við skulum bara líta á eina tölu í því sambandi. Hvað fáum við greitt núna í íslenskri mynt fyrir kwst. sem rennur til álversins í Straumsvík? Hvað fáum við fyrir þessi 6.45 eða 6.47 mill Bandaríkjadala, sem greitt er fyrir þetta? Það eru rétt rúmlega 12 aurar íslenskir, 12.1 eyrir miðað við gengisskráningu fyrir fáum dögum. En verðið til almenningsveitna er á sama tíma, eftir breytinguna 1. febr., 65.40 aurar, sem Landsvirkjun innheimtir af almenningsveitum í landinu. Hækkunin um 29%, sem stjórn Landsvirkjunar ákvað um daginn, nemur 14.7 aurum á kwst. eða um 2.5 aurum meira en samtals fæst fyrir sama orkumagn samkv. orkusölusamningnum við álverið í Straumsvík.

Hér er náttúrlega að finna meginskýringuna á þeim aðstæðum sem Landsvirkjun býr við. Þrátt fyrir allar þessar gjaldskrárhækkanir, þrátt fyrir nær 600% hækkun gjaldskrár á þremur árum var fyrirtækið rekið með nær 150 millj. kr. halla á s. l. ári. Og það er þessi halli sem stjórn fyrirtækisins hefur einsett sér að reyna að vinna upp. Ég tel það að sjálfsögðu eðlilegt markmið að þessi þýðingarmiklu undirstöðufyrirtæki í landinu séu rekin þannig, að þau séu ekki baggi á þjóðarbúinu. En það er ekki sama hvernig að þeirri tekjuöflun er staðið. Ég er alveg sammála hv. ræðumanni um það, að það er ekki sanngjarnt, það er þvert á móti mjög ósanngjarnt að skattleggja þurfi almenning í landinu til þess að greiða með raforku til erlendra auðfélaga, eins og nú gerist í ríkum mæli og það þannig, að mjög misjafnt kemur niður á fólkinu í landinu. Ég vænti þess að hv. þm. Ólafur Þórðarson og aðrir hv. alþm. verði ötulir stuðningsmenn þess að leiðrétta þetta dæmi, þegar til kasta Alþingis kemur von bráðar að taka á þessu máli til leiðréttingar.

Það er ekkert launungarmál og hefur komið fram, að nú þegar fyrirsjáanlegt er að Alusuisse ætlar ekki að koma neitt til móts við sanngirniskröfur okkar Íslendinga um leiðréttingu á þessum orkusölusamningi, sem hirðir nær helminginn af þeirri orku sem Landsvirkjun framleiðir, þá hef ég mótað um það tillögur, sem liggja fyrir hæstv. ríkisstj., að gripið verði til einhliða aðgerða af Íslands hálfu í nauðvörn til að leiðrétta þennan orkusölusamning með sanngjörnum hætti. Hv. þm. Ólafur Þórðarson verður vafalaust ötull talsmaður í sínum flokki fyrir því að við stígum slíkt skref, sem er algerlega óhjákvæmilegt að mínu mati að stigið verði, og þarf ekki öllu skýrari rök fyrir því en hann sjálfur rakti hér í sambandi við þá þróun sem orðið hefur á orkuverði og þann skatt sem íslenskur almenningur, mót því sem er lögfest í lögum um Landsvirkjun, mót anda þeirra laga verður nú að greiða til Íslenska álfélagsins, dótturfélags Alusuisse.

Ég vil jafnframt láta þess getið, að ég hef gert um það till. í ríkisstj. nú fyrir skemmstu að sett verði lög, sem kveði á um það að orkuveitufyrirtæki, þar með talin Landsvirkjun, falli ótvírætt undir verðlagseftirlit og ákvörðunarvald stjórnvalda, þannig að þau geti hlutast til um að ekki verði þarna áframhaldandi þróun af því tagi sem við höfum horft fram á, að unnt sé að hafa þar áhrif á af hálfu stjórnvalda. Því að það hlýtur að teljast óeðlilegt að veitufyrirtæki, hversu þýðingarmikil sem þau eru, og kannske alveg sérstaklega veitufyrirtæki sem mega flokkast undir einokunarfyrirtæki, sem standa ein fyrir því og er gert það lögskylt að afla raforku fyrir íslensku þjóðina, séu eftirlitslaus og ekki sé fylgst með verðlagningu þeirra á orku. Ég geri ráð fyrir því að þingflokkur Framsfl. fái að fjalla um það frv. nú alveg á næstunni. Ég hef óskað eftir því við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar, að þeir taki það mál einnig upp í sínum flokkum og kanni viðhorf til lögfestingar slíks verðlagseftirlits gagnvart orkuveitufyrirtækjum, eins og almennt gildir um þjónustufyrirtæki hins opinbera. Ég vænti þess, að um það verði samstaða að afgreiða slíkt frv. sem lög frá yfirstandandi þingi.

Ég segi þetta ekki vegna þess að ég telji það sjálfsagt mál að verðlagningu nauðsynlegra þjónustufyrirtækja sé haldið niðri án tillits til rekstraraðstæðna og þess sem almennt er að gerast í þjóðfélaginu, en þarna verður almannavaldið að hafa möguleika til að taka í taumana og hafa eftirlit og ákvörðunarvald, ef þörf þykir. Núv. ríkisstj. hefur haft áhuga á því að reyna að ná ákveðinni samvinnu við rekstraraðila veitufyrirtækja um það að þau geti breytt verðlagningu hjá sér innan tiltekinna marka án íhlutunar ríkisvaldsins eða stjórnvalda, þá eitthvað í takt við verðlagsbreytingar almennt, t. d. byggingarvísitölu. Um þetta var gerð samþykkt í ríkisstj. að mig minnir í ársbyrjun 1982. En þar með er ekki verið að afsala sér því valdi að geta gripið inn þar sem lög heimila, heldur var þarna um eins konar verklagsreglu að ræða.

Ég ætla hér ekki að fara að rekja það eða leita eftir skýringum á því, hvort og þá hvaða fjárfestingarmistök hugsanlega hafa átt sér stað í sambandi við framkvæmdir í raforkuiðnaði okkar á undanförnum árum, en að því vék hv. ræðumaður, Ólafur Þórðarson, hér áðan. Mætti þar vissulega margt um segja, ef grannt er skoðað, en ég ætla ekki að vera með neina áfellisdóma uppi um það, enda þarf að rökstyðja slíkt með skýrum hætti. Ég vek hins vegar athygli á þeim málflutningi sem við höfum heyrt hér á hv. Alþingi og lesið í víðlesnum blöðum í landinu, sem er að réttlæta gerðir fortíðarinnar, gersamlega að ástæðulausu að mínu mati, vegna þess að forsendur hafa vissulega gerbreyst frá því að gerður var orkusölusamningurinn við Alusuisse 1966, svo að menn þurfa ekki endilega að vera að láta samviskuna naga sig, eins og ýmsir hv. aðstandendur þess samnings þó virðast gera, þegar þeir eru að bera sí og æ í bætifláka fyrir þann gerning á sínum tíma.

Það atriði sem oftast er klifað á í þessum efnum er á þá leið að þetta hafi nú bara verið góður samningur, því að hann borgi upp kostnaðinn við Búrfellsvirkjun, línurnar frá Búrfelli til Faxaflóa og varaaflsstöðvar, ekki bara á 25 árum eins og áður hafði verið ráð fyrir gert, heldur á 19 árum. Og þeir leita í gögnum Landsvirkjunar til að finna þessum staðhæfingum sínum stað. Ég vil staðhæfa að jafnvel þótt þetta væri rétt, sem þarna er verið að halda fram, þá væru þetta ekki rök fyrir því að samningurinn um álverið í Straumsvík hafi verið góður samningur á sínum tíma eða réttlætanlegur. En við þetta bætist að hér er ekki rétt með farið. Þessar staðhæfingar eru ekki réttar. Þær fá ekki staðist þegar litið er á þessi mál og miðað við eðlilegar forsendur og horfur fram í tímann. Ég held að tiltölulega auðvelt sé að sýna fram á það, að orkusölusamningurinn við íslenska álverið borgi ekki upp þessa fjárfestingu á 19 árum, ekki einu sinni á 36 árum, jafnvel ekki á öllum samningstímanum, 45 árum, miðað við fast verðlag og eðlilega ávöxtunarkröfu. Ég ætla ekki að fara út í þetta hér talnalega, en ég tel að bornar hafi verið fram hrikalegar blekkingar í sambandi við þetta mál til þess að reyna að réttlæta þennan samning, sem öllu skiptir að sjálfsögðu að fá nú breytt fyrr en seinna.

Hv. ræðumaður benti á 11. gr. gildandi laga um Landsvirkjun frá 1965. Þar segir orðrétt, herra forseti: „Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið.“

Þetta er mjög athyglisvert lagaákvæði, sem þarna er á ferðinni. Þeir hæstv. ráðh. sem stóðu að þessari samn-

ingsgerð og undirrituðu samningana og breytingar á þessum samningum á sínum tíma hafa eflaust metið það svo, að þessu ákvæði væri fullnægt þá. Og ég er ekki að vefengja það. En ég tel að þetta ákvæði, sem þarna er í lögum, fái ekki lengur staðist dóm reynslunnar, því sé í raun ekki fullnægt, og það er sannarlega umhugsunarefni fyrir það stjórnvald sem fer með þessi mál.

Ég vil bæta því hér við í sambandi við þróun mála og okkar virkjanir frá því að virkjað var við Búrfell, sem talið var réttlætanlegt að gera í tengslum við samninginn við Alusuisse 1966, að þá var tekinn okkar besti virkjunarkostur og gerður þessi orkusölusamningur í tengslum við byggingu þeirrar virkjunar. Það varð svo að sjálfsögðu til þess að miklu fyrr en ella þurfti að ráðast í næstu virkjun.

Álverið í Straumsvík notar sem svarar 90—95% af framleiddri orku Búrfellsvirkjunar. Sú virkjun, sem næst var ráðist í af Landsvirkjun, og þurfti að ráðast í löngu fyrr en ella hefði orðið, varð tvöfalt dýrari á föstu verðlagi en Búrfellsvirkjun. Þá sjá menn nú hvaða vit er í því að gera samninga sem tengja saman eina virkjun og eitt stóriðjuver og ætla að leita raka fyrir tilteknu orkuverði til 45 ára út frá slíkri uppsetningu mála.

Það voru fleiri atriði sem hv. 5. þm. Vestf. vék hér að. Hann vék að því að gerður hefði verið sameignarsamningur um nýja landsvirkjun, og það gætti ásökunartóns í orðum hans út af þeirri samningsgerð. Hann nefndi þar tvennt sérstaklega: Að ríkinu hafi ekki verið tryggður aukinn hlutur í tengslum við samninginn, sem felur í sér að við taki ný landsvirkjun með breyttum sameignarsamningi að gildandi lögum. Orkuveitusvæði fyrirtækisins verður nánast landið allt, en að þessum samningi standa tvö sveitarfélög ásamt ríkinu, Akureyrarbær og Reykjavíkurborg. Ríkið er með 50% eignarhlut— eða heimild til þess að halda 50% eignarhlut í fyrirtækinu, en sveitarfélögin hinn helminginn á móti, Reykjavíkurborg með eitthvað um 44% og Akureyrarbær með 6% eða nálægt því, sagt eftir minni.

Það mátti skilja á hv. þm. að hann hefði talið rétt að ríkið tryggði sér aukinn hlut í sambandi við þetta. Auðvitað er álitamál hvernig að þessu hefði átt að standa, en samkomulag varð ekki um aðra tilhögun, og ekki sérstaklega eftir henni sóst af ríkisins hálfu, vegna þess að 50% eignarhlutdeild með þessum sveitarfélögum og fleiri, sem geta bæst við, er að mati þeirra sem að samningnum stóðu nægilegt til þess að tryggja hlut almannavaldsins í sambandi við málefni fyrirtækisins. Auk þess setur Alþingi lög og getur að sjálfsögðu breytt lögum varðandi Landsvirkjun. Undirbúningur hefur verið í gangi til breytinga á þeim lögum og samkomulag þar að lútandi var undirritað nú fyrir örfáum dögum af hálfu eignaraðila, m. a. til að fylgja eftir þeim breytingum sem gerðar voru með nýjum sameignarsamningi 11. ágúst 1982.

Í þeim drögum að lagafrumvarpi sem samkomulag hefur tekist um er gert ráð fyrir því að önnur sveitarfélög eða samtök þeirra hafi möguleika á að gerast meðeigendur í Landsvirkjun ásamt hinum sveitarfélögunum tveimur og þurfi til þess að reiða fram fjármagn sem nemur, má ég segja, 1% af metnum eignum fyrirtækisins. Auk þess er gert ráð fyrir því að eins konar fulltrúaráð verði sett á fót við Landsvirkjun, fulltrúaráð með tillögurétti, sem samtök sveitarfélaga í landshlutunum kjósi menn í auk fulltrúa sem ráðherra tilnefnir. Stjórn Landsvirkjunar á þar einnig seturétt. Gert er ráð fyrir að fulltrúaráðið komi saman ekki sjaldnar en einu sinni á ári til að fjalla um málefni fyrirtækisins og einstakra landshluta, verðlagningarstefnu og annað fleira. Um þetta tókst samkomulag. Ég tel að verulegur fengur sé að slíkri aðild sveitarfélaga í landinu, þó ekki sé það eignaraðild eða bein aðild að stjórn félagsins, en þó aðild til að fylgjast með málefnum þess og gera þar um tillögur.

Hv. 5. þm. Vestf. vék að því að ekkert væri í sameignarsamningnum frá 11. ágúst 1982 sem tryggði að Landsvirkjun gæti ekki samið um óhagstæða sölu raforku til stórfyrirtækja. Það er út af fyrir sig rétt, að í þeim samningi er ekkert sem kveður á um það, en í gildandi lögum um Landsvirkjun eru fyrirmæli um viðmiðun og í endurskoðuðum lögum þarf slíkt einnig að vera og um það er gerð tillaga. Það hlýtur að vera kappsmál almannavaldsins og hv. Alþingis að saga af því tagi sem við þekkjum frá orkusölusamningnum við Íslenska álfélagið sérstaklega endurtaki sig ekki. Það eru vítin til að varast.

Þá vék hv. 5. þm. Vestf. sérstaklega að því að sá skattur sem við greiðum í raun til stóriðjunnar með raforkunni legðist misjafnt á íbúa þessa lands. Það er alveg rétt. Raforkunotkun í landinu er mjög misjöfn, alveg sérstaklega þegar litið er á landshluta þar sem raforka er notuð til upphitunar með beinum eða óbeinum hætti. Það eru milli 15 og 20% landsmanna sem búa við raforku til upphitunar og verða nálægt 20%, þegar innlendir orkugjafar hafa alfarið tekið við af olíu, sem nú er senn að hverfa úr orkunotkun í landinu.

Nú fer því fjarri að stjórnvöld hafi ekki litið á þetta mál og hina miklu byrði þess fólks sem þarf að binda sér þyngsta bagga í sambandi við húshitunarkostnað. Samkvæmt ákvörðunum ríkisstj. hefur verið gripið til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar frá s. l. hausti að telja. Ef ekki væri um þá niðurgreiðslu að ræða greiddu menn nú hátt í 80% af olíukyndingarkostnaði — 77% er mér tjáð — fyrir upphitun meðalhúsnæðis með raforku. Eftir gjaldskrárbreytinguna núna 1. febr. er þetta hlutfall 62% og er það þó ærinn kostnaður. Hver kwst. raforku til upphitunar er m. ö. o. greidd niður um 17 aura. Og ég endurtek það, til þess að menn hafi samanburðinn, að álverið í Straumsvík greiðir fyrir kwst. 12.1 eyri en við borgum niður húshitunarkostnaðinn um 17 aura. Notandinn greiðir síðan sjálfur, ef ég man rétt, samkv. taxta C 1 hjá Rafmagnsveitum ríkisins, algengasta húshitunartaxtanum, 58 aura fyrir upphitun.

Það er hins vegar engin ný bóla að upphitunarkostnaður í landinu sé misjafn. Hann hefur stundum verið meiri en þessu nemur og þeir sem enn búa við olíukyndingu greiða hærra hlutfall en þetta, þrátt fyrir olíustyrkina. Það er þó ekki aðeins rafhitunin sem er kostnaðarsöm. Nýjar hitaveitur axla einnig þungar fjármagnsbyrðar af fjárfestingarkostnaði vegna sinna framkvæmda. Gjaldskrá hjá sumum veitum er ekki fjarri því sem viðgengst þar sem raforka er notuð til upphitunar.

Ég tel rétt að nefna aðeins nokkrar tölur um áætlaðan árlegan húshitunarkostnað 400 rúmmetra íbúðar frá og með deginum í dag, samkvæmt þeim ákvörðunum gjaldskrár sem teknar hafa verið. Þá er húshitunar-

kostnaður með rafhitun hjá Rafmagnsveitum ríkisins 62% af olíukyndingarkostnaði án niðurgreiðslu olíunnar og nemur fyrir þetta húsnæði, miðað við eðlilega einangrun og meðalnotkun, á ári 23 021 kr. nákvæmlega reiknað. Hjá öðrum aðilum með rafhitun húsa er þetta hlutfall mjög svipað eða aðeins lægra, t. d. hjá Rafveitu Akureyrar 58%, hjá Orkubúi Vestfjarða 59%, hjá Vestmannaeyjakaupstað 61%. Þar er það hraunveitan í Eyjum annars vegar og hins vegar rafveitan sem sjá Vestmannaeyjakaupstað fyrir upphitun og taxtinn í rafhituninni er 61%.

Lítum þá á fáeinar hitaveitur til samanburðar. Hitaveita Akureyrar er með hlutfallið 59% og árlegan kostnað reiknaðan fyrir 400 rúmmetra íbúð 22 144 kr. Hitaveita Eyra, þ. e. Stokkseyrar og Eyrarbakka, er með nákvæmlega sama hlutfall og rafhitunin hjá Rafmagnsveitum ríkisins, 62%. Þar er áætlaður árskostnaður við upphitun þeirrar staðalíbúðar sem hér er miðað við 23 159 kr. Síðan er allur gangur niður á við hjá hitaveitum í þessu efni. Einna lægst komumst við hjá Hitaveitu Reykjavíkur, þó að dæmi finnist um litlar veitur með hagstæðari taxta, þar sem húshitunarkostnaðurinn er aðeins 14% af olíukyndingarkostnaði eða 5 231 kr. á ári samkvæmt þeim tölum sem ég hef hér fyrir framan mig, þ. e. rösklega fjórum sinnum lægri en hjá þeim notendum sem búa við rafhitun, þrátt fyrir þá niðurgreiðslu sem nú er í gildi.

Nú veit ég að hver einasti þm. sem á umbjóðendur sem búa við rafhitun, mun hafa heyrt dæmi um hærri upphitunarkostnað íbúðar heldur en hér er áætlaður. Þá eru aðstæðurnar eitthvað breytilegar frá þeim forsendum sem hér eru gefnar, húsnæðið hugsanlega stærra, notkunin ekki endilega með ýtrasta sparnaði eða einangrunin ófullkomin. Það er nú kannske það sem er allt of algengt hjá okkur, að einangrun íbúðarhúsnæðis er ekki sem skyldi.

Ég taldi rétt að þetta kæmi hér fram. Það hefur ekki verið hvikað neitt frá þeim markmiðum sem stjórnvöld settu fram s. l. vor, að ná því að rafhitun í landinu verði jöfnuð svo, að hún nemi ekki meira en 60% af olíuhitunarkostnaði eða verði svipuð því og gerist hjá nýjum en þó hagkvæmum hitaveitum. Við erum að nálgast það mark og við það verður aukið næsta skrefi í niðurgreiðslu ekki síðar en 1. maí n. k. í sambandi við gjaldskrárákvarðanir.

Ég fékk einmitt í hendur í gær tillögur nefndar sem sett var á fót að höfðu samráði við þingflokka þann 30. sept. 1982, til þess að fjalla um framtíðarfjáröflun til að standa undir kostnaði við að jafna húshitunarkostnaðinn. Þetta nál. mun berast formönnum þingflokka í dag, og öllum hv. alþm. einhvern næstu daga, þegar búið er að fjölfalda álitsgerðina, þannig að þeir sjái þær till. sem þar liggja fyrir, hvernig hægt sé að standa undir þeim nauðsynlega lágmarksjöfnunarkostnaði í sambandi við húshitunina sem ákvarðanir hafa verið teknar um. Dreg ég þá ekkert úr því og tek reyndar alveg sérstaklega fram að það þarf að gera betur en þegar er orðið. Þó þurfum við auðvitað að gæta þess í þessu efni að hvetja ekki til óskynsamlegra ákvarðana í sambandi við upphitunarkosti með innlendum orkugjöfum.

Ég hlýt að vera talsmaður jafnaðar í sambandi við slíkar nauðþurftir sem ylur er í híbýlum manna. Ég þekki það vel sem eigandi í senn íbúðar hér á höfuðborgarsvæðinu og í minni heimabyggð, hversu hrikalegur sá munur er milli einstakra landshluta sem felst í ójöfnum húshitunarkostnaði. Það er í rauninni einhver allra mesti ójafnaðarþátturinn í þessu þjóðfélagi og það hlýtur að vera öllum hv. alþm. kappsmál að stigin verði skref í framhaldi af því sem þegar hefur verið gert til að bæta þar um.

Herra forseti. Ég sá mig tilknúinn vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf. áðan að fara um þessi efni allnokkrum orðum og gæti vissulega haft þau miklu fleiri.

Ég vil að endingu segja þetta. Við þurfum nú á næstunni að ná saman um það að tryggt verði með lögum eðlilegt eftirlit stjórnvalda með verðlagningu allra orkuveitna í landinu. Við þurfum í öðru lagi að tryggja það með löggjöf, ef ekki öðruvísi, að hætt verði þeirri útsölu á orku sem viðgengst til erlendra stóriðjufyrirtækja í landinu. Þeirri meðgjöf, skattlagningu á íslenskan almenning verði hætt eða úr henni dregið með sanngjörnum hætti og þar með tryggðar eðlilegar tekjur til aðalorkuöflunarfyrirtækis í landinu. Þær tekjur verði síðan notaðar m. a. til þess að leiðrétta það mikla misræmi sem við búum hér við í sambandi við upphitunarkostnað, þar sem við notum raforkuna sem orkugjafa. Það hefur verið reiknað út að eðlileg leiðrétting á raforkuverði til álversins í Straumsvík, um þreföldun á því verði sem nú er, mundi gera kleift, miðað við óbreyttan hag Landsvirkjunar, að lækka heildsöluverð til almenningsveitna um nálægt 60%. Ég vænti þess að eiga hauk í horni þar sem hv. 5. þm. Vestf. er og ég vænti að það séu 58 þm. auk okkar sem eru reiðubúnir að tryggja eðlilega skipan þessara mála með einhliða aðgerðum af Íslands hálfu, með nauðsynlegri lagasetningu ef ekki fást fram leiðréttingar með öðrum hætti, svo sem nú virðist borin von.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þessi ítarlega umr., sem hv. 5. þm. Vestf. hóf hér um rafmagnsverð, er utandagskrárumr. Ég hefði kosið að vita af þessari umr. fyrir fram, þannig að ég hefði getað haft með mér frekari gögn til að gefa nánari skýringar á afkomu og verðlagningu Landsvirkjunar á rafmagni, en ég tel mér það nokkuð skylt þar sem ég á sæti í stjórn þessa fyrirtækis.

Þessar umr. hafa að vísu farið nokkuð vítt og breitt. Menn hafa rætt um verðlagningu þjónustufyrirtækja almennt, menn hafa rætt um álsamningana og áhrif þeirra á afkomu Landsvirkjunar og fleiri atriði hafa spunnist inn í þessar umr., sem vissulega væri ástæða til að gera að umtalsefni.

Ég ætla hins vegar að byrja á að ræða nokkuð um verðlagsþróun á gjaldskrá Landsvirkjunar, þ. e. hver hefur verið þróun á rafmagnsverði í heildsölu til almenningsveitna frá Landsvirkjun.

Landsvirkjun hefur undanfarin ár verið rekin með halla og það er löng saga, sem á engan hátt verður eingöngu rakin til hæstv. ríkisstj. sem nú situr. Ég rifja það upp, að þegar áætlanir voru uppi um að byggja Sigölduvirkjun og þegar áætlanir voru uppi um að byggja Hrauneyjafossvirkjun gerði stjórn Landsvirkjunar þá eindregnu tillögu að verðlagningu raforku og fjármálum fyrirtækisins skyldi hagað á þann veg að 20% af fjárfestingarkostnaði þessara virkjana yrðu greidd úr rekstri, þ. e. yrðu greidd með eigin fjármögnun. Ástæðan var auðvitað sú, sem menn sáu fyrir, að ef sú

yrði þróunin að taka þyrfti erlend lán til þess að greiða byggingarkostnað þessara virkjana 100%, eins og reyndar varð raunin með Búrfellsvirkjun, mundi það, þegar fram liðu stundir, skapa mikil og illleysanleg vandamál varðandi fjárhag þessa fyrirtækis. Á þetta var hins vegar ekki hlustað. Gjaldskrá Landsvirkjunar var ár eftir ár haldið niðri á sama hátt og gjaldskrám annarra þjónustufyrirtækja, sem bæði ríki og sveitarfélög eiga og reka, og í stað þess var fyrirtækinu bent á að fjármagna allan sinn framkvæmdakostnað með erlendum lánum.

Þessar erlendu lántökur hafa að sjálfsögðu leitt til þess, að rafmagnsverðið hefur þurft að hækka til almenningsveitna nokkurn veginn í samræmi við gengisþróunina á hverjum tíma. Það er eðli raforkuvera, að langstærsti hlutinn af rekstrarkostnaði þeirra er fjármagnskostnaður. Þegar slíkt fyrirtæki þarf að taka 100% lán til að greiða með sínar framkvæmdir liggur í augum uppi að útgjöld fyrirtækisins verða nokkurn veginn í samræmi við gengisþróunina. Við vitum öll hvernig gengisþróunin hefur verið á síðasta ári. Hæstv. ríkisstj. hefur haldið þannig á efnahagsmálum þessa lands að hækkun dollarans á síðasta ári var um 103% og ef við tökum eðlilega vexti af hinum erlendum lánum er hér um að ræða um það bil 115% vexti sem þetta fyrirtæki þurfti að greiða á síðasta ári. Það gefur auga leið að ekkert fyrirtæki stenst það til lengdar án þess að fá það uppi borið í sínum gjaldskrám.

Ég hef hér í höndunum línurit sem sýnir þróun rafmagnsverðs hjá Landsvirkjun, þ. e. heildsölugjaldskrár, frá árinu 1971 til 1982 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. 1971 er fyrsta heila árið eftir að Búrfellsvirkjun tók til starfa. Við getum séð á þessari mynd að öll árin er heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar langt fyrir neðan byggingarvísitöluna, þannig að öll þessi ár hefur Landsvirkjun þurft að bera uppi á annan hátt en í gjaldskrá þann kostnað sem hún hefur þurft að leggja í. Meira að segja allt síðasta ár, þó að menn hafi sýnt hér fram á í prósentum að gjaldskrá Landsvirkjunar hafi hækkað allmikið, var rafmagnsverð að tiltölu lægra árið 1982 en það var árið 1971. Það er fyrst með hækkun í lok ársins 1982 sem rafmagnsverðið fer nokkurn veginn í línu við byggingarvísitöluna eins og hún var 1971, og með hækkuninni í ársbyrjun 1983 fer þetta aftur nokkurn veginn í sama farveg. Það er mjög eðlilegt að miða við byggingarvísitölu einmitt hjá fyrirtæki eins og Landsvirkjun, vegna þess að þetta fyrirtæki hefur staðið í stöðugum framkvæmdum allt þetta tímabil, byggt hverja virkjunina á fætur annarri, þannig að þróun byggingarkostnaðar eða byggingarvísitalan er að sjálfsögðu sá mælikvarði sem helst verður miðað við þegar rætt er um kostnað Landsvirkjunar.

Það er þess vegna rangt, þegar menn halda því fram, og í því eru fólgnar miklar blekkingar, að hið háa rafmagnsverð eigi rætur að rekja til þess að stór hluti af rafmagninu sé seldur til stóriðju hér á landi. Ég hef sýnt hér fram á með þessu línuriti, að rafmagnið frá Landsvirkjun var allt síðastliðið ár lægra en það var árið 1971, og þegar menn tala um að hér sé verið að greiða einhvern sérstakan skatt til niðurgreiðslu á rafmagni til stóriðju er það auðvitað blekking.

Við skulum alveg átta okkur á því, að tekjur Landsvirkjunar af rafmagnssölunni til ÍSALs hækka að sjálfsögðu líka í samræmi við gengisþróun. Þegar talað er um að heildsöluverð Landsvirkjunar hafi hækkað á árinu 1982 um 119% skulum við líka hafa í huga að tekjur Landsvirkjunar, gjaldskrá til ÍSALs í íslenskum krónum, hækka um 103% á s. l. ári. Það eru því ótrúlegar blekkingar þegar menn eru að bera saman hækkun innanlands, sem stafar að mestu leyti af gengislækkun, og segja svo að á móti hafi verðið til ÍSALs staðið í stað. Það er ekki hægt að bera annars vegar saman dollara og svo íslenskar krónur að þessu leyti. Það er ekki hægt að bera saman gjaldskrá í dollurum til ÍSALs og gjaldskrá í íslenskum krónum til almenningsveitna. Það verður að fá sambærilegar tölur og eðlilegan samanburð til að hægt sé að finna út hvað þarna hefur raunverulega verið að gerast.

Skrif Þjóðviljans um þessi mál, um gjaldskrármál Landsvirkjunar og þróunina eins og hún hefur verið undanfarin ár, eru með ólíkindum og í þeim eru fólgnar miklar blekkingar. Þar eru bornar saman alls ósambærilegar tölur, alls ósambærilegar gjaldskrár, ýmist í dollurum eða íslenskum krónum, allt vísvitandi til þess að rugla fyrir fólki. Og ég segi: Sá hæstv. iðnrh., hver sem hann er, sem þarf að styðjast við svo óheiðarlegan málflutning, eins og fram hefur komið um þessi mál í Þjóðviljanum undanfarna daga, hefur ekki góðan málstað að verja.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að skýra hér með nokkrum orðum hver raunveruleg þróun hefur orðið í gjaldskrármálum Landsvirkjunar undanfarin ár. Mér er að sjálfsögðu fullkomlega ljóst að hækkun á rafmagnsverði til álversins mundi færa Landsvirkjun miklar og kærkomnar tekjur, enda hefur ekki verið ágreiningur um það, og það hefur margoft verið fram tekið hér á hv. Alþingi, að endurskoða beri rafmagnssamningana við ÍSAL eða við svissneska álfélagið. Það mál hefur oft verið rætt hér og um það hefur verið mikill og harður ágreiningur hér á hv. Alþingi. En um hvað hefur ágreiningurinn staðið? Hann hefur fyrst og fremst staðið um hvernig hæstv. iðnrh. hefur haldið á þessum málum.

Þessi ágreiningur hefur staðið um að langmestur meiri hluti Alþingis hefur smám saman verið að gera sér grein fyrir því, að hæstv. iðnrh. hefur ekki valdið þessu mikilvæga verkefni sínu. Hann hefur sýnt að hann hefur verið svo slakur samningamaður af Íslands hálfu að það hefur hvorki gengið né rekið í viðleitni hans til að ná nýjum samningum. Og ástæðan er einfaldlega sú, að þessi hæstv. ráðh. hefur haft rangar áherslur í þessum málum. Hann kaus það upphaflega á sínum tíma, þegar vel stóð á, þegar álverð í heiminum var hátt og á uppleið, um 2 000 dollara tonnið og orkuverð í heiminum var á uppleið og stefndi hátt, að fara í stríð við álfélagið um skattamál, sem auðvitað voru mikilvæg, en lagði megináhersluna á þann þátt málsins mánuðum og ég vil segja árum saman og keyrði þar með þessa samninga við svissneska álfélagið alveg í strand. – Og það eru ekkert ný sannindi sem ég er að segja um þetta hér á hv. Alþingi. Ég hef sagt þetta áður. Hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, 12. þm. Reykv., sem hefur starfað í þessum málum sem sérstakur fulltrúi Framsfl. með ráðh. og jafnvel fyrir ráðh. í þessum málum, ofbauð svo framkoma, getuleysi og vinnubrögð hæstv. ráðh. að hann sagði sig úr þeirri nefnd, svokallaðri álviðræðunefnd, sem átti að vera til stuðnings ráðh. í þessu máli.

Hæstv. ráðh. hefur kosið að gerast einfari í þessu máli. Hann hefur kosið að safna um sig þröngum hópi vina og flokksbræðra. Hann hefur hafnað samvinnu á breiðum grundvelli við stjórnarandstöðu og við aðra samstarfsaðila sína innan ríkisstj. Sjálfstfl. hefur t. d. hvað eftir annað boðið hæstv. ráðh. samstarf og samvinnu í þessu mikilvæga máli. Jafnoft hefur hæstv. ráðh. slegið á þau samningsboð og alls ekki viljað hafa nokkra samvinnu eða reyna í raun að efna til þjóðarsamstöðu eða þjóðarsamvinnu um þetta mikilvæga mál. Hann hefur gert slakar tilraunir einstaka sinnum til þess að efna til þjóðarsamstöðu um axarsköft sín, en að reyna að ná fram í breiðfylkingu stefnu í þessu mikilvæga máli það hefur ráðh. ekki gert. Því er komið sem komið er. Hann er nú af veikum mætti, fyrst og fremst í áróðursskyni, með vini sína og flokksbræður í þröngum hópi í kringum sig, að boða einhverjar einhliða aðgerðir, sem við vitum ekki hverjar eru, eru leyndarmál enn eins og annað sem frá þessum hæstv. ráðh. hefur komið í þessu máli.

Nú er hann að kalla enn einu sinni á nauðsyn þjóðarsamstöðu í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að enginn einn maður ber meiri sök á því að þjóðarsamstaða hefur ekki náðst í þessu máli en hæstv. iðnrh., og hans ábyrgð er þung og mikil í þessum efnum. Ég get vísað í þessu t. d. til ummæla hv. 12. þm. Reykv. hér á Alþingi og í blaðagreinum hvað eftir annað og kallað mér til vitnis marga fleiri aðila, sem hafa komið nálægt samvinnu við hæstv. ráðh. um þessi mál, en gefist upp á því vegna vinnubragðanna sem hann hefur viðhaft í þessu mikilvæga máli.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla öllu frekar um þetta. Ég skýrði frá því í upphafi, að ég hefði gjarnan viljað vita fyrir fram um þessa umr. til að geta skýrt betur með tölum og gögnum þróun í verðlagsmálum Landsvirkjunar og reyndar sýna betur fram á þá miklu blekkingu sem höfð er í frammi þegar verið er að bera saman annars vegar verð til almenningsveitna og hins vegar til stóriðjunnar. En við því er ekki að gera. Þessi umr. hófst án nokkurs aðdraganda.

Ég vil að lokum aðeins minnast á það, vegna þess að hæstv. ráðh. talar nú um nauðsyn þess að það sé haft opinbert eftirlit með verðlagningu orkufyrirtækja, að ég lýsi algerri andstöðu minni við það sjónarmið hæstv. ráðh. Ég er þeirrar skoðunar hvað varðar þessi mikilvægu þjónustufyrirtæki, hvort sem það eru rafmagnsveitur, hitaveitur eða önnur þjónustufyrirtæki sveitarfélaga eða þjónustufyrirtæki sem ríki og sveitarfélög reka í sameiningu, að þjónustu þeirra eigi að verðleggja af þeim sem ábyrgð bera á rekstri þeirra, sem eru fyrst og fremst sveitarfélögin. Það getur enginn ráðh. eða ekkert rn. haft betri yfirsýn yfir þau vandamál sem þessi fyrirtæki eiga við að glíma en þeir sem ábyrgð bera á sjálfum rekstrinum frá degi til dags. Þess vegna á það að vera svo, að þessir aðilar, sveitarfélögin, stjórnendur rafmagnsveitnanna, stjórnendur hitaveitnanna, fái að verðleggja sína orku eftir því sem þeir telja nauðsynlegt.

Ég nefni eitt dæmi til viðbótar því sem við höfum hér rætt um og það er Hitaveita Reykjavíkur. – Þetta glæsilega fyrirtæki sem hefur þjónað borgarbúum um áratuga skeið, hefur séð Reykjavíkurborg fyrir heitu vatni og ekki nóg með það, heldur hefur með sérstökum samningum við nágrannasveitarfélögin, Kópavog, Hafnarfjörð og Garðabæ, lagt heitt vatn til þessara sveitarfélaga. Gjaldskrá þessa fyrirtækis hefur verið haldið niðri með aðgerðum stjórnvalda, sem hæstv. iðnrh. vissulega ber ábyrgð á. Fyrirtækið getur því ekki nú annast nauðsynlegar framkvæmdir til að sjá hitaveitunni fyrir nýju heitu vatni og þess vegna er nú yfirvofandi skortur á heitu vatni hér í Reykjavík. Hefði nú ekki verið nær að láta stjórnendur þessa fyrirtækis, í þessu tilfelli borgarstjórnina í Reykjavík, sjá um að annast þennan rekstur og verðleggja þjónustuna?

Hitaveita Reykjavíkur hefur ekki í 20 ár staðið eins illa fjárhagslega og nú. Það á rætur að rekja til þess, að verð á heitu vatni hefur ekki fengist hækkað í samræmi við brýnustu þarfir fyrirtækisins. Það hefur verið reynt árum saman að láta enda ná saman með því að draga úr framkvæmdum, fresta aðgerðum, en þannig hefur rekstraröryggi hitaveitunnar verið skert. Það má nú lítið út af bera til þess að Hitaveita Reykjavíkur hætti að geta annast húshitun á svæðinu þegar verst gegnir, þ. e. þegar kaldast er í veðri. Við getum að sjálfsögðu ímyndað okkur hvert tjón yrði af því við slíkar aðstæður.

Þetta er eitt dæmið um afleiðingu þeirrar stefnu, sem hæstv. ráðh. boðar nú að hann vilji reyna að fylgja fram í ríkari mæli en verið hefur, að koma upp eftirliti með verðlagningu á orku frá hinum ýmsu orkufyrirtækjum landsmanna. Við höfum fengið smjörþefinn af þessari stefnu í langan tíma. Hún hefur ekki reynst vel. Þess vegna vonast ég til að hæstv. ráðh. hverfi frá henni og sé tilbúinn að ganga til samstarfs við aðra um að þeir sem ábyrgð bera á rekstri fyrirtækjanna fái að verðleggja þjónustu frá þeim.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það er eðlilegt að hér komi sérstaklega til umr. á hv. Alþingi þær miklu hækkanir sem að undanförnu hafa komið fram á orkuverði í landinu. Ég hygg að það sé öllum ljóst, eftir þá umr. sem hér hefur farið fram, að þær hækkanir standa auðvitað í nánum tengslum við veika stöðu orkufyrirtækja okkar og mikinn halla sumra þeirra og þá sérstaklega Landsvirkjunar, sem er okkar aðalvirkjunarfyrirtæki. Það hlýtur að vera þjóð eins og Íslendingum mikið umhugsunarefni hvernig staða þessa fyrirtækis og orkufyrirtækjanna er, ekki síst í ljósi þess að Íslendingar hafa ævinlega hugsað sér að byggja framtíð sína að verulegu leyti á orkunýtingu. Íslenska þjóðin og ekki síst þessi ríkisstj., hefur mjög horft fram til þess og sett sér ákveðin markmið um nýtingu orku fram til aldamótanna. Stefni menn að því er auðvitað útilokað að standa þannig að því, að orkuvinnslufyrirtækin séu í jafnmiklum fjárhagslegum vanda og þau eru nú. Fram hjá því verður auðvitað alls ekki horft.

Ég hygg að það sé ljóst að við höfum sýnt nokkurt fyrirhyggjuleysi í þessum málum. Öllum alþm. er kunnugt um það til að mynda, að byggðalínurnar, hringtengingin um landið, eru reistar fyrir erlent lánsfé, en ekki bara það, heldur hafa byggðalínurnar verið reknar á erlendu lánsfé. Við tökum ekki einungis erlent lán til að reisa þessar línur, heldur tökum við erlend lán til að greiða af erlendu lánunum og fjármagnskostnaði, vextina líka, þannig að byggðalínurnr eru nánast og hafa verið reknar á erlendum lánum. Það hefur enginn borgað fyrir þann kostnað sem því fylgir að flytja orkuna um þessar línur.

Án þess að fara nánar út í það, og ég skal reyna að verða við tilmælum forseta um að stytta mitt mál, þá vil ég segja að auðvitað er það eðlilegt og nauðsynlegt að reynt sé að mæta þeim mikla kostnaði sem nú dynur yfir þá fjölmörgu landsmenn sem nýta raforku til húshitunar. Það er auðvitað alveg rétt, að það er mikið misvægi sem kemur fram í landinu þegar orka til rafhitunar hækkar svo mjög sem hún hefði gert ef ekki hefði verið gripið til þessara niðurgreiðslna. En í þessu sambandi vil ég sérstaklega benda á tvö atriði: Annars vegar hættir mönnum um of til að meta þetta misvægi og vega og miða við Hitaveitu Reykjavíkur, það lága orkuverð sem hér er, sem síðasti ræðumaður kom réttilega inn á. Það er auðvitað ekki sanngjarnt vegna þess að orkuverði Hitaveitu Reykjavíkur hefur verið haldið mjög niðri þrátt fyrir nauðsynlegar hækkanir sem hitaveitan hefði þurft að fá. Þar af leiðandi verður þessi mismunur miklu meiri en ella væri, ef eðlilegt væri. Hins vegar vil ég sérstaklega vara við því, að nú, þegar farið er út á þá braut að greiða raforkuna niður með almennri lækkun gjaldskrárinnar, eins og iðnrh. hefur gert grein fyrir hér, þannig að hitunarkostnaður með raforku nemi um 62% af olíukostnaði, þá er það gert með almennri gjaldskrárlagningu, sem þýðir það, ég met það svo, að um sé að ræða víða um land beina samkeppni við hitaveitur, oft hitaveitur sem nýlega er stofnað til.

Við skulum taka Hitaveitu Þorlákshafnar, við skulum taka Hitaveitu Eyrarbakka og Stokkseyrar og fleiri og fleiri, Hitaveitu Hellu og Hvolsvallar. Þetta eru hitaveitur sem ráðist er í á svæðum þar sem rafhitun er mikil fyrir. Þessar hitaveitur verða því aðeins hagkvæmar að þær nái sem mestri vatnssölu og að þeir sem við rafhitun búa breyti yfir í nýtingu hitaveitu. Með því að greiða rafhitunina niður á þessum svæðum í þeim mæli sem hér er gert er hætta á því að hinar hagkvæmu hitaveitur, sem ella væru, og þær eru fleiri en ég hef talið upp, verði ekki hagkvæmar og geti jafnvel lent í einhverjum greiðsluerfiðleikum vegna þess að þeir sem við rafhitun búa sjá ekki haginn í því að breyta yfir í hitaveituna. Þar af leiðandi greiðum við niður úr almenningssjóðum rafhitun, sem við þyrftum ekki að gera ef þessir aðilar notuðu hitaveituna. Þarna er atriði sem við þurfum dálítið að vara okkur á.

Herra forseti. Örfá orð varðandi álverið og orkuverð til þess. Því miður er tími minn senn á þrotum.

Ég er alveg sammála iðnrh. í því, að við þurfum að fá orkuverð til álversins hækkað og það sem allra fyrst. Ég er þeirrar skoðunar, að Alusuisse eða álverið í Straumsvík græði um það bil 1 millj. dollara á mánuði meðan iðnrh. heldur þessu máli í þeirri sjálfheldu sem það nú er, meðan ekki er unnt að koma á samningaviðræðum. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé hægt að koma samningaviðræðum á. Það er einfalt að vitna til þeirra bréfa sem hinn svissneski álhringur hefur ritað íslensku ríkisstjórninni til að sjá að það er hægt að koma slíkum samningaviðræðum á. Þeir hafa einfaldlega boðið upp á að leggja eldri deilumálin í gerð. Það er vel aðgengilegt fyrir Íslendinga – og raunar getum við ekki neitað því ef þeir fara fram á það. Þeir hafa síðan boðist til að ræða hækkun orkuverðsins á grundvelli þess sem nú gerist um álverð í Evrópu og Norður-Ameríku. Það er enginn vandi fyrir okkur að ræða hækkun orkuverðsins á þeim grundvelli.

Vegna þess hversu tími er afmarkaður nú get ég ekki farið nánar út í þetta mál. En ég er næstum viss um að það væri líka hægt að fá álverið til að hækka orkuverðið eitthvað áður en slíkar samningaviðræður hæfust. Nú skal ég ekki fullyrða um hvað út úr slíkum samningaviðræðum kæmi, en það væri þó alltaf tilraun að hefja þær. Það hefur iðnrh. ekki tekist, að mínu viti, vegna þvergirðingsháttar og stífni. Ég er alveg sannfærður um að það er hægt að koma slíkum samningaviðræðum á. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að þær muni leiða til þeirrar niðurstöðu sem við helst vildum fá. Það verður að koma í ljós. En ég vil sérstaklega benda mönnum á að einhliða aðgerðir í þessu máli, sem ég hef aldrei útilokað og getur vel verið að við verðum á endanum að grípa til, eru alvarlegt skref. Þær eru mjög alvarlegt skref fyrir báða aðila. Og hækki menn orkuverðið einhliða hljóta menn að sjá að inngrip í samningsinn einhliða á einum þætti geta þýtt að aðrir þættir renna úr gildi.

Þarna eru mjög viðkvæm atriði, sem við þurfum að skoða. Við þurfum líka að skoða þetta mál í ljósi þess, að við ætlum að nýta okkar orku í framtíðinni til hagsbóta fyrir íslenska þjóð. Við eigum mikla orku hér. Við verðum að nýta hana að talsverðu leyti í samvinnu við erlenda aðila. Við getum ekki gert Ísland að einhvers konar þjóðlegu fjósi þar sem enginn geisli erlendrar þekkingar eða samskipta kemst inn. Þess vegna eru þetta mál sem verður að taka á með mikilli varfærni. Áður en menn ráðast í slíkar aðgerðir sem einhliða aðgerðir verður að reyna samningaviðræður til þrautar. Það hefur ekki verið gert, því miður. – [Fundarhlé.]

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég færi hæstv. ráðh. þakkir fyrir svör hans. Hann greip efnislega mjög víða niður í það sem ég minntist á áðan. Ég fagna því að hann lítur svo á að einokunarþjónustuaðili geti ekki haft rétt til þess að verðleggja einn sína vöru og tel að þetta boði að ráðh. muni leggja fram frv. sem tryggi að verðlagseftirlit með gjaldskrám m. a. Landsvirkjunar verði til staðar.

Ég hjó eftir því í þeirri umr. sem hér fór fram, að um 65% af lánsfé Landsvirkjunar er í Bandaríkjadölum. Jafnframt kom fram hjá 6. þm. Reykv., þegar hann var að reikna út eðlilega hækkun á gjaldskrám Landsvirkjunar, að hann miðaði við að allar skuldirnar væru í bandarískum dölum. Þó að hann miðaði við að allar skuldirnar væru í bandarískum dölum hefði það sem hámark átt að vera 115% hækkun, en varð 119% á s. l. ári. Að því viðbættu bæri jafnframt að líta svo á að það væri ekkert eigið fé hjá viðkomandi fyrirtæki. Ég held að það fari ekkert milli mála, hvernig sem menn vilja setja þetta upp, að 800% verðhækkun á raforku frá Landsvirkjun er ekki verjandi.

Hér var gripið á því, að einstaklingur eða fjölskylda þyrfti að greiða í upphitunarkostnað hjá Rafmagnsveitum ríkisins 23 201 kr., svo nákvæmt sé eftir haft, en hjá Hitaveitu Reykjavíkur 5231. Nú er mér ljóst að Hitaveita Reykjavíkur hefði þurft að fá meiri verðlagshækkun en hún hefur fengið, og ég tel að það sé ekki til heiðurs fyrir ríkisstj. að hafa setið jafnfast á verðhækkunarbeiðnum frá Hitaveitu Reykjavíkur, sérstaklega í ljósi þess að hún hefur vissulega verið að selja sína þjónustu á lágu verði. En það hlýtur þó að vera augljóst mál, að sá gífurlegi mismunur sem hér er er ein stærsta

ástæðan fyrir búsetuflutningi innanlands í dag. Hann er líka stærsta ástæðan fyrir því hvað verðlag á íbúðarhúsnæði er misjafnt í þessu landi. Þess vegna má segja sem svo, að jöfnun upphitunarkostnaðarins er sennilega eitt stærsta vandamálið ef koma á jafnvægi hvað þetta snertir.

Hér var lýst ýmsum skoðunum á því í fyrsta lagi hvernig ætti að ná árangri í að fá hærra raforkuverð frá stóriðjufyrirtækjunum. Ekki var ágreiningur um að það þyrfti að hækka. Það var að vísu ágreiningur meðal ræðumanna um hvað mikið og um leiðir að því marki. Ég hygg að okkur sé hollt að deila ekki mjög harkalega um þau efni og ærin ástæða væri til að einbeita sér að því markmiði að ná fram þessari hækkun. Ég tel að það sé óverjandi, ef það er rétt sem hæstv. iðnrh. segir í ræðu um raforkumál, þeirri sömu sem ég vitnaði til áðan og birt er í Þjóðviljanum 16. nóv., að verðmunurinn á milli þess sem stóriðja borgar og þess sem t. d. Rafmagnsveitur ríkisins eða Orkubú Vestfjarða greiddu eigi að vera um 50%, en nú stefni í 65% verðmun. Þá þarf náttúrlega engum blöðum um það að fletta að þessi verðmunur er orðinn miklu meiri en hann var og hefur nokkurn tíma verið.

Þetta ástand er orðið það alvarlegt að hver og einn, sem sest niður og skoðar það raforkuverð sem hér er verið að bjóða almenningsveitum, hlýtur að gera sér grein fyrir að það er verið að skattleggja þjóðina til að borga með stóriðjunni. Það þarf hæstv. ráðh. einnig að hugleiða. Bæði sem ráðh. og þm. Austurlands hlýtur hann að hugleiða hvernig sá skattur geti þá komið réttlátast niður, ef vonlaust er að komast undan því að hann sé álagður eins og gert hefur verið.

Ég gæti talað hér alllengi til viðbótar, en forseti er farinn að ókyrrast, og er hann þó friðsemdarmaður. Ég ætla ekki að níðast á þolinmæði hans, en vil undirstrika að ég hvet þm. til að standa saman í þeirri kröfu að raforkuverð til almenningsveitna verði ekki látið hækka jafnmikið og spáð er. Um 125% er hækkunin á þessu ári miðað við 50% verðbólgu. Þetta gengur ekki. Í annan stað hvet ég þá til samstöðu um að ná árangri í samskiptum við stóriðjuna.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi koma hér að, sem fallið hafa orð um hér í umr. Í fyrstu er það eitt atriði, sem ég gleymdi varðandi frumræðu hv. 5. þm. Vestf. í þessari utandagskrárumr., í sambandi við samningana um nýja landsvirkjun, sem hann gerði nokkrar aths. við.

Það atriði sem skiptir miklu í sambandi við orkuverð og tryggt er með þeim samningum er að heildsöluverð raforku í landinu verði eitt og hið sama framvegis til allra landshluta. Auðvitað gagnar það ákvæði takmarkað ef það heildsöluverð er svo skert og allt úr lagi fært í heildina litið, en ég vænti þess að við berum gæfu til að snúa þeirri þróun við, sem svo mjög hefur verið til umr. hér í dag varðandi þróun raforkuverðsins og þær álögur sem nú eru lagðar á almenningsveitur. Þetta ákvæði í sameignarsamningnum um nýja landsvirkjun gagnar ekki síst — og raunar nú þegar — kjördæmi hv. 5. þm. Vestf., Vestfjörðum, og þeirra orkuveitufyrirtæki, Orkubúi Vestfjarða.

Hér hefur mikið verið rætt um orkuverð til stóriðju og sérstaklega til Íslenska álfélagsins og mætti þar ýmsu við bæta. Hv. 6. þm. Reykv. gerði allmikið úr því að ekki væri rétt frá staðreyndum máls skýrt, m. a. í Þjóðviljanum, á undanförnum dögum og vikum í sambandi við þróun þess verðs, m. a. vegna þess að það væri goldið í Bandaríkjadölum og tæki breytingum á gengi og því segði það ekki alla söguna þegar verið væri að bera saman verðlagið til almenningsveitna annars vegar og til ÍSALs hins vegar.

Ég andmæli því að þarna sé um nokkrar rangfærslur að ræða eða tilraunir til að skekkja þessa mynd. Hún er nógu glæfraleg samt. Það þarf ekki neitt til að ýkja hana, og hv. 5. þm. Vestf. kom einmitt að því rétt áðan, þar sem um er að ræða mat manna á því hvað teljist eðlilegur verðmunur í orkusölu til stórnotenda annars vegar og hins vegar til almennningsveitna, og er þá í senn tekið mið af íslenskum aðstæðum og alþjóðlegum aðstæðum. Þessi verðmunur er talinn eðlilegur nálægt 50%, en ekki nálægt 500% eins og þróunin stefnir í nú og jafnvel þaðan af meira.

Þetta bil hefur sífellt verið að breikka. Um haustið 1969, þegar álverið tók til starfa, var þessi munur milli orkuverðsins til þess og almenningsveitnanna 80%. Í dag hefur þetta bil breikkað nærri því fimmfalt. Það er þessi háskalega þróun sem við verðum að bregðast við og rökin eru þar svo einhlít og auðsæ, að mér þykir skjóta nokkuð skökku við þegar hagsmunagæslumaður Landsvirkjunar, sem ég hlýt að telja hv. 6. þm. Reykv. sem stjórnarmann í Landsvirkjun, heldur ekki til haga þeim röksemdum, sem við hljótum að tefla fram í sókn okkar til leiðréttingar á þessu orkuverði, heldur er sífellt að bera í bætifláka fyrir þá öfugþróun, sem orðið hefur frá því að þessi samningur var gerður, og mátti þó margt gagnrýna þegar við gerð hans.

Hér mætti mjög margt segja frekar um þetta efni. Ég skal til þess að skýra hvað ég á við með þessu breikkandi bili nefna tölur sem dæmi. Á gengi 1980, miðað við verðlag og gengi þá, var verðið til Íslenska álfélagsins 2.45 kr. á kwst., en til almenningsveitna 7.48 kr. Ári síðar er þetta komið í 4.05 aura til ÍSALs, en 14.27 aura til almenningsveitna. Í byrjun árs 1982 var þetta verð 6.11 aurar til ÍSALs, en 23.70 aurar til almenningsveitna. Síðan kemur hið geysilega stökk, sem orðið hefur á s. l. ári í þessum efnum, þar sem verðið til ÍSALs er 11.77 aurar, en hefur þróast í 50.70 aura til almenningsveitna á árinu 1982. Þetta tek ég hér sem dæmi. Endurspeglunin af þessu er engin rangfærsla. Þetta blasir við hverjum sem sjá vill.

Það er eitt atriði sem ég vil einnig nefna hér varðandi málflutning hv. 6. þm. Reykv., þegar hann ræðst að mér fyrir meðferð mína á Alusuissemálinu svokallaða. Það hafa margir haft um það stór orð, m. a. hann og málgagn hans flokks. Ég hef enga þörf fyrir að vera að verja mig héðan úr þessum ræðustól. Ég tel að staðreyndir málsins tali og eigi kannske eftir að gera það enn skýrar en orðið er. En það er nokkuð langt gengið hjá þessum hv. alþm. þegar hann segir úr þessum ræðustól og færir í letur í greinargerð með þáltill. varðandi Alusuisse, þáltill. sem liggur hér fyrir hv. Sþ., að ég hafi ekki staðið mig sem skyldi með því að gera ekki almennilegar kröfur á hendur Alusuisse til hækkunar raforkuverðs árið 1980, þegar aðstæður í áliðnaði voru góðar og verðlag hátt. Ég get vísað til ræðna minna frá 1980 hér úr þessum stól. Þær sanna að ekki var dregið af í sambandi við nauðsynina á því að fá hækkun raforkuverðs — ekki af minni hálfu. En ég bað þennan

hv. þm. hér fyrr í vetur um að benda mér á staði í þingtíðindum þess árs, og hann mætti gjarnan fara fram á árið 1981 til að finna því stað, að hann hafi tekið undir þessi sjónarmið og borið hér fram kröfur um að það þyrfti að stórhækka raforkuverðið til álversins í Straumsvík. Ég hef ekki fundið þá staði, en þessi stóll stendur hv. 6. þm. Reykv. opinn til að vitna til ummæla sinna í þá átt.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson lýsti yfir andstöðu við verðlagseftirlit í sambandi við orkuveitur og þá till. sem ég hef boðað, frv. til l. þar að lútandi. Og hann vitnaði sérstaklega til Hitaveitu Reykjavíkur, sem hefði verið farið illa með í þeim efnum á liðnum árum. Það er rétt, að Hitaveita Reykjavíkur hefur ekki fengið þær hækkanir sem hún hefur beðið um hverju sinni. Þar hefur verið andæft af hálfu verðgæsluaðila og stjórnvalda, en á árinu 1982, svo að dæmi sé tekið, fékk þó Hitaveita Reykjavíkur hækkun sem svaraði 93% eða 30% umfram almennar verðlagshækkanir í landinu. Þarna þykir hv. 6. þm. Reykv. greinilega allt of lítið að gert. Núna 1. febr. var svo bætt við röskum 7% umfram hækkun byggingarvísitölu á viðmiðunartímabilinu. Hitaveitan fékk 18.5% hækkun sinnar gjaldskrár, en hafði raunar óskað eftir tvöfaldri þeirri upphæð.

Hér erum við hv. 6. þm. Reykv. ósammála eins og um sitthvað fleira í þessum efnum og verður ekki við því gert. Hitt er annað mál, að ég er honum alveg sammála um það atriði að við þurfum að gæta þess að orkuveiturnar geti á heildina litið staðið fjárhagslega sem traustustum fótum. Á því þurfa stjórnvöld vissulega og þeir sem hafa verðlagseftirlit með höndum einnig að hafa auga og gefa gætur.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson kom hér í þennan stól og ég hafði satt að segja saknað þess að heyra ekki í hv. þm. Það er orðið nokkuð langt síðan ég hef heyrt til hans. Hann kom með nokkur atriði sem ástæða væri til að víkja að.

Hann var með varnaðarorð í sambandi við verðlagningu til einstakra veitna, að það þyrfti að gæta þess að það skapaðist ekki óeðlileg samkeppni. Þetta er út af fyrir sig réttmæt áhending, sem þarf að gefa gætur. En í sambandi við niðurgreiðslu á raforku og samkeppni við hitaveitur höfum við fylgst með því, sem á þessi mál höfum litið, og að vísu heyrt varnaðarorð, en ekki háværar kvartanir, frá sveitarfélögum, sem eru að koma upp hitaveitu, vegna samkeppni við raforku. T. d. hafa menn á Hellu og Hvolsvelli, þar sem nú er hitaveita í uppbyggingu, þrátt fyrir að verðið á raforkunni er ámóta eða óverulega hærra en hjá hitaveitunni og menn þurfa að taka á sig kostnað til þess að breyta um, breytt yfir á jarðvarmann hiklaust og í rauninni miklu hraðar en menn höfðu gert sér vonir um að yrði — þeir sem fyrir veitunni standa.

Hv. 12. þm. Reykv. vék einnig að Alusuissemálinu. Við höfum nú skipst svo rækilega á skoðunum um þau efni að tæpast er ástæða til að bæta þar miklu við, enda ekki tími til.

Ég sé að hann hefur nú flutt sinn umræðuvettvang yfir í þjóðlegt fjós, eins og hann orðaði það, úr öðru ónefndu gripahúsi, sem hann nefndi eitt sinn í þessum stól, og ég ætla ekki að fara að kljást við hann á þeim vettvangi. En hann sagði það ítrekað í sínu máli að hann teldi að ekki væri reynt til þrautar að ná samningum um leiðréttingu sem viðunandi væri við Alusuisse. Ég tek eftir því að þetta viðhorf kemur ítrekað fram hjá 12. þm. Reykv. En einmitt í desembermánuði öndverðum, þegar hann kaus sér það hlutskipti að stökkva frá samráði og rjúfa samráð um þessi mál, var það einmitt óþolinmæðin að einhver árangur næðist sem var meginskýringin á hans afstöðu. Þarna skýtur mjög skökku við í málflutningi og röksemdafærslu, að nú sé í rauninni nógur tími til þess að þæfa um þetta mál í algerri óvissu um árangur.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði síðast í sínu máli, að hann hvetti til þess, að ef áfram þyrfti að skattleggja fólk í þessu landi vegna stóriðjunnar þyrfti að láta þá skattlagningu koma sem réttlátast niður. Ég tek undir það sjónarmið, en einnig fagna ég því mjög, sem fram kom í hans máli, að menn þyrftu að beita sér að því verkefni og leggjast saman á árar til að ná fram eðlilegri leiðréttingu mála í sambandi við verðlagningu raforku til stórnotenda, sem hér hafa allt of lengi hagnast á fráleitt lágu orkuverði.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega ítreka úr þessum ræðustól það, sem ég sagði fyrr við þessa umr., að ég vara mjög við því að hinn almenni taxti til rafhitunar sé greiddur niður með þeim hætti, að þar sem verið er að koma upp nýjum hitaveitum sé rafhitun greidd niður í kostnað hitaveitnanna. Það er alveg ljóst að þessar hitaveitur, sem er ætlað að standa undir sínum kostnaði, hafa flestar reiknað með því að hin rafkyntu hús tækju hitaveituna inn. Aðflutningsæðar þessara hitaveitna eru við það miðaðar og hagkvæmni þeirra verður auðvitað meiri eftir því sem þær fá stærri markað. Niðurgreiðslur á rafhitun á hitaveitusvæði slíkra hitaveitna gera það að verkum að viðkomandi aðilar gerast ekki notendur hitaveitunnar. Í fyrsta lagi verður þá óhagkvæmari rekstur á hitaveitum á staðnum og í öðru lagi auðvitað verulegur þungi á almenningssjóðum til að greiða þessa rafhitun niður. Þarna er hætta á að við séum á villigötum.

Ég vil nota þessar örfáu mínútur, sem ég hef, til þess að fara fáeinum orðum um hið svokallaða álmál enn einu sinni. Ég verð að játa að ég skildi hæstv. iðnrh. engan veginn, þau orð sem hann notaði áðan. Það er ekkert verið að deila um nauðsyn þess að fá orkuverðið hækkað. Það eru allir sammála um það. Það er alveg óþarfi fyrir iðnrh. að vera að vefja um sig fjölmörgum setningum um nauðsyn þess að fá orkuverðið hækkað. Það eru allir sammála um það. Allir vita að það er allt of lágt. Það sem við erum ekki sammála um er aðferð iðnrh. við að fá hækkunina fram.

Ég er alveg sannfærður um að hægt er að koma slíkum samningaviðræðum á. Ég hef setið í álviðræðunefnd í meira en 1½ ár. Ég er fullviss um að hægt er að koma samningaviðræðunum á. Ég er hins vegar engan veginn fullviss um hvað út úr slíkum samningaviðræðum kemur, það er annað mál. En ég tel að iðnrh. hafi sýnt klaufaskap og stífni með því að koma í veg fyrir að samningaviðræður gætu orðið. Það er enginn vandi að vitna til þeirra bréfaskipta sem fram hafa farið í þessu máli. Það hlýtur öllum að vera ljóst, sem kynna sér þessi bréf, að það er enginn vandi fyrir Íslendinga að hefja samningaviðræður á grunni þeirra. Það er hreinlega boðið upp á að leggja skattamál, þessi eldri deilumál, í gerð. Jafnvel þó að við samþykktum það ekki á Alusuisse heimtingu á að setja þau í gerð samkv.

samningi. Það er engu að tapa í sjálfu sér við að setja þessi deilumál um skattana í gerð. Þeir hafa jafnframt boðið upp á samningaviðræður um framtíðarsamskipti, þar sem orkuverð til álversins sé endurskoðað með tilliti til þess sem gerist í Evrópu og Ameríku og samkeppnisaðstöðu ÍSALs. Það er enginn vandi fyrir okkur að ræða nýjan orkusölusamning á þeim grunni. Jafnvel hafa talsmenn Alusuisse látið í það skína, að þeir séu tilbúnir að hækka orkuverðið eitthvað strax, bara í því skyni að sýna fram að að þeir gangi til slíkra samninga með góðum huga. Það er að vísu rétt, að þeir hafa talað um að fá einhverja heimild fyrir stækkun álversins, þó þannig að samningar takist, sem báðir aðilar séu ánægðir með, samningar sem Íslendingar séu ánægðir með. Það lít ég á að séu samningar þess eðlis, að orkuverð og önnur kjör séu með þeim hætti að það sé um að ræða hagkvæmari orkunýtingarkost en Íslendingar eiga kost á annars staðar. Það er þess vegna alveg rétt að að vissu leyti sagði ég mig úr þessari álviðræðunefnd vegna óþolinmæði. Ég hafði þá setið í þessu í meira en 1½ ár án árangurs. Og það er of löng saga til að rekja hér. En það eru fleiri en ein till., sem fram komu, sem gátu orðið til þess að opna samningaviðræður.

Ég tel að það sé alveg útilokað fyrir okkur að halda þessu máli í þessari blindgötu áfram. Ég tel alveg ljóst að íslenska þjóðin tapar 1 millj. dollara á mánuði meðan þetta mál heldur svona áfram. Ég veit ekki hvernig iðnrh. ætlar að koma þessum einhliða aðgerðum sínum fram. Ég óttast að þetta mál haldi áfram að núlla svona mánuðum saman í stað þess að hafnar séu samningaviðræður, sem er leikur að koma á. Ég fullyrði það. Það er hægt að koma þessum samningaviðræðum á. Það er hægt að fá einhverja byrjunarhækkun á orkuverðinu eingöngu sem tákn um góðan vilja Alusuisse til að endurskoða orkusamninginn. Um það getur enginn á þessu stigi fullyrt, hver lok slíkra samningaviðræðna yrðu, enda er engu að tapa að freista þess að taka slíkar samningaviðræður upp. Telji menn að þær hljóti að enda í einhliða aðgerðum, þá það. Þá er hægt að taka þær upp eftir að slíkar samningaviðræður hafa brostið.

Vandinn er sá, að á þessum tíma höfum við misst af uppsveiflu í áliðnaðinum. Við höfum misst af þeim tíma þegar álverðið var mjög hátt og unnt var að fá endurskoðun á þessum samningi með góðu orkuverði. Nú erum við hins vegar að berjast við þetta mál í lægð, þegar álverð er komið niður fyrir 1000 dollara á tonnið eða það lægsta sem menn hafa eiginlega látið sér detta í hug að gæti orðið. Við slíkar aðstæður er mjög erfitt að fást við málið, það sjá allir. Auðvitað vona menn að þessi markaður muni lagast. En ég óttast að jafnvel einhliða aðgerðir muni færa okkur miklu minna við slíkar aðstæður en þær gerðu ef markaðurinn er í góðu lagi.

Þess vegna ítreka ég að það er engin deila um að við þurfum að fá orkuverðið hækkað. Það eru allir sammála um það. Deilan stendur um hvernig á að þessu að standa. Ég fullyrði enn á ný úr þessum ræðustól að unnt er að koma þessum samningaviðræðum á og unnt er að fá einhverja byrjunarhækkun áður en samningaviðræður hefjast, sem Alusuisse mundi fallast á eingöngu til að sýna góðan vilja í þeim samningaviðræðum sem væri gengið til. Og ég fullyrði að það er eingöngu fyrir þvermóðsku iðnrh. að slíkum samningaviðræðum er ekki komið á.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er af minni hálfu ekki þörf á að svara þeirri ræðu sem hér var flutt nú síðast. Ég hlýt að votta hv. 12. þm. Reykv. samúð og hluttekningu með að hafa fest það inn í þingtíðindi sem hann mælti hér úr þessum ræðustóli. Efni hans máls var þess eðlis að það talar afar skýru máli. Ég held að þegar fram í sækir eigi menn eftir að átta sig á því, hversu víðs fjarri það stöðumat er sem hv. þm. hefur lagt á þetta mál. Sjálfur viðurkenndi hann hér í orðum sínum að hann hefði sprungið á limminu í sambandi við þetta. Nú lætur hann eins og ekkert hafi gerst síðan og flytur mönnum þann boðskap, að þetta sé aðeins ódugnaður, klaufska og það af verra, að ekki skuli hafa verið skilað árangri fyrir Íslands hönd í þessu máli.

Forseti tók öll dagskrármál 43. fundar af dagskrá.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 1. febr., að loknum 43. fundi.

Þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég undra mig nokkuð á þessum fundarslitum. Ég hafði þegar um hádegi í dag kvatt mér hljóðs utan dagskrár, en féllst á að falla frá því þar eð hv. utanrmn. sæti enn að störfum. Ég hélt að við værum hér að bíða eftir niðurstöðum þess máls og sé því ekki annað ráð vænna, ef nú á hér að slíta fundi, en spyrja hæstv. forseta: Hef ég leyfi til að kveðja mér hljóðs utan dagskrár eða ekki? Ég hafði fengið jáyrði fyrir því í dag, en sem sagt eins og ég sagði áðan, ég féllst á að falla frá því þar til fyrir lægi hvernig ákvörðun og hvernig afgreiðslu á þál. hv. þm. Eiðs Guðnasonar um mótmæli gegn hvalveiðibanni lyktaði hér í þinginu í dag. Ég vil þá mælast til þess, að gert verði hlé á þessum fundi en honum ekki slitið eins og hér stendur til, og ég vil spyrja hvort þetta sé eðlileg afgreiðsla mála.

Forseti (Karl Steinar Guðnason): Ég vil að gefnu tilefni upplýsa það, að mér var eigi kunnugt um þessar viðræður hv. þm. við forseta og veit því ekkert um þær, en það er hans ákvörðun hvort tekið verður til máls utan dagskrár eða ekki, ef það er leyft. Ég hef gert ráðstafanir til þess að hann verði sóttur og hann mun þá taka afstöðu til þess.

Forseti (Jón Helgason): Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá er utanrmn. að fjalla um till. til þál. um mótmæli við banni gegn hvalveiðum. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum. Ég var núna fyrir fáum mínútum að tala við formann nefndarinnar og hann gat ekki tjáð mér hvenær nál. lægi fyrir, en það yrði ekki fyrr en á morgun. Ég mun boða til fundar svo fljótt sem fært er, þegar nál. liggur fyrir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mér finnst tæpast að

þær upplýsingar sem við fengum nú frá hæstv. forseta nægi okkur, sökum þess að við upphaf þessa fundar lágu fyrir tvær yfirlýsingar. Önnur af hálfu utanrmn. um það, að hún mundi freista þess að ljúka störfum og skila áliti á þessum degi. Hin frá hæstv. sjútvrh. um það, að hann mundi þegar í fyrramálið tilkynna erlendum aðilum niðurstöðu ríkisstj. í máli, sem hér er fjallað um á Alþingi, þar sem því hafi enn áður verið heitið að farið yrði að vilja Alþingis í þessu máli. Mér virðist að við séum annað tveggja að láta leiða okkur hér í gildru í meginmáli, ellegar við hljótum að gera kröfu til þess að þingfundur sitji áfram, þar til niðurstaða utanrmn. liggur fyrir með þeim hætti, að við getum gripið í taumana, ef sá er vilji Alþingis, í tæka tíð fyrir þennan úrslitatíma í fyrramálið.

Nú vildi ég gjarnan fá að vita hvort hæstv. forseti hefur gengið úr skugga um það, að ráðh. muni fresta því enn um sinn og þar til þingvilji liggur fyrir að senda fyrrnefnt skeyti um afstöðuna til hvalveiðibannsins.

Forseti (Jón Helgason): Til þess að þetta liggi ljóst fyrir frá fyrstu hendi mun ég fresta þessum fundi í nokkrar mínútur og óska eftir því að formaður utanrmn. geti komið hér til þess að gera grein fyrir gangi mála í nefndinni, þar sem mér er ekki svo kunnugt um hvernig málin standa þar, ef menn geta fallist á það þá að bíða í 5 mínútur meðan fundinum er frestað. – [Fundarhlé.]

Ég hef haft samband við formann utanrmn. Það er samkomulag um það við hann að boða til fundar kl. 1 á morgun um málið, sem hér var til umr., en hæstv. sjútvrh. mun gera grein fyrir því, hvernig það stendur gagnvart tímasetningum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég get skýrt frá því að ég lét ræða við framkvæmdastjóra Alþjóðahvalveiðiráðsins núna fyrri partinn í dag og við höfum frest til að senda inn mótmæli. Þeir munu halda sínum telex opnum til miðnættis á morgun. Það mun vera sami tími í London og hér. Ég mun því ekki senda mótmælin fyrr en um kvöldið. Menn geta því sofið á þessu í nótt.

Forseti tók öll dagskrármál 44. fundar af dagskrá.

Sameinað þing, 45. fundur.

Miðvikudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Gjaldskrár þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 259). – Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Brúargerð á Kúðafljót, þáltill. (þskj. 261). – Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þingsköp.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég get nú eiginlega ekki látið hjá líða að segja fáein gagnrýnisorð um þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Mér þykir þessi seinagangur aldeilis með ólíkindum. Því miður mun hv. formaður utanrmn. vera á fundi þannig að það er erfitt að beina til hans spurningum, en ég vildi gjarnan fá ákveðin svör við því, hvort ekki megi vænta þess að nál. muni liggja fyrir áður en mjög langt um líður um þá till. mína á þskj. 93 sem verið er um að fjalla.

Í öðru lagi vildi ég gjarnan beina þeirri spurningu – hæstv. sjútvrh. er ekki hér viðstaddur, því vildi ég gjarnan beina þeirri spurningu til forsrh. hvort ekki sé óbreytt sú afstaða ríkisstj. sem tilkynnt var úr þessum ræðustóli í gær, þ. e. að mótmælt verði umræddu hvalveiðibanni, enda hafi Alþingi ekki ályktað í aðra veru.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Fyrir hálfum mánuði gerði ég að umtalsefni hér á hinu háa Alþingi hvernig þingstörfum væri háttað, og ég endurtek það enn á ný, að sitja hér í þingsölum núna dag eftir dag og verða vitni að því hvernig störfin fara hér fram í þessari annars virðulegu stofnun. Ég tel það vera orðið gersamlega óþolandi að taka þátt í þessum skrípaleik miklu lengur. Hér átti að afgreiða brbl. í dag. Mér er ekki kunnugt um að nokkur minnsta von sé til þess að það verði gert. Menn eru að rangla hér um, fjalla um þingtæknilega hluti og á meðan berast okkur látlausar fréttir um það úr þjóðfélaginu, síðast í sjónvarpinu í gær, hvernig komið er efnahagsmálum þessarar þjóðar. Ég segi það hreint út, að hafi ég verið reiður hér fyrir hálfum mánuði, þá er ég ennþá reiðari nú. Skömm þessarar stofnunar er að verða svo mikil, að óbreyttir þm. geta ekki undir staðið. Þetta gengur ekki lengur svona. Við verðum að fara að standa og falla með þeim ákvörðunum sem þetta þing tekur. Þingstörfin eins og þau eru núna geta ekki gengið, eins og ég hef margsagt. Þetta þing er að glata fullkomlega trú og virðingu þjóðarinnar og meira en það.

Hvalveiðimálið, sem hér átti að afgreiða í gær, er komið í erlenda fjölmiðla. Það er búið að greina frá því að ríkisstjórn Íslands hafi tekið vissa afstöðu í því máli. Ef það mál kemur svo aftur hingað inn og verður afgreitt á annan veg, þá verður virðing þingsins ekki bara á niðurleið hjá þjóðinni heldur á alþjóðlegum vettvangi.

Herra forseti. Ég vil nú endilega mælast til þess að þeir menn sem gegna ábyrgðarstöðum inni á þessu þingi taki ákvarðanir í veigamiklum málum eins og um mótmæli gegn hvalveiðibanni, þeir vindi sér í það að taka einhverja ákvörðun, þannig að störf þingsins geti haldið áfram. Ég mótmæli því hvernig hér er staðið að málum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil leiðrétta það sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan. Ég held að það hafi eitthvað skolast til skynsemin í höfðinu á honum, satt að segja. Það óefni sem þjóðmálin eru nú í verður ekki rakið til þingsins sem stofnunar og þaðan af síður til stjórnarandstöðuþm. Við erum hér að tala um það hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekist. Lýsing hans á virðingu þjóðarinnar fyrir ríkisstj. og þeim þingmeiri-

hluta sem hún styðst við í Ed. og raunar í Sþ. líka er rétt. Ríkisstj. á þennan áfellisdóm skilið. En það er undir engum kringumstæðum hægt að áfellast stjórnarandstöðuna um slælega verkstjórn á Alþingi, um vonda stjórn efnahagsmála né annað það sem hv. þm. taldi hér upp.

Ég vil í annan stað segja það, að Alþingi missir ekki né glatar virðingu þótt það taki ákvörðun sem brýtur í bága við yfirlýsingu eða samþykkt ríkisstj. Það sýnir einungis að Alþingi er annarrar skoðunar. Hvort sem ég er í því dæmi sammála eða ósammála meiri hl. Alþingis verð ég að halda því fram, að með því auki Alþingi reisn sína að hafa hugrekki og kjark til þess að taka fram fyrir hendur á ríkisstj., ef það telur hana á rangri braut. Þess vegna hlýt ég að mótmæla þeim ummælum sem féllu frá hv. 6. þm. Norðurl. e. hér um Alþingi. Ég hlýt að lýsa undrun minni á þeim og mér finnst hann satt að segja í þessari ræðu hafa líkst fullmikið hv. 4. þm. Reykv.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl., Eiður Guðnason, spurðist fyrir um það hvort sú yfirlýsing um málsmeðferð hvalveiðimálsins, sem hæstv. sjútvrh. lýsti yfir hér í gær, stæði ekki óbreytt. Ég vil lýsa því yfir, að hún stendur óbreytt.

Varðandi aðrar umr. hér, þá var mjög deilt á starfsemi Alþingis og ríkisstj., og hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, þurfti að undirstrika það hér, að það væri ekki stjórnarandstaðan heldur ríkisstj. og stjórnarliðið sem bæri ábyrgð á, skildist mér, bæði öllu því sem væri að gerast í þjóðfélaginu og drætti á störfum Alþingis. Nú vill svo til varðandi þær tafir sem hafa orðið hér í dag á fundahöldum, þar sem beðið hefur verið um frest á fundum eða hlé hvað eftir annað, að sú beiðni hefur komið fram frá aðalleiðtoga stjórnarandstöðunnar, sem er um leið formaður utanrmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á síðustu ummælum hæstv. forsrh. Sú beiðni sem formaður utanrmn. hefur lagt fram um að fundi sé frestað er borin fram í nafni utanrmn. Alþingis en ekki í nafni hans sem formanns stærsta stjórnmálaflokks landsins. Þetta veit hæstv. forsrh. jafn vel og ég En hitt vekur athygli mína, að mér finnst skína í gegnum þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. að honum finnist Alþingi vera að sletta sér fram í samþykkt og ályktun ríkisstj. og hlýt að telja að honum finnist að ályktun ríkisstj. varðandi mótmæli við hvalveiðibanninu eigi að ganga fram hvað sem Alþingi líði. Ég hlýt að skilja ummæli hæstv. forsrh. svo.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði hér áðan, ef menn hafa misskilið mig, að það sem hér er auðvitað að gerast er einfaldlega það, að menn eru að þráast við að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga. Það sem stendur upp úr þessu máli er það, að við stöndum ekki við skyldu okkar vegna myndunar nýrrar ríkisstj. til að taka við efnahagsmálunum. Svo einfalt er þetta mál. Það er alveg ljóst að það dánarbú þessarar ríkisstj., sem nú er að myndast við að halda þingstörfum áfram, þráast við að hluta til og tefur mál hér inni í þinginu þannig að þau komist ekki til afgreiðslu. Ég lýsi líka um leið ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunni í þessu máli, þannig að við skulum ekkert vera að draga okkur út einn og einn og skjóta okkur undan ábyrgð á þessu. Fyrst og fremst stendur þessi umr. um það sem hefur verið að gerast hér síðustu daga, um það að taka ákvörðun um þingrof og nýjar kosningar. Þetta vil ég að komi skýrt fram. (**HBl:** Ræður stjórnarandstaðan því?)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég a. m. k. sem stjórnarandstæðingur frábið mig því að ég hafi átt hlut að því að tefja með einum eða neinum hætti störf Alþingis. Þetta á að vísu við um stjórnarandstöðuarm Sjálfstfl. að mínu viti, en ég held að enginn geti með neinum rökum eða sanngirni haldið því fram, að þm. Alþfl. hafi hér tafið mál þannig að þau gætu ekki gengið fram með eðlilegum hætti. Því hefur verið lýst yfir af hálfu fulltrúa Alþfl. að hann væri reiðubúinn til þess að greiða fyrir lausn mála hér, þinglegri meðferð, þannig að ég frábið mig því að a. m. k. ég hafi átt hlut að því sem stjórnarandstöðuþm. að þingstörf hafi hér *fram farið með þeim hætti sem raun ber vitni.* En ég tek undir það, að það er vægast sagt hlálegt að þurfa að sitja undir því og við það að búa með hverjum hætti hér er stjórnað þingstörfum. En það er ekki með tilstilli Alþfl. Þar ráða aðrir ferðinni, hvernig með mál er farið og hvernig stjórn þingsins er fram komin og henni er fram haldið.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það var tilkynnt hér í gær að í dag væri líklegt – eða a. m. k. ráðgert að tvö stórvægileg mál kæmu hér til umfjöllunar og afgreiðslu. Annað er þetta svokallaða hvalfriðunarmál, hitt eru brbl. ríkisstj. sem við Alþfl.- menn erum búnir að vera reiðubúnir að standa að afgreiðslu á síðan í fyrri viku. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að við fáum að fjalla um þessi mál og afgreiða þau og ónauðsynlegar tafir verði ekki gerðar í þessu sambandi.

Mér datt það í hug, þegar ég hlustaði á hæstv. forsrh. lýsa afstöðu ríkisstj. og þeim mótmælum sem frá henni hafa komið, að hér niðri í anddyri Alþingishússins hangir málverk mikið af þjóðfundinum 1851. Þá var tekin sú afstaða gegn yfirgangi erlends valds sem fræg er orðin með orðunum „Vér mótmælum allir". Niðurstaða ríkisstj. virðist vera sú: „Vér mótmælum allir – eða þannig sko." – [Fundarhlé.]

Mótmæli gegn hvalveiðibanni, þáltill. (þskj. 93, n. 294 og 295). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur að undanförnu fjallað um þáltill. um mótmæli gegn hvalveiðum. Einnig hefur n. fjallað um afgreiðslu ríkisstj. á því máli og hefur meðferð á þessum málum nokkuð blandast saman. Niðurstaða n. er sú, að meiri hl. utanrmn. leggur til að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða verði ekki mótmælt af Íslands hálfu, en minni hl. leggur til að banninu verði mótmælt.

Á undanförnum árum og áratugum hafa Íslendingar verið forustuþjóð í hafréttarmálum og nýtingu auðlinda

hafsins. Í þeim hafréttarsáttmála, sem nú liggur fyrir til undirskriftar, er gert ráð fyrir að allar þjóðir heims hlíti alþjóðasamþykktum um nýtingu auðlinda hafsins, en þar kemur einnig fram að þjóðum heimsins er skylt að nýta allar þær auðlindir sem í hafinu eru. Það hlýtur að vera kappsmál okkar Íslendinga að virða allar samþykktir, sem gerðar eru á alþjóðavettvangi, en freista þess jafnframt að hafa áhrif á gang mála þar okkur og öðrum í hag.

Utanrmn. hefur kallað til fjölmarga aðila til upplýsinga um þetta mál. Það hafa verið lögð margvísleg gögn fram í málinu þessari þáltill. og mótmælum til stuðnings og gegn slíkri ákvörðun, og það er mjög ljóst að mál þetta er viðkvæmt og það skiptir miklu máli að réttar ákvarðanir verði teknar.

Hitt er svo annað mál, að það eru mjög skiptar skoðanir meðal þjóðarinnar og hér á þingi í máli þessu, og þegar svo er er að mínu mati og meiri hl. n. ekki skynsamlegt að bera fram sterk mótmæli. Það horfir öðruvísi við ef sameinað afl býr þar að baki, og menn hljóta að meta málið að einhverju leyti með hliðsjón af því.

Eins og ég sagði áðan kallaði nefndin fyrir sig fjölmarga aðila, og er ekki ástæða til að rekja það hér að öllu leyti nema ástæða gefist til þess síðar í umr. Við kölluðum m. a. fyrir okkur fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem er hagsmunaaðili margra í sjávarútvegi, þar á meðal þess fyrirtækis sem vinnur hvalafurðir á Íslandi og flytur þær á erlendan markað. Hagsmunasamtök þessa fyrirtækis og að vísu annarra fyrirtækja, sem eru 67 talsins, lögðu það eindregið til að mótmæli þessi yrðu ekki viðhöfð. Við, sem sitjum í utanrmn., hljótum að sjálfsögðu að taka tillit til slíks álits, því að ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi hagsmunasamtök hafa ekki síður tilhneigingu til að bera hag þessa fyrirtækis fyrir brjósti. En þetta var þeirra mat.

Það kom fram í n., að sú stofnun, Alþjóðahvalveiðiráðið, sem tók þessa ákvörðun, er, svo að ekki sé meira sagt, afar undarleg stofnun. Það kom fram að ekki var ljóst í lok fundar ráðsins hvað hafði verið samþykkt nákvæmlega og endanlegur texti lá ekki fyrir fyrr en 2. sept. Það má vera að þetta sé ekki mjög mikilvægt mál, en það lýsir að nokkru hvers konar samkunda þetta Alþjóðahvalveiðiráð er.

Ég vil leggja áherslu á að það þarf að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess á hverjum tíma hvernig við stöndum að aðild okkar að alþjóðastofnunum. Eins og ég sagði áðan hefur það verið merki okkar Íslendinga að hlíta slíkum alþjóðasamþykktum, en við hljótum hins vegar að vinna að því af fullri hörku á alþjóðavettvangi að vinna því stuðning að við getum nýtt þær auðlindir sem við teljum okkur henta.

Þessi auðlind hefur verið nýtt um langt skeið og það hafa margir haft af þessari vinnslu góðar tekjur og svo er um ýmsar aðrar auðlindir sem við höfum nýtt í gegnum tíðina. Svo var um síldina á sínum tíma og loðnuna. Við höfum alltaf reynt að haga okkur af skynsemi í slíkum málum og reynt að byggja upp slíka stofna, semja við aðra um þessar veiðar. Ég minni á samningana um loðnuna. Svo hlýtur einnig að verða um hvalinn. En við, sem undirritum meirihlutaálit hér, erum algerlega mótfallnir því að við göngum gegn samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Okkur er ljóst að rannsóknir á hvalstofnunum eru ekki fullnægjandi og þær þarf enn að auka. Það hefur komið í ljós að flest það, sem gert hefur verið, er dregið í efa á alþjóðavettvangi. Það hlýtur að vera nauðsynlegt til þess að slíkar rannsóknir séu teknar gildar og tekið á þeim mark, að þær séu þannig úr garði gerðar og það trúverðugar að það sé mark á þeim takandi. Þess vegna leggjum við til í okkar nál. og kemur fram í okkar nál. eftirfarandi:

„Undirritaðir nefndarmenn telja að mikilvægt sé að auka enn rannsóknir á hvalastofnunum, þannig að ávallt sé til staðar besta möguleg vísindaleg þekking, sem liggi til grundvallar umræðum og ákvörðunum um veiðar í framtíðinni."

Með þessu viljum við gefa til kynna, að við teljum alls ekki loku fyrir það skotið að hvalveiðar geti átt sér stað um langa framtíð. En við viljum leggja á það áherslu, að til þess að við getum sótt mál okkar sem best í þessu sambandi liggi ávallt besta möguleg vísindaleg þekking fyrir.

Herra forseti. Mér er ljóst að mikilvægt er að þetta mál hljóti afgreiðslu í dag og það sem allra fyrst. Þess vegna mun ég ekki hafa orð mín fleiri og vænti þess að menn taki tillit til aðstæðna og hagi máli sínu þannig að umr. dragist ekki úr hófi fram. Ég vil að lokum geta þess, að við í meiri hl. n. leggjum til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstj. dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu."

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. utanrmn. hefur utanrmn. haft mál þetta til meðferðar frá því í fyrradag. Í því felst að n. tók til meðferðar till. til þál. um mótmæli gegn hvalveiðibanni, sem hv. alþm. Eiður Guðnason hefur flutt, og ennfremur að n. tók til meðferðar ákvörðun ríkisstj., sem tekin var á fundi ríkisstj. 1. febr. eða í gær, en þar var, eins og kunnugt er, tekin ákvörðun um að bera fram mótmæli af Íslands hálfu við ályktun um stöðvun hvalveiða.

Alþm. til glöggvunar var bókun ríkisstj. eftirfarandi:

„Afstaða til samþykktar Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun hvalveiða var til umræðu á fundi ríkisstj. í dag. Á grundvelli þeirra skoðanaskipta, sem þar fóru fram, varð niðurstaða að sjútvrh. mun bera fram mótmæli af Íslands hálfu við ályktuninni um stöðvun hvalveiða."

Ég tel rétt að tíunda þessa ályktun hér samhliða því sem ég nefni till. til þál., sem hv. þm. Eiður Guðnason hefur flutt, en efni þeirrar þáltill. er kunnugt þm.

Utanrmn. fjallaði mjög ítarlega um mál þetta og fékk marga til fundar við sig til að veita upplýsingar og tjá skoðanir sínar. Er þar um að ræða fulltrúa hagsmunasamtaka, vísindamenn, fulltrúa Hafrannsóknastofnunar og forstjóra Hvals hf., svo að dæmi séu tekin, sem og Þórð Ásgeirsson, fyrrv. forseta Alþjóðahvalveiðiráðsins. Því miður gat utanrmn. ekki orðið sammála við afgreiðslu málsins. Minni hl. n., sem ég mæli hér fyrir, hefur skilað nál. þar sem við gerum það að till. okkar að tilllgr., er um getur í þáltill. Eiðs Guðnasonar, orðist svo:

„Alþingi ályktar í framhaldi af ákvörðun ríkisstj. 1. febr. s. l., að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um

algert bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986 verði mótmælt.

Jafnframt beinir Alþingi því til ríkisstj. að auka enn rannsóknir á hvalastofnum hér við land, í samvinnu við vísindaráð Alþjóðahvalveiðiráðsins, í því skyni að fyrir liggi sem fullkomnust þekking á þessum hvalastofnum við frekari meðferð málsins."

Að því er snertir fyrri málslið þessarar till. vil ég láta það nú koma fram, án þess að fara mörgum orðum um, að við Íslendingar höfum nýtt auðlindir sjávarins á gundvelli þeirrar vísindaþekkingar, sem fyrir hendi hefur verið á hverjum tíma, og við leggjum áherslu á í samfélagi þjóðanna, að þjóðir virði verndun auðlinda á landi og legi. Það er ekki umdeilt í þessu máli að hvalveiðar Íslendinga hafa verið stundaðar með þessum hætti. Fulltrúar Hafrannsóknastofnunar, sem komu til nefndarfundar, gerðu grein fyrir því, að svo hefði verið af hálfu aðila, sem hvalveiðar stunda hér við land, og töldu hvalastofna, er á okkar mið ganga, ekki vera í hættu — þá sem nú eru stundaðar veiðar úr. Það er álit okkar í minni hl. n., að það sé ákaflega mikið fordæmi af hálfu okkar Íslendinga ef við viðurkennum að veiðar, sem stundaðar eru á vísindalegum verndargrundvelli, séu bannaðar. Þá er unnt að seilast töluvert langt í okkar nýtingu auðlinda hafsins.

Við vekjum athygli á því, að Alþjóðahvalveiðiráðið er nú orðin þess konar stofnun sem hv. frsm. meiri hl. utanrmn. gerði hér grein fyrir. Einmitt vegna starfshátta Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem hann nefndi dæmi um, er því ráði bersýnilega lítt treystandi. Við bendum ennfremur á að algert bann við hvalveiðum er ákveðið af þessu Alþjóðahvalveiðiráði án þess að vísindaráð sömu stofnunar hafi lagt það til. Það er ekki álit vísindaráðs Alþjóðahvalveiðiráðsins að um algert bann skuli vera að ræða. Þess vegna finnst okkur fullkomin ástæða til að bera fram mótmæli í tilefni af því banni sem Alþjóðahvalveiðiráðið hefur samþykkt og með þeim hætti sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Við gerum okkur vissulega grein fyrir því, að hér er um viðkvæmt mál að ræða og víðfeðm alþjóðleg samtök náttúruverndarmanna og smærri þrýstihópa eru mjög andvíg hvalveiðum, og okkur ber að því leyti að taka tillit til þessara sjónarmiða sem þau geta haft áhrif á okkar hagsmuni, auk þess sem við hljótum að taka tillit til allra sjónarmiða, sem fram eru sett, og gera okkur grein fyrir því, á hve traustum grundvelli þau eru reist. Í þessu sambandi hefur verið nefnt að viðskiptahagsmunum okkar verði ógnað ef hvalveiðum hér við land verði haldið áfram. Ég skal ekkert um það dæma og því síður neita að svo kunni að fara, en þá er það gert án þess að ástæða sé til. Okkar hlutverk hlýtur þá að vera að snúast við því eins og best verður gert á hverjum tíma. Í þessu sambandi hlýt ég þó að nefna, að meðal þeirra þjóða sem mótmælt hafa hvalveiðibanninu eru þjóðir eins og Norðmenn, Sovétmenn, Perúmenn og Japanir, en ég veit ekki betur en sá markaður, sem talinn er vera í mestri hættu af okkar hálfu, fyrir frystar fiskafurðir í Bandaríkjunum, taki þannig á móti japanskri framleiðslu að það þurfi að setja sérstök innflutningshöft til að torvelda Japönum að selja bíla í Bandaríkjunum — og það eftir að hvalveiðibannið var sett á og mótmæli Japana kunngerð.

Ég vil samt sem áður ítreka það og endurtaka, að við skulum ekki yppa öxlum við þeim mótmælum sem borist hafa í þessu sambandi og búa okkur undir að skýra okkar málstað. Því er ég kominn að því að lýsa seinni málsl. í till. frá minni hl. utanrmn., þar sem því er beint til ríkisstj. að auka enn rannsóknir á hvalastofnum hér við land í samvinnu við vísindaráð Alþjóðahvalveiðiráðsins í því skyni að fyrir liggi sem fullkomnust þekking á þessum hvalastofnum við frekari meðferð málsins. Við skulum nota tímann fram til 1986 til að gera okkur grein fyrir því, með hvaða hætti unnt er að nýta þessa auðlind, sem við eigum rétt á að nýta, og með hvaða hætti við getum snúist gegn óréttmætum árásum erlendis frá, sem byggjast á þeim misskilningi að verið sé að eyða hvalastofnunum hér við land. Það er að vísu rétt, að hér er um flökkudýr að ræða. Okkur ber þess vegna skylda til að taka tillit til hagsmuna annarra þjóða í þessu sambandi. En við erum að veiða hvali innan 200 mílna efnahagslögsögu okkar og meðan við vinnum ekki tjón á stofnum erum við ekki heldur að vinna tjón á réttmætum hagsmunum annarra þjóða.

Ég tel að aukin vísindaleg þekking sé til þess fallin að styrkja málstað okkar. Ef hins vegar kemur í ljós að hvalastofnar séu í hættu er auðvitað sjálfsagt að taka málið til endurskoðunar og draga réttar ályktanir af því. En ef, eins og allar forsendur benda nú til, tíminn leiðir í ljós að hér sé um eðlilega nýtingu auðlinda hafsins að ræða, þá erum við að glata að vissu leyti rétti og stöðu, ef við mótmælum ekki og notum þetta tímabil, meðan mótmælin standa og áður en algert hvalveiðibann tekur gildi, til þess að taka okkar endanlegu ákvörðun á grundvelli þess sjónarmiðs, sem við höfum ávallt haft í heiðri, Íslendingar, og við megum aldrei glata, nefnilega að vernda auðlindir hafsins, en nýta þær einnig að svo miklu leyti sem eðlilegt er svo að lífkeðjan verði ekki rofin.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hefur það mál, sem hér er á dagskrá, verið til umr. í ríkisstj. á fleiri en einum fundi hennar og þar hef ég ásamt fleiri ráðh. Alþb. túlkað okkar viðhorf í sambandi við þetta mál. Á fundi ríkisstj. í gær greindum við frá viðhorfum og afstöðu þingflokks Alþb. í þessu máli, en þingflokkurinn hafði þá tekið þá afstöðu sem slíkur að vera gegn því að mótmælt yrði samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. — Ég tel nauðsynlegt að fram komi hér, að á fundi ríkisstj. í gær var engin ályktun samþykkt um málið, eins og skilja má af misvísandi fréttum sem fluttar hafa verið af þeim fundi. Það var hins vegar ljóst í lok þess fundar, í lok umræðna um málið, að það væri áframhaldandi í höndum sjútvrh., en afstaða hans til málsins lá skýrt fyrir á þessum fundi og hafði raunar fram komið áður.

Við túlkuðum það viðhorf, Alþb.-menn, að eðlilegt væri og mjög knýjandi, að áður en afstaða íslenskra stjórnvalda til þessa máls yrði tekin og kunngerð fengi málið meðferð hér á Alþingi, þannig að vilji Alþingis í þessu mikilsverða og viðkvæma máli lægi fyrir. Ég lýsi ánægju minni með að svo virðist sem það ætli að takast að fá fram afstöðu hv. Alþingis til þessa máls áður en nauðsyn ber til tímans vegna að tilkynna um afstöðu íslenskra stjórnvalda.

Ég greindi frá því á fundi ríkisstj. í gær, að ég mundi fylgja minni afstöðu eftir með bókun í ríkisstj. Ég tel rétt að efni hennar komi hér fram, með leyfi hæstv. forseta, en hún er svohljóðandi:

„Ég er andvígur þeirri afstöðu sjútvrh. að mótmæla ákvörðun 34. ársfundar Alþjóðahvalveiðiráðsins um hvalveiðar frá árunum 1985—1986 að telja. Afstöðu mína byggi ég einkum á eftirfarandi mati:

1. Þótt ekki liggi fyrir gögn sem bendi til að hvalastofnar þeir, sem nú eru veiddir hér við land, séu í hættu vegna ofveiði, ríkir óvissa um ástand þeirra vegna takmarkaðra og ófullnægjandi rannsókna.

2. Mótmæli af Íslands hálfu veikja stöðu þeirra aðila á alþjóðavettvangi sem berjast gegn ofveiði hvalastofna á öðrum hafsvæðum.

3. Slík mótmæli Íslendinga munu veikja stöðu okkar til að ná fram skynsamlegri stjórnun á nýtingu fiskistofna, sem flakka milli lögsögusvæða einstakra ríkja á Norður-Atlantshafi, svo sem karfa, loðnu og kolmunna.

4. Með mótmælum okkar er stefnt í hættu miklu stærri hagsmunum en um er að tefla þótt hætt verði um tíma hvalveiðum Íslendinga, og á það við hvort sem litið er til söluandvirðis af afurðum á erlendum mörkuðum eða til atvinnu hér innanlands.

5. Íslendingar eiga kost á að meta afstöðu sína til hvalveiða og Alþjóðahvalveiðiráðsins á næstu árum, m. a. í ljósi þeirrar þróunar, rannsókna og umræðu sem verður á alþjóðavettvangi fram til þess tíma að samþykkt hvalveiðiráðsins gengur í gildi."

Þetta var sú bókun sem ég hef lagt fram í ríkisstj. til skýringar á afstöðu okkar Alþb.-manna til þessa máls.

Ég ætla, herra forseti, ekki að orðlengja þetta mál, sem mjög margt mætti um segja. Mér er ljóst að viðhorf hafa verið og eru allmisjöfn hér innanlands til þessa máls, eins og víða annars staðar. En ég fagna því mjög að fram er komið það meirihlutaálit frá hv. utanrmn., sem hér liggur fyrir, um að ekki verði mótmælt samþykkt 34. fundar Alþjóðahvalveiðiráðsins, og ég vænti þess að þetta álit meiri hl. utanrmn. endurspegli vilja meiri hl. hér á hv. Alþingi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Miðstjórn Bandalags jafnaðarmanna ályktaði svo um hvalveiðimál á fundi sínum á sunnudag:

„Um allan heim er vaxandi skilningur almennings og ráðamanna á því, að stór hluti umhverfismála er ekki einkamál einstakra þjóða. Af slíkum toga eru hvalveiðimál. Menningar- og mannúðarsjónarmið eiga þar fullan rétt á sér.

Íslendingar hafa um árabil gegnt forustuhlutverki á sviði verndunar auðæfa hafsins. Þar er enn fjölmörg verkefni að vinna, svo sem vegna losunar úrgangsefna. Það yrði málstað okkar á þessum vettvangi mikil hneisa ef við gengjum í berhögg við yfirlýstan vilja ríkisstjórna, félagasamtaka og almennings um allan heim í hvalveiðimálum.

Gögn um hvalastofna eru af skornum skammti og ágreiningur er meðal vísindamanna um túlkun þeirra. Saga hvalveiða hvetur okkur til varkárni. Meðan við getum ekki sýnt fram á að veiðar okkar séu óyggjandi hættulausar væri rangt að halda þeim áfram.

Af framangreindum ástæðum telur miðstjórn Bandalags jafnaðarmanna einróma að rétt sé að láta samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins ómótmælt."

Herra forseti. Með framangreindum rökum mun ég greiða atkv. með tillgr. meiri hl. hv. utanrmn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal reyna að tefja ekki mjög umr. um þetta brýna mál, sem við verðum að afgreiða hér innan tíðar, en þar sem umr. um það hefur verið mjög skrykkjótt, svo að vægt sé til orða tekið, kýs ég samt að fá að benda á nokkur meginatriði.

Fyrst af öllu er það nokkurt umhugsunarefni hvernig ákvarðanataka fer fram hér á hinu háa Alþingi. Ætla mætti að undirstaða skynsamlegra ákvarðana væri annars vegar söfnun nauðsynlegra gagna og hins vegar vandleg yfirferð hv. alþm. og skoðun þeirra á þeim gögnum sem fyrir liggja. Ekki síst eru þessi vinnubrögð nauðsynleg þegar um er að ræða viðkvæm milliríkjamál og umdeild vísindaleg atriði, auk þess sem miklir hagsmunir þjóðarinnar kunna að vera í húfi. Ákvörðun um hvort mótmæla skuli ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins spannar öll þessi atriði. Og eins og svo oft áður hafa fyrrnefnd vinnubrögð verið vanrækt með öllu lengi vel eða þar til allra síðustu daga. Gagnasöfnun í þessu mikilvæga máli hefur verið svo til eingöngu komin undir áhuga einstakra þm. Umfjöllun um málið hefur verið sáralítil hér á hinu háa Alþingi, enda bar umr. í síðustu viku þess nokkur merki.

Ég vil aðeins taka nokkur dæmi hér um. Þau gögn sem borist hafa frá m. a. sjútvrn., og ég veit ekki raunar hvar sökin liggur, eru í hæsta máta ófullnægjandi. Sem dæmi um það er skýrsla frá 24. jan. 1983. Hún hefst á kafla sem ber yfirskriftina „Þróun mála innan Alþjóðahvalveiðiráðsins" og er ein vélrituð síða í tveim liðum. Þar er sagt frá ársfundi ráðsins í sex línum, ársfundinum 1982, og frá 90 daga reglunni um mótmæli við banninu í 14 línum. Þessi skýrsla fjallar sem sagt ekki um þróun málsins, heldur einungis um allra síðustu atburði. Þeir sem nokkuð hafa fylgst með þessum málum vita þó að saga þessa máls er miklu lengri og afstaða Íslendinga frá 1972, eða frá fyrstu alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál í Stokkhólmi, er í hæsta máta ruglingsleg, en að því verður komið ögn síðar.

Annað dæmi um haldleysi gagna, sem okkur alþm. berast, er að í skýrslu til sjútvrh. frá einum fulltrúa hans á 34. þingi Alþjóðahvalveiðiráðsins er friðunartillagan svokallaða birt orðrétt, en á enskri tungu. Hana er ekki að finna á íslenskri tungu. Við skoðun kemur svo í ljós að hún er ekki rétt. Heilli setningu er þar ofaukið og það er setning sem skiptir verulegu máli. Hv. alþm. mega hafa sig alla við í störfum sínum ef þeir geta ekki treyst gögnum sem koma frá æðstu stjórnstofnunum landsins.

Reyndar kom einnig í ljós að skýrsla þessi, sem er frá 29. júlí 1982, hafði aldrei borist í hendur annars fulltrúa Íslands á sömu ráðstefnu. Ónákvæmni á borð við þetta er auðvitað ekki farsæl til góðra vinnubragða hér á hinu háa Alþingi. Ég hlýt að koma þessum áminningum á framfæri.

Notkun orða í þessu sambandi er einnig afar mikilvæg og þess vegna er mjög nauðsynlegt að þskj. liggi fyrir á íslensku. Stjórnmálamenn og fjölmiðlar hafa mjög talað um allsherjarbann án frekari skýringar á því hugtaki. Í till. er gert ráð fyrir að veiðikvóti allra hvalastofna verði núll frá og með veiðitímabilinu 1986 varðandi strandveiðar, en frá og með tímabilinu 1985—1986 fyrir úthafsveiðar. Síðan — og það er mikilvægt — verði þessi ákvörðun stöðugt til endurskoðunar á grundvelli bestu vísindalegra athugana, og eigi síðar en 1990 er áskilið að

ráðið leggi mat á áhrif stöðvunarinnar og breyti henni e. t. v. ef eitthvað nýtt hefur komið í ljós. Fólk skilur þessa ákvörðun töluvert öðruvísi en þegar talað er um allsherjarbann. Engir vita betur en færustu vísindamenn sjálfir hversu lítið er vitað um líf og háttu hvalanna. Það er þess vegna alveg tómt mál að vera að tala um hér hvort hvalastofnarnir séu í hættu eða ekki. Það liggur ekkert afgerandi fyrir um að hvalastofnarnir séu í raunverulegri hættu. Það eru einungis uppi grunsemdir um það og tillögur um að fara beri varlegar en áður hefur verið farið.

Hins vegar liggur ekkert fyrir heldur um að réttmætt sé að halda veiðunum áfram, og menn telja brýna nauðsyn bera til þess að rannsaka ástand stofnanna betur og stöðva veiðar á meðan, því að skaðinn verður auðvitað ekki bættur þegar hann er orðinn. Með síaukinni þekkingu á náttúru og lífríki jarðarinnar verður mönnum æ ljósari nauðsyn þess að vernda auðlindir hennar. Það verður sífellt skýrara að þær eru ekki óþrjótandi. Það er alkunna, að nú þegar eru fjölmargir dýrastofnar í bráðri hættu fyrir algerri útrýmingu og einungis til af sumum þeirra fáein dýr. Menn ganga miskunnarlaust á frumskóga jarðarinnar þótt vitað sé að sjálft loftið sem við öndum að okkur sé þar með í hættu.

Slík mál eru auðvitað ekki mál einnar þjóðar fremur en annarrar. Þau eru ekki frekar vandamál þeirra þjóða sem búa við skóga en þeirra sem enga skóga hafa. Þau eru mál okkar allra. Hvalastofnarnir voru ofveiddir að allra dómi áður á tíðum eða allt þar til Alþingi bannaði allar veiðar vegna greinilegrar ofnýtingar allt aftur til 1915, svo að veiðar féllu niður þá í næstum 20 ár. Á seinni árum hafa menn sem betur fer stjórnað þessum veiðum, enda löngu viðurkennt að fara skyldi þar með gát. Friðun hvalastofna á sér því langa sögu að baki.

Þegar um er að ræða svo alvarlegar áhyggjur manna sem viðhald lífsins á jörðunni getur eitt íslenskt fyrirtæki og afdrif þess ekki vegið þungt í umr. Mér er fullljóst að ákvörðun um friðun kemur hart niður á því, þó að hlutur þess hafi enga úrslitaþýðingu á afkomu þjóðarbúsins. Jafnvel er okkur ljóst að um er að ræða atvinnu nokkur hundruð Íslendinga, en stjórnmálamenn hljóta að hafa þá yfirsýn að þeim má ljóst vera að annað vegur þynga en hitt í þessu tilviki. Þar eð nokkur tími er enn til ársins 1986 og verði um stöðvun hvalveiða að ræða verður vitanlega að leysa vanda fyrirtækisins og starfsmanna þess og vinna að uppbyggingu atvinnulífs í þessum landshluta með tilliti til hugsanlegrar stöðvunar hvalveiða þangað til. Geti færustu vísindamenn heimsbyggðarinnar ekki fullyrt nú að óhætt sé að halda hvalveiðum áfram er meira en hæpið að forstjóri Hvals hf. treysti sér til að axla þá ábyrgð, og er með ólíkindum að hann og stjórn hans óski eftir því. Jafnfráleitt er að hv. alþm. láti önnur sjónarmið, svo sem landshlutasjónarmið, ráða gerðum sínum þar um. Hér er um margfalt mikilvægara mál en svo að ræða.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um afstöðu íslenskra fulltrúa á alþjóðaráðstefnum um umhverfismál frá upphafi. Skal einungis rætt um þetta ákveðna mál, sem hér er til umr., þó að verðugt væri að kynna sér hvernig afstaða í öðrum málum hefur verið mótuð, og nægir þar að nefna þing Sameinuðu þjóðanna.

Sumarið 1972 var haldin í Stokkhólmi fyrsta alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og tóku 113 ríki þátt í henni. Á ráðstefnunni var rætt um helstu vandamál í samskiptum mannsins og náttúru jarðarinnar. Þar á meðal var ítarlega rætt um skort á rannsóknum á lífi hvalanna. Tilmæli nr. 33 á ráðstefnunni voru um að alþjóðahvalveiðinefndinni væri falið að beita sér fyrir auknum rannsóknum og nauðsyn þess að gerður yrði alþjóðlegur sáttmáli um að fresta hvalveiðum. Tilmælin hlutu góðar undirtektir og fulltrúar Íslands greiddu þeim atkv. sitt. Þar með höfðu Íslendingar tekið ábyrgð á viljayfirlýsingu um stöðvun hvalveiða um sinn.

24. ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins var haldinn tveimur vikum eftir að ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk, og þar voru tilmæli nr. 33 auðvitað lögð fram. Aðalritari Stokkhólmsráðstefnunnar kynnti þau fyrir hönd allra aðildarríkjanna. Till. var borin fram um 10 ára stöðvun hvalveiða í ábataskyni. Þá greiddu Íslendingar atkv. gegn till. og aftur á 25. ársfundi ráðsins og æ síðan hafa Íslendingar skipað sér, því miður, á bekk með þeim þjóðum sem hafa sýnst vilja veiða hval.

Engin raunveruleg umræða hefur farið fram fyrr en nú á allra síðustu dögum, en það ber að fagna því að hún er þó komin í gang.

Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umr. meira. Ég vildi láta þessi sjónarmið koma fram. Ég er því miður hrædd um að afstaða okkar hingað til hafi nokkuð skaðað alþjóðaálit okkar. T. d. bárust fréttir um það í helstu útvarpsstöðvum Evrópu um hádegið að Íslendingar hefðu þegar mótmælt banninu, en ég ætla að vona að áður en þessi dagur er liðinn verði það dregið til baka.

Varðandi þetta mál, sem eflaust á oft eftir að minnast á á næstunni, eru hótanir annarra þjóða um að hætta að kaupa íslenskan fisk. Það atriði málsins er auðvitað ekki meginkjarni þess, þó að vissulega geti skipt okkur máli. Hins vegar eru það vægast sagt heldur óvenjuleg skilaboð, sem við höfum fengið úr þeirri átt, og er full ástæða til að tala um það síðar. Ég minnist þess ekki að stjórnvöldum hafi borist slík bréf um langa hríð.

Að lokum, herra forseti, vil ég aðeins víkja að hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem við Íslendingar höfum svo mjög stuðst við í baráttumálum okkar og nægir að nefna landhelgismálin. Ég vil vekja athygli á því, að hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem undirritaður var s. l. ár, er ekki til á íslensku. Hann hefur ekki enn verið þýddur. Menn þurfa að vera harla góðir í enskri tungu til þess að brjótast í gegnum þann texta hjálparlaust. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. utanrrh. beiti sér fyrir því að alþm. geti fengið hafréttarsáttmálann á íslensku. Í honum eru einmitt ákvæði sem vert er að vekja athygli á, sem eru 64. og 65. gr. hans, þar sem fjallað er sérstaklega um að engin ein þjóð megi standa í vegi fyrir takmörkun, stjórnun eða eftirliti á veiðum hafdýra sem ástæða er til að ætla að séu ofnýtt. 65. gr. fjallar sérstaklega um spendýr hafsins og í 120. gr. er aftur ítrekað að báðar greinarnar eigi við þau. Til þessara ákvæða verður eflaust óspart vitnað þegar um er að ræða laxastofnana við Færeyjar. Alþjóðasáttmálar hljóta auðvitað ævinlega að byggjast á gagnkvæmri virðingu, skilningi og drengskap. Ef á að túlka þá eftir eigin geðþótta hverju sinni eru þeir harla lítils virði.

Að lokum, herra forseti. Það er ekkert sem knýr okkur Íslendinga til að mótmæla ákvörðun Alþjóða-

hvalveiðiráðsins. Það er ekki til annars en að skaða álit okkar um heim allan. Ég skora á hið háa Alþingi að fella þáltill. þá, sem liggur hér fyrir á þskj. 93, og jafnframt brtt. minni hl. hv. utanrmn., sem liggur fyrir á þskj. 295. – [Fundarhlé.]

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að gera í stuttu máli grein fyrir nokkrum atriðum þessa máls.

Eins og hér hefur komið fram margsinnis hefur hæstv. ríkisstj. fjallað um málið, reyndar nokkrum sinnum, en þó einkum nú á tveimur fundum, og lagði ég fram í síðustu viku á fundi ríkisstj. till. um að mótmæla banni við hvalveiðum. Ríkisstj. fjallaði á fundi sínum í gær aftur um málið og þá var málið afgreitt þannig, að menn létu í ljós sína skoðun og var því síðan lýst yfir að þetta væri mál sjútvrh., með öðrum orðum ekki gert að ríkisstjórnarmáli. Með tilvísan til þess að mikill meiri hl. ráðh. hafði tjáð sig fylgjandi því að mótmæla lýsti ég því jafnframt yfir að ég mundi mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég tjáði hins vegar hv. Alþingi, að að sjálfsögðu mundi ég hlíta niðurstöðu Alþingis, þar sem hér lægi fyrir till. um málið, og þá ekki senda mótmæli ef sú yrði niðurstaðan á Alþingi að það skyldi ekki gert. Ég vil hins vegar leiðrétta það, sem kom fram utan dagskrár í gær hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að ég mundi bíða eftir samþykkt Alþingis. Ég get að sjálfsögðu ekki beðið lengur en til miðnættis í kvöld, því að þá rennur tíminn út og við höfum misst þar með af strætisvagninum. Ég hef hins vegar gert ráðstafanir til þess að móttakarinn á skrifstofu Alþjóðahvalveiðiráðsins verði opinn til miðnættis. Við höfum því nokkurn tíma, ef hv. alþm. óska þess.

Ég vil jafnframt láta það koma hér fram, að ég hef setið fundi utanrmn. og n. hefur kannað þetta mál allítarlega. Ég tjáði n. í morgun, að ef hún óskaði að túlka niðurstöðu þeirrar könnunar þannig og teldi á grundvelli þeirrar niðurstöðu að ekki bæri að mótmæla, þá mundi ég einnig taka það sem fullgilda till. í því máli og mundi fara eftir því. Um þetta varð ekki samstaða í hv. utanrmn., enda má kannske segja að þær upplýsingar sem lágu fyrir hafi ekki verið nægilega ljósar. Málið er því komið hér til umr. og n. klofin í afstöðu sinni. Ég vil samt leyfa mér að vona að niðurstaða fáist hér fyrir tilskilinn tíma þannig að afgreiða megi málið í kvöld.

Mér þykir rétt að gera hv. Alþingi grein fyrir því, á hvern máta ég hef hugsað mér að mótmæla hvalveiðibanni. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þá tilkynningu sem ég hef hugsað mér að biðja hæstv. utanrrh. að koma á framfæri ef þessu verður mótmælt. Hún er svona:

„Athygli er vakin á því, að vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem meta á ástand hvalastofna, hefur ekki séð ástæðu til að mæla með allsherjarstöðvun hvalveiða. Ákvörðun 34. ársfundar ráðsins um stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni, úthafsveiða 1985 og veiða frá strandstöðvum 1986, er því alls ekki byggð á vísindalegum niðurstöðum, svo sem til er ætlast samkv. 5. gr. 2. mgr. alþjóðasáttmálans um skipan hvalveiða. Það er skoðun íslenskra stjórnvalda, að heimilt skuli að nýta hval eins og önnur dýr í lífríki okkar, en sú nýting skuli framkvæmd í samræmi við vísindalegar niðurstöður um nýtanleika hvers einstaks hvalastofns, þannig að hæfileg nýting verði tryggð og jafnframt fyrirbyggt að um ofveiði verði að ræða. Því ber að flýta fyrir endurmati á stofnstærðum. Það verður best gert með alþjóðlegri samvinnu og undir stjórn Alþjóðahvalveiðiráðsins, t. d. með því að nýta hvalveiðiskipin í vaxandi mæli til rannsóknarstarfa jafnhliða veiðum. Sé veiðum hins vegar hætt eru allar líkur á því að fjármagn til hvalarannsókna muni fljótlega minnka og rannsóknir dragast saman.

Hvalastofnar þeir, sem Íslendingar veiða úr, eru Austur-Grænlands-Íslands-langreyðarstofninn, Íslands-Grænlandssunds-sandreyðarstofninn og Norður-Atlantshafsmiðsvæðis-hrefnustofninn. Samkv. bestu fáanlegum vísindalegum upplýsingum eru þessir stofnar ekki ofnýttir eða í hættu vegna veiða. Þessir stofnar hafa verið stöðugir um árabil og því flokkaðir af Alþjóðahvalveiðiráðinu sem stofnar sem þola árlegar veiðar – nefnt á ensku hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu Sustained Management Stocks, sbr. töflu 1 á bls. 12—13 í viðauka við alþjóðahvalveiðisáttmálann frá í mars 1982.

Í 10. gr. a í sama viðauka við alþjóðasáttmálann um skipan hvalveiða frá 1946 segir: „Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á SMS-hvalastofnum í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar.“ (Og vísar þessi skammstöfun, SMS, í það enska heiti sem ég las áðan.) Stöðvun veiða úr þessum stofnum verður því ekki réttlætt á vísindalegum grundvelli. Auk þess hefur ríkisstjórn Íslands áhyggjur af hugsanlegum áhrifum af stöðvun hvalveiða á lífkerfi sjávar, þar sem vitað er að hvalastofnar við Ísland nýta verulegt magn af fæðu og oft í samkeppni við aðra stofna sjávardýra, sem Íslendingar nýta og byggja afkomu sína á. Með hliðsjón af framangreindu mótmælir ríkisstjórn Íslands hér með breytingu þeirri sem samþykkt var af Alþjóðahvalveiðiráðinu á 10. gr. í viðauka við alþjóðasáttmálann um skipan hvalveiða 1946, með nýrri undirmálsgrein e, um stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni, strandveiða frá áramótum 1986 og úthafsveiða 1985/86.

Ríkisstjórn Íslands mun leggja áherslu á að auka rannsóknir á hvalastofnunum og jafnframt að mannúðlegum aðferðum verði beitt við hvalveiðar. Ríkisstjórn Íslands er að sjálfsögðu reiðubúin til þess að endurskoða ofangreinda niðurstöðu, ef fram koma ný viðhorf sem breyta ofangreindum rökstuðningi.“

Um þetta mál allt mætti að sjálfsögðu hafa mörg orð, en ég skal reyna að stytta það. Þó vil ég koma inn á örfá atriði, sem mér hafa þótt nokkuð áberandi í umræðum um málið.

Í 1. mgr. þess sem ég las er vísað til þess, að vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur ekki talið ástand hvalastofna þannig að hún hafi viljað gera tillögu um allsherjarstöðvun hvalveiða. Eins og ég las er það því í raun og veru gagnstætt grundvallargrein alþjóðasáttmálans um skipan hvalveiða að ráðið ályktar um allsherjarstöðvun hvalveiða. Engu að síður er mjög áberandi í þeim fjölmörgu mótmælum sem borist hafa, fullyrðingum sem heyrst hafa til stuðnings því að hvalveiðar verði algerlega stöðvaðar, að hvalastofninn sé í útrýmingarhættu. Þetta er náttúrlega alrangt og ég vona að enginn hér mæli með stöðvun hvalveiða af þeirri ástæðu. Ég hef rætt við vísindamenn um þetta. Utanrmn. átti reyndar viðræður við íslenska vísindamenn. Þeir tóku skýrt fram, að af þessari ástæðu væri ekki nauðsynlegt að stöðva hvalveiðar. Ástæðan er allt önnur. Ástæðan er nánast pólitísk eða sá þrýstingur sem

komið hefur fram hjá ýmsum hópum sem hafa lagst mjög hart gegn hvalveiðum.

Í því sambandi vil ég taka það fram, að ég hef verulega samúð með þeim sem beita sér fyrir aukinni náttúruvernd og vilja koma í veg fyrir að dýrastofnum verði eytt. Það er vissulega mikil hætta á því á mörgum sviðum. En ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða, að í sambandi við hvalastofninn sé sú hætta lítil og reyndar engin eins og ástatt er núna og vissulega miklu meiri í sambandi við fjölmarga aðra dýrastofna á jörðu hér. Mér hefur því sýnst, að andstaðan gegn hvalveiðum væri mest af tilfinningaástæðum sprottin.

Hitt er svo annað mál, að þessir hópar geta haft veruleg neikvæð áhrif á markaði okkar erlendis og hafa hótað því. Það er skylt að taka tillit til þess þótt illt sé. Það var af þessari ástæðu að ég lagði ekki fram till. um að mótmæla banni strax innan fyrstu 90 daganna, en það er sá frestur sem til mótmæla er veittur. Þá hafði mér nýlega borist bréf frá framkvæmdastjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eða réttara sagt fyrirtækis þeirra í Bandaríkjunum, þar sem mjög óvænt var snúið við blaðinu og nú lagst gegn því að hvalveiðibanninu yrði mótmælt. Ég taldi skylt að kynna mér það mál vandlega og því yrði mótmælum frestað, og það var gert.

Í sambandi við þetta kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ruglingslegar væru samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég tek undir það með henni. Það er svo sannarlega rétt. Hins vegar vil ég upplýsa hér, að sú skýrsla sem gerð var fyrir mig 29. júlí, ef ég man rétt, átti ekki að fara neitt út fyrir mínar dyr. Ég hygg að ég hafi að vísu afhent hana ráðherrum. Hún var byggð á þeim vinnugögnum sem menn komu með heim. Hún er byggð m. a. á fjölrituðum tillögum, sem lágu fyrir hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þar hafi verið farið með það mál eins og það lá fyrir þá. Hins vegar gerist það 6. ágúst, að Alþjóðahvalveiðiráðið skrifar bréf og tilkynnir að endanleg samþykkt hafi verið eins og þar var fram tekið. Svo gerist það 2. sept., að Alþjóðahvalveiðiráðið skrifar enn eitt bréf og segir að það beri að strika út fimm orð úr þeirri samþykkt sem það hafði 6. ágúst talið rétta. Ég er svo sannarlega ekki að mæla með slíkum vinnubrögðum, en ég vil leyfa mér að fullyrða að minn fulltrúi á þessum fundi hafi lagt það fyrir mig sem hann vissi réttast á þeirri stundu. Þetta var strax leiðrétt gagnvart mér. Hins vegar sýndist mér að í þessum útgáfum væri engin efnisbreyting og skal ég aðeins skýra það.

Í einni útgáfu, sem lá fyrir Alþjóðahvalveiðiráðinu, var talað um að bannið ætti eingöngu að gilda til 10 ára. Það er mjög mikilvægt atriði. Hins vegar var því strax breytt þannig, að það skyldi vera til endurskoðunar annaðhvort 1990 eða árlega. Það breytir þess vegna sáralitlu þegar svo er komið, að mínu mati, hvernig þetta er orðað. Ef samþykktin er til endurskoðunar verður henni aðeins hrundið samkv. reglum Alþjóðahvalveiðiráðsins með ¾ atkv. Þetta kom m. a. fram á fundi utanrmn. í morgun. Ég var að vísu ekki þar staddur þá, en hjá nefndinni mætti Þórður Ásgeirsson, sem var lengi formaður Alþjóðahvalveiðiráðsins, og mun, eftir því sem ég best veit, hafa gert nefndinni grein fyrir þessu.

Ég skal ekki fara um málið mörgum orðum í viðbót, en ég vil þó nefna það, sem hér kemur fram, að Alþjóðahvalveiðiráðið hefur í þeim gögnum, sem hér er vísað til, flokkað þær hvalategundir, sem hér eru veiddar, sem tegundir í jafnvægi sem rétt sé að nýta. Að sjálfsögðu hlýtur þetta að breytast með samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algert bann, en þetta er það sem lá fyrir í þeim niðurstöðum frá Alþjóðahvalveiðiráðinu sem eru frá mars 1982.

Hér er einnig nefnt að hafa beri í huga hvaða áhrif alger friðun kunni að hafa á lífríkið almennt. Um þetta geta menn eflaust deilt og eflaust er erfitt að meta slíkt, en upplýst var þó á fundi hjá utanrmn. af vísindamönnum að áætlað er að hvalir og selir þurfi um það bil 4% af þunga sínum á dag. Það þýðir u. þ. b. 14—15 faldan þungann á ári. Langreyður, sem er um 60 tonn, þarf því um 900 lestir af lífríki sjávar á ári og áreiðanlega neytir ekki önnur skepna þess á eftir. Menn skulu ekki algerlega gleyma þessu — eða t. d. því, hvaða áhrif það mun hafa ef friða á selastofninn, sem nánast stefnir í af markaðsástæðum sem við ráðum ekki við. Norðmenn hafa unnið að þessum málum og skoðað þau og hafa birst í fjölmiðlum tölur, sem ég held að menn ættu að íhuga nokkuð. Það fer áreiðanlega að þrengjast um okkar fiskistofna ef friða á bæði hvalinn og selinn.

Mér er ljóst, eins og ég sagði áðan, að þrýstingur mun eflaust verða á okkar fyrirtæki, sem starfa erlendis og selja okkur afurðir. Nákvæmlega sömu hótanir komu fram gagnvart Japönum – mjög ákveðnar og harðar – í Bandaríkjunum, en eftir því sem ég hef getað aflað mér upplýsinga um hafa þær engin áhrif haft. Ég ræddi við sjútvrh. Norðmanna um þessi mál. Þeir höfðu sent menn til Bandaríkjanna til að gera sér grein fyrir þessum þætti. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að ákveða afstöðu með tilliti til hótana Bandaríkjamanna og mótmæltu. Hitt er mér svo fyllilega ljóst, að útflutningsafurðir okkar kunna að vissu leyti að vera viðkvæmari fyrir þessu en Norðmanna. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna selur í Bandaríkjunum mjög mikið undir íslensku merki, sem er mikið auglýst, og því auðvelt að ná áróðurslega tökum á því. Norðmenn gera það langtum minna. Ég er því með þessu alls ekki að gera lítið úr áhrifum slíkra mótmæla, enda hef ég ætíð lagt áherslu á að með áhrifum þeirra beri að fylgjast. Ég er hins vegar, af þeim ástæðum sem ég rakti áðan, eindregið þeirrar skoðunar, að það beri að mótmæla þessari samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og áskilja okkur þannig rétt til að halda áfram hvalveiðum 1986. Það kann vel svo að fara, að menn komist að þeirri niðurstöðu að það verði ekki rétt. En ef við mótmælum ekki höfum við tapað af rétti okkar. Ég held að menn verði að hafa það ákveðið í huga.

Hér kemur stundum fram að menn geti endurskoðað þetta mál. Það er oft sagt: Er ekki hægt að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og hefja hvalveiðar? Hafréttarsáttmálinn vísar til þess, að þegar um flökkustofn er að ræða beri að fara eftir samþykktum alþjóðastofnana. Það er engin önnur alþjóðastofnun í hvalveiðimálum en Alþjóðahvalveiðiráð. Eitt land hefur sagt sig úr ráðinu nýlega. Það eru Kanadamenn. Fulltrúi þeirra sagði við mig, þegar ég spurði hann hvers vegna þeir gerðu þetta, að það væri vegna þess að starfsemi þessa ráðs væri ekki orðin marktæk, það væri ekki byggt þar lengur á vísindalegum niðurstöðum. Þeir hafa að vísu hætt

hvalveiðum að mestu, en stunda veiðar á smáhveli í vissum stöðum því að Alþjóðahvalveiðiráðið hefur samþykkt að frumstæðar þjóðir eða frumbyggjar, aborigines eins og það er kallað á ensku, megi stunda hvalveiðar til eigin nota. Það eru nokkrar mjög fágætar hvalategundir veiddar þannig. Bandaríkjamenn hafa barist ötullega fyrir því að Eskimóar í Alaska megi stunda hvalveiðar. Að vísu er það mjög takmarkað. Þetta er kannske táknrænt fyrir það, hve þjóðirnar hugsa mjög um sína eigin hagsmuni þegar að svona málum kemur. Þeirra hagsmunir eru allt aðrir en okkar.

Á þetta vildi ég leggja áherslu: Ef við mótmælum ekki er enginn vafi í mínum huga, og tel ég mig hafa þaulskoðað það, að afturkoma til hvalveiða verður vægast sagt erfið og ekki nokkrar líkur til þess að það verði unnt innan Alþjóðahvalveiðiráðsins því að þar þarf að samþykkja breytingu með ¾ atkv. Ég hygg að menn geti allir hér gert sér grein fyrir því, eins og þar er háttað þátttöku, að slíkur meiri hluti næst ekki. Þess vegna tel ég sem sagt, að það eigi að mótmæla. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en endurtek að ég hef ekki litið á þetta sem flokksmál. Ég vil taka það hér fram, að í mínum flokki eru menn algerlega óbundnir af þessu máli. Og ég mun að sjálfsögðu hlíta þeirri niðurstöðu sem hér fæst.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur nú lokið máli sínu og lesið m. a. upp þá yfirlýsingu ríkisstj. sem hann hyggst munu senda í nafni hennar, verði niðurstaða Alþingis sú að mótmæla beri þessu allsherjarbanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég hlýt að segja að eðlilegra hefði mér þótt að vilji Alþingis hefði verið kannaður fyrr að því er varðar þáltill. hv. þm. Eiðs Guðnasonar um það að mótmæla bæri þessu allsherjarbanni fremur en að ríkisstjórn Íslands verði hugsanlega að ganga í sig með yfirlýsingu sem hún þegar hefur gefið frá sér. Mér segir svo hugur um, að sú yfirlýsing, sem hæstv. sjútvrh. las upp, verði ekki send í því formi sem hún var kynnt nú, einfaldlega vegna þess að ég sé ekki betur en líkur séu á að meiri hluti Alþingis mótmæli ekki.

Þetta er vissulega stórt mál og viðurhlutamikið og viðkvæmt fyrir okkur Íslendinga. Ég verð að segja, að fyrir mig, og ég get ímyndað mér fyrir fleiri, er þetta sannkallað kvalræðismál, — að þurfa, eins og mér sýnist málin horfa nú, að beygja sig undir hótanir frá erlendu stórveldi sem byggir afstöðu sína á öfgafullri afstöðu náttúruverndarmanna. Nú vil ég ekkert slæmt segja um náttúruvernd og hef fulla samúð með þeim sem vilja hlífa náttúrunni við óhæfilegum ágangi manna. En ég hlýt að láta það álit í ljós að málið allt, einmitt fyrir tilverknað náttúruverndarmanna, er byggt á veikum og heldur ankannalegum forsendum. Það hefur verið talað um og rökstutt með allöruggum vísindalegum rökum að hér sé ekki fyrst og fremst spurningin um ofveiði og útrýmingarhættu hvala, þó að engin vísindaleg vissa liggi raunar fyrir í hvoruga áttina. Hér séu fremur að verki tilfinningalegar ástæður ákafra manna sem sjást lítt fyrir í ákafa sínum. Þetta kemur þannig út, að veist er að smáþjóð sem á svo til alla sína afkomu undir veiði sjávarfangs. Enda þótt þáttur hvalveiða og þeirra afurða sem við flytjum út af hvölum nemi aðeins 1—2% af útflutningi er þó hér um að ræða atvinnu sennilega um 250 manna á Íslandi og framtíð og starfrækslu vel rekins atvinnufyrirtækis er stefnt í voða.

Ég verð að segja það, að mér finnst hart að við þurfum að hlíta ákvörðun og áhrifum einhverra „græningja“ úti í heimi, sem ekki hafa nokkra aðstöðu til að meta þær ráðstafanir, sem þeir standa fyrir, og hvaða áhrif það hefur á líf þeirrar þjóðar sem í hlut á. Íslendingar eru vissulega þar á meðal. Hér eru tilfinningarnar látnar ráða. Ekki skal ég amast við því að fólk hafi heitar tilfinningar fyrir málum sem það hefur sannfæringu fyrir. En m. a. kemur það harla furðulega fyrir þegar vitnað er í greind hvala umfram önnur spendýr. Ég veit ekki til að vísindamenn hafi haft aðstöðu til að mæla greindarvísitölu hvalanna í sjónum. En hitt er annað mál, að við vitum að við lifum á og erum sífellt að ráða af dögum bráðgreind spendýr með heitu blóði hér allt í kringum okkur. Mér dettur nú í hug refurinn, sem við notum til nytja með því að selja loðskinn. Ég get nú eiginlega sagt að ég sé alin upp með refum því að heima í Vigur vestur frá rákum við refabú um langt skeið og ég kynntist þar árum saman skemmtilegum vitsmunum tófunnar. Vinfengi og jafnvel kærleikar voru með refnum og manninum á þeim bæ. En eins og ég segi: Hér er sýndarmennska og óyfirvegaðar tilfinningar látnar ráða allt of miklu og hafa stórskaðleg áhrif á hagsmuni þjóða sem í hlut eiga.

Ég lýsi því yfir hér, og það mun koma síðar fram, að ég hef við skulum segja heykst á að mótmæla hvalveiðibanninu einfaldlega af því að ég met það svo, að með því að mótmæla væri ég að fórna smáum hagsmunum fyrir aðra margfalt stærri. Ég þori einfaldlega ekki að taka þá áhættu að við stefnum okkar aðalútflutningsmörkuðum í hættu með því að það er búið að heilaþvo bandaríska neytendur þannig að með einhverjum ráðum verður þeim bægt frá því að kaupa íslenskan fisk, ekki hvað síst, eins og hér kom raunar fram, að sölumerki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna er einmitt „Icelandic“ sem aðalmerki svo að það er engum blöðum um það að fletta hvaðan fiskurinn kemur.

Ég veit að hér er ekki ótakmarkaður tími til stefnu, en með tilliti til þess sem kemur fram í báðum nál. hv. utanrmn. og kom raunar fram í máli hæstv. sjútvrh. líka, þá vil ég leggja áherslu á það og tjá það sem mína skoðun, að það sé óþarfi að vera vonlaus um að hvalveiðimálin muni á ný snúast okkur í vil. Ég vænti þess fastlega að af krafti verði unnið að frekari vísindalegum rannsóknum, sem hugsanlega geti komið vitinu fyrir þá menn sem hér ganga fram í broddi fylkingar í því er ég vil kalla skemmdarstarfsemi gagnvart atvinnulífi smáþjóðar sem við Íslendingar erum.

Hér hefur verið gengið fram af óþolandi offorsi. Ég vil að lokum segja það, að ég hlýt að láta í ljós undrun mína og vanþóknun á framkomu bandarískra stjórnvalda í þessu efni. Bandaríkjamenn eru okkur vinveitt bandalagsþjóð. Mér finnst fara illa á því, að í frammi séu hafðar hótanir um viðskiptaþvinganir verði ekki farið að óskum Bandaríkjastjórnar um að við mótmælum hér ekki, en þegjum og hlýðum.

Ég vil jafnframt benda á að það væri fullkomin ástæða til þess að við Íslendingar bærum fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna umkvörtun, mótmæli og jafnvel kæru á hendur þeim sem þannig fara að gagnvart okkur. Auk þess vil ég benda á, að þeir 66 starfsbræður okkar í öldungadeild Bandaríkjaþings, sem senda okkur undirskriftaskjal, ættu skilið að við

svöruðum þeim í sama dúr, sendum okkar greinargerð eins harðorða og við höfum tilefni til og þeir fengju að hugsa sinn gang og reyna að setja sig inn í okkar sjónarmið og skilja þá hagsmuni, sem við höfum hér að gæta.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en nauðug viljug mun ég greiða atkv. með því að mótmæla ekki þessu hvalveiðibanni.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Mér þótti þetta merkileg ræða sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir flutti hér áðan. Hún sagði okkur frá skoðun sinni og innstu hjartans sannfæringu um það, að samviska hennar segði henni að við ættum að mótmæla þessu banni, við ættum ekki að una hótunum. Engu að síður sagði þessi hv. þm. að hún hefði heykst á því að greiða atkv. eins og samviska hennar byði, hún hefði heykst á því og mundi mæla með því að við mótmæltum ekki, vegna þess að okkur væri hótað. Þetta er kjarni þess máls sem hér er um að ræða.

Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með því hér undanfarna daga hvernig hver hv. þm. á fætur öðrum hefur heykst í afstöðu sinni til þessa máls vegna hótana þrýstihópa og vegna ósmekklegra hótana erlends stórveldis, sem virðist þeirrar skoðunar að Ísland sé einhvers konar þriðja flokks bananalýðveldi, hvers skoðanir séu falar fyrir fáeina fiska. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með fulltrúum þrýstihópa, sem á vondu máli eru kallaðir „lobbyistar", sem hafa verið hér tíðir gestir og hafa greinilega haft árangur sem erfiði. Fulltrúar þeirra þrýstihópa sem nú beita Íslendinga viðskiptalegum hótunum, hóta að taka okkur efnahagslegu kverkataki ef við ekki förum að þeirra óskum. Mér sýnist margt benda til að nú sé meiri hl. þm. á þeirri skoðun að okkur beri ekki að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og það sé vegna þess að við erum beitt hótunum.

Hafa skulum við það í huga að fleiri þjóðir hafa mótmælt. Norðmenn hafa mótmælt, Sovétmenn hafa mótmælt, Japanir hafa mótmælt og Perúmenn hafa mótmælt. En þessir þrýstihópar ráðast ekki á þessar þjóðir. Þetta eru stærri þjóðir og voldugri en við. Þeir ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur og þar sem þeir telja sig eiga auðveldast með að koma sínum skoðunum fram. Þetta er vert að hafa í huga.

Mér þykir það miður að utanrmn. skyldi ekki hafa náð samstöðu um þá till. sem ég lagði hér fram um miðjan nóv. Ég lýsi stuðningi við þá till. sem minni hl. n. hefur hér lagt fram. Ég vil hins vegar víkja fáeinum orðum að hlut ríkisstj. í þessu máli.

Hæstv. iðnrh. kom hér í ræðustól áðan og sagði að ríkisstj. hefði enga ályktun gert í gær. Hann las síðan þingheimi bókun, sem hann hafði gert á fundi ríkisstj. í morgun, að mér skildist. Í Morgunblaðinu í dag, sem er nú kannske ekki algild heimild um störf ríkisstj. stendur — og því hefur ekki verið mótmælt hér í umr. í dag: „Ríkisstjórnin samþykkti samhljóða á fundi sínum í gærmorgun að mótmæla og varð samþykktin til þess að þm. Alþb. réðust harkalega á ríkisstj. og ráðh. á Alþingi í gær."

Hér var í umr. í dag vitnað til samþykktar — eða niðurstöðu skulum við kalla, það er í rauninni leikur að orðum að gera mikið mál úr því, — ríkisstj. í gær sem vitnað var til hér í ræðu frsm. minni hl. utanrmn., hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. Þar sagði með leyfi forseta:

„Afstaða til samþykktar Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun hvalveiða var til umræðu á fundi ríkisstj. í dag." Þetta er frá í gær. „Á grundvelli þeirra skoðanaskipta, sem þar fóru fram, varð niðurstaðan að sjútvrh. mun bera fram mótmæli af Íslands hálfu við ályktuninni um stöðvun hvalveiða."

Varð niðurstaðan, stendur þar. Menn geta kallað það hvað sem þeir vilja, samþykkt eða ályktun, en þetta varð niðurstaðan af fundi ríkisstj. í gær. Það er kannske ekki ástæða til að fara mjög mörgum orðum um þetta sérstaklega, en engu að síður er ástæða til að ræða þetta mál nokkuð efnislega svo sem aðrir hv. þm. hafa hér gert.

Auðvitað er það ljóst að það eru miklir hagsmunir hér í húfi, ef það reynist rétt að þessi þrýstihópasamtök, þessir náttúruverndarmenn, sem eru hér að misnota þann góða málstað sem náttúruvernd almennt er, ef þeir hafa það vald yfir bandarískum neytendum að þeir geta tekið okkur efnahagslegu kverkataki. Auðvitað er það alvarlegt mál. En hver segir að svo muni verða? Hver segir að bandarískir fiskkaupendur og neytendur láti segja sér fyrir verkum með þeim hætti?

Ég man ekki betur en vestur í Kaliforníu í Bandaríkjunum væri langvinnt verkfall í fyrra eða hitteðfyrra, kannske aðeins lengra síðan, þar sem ávaxtatínslumenn fóru í verkfall sem stóð í meira en eitt ár. Bandarísku verkalýðssamtökin hugðust beita sér fyrir víðtækum mótmælaaðgerðum og vörðu m. a. til þess ærnu fjármagni að hvetja fólk til að kaupa ekki vínber og ávexti frá Kaliforníu, sem verkfallsbrjótar höfðu tínt. En hvaða áhrif hafði það? Það hafði engin áhrif. Þessir ávextir héldu áfram að seljast eftir sem áður, dró kannske eitthvað lítillega úr, en varla svo að marktækt væri.

Ég held að menn mikli mjög fyrir sér — þó ég skuli að vísu ekki draga úr því, að þessir hópar hafa bæði peninga og tíma til að sinna sínum áhugamálum — ég held að menn mikli mjög fyrir sér hver áhrif þessir hópar muni hafa á sölu á íslenskum fiskafurðum vestan hafs. En mergurinn málsins er bara sá, að við eigum að láta á það reyna. Við eigum ekki að beygja okkur fyrir hótunum. Ef þessir aðilar eru þess umkomnir að taka okkur efnahagslegu kverkataki, þá skulum við láta það koma í ljós og láta á það reyna. Við skulum þá gefast upp með heiðri og sóma. Enginn má við margnum, þegar við sjáum að við ofurefli er að etja. En við skulum ekki liggja hundflatir fyrir fram.

Það er aldeilis með ólíkindum hversu áberandi hið tvöfalda siðgæði er í þessum efnum. Það er verið að tala um það, að við séum að brjóta alþjóðareglur. Þetta er víðs fjarri. Með því að mótmæla erum við að fara eftir reglum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við erum að fara eftir leikreglum, sem það hefur sett, við erum að notfæra okkur þann rétt sem við eigum sem aðilar að þeirri samkomu Alþjóðahvalveiðiráðsins sem hv. þm., sem hér hafa talað á undan mér, meira að segja þeir sem ekki vilja að mótmælt sé, lýsa sem hálfgerðri skrípasamkomu, að ekki sé sterkar til orða tekið. Við erum ekki að brjóta neinar reglur. Við erum að fara eftir reglum Alþjóðahvalveiðiráðsins og við erum að tryggja okkar rétt í framtíðinni.

En hið tvöfalda siðgæði er á mörgum sviðum. Bandaríkjamenn, sem hvað harðast ganga fram í því að við

mótmælum ekki þessari samþykkt og beita til þess vægast ósmekklegum aðferðum að mínum dómi, hafa ekki séð sér fært að undirrita alþjóðahafréttarsáttmálann. Hvers vegna ekki? Þeir telja það stríða gegn hagsmunum sínum. Eigum við að beita okkur fyrir efnahagslegum refsiaðgerðum gegn Bandaríkjunum vegna þess að þau vilja ekki undirrita hafréttarsáttmálann, sem við höfum undirritað? Auðvitað getum við það í fyrsta lagi ekki og í öðru lagi er það fáránlegt. Það er jafn fáránlegt og að þeir séu að skipta sér af okkar málum.

Hið tvöfalda siðgæði kemur svo enn betur í ljós þegar að því er hugað, að á hverju ári eru drepnir 40—50 þús. höfrungar undan vesturströnd Bandaríkjanna. Þar eiga Bandaríkjamenn ekki alla sök, en bróðurpart sakar eiga þeir sannarlega þar. Hvernig eru þessir höfrungar drepnir og hvers vegna eru þeir drepnir? Þeir drepast þegar menn eru að veiða túnfisk í hringnót, 40—50 þús. höfrungar á ári. Alþjóðahvalveiðiráðið skiptir sér ekki af því. Höfrungar eru að vísu taldir, svo að ég víki að greindarvísitölu hvala eins og gert hefur verið hér, kannske greindastir þeirra dýra og þeir sem leiddu vísindamenn inn á þær brautir að fara að huga að greind þessara dýra. Nei, höfrungar koma Alþjóðahvalveiðiráðinu ekkert við vegna þess að þeir eru flokkaðir sem smáhveli. Þeir eiga þess vegna formælendur fáa í þeim hópum náttúruverndarmanna sem nú beita sér gegn okkur. Þetta er vissulega tvöfalt siðgæði.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að þetta mál snýst um það, hvort við ætlum að standa uppréttir og horfa framan í fólk eða hvort við ætlum að láta kengbeygja okkur með hótunum einum saman, sem við vitum ekkert hvaða alvara fylgir. Ég vék að því hér áðan, að þrýstihópafulltrúarnir hefðu verið hér á fullri ferð í sölum þingsins og haft árangur sem erfiði. En þeir hafa komið víðar við sögu. Ég held að fréttaflutningur Ríkisútvarpsins allar götur síðan í síðustu viku verði, þegar hann er skoðaður hlutlægt og metinn eftir á, skólabókardæmi um það hvernig ekki á að vinna og hvernig ekki á að fjalla um svona mál í hlutlausum ríkisfjölmiðli. Í gærkvöld var það haft eftir Bandaríkjamanni, fréttamaður útvarpsins í Bandaríkjunum hafði það eftir honum orðrétt, að Íslendingar hefðu aldrei skilað neinum gögnum til vísindanefndar hvalveiðiráðsins. Fleipur, ósannindi og bull. Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar leiðrétti þetta í fréttatíma í gærkvöldi, en e. t. v. hafa fleiri heyrt hinar röngu upplýsingar en leiðréttinguna sem kom þar á eftir.

Í íslenska ríkisútvarpinu hafa nær eingöngu heyrst sjónarmið bandarískra náttúruverndarmanna. Það hefur ekki verið talað við fólkið, sem vinnur að þessum störfum, þær 200–250 fjölskyldur, sem eiga sitt undir þessari starfsemi og sem þeir fulltrúar Alþb. sem hér hafa talað virðast ekki hafa sérstaklega miklar áhyggjur af, eins og fram kom í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hér fyrr í kvöld. (**GJG:** Það vinna mörg þúsund manns í frystihúsunum.) Já, víst er um það, það vinna margir í frystihúsunum, sem betur fer, og hafa þar vinnu. Og það er ekkert um það vitað, hvort atvinnu þess fólks er stefnt í hættu með þeirri aðgerð sem talað er um. Það er ekkert um það vitað, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, og við höfum ærið svigrúm til þess að fylgjast með því hvað gerist, þótt svo við notfærum okkur allan okkar rétt í þessum efnum.

En ég ætla að víkja aftur að fréttaflutningi Ríkisútvarpsins sem hefur verið alveg með eindæmum. Mætti helst þá ályktun draga, að almenningur í Bandaríkjunum hugsaði ekki um annað, talaði ekki um annað og dreymdi ekki um annað þessa dagana en hvalveiðar við Ísland. Ég held að með þessum fréttaflutningi hafi verið gefin alröng mynd. Það hefur aldrei, svo að ég hafi heyrt, verið talað við heimamenn. Það hefur ekki verið talað við fulltrúa þess sveitarfélags, þar sem þessi starfsemi fer fram. Það hefur ekki verið talað við áhafnirnar á skipunum, það hefur ekki verið talað við fólkið sem vinnur að þessari vinnslu. Ríkisútvarpið hefur enga ástæðu séð til þess. Hins vegar hefur þótt ástæða til að flytja fréttir af afstöðu bandarískra náttúruverndarsamtaka og hótunum, sem yfir okkur dynja þaðan því sem næst á hverju kvöldi. Þetta er dæmi um það hvernig ekki á að vinna að svona málum og verður tekið upp síðar á þeim vettvangi sem það á kannske betur heima.

Við skulum hafa það í huga, að þeir þrýstihópar sem hér er um að ræða hafa ekki aðeins beitt hæpnum fullyrðingum, þeir hafa beitt hreinum ósannindum hvað eftir annað, eins og ég rakti hér í ræðu fyrir fáeinum dögum, þegar um var að ræða þá auglýsingu sem birt var hér í blöðum. Sjálfsagt hafa þessir þrýstihópar menn á launum hér við að koma sínum málum á framfæri. Það er sjálfsagt þannig sem þessir hópar vinna og við því er ekkert að segja, en það verður að gera þær lágmarkskröfur að farið sé rétt með og ekki sé farið með fleipur og hrein ósannindi.

Nú horfir svo, að meiri hluti þm. muni beygja sig, muni heykjast og beygja sig fyrir kröfum þessara þrýstihópa. Við skulum hugsa málið svolítið lengra. Það er þetta í dag, það er hvalurinn í dag. Hvað kemur næst? Þetta er spurning um það, hverjir stjórna nýtingu okkar á þeim auðlindum sem við byggjum lífsafkomu okkar á. Ef samþykkt verður núna að mótmæla ekki þessari samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og fara þar með að þeim reglum sem þar gilda, hvað kemur þá næst? Hverjir segja okkur fyrir verkum næst? Það eru alveg hreinar línur og augljóst að Alþingi er að láta þrýstihópa segja sér fyrir verkum. Þm. hafa viðurkennt það hér að þeir eru að heykjast á skoðunum sínum vegna þrýstings, vegna ótta um að íslenskum hagsmunum í Bandaríkjunum sé hætta búin á fisksölumarkaði þar. Ég get út af fyrir sig skilið þau sjónarmið. En við eigum að láta á það reyna, hvert afl þessara hótunarmanna er, og hvort þeir í raun og veru muni gera alvöru úr þessum hótunum sínum. Við eigum að láta á það reyna, hvort ríkisstjórn Bandaríkjanna gerir alvöru úr því að beita okkur efnahagslegum þvingunum. Við eigum ekki að beygja okkur fyrir þessum hótunum einum saman.

Sérstakur kafli þessa máls er það sem frá var greint í blöðum í gær, að Íslendingum væri boðið að veiða við Bandaríkin. Skilyrði að hvalveiðibanninu verði ekki mótmælt, segir í Morgunblaðinu, með leyfi forseta. Athyglisvert en óviðeigandi tilboð, segir Steingrímur Hermannsson sjútvrh. Það er vægt til orða tekið, að þetta sé óviðeigandi tilboð. Ég hefði satt að segja aldrei trúað því að ríkisstjórn Bandaríkjanna, að bandarískur ráðh. mundi voga sér að skrifa hingað slíkt bréf sem Morgunblaðið greinir frá að lagt hafi verið fram á fundi utanrmn. í gær. Þar segir með leyfi forseta:

„Í bréfinu voru m. a. reifaðar þær hugmyndir, að mótmæltu Íslendingar ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins gætu komið á móti veiðiheimildir íslenskra fiskiskipa innan bandarískrar lögsögu.“

Sem sagt, við viljum versla. Ég hélt að við værum ekki til sölu. En því miður sýnist mér að svo kunni að fara vegna hótana þessara þrýstihópa, að menn séu með nokkrum hætti til sölu. Það er mín persónuleg skoðun, að með því að láta undan hótunum með þessum hætti, og láta ekki á reyna, með því að láta undan hótunum með þessum hætti verði Alþingi Íslendinga sér til ævarandi skammar. Ég vona sannarlega að svo verði ekki.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vík kannske örfáum orðum fyrst að ræðu hv. síðasta þm. sem hér talaði, ekki vegna þess að það hafi neina efnislega þýðingu, heldur aðeins til að láta í ljós – ja, ég vil nú segja nærri því furðu mína á því orðbragði sem hann hér hafði og þeim tilfinningahita, sem greip hann út af þrýstihópum og „lobbyistum“ sem hann svo kallaði, sem hér hefðu verið í þinghúsinu. Enginn maður hefur komið í þinghúsið að tala við mig, nema ég hitti af tilviljun forstjóra Hvals hér áðan og hann var með eina litla gamansögu. Við hins vegar í utanrmn. höfum kallað fyrir okkur mjög marga menn.

Ég skal alveg játa það, að þetta er erfitt mál viðureignar. Ég hef ekki hugsað um annað núna síðustu sólarhringana en einmitt þetta mál og hvernig heppilegast væri á því að taka. En mér hefur ekki dottið í hug að láta undan þrýstihóp af nokkru tagi, enda hefur enginn þrýstihópur reynt að hafa áhrif á mig, nema þá þessi bréf sem komið hafa frá Bandaríkjamönnum og þau hafa ekki snert mig nokkurn skapaðan hlut, bókstaflega ekki, né tal um það að við ætlum að versla við þá, láta eitthvað undan einhverjum þrýstingi af þeirra hálfu.

Það vill nú svo til, að Bandaríkjamenn veiða alls ekki hval, a. m. k. ekki þann sem fellur undir Alþjóðahvalveiðiráðið. Þeir veiða kannske einhverja höfrunga, ég veit ekki um það. Þeir eru ekki að gæta eigin fjárhagslegra hagsmuna þarna, alls ekki. (Gripið fram í.) Það fást þá skýringar á því hvernig þeir fara að því og að tala um bananalýðveldi í þessu sambandi. Það sem menn kalla bananalýðveldi er það þegar einhverjir auðhringar eru að reyna að fá aðstoð stjórnvalda til þess að arðræna þjóðir, svo að ég noti nú það orð sem venjulega er notað um þetta atferli, þar sem það tíðkast. Það á auðvitað ekki við hér. Ég endurtek, Bandaríkjamenn veiða alls engan hval og hafa engra peningalegra hagsmuna að gæta í þessu efni. Og þessi spurning um það, hvort við ætlum að standa uppréttir eða kengbeygðir. Ég ætla svo sannarlega að leggja til að það verði ekki mótmælt, og ég ætla ekki að beygja mig nokkurn skapaðan hlut, því mér finnst ég vera fullt eins réttur ef ekki réttari eftir, af því að ég þori að horfast í augu við staðreyndir.

Ég hef reynt að gera mér glögga grein fyrir málinu, eins glögglega og ég get með því að kynna mér öll þau skjöl sem ég hef getað höndum yfir komist nú síðustu daga. Ég skal játa það að ég hafði ekki kynnt mér þetta mál nægilega vel. Þetta er hið furðulegasta mál. Hér hefur komið fram að það eru a. m. k. þrjár útgáfur af ályktuninni, sem hér hafa verið í umferð, mjög mismunandi að efni, og á röngum forsendum hafa menn verið að mynda sér skoðanir og vinna eftir röngum vinnuplöggum. Það eru þrjár útgáfur komnar af þessu skjali og þetta er ályktun sem samþykkt var í sumar. Sú síðasta kemur ekki fyrr en 2. sept. Því hafa menn ekki gert sér grein fyrir fyrr en í gær. Samkv. því – og það er sú rétta væntanlega – samkv. því er ekki útrunninn okkar frestur til að mótmæla. 180 dagarnir eru ekki liðnir frá 2. sept. og ráðinu ber að tilkynna hverju einasta ríki um samþykktir. Sú samþykkt barst okkur ekki fyrr en einhvern tíma eftir 2. sept. Þess vegna væri mánuður til stefnu. Við þyrftum ekki endilega þess vegna að mínu mati að afgreiða málið í kvöld. Við skulum bara gera það engu að síður. En það sem er kannske hálfu verra er að ef við ætlum að mótmæla, þá skyldum við ekki gera það um leið og hinar fjórar þjóðirnar, sem hér voru upp taldar, þ. e. Noregur, Sovétríkin, Japan og Perú, gerðu það. Þá hefði þó ekki athygli alheimsins beinst að okkur Íslendingum einum, sem talið er að séu að mótmæla á síðasta degi, að við séum eina rányrkjuþjóðin í heiminum. Hinar eru kannske meira og minna gleymdar eins og hér kom fram. Þá er það nú svo, að ég hef séð dreifimiða og orðið var við áróður svipaðan og beitt er gegn okkur, gegn Japönum og öðrum. En þetta er nú heldur ekki aðalatriðið.

Hæstv. sjútvrh. sagði að við mundum tapa af einhverjum miklum rétti ef við ekki mótmæltum. Þannig hefur málið verið lagt fyrir. Ég vil segja það – og þið fyrirgefið þó að ég minni á að ég hef setið 12 fundi síðustu hafréttarráðstefnu og þannig samanlagt allt upp undir eitt ár verið að hlusta á raddir manna og reyna að kynnast sjónarmiðum þeirra og – (Gripið fram í.) já, ég segi það án þess að vera nokkuð feiminn, ég hef reynt að leggja mig fram um að kynna mér hafréttarmálefnin eins og ég hef getað, ég held að við séum ekki að tapa af neinum rétti í bókstaflegri merkingu. Ég held að eftir þessar 3 vertíðir, sem við þó höfum áfram, verði engar hvalveiðar heimilaðar, hvorki þessum fjórum þjóðum sem mótmæltu né neinum öðrum. Það getur orðið eitthvað síðar, að þá verði heimilaðar hvalveiðar.

Ég hygg að á þessum fjórum árum muni jafnvel þetta Alþjóðahvalveiðiráð verða lagt niður og þjóðirnar mynda aðra stofnun. Þetta ráð er ekki byggt á ákvæðum hafréttarsáttmálans, enda voru þessi samtök orðin til löngu áður en hann sá dagsins ljós. Ég held að þetta mál verði allt saman tekið upp í heild og reynt að finna heppilega niðurstöðu. Og hver er þá andi hafréttarsáttmálans og hvernig á að vinna að þessu máli? Hann er sá, að þjóðirnar eigi að hafa samstarf, þær eigi að mynda með sér samtök til nýtingar á auðæfum hafsins. Ég sagði: til nýtingar, en auðvitað fyrst og fremst til verndar, það er rétt. En það fer alltaf saman í öllum ályktunum, í öllum greinum þar sem um þessi mál er fjallað, að það eigi ekki einungis að vernda fiskinn eða hvalinn eða auðæfi hafsins. Það eigi líka að nýta þessi auðæfi.

Þegar síðasta hafréttarráðstefna hófst lá fyrir tillaga frá Möltu, sem vakti heimsathygli, um það að úthöfin skyldu verða sameiginleg arfleifð mannkyns, sameign mannkynsins. Það ætti ekki eingöngu að vera í þágu strandþjóðanna, heldur líka til þess að næra sveltandi þjóðir, og allar þjóðir heims ættu ítök í þessum auðæfum. Út á það hefur allt starfið gengið.

Að vísu hafa strandþjóðirnar gengið miklu lengra en

landlukt ríki hafa viljað og við höfum reynt að ná því sem við höfum getað. Ég er ekki barnanna bestur í því efni. Ég á mikið eftir óunnið á því sviði, að því er hafsbotninn varðar, og við hér á Alþingi að tryggja okkar réttindi þar eftir hafréttarsáttmálanum. En við verðum að hafa í huga að þessir stofnar, hvalastofnarnir, eru því miður alls ekki eign Íslendinga. Þeir dvelja hér skamman tíma árs. Þeir eiga afkvæmi sín suður undir miðbaug. Þetta er sameiginleg eign mannkyns í skilningi hafréttarsáttmálans. Sjálfsagt er að nýta þennan stofn, ekki ofnýta hann og ekki vannýta hann. Það er líka það sem hafréttarsáttmálinn segir. Að því verður unnið að því er þessa stofna varðar eins og öll önnur auðæfi hafsins á næstu árum að siðaðra manna hætti með samkomulagi, umræðum, rökræðum, gagnrýni, mótmælum, þar sem það á við.

Ég held að við missum nákvæmlega engan rétt ef við samþykkjum það nú í kvöld að mótmæla ekki. Ég held jafnvel að þegar við komum eftir 1 ár, 2 ár, 3 ár með meiri upplýsingar um hvalastofnana sem við erum að afla, meira en kannske nokkur annar af því að við erum nú að hvalveiðum þá verði okkur kannske tekið betur en hinum, sem voru að mótmæla, þegar farið verður að ákveða nýja kvóta. Og það er athyglisvert, þó að það þyki kannske formsatriði, að það er ekki talað um algert bann, eins og alltaf er verið að segja, heldur að kvótar skuli í bili miðast við núll. Af hverju haldið þið að það orðalag sé sett nema vegna þess að gert er ráð fyrir að það komi kvótar kannske einhvern tíma aftur? Þetta er samkomulagsorðalag sýnilega. Annars hefði verið sett þarna allsherjarbann.

Það er sagt, og það segir Þórður Ásgeirsson, sem sjálfsagt er fróðastur um þetta, að sá munur sem þarna kunni að verða á að mótmæla og mótmæla ekki sé helst sá, að óskir þessara fjögurra, sem þarna mótmæli, komi sjálfkrafa á dagskrá og umræður um þeirra kvóta. Ég held að það þurfi einfalda samþykkt í ráðinu til þess að sambærileg ósk frá Íslendingum fáist rædd. Ég á ekki von á að það fengist ekki einfaldur meiri hluti til að okkar óskir verði ræddar af því að við mótmæltum ekki, en hinna kröfur yrðu ræddar af því að þeir mótmæltu. Mér finnst það býsna ólíklegt að þær þjóðir sem vilja friða hvalastofnana neiti okkur um sama rétt og hinum, sem mótmæltu.

Það getur vel verið að mér skjátlist í einhverju af þessu. En ég held að við séum ekki að missa þarna a. m. k. neinn mikinn rétt. Í 64. og 65. gr. hafréttarsáttmálans er sérstaklega um það rætt, hvernig fara beri með flökkufiska þá sem æða um heimshöfin. Það er að vísu rætt um fiska í 5. gr., en í 120. gr. er vitnað til þess, að þetta skuli allt saman gilda einnig um hvalinn, og það eru einstaklega strangar reglur um það, að ein þjóðin, þar sem slíkir stofnar dvelja tiltölulega skamman tíma, megi ekki hirða allan fiskinn, heldur eigi að vera algert samkomulag um það hver skuli vera hlutdeild hvers og eins í slíkum stofni. Ennþá strangari reglur eru raunar um þá fiska sem hrygna í fersku vatni, t. d. laxinn. Þar má ekki við honum hreyfa nánast. Og samt eru Færeyingar að veiða þar í stórum stíl. En það er mál sem er fyrir utan umræðuefnið hér í kvöld, en verður svo sannarlega rætt nánar áður en langt um líður.

En af því að ég er að ræða um þetta get ég gjarnan minnt á það, að Íslendingum ætti nú að vera það í fersku minni að það er ætlast til þess að fiskstofnar séu nýttir. Í gegnum alla hafréttarráðstefnuna höfum við verið að berjast eins og við höfum lifandi getað við að halda inni íslensku greininni svokölluðu, 71. gr., sem undanþiggur okkur þeirri kvöð að aðrar þjóðir veiði innan landhelgi okkar, ef við ekki fullnýtum aflann. Það er sem sagt skylt að nýta aflann. Ef einhver þjóð getur ekki nýtt hann, þá er hún skyldug til að leyfa öðrum þjóðum að nýta hann. Svo langt er gengið í því að nýta á heilbrigðan hátt öll auðæfi hafsins.

Eins og ég sagði áðan eigum við ýmis réttindi ósótt og verðum að gera það af manndómi og reisn, sanngirni og skilningi og af metnaði auðvitað líka, en ekki af ofmetnaði, ekki með stóryrðum, ekki með óhæfilegri frekju. Við eigum að gera það á sama hátt og við hingað til höfum gert. Við eigum að vera friðunarþjóð og við eigum að vera framsækin í því að vernda auðæfi hafsins en nýta þau á heilbrigðan og skynsamlegan hátt og sleppa öllu ofstæki í því efni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka undir síðustu orð hv. 5. landsk. þm. þess efnis, að við eigum að vera friðunarþjóð í þeim skilningi að við eigum að nýta auðlindir hafsins í kringum okkur og ganga hvergi út fyrir þau mörk sem við teljum rétt í því sambandi. Það er athyglisvert að í þeim mikla bunka af alls konar upplýsingum sem safnast hefur upp hjá okkur alþm. varðandi hvalveiðibannið, er m. a. sérstaklega vikið að þessu af Sambandi ísl. náttúruverndarfélaga, en á aðalfundi þess hinn 2. júní s. l. var samþykkt ályktun um hvalveiðar. Ég skal reyna að lesa alla ályktunina til þess að ekki fari á milli mála hver var vilji Sambands ísl. náttúruverndarfélaga hinn 2. júní s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur SÍN haldinn í Reykjavík 2. júní 1982 ítrekar við sjútvrh. ályktun sambandsins frá 1980, þar sem segir m. a. að dregið skuli úr öllum hvalveiðum hér við land og að ríkisstj. geri Alþingi árlega grein fyrir störfum íslensku sendinefndarinnar á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Jafnframt lýsir fundurinn áhyggjum sínum yfir framkomnum hugmyndum um úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og leggur til að farið verði í reynd (sem er undirstrikað) eftir tillögum vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Aðalfundurinn hvetur til aukinna hlutlausra rannsókna á villtum spendýrum við og á Íslandi, svo sem hvölum, selum, hreindýrum, refum og minkum."

Svo mörg voru þau orð og býsna athyglisverð ef við höfum það í huga, að við stórhvalaveiðar hér á landi hefur verið farið í reynd eftir tillögum vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Mér finnst ástæða til að menn hafi þetta í huga, þegar við ræðum um nýtingu hvalastofnsins nú, og ég tel að draga verði þá ályktun af þessari samþykkt, að Samband ísl. náttúruverndarfélaga vilji í reynd að þannig verði haldið á þessu hvalamáli að við höldum rétti okkar framvegis til þess að nýta auðlindir hafsins, þar á meðal hvalastofnana hér við land.

Við skulum aðeins íhuga hvað við erum að gera þegar við leggjum til að mótmæla hvalveiðibanninu. Nú er það í fyrsta lagi svo, að sá er skýlaus réttur okkar samkv. reglum Alþjóðahvalveiðiráðsins, sá réttur er skýlaus. Mótmæli við þessu banni fela einungis í sér að

við viljum íhuga málið nánar, athuga okkar gang og sjá hvert framhaldið verður. Því var m. a. lýst yfir af frsm. meiri hl. utanrmn. hér í kvöld, að Alþjóðahvalveiðiráðið væri býsna skrýtin stofnun. Og hvers vegna skyldi honum hafa fundist það? Vegna þess að ályktanir þess eru ekki í samræmi við þær niðurstöður sem vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins kemst að. Það er ekki hægt að reiða sig á hvaða duttlungar ráða þar ferðinni. Og ef það er skoðað hver sé saga þessa ráðs og íhugað hvaða þjóðir réðu úrslitum um að hvalveiðibannni yrði komið á, sjáum við að forsjá þeirra þjóða, a. m. k. sumra hverra vildum við ekki hlíta. Ég vil taka ríki eins og Monaco sem dæmi. Kannske einhverjum detti í hug að við eigum að starfrækja spilavíti í hvalstöðinni eftir að hvalveiðar leggjast hér niður?

Bandaríkjamenn hafa ekki undirritað hafréttarsáttmálann. Í því felast mótmæli sem ég veit að skilningur er á á Bandaríkjaþingi. Ég efast ekki um að þeir muni skilja afstöðu okkar með hliðsjón af því, þegar við segjum að við viljum mótmæla nú samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins sem beinlínis brýtur í bága við stofnskrá þess ráðs sjálfs og er þar að auki í andstöðu við það yfirlýsta markmið hafréttarsáttmálans að hverri þjóð sé lögð sú skylda á herðar að nýta auðlindir hafsins í kringum sig.

Ég skildi það satt að segja ekki í ræðu hv. 8. landsk. þm. hér áðan hvernig hún gat komist að þeirri niðurstöðu að ekkert væri að knýja okkur til að mótmæla. Ég skildi ekki heldur þegar hæstv. iðnrh. komst að þeirri niðurstöðu, að við mundum fá aukið svigrúm ef við mótmæltum ekki. Í reglum Alþjóðahvalveiðiráðsins er þvert á móti gert ráð fyrir því að mótmælin gefi mönnum svigrúm. Til þess eru þau. Þetta er svona álíka umsnúningur á staðreyndum eins og þegar hann taldi það vænlegast til atvinnuuppbyggingar hér á landi að loka álverinu við Straumsvík. Þaðan af síður skildi ég þá niðurstöðu hv. 8. þm. Reykv. að meginkjarninn sé ekki sá að fólk erlendis hætti að kaupa íslenskan fisk. Við sem höfum fylgst með andrúmsloftinu hér á hinu háa Alþingi á undanförnum dögum og viljum reyna að skynja það andrúmsloft hlutlaust erum þvert á móti sammála um að það sem mestu veldur um að þm. veigra sér við að andmæla hvalveiðibanninu er ótti við að það muni skaða mikilvægari hagsmuni okkar. Að réttnefndir atvinnumótmælendur, sem studdir eru af fokríku fólki, muni með auglýsingabrellum, útistöðum og hvimleiðum athöfnum geta villt mönnum sýn með þeim afleiðingum að það skaði okkar viðskiptahagsmuni.

Og því miður verður þess of oft vart í málflutningi íslenskra manna, að þeir svona hálfvegis kætast eða a. m. k. snúast ekki öndverðir við því þegar þvílíkir hópar skaða íslenska hagsmuni. Ég er ekki í vafa um það, að ef enginn slíkur þrýstingur væri og ef hver og einn þm. mundi taka afstöðu til hvalveiðibanns nú eingöngu út frá vísindalegum niðurstöðum, hvað þeir telji að hvalastofninn þoli, þá mundi mikill minni hl. vera hér fyrir því að taka ákvörðun um stöðvun hvalveiða.

Auðvitað erum við, svo lítil þjóð sem við erum, svo háðir sem við erum einhæfum atvinnuvegum, viðkvæmir fyrir hvers konar truflunum á okkar mörkuðum. Við þurfum ekki annað en að líta á þær gífurlegu afleiðingar sem lokun skreiðarmarkaðarins í Nígeríu hefur á okkar efnahagslíf. Í ljósi þess er að sjálfsögðu skiljanlegt að menn sem bera ábyrgð á markaðsmálum okkar Íslendinga í Bandaríkjunum séu kvíðnir og vilji hafa borð fyrir báru. Ég skil vel þann hugsunarhátt að betra sé að fórna litlu til þess að komast hjá því að skaðast mikið. En ég met þetta öðruvísi en þessir menn. Ein skýringin á því er sú, að nú í desembermánuði rann út samningur sem Japanir höfðu gert um veiðar í bandarískri lögsögu. Þessi samningur rann út eftir að Japanir höfðu mótmælt hvalveiðibanninu. Eigi að síður var það samþykkt í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, að nýr samningur til 5 ára yrði gerður við þessa þjóð, og bandarísk stjórnvöld minnkuðu ekki aflakvóta japanskra fiskiskipa í bandarískri lögsögu. Með hliðsjón af þessu tel ég að óvinur okkar í þessu máli sé ekki í raun bandarísk stjórnvöld. Óvinurinn sem við erum að berjast við — og það er þess vegna sem menn eru svona hikandi — eru þessir, sem ég kalla atvinnumótmælendur, menn sem svífast einskis til að spilla árangri annarra ef þeir telja að með því fái þeir markmiði sínu náð. Menn sem hugsa: Tilgangurinn helgar meðalið. Ríkir menn sem láta sér detta í hug að unnt sé að stöðva hvalveiðar á Íslandi með því einfaldlega að bjóðast til að kaupa hvalveiðistöðina.

Við skulum velta því fyrir okkur hvert framhaldið verður ef við heykjumst á því að mótmæla nú. Við eigum eftir að standa frammi fyrir fleiri hótunum. Við vitum t. d. að það er mikið áhyggjuefni fiskverkenda hversu selum hefur fjölgað hér við landið og hringormur aukist í fiski. Þessi fjölgun hringormsins kostar okkur æ fleiri vinnustundir og svo er komið nú, að sumir saltfiskmarkaðir krefjast þess einnig að hringormur sé skorinn burt. Af þessum sökum höfum við lagt á það áherslu að unnt sé að takmarka fjölda sela við það sem við teljum þolandi. Enn hefur okkur tekist að halda fram þessari stefnu óhindrað. Stefán Jónsson, hv. 4. þm. Norðurl. e., sagði hér í gær eða fyrradag að hann hefði snúist í hvalamálum vegna fallegs bross frá Brigitte Bardot. Ég veit ekki hvort hún á eftir að brosa til hans í selamálum einnig, en hitt veit ég, að ef bros hennar hefur þessi áhrif á þm., þá fer það í mínum huga að líkjast um of hlátri Víga-Glúms og þeirra feðga, því að það minnti ævinlega á vígaferli ef þeir hlógu glaðlega. En fólk af þessu tagi er að vísu ekki það fólk sem ég legg mest upp úr hvað segir.

Við skulum íhuga að þessir mótmælendur, sem menn óttast nú svo mjög, sem kenna sig við frið, kalla sig friðarsinna, leita uppi veikasta blettinn á okkur, sem eru fiskmarkaðir okkar erlendis. Hvað er meir í andstöðu við frið og innihald þess orðs en framkoma af þessu tagi, hugsunarháttur af þessu tagi og aðgerðir svipaðar þeim sem menn óttast svo mjög? Þeir vita að Bandaríkjamarkaður er Akkilesarhæll okkar og þess vegna er þrýst þar á. Fróðlegt væri að sjá hvort t. d. þau íslensku samtök, sem mest bera fyrir brjósti friðun hvala, hafa uppburði í sér til að láta skoðanabræður sína í Bandaríkjunum vita að þeir kunna þeim litlar þakkir fyrir, ef þeir með þessum hætti skaða íslenska hagsmuni.

Fjölmiðlar hafa gaman af málum eins og þessu. Á hverja hlusta þeir? Auðvitað þá sem hæst tala. Það er ekki verið að spyrja hinn venjulega mann, hinn þögla meiri hluta. Það þjóðfélag, sem við erum að skapa núna og búa til, er þjóðfélag hávaðans, ringulreiðarinnar, auglýsingaskrumsins og peningamoksturs þeirra sem of

mikið hafa af þeim. Af þessu hlýst sjaldnast gott. Menn, sem uppi hafa slíka iðju, kenna sig gjarnan við eitthvað sem þeim sýnist vera rautt og fallegt, til þess að þeir geti státað af því hversu góðir þeir séu, hversu huggunarríkir og hversu mikla ást þeir hafa á mannkyninu.

Eins og ég gat um hér í fyrri ræðu um þetta mál, eru hvalveiðar Íslendinga ekki stundaðar til þess að framleiða lýsi eða mjöl. Hvalveiðar Íslendinga standa og falla með því að okkur takist að koma sem mestu af afurðum okkar á markað til manneldis. Í Japan er mikill fæðuskortur eins og hjá mörgum þjóðum mannmörgum. Þangað seljum við ógrynni af kjöti, 4—5 þúsund tonn, og hver einasta tætla fer til manneldis. Það lélegasta fer í fangelsin, við köllum það fangakjöt hér uppi á Íslandi, en allt fer þetta til manneldis. Við erum þess vegna með því að stöðva nýtingu hvalastofnanna hér að draga úr fæðuöflun í heiminum þegar í stað með þeim hætti. En hitt er líka íhugunarefni, hver áhrif það hefur á fiskveiðar hér við land til langs tíma, þegar hvölum og selum heldur áfram að fjölga og sjávarfuglum svo sem verið hefur. Það er kannske of fjarlægt að tala um það nú. Alveg hreint á sama hátt og það er fjarlægt þeim mönnum sem ekki eiga afkomu sína undir hvalveiðum að sú starfsemi verði lögð niður.

Það er hægt að tala um það í þjóðfélagi eins og við höfum lifað í fram undir þetta, því að framboð á atvinnu hefur verið mikið, hæfir menn hafa átt auðvelt með að fá nýtt starf við sitt hæfi, þá er kannske auðveldara en nú að tala um að það muni ekki svo mikið um eitt af traustustu fyrirtækjum landsins. En ég spyr eins og nú er komið: Hvaða tryggingu hafa þeir menn sem þar hafa unnið vel svo áratugum skiptir fyrir að fá fullnægjandi vinnu í staðinn? Hvar er efnahagslegt öryggi þessara fjölskyldna? Allt of margir þm. reyna að bægja frá sér þessari hugsun með því að halda því fram, að það sé frestur til ársins 1986. En hver segir að við höfum þann frest? Það liggur fyrir að Alþjóðahvalveiðiráðið fer ekkert eftir vísindalegum niðurstöðum. Við höfum enga tryggingu fyrir því að sá fjöldi langreyða og sandreyða, sem hér megi veiða á næsta ári samkv. samþykktum hvalveiðiráðsins, sé í neinu samræmi við nýtanleg mörk stofnsins, gætu þess vegna orðið 50 langreyðar í staðinn fyrir 185. Það fer eftir dyntum þeirra sem þar eru. Og hvað ætlum við þá að segja? Ætlum við þá að mótmæla þeirri ákvörðun sem er í beinu ósamræmi við stofnskrá þessa ráðs? Vilja menn gefa þá yfirlýsingu nú? Eða ættum við þá að segja að við megum ekki mótmæla af því að við erum svo smáir? Ég held að ef menn vilja líta á þetta mál í fullri sanngirni og af einurð, þá eigi þeir að hugsa um málið frá því sjónarmiði að það að láta undir höfuð leggjast að mótmæla nú er það sama og að eiga í fyrsta lagi undir duttlungum undarlegs alþjóðasambands hvert framhaldið verði á næsta ári. Í öðru lagi þýðir það að meðan þessi mál eru í höndum þess verður ekki um frekari hvalveiðar að ræða hér á landi.

Ég get vel tekið undir þau ummæli hv. 5. landsk. þm., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að á þessari stundu sé erfitt að gera sér grein fyrir því og kannske ekki hægt, hversu lengi fallist verði á veiðar hvala eða sela yfirleitt í heiminum, af þeim ástæðum sem við höfum báðir rætt. Ég vil hins vegar halda því til streitu, meðan okkur er stætt á því, að við ákveðum okkar umþóttunartíma sjálfir. Við drögum úr hvalveiðum í samræmi við niðurstöður íslenskra vísindamanna, sem hafa getið sér mikla virðingu erlendis, mikið mark er tekið á og hafa reynst sanngjarnir í allri umfjöllun sinni um þessi mál.

Það er talað um það hér í þeim gögnum sem fylgja, að vísindalegar rannsóknir hér á landi hafi hafist 1967. Ekki skal ég rengja það ártal, en hitt veit ég, að miklu fyrr komu vísindamenn í hvalveiðistöðina. Þeim var vel tekið og haldið þar uppi að kostnaðarlausu til þess að þeir gætu stundað sínar athuganir. Og það er eftirtektarvert, þegar maður les yfir þessi gögn, að fram kemur hjá vísindamönnum að drýgsta skerfinn til hvalarannsókna hér á landi hefur Hvalur hf. lagt fram, drýgsta skerfinn af þeirri einföldu ástæðu að stjórnendur þess fyrirtækis hafa talið það óhjákvæmilegt, ekki aðeins efnahagslega heldur kannske fyrst og fremst siðferðilega, að þannig sé á þessum málum haldið að hvalastofninn geti viðgengist áfram hér við land. Það er gífurlega mikilvægt að hafa þetta í huga, vegna þess að það sýnir okkur að stjórnendur þessa fyrirtækis hafa frá öndverðu haft þann þátt í huga, að hægt sé að fylgjast með vexti og viðgangi hvalastofnsins.

Það er farið sérstökum viðurkenningarorðum um það, að í dagbókum hvalskipanna séu frá upphafi upplýsingar um lengd veiðitíma, dagsetningar og hvað eina, svo að hægt er að draga upp mjög raunhæfa mynd af ástandinu. Nú skulum við hafa það í huga, að fyrir 20 árum voru stærri og aflmeiri hvalbátar keyptir til landsins, svo að fullkominn samanburður við fyrri ár dugir ekki, þá voru notuð kraftminni skip. En síðustu 20 árin, sem sambærileg sókn er á hvalamiðin, hefur veiðin verið svipuð frá ári til árs. Á hinn bóginn hafa veiðislóðir togara og annað haft áhrif á sumt. En í stórum dráttum hefur veiðin verið svipuð og mat vísindamanna allra er það, að stofninn þoli veiði.

Sú líking hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, 8. landsk. þm., að líkja hvalveiðum hér á landi við þá sem ganga hiklaust á frumskóga náttúrunnar, er þess vegna afskaplega óviðkunnanleg, röng og gegn betri vitund, ef hún hefur lesið þau gögn sem hér hafa verið lögð fram. Ég vil líka átelja mjög ýmislegt sem fram kom í máli hv. 4. þm. Reykv., Vilmundar Gylfasonar, þá miklu vantrú sem þar kom fram á íslenskum vísindamönnum í raun, en um leið óska honum til hamingju með það að hann skuli nú loksins vera orðinn að stjórnmálaflokki, því að ég heyrði ekki betur en hann hefði hér áðan lesið samviskusamlega upp ályktun miðstjórnar Bandalags jafnaðarmanna, og farið í far gömlu flokkanna, því að það er nákvæmlega svona sem við högum okkar, þannig að flokksleysinginn er allt í einu orðinn að stjórnmálaflokki, með miðstjórn og hvaðeina í kringum sig, enda má segja að hann leiti á sína gömlu bithaga, því að einn af gömlu flokkunum kom honum inn á þing.

Hv. 5. landsk. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson, og fleiri þm. hafa vitnað til þess að hvalurinn sé flökkustofn. Auðvitað er það rétt. Hann heldur sig ekki eingöngu innan íslenskrar efnahagslögsögu. Við fengum um daginn bréf — og það bréf er rifjað upp hér af Sambandi ísl. náttúruverndarfélaga — frá einum 19 dönskum þm. sem minna okkur ákaflega mikið á þetta, að hvalurinn sé flökkustofn og þess vegna megum við ekki veiða hvalinn. En hvernig haga þessir þm. sér þegar við erum að hugsa um íslenska laxinn? Við leggjum fram mikið fjármagn til að rækta upp íslenskar

ár, reyna að viðhalda laxastofninum. Hvernig hagar svo danska ríkið sér? Hvar er bréf frá þessum dönsku þm. um það, að þeir vilji stöðva laxveiðar Færeyinga? Við höfum ekki fengið það. Það væri fróðlegt að heyra þeirra viðhorf um það. Kannske þeir ætlist til þess að við höldum áfram að rækta árnar til þess að Færeyingar geti haldið áfram að rányrkja laxinn. Þetta er virðing þeirra fyrir flökkustofnum.

Hér var minnst á karfann áðan. Ef of mikið er gengið á karfann, þá tekur það mörg ár, kannske áratug eða meira að karfastofninn verði jafngóður og áður. Þær þjóðir sumar hverjar, sem nú tala mest um það að við megum ekki nýta hvalastofninn, rányrkja karfann þvert ofan í okkar aðvaranir. Erum við ekki líka að friða fugla hér á landi, eins og lóu og spóa? Ekki er það virt í öðrum löndum. En ég tek undir það að við skulum virða alþjóðasamþykktir varðandi það að hvalurinn sé flökkustofn. En þegar við tölum um nýtingu hvalsins hér á landi, þá skulum við gera það á þeim grundvelli og ætla okkur tíma til þess, mótmæla til að fá svigrúm, en ekki greiða atkv. gegn því á kvöldfundi, í skugga alls konar hótana og auglýsingaskrums, eins og hér hefur verið gert.

Nú held ég að allir hv. alþm. séu sammála um það að ríkisstj. hefur verið seinheppin í umfjöllun sinni á þessu máli. Og við vitum af hverju það er.

Ráðherrar Alþb. stóðu gegn því að við mótmæltum hvalveiðibanninu á sama tíma og Norðmenn gerðu það, með þeim afleiðingum að augu manna beinast nú einkum að okkur. Við þessu er ekki hægt að gera nú. Við getum ekki snúið tímaklukkunni aftur á bak, tíminn heldur áfram. Þótt við höfum misst af strætisvagninum réttlætir það ekki að við hikum við að mótmæla nú og stöndum á okkar rétti. Hitt er vert að benda á, að það Alþingi sem nú er að ákveða að mér skilst — sumir segja að hér sé meiri hluti fyrir því — að mótmæla ekki, það Alþingi sem nú ætlar að taka þá örlagaríku og afdrifaríku ákvörðun er komið í slíka upplausn, svo að ekki sé meira sagt, að það hefur glatað trausti þjóðarinnar og er í rauninni ekki ályktunarbært um þýðingarmestu mál. Héðan af vekur það satt að segja lítinn áhuga hjá þjóðinni hvað samþykkt verður, nema í svona máli sem við getum ekki tekið til baka af því að það er milliríkjamál. Ég segi: Við eigum að mótmæla, þó ekki væri til annars en að tryggja það að þjóðin gefi nýjum mönnum umboð til að fara með sín mál, festa komist á þinghaldið og á stjórnarathafnir og einhver yfirsýn fáist yfir það sem er að gerast. Að taka skyndiákvarðanir nú er það sama og að gefast upp, tapa rétti. Þó við séum smáir eigum við ávallt að þora að standa á okkar rétti. Var það ekki Staðarhóls-Páll sem sagði, þegar hann gekk fyrir danska kónginn og kraup á kné með annan fótinn en stóð í hinn: „Ég krýp hátigninni en stend á réttinum“? Við skulum standa á okkar rétti. Við skulum þora að mótmæla, af því að við vitum í fyrsta lagi að um rányrkju er ekki að ræða, af því að við vitum í öðru lagi að þeir menn sem stjórnað hafa hvalveiðum hér á landi hafa vakið athygli og virðingu hér á landi sem erlendis fyrir það hvernig þeir standa að veiðunum, og af þeim sökum að hvalveiðar Íslendinga, síðan við tókum þær í okkar hendur, hafa verið okkur til sóma og þannig, að unnið hefur verið að nýtingu auðlindar, ekki rányrkju.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Við erum vissulega að fjalla hér um viðkvæmt mál og vandmeðfarið. Sannfærður er ég um að enginn þm. tekur léttilega á hagsmunum hvalveiðimanna og þeirra fjölskyldna sem eiga hagsmuni sína undir hvalveiðum Íslendinga. Það er ekki það sjónarmið sem ræður hjá einum einasta okkar. En því miður hafa mál skipast svo, að við mótmæltum ekki þessu banni um leið og aðrar hvalveiðiþjóðir. Því stöndum við einir og mótmæli okkar munu vekja gífurlega athygli í Bandaríkjunum og má segja um heim allan.

Ég held að enginn vafi sé á að það sem ræður ferðinni hjá okkur öllum er það, að við verðum að bera saman þá hagsmuni sem þarna eru í húfi. Við skulum ekki gleyma því, að til Bandaríkjanna flytjum við frá 60 og upp í 74% af öllum frystum sjávarafurðum okkar. Það hefur tekið okkur hálfan fjórða áratug að vinna okkur þann sess á þessum markaði sem við skipum nú. Við erum búnir að vinna vörumerkinu „Icelandic“ þann sess að við seljum fyrir miklum mun hærra verð en nokkrir aðrir keppinautar okkar nú gera. Við eigum ekki að taka þá áhættu sem það er að gefa keppinautum okkar annars staðar í heiminum tækifæri til að komast inn á þennan mikilvæga markað og komast inn á okkar mikilvægustu viðskiptavini. Við skulum hafa í huga, að hvað sem við gerum hér og ef það yrði gripið til mótmæla fáum við ekki með neinum hætti ráðið við almenningsálitið. Það eru önnur öfl sem þar ráða en við hér.

Það er enginn vafi að við getum notað þann aðlögunartíma sem skapast næstu 3—4 ár, til þess að vinna hvalveiðum aftur viðurkenningu. Ég vil taka undir það sjónarmið, sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., að við erum ekki að afsala okkur neinum rétti með því að mótmæla ekki. Við skulum líka hafa í huga að við erum hér að tala um að hætta hagsmunum heillar atvinnugreinar. Við erum ekki að tala um eitt einstakt fyrirtæki þar sem fiskvinnslan er á Íslandi. Þetta er ein öflugasta og sterkasta atvinnugrein okkar. Og við skulum hafa það líka í huga, að ef við mótmælum er þegar orðinn skaði og þann skaða yrðum við lengi að vinna upp aftur og kannske tækist okkur það ekki.

Auðvitað getum við viðurkennt að þáttur þessara 66 öldungadeildarþm. Bandaríkjanna er leiðinlegur. En við skulum hafa í huga að þessir menn eru, ekki síður en þeir sem hér starfa, undir stöðugum þrýstingi kjósenda og þess vegna hafa þeir tekið þessa afstöðu.

Ég tel að við tökum allt of mikla áhættu með því að mótmæla þessu hvalveiðibanni. Við skulum gera okkur grein fyrir þeim gífurlegu áhrifum sem menntastéttin hefur í Bandaríkjunum. Við skulum gera okkur grein fyrir að það er unnið fyrir náttúruverndarsamtök alls staðar í skólum og meðal æskunnar, og það er æskan sem getur haft þarna gífurleg áhrif.

5. þm. Vesturl. talaði nokkuð um fréttaflutning Ríkisútvarpsins. Ég vil taka undir það. Þetta hefur vakið mikla athygli. Ég hef hugsað um það töluvert þessa síðustu daga, hverjir þar réðu ferðinni og hverjir réðu þeim fréttaflutningi sem þarna kæmi fram. Ég geri ráð fyrir að okkur geti alla rennt grun í það. En það berast líka fréttir til Íslands eftir öðrum leiðum vestan úr Bandaríkjunum. Það berast t. d. fréttir um að núna berist stöðugar hringingar og bréf komi í þúsunda tali til eins af helstu viðskiptavinum okkar, sem er Long John

Silver's. Hann kaupir fyrir hvorki meira né minna en 30 millj. dollara á hverju ári núna og er með 1100—1200 veitingahús. Þessi viðskiptaaðili hefur miklar áhyggjur af því sem þarna er að gerast. Þessar hringingar berast frá alls konar dýraverndunarfélögum og náttúruverndarsamtökum. Sama gerist líka hjá fyrirtæki, sem rekur um 2200 veitingahús, og heitir Groker. Þeir verða núna fyrir stöðugt auknum þrýstingi vegna frétta sem berast héðan um að við ætlum að mótmæla hvalveiðibanninu. Við skulum því ekki gera lítið úr þeirri áhættu sem við tökum.

Ég tel að það sé ekki við hæfi að nota um þetta orð eins og kjarkur og kjarkleysi, hræðsla og annað því um líkt. Ég tel að við séum hér að fjalla um hagsmuni og hér eigi bara að fara fram kalt hagsmunamat. Við hljótum að hafa í huga hagsmuni þúsunda íslenskra sjómanna, íslensks fiskverkunarfólks, fyrirtækjanna kringum landið og jafnvel fiskibæjanna. Og við skulum hafa það í huga, þegar við greiðum atkvæði, að við erum að greiða atkvæði um lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Ég hvet menn til að styðja meirihlutaafstöðu utanrmn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að í ræðum allra þeirra sem hafa talað gegn því að mótmælt verði kemur fram að þeirra hugmynd er ekki sú að hætta hvalveiðum. Þeir tala allir um hvernig eigi að halda hvalveiðunum áfram engu að síður. Þetta sama kemur fram í áliti minni hl. Þar er talað ótvírætt um það, að þó að mótmælin verði ekki send eigi að halda áfram að veiða. Það er talað um rannsóknir sem eigi að leggja til grundvallar við ákvarðanir um veiðar í framtíðinni. Hvað eru menn að gera? Þeir sem ætla að samþykkja álit meiri hluta utanrmn. eru að segja: Jú, við ætlum ekki að senda mótmæli, en við ætlum samt að halda áfram að veiða. — Haldið þið ekki að náttúruverndarsamtökin í Bandaríkjunum taki eftir þessu? Eru þau ekki að biðja um að veiðunum sé hætt? Eru menn ekki að falla í einhverja gryfju? Er ekki tvískinnungur í þessari afstöðu? Halda menn að menn geti gert þessi kaup á fölskum forsendum, eins og hér er verið að gera? Trúa menn því, að náttúruverndarsamtökin segi: Gott og vel. Við vorum bara að berjast fyrir því að þið senduð ekki þetta skeyti í kvöld. — Ég held ekki. Ég held að menn hafi dottið í þá gryfju að ætla að kaupa sér frið á fölskum forsendum og útkoman verði sú, að menn afsala sér rétti sínum, en sitji eftir sem áður uppi með óþægindin. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum vegna þess að ályktun verður vitaskuld lesin.

Álit minni hlutans, sem ég stend með og stend að, er allt annars eðlis. Þar er gengið hreint til verks og sagt: Jú, við mótmælum þessu í rauninni vegna þess að við teljum það vera ranglátt og við viljum halda rétti okkar og við viljum koma hreint og beint fram. En við bætum við: Ef í ljós kemur á þessum árum að ekki séu vísindalegar forsendur fyrir áframhaldandi veiðum munum við vitaskuld hætta þeim og það er í samræmi við þá stefnu sem við Íslendingar höfum fylgt varðandi nýtingu auðlinda hafsins. Með þessu móti göngum við hreint til verks. Við gefum það til kynna, að ef fram komi að ekki séu forsendur fyrir því vísindalega að halda áfram veiðum munum við vitaskuld hætta, en meðan þær liggja ekki fyrir viljum við halda á rétti okkar. Þetta er munurinn á þeim tveimur ályktunum sem hér liggja fyrir.

Það kom ekki bara fram í ályktununum, heldur líka í framsögu með áliti meiri hlutans hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að auðvitað væri ekki loku fyrir það skotið að hvalveiðar gætu átt sér stað. Það kom fram hjá öðrum flm. þessa álits meiri hlutans, Eyjólfi Konráð Jónssyni, að líklegast væri aðstaða okkar til þess að halda áfram hvalveiðunum langtum betri ef við létum vera að mótmæla. Hans röksemdafærsla var sú: Ég er fyrst og fremst að vinna að því að við getum haldið áfram að veiða. — Í þessu felst hræðilegur tvískinnungur og þeir sem svona tala eru að blekkja sjálfa sig og þeir eru að leiða þetta mál til glötunar.

Það hefur margt komið fram í þessum umr. sem ástæða væri til að fjalla um. Ég hnaut t. d. um það, að hv. frsm. meiri hl. n. talaði um að það væri ekki skynsamlegt að bera fram sterk mótmæli. Hann vildi bera fram veik mótmæli hugsanlega. Mótmæli þau, sem hér um ræðir, eru hvorki sterk né veik. Það eru bara mótmæli. Það er bara réttur sem við eigum samkvæmt alþjóðasamþykktum alþjóðastofnana, sem við eigum aðild að.

Hv. frsm. meiri hl. n. talaði líka um að Íslendingar hefðu tamið sér að hlíta samþykktum alþjóðastofnana. Við erum ekki að tala um að brjóta neinar samþykktir alþjóðastofnana. Þeir sem hafa lesið sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins sjá glöggt að þar er einmitt gert ráð fyrir að menn beri fram mótmæli við ákvörðunum í ráðinu, eins og hér er verið að gera, eins og hér er verið að leggja til af hálfu minni hlutans að verði gert.

Í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar komu fram vangaveltur um að þróunin gæti orðið sú, að Alþjóðahvalveiðiráðið yrði lagt niður og það mundi koma upp nýr flötur á málinu á þessu tímabili. Ef það verður ofan á að senda ekki mótmæli er þetta auðvitað falleg sýn, en ekki vil ég treysta því að þessi draumsýn Eyjólfs Konráðs Jónssonar eigi að öllu leyti eftir að rætast. Og mér þykir heldur veik forsenda undir ákvörðunum Alþingis að byggja á draumsýn Eyjólfs Konráðs Jónssonar.

Eyjólfur Konráð gerði líka mikið mál úr því, að málið yrði líklega bara auðveldara fyrir okkur ef við létum vera að mótmæla. Ég held reyndar, og hef leitt að því rök, að það verði langtum erfiðara. En ef það er svo, að við eigum ekki að nýta rétt okkar, ef við eigum ekki að standa á rétti okkar, hvers vegna var það þá í landhelgisdeilunni að við héldum svona fast á því? Hefði verið betra fyrir okkur í landhelgisdeilunni að beygja okkur fyrir þeim samþykktum sem okkur bárust erlendis frá? Hefði sigurinn verið auðunnari í því máli ef við hefðum haldið þannig á? Ég held ekki. Ef við lítum á þau fordæmi sem við höfum um hvernig við höfum þurft að berjast fyrir skynsamlegri nýtingu á auðlindum held ég að ljóst sé að þau fordæmi vísi til þess að Íslendingum hefur gefist best að standa á rétti sínum.

Mér finnst málflutningur og tillöguflutningur meiri hluta utanrmn. bera keim af því, að menn séu fullir ótta og sektarkenndar. En nú er það svo varðandi hvalveiðar, að við höfum einmitt gætt þess allar götur frá stríðslokum, þegar þetta var sett á stofn, að flýta okkur ekki í auðtekinn gróða, heldur takmarka veiðarnar eftir því sem við höfum vit og vitneskju til á hverjum tíma. Við höfum sýnt það og sannað með meðferð okkar á

málinu, að okkur hefur verið umhugað um þennan stofn, við höfum viljað friða hann þannig að við gætum nýtt hann. Það er sama stefna og við höfum fylgt varðandi nýtingu auðlindanna í hafinu að öðru leyti.

Það er sorglegt að sjá ýmislegt af því sem birtist í auglýsingu erlendis frá og jafnvel er haft eftir þm. í Bandaríkjunum, svo gífurlegar rangfærslur sem þar eiga sér stað. En hvað höfum við gert til að halda uppi málstað okkar? Ekki einu sinni í okkar eigin fjölmiðli, Ríkisútvarpinu/sjónvarpinu, hefur þessum verndunarsjónarmiðum og nýtingarsjónarmiðum, sem við höfum fylgt í þessu máli, verið haldið á loft, hvað þá á erlendri grund. Ég held að Íslendingar hafi áunnið sér virðingu fyrir þau sjónarmið og ég held að við munum mæta auknum skilningi ef við höldum þeim á loft og sýnum fram á hvernig við höfum haldið á hvalveiðimálunum með nákvæmlega sama hætti og við höfum verið að berjast fyrir verndun að því er fiskistofnana varðar, — ekki að friða þá til þess að þeir yrðu stærri og stærri, heldur friða þá til að hafa af því afrakstur, til að nýta til manneldis, til að seðja hungrið í heiminum.

Það hefur verið vitnað í hafréttarsáttmálann og sagt að menn megi ekki standa í vegi fyrir verndun stofna sem eru í hættu. Við erum ekki að tala um að standa í vegi fyrir verndun stofna sem eru í hættu. Þessir hvalastofnar hjá okkur teljast ekki vera í hættu, eftir því sem vitneskja liggur best fyrir um nú.

Menn geta að sjálfsögðu haft þau rök að það sé ljótt að veiða hval. Það sjónarmið skil ég mjög vel. Ef menn hafa þá skoðun að ekki sé rétt að veiða hval yfir höfuð tekið eru menn auðvitað á móti því að hvalur sé veiddur og haga sér að öllu leyti í samræmi við það. En það er ekki á þeim forsendum sem talsmenn þess að mótmæli séu ekki send hafa talað hér. Þeir hafa talað á þeim forsendum, að þetta væri sniðugra til þess að geta haldið áfram hvalveiðum.

Ég skil ákaflega vel og tel reyndar nauðsynlegt, eins og kemur fram í ályktun minni hlutans, að menn safni sem bestum vísindalegum niðurstöðum, að menn efli starf á þeim vettvangi til þess að vera öruggari um að hér sé um skynsamlega nýtingu að ræða og alls ekki sé verið að stofna þessum stofnum í hættu, þannig að menn geti rennt stoðum undir að halda þessari nýtingu áfram.

Ég hlýt að taka undir þau sjónarmið, sem hafa komið fram hjá ýmsum ræðumönnum hér fyrr, að það fordæmi sem verið er að skapa með því að senda ekki mótmæli sé mjög varasamt. Eins og málflutningurinn hefur verið hér skín í gegn að mótmælin skuli ekki senda vegna þess þrýstings sem menn finna erlendis frá, óttans við þær ógnanir sem uppi eru hafðar. Þá hljóta menn að spyrja: Hvar bera menn niður næst í þessum efnum? Verður það refurinn, sem Sigurlaug hafði áhyggjur af, eða gæti hugsanlega skeð að einhverjir breskir hagsmunir kæmu inn í myndina og segðu: Við hættum að kaupa af ykkur fisk ef þið gerið tilkall til Rockall-svæðisins. — Ætlar þá Alþingi Íslendinga, alveg eins og hér er lagt til að verði gert, að leggja niður rófuna og segja: Auðvitað eru svo miklir viðskiptahagsmunir í húfi að við hljótum að gefast upp í því máli líka?

Fáir þeirra ræðumanna sem hér hafa talað hafa í rauninni viðurkennt að það er markaðsóttinn, óttinn um markaðinn í Bandaríkjunum, óttinn við þær hótanir sem uppi eru hafðar, sem knýr þá til þeirrar afstöðu að vilja ekki senda mótmælin þó þeir vilji halda áfram hvalveiðum. Hv. þm. Guðmundur Karlsson gerði þetta hreint og beint. Mér finnst betra að menn tali þá hreint út um að það sé þannig. En ég verð að segja að mér finnst Íslendingar orðnir mjög ólíkir sjálfum sér ef þeir telja hagsmunum sínum best borgið með því að hopa. Hvernig hefði gengið hjá okkur í landhelgisstríðinu ef það hefði verið leiðarljósið að sigurinn ynnist ávallt með því að hopa?

Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um óvininn í þessu máli. Ég held að óvinurinn í þessu máli sé trúleysi á eigin málstað hjá þeim sem ekki treysta sér til að vernda þann rétt sem við höfum og vilja kaupa sér frið á fölskum forsendum. Ég veit að það er auðvelt að segja að við mótmælum ekki, en menn ættu að horfa á fordæmið. Þeir menn, sem þannig tala, ættu ekki að kvarta seinna, ef það sýnir sig að draumsýnir, eins og t. d. þær sem Eyjólfur Konráð hafði hér, vilja ekki rætast — draumsýn sem gerir ráð fyrir að ¾ af Alþjóðahvalveiðiráðinu skipti um skoðun. Það er kjarni málsins í þeim málflutningi sem Eyjólfur Konráð Jónsson hafði.

Herra forseti. Þm. standa frammi fyrir að velja milli álits meiri hluta og minni hluta nefndar. Í áliti minni hlutans er gengið hreint til verks og sagt — innihaldið er í rauninni á þá lund: Við teljum að þetta sé ósanngjarnt vegna þess að við höfum staðið að þessu á vísindalegum grunni. Í samræmi við það munum við senda okkar mótmæli til þess að tryggja okkar rétt. Við munum efla rannsóknir og ef það kemur í ljós á þessum tíma að hætta sé á ferðum munum við vitaskuld hætta hvalveiðum.

Í áliti meiri hlutans er lagt til að það verði ekki mótmælt, en beinlínis rætt um áframhald veiða með sama hætti og þeir hafa gert hér sem hafa talað fyrir því áliti. Í því felst tvískinnungur. Það skyldi enginn halda að það sé unnt að kaupa sér frið með þessum hætti. Menn eru ekki að tala um hvalavernd. Þeir eru að gera því skóna að náttúruverndarmenn muni ekki taka eftir því hvernig hér sé ályktað og hvernig hér sé talað. Uppskeran verður sú að öllum líkindum, að menn tapa þeim rétti sem við eigum, en uppskera nákvæmlega sömu óþægindi og ella — þau óþægindi sem þeir ætluðu að forðast. Menn uppskera að fá bæði óþægindin og tapa rétti. Þess vegna sýnist mér fráleitt að samþykkja álit meiri hlutans, heldur beri að fylgja þeirri stefnu sem kemur fram í áliti minni hlutans.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Því hefur oft verið haldið fram að út af fyrir sig sé kraftaverk að hægt sé í þessum hluta heims að halda uppi skipulögðu þjóðríki með sjálfstæðri stjórn og sjálfstæðum efnahag. Það voru margir sem trúðu því ekki að þetta væri hægt þegar Íslendingar fengu forræði eigin mála í hendur. Og það hafa margir, sem hingað hafa komið, talið það kraftaverk að Íslendingar skuli geta haldið uppi sjálfstæðu menningarríki í þessum heimshluta, ekki fjölmennari en við erum. Þetta kraftaverk byggist fyrst og fremst á því og því einu, að Íslendingar hafa getað hagnýtt sér auðlindir sjávarins. Verði það ekki gert brestur allur grundvöllur undir því sjálfstæða þjóðríki sem við höfum byggt.

Því miður er það svo á hinum síðari árum, að tengsl ýmissa stórra þjóðfélagshópa við þá undirstöðustarfsemi, sem tryggir tilveru okkar sem þjóðar, hafa

rofnað. Það er ekki svo að skilja að þetta fólk sé ekki vel menntað og vel gert. Því miður er það samt staðreyndin, að framför í menntun og menningu meðal okkar þjóðar hefur valdið því að stórir hópar hafa fjarlægst þá undirstöðustarfsemi sem tryggir okkur tilveru sem sjálfstæð þjóð. Og þó að það skorti ekki á hinn bóklega lærdóm vantar oft mjög verulega á að þessir menn hafi nokkra grundvallarþekkingu sem byggist á því að hafa af eigin rammleik heyjað sér einhverja reynslu á þessum sviðum. Það er út af fyrir sig áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga, að sú unga kynslóð, sem er nú að ljúka langskólanámi og er væntanlega sú kynslóð sem tekur við forustu, ekki bara í stjórnmálum heldur í þjóðmálum öllum, skuli að mjög verulegu leyti vera skipuð fólki, sem vantar öll grundvallartengsl við ýmsa undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, af því að þetta fólk hefur aldrei nálægt þeim komið og hefur enga eigin reynslu af þeirri starfsemi sem þar fer fram. Ég er ekki að segja þetta með neinum hætti til hnjóðs þessu fólki, heldur benda á, að þegar menn fara að mynda sér skoðanir og afstöðu til mála eins og þess sem hér er á ferðinni, án þess að hafa við nokkra eigin reynslu að styðjast af þeirri veiðimennsku sem okkar þjóðfélag byggist á, getur það oft gerst að ákvarðanirnar, sem menn taka, þó að þær virðist á margan hátt réttmætar við fyrstu sýn, geti skipt sköpum fyrir það þjóðfélag sem við þurfum að byggja upp í framtíðinni. Ég tel það vera mjög mikið tjón að framfarirnar skuli hafa leitt til þess að forustumenn okkar framtíðar skuli hafa misst tengsl við grundvallaratvinnuvegi okkar. Þar hafa framfarirnar því miður ekki, að mínu viti, orðið til heilla fyrir þjóðfélagið í heild.

Herra forseti. Flest rök, sem hér hafa verið flutt, hníga að því að Íslendingar haldi áfram að nýta hvalastofninn til matvælaframleiðslu með svipuðum hætti og gert hefur verið. Það er skylda ríkisstj., ekki síst þegar við efnahagsörðugleika er að etja, að sjá svo um að þjóðin fái að nýta öll þau náttúrugæði sem henni standa til boða sér til vaxtar og viðgangs. Það er einnig skylda okkar Íslendinga að sjá um að við framleiðum þau matvæli sem heimurinn þarf á að halda og markaðir eru fyrir. Samkvæmt þessu ber ríkisstjón Íslands að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins eins og hún hefur fullan rétt til.

Voldug og fjölmenn samtök náttúruverndarmanna í Bandaríkjunum, sem a. m. k. sumir hverjir hafa ákaflega lítil tengsl við þá atvinnustarfsemi sem er forsenda fyrir sjálfstæðu þjóðríki á Íslandi, hafa hótað okkur að beita viðskiptakúgunum ef íslenska ríkisstjórnin gætir íslenskra hagsmuna. Hvort þessi samtök hafa raunverulega getu og vilja til þess að fylgja þeim hótunum eftir með þeim þunga sem þau gefa sjálf í skyn verður út af fyrir sig ekkert fullyrt um á þessari stundu. Aðeins tíminn mun leiða það í ljós. Hitt er ekkert vafamál, að þessi samtök eru ákaflega sterk og hafa mikil áhrif á almenningsálit. Gleggsta dæmið um það held ég vera þau afskipti sem utanrrn. Bandaríkjanna og ýmsir bandarískir stjórnmálamenn hafa haft af þessu máli á síðustu dögum. Það þarf enginn mér að segja að þessir menn hafi nema takmarkaðan áhuga á hvalveiðimálum sjálfir, hvað þá heldur nokkra þekkingu til að bera í þeim málum. Afstaða þeirra og afskipti af málinu, segja mér aðeins eitt: Þau segja mér að þessir bandarísku stjórnmálamenn telji að náttúruverndarsamtökin í heimalandi þeirra séu það öflug að afstaða þeirra í þessu máli geti haft mjög veruleg áhrif á bandarískra kjósendur. M. ö. o.: þessi afstaða hinna bandarísku þingmanna segja mér það eitt, hvert er álit þeirra á áhrifum náttúruverndarsamtakanna í Bandaríkjunum á almenning og almenningsálit. Afstaða mín hlýtur hins vegar að byggjast á efnislegum rökum og þeim staðreyndum einum sem fyrir liggja og hægt er að staðreyna, en ekki á getsökum um áhrif þeirra samtaka sem hafa hótað okkur efnahagslegum þvingunaraðgerðum. Þess vegna mun ég greiða atkv. með því að íslenska ríkisstjórnin sendi mótmæli.

Hins vegar er mér það fyllilega ljóst, að leiði reynslan í ljós réttmæti staðreynda og efnislegra raka, sem sú afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar byggist á að þetta finni engan hljómgrunn sökum áróðursmoldviðris sem þyrlað er upp, og í ljós kemur að andstæðingar íslenskra hagsmuna vestur í Bandaríkjunum hafa bæði afl og vilja til að framfylgja hótun sinni, eru miklu meiri efnahagslegir hagsmunir í húfi fyrir þjóðina en felast í þeirri nýtingu hvalastofnsins, sem ég tel bæði rétta og eðlilega. Hvað sem líður sanngirni og réttmæti okkar málstaðar og hvað sem líður andúð okkar á því að láta undan hótunum og þvingunaraðgerðum verður ekki hjá því komist, ef svo fer að ríkisstjón landsins láti hina minni hagsmuni víkja fyrir þeim meiri, og þá eigum við ekki annars úrkosta en hverfa frá lögmætri og réttmætri ákvörðun okkar og láta undan efnahagslegum kúgunaraðgerðum útlendra aðila, sem ekkert þekkja til okkar aðstæðna og engu láta sig varða hagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Það má segja með réttu að þetta séu hvorki réttlát örlög né sanngjörn, en oftar en ekki er þetta samt sem áður hlutskipti smáþjóða í okkar heimi. Þar er ekkert jafnræði á milli hins sterka og hins veika. Þeir fá ekki að lúta sömu lögmálum. Þeir fá ekki jafnan rétt. Í þessu sambandi er spurningin aðeins um það fyrir okkur Íslendinga: Ætla voldug erlend öfl okkur yfirsterkari að nota tækifærið til að kúga okkur, smáþjóð, til að hverfa frá réttmætum og sanngjörnum málstað okkar. Í þeirri baráttu vil ég ekki gefast upp fyrir fram. Ég tel að við eigum að standa á okkar rétti á meðan stætt er. Annað tel ég að samrýmist ekki sjálfsvirðingu okkar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð til að útskýra afstöðu mína til þessa máls. Ég vil fyrst láta þess getið, að við umr. þessa máls koma fram einhverjar merkilegustu þversagnir stjórnmála sem ég hef orðið vitni að. Fyrir örfáum árum barðist þessi þjóð fyrir útfærslu íslensku landhelginnar, fyrst í 12 mílur, síðan í 50 og loks í 200. Ein helsta röksemdafærslan í málflutningi okkar gagnvart erlendum mönnum voru friðunarsjónarmið. Þá hafði ekki einn einasti maður á Alþingi af því áhyggjur að hundruð og þúsundir manna í Grimsby og Hull yrðu atvinnulausir. Sú varð þó raunin.

Það mál sem við verðum nú að taka afstöðu til kemur mjög við hóp manna í þessu þjóðfélagi. Ég held að grundvöllur þessa máls sé sá, að við verðum að meta og vega hvor hópurinn verður fyrir tjóni, sá sem nú vinnur að hvalveiðum og vinnslu hvals eða sá sem vinnur í almennri fiskvinnu í þessu landi. Þetta er vandamál okkar í hnotskurn. Menn hafa lagt hér á borð margvísleg tilfinningarök. Ég geri mér um leið fulla grein fyrir

því, að það var jafn sársaukafullt fyrir mennina í Grimsby og Hull að missa sína vinnu eins og það gæti orðið fyrir þá menn sem nú vinna hjá Hval hf. og þá sem vinna í frystihúsum, ef þannig færi að ákvörðun þingsins yrði til þess að draga úr atvinnutækifærum í fiskiðnaði á Íslandi.

Ég vil ennfremur benda á þau tvö grundvallaratriði sem ég nota í röksemdafærslu við sjálfan mig í þessu máli. Það er í fyrsta lagi það, sem hér hefur komið fram áður, að við Íslendingar höfum státað af því að vera menn friðunar. Við búum við jaðar eins mesta matarforðabúrs veraldar. Hvernig höfum við farið með þann mat sem í búrinu er? Og hvað hafa vísindalegar rannsóknir tryggt okkur í gegnum tíðina? Ég vil minna menn á að við vorum nærri búnir að ganga af síldarstofninum endanlega dauðum. Og nú erum við komnir langt með loðnustofninn. Þess vegna spyr ég einfaldlega: Hvað á að taka mikið mark á vísindalegum rannsóknum? Hvað taka stjórnmálamenn yfir höfuð mikið mark á vísindalegum rannsóknum?

Ég minnist þess, að í okt. 1981 gaf Hafrannsóknastofnun út yfirlýsingu eða frétt um það að hrygningarstofn loðnunnar hér við land væri kominn niður í 350 þús. tonn. Ég krafðist þess þá í tvígang að þessar veiðar yrðu stöðvaðar. Það var ekki gert og nú er óttast að þessi stofn sé nánast búinn. Það er þetta atriði og vantraust mitt í heild á þeim vísindalegu rannsóknum sem komið hafa fram, vegna þess að fátt eitt af þeim hefur staðist þegar til lengdar lætur, m. a. vegna þess að stjórnmálamenn hafa lítt farið eftir þeim í mörgum tilvikum.

Í öðru lagi ætla ég að leggja þá spurningu fyrir þm. hér inni hvað þeir telja að þurfi að gerast til þess að svo dragi úr sölu á ferskum fiski til Bandaríkjanna að nemi 1.3% af útflutningstekjum okkar, sem er hlutfall hvalafurða í útflutningstekjum Íslendinga. Hvað halda menn að þyrfti mörg fyrirtæki sem hættu að kaupa þennan fisk af einni eða annarri ástæðu? Ég get sagt við ykkur að það eru þessi einföldu rök sem ég legg á borðið fyrir framan mig þegar ég tek afstöðu til þessa máls. Ég vil ekki láta þrýsta á mig og ég nánast fyrirlít það uppátæki Bandaríkjastjórnar að senda okkur það tilboð sem hefur verið sent, þó svo að ég álykti eins og einhver annar hefur gert hér inni, að með þessu tilboði séu þeir að vara okkur við óhemjusterkum hópi manna í Bandaríkjunum. Ég held að það sé tilgangurinn með þessu tiltekna bréfi.

Ég vísa því algerlega á bug sem hér hefur komið fram hjá mörgum mönnum, sem þó hlýtur að vera túlkunaratriði hverju sinni, að menn séu að láta beygja sig hér á einhvern hátt. Ég er sannfærður um það, að Íslendingar eru þekktari fyrir annað en það í friðunarmálum, í útfærslu landhelgi en að þeir láti beygja sig. Hins vegar getur það verið merki um býsna mikla vitsmuni að taka rökum. Og í þessu máli held ég að menn verði að taka þeim rökum sem við okkur blasa. Ég reyni a. m. k. að gera það, einfaldlega vegna þess að ég óttast að ef þessu verði mótmælt þá hafi það alvarlegri áhrif á þjóðfélagið heldur en ef því verður ekki mótmælt. Svo einfalt er þetta mál í mínum huga.

Því er ekki að leyna að ég hef áhyggjur af því að hópur manna kunni að missa atvinnu. Um það er ekkert hægt að segja á þessu stigi máls. Ég vil láta mér detta það í hug — og ekki bara detta það í hug — að hér sé ekki um að ræða neina endanlega afstöðu. Ég er t. d. sannfærður um að vísindamenn hinnar íslensku þjóðar munu boða það, þegar loðnustofninn er orðinn nægilega stór, að við getum farið að veiða úr honum aftur. Sama hlýtur að gilda um hvalinn. Ég tek ekki þeim rökum að ekki geti orðið breyting í hina áttina eins og í þá átt sem nú er stefnt að. Ég vil líka minna menn á það sem tala um að hvalurinn éti svo og svo mikið af fiski úr höfunum — og auðvitað er það rétt svo langt sem það nær — að loðna var til við Ísland áður en hvalveiðar hófust og síld var til við Ísland áður en hvalveiðar hófust og annar smáfiskur. Ég er trúaður á það að náttúran sjái sjálf um það að halda jafnvægi í þessum efnum ef maðurinn grípur ekki í taumana, eins og við höfum gert með þá fiskstofna sem við höfum eyðilagt, sakir græðgi og sóunar.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra. Ég tel að ég hafi gert grein fyrir þeim rökum sem fá mig til að taka þá afstöðu í þessu máli að ég vil ekki mótmæla þessu banni. Ég hef séð til þeirra samtaka sem við eigum í höggi við núna, ég hef séð hvað þau hafa gert í sínu heimalandi, og það eru ótrúlegir fjármunir að baki þessum samtökum. Við skulum ekki reikna dæmið þannig, að spurningin sé um það að einstaklingurinn í Bandaríkjunum hætti að borða íslenska fiskinn. Um það snýst málið ekki. Málið snýst um það að einstaklingurinn sem á stóra fyrirtækið, sem rekur alla matsölustaðina, hætti að kaupa fiskinn. Ég vil auk þess í þessu sambandi benda á þau rök sem hæstv. sjútvrh. kom með og eru fullkomlega réttmæt, að megnið af þeim fiski sem við seljum er sett undir merki sem fullkomlega tengir hann Íslandi á mjög einfaldan hátt. Menn þekkja þetta merki og það er á vissan hátt auðveldara að berjast gegn þessu merki heldur en merkjum Norðmanna og Japana.

Menn hafa spurt hér hver um annan þveran: Hvað kemur næst ef við ekki mótmælum? Við erum hluti af stóru samfélagi, alþjóðlegu samfélagi, og við eins og aðrir verðum að taka rökum. Það getur vel verið að okkar rök í þessu tilviki séu þyngri á metunum að því leyti til að við erum matvælaframleiðendur og okkur beri að framleiða mat í sveltandi heimi. En ég er alfarið þeirrar skoðunar, að til þess að eftir okkur sé tekið, á okkur hlustað og á okkur sé tekið mark á alþjóðlegum vettvangi megum við ekki ævinlega gera kröfu til þess að aðrir taki tillit til okkar án þess að við tökum tillit til nokkurra annarra. Slíkt gengur ekki upp þegar til lengdar lætur.

Ég tel þá, herra forseti, að ég hafi gert grein fyrir því sem ég tel kjarnann í þessu máli. Ég veit að það er flestum þm. tiltölulega erfitt að taka afstöðu. Þetta mál liggur þannig fyrir. Menn þurfa að gera þetta upp við samvisku sína eins og þm. er ætlað samkv. stjórnarskrá lýðveldisins. Það hef ég gert.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Við fyrri hluta umr. um málið fagnaði ég till. hæstv. sjútvrh. í ríkisstj. og viðbrögðum ríkisstj. og lagði áherslu á að ég reiknaði með að hv. alþm. mundu ekki raska þeirri ákvörðun. Þessar umr. hafa leitt ýmislegt einkennilegt í ljós.

Ég verð að taka undir orð hv. 2. þm. Reykjaneskjördæmis um furðulegan rökstuðning þeirra hv. þm. sem tala gegn mótmælum í dag, en halda því jafnframt fram, eins og fram kom í hans ræðu, að þeir vilji áfram

hvalveiðar. Þeir láta þá skoðun hér í ljós, að þeir trúi því statt og stöðugt að það sé aðeins formsatriði að taka þá stefnu sem þeir halda fram, að mótmæla ekki. Vissulega er það í mínum huga hálfömurleg staðreynd að verða vitni að því hér í þingsölum að fjöldi hv. alþm. skuli taka afstöðu til þessa máls með beinni yfirlýsingu um að þeir óttist mótmæli frá erlendu stórveldi í okkar garð. Þetta hélt ég, eins og hér hefur komið fram, að ætti ekki eftir að ganga yfir okkur. Við höfum a. m. k. státað af hiklausri framgöngu í okkar lífshagsmunamálum hingað til og ekki látið aðrar þjóðir beygja okkur í duftið. — Og ég verð að segja það, að yfirlýsingar hv. 1. þm. Vestf. og raunar einnig yfirlýsing og ræða hv. 6. þm. Norðurl. vöktu furðu mína. Ég hafði haldið að Vestfirðingar þyrðu að standa við sannfæringu sína í hvaða máli sem er. Þannig hef ég kynnst þeim.

Stefna Íslands á hvalveiðiráðstefnum og í Alþjóðahvalveiðiráðinu hefur vakið eftirtekt. Hún hefur ekki vakið neinn vafa á því hvernig þessi þjóð hefur viljað halda á þessum málum. Aðferðir okkar við hvalveiðar og viðleitni til veiða undir vísindalegu eftirliti hefur verið viðurkennt sem staðreynd og hefur ávallt verið talið til fyrirmyndar meðal annarra þjóða heims. Þetta hélt ég að a. m. k. allir hv. alþm. væru ekki í vafa um.

Ég tel ástæðu til við þessar umr. að rifja upp álit Hafrannsóknastofnunarinnar, sem allir hv. þm. hafa haft fyrir framan sig, um þessi mál, sem Hafrannsóknastofnunin sendi sjútvrh. við meðferð þessa máls. Yfirlit þetta er tekið saman vegna fyrirhugaðs allsherjarbanns á hvalveiðum frá og með árinu 1986. Þar er fjallað um vísindaleg viðhorf til hvalveiðibanns, ástand íslenskra hvalastofna og stöðu hérlendra rannsókna á þessu sviði. Helstu niðurstöður eru þessar:

„Til þess að tryggja hæfilega nýtingu hvalastofna heims er mikilvægt að haga veiðum með tilliti til ástands hvers einstaks stofns. Allsherjarbann við hvalveiðum getur ekki skoðast sem vísindaleg nauðsyn eins og nú er háttað veiðum í heiminum, þótt deila megi um réttmæti einstakra veiðikvóta. Þetta á við um veiðar Íslendinga jafnt sem flestra annarra þjóða heims. Þótt þörf sé á auknum hvalarannsóknum hér á landi virðist engan veginn vera vísindaleg réttlæting fyrir stöðvun veiðanna hér. Mikilvægt er að rannsóknum hér á landi sé fylgt eftir af festu og að auknu fjármagni verði veitt til rannsókna, einkum er varðar úrvinnslu gagna í landi."

Ég ætla ekki að tefja þingstörf með því að lesa meira úr þessari gagnmerku skýrslu, en ég geri ráð fyrir að flestir hv. alþm. hafi áttað sig á vissum staðreyndum hvað þennan þátt þessa máls varðar.

Ég tel ekki heldur ástæðu til að rifja frekar upp það sem aðrir ræðumenn á undan hafa sagt í sambandi við hótanir frá Bandaríkjunum. Ég verð að segja það alveg eins og er, að óttinn sem kom fram í ræðu hv. 9. landsk. þm. um að fiskmarkaður okkar væri hruninn ef við tækjum afstöðu samkv. sannfæringu okkar í þessu máli fannst mér eiginlega furðulegur.

Það hefur komið hér fram í ræðum manna hver séu viðhorf Bandaríkjamanna, hvernig er hægt að sanna að viðhorf þeirra í þessu máli stangist á við það sem þeir sjálfir eru að gera í þessum málum. Bandaríkjamenn neita að skrifa undir hafréttarsáttmálann. Vegna hvers? Vegna þess að þeir telja að þeir nái ekki fram nægjanlega miklum réttindum á ýmsum sviðum fyrir sjálfa sig með tilliti til efnahagslegra möguleika. Þetta ætti að vera nægjanleg aðvörun til okkar í sambandi við þessi mál.

Einhvern tímann hefði verið saga til næsta bæjar afstaða Alþb.-manna til þessara hótana. Það á kannske eftir að skýrast í öðrum þáttum íslenskra þjóðmála á næstu misserum að þar sé um nýtt viðhorf að ræða.

Það hefur komið fram í þessum umr. að menn hafa gjarnan dregið í efa þýðingu hvalveiða eða látið að því liggja að efnahagsleg þýðing hvalveiða fyrir okkur sem þjóð væri ekki mikils virði, þetta væri ekki það mikið fyrirtæki, Hvalur hf., að það mundi raska svo miklu í þjóðfélagi okkar þó að starfsemi þess hætti. Það væri vissulega ástæða til að lesa upp úr efnahagsskýrslum okkar um mikilvægi þessa útflutnings fyrir okkur sem þjóð. Ég ætla ekki að gera það hér. Það hefur komið fram og kemur fram í þeim skýrslum sem hv. alþm. hafa sjálfsagt fyrir framan sig. En sé söluverðmæti hvalafurða borið saman við útflutning annarra atvinnugreina fást m. a. allmerkilegar niðurstöður. Árið 1981 nam þessi útflutningur til að mynda 91% af heildarútflutningi landbúnaðarafurða landsins, hann var 136% hærri en útflutningur Kísiliðjunnar hf. og 26% hærri en allur útflutningur niðursoðinna sjávarafurða. Aðeins þessi upptalning sýnir okkur hvaða gildi þetta fyrirtæki og framleiðsla á þessari afurð hefur í raun og veru fyrir þjóðarbú okkar. — Ég tala nú ekki um þegar við ræðum um það framtíðaráform að hefja hér ennþá meiri framleiðslu úr m. a. þessum afurðum. Þá á ég við lyfjaframleiðslu í landinu.

Af því að við erum að tala um í þessu sambandi þær hótanir, sem dynja yfir okkur frá Bandaríkjunum, væri fróðlegt að gera alþjóðlegan samanburð á þessu fyrirtæki, sem sumir hv. þm. hafa verið frekar að gera skóna að hafi fremur litla efnahagslega þýðingu fyrir okkur, og væri ekkert að því að nota Bandaríkjamenn t. d. í þennan samanburð. Ef við gerum alþjóðlegan samanburð á mikilvægi og tekið er tillit til mismunar á fólksfjölda fæst að mikilvægi útflutnings Hvals hf. árið 1980 fyrir íslenskt þjóðarbú jafngildir mikilvægi 10.8 billjón dollara útflutningi bandarísks fyrirtækis fyrir bandarískt efnahagslíf. Ennfremur kemur í ljós, að í Bandaríkjunum hefur fyrirtæki eða atvinnugrein sem veitir 135 200 manns atvinnu svipaða þýðingu fyrir bandarískt efnahagslíf og starfsemi Hvals hf. hefur fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Það getur vel verið að einhver teldi þetta grín, en þetta er einföld staðreynd. Þess vegna skulum við ekki gera okkur far um að gera lítið úr þeirri efnahagslegu þýðingu sem framleiðsla á afurðum úr hval hefur fyrir íslenskt efnahagslíf.

Ég tel rétt að geta þess við þessar umr., að við þm. Vesturl. höfum að sjálfsögðu mikinn áhuga fyrir því að þessi starfsemi, sem hefur verið rekin með miklum myndarskap í Hvalfirði, fái að njóta sín áfram. En við gerum okkur einnig grein fyrir þýðingu þess að halda hér vel á málum. Við höfum á þskj. 289 flutt sameiginlega till. til þál. um rannsóknir á hvalastofninum, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að rannsóknir á hvalastofnunum hér við land verði stórefldar frá því sem nú er, í þeim tilgangi að auðvelda allar ákvarðanir um nýtingu þeirra og verndun á komandi árum."

Þetta er áhersluatriði frá okkar hálfu um leið og við

viðurkennum það, sem aðrar þjóðir hafa viðurkennt, að þær veiðar á hvalastofninum hér við land, sem hingað til hafa farið fram, hafa verið undir vísindalegu eftirliti og verið til fyrirmyndar, hvað vel hefur að verið staðið, eins og fram hefur komið á alþjóðavettvangi.

Ég tel að þau mótmæli, sem við erum hér að fjalla um, verði að fara fram til að tryggja okkar rétt til að nýta auðæfi hafsins á skynsamlegan hátt og efla þannig okkar efnahagslíf. Og ég er í sjálfu sér undrandi yfir því að menn skuli halda því fram hér í fullri alvöru og reikna með því, að muni vera auðvelt að fá þá ¾ hluta þjóða til að breyta sinni afstöðu síðar meir, þegar búið er að banna hvalveiðar í höfum heimsins. Þetta er allt of mikil bjartsýni og einföldun á svo mikilvægu máli.

Það hefði verið ástæða til að fjalla hér um hagsmuni allra þeirra sem hér eiga hlut að máli. Þeir sem halda fram að hagsmunir þjóðarinnar fari best á því að mótmæla ekki þessu hafa ekki í umr. minnst á hvaða þýðingu þetta hefur fyrir heil byggðarlög, fyrir fjölda fólks sem hefur lífsviðurværi sitt af þessari atvinnugrein. Það er eins og það komi ekki þessu máli við.

Herra forseti: Ég minni á efnahagslega þýðingu hvalveiða fyrir þjóðarbúið í heild, viðkomandi sveitarfélög, fjölda fólks til sjós og lands. Ég bendi á það að engin vísindaleg rök mæla gegn hvalveiðum eins og við Íslendingar stundum þær. Ég neita að beygja mig fyrir þrýstihópum og hótunum erlendra ríkja. Það samræmist ekki tilveru okkar sem sjálfstæðrar þjóðar. Ég skora á hv. alþm. að samþykkja nál. minni hl. utanrmn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Eins dauði er annars brauð. Þau sannindi hafa lengi verið vituð og við Íslendingar höfum drepið skepnur okkur til matar um aldir. Við höfum gert þetta af mannúðarástæðum til þess að halda lífi í þessari þjóð. Nú er um það að ræða hvort við ætlum að hætta hvalveiðum eða hvort við ætlum að standa á rétti okkar og mótmæla.

Ég vil byrja á að þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir fádæma góða ræðu hér í kvöld. Ég tel að hann hafi í ræðu sinni hrakið það mjög skilmerkilega sem þeir hafa viljað halda fram sem eru á móti því að mótmæla. — Og það er dálítið athyglisvert að þrír af fjórum stjórnmálaforingjum þessa lands hafa tekið þá ákvörðun að mótmæla, en einn verið á móti. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort einn af stjórnmálaflokkum Íslands hafi valið sér svo miklu hæfari foringja en hinir eða svo miklu huglausari foringja en hinir.

Hv. 8. landsk. þm. hefur verið í viðbragðsstöðu í þessu máli alllengi. Við sem fylgdumst með hátterni viðkomandi þm. undanfarna daga getum með sanni sagt að hún hafi verið á ráslínunni, viðbúin ef merkið kæmi um að málið yrði tekið hér fyrir. Mig skal ekki undra þó að svo hafi verið. Í málflutningi hennar kom það fram, að hér væri verið að fjalla um framhald lífsins á jörðinni, hvorki meira né minna. Ég játa að ég hefði staðið í startholunum nóttina alla hefði ég búist við svo stórum tíðindum. En svona er hægt að æsa sig upp. Framhald lífsins á jörðinni, hvorki meira né minna, var á dagskrá og til atkvgr. Skyldi nokkurn mann undra þótt viðkomandi hafi búið sig undir málflutninginn hér í ræðustól og ákveðið að komast af? Nei, þetta er spauglaust.

Bandalag jafnaðarmanna er búið að álykta í þessu máli. Af mannúðarsjónarmiðum m. a. á að hætta hvalveiðum. Það er nú svo, að við lifum í heimi þar sem skortur er á matvælum og fólk er að deyja úr hungri. Hver yrði afleiðingin ef allar hvalaafurðir heimsins væru teknar af þeim matarborðum? Skyldu ekki fleiri deyja úr hungri? Eru þetta mannúðarástæðurnar sem Bandalag jafnaðarmanna er að berjast fyrir?

Hv. 1. þm. Vestf. — sá sem kjörinn var — er fjarverandi. Það verður aldrei á hann borið að hann skorti kjark. Svo hefur farið, að varamaður hefur lýst því yfir að hann þori ekki að taka áhættuna. Því vil ég koma sérstaklega á framfæri vegna aðdróttana frá 1. þm. Vesturl., svo að það fari ekki milli mála, að 1. þm. Vestf. skortir ekki kjark. En hann er fjarverandi og varamaður er í hans stað. En mig undraði þetta engu að síður. Og ég verð að segja eins og er, að mér leið ekki vel undir þeirri ræðu. Það var ömurlegt að hlusta á þá yfirlýsingu að hugleysið hefði tekið yfir og réði ferðinni, flóttinn einn væri það sem talið væri vit í. En þetta er tíðarandi þingsins. Það þykir fínt að hafa tapað kjarki í þessu máli. Það þykir það alfínasta í afstöðunni.

En menn skyldu ekki gleyma því, að við erum að fjalla um utanríkismál. Alþb. hefur lengi haft það á sinni stefnuskrá að herinn skyldi fara úr landi. Þegar komið hefur verið í ríkisstjórn hefur þetta ekki verið framkvæmt. Það hvarflaði að mér undir þessari umr. hvort þann veg færi, ef Alþb. hefði nú meiri hluta hér á þingi, að það þyrfti ekki nema eitt símskeyti frá Bandaríkjunum og þeir legðu það alveg á hilluna að láta herinn fara. Kjarkurinn væri ekki til staðar, en hagsmunirnir svo miklir. Það bendir allt til þess að svo sé, það hafi verið með hræsni og yfirdrepsskap sem þeir hafa safnað liði og fengið stuðning í kosningum á Íslandi út á þetta, kjarkurinn sé ekki til staðar. Þeir þora ekki, jafnvel þó að þeir hefðu meiri hlutann, að taka þessa afstöðu. Það er auma hjörðin, ef þetta er tilfellið.

Rockefeller var trúlega eitthvert mesta fjármálaséní Bandaríkjanna. Hann gaf á sínum tíma land undir byggingar Sameinuðu þjóðanna. Þá töldu flestir að nú hefði honum orðið á í messunni, nú vissi hann ekki lengur hvað hann væri að gera, nú væri hann farinn að gefa peninga. En hann vissi vissulega hvað hann var að gera. Hann átti allt landið í kring og það hækkaði það mikið í verði að hann stóð uppi miklu ríkari eftir en áður, þegar búið var að byggja. Og hvaða efnahagsmunir eru það sem Bandaríkjamenn eru að verja? Hv. 5. landsk. telur að það séu mannúðarsjónarmið? Hvenær tóku þau yfir? spyr ég. Hér er um falda fjármálapólitík að ræða. Verði allt hvalkjöt tekið af markaðnum hætta hinir efnuðu ekki að kaupa mat. Þeir munu einfaldlega kaupa annað kjöt. Og hvaða áhrif skyldi það hafa á útflutning Bandaríkjamanna til Japans, ef þeir gætu selt þangað kjúklinga og svínakjöt í stórum stíl? Hvaða áhrif skyldi það hafa á kornverðið? Hvaða áhrif skyldi það yfir höfuð hafa á landbúnaðarafkomu þeirra. Ætli það væri ekki sama staðan og hjá Rockefeller forðum? Þeir stæðu uppi með stórkostlegan gróða af tiltækinu.

Nei, við vitum öll að Bandaríkjamenn eru ekki að hugsa um mannúðarsjónarmið í þessum efnum. Ástæðan fyrir því að þm. þeirra hafa tekið þessa afstöðu er sú, að þeir sjá peninga í þessu, í viðskiptunum við Japan, sem í dag er búið að raska efnahagslegum styrkleika Bandaríkjanna.

Það sem veldur mér þó mestum áhyggjum í þessu máli er það, að við erum að taka ákvörðun um að hafa hvalina í eldi í landhelginni alveg án tillits til þess hvað þeir munu éta mikið í framtíðinni. Hvað ætli það sé mikið magn af fiski sem þessi stofn mun éta í fullri

stærð? Hefur það verið reiknað út? Eru menn reiðubúnir að láta þann fisk af hendi? Ég hygg að í þessari stöðu hafi farið fyrir helst til mörgum eins og varamanni hv. 1. þm. Vestf.

Herra forseti. Ég hef gert mér grein fyrir því að umboð hvers alþm. til setu hér á þinginu er stutt í tímanlegum skilningi þessarar þjóðar. Það hlýtur að vera fyrsta spurning sem hann spyr sjálfan sig að: Afsalaði ég einhverjum landsréttindum eða veitti ég þeim þm. sem taka við umboð til að bera ábyrgð á öllum þeim málum sem mér var falið á sínum tíma að gæta? Ef við ekki mótmælum núna erum við að afsala okkur réttindum sem okkur var falið að gæta. Við erum að svipta alþm., sem sitja í þessum sal að nokkrum árum liðnum, ákvörðunarrétti um hvort Íslendingar veiði hval eða ekki. Við erum að svipta þá þeim ákvörðunarrétti. Ég gef ekkert fyrir draumsýn. Ég treysti mér ekki til þess að standa frammi fyrir komandi kynslóð og segja: Ég afsalaði þessum landsréttindum.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það gerist nú svo áliðið kvölds að fólk villist í þingsölum. Við ég að mér verði virt það til vorkunnar undir þeim kringumstæðum að ég áskil mér rétt til örstuttrar aths. til viðbótar við langar umr. hér vegna þeirra ummæla hv. 5. þm. Vesturl. að ég hafi talað gegn eigin sannfæringu eða ekki þorað að standa við sannfæringu mína. Ummæli hv. þm. eru viljandi eða óviljandi rangtúlkun á mínu máli eða hann hefur bara alls ekki hlustað á hvað ég sagði.

Í máli mínu fólst einfaldlega það að enda þótt rök Alþjóðahvalveiðiráðsins í þessu máli séu bæði lítt sannfærandi og að sumu leyti hlægileg, þá getum við einfaldlega ekki barið höfðinu við steininn og neitað þeirri staðreynd, að mótmæli Alþingis nú gegn hvalveiðibanninu stofna stærstu útflutningshagsmunum okkar og um leið lífsafkomu íslensku þjóðarinnar í stórkostlega hættu. Við verðum að vega og meta hvort við eigum að fórna tiltölulega litlum hagsmunum fyrir okkar stærstu þjóðarhagsmuni, sem felast í útflutningi frystra fiskafurða. En að sjálfsögðu talaði hv. þm. sem 5. þm. Vesturl. og það er stutt í kosningar og hvalveiðistöðin er í Hvalfirði, við vitum það öll. Þetta sem ég sagði hér er mergurinn málsins.

Það að mótmæla hvalveiðibanninu nú væri hættulegt. Ég þarf ekkert að endurtaka öll þau rök sem hafa verið færð hér á hinu háa Alþingi fyrir þeirri skoðun. Ég vil svo segja það, að ég læt mig engu varða brigslyrði hv. þm. um að ég sé að tala hér móti eigin sannfæringu eða ég sé að heykjast á einu eða neinu. Og enn minna mark tek ég á loftinu í hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, sem aldrei hefur vegið mjög þungt í mínum huga.

ATKVGR.

Brtt. 294 (ný tillgr.) samþ. með 29:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, PP, PS, SalÞ, SkA, StJ, SvG, SvH, VG, AG, ÁG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FrS, GS, GeirG, GB, GJG, GK, GHelg, HÁ, HS, HG, JBH, KP, LJ, SigurlB.

nei: ÓE, ÓlJ, ÓÞÞ, PJ, SighB, SV, StH, SteinG, TÁ, ÞS, AS, DA, EG, FÞ, GH, GGP, GTh, HBl, IGuðn, IGísl, JE, JS, JÞ, KSG, KJ, MHM, MÁM, JH.

3 þm. (RA, StefG, ÞK) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel að Íslendingum beri að kappkosta að lifa af þeim gæðum sem land og sjór geta veitt og lifa í sátt við umhverfið og vinna ekki á því varanlegt tjón. Okkur ber að nýta af hófsemi gæði sjávarins. Nú ber talsverðan vanda að höndum. Flestar þjóðir heims hafa lagst gegn hvalveiðum. Hér er um það að ræða hvort við eigum að búa okkur undir það að stöðva hvalveiðar um nokkurra ára skeið a. m. k. Ég vil ekki gera því skóna að um ofveiði sé að ræða hjá okkur Íslendingum, en ég get heldur ekki með öryggi fullyrt að svo sé ekki og allt sé í lagi, enda eru rannsóknir á hvölum, a. m. k. sumum stofnum, ekki á því stigi að af þeim verði dregnar afdráttarlausar ályktanir. Ég vil ekki gera lítið úr hagsmunum Hvals hf. Ég vil ekki gera lítið úr hagsmunum starfsmanna fyrirtækisins eða viðkomandi sveitarfélags. En ég tel þó, að athuguðu máli, að við setjum í alvarlega hættu miklu meiri hagsmuni með því að mótmæla nú hvalveiðibanni. Ég á ekki bara við viðskiptahagsmuni okkar, heldur þar að auki það sem er fjármunum dýrara, álit Íslands í augum heimsins. Ég segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Með vísan til þeirrar grg. fyrir afstöðu minni sem þegar hefur komið fram við umr. um málið segi ég nei.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Með vísun til þess að tillaga Alþjóðahvalveiðiráðsins um hvalveiðibann er ekki byggð á niðurstöðum rannsókna né tillögum vísindanefndar hvalveiðiráðsins, þá er hún að mínum dómi óeðlileg og óskynsamleg. Ég segi því nei.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í þessum náttúruverndarmálum sem öðrum eigum við að lúta vísindalegum rökum þegar þau eru til staðar. Þau eru ekki til staðar í þessu tilviki og Alþingi Íslendinga á ekki að láta erlenda þrýstihópa segja sér fyrir verkum. Ég segi nei.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Í mínum augum er hér alls ekki um náttúruverndarmál að tefla. Hins vegar stöndum við frammi fyrir hótunum um viðskiptaþvinganir frá voldugu ríki í vestri. Það er hart að þurfa að beygja sig fyrir því. En miklir hagsmunir eru í veði fyrir þessa litlu þjóð sem á allt undir því að afurðir hennar seljist vel á stærsta markaðnum. Þess vegna, herra forseti, neyðist ég til þess að segja já.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Svo virðist sem mótmæli gegn hvalveiðum séu meira reist á tilfinningalegum grunni en vísindalegum. Ég tel að Íslendingar eigi að knýja á um auknar vísindalegar rannsóknir á hvalastofnunum, þannig að ávallt sé til staðar góð þekking sem hægt sé að byggja á umræður og ákvarðanatöku um nýtingu eða verndun stofnanna í framtíðinni. Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenska þjóð, ef eitthvað ber út af í markaðsmálum okkar varðandi sölu á sjávarafurðum, sem fyrst mun koma niður á því fólki sem byggir afkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu og síðar á öllum landsmönnum. Hótanir

Alþt. 1982. B. (105. löggjafarþing).

bandarískra stjórnvalda eru þeim til skammar og ekki ástæða til að láta þær hafa áhrif á sig. En afstaða mín mótast af hugsanlegum viðbrögðum bandarískra neytenda. Af þeirri ástæðu tel ég ekki rétt að Íslendingar mótmæli samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og segi því já.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Með vísan til þess rökstuðnings sem fram kom í greinargerð þeirri sem hæstv. sjútvrh. lýsti hér áðan að send yrði með mótmælunum, ef niðurstaðan verður sú að mótmæla, segi ég nei.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er ekki með glöðu geði sem ég fellst á þessa till. Ég vil taka skýrt fram að í því felst viðurkenning á þeirri staðreynd, að miklir hagsmunir eru í húfi og þar vega þyngra þeir sem meiri eru. En í þeirri afstöðu felst alls ekki viðurkenning á ákvörðun um það að hvalveiðar hafi verið stundaðar hér utan marka vísindalegrar stjórnunar. Í því felst ekki heldur viðurkenning á því að við afsölum okkur rétti til þess að halda áfram hvalveiðum. Ef svo fer innan þriggja ára, að við getum í skjóli vísindalegra rannsókna fært fram fullgild rök fyrir rétti okkar til þess og nauðsyn, þá ber okkur að segja skilið við Alþjóðahvalveiðiráðið að fordæmi Kanadamanna með fullum rétti. Þess vegna segi ég já.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það vekur athygli að í nál. með þeirri till. sem hér er nú til afgreiðslu er gert ráð fyrir því, að þótt ekki verði mótmælt samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins verði veiðum haldið áfram. Það hefur líka komið glöggt fram í málflutningi þeirra sem ekki vilja mótmæla samþykkt ráðsins. Í þessu felst tvískinnungur. Menn eru að reyna að kaupa sér frið á fölskum forsendum. Náttúruverndarmenn í Bandaríkjunum og víðar eru ekki bara að berjast fyrir því að einhver orðsending verði ekki send, heldur fyrir því að veiðum verði hætt. Uppskeran af þessum tvískinnungi verður sú, að Íslendingar afsala sér rétti sínum, rétti sem þeir eiga nú, með því að samþykkja þessa till., en uppskera jafnt eftir sem áður þau óþægindi sem menn halda að þeir séu að komast hjá með því að samþykkja þessa till. Ég segi nei.

Fyrirsögn (breytt) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 28:14 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 308).

Efri deild, 34. fundur.

Miðvikudaginn 2. febr., að loknum fundi í Sþ.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 2. febr., að loknum fundi í Sþ.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 35. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Sektarmörk nokkurra laga, frv. (þskj. 249). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 274). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 74, n. 287). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sjútvn. Ed. um frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Nefndin gerir eina breytingu, sem er í meginatriðum á þann veg að fjölga í stjórn Hafrannsóknastofnunar frá því sem gerð er till. um í frv., úr þremur í fimm, og er það nokkurn veginn í anda þeirra umsagna sem við fengum um frv., en þar vildu flestir, sem við leituðum til, eiga aðild að stjórn þessarar stofnunar. 11. gr. orðast því þannig að till. okkar nm.:

„Í stjórn Hafrannsóknastofnunar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjútvrh. til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamann.

Ráðh. skipar formann stjórnar."

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Karl Steinar Guðnason, Geir Gunnarsson, Guðmundur Karlsson. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þeir Gunnar Thoroddsen og Egill Jónsson.

ATKVGR.

Brtt. 287 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Loftferðir, frv. (þskj. 76, n. 280, 281). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Samgn. þessarar deildar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á loftferðalögum, stjfrv., 74. mál.

Samgn. sendi þetta frv. m. a. flugráði til umsagnar. Þaðan komu nokkrar ábendingar um smávægilegar breytingar, þó varla stórar efnislega, sem n. þótti rétt að taka tillit til, og skal ég nú gera grein fyrir því.

Það er fyrst nafnið á þessari nefnd, sem var áður kölluð rannsóknarnefnd flugslysa. Lagt er til að hún heiti flugslysanefnd. Einnig eru nokkru skýrari ákvæði um að nefndin ákveði sjálf, sem sagt hafi sjálfdæmi um það, hvaða mál hún kannar innan þess ramma sem henni er gert að starfa eftir. Einnig er brtt. í þá veru, að nefndin skuli gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins, eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til.

Það er sem sagt ekki um neina verulega efnisbreytingu að ræða, miklu frekar áherslubreytingu og gert örlítið skýrara.

Nefndin er sammála um að mæla með því að þetta verði samþykkt eins og það liggur fyrir í brtt. n. á þskj. 281.

ATKVGR.

Brtt. 281 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 91, n. 288). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. sjútvn. Ed. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 1. febr. 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breytingu á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Meginefni brtt. sem sjútvn. leggur hér til en hún var sammála um afgreiðslu þessa máls, er í því fólgið að breyta því marki sem var sett í sambandi við bótaskyldu á grásleppuveiðum. Það var bundið við 10 tunnu lágmarksafla á vertíð. En þannig fór á síðustu vertíð, árið 1982, að aflabrestur varð svo alger á heilu veiðisvæðunum og í heilu verstöðvunum að mjög margir náðu ekki því marki sem sett hafði verið. Því er það óeðlilegt, að okkar mati, að breyta hér ekki um. Það er okkar mat að fella beri niður þessa viðmiðun, 10 tunnu lágmarksafla, og við leggjum einnig til í sambandi við 4. gr., að þessi bótaákvæði falli undir 12. gr. laga um Aflatryggingasjóð og hann sjái um bótagreiðslurnar. Þetta rúmast þar eðlilega. Þeir hafa tjáð okkur hjá Aflatryggingasjóði að þeir gætu vel með sínu trúnaðarmannakerfi fylgst með því, hvernig að þessum veiðum væri staðið þannig að bótagreiðslur færu fram á eðlilegan og réttlátan hátt.

Við sem undirritum þetta nál. erum: Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Karl Steinar Guðnason, Geir Gunnarsson og Guðmundur Karlsson. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Egill Jónsson og Gunnar Thoroddsen.

Við leggjum sem sagt til að þetta verði samþykkt nú með þessum breytingum sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 288,1 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 288,2 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 123, n. 285, 286). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Það er flutt til staðfestingar á brbl. sem út voru gefin 24. ágúst í sumar, en þeim fylgdi þá greinargerð, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgrh. hefur tjáð mér, að í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga milli kaupskipaeigenda og stéttarfélags yfirmanna á kaupskipum hafi fyrirsvarsmenn þessara samtaka orðið sammála um, sem eitt samningsákvæðanna, að gerð yrði breyt. á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 69 30. apríl 1973, varðandi mönnun þessara skipa, m. a. með tilliti til tilsvarandi ákvæðis laga nr. 72 13. maí 1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum."

Samgn. Ed. leggur til að þetta frv. verði samþ. með einni smávægilegri breytingu. Í frv. stendur: „að fengnum tillögum mönnunarnefndar". Okkur var ekki alveg ljóst hvort þetta væri nefnd sem ætti að sjá um að menn mönnuðust eða að manna skip. Í þessari ágætu nefnd eru menn sem láta sig varða íslenska tungu, og varð því niðurstaða okkar sú, að í stað orðsins „mönnunarnefnd" komi: áhafnarnefnd. Sú breyting er gerð í samráði við samgrn.

N. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þessari einu breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 286 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. (þskj. 268). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. til l. um breytingu á lyfjalögum, nr. 49/1978, sem ég mæli hér fyrir hefur áður verið flutt hér á hv. Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Veigamestu breytinguna er að finna í 7. gr. frv., þar sem lagt er til að veita megi undanþágu frá ákvæðum um hver skuli veita lyfjagerð-

um forstöðu, en í gildandi lögum er krafist sömu menntunar og af handhöfum lyfsöluleyfis.

Um 7. gr. segir svo í grg.:

„Heimildarákvæði þetta veitir möguleika til undanþágu frá skilyrðum þeim, er forstöðumenn lyfjagerða almennt þurfa að uppfylla, sé um að ræða framleiðslu á ofnæmisefnum handa mönnum eða dýrum, og má í þessu sambandi nefna framleiðslu tilraunastofnunar Háskólans í meinafræði að Keldum."

Aðrar helstu breytingar þessa frv. eru þær, að lagt er til að lyfjanefndarmenn verði fimm í stað þriggja, en með því er horfið að verulegu leyti til fyrra fyrirkomulags.

Þá eru einnig ákvæði um að setja skuli reglugerð um prófanir á lyfjum, sem m. a. taki til ábyrgðar og bótaskyldu, en slík ákvæði hefur vantað tilfinnanlega í lyfjalögin.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þd. á 2. gr. frv., en þar er fjallað um hvað teljast skuli vítamín. Þar er gerð tillaga um breytingu frá því, að öll vítamín skuli teljast lyf, ef magn þeirra í hverri mældri einingu er umfram 1.5 venjulegan dagskammt, og skulu mörkin nú nánar ákveðin í reglugerð samkv. þessu frv. í stað þess að nú er þetta ákvæði í lögum. Álitamál er hvort rétt sé að gildandi hámark, 1.5 dagskammtur, eigi að gilda ótvírætt fyrir öll vítamín. Með því að hafa þetta í reglugerð skapast aukið svigrúm og unnt er að taka afstöðu til hvers einstaks vítamíns.

Hér er um að ræða atriði sem hefur verið mjög umdeilt á liðnum árum og hafa ýmis samtök, að mínu mati með réttu, bent á að óeðlilegt sé að takmarka ákvæði um þessi atriði við lagasetningu og eðlilegra sé að heimilt verði að setja reglugerðir í þessu skyni. Mér er kunnugt um að hv. alþm. eru flestir sama sinnis. Þess vegna var það mjög miður að á síðasta þingi skyldi ekki takast að afgreiða þetta ákvæði frv., þó að það væri látið liggja á milli hluta að öðru leyti.

Ég vil benda á það, að þó að skammt lifi nú þings, ef að líkum lætur, er hugsanlegt að staldra við það að afgreiða einungis efni 2. gr., sem ég hygg að góð samstaða sé um hér í hv. Ed. og í þinginu, hvað svo sem líður öðrum ákvæðum frv.

Þar sem hér er um að ræða endurflutning, herra forseti, tel ég ekki ástæðu til að fara ítarlegar yfir efni frv. þessa og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Svo sem fram hefur komið tókst ekki að afgreiða þetta frv., sem hér er til umr., á liðnu þingi. Að mínum dómi lá til þess einkum ein ástæða. Hún var sú, að eins og hæstv. ráðh. kom inn á eru fjölmargir áhugaaðilar í þjóðfélaginu, sem jafnvel hafa myndað með sér samtök, — áhugaaðilar um margvísleg fæðubótaefni, þ. e. vítamín. Það kom fram við umfjöllun nefndarinnar um málið á liðnum vetri, að þeir aðilar, a. m. k. sumir þeirra, eru mjög áhugasamir um að öll meðferð vítamína eða fæðubótaefna verði nánast frjáls. Og ég hygg að öllu samanlögðu, að ástæðan fyrir því að frv. náði ekki fram að ganga hafi einmitt verið sú, að við treystum okkur ekki til þess að sinna óskum þeirra í hvívetna eins og þær voru lagðar fyrir okkur nm. Ég vildi aðeins koma þessu að hér.

Að sjálfsögðu er ekkert hægt að fullyrða um hvort þetta frv. fær afgreiðslu á þessu þingi. Það skilja allir menn að um það verður ekki sagt hér. Hins vegar geri ég ráð fyrir að nefndin taki það til umfjöllunar eins og öll önnur mál sem til hennar er vísað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., að loknum 35. fundi.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 301 (sbr. 74)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Loftferðir, frv. (þskj. 302). – 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 303). – 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 304). – 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 33. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 248, n. 278, 279, 298). — 2 umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Því miður er hér hvergi um neitt meirihlutaálit að ræða og skiptist nefndin í þrjá hópa, sem gefa út hver sitt nál. Hins vegar ber þskj. 278 sem betur fer þess vitni, að minni hlutarnir sameinast að miklu leyti um flutning einnar brtt., þar sem flytjendur eru fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna í nefndinni.

Við 1. umr. þessa máls ræddi ég frv. í þó nokkru máli efnislega, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að halda um það langa ræðu nú. Hins vegar er kannske rétt að nefna höfuðatriði þessa máls.

Þetta frv. er í fyrsta lagi flutt til þess að koma á laggirnar Olíusjóði fiskiskipa, alnafna fyrirbæris sem sett var á laggirnar á s. l. ári í formi brbl. um Olíusjóð fiskiskipa, er sem sagt með sama nafni og í sama tilgangi komið á fót, en með annarri aðferð. Sá olíusjóður hefur lokið störfum, enda var ætlunarverk hans að greiða niður olíu síðustu mánuði ársins 1982 og átti hann að halda lífi fram að áramótum. Þess vegna er hann úr sögunni.

En með þessu frv. er lagt til að vakinn skuli upp nýr Olíusjóður fiskiskipa, sem greiði niður olíu til fiskiskipa um 35%, þar sem tekna er aflað með útflutningsgjaldi. Auk þess er í þessu frv., í 3. gr., framlengt olíugjald upp á 7%. Sýnist mér að ástandið í þessum efnum bjóði ekki upp á það eins og sakir standa að olíugjaldið verði fellt niður, og tel ég að flestir fallist á það sjónarmið, þó að bæði ég og aðrir höfum fundið að þessu formi.

Þetta frv. er flutt til þess að standa við þá ákvörðun sem tekin var á gamlársdag á s. l. ári um þessar niðurgreiðslur til þess að unnt verði að halda flotanum úti og greiða niður þyngsta baggann í útgerðinni, þar sem olían er.

Nú þarf ekki að orðlengja það frekar. En ég vil nota tækifærið í þessari stuttu tölu til þess að útskýra þá brtt. sem fjórir nm. hafa flutt við frv. Hún er við 2. gr. þess og nánar tiltekið 3. mgr. 3. mgr. 2. gr. fjallar um hvernig með skuli fara þegar fiskiskip selja erlendis.

Í frv. er gert ráð fyrir að þetta sérstaka útflutningsgjald, 4% útflutningsgjald, verði tekið af aflanum í erlendri höfn og síðan geti fiskiskipin notað það verðmæti til þess að greiða niður olíuna sem keypt er erlendis. Nú vill svo til að olían í erlendum höfnum er miklu ódýrari en hér. Mér er sagt að þessa dagana sé olían í Bretlandi næstum því 40% ódýrari en hér heima, svo að hún er jafnvel lægri í verði en niðurgreidd olía hér. En ástæðan til þess að við flytjum þessa brtt., ég, hv. þm. Pétur Sigurðsson, hv. þm. Karvel Pálmason og Páll Pétursson, er að okkur þykir nógu langt gengið þegar í því að taka af óskiptum afla þegar fiskiskip selja erlendis. Ef frv. nær óbreytt fram að ganga með 3. mgr. í 2. gr. frv. eru tekin af stærri togurunum 39% af afla áður en hann kemur til skipta. Þykir okkur það of langt gengið. Þetta má auðvitað rökstyðja miklu frekar, en ég held að hv. alþm. hljóti að hafa kynnt sér það mál nægilega vel til þess að ekki þurfi mikið um að tala.

Þegar fiskiskip selja erlendis er það auðvitað ákvörðun útgerðarinnar en ekki sjómanna að afli skuli seldur erlendis. Og við teljum að frv. óbreytt hvetji fremur til söluferða til útlanda, þó ekki muni miklu eins og frv. er. Með því að samþykkja brtt. okkar á þskj. 279 verður ekki tekið meira en nú þegar er gert af óskiptum afla þannig að sjómenn koma eitthvað heldur skár út úr því dæmi. En menn skulu huga að því, að þegar fiskiskip dvelur í erlendri höfn tekur sá túr miklu lengri tíma en þegar lagt er upp hér í innlendri höfn og að sá hlutur, sem sjómenn fá út úr aflanum, verður náttúrlega fyrir langtum lengri tíma.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til, nema annað tilefni gefist til, að fjölyrða um þetta mál. En á nál. 1. minni hl. stendur að 1. minni hl. leggi til að frv. verði samþykkt, en nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. Við höfum notað okkur þennan rétt með því að flytja brtt. við 2. gr. Ég vil leyfa mér að hvetja hv. þdm. til þess að samþykkja frv., en þó með þeirri breytingu sem hér er lagt til að gera.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það var ljúfur og laglegur drengur sem hér var að ljúka máli sínu, hv. þm. Garðar Sigurðsson, og miklum mun aðgætnari í orðavali en hann var við 1. umr. þessa máls, með hvaða hætti sem það á að taka. En víst fer honum þessi framganga, sem sást áðan, miklum mun betur en hin fyrri. Það hefði verið full ástæða til þess í ljósi þeirrar ræðu sem hann flutti við 1. umr. málsins að taka upp orðræður við hann í framhaldi af því. Ég skal ekki verða upphafsmaður að því nú, en lýsi mig að sjálfsögðu reiðubúinn að halda áfram í sama dúr og hann er hann upphóf mál sitt við 1. umr. málsins, ef til þess kann að koma.

Eins og hann tók fram klofnaði sjútvn. í afstöðu sinni til þessa máls og liggja fyrir þrjú nál. Hrósa mega þeir happi, hv. stjórnarsinnar, að ekki skyldu koma fjögur minnihlutaálit úr hv. sjútvn. Allt stefndi í það um tíma og gat svo farið, en bjargaðist á síðustu stundu.

Ég vil áður en ég kem að nokkrum meginatriðum míns máls aðeins rifja það upp, að við 1. umr. málsins talaði hv. þm. Vilmundur Gylfason mjög oft um að um samkomulagsmál væri að ræða varðandi ákvörðun fiskverðs og byggði afstöðu sína til þessa máls, sem var önnur en hann hafði áður til sams konar máls, á því að hér væri í raun og veru verið að framfylgja samningsgerð. Það er víðs fjarri að um þetta mál sé neitt samkomulag. Sjómannasamtökin hafa mótmælt því og eru engir aðilar að þessu samkomulagi um ákvörðun fiskverðs eða því sem hér er að gerast nú og lagt er til í þessu frv. Ég held að nauðsynlegt sé að menn geri sér ljóst að hér er ekki um það að ræða að staðfesta samninga í einu eða neinu formi, a. m. k. ekki að því er varðar sjómenn. Þessi afstaða hv. þm. Vilmundar Gylfasonar skýtur að vísu skökku við, bæði miðað við hans fyrri afstöðu til sams konar málefnis og einnig varðandi yfirlýsta afstöðu þessa hv. þm. til hinna margumtöluðu brbl., það að bæði þetta frv., sem hér um ræðir, og brbl. frá því í ágúst eru efnislega með þeim hætti að hér er verið að ógilda löglega gerða samninga.

Ég skal ekki á þessu stigi fara frekar út í það, en ég undirstrika enn frekar að það er misskilningur – á hverju byggður veit ég ekki – að hér sé um samninga að ræða og þess vegna sé ástæðulaust fyrir menn, sem vilja halda gerða og löglega samninga, að ljá því lið að mál sem þetta nái fram að ganga.

Hv. frsm. 1. minni hl. sagði áðan að hér væri kominn nafni olíusjóðsins sem brbl. frá því á s. l. hausti gerðu ráð fyrir, en nú væri hans hlutverki lokið. Það er að ég held misskilningur. A. m. k. hefur það ekki fengist upplýst, hvorki af hálfu hæstv. ráðh. né í sjútvn., með hvaða hætti á að greiða þann hluta af olíusjóðsgjaldinu sem til féll á síðari hluta ársins 1982. Um það skal ég ekki fullyrða, en muni ég rétt – það verður leiðrétt ef ég fer rangt með – er ekki gert ráð fyrir slíku t. d. við afgreiðslu fjárl. yfirstandandi árs. Það hefur verið ítrekað spurt um með hvaða hætti eigi að afla fjár til að standa undir þessari skuldbindingu. Það er ekki, að ég best veit, nokkurs staðar að finna stafkrók um það í þessu frv. og hefur ekki fengist upplýst. En ég ítreka þá spurningu til hæstv. ráðh., hvort það liggi ekki fyrir með hvaða hætti eigi að afla fjár til að borga þann hluta gjaldsins sem eftir var að borga á árinu 1982.

Ég hef áður lýst afstöðu minni til máls af þessu tagi. Það má segja að efnislega sé um tvíþætt mál að ræða: annars vegar olíugjaldið margumrædda – og illræmda að áliti margra – og hins vegar stofnun nýs sjóðakerfis, upphaf að öðrum hringganginum frá því að lokið var við að afnema sjóðakerfi sjávarútvegsins frá því 1976.

Að því er varðar olíugjaldið, og raunar um bæði þessi efnisatriði, þarf ég raunar ekki að hafa langt mál. Ég hef verið og er andvígur því að sá vandi, sem skapaðist við hina gífurlegu hækkun olíu á sínum tíma og hefur verið við að stríða – það skal viðurkennt – allan þennan tíma, sé leystur einvörðungu á kostnað sjómanna. Ég hef verið þeirrar skoðunar, og það hafa sjómannasamtökin líka verið, að þennan vanda beri að leysa á þann veg, að öll þjóðin axli þær byrðar, en ekki einvörðungu þessi eina stétt, þ. e. sjómenn. Sjómannasamtökin hafa, að því er ég best veit, lýst sig reiðubúin að taka þátt í störfum til að finna leið sem menn gætu sameinast um og væri með þeim hætti að ekki væru þessar byrðar áfram lagðar á sjómenn eina og sér. Til viðbótar við þetta minni ég á, að það hafa verið gefin fyrirheit af hálfu hæstv. sjútvrh. um að a. m. k. hann vilji og telji að afnema beri olíugjaldið. En í þessu sem og kannske mörgu öðru hafa hjá núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. ekki farið saman orð og gerðir. Á það vantar og ekki bara í þessu tilviki. Það er því augljóst mál að í ljósi þessarar afstöðu minnar er ég andvígur að leysa málið á þennan veg.

Að því er varðar hinn þátt þessa máls, sem er stofnun olíusjóðs með sérstöku 4% útflutningsgjaldi, vil ég a. m. k. lýsa því yfir, að ég tel þar afskaplega skakkt að farið í ljósi þess, að allir voru sammála um það, þegar farið var út í að afnema sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem gert var 1976, að það kerfi væri afleitt, þyrfti að afnema og bæri nauðsyn til að afnema. Með þeirri breytingu sem þá var gerð á þessum málum tóku sjómenn á sig kjaraskerðingu í einu eða öðru formi, keyptu sem sagt að hluta til þá lausn sem fékkst með niðurlagningu sjóðakerfisins. Ég sé ekki betur en hér sé verið að leggja grunn að öðrum þætti álíka máls, hér sé verið upp á nýtt að stofna til sjóðakerfis, sem sjómönnum verður síðan ætlað – spurning innan hversu langs tíma – að kaupa aftur í formi kjaraskerðingar. Ég hélt satt að segja, að burtséð frá pólitískum sjónarmiðum væru menn orðnir um það sammála að slíkt kerfi á ekki við. Og það hafa sjómannasamtökin einnig tekið fram, að þau eru reiðubúin að taka þátt í að leita að leið sem er farsælli og sem ekki upphefur aftur þennan sama gang, sem sjóðakerfið hafði á sínum tíma, sem allir urðu sammála um að nauðsynlegt væri að afnema. Í trausti þess, að stjórnvöld vildu í reynd skapa betri grundvöll fyrir sjávarútveginn og þar með bætt kjör sjómönnum til handa, féllust sjómannasamtökin á það 1976 að eiga aðild að því hvernig væri húgsanlegt að afnema það kerfi, sem þá var gert. Ég hugsa að hefði sjómannasamtökin órað fyrir því, að aftur ætti að byrja, 5—6 árum síðar, með sömu hringekjuna og sjóðakerfið var orðið og láta sömu aðila kaupa nýja lausn með kjaraskerðingu hefðu sjómannasamtökin ekki verið jafnliðleg í garð þess sem þá var gert með því að stokka upp kerfið eins og það var orðið. Ég tek því undir afstöðu og yfirlýsingar sjómannasamtakanna, sem ég veit að eru reistar á fullkominni hreinskilni. Auðvitað er sjómannasamtökunum ljóst að hér er um vanda að ræða. Og ég tek undir þær viljayfirlýsingar, sem sjómannasamtökin hafa látið frá sér fara, sem eru á þann veg, að þau lýsa sig reiðubúin að taka þátt í að finna raunhæfari og réttlátari leiðir til að leysa þann vanda sem flestir ef ekki allir viðurkenna að er fyrir hendi.

Út af þeirri brtt., sem hér var gerð grein fyrir af hálfu hv. formanns sjútvn. í sambandi við 4% gjaldið við löndun í erlendri höfn, er rétt að það komi fram og raunar nauðsynlegt, að á fundi nefndarinnar var upplýst að það ákvæði hefði komið eftir að gengið var frá fiskverðinu. A. m. k. vissu fulltrúar sjómanna ekki um þann þátt mála fyrr en eftir gamlársdagsfundinn, eins og menn hafa kallað hann, þegar fiskverð var ákveðið. Það eru auðvitað ekki eðlileg vinnubrögð að koma með slíkt eftir á. Ef á annað borð er gert ráð fyrir að þeir aðilar sem máli skipta fjalli um eitthvert mál, þá eiga þeir að fá vitneskju um alla þætti málsins á hvaða stigi sem það er.

Að því er það varðar að leggja 4% á þegar landað er erlendis. Það er, eins og hér kom fram áðan, ekki ákvörðun sjómannanna sem ræður því hvort siglt er eða siglt ekki. Auk þess hagnast útgerðin verulega meira ef framkvæmdin yrði með þessum hætti en ef landað yrði hér heima.

Enn ein spurning í sambandi við það sem kom fram hjá formanni Sjómannasambandsins á nefndarfundi. Ég held að það hafi verið við síðustu fiskverðsákvörðun eða fyrir um ári sem lýst var yfir af hálfu hæstv. sjútvrh. að hann vildi að kannaður yrði vinnutími sjómanna og í það yrði lögð vinna að kanna slíkt. Ég held að ég fari rétt með, en bið aðra nm. að leiðrétta ef ég geri það ekki, að Vinnuveitendasamband Íslands hafi neitað á vissu stigi málsins að taka frekari þátt í störfum sem kynnu að upplýsa hver vinnutími sjómanna er. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. upplýsti þetta, því að sé þetta rétt finnst mér furðuleg afstaða Vinnuveitendasambandsins. Ég hélt að það væri öllum til góðs að komast að raun um með eðlilegum hætti og á hlutlausan hátt hver er vinnutími sjómanna.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð, og er ekki ástæða til að teygja þennan lopa.

Það skal viðurkennt að kannske er það heldur hrátt sem hér er flutt, nál. líka, en ástæðan er sú, að í skyndingu í gærkvöld var um það beðið að mál þetta yrði tekið hér til umr. í dag. Annars var ekki gert ráð fyrir að það yrði gert fyrr en síðar. En ég er allur af vilja gerður til þess að þóknast hæstv. forseta í öllu sem hann biður um, sem mögulegt er og innan réttlátra og skynsamlegra takmarka. Yfirlýst er einnig af hálfu Alþfl. að hann er reiðubúinn að greiða fyrir afgreiðslu mála hér með þinglegum hætti og á eðlilegan máta og hefur á engu stigi, mér vitanlega, gert tilraun til að bregða fæti fyrir afgreiðslu mála þó að hann sé andvígur þeim að einhverju eða öllu leyti.

Nokkur orð út af brtt. á þskj. 298 frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Halldóri Blöndal. Ég leit þetta fyrst augum þegar ég kom í þingsal áðan og hef ekki í öllum atriðum gert mér alveg grein fyrir því hvað hér er um að vera. Mér sýnist þó fljótt á litið, að það gæti verið skynsamlegt að gera það sem hér er lagt til. Það er mat allra, sem að einhverju leyti hafa um þessi mál fjallað, að það þurfi að finna nýjar leiðir til að leysa þau mál sem hér er um að ræða á betri og farsælli veg en hefur verið gert og nú er, að því er best verður séð, verið að gera, verði þetta mál afgreitt með þeim hætti sem hér er lagt til að gert verði af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég er því, a. m. k. við fyrstu sýn, mjög jákvæður í garð þessarar till., sem hér er flutt af hv. þm., og tel að það gæti a. m. k. verið skynsamlegt að skoða málið með þeim hætti sem hér er lagt til.

Frsm. 3. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og tekið var fram í fundarbyrjun hefur ekki unnist tími til þess að prenta nál. 3. minni hl. sjútvn., nál. okkar sjálfstæðismannanna sem í nefndinni sitjum, þannig að ég mun skila nál. sem skriflegu áliti og reyna að fylgja því úr hlaði í þessari framsöguræðu minni svo að hv. þm. geti gert sér nokkra grein fyrir efnisinnihaldi þess. Ég segi eins og hv. síðasti ræðumaður: Ég sá ekki ástæðu til þess að verða ekki við óskum hæstv. forseta, sem hefur í öllum málum hér á Alþingi reynt að verða við frómum óskum hæstv. ráðh. um að flýta þingstörfum, og er sjálfsagt fyrir okkur hina óbreyttu að taka undir með honum í sambandi við það.

Áður en ég sný mér að nál. mínu verð ég þó að fara nokkrum orðum um þá fsp. sem hv. síðasti ræðumaður, frsm. 2. minni hl., bar upp við hæstv. ráðh. varðandi rannsókn vinnutíma á fiskiskipum. Hv. þm. munu minnast þess, að hér voru uppi miklar fullyrðingar, sem reyndar var tekið undir af hæstv. ráðh., um að bæði væru framin lögbrot og samningsbrot varðandi vinnutíma á fiskiskipum. Ég get staðfest að hæstv. sjútvrh. hefur í einu og öllu staðið við það sem hann lofaði um að þessi rannsókn færi fram. En hitt undrar mig og það er um framkvæmd þessa máls. Ég tala ekki um þau viðbrögð vinnuveitenda í þessu tilfelli að draga sína menn út úr þessu starfi m. a. á þeirri forsendu að sjómenn hafi ekki verið nógu fúsir til að gefa þær upplýsingar sem um var beðið, en ef þessi upplýsingasöfnun hefur farið fram samkv. tillögu starfsmanna og stjórnenda sjómannasamtakanna verð ég að lýsa furðu minn yfir barnaskap þeirra. Það undrar mig hins vegar ekki ef þessi vinnumáti hefur komið frá aðilum eins og kjararannsóknarnefnd, sem líklega líta á togaravist eins og nokkurs konar kennarastofurabbfund í skólum landsins. — En að ætla sér það, að undirmenn á togurum t. d. skili skýrslum um of langan vinnutíma til yfirmannanna sjálfra, skipstjórans og stýrimannanna, til þess að fella úrskurð um réttmæti þessarar ákæru, en í þessu felst auðvitað ákæra á yfirmenn fyrir lögbrot og brot á samningum, — ef einhver lætur sér detta í hug að það sé til þess að ná fram réttum upplýsingum í þessu máli að fara þessa leið, þá segi ég að þeir menn eru blindir sem álíta að þeir geri það í vinnu sem er jafneftirsótt og þó er enn þá með bæði minni og stærri togarana. Maður sem leyfði sér að gera slíkt um borð í togara tæki pokann sinn um leið og skipið kæmi næst að bryggju. Ég leyfi mér að fullyrða það.

Í nál. okkar bendum við á megineinkenni stjórnarstefnu núv. ríkisstj., en þau hafa verið eins og kunnugt er bráðabirgðalausnir og skammtímaráðstafanir. Við bendum á að ytri aðstæður efnahagsmála hafa aldrei verið hagstæðari neinni ríkisstjórn en þessari fyrstu tvö stjórnarár hennar. En það eru athyglisverðar yfirlýsingar einstakra ráðh., sem hafa komið fram að undanförnu. T. d. þessi, að við séum að sökkva í ískyggilega skuldasöfnun, að á sé skollin mesta efnahagskreppa á síðustu áratugum. Einn þessara hæstv. ráðh. hefur sagt að það sem einkenndi störf stjórnarinnar í efnahagsmálum væri að það sem gert hefði verið væri bæði of lítið og komi of seint.

Þegar verðbótaskerðingin 1. des. s. l. er meðtalin, en hún reyndist 7.71%, auk hækkunar vörugjalds, hafa verðbætur á laun verið skertar á öllum verðbótaútreikningsdögunum fjórum á s. l. ári eða samtals um tæp 18% á árinu 1982. Auk þess var vísitalan greidd niður um 6% fyrri hluta ársins. Samt reyndist verðbólga 1982 frá ársbyrjun til ársloka vera 64—65% miðað við byggingarvísitölu.

Þegar við bendum á þennan feril ríkisstj. á árinu 1982 þarf engan að undra þótt hún leitaði ekki að bestu leið þegar afla þurfti fjármuna til að endar næðu saman við ákvörðun fiskverðs.

Á margar fjáröflunarleiðir hefur verið bent, bæði beina fiskuppbót til útgerðarmanna fram hjá skiptum og kjarasamningum sjómanna, öflun fjármuna með hækkun söluskatts, og á fleiri leiðir hefur verið bent, eins og að verður vikið hér á eftir.

Ég mun fara nokkuð ítarlega út í þetta mál í framsöguræðu minni. Ég gat ekki verið við 1. umr. málsins vegna veikinda og því tel ég mér nauðsynlegt að fara nokkru ítarlegar út í málið nú en fyrri framsögumenn hafa gert.

Ef ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hefðu orðið við kröfum okkar þm. Sjálfstfl., sem kröfðumst þess að þing kæmi saman eigi síðar en 4. jan., má ætla að það hefði mátt skoða og ræða þessar tillögur og velja bestu leiðina af þeim sem hér hefur verið bent á. En í stað þess lýsti sjútvrh. því yfir fyrir áramót að hann hefði lagt tillögu fyrir Verðlagsráð um hækkun fiskverðs, sem það hefði svo samþykkt. Í þessum orðum ráðh. má einna best merkja inn á hvaða villigötur Verðlagsráð hefur borist, því engum er kunnugt um að lagafyrirmæli kveði á um að sjútvrh. eigi neinn tillögurétt í Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Ríkisstj. valdi þá leið að bjóða 14% fiskverðshækkun til útgerðar og sjómanna og tókust um þetta samningar milli útgerðar og ríkisstj., auk fleiri atriða sem þessir aðilar sömdu um. Ekki er okkur kunnugt um að

sjómönnum hafi verið boðið upp á samninga, og voru þó fjölmörg félög þeirra með sína kjarasamninga lausa. Samkv. frv. um Olíusjóð fiskiskipa o. fl. er ákvæði um að 7% olíugjald framlengist, en það kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna, og þetta nær að sjálfsögðu einnig yfir 14% fiskverðshækkunina sem framangreindir aðilar sömdu um á gamlársdag.

Í frv. þessu er kveðið á um starfrækslu Olíusjóðs fiskiskipa á árinu 1983 og fjármögnun hans með 4% útflutningsgjaldi af sjávarafurðaframleiðslu ársins 1983. Er gjaldið miðað við að olía til fiskiskipa verði greidd niður um 35% af olíuverði, en slík niðurgreiðsla er talin kosta um 400 millj. kr. á þessu ári.

Um fleiri atriði hefur verið „samið", jafnvel atriði sem ekki komu upp fyrr en eftir að samningaviðræðum að viðstöddum fulltrúum Þjóðhagsstofnunar lauk, fyrir áramót, sbr. ákvæði 3. mgr. 2. gr. um útflutningsgjald af sölu fiskiskipa í erlendri höfn, sem formaður sjútvn., hv. þm. Garðar Sigurðsson, hefur ljóslega drepið á.

Þetta tilboð ríkisstj. var gylliboð til þess að ná fram einhverri niðurstöðu fyrir áramót og til þess um leið að telja sjómönnum trú um að þær kjaraskerðingar, sem sjómenn hafa orðið fyrir umfram aðra launþega á liðnum árum, væru með þessu bættar að fullu. Fyrir þessu féllu nokkrir forustumenn sjómannasamtaka, en sjómenn sjálfir eru í æ ríkara mæli að vakna til meðvitundar um að blekkingin haldi áfram, sem best sést á því, að þessa fiskverðshækkun, sem greiðist af fyrirhuguðu útflutningsgjaldi, á lögum samkvæmt að taka til greina við næstu fiskverðsákvörðun sem aukinn kostnað. Til sanns vegar má færa að þessi leið sé ekki jafntilfinnanleg og ef höggvið hefði verið strax á óskipta hlutinn og af honum tekið beint til styrktar útgerðinni í formi hlutdeildar í rekstrarkostnaði eða til sérstakra uppbóta á fisk útgerðarmanna. — En á þessu sviði sem flestum öðrum er um skammtímalausn að ræða, og styttist nú óðum í milli þess að þeim þurfi að beita. Þolendur njóta stundarvarma vegna þessara aðgerða ríkisstj., en það gera þeir líka sem pissa í skó sinn.

Í frv. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl. eru birtar tvær athyglisverðar töflur sem eiga að sýna höfðingsskap og stórmennsku ríkisstj. í garð sjómanna. Önnur er með yfirskriftinni „Breytingar fiskverðs og kauptaxta 1977—1983" og hin „Lauslegar áætlanir um breytingar tekna sjómanna (á botnfiskveiðum), verkamanna og iðnaðarmanna 1977—1982."

Þegar hafðar eru í huga fullyrðingar, sem komu fram eftir síðustu fiskverðsákvörðun um að nú væri að fullu bætt sú kjaraskerðing sem sjómenn hefðu orðið fyrir í tíð vinstri stjórna frá 1978—1983, og þessar töflur skoðaðar, sést hversu alvarlegar blekkingar er um að ræða, enda sjá höfundar grg. frv. sér ekki annað fært en að feta sig nær sannleikanum, því að þar segir m. a.: „Fiskverðshækkunin nú réttir verulega hlut sjómanna í samanburði við launþega."

Í síðari töflunni er hreinum blekkingum beitt. Annars vegar eru tekjur verkamanna og iðnaðarmanna samkv. árlegri úrtaksathugun Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar úr skattframtölum kvæntra launþega. Í aths. segir svo m.a.:

„Fyrir október 1982 og janúar 1983 eru sýnd dæmi um breytingar á tekjum sjómanna. Er miðað við áætlað aflamagn 1982 og tekið tillit til aukinnar sóknar vegna fjölgunar togara. Hér er um meðaltal að ræða fyrir báta og togara, en aflasamdrátturinn er nokkru meiri en meðaltalið sýnir hjá togurunum."

Til að ná girnilegri samanburði fyrir sjómenn eru annars vegar áætlaðar tekjur fyrir sjómenn og hefur ekki verið til sparað í áætlun þess aflamagns sem til grundvallar er lagt. Hins vegar eru skattaframtöl þeirra, sem í landi vinna og hafa fjölmargar leiðir til að drýgja tekjur sínar, án þess að það sé talið fram til skatts, og geta unnið heimili sínu margvíslega, sem sjómaðurinn getur ekki. Sérstaklega ber að benda á þann hóp sem sjómenn eiga að vera yfir samkvæmt þessari áætlun, þ. e. iðnaðarmenn.

Forustumenn landssamtaka þessarar stéttar eru þeir einu sem hafa haft hug og þor til að kveða upp úr um það mein sem grafið hefur um sig í þeirra röðum vegna „svartrar efnahagsstarfsemi", sem þýðir að ómældar fúlgur tekna koma ekki fram í skattframtölum. Ekki er að undra þótt slík stétt verði undir í viðmiðun við þá sem verða að leggja allar sínar tekjur undir mælistiku skattyfirvalda. Því mátti t. d. ekki taka kennara, flugfólk og verslunarfólk til samanburðar, og ekki þá aðeins laun þeirra, heldur líka vinnutíma? — Nei, það mátti ekki.

Sá dómarinn sem marktækastur er að mínu mati þegar skattframtöl eru rædd má ætla að sé sjálfur fjmrh. Í umr. á Alþingi fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var um láglaunabætur, sagði hann að „skattframtöl væru hæpnari grundvöllur fyrir greiðslum úr ríkissjóði en ætlað var." Ja, bragð er að þá barnið finnur!

Þessi dómur ráðh. sýnir best hvert mark er takandi á slíkum útreikningum reiknimanna.

Það er athugunarvert fyrir sjómenn að aldrei heyrist, þegar vel aflast, neitt frá forustumönnum annarra launþegasamtaka og öðrum sem láta sig varða tekjur sjómanna, um það, hvort réttmætt sé að sjómenn beri eitthvað meira úr býtum en aðrir. Ríkisstj. finnst það ekki, sbr. þá áherslu sem er lögð á að ná meðaltekjum sjómanna hið næsta verkamönnum og iðnaðarmönnum og hika ekki við að beita blekkingum til að svo megi verða. Ég leyfi mér að vísa í fskj. I, sem mun fylgja nál. þegar það kemur úr prentun, varðandi röksemdir fyrir launamismun þessara hópa sjómönnum í hag. Þar eru einnig röksemdir sem koma gegn fullyrðingum svokallaðrar starfsskilyrðanefndar — eða nefndar forsrh. sem ég kalla svo, enda skipuð af honum og hefur unnið fyrir hann, — en þar hafa komið fram hinar margvíslegustu blekkingar varðandi skattfríðindi sjómanna.

En til viðbótar því, sem hér hefur verið sagt um þá fullyrðingu að með 14% fiskverðshækkun um áramót hafi loks verið bætt fyrir kjaraskerðingar sjómanna umfram aðra, sem hófust í stjórnartíð Alþb., Alþfl. og Framsfl. og hafa staðið linnulaust síðan, ber að undirstrika það sem ég nú segi:

Með þessu viðurkennir ríkisstj. að á þessu árabili hafa verið teknar stórkostlegar fjárupphæðir af réttmætum hlut sjómanna án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Það sem verra er er að sjómenn borguðu eins og aðrir sína félagsmálapakka, en hafa ekki fengið nema óverulegan hluta af því sem þeir borguðu fyrir. Þá má benda á offjölgun fiskiskipastólsins, sem er alfarið mál ríkisstj., en þessu hafa fylgt fleiri skrapdagar, lengra veiðibann og minni tekjur sjómanna.

Við sjálfstæðismenn höfum á liðnum áratug nokkrum sinnum orðið að grípa inn í gerða kjarasamninga. Þær

aðgerðir hafa fært okkur þann lærdóm að slíkt megi ekki gera nema þjóðarnauðsyn krefjist. Síendurteknar aðgerðir ríkisstj. á þessu sviði jafngilda því í raun að hún hafi tekið sér alræðisvald í kjaramálum og þannig kippt stoðum undan samningsfrelsi launþega og atvinnurekenda. Þessi ráðandi þáttur í gerðum ríkisstj. er því til þess fallinn að leysa aðila vinnumarkaðarins undan ábyrgð á gerð og efndum kjarasamninga. Sjálfstæðismenn eru í grundvallaratriðum andvígir þessum vinnubrögðum og telja að ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á efni gerðra kjarasamninga sé ein af veigameiri forsendum þess, að árangurs sé að vænta í baráttunni við verðbólguna. Afskipti ríkisstj. af ákvörðun fiskverðs nú með þeim hætti sem þetta frv. boðar hljóta því að auka enn á þá efnahagslegu upplausn er einkennt hefur allt vinstri stjórnartímabilið frá 1978 og fram á þennan dag.

Alþm. hljóta að gera sér fulla grein fyrir því, að með samþykkt þessa frv. er verið að taka upp að nýju í sjávarútveginum það millifærslukerfi sem afnumið var fyrir um sex árum. Til þess að það tækist var miklu fórnað og miklu til kostað, en allir aðilar málsins voru sammála um að slíkt millifærslukerfi væri með öllu óhafandi og óþolandi. Nú ætlar ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar að endurreisa Olíusjóð fiskiskipa, sem allir aðilar að fiskverðssamningum, sjómenn, útgerðarmenn og fiskkaupendur, og Alþingi sjálft voru sammála um að hverfa frá fyrir sex árum, eins og hv. frsm. 2. minni hl. sjútvn. kom svo skilmerkilega inn á í sinni framsöguræðu. Enn einu sinni á að breyta hlutaskiptasamningi sjómanna og útgerðarmanna vitandi um það stríð sem á eftir að fylgja, sem ekki er óeðlilegt þegar taka á stórar fjárupphæðir fram hjá skiptum af þeim aðilanum sem minna má sín.

Alvarleg tilraun til að leita nýrra leiða út úr þeim vanda, sem óneitanlega er við að glíma, virðist fjarri ríkisstj., enda er hennar meginmál nú að gera sem flestum til hæfis, móðga engan, hvergi að draga saman og spara, en stíga verðbólgudansinn fastar en áður ef eitthvað er.

Við 1. umr. þessa máls hér í hv. Nd. sagði hæstv. sjútvrh. að öll þjóðin tæki á sig áhrif gengislækkunar og gengissigs, sem þessar „aðgerðir" byggðust á, í hækkuðu vöruverði. Orðrétt sagði hann, með leyfi forseta: „Þetta er gjaldtaka sem öll þjóðin ber." Hvorki hann né aðrir, sem að þessu standa, hafa séð ástæðu til að undirstrika að þar í eru sjómenn og fjölskyldur þeirra einnig. Svo hefur verið við allar gengisfellingar sem gerðar hafa verið sjávarútveginum „til aðstoðar", eins og það er kallað.

Hæstv. sjútvrh. vildi ekki hækkun söluskatts, taldi það vafasama leið því að þá væri verið að leggja það beint á neysluvörur almennings að greiða niður olíu til fiskiskipa.

En hver er efnismunur þessara leiða gagnvart almenningi, gagnvart neytendum hér á landi? Ef söluskattsleiðin hefði verið farin var engin goðgá að taka áhrif þeirrar hækkunar út úr væntanlegum verðbótagreiðslum, eins og brennivínið t. d., því í þessu tilfelli áttu allir að skila til baka nokkru af því sem búið var að oftaka frá útgerð og sjómönnum.

Til viðbótar má benda á, að við alþm. höfum um árabil verið sammála um að innheimta á þennan hátt fé til að greiða niður olíuhitunarkostnað hjá hluta þjóðarinnar. Sá aukni kostnaður er að sjálfsögðu viðurkenndur, enda stafar hann af óviðráðanlegum ástæðum, hækkun olíuverðs erlendis. Útgerð og sjómenn ráða heldur engu um hækkun olíuverðs erlendis, enda meginvandi þessa þáttar þaðan kominn. En vandamál undirstöðuatvinnuvegar Íslendinga er vandamál allrar þjóðarinnar, og því skyldi maður ætla að þjóðin öll ætti að taka þátt í að leysa þann vanda.

Það þykir hvergi goðgá í heiminum, nema kannske hér á landi hjá einhverju kreddufólki, að verja efnahagslíf viðkomandi þjóðar gegn slíkri vá með sameiginlegu átaki og fjármagna úr sameiginlegum sjóði stórfellda sérstaka verðhækkun af erlendum uppruna. En það kemur auðvitað að því, að efnahagslífið verður að taka mið af þessum vanda eða þeim hluta hans sem eftir stendur. Þegar allar hugsanlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr áhrifum hans á efnahagskerfið og einstaka þætti atvinnulífsins og séð er að vandinn er varanlegur.

Öllum er ljóst, sem fylgjast með, að vandamál okkar gegn hugsanlegum stórhækkunum á olíu verður alltaf til staðar. Það er að sjálfsögðu heldur engin goðgá þótt þjóðin eigi sinn olíujöfnunarsjóð fyrir atvinnuvegina, sem í safnist þegar olíuverð er í lágmarki, en úr honum greitt þegar skyndilegan verðhækkunarvanda ber að. Er þetta raunar í samræmi við stefnu okkar sjálfstæðismanna varðandi verðtryggingar- og verðjöfnunarsjóði.

Það hefði ekki átt að letja ríkisstj. að fylgja slíkri stefnu þegar haft er í huga að stofn að slíkum sjóði er þegar til og starfandi í raun og er í vörslu fjmrh. Orkujöfnunargjald er innheimt með 1½ söluskattsstigi. Á svipuðu verðlagi og lagt er til grundvallar við ákvörðun um 400 millj. kr. þörf útgerðar í olíuniðurgreiðslu er ætlað að þessi skattur gefi samtals 340 millj. kr. Af þessari upphæð eru aðeins notaðar um 80 millj. kr. til orkujöfnunar. Þótt þessi orkujöfnun yrði aukin í 130 millj. kr., eða sem næst því sem við sjálfstæðismenn lögðum til við afgreiðslu síðustu fjárlaga, er um 210 millj. kr. afgangur af þessari skattheimtu, sem nú rennur til almennrar eyðslu ríkisstj.

Þegar haft er í huga, að útflutningsgjaldið innheimtist miklu síðar en söluskattur og að samkv. spá hins virta tímarits The Economist má ætla að markaðsverð olíu lækki um 30% á næstu mánuðum og misserum má gera ráð fyrir að umræddar 210 millj. kr., sem nú fara í verðbólgueyðslu ráðh., hefðu dugað fram á haust til að mæta þörf útgerðar fyrir lækkun olíukostnaðar.

Það eru fjölmargir útgerðarmenn og enn fleiri sjómenn þeirrar skoðunar, að þessa leið hefði átt að fara til nauðsynlegrar fjáröflunar. Það hefði ekki verið af hinu verra ef gengið hefði verið markvisst fram í því að létta kostnaði af útgerðinni eða auka tekjur hennar á annan hátt jafnframt. Meginmál útgerðarinnar hlaut að vera að hún fengi þá fjármuni sem þurfti til að tryggja rekstur hennar.

Á fskj., sem fylgja með nál. þessu um olíumál, má sjá ýmsa pinkla, sem útgerðinni eru búnir í gegnum olíuverðið, og virðist ekki vanþörf á að kryfja til mergjar ýmsa þeirra. Við sjálfstæðismenn teljum sjálfsagt að skoða fleiri slíka þætti. Má t. d. benda á það útflutningsgjald sem í gildi er, nýtingu þess og þörf þeirra sem það rennur til. Er einhvers staðar hægt að draga úr? Ber sameiginlegum sjóði landsmanna að taka við einhverjum þeirra útgjaldaliða sem útflutningsgjaldið stendur undir? Við þessum spurningum og fleiri hafa engin svör

fengist, en m. a. þess vegna er sú brtt., sem við sjálfstæðismenn berum fram á sérstöku þskj. um ákvæði til bráðabirgða, fram borin. Þessari brtt. á þskj. 298 hefur þegar verið útbýtt og ég sé enga ástæðu til þess að vera að lesa hana, hún er þegar komin á borð hv. þm.

En það eru fleiri ástæður sem liggja til þess að við flytjum þessa brtt. við þetta frv. Það hefur um nokkurt skeið verið nefnd að störfum, sem hefur unnið að því að kanna möguleika þess, að hlutaskiptafyrirkomulaginu yrði breytt. Af einhverjum mjög lítt skiljanlegum ástæðum er nefnd þessi látin hætta störfum og engar skýringar sendar til þeirra fjölmörgu sjómannafélaga sem eru með kjarasamninga sína lausa. En nú liggur það fyrir, og ég bendi hv. þm. á þá staðreynd, þegar þeir taka afstöðu til þessarar brtt. okkar við atkvgr. hér á eftir, að helstu samningsaðilar úr röðum sjómanna hafa lýst áhuga sínum á þessu máli.

Þann 10. jan. ályktaði framkvæmdastjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands m. a. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Stöðug íhlutun hins opinbera í fiskverð hvetur sjómenn til að huga að því, hvernig þeir geta með öðrum hætti sótt laun sín heldur en í gegnum hlutaskipti. Hlýtur þar annað launafyrirkomulag, t. a. m. eins og tíðkast á stóru togurunum, að koma sterklega til greina."

Sunnudaginn 30. jan. var haldinn formannafundur Sjómannasambands Íslands. Þar var m. a. samþykkt, með leyfi forseta, „að kjósa nefnd manna, er falið verði að kanna möguleika á annars konar launakerfi fyrir sjómenn en nú gildir."

Í ljósi þess sem ég hef þegar sagt má sjá að ekki hefur tekist að ná samkomulagi milli aðilanna sjálfra um að leita nýrra leiða, þótt þeir hafi rætt um það. Við sjálfstæðismenn teljum að sjálfsagt sé að Alþingi Íslendinga reyni með samþykkt þeirrar till., sem við leggjum hér til, að hjálpa til við að svo megi verða til þess að aðilar að samningum um kaup og kjör geti einhvern tíma losnað út úr þessu eilífa stríði, sem þeir hafa átt í á undanförnum árum fram yfir alla aðra.

Í þessari till. okkar er jafnframt, og er það meginmál, lagt til að lögin um Verðlagsráð verði endurskoðuð. Í nál. er nokkuð ítarlega sagt frá störfum þessa ráðs og m. a. er þar getið um fimm helstu atriði sem það á að vinna eftir við verðákvarðanir sínar, en þau eru:

Í fyrsta lagi: Markaðsverð sjávarafurða erlendis og það verð, sem framleiðendur hér í landi fá í hendur, að teknu tilliti til sölu, flutnings og tryggingakostnaðar, auk útflutningsgjalda og greiðslna úr eða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. – Þetta er eitt af fimm atriðum sem á að taka til greina í verðákvörðun þeirra.

Í öðru lagi á að taka til greina framleiðslukostnað og afkomu fiskvinnslunnar.

Í þriðja lagi útgerðarkostnað og afkomu útgerðarinnar.

Í fjórða lagi tekjur sjómanna og launaþróun í landinu yfirleitt.

Í fimmta lagi almennar aðstæður í þjóðarbúskapnum.

Þegar við horfum á þessa fimm meginþætti og horfum svo á ábyrgð annarra launþega í landinu, þegar þeir gera sína kjarasamninga við vinnuveitendur, sjáum við að þær kröfur sem þarna eru gerðar til sjómanna og reyndar útgerðarinnar í heild eru út í loftið í dag, algerlega út í hött. Og þegar svo er komið, að oddamaður yfirnefndar, þegar hún tekur til starfa, er orðinn nánast eins og „jó-jó" í höndum ráðh. og hann sjálfur veður fram og blandar sér í störf yfirnefndar og brýtur lög um leið virðist tímabært að gera nokkra breytingu á. Ég tel að það væri ekki óeðlilegt að hugsa sér að sáttasemjari ríkisins eða aðstoðarmaður hans í þessu starfi tæki við störfum oddamanns eða fimmta manns í yfirnefnd, þegar hún þarf að taka til starfa. Embætti sáttasemjarans er lögverndað og má því ætla að viðkomandi ráðherrar hiki við að grípa fram fyrir hendur slíks embættismanns.

Varðandi hugsanlegar breytingar á hlutaskiptum hafa menn verið að ræða leiðir að undanförnu. Hafa komið fram margar skynsamlegar hugmyndir um það á síðustu dögum, sem ég hef hlustað á með mikilli athygli. Ég hef t. d. haft í huga þá tillögu frá sjómanni, sem búinn er að taka laun sín samkvæmt okkar áratuga gömlu hlutaskiptum um margra ára skeið, en hann var með þá hugmynd að það mætti í stað krónu fyrir hvert kg, eins og nú er samið um, setja inn fasta verðmætistölu fyrir aflatonn ýmissa fisktegunda eftir gæðum. Síðan fengju sjómenn laun eftir fjölda landaðra tonna en verðmætistalan tæki breytingum með verðbótum annarra launþega. Þetta mundi nálgast það sem kallast bónuskerfi í fiskvinnslu. Þar fá allir sinn fulla bónus og laun án tillits til ástands á erlendum mörkuðum, hvort afli selst eða ekki. Með þessu væru sjómenn ekki að taka hlut úr tilbúnu fiskverði margfölsuðu, sem virðist oft og tíðum meginverkefni ýmissa ríkisstarfsmanna að vinna að. Reksturinn yrði að sjálfsögðu alfarið í höndum útgerðar. Þeir ráða þar öllu í dag og öllu um hann í samráði við sína viðsemjendur, ríkisstj., og þótt báðir þessir aðilar vilji láta sjómenn taka þátt í þeim kostnaði kemur það að sjálfsögðu ekki til greina meðan þeir vita ekkert um hvernig sá rekstur er og geta ekkert fylgst með honum.

Þetta er aðeins ein af þeim hugmyndum sem hafa komið fram. Að sjálfsögðu eru þær miklu fleiri. En við nm. sjálfstæðismanna í sjútvn. teljum að þetta séu þýðingarmikil atriði, sem hér hefur verið drepið á og er drepið á í sambandi við till. okkar um ákvæði til bráðabirgða, og teljum jafnframt að hv. þm., úr hvaða flokki sem þeir eru, ættu að geta samþykkt till. okkar og þannig stuðlað að því að leysa þetta sífellda og eilífa vandamál sem við er að eiga í sambandi við kaup og kjör sjómanna og skipti þeirra við útgerðina í landinu.

Við sjálfstæðismenn munum fylgja brtt. sem við höfum lagt fram. Einstakir þm. hafa áskilið sér rétt til að flytja og fylgja þeim brtt. sem koma fram og eru komnar fram. Við höfum ekki fengið nokkru að ráða um í hvaða formi þessi tillögugerð og þessir samningar hafa mótast og þeir eru alfarið á ábyrgð þeirra sem þar að standa. Munum við að öllum líkindum sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tel að með þeirri sjóðsstofnun sem hér er gert ráð fyrir sé farið inn á mjög varhugaverða braut. Mikil og bein niðurgreiðsla á olíu hvetur ekki sem skyldi til þess að menn leiti leiða til ítrasta sparnaðar á olíu. En margir hafa leitað leiða til þess, m. a. með nýjum veiðarfærum, t. d. tveggja báta trolli, sem lofar góðu í þessum efnum. Auk þess er mjög hætt við misnotkun þegar sama varan er seld á mismun-

andi verði. Ég tel að fara hefði mátt skárri leið að svipuðu marki og frv. er ætlað að ná. Hækkun olíugjalds eða einhver önnur kostnaðarþátttaka fram hjá skiptum hefði t. d. verið skömminni til skárri, en komið í sama stað niður gagnvart sjómönnum.

Þar eð þessar ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, eru beint tengdar ákvörðun um fiskverð frá síðustu áramótun er erfitt að bera fram meiri háttar brtt. án þess að eiga á hættu að ákvörðun fiskverðs sé þá í reynd úr gildi fallin með þeim afleiðingum að flotinn kunni að stöðvast.

Herra forseti. Ég vil undir engum kringumstæðum eiga það á hættu eða stuðla að því á nokkurn hátt að til stöðvunar flotans geti komið og mun því sitja hjá við atkvgr. um frv. þótt ég sé því efnislega andvígur. Ég mun greiða atkv. með brtt. meiri hl. sjútvn. á þskj. 279 og einnig brtt. hv. þm. Péturs Sigurðssonar o. fl. á þskj. 298.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns fagna því að þetta mál er nú tekið til 2. umr. Það er orðið mjög aðkallandi að afgreiða þetta mál á einn veg eða annan. Þetta má ekki vera í óvissu. Ég hafði samið um það við olíufélögin að þau veittu útgerðinni greiðslufrest á 35% olíukostnaðar til síðustu mánaðamóta og sá tími er liðinn.

Ég skal koma að nokkrum atriðum sem frsm. nál. hafa minnst á. Í fyrsta lagi ræddi frsm. 1. minni hl. um ákvæði, sem í frv. er, um greiðslu útflutningsgjalds af ísfiski. Ég fjallaði lítillega um þetta í framsöguræðu minni. Ég gat þess þá, að þetta mál hefði ekki orðið afgreitt á fundi yfirnefndar sjávarútvegsins. Segja má að láðst hafi að taka það þar fyrir. Fram komu ýmsar hugmyndir um lausn á þessu atriði, þegar frv. var í vinnslu, og reyndi ég þá að ná saman fundi allra hagsmunaaðila, þar með talið sjómanna, og vita hvort gæti orðið a. m. k. allsherjarsamkomulag um þetta. Því miður tókst það ekki. Hins vegar náðu útgerðarmenn og fiskvinnslan samstöðu um málið og ákvað ég að láta það ganga þannig inn í frv., en lýsti yfir við 1. umr. að ég teldi eðlilegt að sjútvn. skoðaði þetta mál alveg sérstaklega.

Þarna eru viss atriði sem orka tvímælis. T. d. það, hvort rétt sé að með þessu sé samningum sjómanna og útgerðarmanna um frádrátt frá verði erlendis breytt á óeðlilegan hátt. Þetta lá ekki ljóst fyrir, en ég veit að hv. sjútvn. hefur fjallað um það mál.

Einnig orkar það vitanlega nokkuð tvímælis, hvort greiða á niður olíu erlendis. Ef olíugjald er tekið erlendis er ekki óeðlilegt að olía þar sé þá einnig að einhverju leyti greidd niður. Hins vegar er óeðlilegt að sú olía sé greidd niður fyrir olíu sem tekin er heima miðað við 35% niðurgreiðslu á olíu. Verð á gasolíu hér heima og erlendis mun með niðurgreiðslu hér á landi vera orðin nokkuð svipað. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að þetta yrði nánar skoðað. Það hefur n. gert og mér skilst að meiri hl. hennar leggi til að þetta ákvæði verði fellt út þannig að ekki verði tekið útflutningsgjald af fiski sem landað er erlendis. Get ég fyrir mitt leyti vel fallist á það og mun þá að sjálfsögðu haga niðurgreiðslu olíu í samræmi við það með þeim reglum sem sjútvrn. ber að setja olíusjóði þeim sem um er fjallað í þessu frv.

Hv. þm. Karvel Pálmason kom inn á nokkra þætti. M. a. spurði hann um athugun á vinnutíma sjómanna. Reyndar hefur hv. þm. Pétur Sigurðsson svarað því. Ég lét nokkurt fjármagn af fjárveitingu til sjútvrn., nokkur hundruð þús. kr. í þessa athugun, eftir að ég hafði fallist á og talið sjálfsagt að hún færi fram á vegum Kjararannsóknarnefndar. Upplýst var, eftir að ég hafði gert þetta samkomulag við sjómenn, að Kjararannsóknarnefnd var með slíka athugun. Ég taldi því eðlilegt að hún héldi henni áfram, en ekki yrði um tvíverknað að ræða í annarri nefnd, sem ég þá skipaði. Á þetta féllust allir aðilar og ég lagði fjármagn, eins og ég sagði, í þetta starf. Það má einnig geta þess, að ég gekk í að útvega upplýsingar frá Noregi, sem eru mjög hliðstæðar þeirri vinnu sem þarna átti að vinna. Það olli mér því verulegum vonbrigðum þegar ég frétti fyrir nokkru frá formanni Sjómannasambandsins að vinnu þessari væri hætt af þeim ástæðum sem komu fram frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni. Ég hef lofað formanni Sjómannasambands Íslands að þessi vinna verði tekin upp að nýju. Hins vegar er ákaflega nauðsynlegt að hún verði tengd því sem þarna var gert. Við þurfum einhvern veginn að halda því starfi áfram og það ætla ég að ræða við viðkomandi aðila.

Hv. þm. Karvel Pálmason fullyrti enn einu sinni að ég hefði ekki staðið við það, sem ég hefði lofað, að fella niður olíugjaldið. Ég hef að vísu leiðrétt hvað eftir annað þessi ummæli. Ég hef vakið athygli hans á því, að í öll skiptin þegar ég hef rætt um olíugjaldið hef ég látið fylgja að enda verði að skapa útgerðinni rekstrargrundvöll með öðrum aðgerðum, ef hún hefur ekki efni á að sleppa þessu olíugjaldi. Nú er öllum mönnum ljóst að sá aflabrestur sem hefur orðið á síðasta ári hefur vissulega orðið útgerðinni mjög erfiður og svo sannarlega ekki skapað hagstæðan grundvöll til þess að fella niður olíugjaldið. Þetta hafa sjómenn, vil ég leyfa mér að segja, viðurkennt í viðræðum við mig. Þeir hafa viðurkennt þetta þótt þeir séu ákaflega mótfallnir olíugjaldinu. Aðstaða hefur blátt áfram ekki verið til þess að skapa útgerðinni rekstrargrundvöll eftir öðrum leiðum.

Hv. þm. sagði einnig, að þjóðin ætti öll að axla byrðar vegna áfalla sem útgerðin hefur nú orðið fyrir af aflabresti og hækkun útgerðarkostnaðar. Ég get tekið undir þetta. Þjóðin á að axla þær byrðar. Þjóðin hefur uppskorið mikið frá sjávarútvegi. Eflaust má að mestu leyti rekja batnandi lífskjör undanfarinna ára til mikils afraksturs á því sviði. Hins vegar verð ég að segja það, að mér finnst nokkuð langt gengið að leggja almennan skatt á þjóðina, eins og t. d. söluskatt, til að greiða niður olíu til útgerðarinnar. Ég held að sjávarútvegsinum sé enginn greiði gerður með því. Þá má með nokkrum rétti segja að hann sé kominn á framfæri þeirra sem ganga í verslun og kaupa sínar nauðsynjar. En ég vil þó viðurkenna að með þessu útflutningsgjaldi eru svo sannarlega lagðar vissar byrðar á þjóðina því að útflutningsgjaldinu er mætt með meiri gengislækkun. Vitanlega leiðir gengislækkunin til verðhækkunar, sem við öll borgum. Segja má að þetta sé óbeinni leið að sama marki. Þetta atriði var að sjálfsögðu mikið rætt. Ég get fullyrt að þeir voru ákaflega fáir sem töldu fært að fara söluskattsleiðina.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson flutti ítarlega ræðu og kom víða við. Get ég tekið undir margt sem hann sagði, en við sumt verð ég að gera nokkrar leiðréttingar.

Hv. þm. taldi að 14% hækkun fiskverðs væri ekki nægileg tekjubót til sjómanna miðað við þann aflabrest

sem hefur orðið og hann vefengdi útreikninga með mjög hörðum orðum og taldi hann að blekkingum væri beitt, svo að ég vísi í það sem hann sagði, í þeim útreikningum sem Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram. Ég hef að vísu fyrr heyrt útreikninga Þjóðhagsstofnunar vefengda, en aldrei með svo alvarlegum ásökunum. Ég held að þarna sé of djúpt í árinni tekið. Ég leyfi mér að fullyrða að Þjóðhagsstofnun hefur leitað þeirra bestu upplýsinga sem fáanlegar eru til að bera saman nokkuð erfið atriði, þ. e. tekjur sjómanna og tekjur manna í landi, — erfið atriði m. a. vegna þess að sjómenn og menn í landi vinna alls ekki við sömu aðstæður. Það tel ég einn stærsta þáttinn í þessu. Sjómenn hafa óreglulegan vinnutíma. Sjómenn vinna ætíð í akkorði þegar afli er mikill o. s. frv. Að vísu má segja, að þegar lagðar eru til grundvallar upplýsingar um tekjur fólks í fiskvinnslu samkv. framtali kemur vitanlega akkorðsvinna eða bónusvinna þar einnig inn. En engu að síður eru aðstæður aðrar. Það var meðal annars ástæðan til þess að ég var hvetjandi þess að gerð yrði athugun á vinnutíma sjómanna, sem ég ræddi hér um áðan og hefur verið gert hér að umræðuefni. En ég get ekki fallist á að um blekkingar sé að ræða. Í orðinu blekking felst vísvitandi fölsun í raun og veru.

Ég vakti athygli á því í framsöguræðu minni, að með 14% fiskverðshækkun hefur samkv. þessum samanburði á tekjum aflabresturinn verið fullkomlega lagfærður tekjulega séð. Miðað við verkamenn eru tekjur sjómanna svipaðar eða aðeins meiri en miðað við 1977 allmiklu meiri en tekjur iðnaðarmanna. Fiskverð, svo að sá samanburður við kauptaxta sé einnig notaður, er orðið sambærilegt. En það er líka staðreynd, að fiskverð hækkaði á síðasta ári, á einu ári, um um það bil 75%, en laun í landinu um um það bil 52%. Ég vil leyfa mér að fullyrða að launþegar í landi hefðu sætt sig ákaflega illa við enn meiri hækkun fiskverðs, en óbreytta hækkun launa í landi, og ég get ekki áfellst þá fyrir það. Í okkar þjóðfélagi er stöðugt gerður samanburður á tekjum.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að ég tel að sjómenn séu mjög vel að þessari hækkun komnir. Ég tel að vel eigi að gera við sjómenn. Þeir eiga að hafa góðar tekjur. Hins vegar hefur alltaf komið skýrt fram hjá sjómönnum að þeir væru tilbúnir að taka á sig skerðingar sem þjóðin öll tæki á sig og ég tel að með þessu sé nokkurn veginn þeim jöfnuði náð.

Mér skilst á orðum hv. þm., þó að ég heyrði ekki að það kæmi beint fram hjá honum, — a. m. k. má draga þær ályktanir — að leysa hefði átt allt þetta mál fremur með meiri hækkun fiskverðs. Ef leysa átti málið að sama hluta, — því að málið er náttúrlega ekki að fullu leyst, útgerðin er enn þá rekin með of miklum halla, — sama hluta sem náð er með þessu samkomulagi við útgerðarmenn og fiskvinnsluna, þá hefði fiskverð orðið að hækka um það bil 26%. Þeirri hækkun hefði fylgt meiri gengislækkun til að bæta upp kostnaðarauka fiskvinnslunnar og ég óttast að slíkri hækkun hefði fylgt veruleg gagnrýni af hálfu launþega almennt. Ég vil því halda því fram, að ekki sé um meiri kjaraskerðingu hjá sjómönnum að ræða en launþegum almennt.

Hv. þm. sagði að þetta væri meiri kjaraskerðing, m. a. vegna þess að í ljós hefði komið að útflutningsgjaldið yrði tekið til greina við næstu fiskverðsákvörðun. Það er rétt, að útflutningsgjaldið er tekið til greina þá. En á móti því kemur gengislækkun, sem hækkar verð á fiskafurðum. Menn mega ekki gleyma þeim enda á dæminu. Fiskverðið er hækkað í íslenskum krónum með meiri gengislækkun, sem vegur á móti þessu útflutningsgjaldi. Um það hefur verið samið við fiskvinnsluna, það er engin launung, svo að þetta vegur hvort á móti öðru.

Millifærslukerfi hefur verið gagnrýnt og ég get tekið undir það. Það er ætíð mjög varasamt. Mér sýnist hins vegar millifærslan algeng í okkar þjóðfélagi. Hún er kannske hvergi meiri en í tekjuskatti. Þar er fært gífurlega á milli. Ég hef ekki heyrt neinn gagnrýna það út af fyrir sig. Ég tel að millifærsla geti komið til greina í einstökum, við skulum vona tímabundnum, erfiðleikum. Í útgerðinni eru tvímælalaust mjög miklir, og ég vil aftur segja vonandi tímabundnir, erfiðleikar, þ. e. afli miklu minni en gert var ráð fyrir. Á að mæta slíkum erfiðleikum með fiskverðshækkun einni og meiri gengisfellingu, sem fer meira inn í verðbólgu o. s. frv.? Sú leið er bókstaflega ekki fær á meðan við búum við það vísitölukerfi sem hér er við lýði. Hún leiðir til svo mikillar hækkunar á verðlagi og vísitölu og víxlverkunar að hún er ekki fær á meðan við búum við það.

Ég ætla ekki að fara almennt út í þau mál. Ég hef oft lýst því, að ég tel að því kerfi verði að breyta að nokkru leyti.

Hv. þm. ræddi um aðrar tekjur í þessu skyni og nefndi þá t. d. útflutningsgjald það sem nú er lagt á, þ. e. 5.5%. Mikið hefur verið rætt um það gjald. Ég hef ekki heyrt eina einustu rödd frá sjómönnum eða útgerðarmönnum, þó hef ég marggengið eftir því og spurt, að draga skuli úr einhverjum þætti þar. Rætt var um hvort ætti að draga úr því sem rennur í Aflatryggingasjóð. Menn hafa ekki treyst sér til að gera það. Þar er nokkur inneign, um það bil 70—80 millj. kr., í hinni almennu deild. Hins vegar er skuld í verðjöfnunardeild sjóðsins. Að sjálfsögðu vilja menn ekki ganga svo nærri þeim sjóði að ekki verði bættur t. d. aflabrestur á vertíð. Ég veit að hv. þm. hefur það örugglega ekki í huga. 1% rennur í tryggingasjóð og það mál hefur verið vandlega skoðað. Var talið fært að ráðstafa 30 millj. kr. úr tryggingasjóði í olíuniðurgreiðslu í lok síðasta árs, en lengra verður þar ekki gengið og ég held að það sé full þörf á þeim hluta sem þangað rennur.

Mikið hefur verið rætt um að fella niður 1% sem rennur í Fiskveiðasjóð. Það kæmi til greina ef staða Fiskveiðasjóðs væri betri. Það má heita að þetta sé nánast það eina ráðstöfunarfé sem hann hefur, fyrir utan lánsfé. Afkoma Fiskveiðasjóðs er bókhaldslega góð, en greiðslulega er hún mjög erfið því að vanskilin þar eru gífurlega mikil. Af þeirri ástæðu var samstaða einnig um það, að eins og nú er ástatt yrði ekki þetta 1% af Fiskveiðasjóði tekið. Aðrar atvinnugreinar greiða ekki slíkt gjald, a. m. k. í miklu minna mæli. Það kemur vel til greina að breyta þessu, en ég tel það ekki fært á þessari stundu.

Ég held að ég megi fullyrða að í allri meðferð þessa máls var mikið rætt um hverja aðra tekjuleið sem mönnum datt í hug, en þær voru ekki margar. Niðurstaðan var sú, að það var um tvær leiðir að ræða, annars vegar að fara út í niðurgreiðslu á olíu eða hækka olíugjaldið, þ. e. greiða beint frá vinnslu til útgerðar á grundvelli aflamagns. Menn hafa fundið að þessari leið

að hún leiði til þess að menn spari ekki eins olíu. Það er rétt. Þess vegna er hún varasöm og þarf að forðast að niðurgreiðslan verði óeðlilega mikil, eins og hún var t. d. orðin á árunum 1973—1975, þegar hún náði ¾ af olíukostnaði, en ég sé ekki betur en olíugjaldið hafi svipað í för með sér. Það er greitt af afla við skulum segja upp í olíukostnað eða upp í kostnað útgerðarinnar almennt og er vitanlega um verulega tilfærslu að ræða og kemur ójafnt niður á útgerðina. Sú útgerð sem hefur langsamlega minnstan kostnað er að sjálfsögðu útgerð trillu á handfæri. Nefnd hafa verið mörg dæmi um að þar hafi allur kostnaður olíu og meira en það verið greiddur. Það leiðir út af fyrir sig ekki til sparnaðar heldur, þannig að niðurstaðan varð sú, að af tvennu væri þó skárra að fara þessa olíuniðurgreiðsluleið. Samanburður við olíukostnað erlendis liggur að auki alls staðar fyrir. Olía er erlendis verulega ódýrari, en víða greidd niður, greidd niður í Færeyjum, ódýr í Noregi og til fiskiskipa í Bretlandi o. s. frv.

Hv. þm. lýsti furðu sinni á því að hlutaskiptanefnd héldi ekki áfram störfum. Hlutaskiptanefnd skilaði af sér til mín í lok desember. Ég hef lagt mikla áherslu á að hún skilaði áliti og átti fundi með fulltrúum hennar. Því miður náðist ekki samkomulag. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að hlutaskiptum sé breytt, að bæði olíugjald og stofnfjársjóður verði lagt niður, en hins vegar greidd hlutdeild í olíukostnaði beint. Hlutaskiptum verði aftur á móti breytt á hinum ýmsu flokkum fiskiskipa, þannig að sjómenn hefðu að meðaltali í hverjum flokki fiskiskipa sömu tekjur eða bæru sama úr býtum og þeir hafa nú. Þarna er vissulega um nokkra tilfærslu að ræða, þannig að t. d. fiskiskip, við skulum segja togari, sem notar mikla olíu, hefur minna til skiptanna. Um þetta voru flestir í nefndinni sammála, en a. m. k. einn fulltrúi sjómanna lagðist hart gegn þessu og nefndin var öll sammála um að leggja til við mig að þessu yrði ekki hrint í framkvæmd við þær aðstæður. Útgerðarmenn voru sammála þessu, en það er alls ekki þar með sagt að því starfi sé lokið. Því er alls ekki stungið niður í skúffu og verður að takast upp að nýju og halda áfram því verki þó þessi nefnd hafi skilað af sér.

Að lokum vil ég koma að nokkrum orðum um ákvæði til bráðabirgða, sem ég get efnislega tekið undir. Þá vil ég fyrst upplýsa það, að ég hef átt viðræður við hagsmunaaðila og ýmsa fleiri um endurskoðun laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég tel það tímabært. Það eru hins vegar mjög skiptar skoðanir um það og sumir virðast óttast að farið verði úr öskunni í eldinn. Hugmyndir um frjálsa samninga á milli sjómanna og útgerðarmanna annars vegar og útgerðarinnar og fiskvinnslunnar hins vegar hafa satt að segja valdið ýmsum hagsmunaaðilum verulegum áhyggjum. Þeir telja að þá væri svo sannarlega stigið skref aftur á bak. Engu að síður tel ég að þetta beri að endurskoða og get fallist á svona ákvæði. Hins vegar er ég sannfærður um að fimm manna nefnd dugar ekki til.

Lögð var mikil áhersla á það af sjómanna hálfu að þeir fái fulltrúa, bæði farmenn, fiskimenn og sjómenn. Útgerðarmenn krefjast þar fulltrúa og helst tveggja, en a. m. k. eins, og fiskvinnslan krefst þar örugglega fulltrúa og hennar óskum verður varla mætt með einum fulltrúa. Ef stjórnmálaflokkarnir vilja komast inn í málið er nefndin orðin fjölmenn. Segja má að á þessu hefur helst staðið. Ég er tilbúinn að skipa slíka nefnd og leita þá eftir tilnefningum frá hagsmunaaðilum og er tilbúinn að setjast niður með hv. þm. og öðrum og ræða um hvernig svona nefnd gæti orðið skipuð.

Ég vil einnig geta þess, að ég lagði fram till. í ríkisstj. um að skipuð verði nefnd til að athuga allan rekstrargrundvöll útgerðarinnar og allt sem gæti orðið til að gera hann hagkvæmari, hvaða nafni sem það nefnist, hvort sem menn eru að tala um fækkun skipa, nýtt kerfi, kvótakerfi og hvað sem þar er. Þessi till. var samþykkt og ég er að vinna að því að koma þeirri nefnd saman. Það þarf að vanda til vals á mönnum í þá nefnd og það er ég að reyna að gera. Þá nefnd mun ég tvímælalaust skipa. Ég hefði viljað leggja til að við gætum aðeins rætt um þetta hvort tveggja, hvort menn vilja breyta þessu ákvæði hér á einhvern máta þannig að allir geti sætt sig við það. Það er ég tilbúinn að ræða.

Ég man nú að ég gleymdi að svara einni spurningu frá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Hvernig á að borga það sem eftir stendur af niðurgreiðslu á olíu fyrir áramótin? Helmingur var borgaður úr Tryggingasjóði fiskiskipa, 30 millj. voru teknar að láni hjá Seðlabanka Íslands með ríkisábyrgð. Það mál er til meðferðar hjá fjmrh. og ríkisstj. m. a. í tengslum við lánsfjáráætlun o. fl.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Málið sem hér er til umr. er ekki nýtt af nálinni. Alþingi stendur enn einu sinni frammi fyrir því að samið er við sjómenn og útgerðarmenn um fiskverð með ávísun á að Alþingi fallist löngu síðar á eitt og annað. Í rauninni skuldbatt hæstv. sjútvrh. hið háa Alþingi með tillögu sinni um fiskverðsákvörðun um áramótin og lagði síðan fram það frv. sem hér liggur fyrir og felur það í sér að frá síðustu áramótum skuli taka sérstakt útflutningsgjald, olíugjald, af blönduðum afla á þessu ári.

Við sjálfstæðismenn höfum talið, eins og fram kom hjá hv. 1. landsk. þm., að nauðsynlegt væri að standa öðruvísi að atvinnumálunum í heild. Við teljum að hæstv. ríkisstj. hafi með óhóflegri skattheimtu, rangri gengisskráningu o. s. frv. í rauninni kippt grundvellinum undan atvinnurekstrinum og að við stöndum nú frammi fyrir því að æ fleiri fyrirtæki eiga við alvarlegan rekstrarfjárvanda að stríða vegna uppsafnaðs taps á síðustu árum. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan að hann væri í þann veginn að skipa sérstaka — ég man ekki hvað hann kallaði það — rekstrartapsnefnd útgerðarinnar eða eitthvað slíkt. Ég hygg að hann hefði betur skipað þessa nefnd þegar hann settist í stól sjútvrh. heldur en nú þegar hann stendur upp úr honum, því að hann á ekki nema nokkrar vikur eftir í því sæti. Þá hefði kannske orðið von til þess að landinu yrði betur stjórnað þennan tíma og sjávarútvegurinn stæði betur í dag.

Sú niðurstaða hæstv. ráðh., að Fiskveiðasjóður standi vel á pappírnum, en eigi enga peninga til að ráðstafa, er í rauninni lýsing á ástandinu hér á landi núna. Hæstv. ráðh. hefur tekist að glepja menn með því að hlutirnir séu í lagi á pappírnum, en svo hrökkva menn upp við það, þegar til á að taka annað slagið, að ástandið er alls ekki eins gott og menn bjuggust við. Menn hrukku upp þegar þeir sáu hina svörtu skýrslu Seðlabankans, og ef við tökum Fiskveiðasjóð sérstaklega ætla ég samkv. þeim hugmyndum sem hæstv. ríkisstj. hefur um lánsfjáráætlun að nú hafi Fiskveiðasjóður ekki nema um 60—70 millj. til ráðstöfunar á því

ári sem er að byrja, upphæð að þessu marki. Væri kannske fróðlegt að fá upplýsingar um það, úr því að minnst var á Fiskveiðasjóð, hvort við því megi búast að hann geti staðið við þau lánsloforð sem veitt voru á s. l. ári í fyrsta lagi og hvort í öðru lagi megi búast við því, að hann geti tekið á sig einhverjar skuldbindingar að marki vegna nýrrar fjárfestingar í fiskverkuninni, en eins og við vitum hafa fiskiskipin mjög setið fyrir í Fiskveiðasjóði þannig að margs konar hagræðing og endurnýjun í fiskverkun hefur setið á hakanum og ýmis fyrirtæki alls engrar fyrirgreiðslu notið úr Fiskveiðasjóði, sem þó eiga rétt á henni. En það þýðir lítið að segja við þá menn, sem nú standa frammi fyrir lánardrottnum sínum og eru kannske að missa fiskverkunarhús sín á uppboð eða skip af því að ekki er eyrir til í Fiskveiðasjóði, að Fiskveiðasjóður standi vel á pappírnum. Það er lítil huggun fyrir þessa menn. Þeir geta ekki veifað því framan í þá sem þeir skulda.

Ég vil fyrst segja það, að frv. það sem hér liggur fyrir endurspeglar í raun það ástand sem nú er í sjávarútveginum. Um síðustu áramót var hallarekstur fiskiskipastólsins orðinn slíkur, að til mjög róttækra ráðstafana varð að grípa. Frá 1. sept. hafði olían verið niðurgreidd annars vegar með því að gera upptækan Tryggingasjóð fiskiskipa með þeim afleiðingum að vátryggingakostnaður fiskiskipa verður meiri í framtíðinni en hann hefði ella orðið. Þessi tryggingasjóður átti að standa fyrir því að við gætum tekið endurtryggingar inn í landið í meira mæli, við gætum orðið sterkari í tryggingastarfsemi okkar en áður. Nú hefur þessu fé verið eytt, sóað í eyðslu. Það er afleiðing af vondri stefnu hæstv. sjútvrh. og ríkisstj., enda sagði hæstv. sjútvrh. í útvarpi í ágústmánuði s. l. að það væri erfitt að hugsa sér að stofna til skulda til að greiða niður olíuna á sama tíma og útvegsmenn ættu eitthvað í sjóði. En nú er sú tíð komin að útvegsmenn eiga hvergi neitt í sjóði svo að grípa verður til annarra ráða.

Auðvitað tek ég undir það með hæstv. sjútvrh., að sú leið að greiða niður sérstaklega rekstrarkostnað sjávarútvegsins af almannafé, en ekki annars atvinnurekstrar, gengur ekki. Þetta var reynt frá 1. sept. til ársloka með þeim afleiðingum að iðnaðurinn safnaði stórkostlegum skuldum, og væri fróðlegt fyrir hæstv. sjútvrh., nema hann hafi fengið það bréf sem formaður Framsfl., að fá þá úttekt sem iðnaðardeild SÍS sendi þm. Framsfl. núna um áramótin til að segja þeim hversu mörgum milljónum SÍS hefði tapað á þeirri ráðstöfun. Það voru ekki neinir smápeningar. Og sú aðferð að stofna sjóð sem hefur engar tekjur til þess að greiða niður olíu er auðvitað það sama og að vísa þeirri skuld á skattborgarana í landinu. Auðvitað mun þjóðin borga þessar niðurgreiðslur. Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs þýðir að ríkissjóður verður að greiða þessa peninga. Það væri auðvitað miklu hreinlegra að ríkissjóður yfirtæki þessar skuldir strax sjálfur, en ekki væri farið í þennan feluleik til að láta ríkissjóð koma betur út um áramótin á pappírnum.

Hér er sem sagt valin sú leið að taka upp 4% útflutningsgjald, er renni í Olíusjóð fiskiskipa, sem stofnaður skuli að nýju hinn 1. jan. Eftir brbl. átti hann að vera til til 31. des., en mér sýnist að hér sé annar olíusjóður til orðinn, sem hefur í stórum dráttum sama markmið og sá fyrri, en tekur að sjálfsögðu ekki við skuldbindingum þess gamla. Ég vil að fram komi að sjútvn. varð sammála um að þær skuldbindingar yrðu ekki lagðar á þennan.

Eins og fram kemur í grg. með frv. var halli útgerðarinnar að meðaltali um 15% fyrir síðustu áramót. Með síðustu hækkun fiskverðs og með útflutningsgjaldinu metur Þjóðhagsstofnun það svo, að útgerðin sé að meðaltali rekin með 3% halla. Þessar tölur eru að sjálfsögðu miðaðar við það gengi sem þá var, en síðan hefur gengi krónunnar sigið þannig að halli útgerðarinnar er meiri en hér er sýnt. Sú aðferð, sem hér er höfð, byggist á því, að þau skip, sem mest afla, eru látin leggja mest í olíusjóðinn, en fá hins vegar greitt úr honum í samræmi við eyðslu. Auðvitað er þarna um millifærslu að ræða milli einstakra skipa. Mér hefði þótt eðlilegra að fara þá leið, að í staðinn fyrir að taka útflutningsgjald væri greidd uppbót á fiskverðið af svipaðri fjárhæð þannig að hvert skip nyti síns afla og fengi það sem því bæri. M. ö. o.: vel rekin skip, sem mikið afla, bæru meira úr býtum. En sú leið var ekki valin.

Um þetta má kannske deila. Þetta er auðvitað viðkvæmt mál gagnvart sjómönnum, og ég skil það vel. Það hefur því miður verið haldið þannig á málefnum sjómanna undanfarin ár að það er náttúrlega ekki við því að búast að þeir hafi mikla biðlund gagnvart stjórnvöldum. Þeir hafa beðið lengi eftir sinni leiðréttingu og það hefur m. a. gert lausn útgerðarvandans torveldari en ella. Við skulum ekki vera að fara neitt í grafgötur með það. Olíugjaldið, svo að ég minnist á það, hefur verið talað um að ætti að vera til skamms tíma. Það hefur gengið upp og niður, en engin önnur leið hefur fundist sem gæti komið í staðinn fyrir það.

Kjarni málsins er að sjálfsögðu sá, að efnahagsstefna ríkisstj. hefur á undanförnum árum miðast við að reyna að leysa efnahagsmál þjóðarinnar og þar með verðbólguvandann á kostnað útflutningsatvinnuveganna. Hæstv. sjútvrh. benti rækilega á þetta í áramótagrein sinni í árslok 1981, þegar hann gerði upp mesta góðæri sem yfir okkur hefur gengið og var að reyna að átta sig á því hvernig á því stæði að útgerðin skyldi ekki hafa safnað í sjóði á þessum árum. Þá var niðurstaða hans sú, að á árinu 1982 yrði að brjóta í blað, lengra yrði ekki gengið á þessari leið. Það hefði sýnt sig að verðbólguvandinn yrði ekki leystur á kostnað atvinnuveganna. En þó að hann hefði komist svo viturlega að orði í Tímanum á síðasta degi ársins sýndi framhaldið, því miður, að hann hafði ekki pólitískt þrek til þess að fylgja því eftir.

Um brtt. þeirra fjórmenninga úr sjútvn., hv. 4. þm. Suðurl., 1. landsk. þm., 1. þm. Norðurl. v. og 6. landsk. þm., vil ég segja það, að ég er andvígur þeirri brtt. Ég tel að þau skip sem landa afla sínum erlendis eigi ekki að vera sér á báti, eigi ekki að sitja við betra borð en aðrir hvað snertir útflutningsgjaldið. Það mundi verka sem hvatning bæði fyrir útgerðarmenn og sjómenn eins og væri. Ég vil vekja athygli á því, að samkv. upplýsingum, sem nm. í sjútvn. hafa borist frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, er verðlag á olíu í helstu löndunarhöfnum íslenskra fiskiskipa erlendis nú í kringum 5 kr. lítrinn, en niðurgreiddrar olíu, eins og gert er ráð fyrir í frv., um 4,58 kr. lítrinn. Þetta mundi m. ö. o. þýða að fiskiskipin mundu reyna að komast hjá löndunum erlendis, sigla heim með tóma tanka og fylla svo skipin með olíu, sem niðurgreidd yrði með afla

annarra fiskiskipa. Slíkt getur að sjálfsögðu ekki gengið. Auðvitað er sparnaður fólginn í því að skipin fylli tanka sína erlendis. Það dregur úr flutningskostnaði á olíu og olía fæst erlendis oft, eins og hér kemur fram, við góðu verði.

Í upplýsingum frá Landssambandi ísl. útvegsmanna kemur m. a. fram, að á árunum 1980–1982 hafi íslensk fiskiskip landað 300 sinnum erlendis hvort árið. Lauslega má ætla að við hverja löndun erlendis taki meðalskip um 35 þús. lítra. Samtals má því ætla að íslensk fiskiskip taki um 10–11 millj. lítra af olíu erlendis á ári. Miðað við framangreindar forsendur um verð munu íslensk fiskiskip alfarið hætta að taka olíu erlendis, þar sem niðurgreidda olían hérlendis er lægri en niðurgreidd olía erlendis. Það merkir að þau skip er landa innanlands muni í gegnum útflutningsgjald greiða niður olíu til þeirra fiskiskipa er landa erlendis, segir í bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Miðað við að framangreindir 11 millj. lítrar, sem ella yrðu teknir erlendis, séu keyptir hér heima er heildarkostnaður um 78 millj. kr. Niðurgreiðsla um 27 millj. kr. Þessi niðurgreiðsla er, eins og áður sagði, greidd af þeim skipum sem landa hér á landi. Ef þessar 11 millj. lítra hefðu verið keyptar erlendis á verðum sem þar gilda væri kostnaður þessara 11 millj. lítra um 55 millj. kr. Raunverulegur mismunur er um 23 millj. kr., sem er umframkostnaður þjóðfélagsins við að nýta sér ekki ódýrari olíu, sem fæst á lægra verði í fiskihöfnum erlendis. Þetta er niðurstaða Landssambands ísl. útvegsmanna.

Landssamband ísl. útvegsmanna lýsir útflutningsgjaldi sem tekið sé erlendis og nemur 3% af brúttósölu andvirði. Þegar í frv. er talað um 4% útflutningsgjald miðast það við fob-verð, en er í raun 3%. Það er viðurkennd reikningsregla í sambandi við slíkt. Hugmynd LÍÚ er sú, að tekið verði útflutningsgjald af sölum erlendis sem nemur 3% af brúttósöluandvirði og jafnframt að sú olía sem tekin verði sé greidd niður um 35%, þ. e. jafnt og hér heima, en þó megi niðurgreiðslan aldrei nema hærri fjárhæð en framangreint 3% útflutningsgjald nemur. Þessi aðferð tryggir þrennt: 1. Þjóðfélagið í heild hagnast þar sem þessar 11 millj. lítra af olíu verða teknar erlendis á 23 millj. kr. lægra verði en hérlendis. 2. Kemur í veg fyrir að skip er landa erlendis fái hérlendis niðurgreidda olíu án þess að leggja nokkuð af mörkum í olíusjóðinn. 3. Verðhlutföll á olíu hér á landi og erlendis raskast ekki frá því sem verið hefur.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en ítreka að ég er andvígur því að fella útflutningsgjald niður af afla sem landað er erlendis.

Ég skal svo ekki hafa miklu fleiri orð um þetta. Eins og þessum málum er komið treysti ég mér ekki til að vera andvígur frv. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu þess, en með því er ég engan veginn að lýsa yfir stuðningi við þá aðferð sem hér er viðhöfð til þess að halda flotanum gangandi.

Frsm. 3. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Varðandi orð síðasta ræðumanns vil ég taka það fram, að í þessu bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna kemur ekki neitt fram um það hvort inn í 5 kr. verð pr. olíulítra erlendis er tekin sú niðurgreiðsla sem tekin er af óskiptu erlendis vegna olíukaupa. Ég geri ráð fyrir, ef þarna er um óniðurgreitt verð að ræða eins og það er á almennum markaði, að það fari nokkuð niður fyrir 4.85 þegar búið er að draga frá þann olíuskatt sem tekinn er af óskiptu erlendis við sölu þar. Þar utan kemur auðvitað ekkert fram hjá LÍÚ í þessu bréfi sú staðreynd, að olíuverð er á hraðri niðurleið, og það mun að sjálfsögðu koma miklu fyrr fram í höfnum í Vestur-Evrópu heldur en hér af mörgum ástæðum. Þau skip sem þar selja á næstunni munu þess vegna njóta þess í einu og öllu, sem allar spár segja til um og þegar er komið til framkvæmda, að verð á gasolíu og svartolíu fer stórlækkandi.

Þessar röksemdir frá LÍÚ breyta því í engu minni afstöðu í sambandi við þá brtt. við 2. gr. sem við fjórir hv. þm. flytjum að öðru leyti en því, að ég benti á það í minni framsöguræðu að það er á móti grundvallarstefnu Sjálfstfl. að hafa bein áhrif á kaup og kjör í gildandi kjarasamningum, ef ekki er um þjóðarnauðsyn að ræða.

Ég hef ekki mörg orð að segja um ræðu hæstv. sjútvrh. Ég tek undir það með honum að orðið er aðkallandi að afgreiða þetta mál. Það er þegar farið að vinna eftir því og það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að það gæti komið til framkvæmda þótt ekki væri orðið að lögum. M. a. þess vegna höfum við sjálfstæðismenn ekki lagt fram beinar brtt. um aðrar fjáröflunarleiðir sem hefði mátt fara til þess að afla þeirra fjármuna sem þarf til að standa undir hinum aukna olíukostnaði fiskiskipa.

En það var margt annað í ræðu hæstv. ráðh., sem vissulega hefði verið full ástæða til að gera hér ítarlega að umræðuefni, þó að ég geri það ekki vegna þess hversu áliðið er. Það kom auðvitað aldrei fram hjá mér að leysa ætti þá skerðingu, sem ég tel að ekki hafi enn verið bætt, nú með hækkuðu fiskverði. Ég tel hins vegar að menn hefðu átt að viðurkenna það að þessi skerðing hefði átt sér stað og hún væri óbætt, en mundi verða bætt þegar betur gengi hjá útgerðinni. Ég hef alltaf haldið því fram, að það bæri að viðurkenna það, að miklar tekjur undir vissum kringumstæðum hjá fiskimönnunum gætu haft þau áhrif í þjóðfélaginu að auka verðbólgu, ef ekki væri nokkurt aðhald á. Ég hef þess vegna alla tíð verið fylgjandi því og talið það óhætt, þegar miklir kúfar kæmu á þær tekjur, að taka af í nokkurs konar skyldusparnað og geyma um nokkurt tímabil í verðtryggðum sjóðum, þannig að það fé kæmi ekki út í verðlag strax og yki þar með verðbólguna.

En mér þykir satt að segja skrýtið það sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að það væru launþegar í landi, sem gætu ekki sætt sig við meiri hækkun en sjómenn hefðu fengið núna og þá væntanlega áður fyrr. Hverjir eru þessir launþegar? Eru það forustumenn Alþýðusambands Íslands? Eru það forustumenn Verkamannasambands Íslands eða forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá þetta fram. Og um leið þá, að það verði einhvern tíma skorið úr um það af þessum mönnum og öðrum, hver mismunurinn á að vera. Eða eiga launin að vera hin sömu hjá fiskimönnum og mönnum sem vinna fastan jafnan vinnutíma í landi? Og hverjir hafa ákveðið það? Ég vil benda á að það eru ekki ýkja mörg ár síðan það var almennt viðurkennt hjá launþegahreyfingunni, að það væri engin goðgá þó fiskimenn væru með allt að 20% meiri meðallaun en sambærilegir launþegar í landi. En þetta hefur stórkostlega skekkst og nú er það orðið

öfugt. Ég álít að þegar fleiri launþegastéttir eru teknar inn í dæmið í landi, þá séu fiskimenn, sérstaklega bátamenn, orðnir um það bil 20% undir þeim að meðaltali. Þetta tel ég rangt að farið, miðað við þá aðstöðu sem þessir menn búa við í sínu starfi.

Hæstv. ráðh. benti á að það hefði verið athugað mjög gaumgæfilega hvort ekki hefði verið hægt að draga eitthvað úr því 5.5% útflutningsgjaldi, sem nú er við lýði samkv. gildandi lögum. Og hann sagði: það þarf að skoða ítarlega, það fæst ekkert, það er hvergi lát á. Síðan upplýsir hann það í næsta orði að tekist hafi að ná 30 millj. út úr Tryggingasjóðnum. Það tókst að ná 30 millj. þar út til þess að lækka olíuverðið. Kannske það mætti nú bara minnka um 30 millj. kr. til frambúðar.

En hæstv. ráðh. benti á það líka að það er álitamál hvort 1% eigi að fara í Fiskveiðasjóð af útflutningsgjaldinu, enda finnst mér það næsta óeðlilegt að af sjómönnum sé verið að taka gjald, sem renni í sjóð, sem er svo nýttur af pólitískum ráðh. til þess að fjölga fiskiskipum í landinu, sem hefur bein áhrif á tekjumöguleika sjómanna. Ég held að það sé orðið tímabært að leggja þetta gjald niður, þá þyrfti ekki útflutningsgjaldið að hækka jafnmikið nú, og hafa þá til fyrirmyndar aðrar stéttir og aðra sambærilega sjóði, sem hæstv. ráðh. minntist einmitt á.

Hæstv. ráðh. upplýsti hér frekar um störf hlutaskiptanefndar, sem svo hefur verið kölluð. Ég fagna því að þetta mál er komið á rekspöl og ég heyri á honum að hann er hlynntur því, að þessari vinnu verði haldið áfram. Ég tek undir það með honum og styð að því. Ég held að einmitt brtt. okkar sjálfstæðismanna þriggja muni verða stuðningur við þetta starf, ef þingið kemur þar til líka og leggst á eitt með aðilum að greiða úr þessu máli. Og ég vil taka það fram, að þótt ég leggi það til að lög um verðlagsráð verði endurskoðuð, þá er fjarri mér að leggja til að það verði lagt niður. Ég átti sjálfur þátt í því að þau lög voru sett og í ýmsum brtt. við það á árunum eftir að lögin voru samþykkt. Ég hef nú bent á eina brtt., sem ég teldi sjálfsagt að koma fram, að það sé ekki svokallaður „jó-jó" ráðh. sem sé í oddamannsstöðu heldur sé það sáttasemjari ríkisins eða fulltrúi hans. Hæstv. ráðh. hefur tekið vel í þessa till. og hefur rætt um að hann gæti hugsað sér að hún yrði samþykkt með nokkrum breytingum. Á það get ég vel fallist og ég tel að vel fari á því að almenningur í landinu, sjómenn og útgerðarmenn fái að heyra að það sé vilji hjá hv. Alþingi til að leysa úr þessum vanda, sem allir viðurkenna að óneitanlega er til staðar í samskiptum aðilanna og kannske samskiptum þeirra við aðra þegna þjóðfélagsins.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér er kunnugt um að 1. flm. brtt. á þskj. 298 hefur rætt við hæstv. sjútvrh. um breytingar á brtt. um ákvæði til bráðabirgða. Ég skoða það svo sem hún sé kölluð aftur við 2. umr., en ný brtt. yrði flutt skriflega við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 298 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Brtt. 279 samþ. með 21:9 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv.
3.—8. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:2 atkv.

Neðri deild, 34. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., að loknum 33. fundi.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 305 (sbr. 248)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Á brtt. á þskj. 298, sem flutt var af mér og hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og Halldóri Blöndal og dregin var til baka við 2. umr., hefur verið gerð nokkur breyting í samráði við sjútvrh. Hann telur sig um leið geta verið meðflm. að till. með okkur. Þessi breyting er í þá veru, að í stað þess að Alþingi kjósi 5 menn í nefnd verði þeir fjórir og við bætist: „Sjútvrh. skipar samkv. tilnefningu þrjá fulltrúa sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu, einn frá hverjum." síðan verði óbreytt 1. mgr. till., en 3. mgr. verði nokkur orðalagsbreyting. Hún hljóði á þann veg eins og ég les nú:

„Nefndin skal eiga aðgang að athugun þeirri sem fram mun fara á vegum sjútvrn. á leiðum til að bæta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins."

Síðan verði till. óbreytt eins og hún kom fram við 2. umr. Því miður hefur ekki unnist tími til að láta prenta till. svo breytta og því legg ég hana fram skriflega til hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbriði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 307) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 307 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÞP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS.

nei: JÞ, KP, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SighB, AG, BÍG, FrS, SvH.

HBl, JS, MHM, SigurlB, PS, ÁG greiddu ekki atkv.
5 þm. (GeirH, JBH, SteinG, VG, EH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel að sú ráðstöfun, sem þessi lög leggja til, að færa fjármagn á milli fiskiskipa, milli vinnslutegunda og vinna gegn olíusparnaði, sé í grundvallaratriðum röng. Ég segi nei.

Frv. afgr. til Ed.

Kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, frv. (þskj. 178). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi á þskj. 178. Flm. auk mín eru þm. Vesturl. í hv. deild, hv. 2. landsk. þm., Jósef H. Þorgeirsson, hv. 4. þm. Vesturl., Skúli Alexandersson og hv. 2. þm. Vesturl., hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson.

Frv. þetta er flutt af þingmönnum Vesturlandskjördæmis samkv. eindregnum tilmælum hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps. Samkv. fskj. er fylgir frv. hljóðar þessi samþykkt hreppsnefndar þannig:

„Á fundi í hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps 11.11.82 var eftirfarandi tillaga samþykkt af öllum hreppsnefndarmönnum:

„Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps samþykkir að fara þess á leit við alþingismenn Vesturlandskjördæmis, að þeir flytji á Alþingi frv. að lögum um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núverandi Ólafsvíkurhrepp og stofnsett verði sérstakt bæjarfógetaembætti kaupstaðarins.“

Ástæður hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps til þess að sækja um kaupstaðarréttindi eru þær hinar sömu og annarra hreppa sem undanfarið hafa fengið kaupstaðarréttindi.

Hinn 22. maí fór fram skoðanakönnun meðal kjósenda í Ólafsvíkurhreppi um kaupstaðarmálið. Á kjörskrá voru 714, þátt tóku í skoðanakönnuninni 558, eða 78% kjósenda, 538 af þeim sem atkv. greiddu voru fylgjandi því að Ólafsvíkurhreppur fengi kaupstaðarréttindi, en 9 andvígir.“

Íbúar Ólafsvíkur eru í dag rúmlega 1200. Umsvif eru mikil í atvinnulífi staðarins, enda er Ólafsvík meðal stærri útgerðar- og framleiðslustaða í fiskiðnaði landsins. Þar eru gerðir út tveir skuttogarar og 20—30 fiskibátar. Ársafli á land s. l. ár var um 20 þús. tonn af bolfiski og útflutningsverðmæti pr. íbúa með því hæsta hér á landi. Íbúar hafa aðalatvinnu við framleiðslustörf í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Vinnuálag er mikið. Við slíkar aðstæður gerir fólk auknar kröfur um opinbera þjónustu.

Samkv. skilagrein hreppsnefndar kemur fram að aðeins einu sinni í viku milli kl. 13 og 17 er opin afgreiðsla frá sýslumannsembættinu á staðnum, sem á að fullnægja þjónustu við íbúana á sviði almannatrygginga, við sjúkrasamlag, innheimtu opinberra gjalda og afgreiðslu vottorða auk annarrar embættisrækslu. Þessi stutti afgreiðslutími fullnægir engan veginn brýnustu þörfum fólks í opinberum samskiptum, enda er stór hluti þessa fólks bundinn við atvinnu sína þessar fáu klukkustundir.

Í Ólafsvík er útibú frá Landsbanka Íslands og starfandi sparisjóður. Með tilkomu ríkisbanka færðust heim í hérað öll lánaviðskipti varðandi allan atvinnurekstur. Hraði í viðskiptum eykst og því er nauðsyn að opinber skjöl, svo sem veðmálabækur, séu á staðnum til daglegrar notkunar. Það er afar mikilvægt atriði.

Um langt árabil hafa sveitarstjórnir í Ólafsvík farið fram á aukna þjónustu á þessu sviði, en án umtalsverðs árangurs. Kröfu íbúanna um aukna þjónustu, álíka og sambærilegir staðir hafa fengið, hefur sveitarstjórn því ákveðið að fylgja eftir með því að leita til Alþingis með ósk um kaupstaðarréttindi. Ég tel ástæðu til að taka sérstaklega fram að sveitarstjórn í Ólafsvík mun eftir sem áður taka virkan þátt í samvinnu og samstarfi með öðrum sveitarfélögum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um sameiginleg verkefni og taka jákvæða afstöðu til fjárhagslegra skuldbindinga hvað slík sameiginleg verkefni varðar.

Frv. þetta hljóðar þannig:

„1. gr.

Ólafsvíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið um allan núverandi Ólafsvíkurhrepp og heitir Ólafsvíkurkaupstaður. Heyrir umdæmið til Vesturlandskjördæmi.

2. gr.

Stofnsetja skal sérstakt bæjarfógetaembætti í kaupstaðnum.

3. gr.

Sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarstjórn Ólafsvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Náist þessir aðilar ekki samkomulagi skal félmrh. úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkv. sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og samþykktum settum samkv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til næstu sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.“

Ég þarf ekki að rökstyðja frekar þessa ákveðnu beiðni hreppsnefndar. Rökin fyrir málinu eru nákvæmlega þau sömu og fram hafa komið hjá þeim sveitarfélögum er fengið hafa kaupstaðarréttindi á undanförnum árum. Ég nefni hér til Dalvík, Grindavík, Bolungarvík, Eskifjörð, Seltjarnarnes, en öll þessi sveitarfélög fengu kaupstaðarréttindi árið 1974 eftir umfjöllun hér á hv. Alþingi, og Selfoss sem fékk kaupstaðarréttindi 1977. Opinber þjónusta við íbúana er of lítil, miðað við vaxandi umsvif og íbúafjölda, sem fæst leiðrétt að verulegu leyti með kaupstaðarréttindum.

Um langt árabil hafa sveitarstjórnarmenn á landsþingum og fundum samtaka sveitarfélaga bent á nauðsyn þess, að réttarstaða sveitarfélaga í landinu yrði sú sama. Því miður hefur hægt miðað og hefur þróunin orðið sú að fjölmörg fjölmennari sveitarfélög hafa sótt þessa leiðréttingu með því að sækja um kaupstaðarréttindi.

Herra forseti. Það er því farið fram á að Alþingi samþykki þessi réttindi til handa Ólafsvíkurhreppi og treysti ég á hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, að hraða afgreiðslu þess.

Ég vil óska eftir að frv. verði að lokinni þessari umr. sent til 2. umr. og hv. félmn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. flytjum við þm. Vesturl., sem eigum sæti hér í hv. deild, frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi. Hv. 1. þm. Vesturl. hefur lagt málið hér fyrir til umr. og ég hef ekki ástæðu til að bæta þar miklu við öðru en því, að ég vænti þess að hv. deild og sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar eftir að umr. er lokið hér í deild flýti því eins og kostur er svo að málið hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

En ég kom hér upp vegna þess að ég tel að það sé ástæða til þess, þegar hér liggur fyrir frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Ólafsvíkurhrepp, að velt sé upp þeim öðrum möguleika á uppbyggingu sveitarfélaga á utanverðu Snæfellsnesi. Mín skoðun er sú, að æskilegt sé þegar gengið er til breytinga á stöðu sveitarfélaga, reyndar hvort sem það er á Snæfellsnesi eða annars staðar, að litið sé til þess að það sé um ákveðna framþróun að ræða. Ég tel að þó að viss breyting eigi sér stað í sambandi við rétt þessa einstaka sveitarfélags, þá eigi sér lítil breyting stað í sambandi við önnur sveitarfélög þar í kring og jafnvel að um afturför verði þá að ræða. Ég tel að æskilegt hefði verið að nú hefði verið tekin upp umr. um það, að sveitarfélögin á utanverðu Snæfellsnesi — (Forseti hringir.) Herra forseti. Mér finnst dálítið óþægilegt að tala undir þessum stöðugu hringingum — nú þegar rætt er um breytingar á stöðu sveitarfélaga á utanverðu Snæfellsnesi, þá verði heldur farin sú leið að sveitarfélögin þar sameinist í eitt stórt og öflugt sveitarfélag. Þegar ég tala um það á ég við að Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis, þ. e. sveitarfélagið sem Rif og Hellissandur eru í, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag. Með því væri byggð upp öflug þjónustueining á utanverðu Snæfellsnesi. (Gripið fram í.) Hv. þm. Guðmundur J., fyrrv. frambjóðandi á Snæfellsnesi, lítur svo á að ég sé að mæla hér fyrir föðurlandssvikum á utanverðu Snæfellsnesi. Ég vil mótmæla því, og jafnvel þó að hægt hefði verið að meta stöðuna þannig þegar Guðmundur J. var þar í framboði, þá hafa hlutir breyst það mikið á undanförnum áratugum, að þó að þessi skipan hafi verið talin ómöguleg og hrein fjarstæða fyrir 10—15 árum, þá er hún að mínu mati jafn sjálfsögð í dag.

Fyrir 10—15 árum voru sjávarþorp eins og Hellissandur og Ólafsvík að berjast fyrir tilverurétti sínum. Þar voru hafnir mjög ónógar, þar voru lélegar skólabyggingar og þjónustuaðstæður aðrar. Nú hafa þessir staðir byggt upp sína þjónustuaðstöðu og standa sjálfstæðir og tryggir fyrir framhaldi byggðaþróunar. Þeir eru ekki lengur að berjast fyrir tilveru sinni. Svona er þetta víða um landið. Slíkir staðir lögðu ekki í það að sameinast öðru sveitarfélagi vegna þess að þeir óttuðust á ákveðnu tímabili að við það mundi framþróun í þeirra eigin sveitarfélagi stöðvast. Sú hætta er ekki lengur fyrir hendi á utanverðu Snæfellsnesi. Staðir eins og t. d. Hellissandur og Ólafsvík eru byggðir upp félagslega á mjög svipuðum grunni í dag.

Enda þótt ég vilji láta þessa skoðun mína í ljós núna, þá er ég ekki að tala fyrir því að þetta mál tefjist í einu eða neinu. Ég taldi aðeins rétt að þessi skoðun kæmi hér fram. Ég tel að einhver stefna í þessa átt sé mjög nauðsynleg til þess að byggja upp öflugri og betri félagslegar einingar vítt um landið. Menn hafa kannske ekki átt von á að sú þróun byrjaði á utanverðu Snæfellsnesi, en ég veit að hugur margra í þessum byggðum stefnir að þessu. Því getur farið svo, jafnvel þó að það eigi sér ekki stað á næsta ári eða svo í tengslum við þetta frv., að ekki verði langt í land að við á utanverðu Snæfellsnesi sameinum sveitarfélög okkar í eitt öflugt og stórt sveitarfélag. Það verður nú ekki hægt að nefna það Neskaupstað — en jafnvel Snæfellskaupstað eða eitthvað þess háttar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í hinum fámennu sýslum landsins gerist það æ oftar að fjársterkustu sveitarfélögin óska eftir kaupstaðarréttindum. Afleiðingin verður sú, að þau sem eftir eru eru verr undir það búin að sinna sameiginlegum útgjöldum, m. a. sýsluvegum og fleiri greiðslum sem þau inna af hendi. Þetta leiðir hugann að því, að í rauninni er það fráleitt fyrirkomulag sem við höfum í þessu landi, að við séum með sveitarfélög jafn misrétthá og þau eru. Ég tel að undir mörgum kringumstæðum komi þetta þannig út að gjaldandi opinberra gjalda, t. d. í nágrannasveitarfélagi, þarf að keyra framhjá innheimtumanni opinberra gjalda miklu lengri veg til síns gamla staðar vegna þess að sveitarfélag er rifið út úr samhengi.

Ég get ekki lagst gegn því að Ólafsvíkurhreppur fái kaupstaðarréttindi. Hann hefur til þess fullan rétt eins og önnur sveitarfélög sem það hafa fengið. En ég tel að þessi þróun sé ákaflega varhugaverð og að það hljóti að verða verkefni félmrn. að leggja til breytingar á sveitarstjórnarlögum, sem tryggi öllum sveitarfélögum jafnan rétt, þannig að sveitarfélög sjái sér ekki hag í því af fjárhagsástæðum, til að komast undan greiðslum í sameiginlega sjóði sýslnanna, að segja skilið við þau sveitarfélög sem þau hafa verið í samstarfi við.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins örstutt. Mér finnst þetta vera skemmtileg uppákoma hjá hv. 4. þm. Vesturl. og af fyrri reynslu lýsi ég ánægju yfir þessari yfirlýsingu hans. Ég vil endurtaka það sem kom fram í framsöguræðu minni, að þetta viðkomandi sveitarfélag mun að sjálfsögðu halda áfram samskiptum við önnur sveitarfélög og taka á sig vissa fjárhagslega byrði til þess að sinna þeim sameiginlegu verkefnum sem þörf er á á viðkomandi svæði. Það er yfirlýst. Ég vil benda á að réttindi slík sem Alþingi veitti árið 1974 Dalvík, Grindavík, Bolungarvík, Eskifirði, Seltjarnarnesi og síðar Selfossi hafa ekki dregið úr þeirri samvinnu sem viðkomandi sveitarfélög hafa átt við minni sveitarfélög í kringum sig nema síður væri. En þarna er um að ræða réttindamál sem hlýtur að vera öllum ljóst. Þarna er um að ræða 1200 manna athafnabæ, sem þarf að fá daglega afgreiðslu á vissum opinberum þjónustuþáttum, sem hann hefur ekki fengið til þessa en getur fengið með slíkri lagabreytingu. Þess vegna er um þetta sótt og hefði átt að vera löngu búið að fá þessi réttindi. Endurskoðun sveitarstjórnarlaga stendur nú yfir og m. a. ég á sæti í þeirri nefnd sem að henni vinnur. Ég vænti þess að innan tveggja ára fáist niðurstaða úr því mikla starfi, hver sem endalok þess verða á annan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Efri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., kl. 4.30.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309 (sbr. 248)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir 159. máli, sem er frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl. Þetta mál er flutt í framhaldi af fiskverðsákvörðun og því sem þeirri ákvörðun var tengt um áramótin s. l.

Eins og hv. þm. er kunnugt hafa verulegir erfiðleikar steðjað að íslenskri útgerð á síðasta ári. Þessa erfiðleika má fyrst og fremst rekja til þess, að aflaverðmæti dróst saman á árinu um 16%. Þar nefni ég fyrst loðnubrest. Á árinu voru loðnuveiðar ekki stundaðar, enda talið tvímælalaust nauðsynlegt að friða loðnuna og freista þess að loðnustofninn fengi styrkst að nýju, eins og allir hv. þm. þekkja. Óvænni varð þó sá brestur sem á þorskveiðum varð, en þar varð verulegur samdráttur. Gert var ráð fyrir að þorskafli yrði á árinu 450 þús. lestir. Það var það magn sem fiskifræðingar höfðu gert tillögur um. Hins vegar reyndist þorskafli, þegar upp var staðið, verða um það bil 370 þús. lestir. Samtals nemur þetta um 16% samdrætti í aflaverðmæti, eins og ég rakti áðan.

Við þessum vanda var að nokkru brugðist með bráðabirgðaaðgerðum í sambandi við efnahagsaðgerðir 21. ágúst s. l. og síðan nánar í ýmsum aðgerðum sem framkvæmdar voru í sept. og liggja reyndar fyrir hv. Alþingi í öðru frv. Við aðgerðirnar í sept. var talið að afkoma útgerðar væri að meðaltali um það bil −2% ef afli glæddist að nýju og yrði svipaður og hann var á árinu 1981, en um það bil −5% ef aflabrögð glæddust ekki. Ekki var talin ástæða þá til að ganga lengra í aðgerðum vegna útgerðarinnar vegna þeirrar óvissu sem ríkti um aflabrögð. Þessi mál skýrðust þegar að áramótum leið. Í ljós kom þá, að ekki er unnt að gera ráð fyrir betri aflabrögðum á því ári sem nú er hafið en reyndust á árinu 1981, og er því afkoma útgerðar verri en þær skárri tölur gefa til kynna sem ég nefndi.

Á tímabilinu frá því í sept. til áramóta hefur jafnframt orðið mjög mikil hækkun á ýmsum rekstrarliðum útgerðarinnar, sérstaklega á olíu, viðhaldi og veiðarfærum. T. d. hafði olía hækkað á bilinu frá 19—26% á því tímabili. Nokkur munur var á hækkun gasolíu og svartolíu. Því var við verulegan vanda að stríða í sambandi við fiskverðsákvörðun um áramótin. Þetta kemur greinilega fram í aths. við lagafrv. þetta og töflu, sem þar er birt, um hreinan hagnað sem hlutfall af tekjum. Þar kemur fram, að samtals var þá talið að tap útgerðarinnar væri um 14.7%.

Við ákvörðun um fiskverð náðist ekki samkomulag í Verðlagsráði þannig að málið kom til yfirnefndar. Mjög ítarlega var þá um málið fjallað, bæði í viðræðum innan yfirnefndarinnar og á fjölmörgum fundum sem ég átti með hagsmunaaðilum, m. a. í nefnd sem þeir sátu í og hóf að líta á þennan vanda þegar um mánaðamótin nóv.-des.

Segja má að málinu hafi verið þannig hagað að ákveða fyrst hver fiskverðshækkun gæti orðið. Í því sambandi var m. a. skoðað hvernig tekjur sjómanna hefðu skerst með aflabrestinum og samanburður gerður á tekjum sjómanna og manna í landi. Í ljós kom, að við þann aflabrest sem hafði orðið höfðu tekjur sjómanna samkv. þessum samanburði skerst mjög verulega. Lögð var til grundvallar talan 100 árið 1977 í þeim samanburði. Eins og kemur fram í töflum, sem einnig fylgja í aths. með frv., var hlutfall fiskverðs og kauptaxta í okt. 1982 komið niður í 87 af því sem það var 1977, en hlutfall af tekjum sjómanna og annars vegar verkamanna og hins vegar iðnaðarmanna komið niður í annars vegar 90, en hins vegar 99 af því sem það var 1977, þ. e. 100. Þjóðhagsstofnun taldi því að fiskverð mætti a. m. k. hækka um um það bil 10% til að ná yrði fullum jöfnuði að nýju. Niðurstaðan var þó sú að hækka fiskverð um 14%. Má segja að þá hafi verið lagt til grundvallar annars vegar hlutfall kauptaxta og fiskverðs og svo samanburður á tekjum, sem ég nefndi áðan.

Ég vil leyfa mér að segja, að sú fiskverðshækkun er nokkuð rífleg. A. m. k. benda þær tölur sem fram komu í töflunum til þess, að fullum jöfnuði og aðeins meira hafi verið náð. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu, að samanburður af þessu tagi er alltaf mjög erfiður. Vinnuskilyrði eru önnur, vinnutími annar o. s. frv. Ég er einnig þeirrar skoðunar að leggja beri áherslu á að sjómenn hafi sæmilegar tekjur. Sjómenn hafa hins vegar alltaf tekið fram, að þeir væru tilbúnir að taka á sínar herðar byrðar eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Það tel ég að þeir geri með þessu.

En þrátt fyrir þessa fiskverðshækkun var langt frá því að vandi útgerðarinnar væri leystur eða rekstrargrundvöllur fundinn, sem gæti talist viðunandi.

Í ítarlegum viðræðum um þau mál má segja að tvær leiðir hafi verið taldar koma til greina. Annars vegar hækkun olíugjalds úr 7% í 17%, sem hefði þá skapað útgerðinni að meðaltali um það bil −3% rekstrargrundvöll, eða hins vegar hækkun á olíuniðurgreiðslum í 35% eða á bilinu frá 28—35%, eins og rætt var um í þessum viðræðum. Eftir mikla vinnu og fundi varð niðurstaðan sú að gera ráð fyrir 35% niðurgreiðslu á olíu. Að þeirri samþykkt stóðu fulltrúi útgerðar og oddamaður í yfirnefnd, en fulltrúar vinnslu sátu hjá. Fulltrúar vinnslu gáfu þá skýringu á hjásetu sinni, að þeir teldu óæskilegt að afla tekna til olíuniðurgreiðslu með útflutningsgjaldshækkun, en í því samkomulagi sem gert var við útgerðarmenn varð sú leið fyrir valinu.

Ég viðurkenni, að það orkar vissulega tvímælis að greiða niður olíu. Það kann að leiða til þess að ekki sé gætt sama sparnaðar og þyrfti. Staðreyndin er þó sú, að olían á fiskiskip er verulega miklu dýrari hér en í nágrannalöndum okkar og munar þar um 40%. Einnig vil ég vekja athygli á því, að sú niðurgreiðsla sem hér um ræðir er hvergi nærri eins mikil og varð meðan olíusjóður fiskiskipa starfaði á árunum 1973—1975. Þá var olíuniðurgreiðsla orðin, þegar mest varð, um ¾ af olíuverði og var þá talið að um misnotkun gæti verið að ræða. Ég tel að með þessari niðurgreiðslu sé vart um það að ræða, enda hefur olíunotkun mjög dregist saman, önnur en til fiskiskipa, og því minni ástæða til að

óttast slíkt. Engu að síður vil ég leggja áherslu á, að ég lít svo á að hér sé um aðgerð að ræða sem nauðsynleg reynist til að koma útgerðinni yfir þá erfiðleika sem aflabresturinn veldur.

Ég vil geta þess hér, sem kom fram í hv. Nd. við afgreiðslu málsins, að ég er að undirbúa skipun nefndar til að skoða rekstrargrundvöll sjávarútvegsins og leiðir til að bæta hann, skoða alla mögulega þætti í því sambandi, en að sjálfsögðu vonast menn mjög til þess að aflabrögð hér á landi muni glæðast að nýju. Ýmislegt bendir til þess að loðnustofninn sé á uppleið og vonandi hressist þorskstofninn þá jafnframt. Vel má vera að þarna séu nokkur tengsl á milli. En engu að síður er nauðsynlegt að leita allra leiða til þess að bæta rekstrargrundvöllinn.

Í sambandi við það samkomulag sem var gert var fallist á að fella niður stimpilgjald af skuldbreytingalánum útgerðarinnar, sem nú er verið að framkvæma, og sömuleiðis var fallist á að leita eftir því við viðskiptabankana að ekki yrði tekið lántökugjald. Ástæðan til þess er m. a. sú, að þarna er ekki um nýtt fjármagn að ræða. Viðskiptabankarnir leggja skuldbreytingabréfin inn á yfirdrátt sinn í Seðlabankanum. Þeir liggja m. ö. o. ekki með þessi lán. Reyndar er skuldbreytingin þar með þeim mjög til hagsbóta. Þeir lækka yfirdrátt sinn við Seðlabankann og þá refsivexti sem þeir hafa orðið að greiða þangað. Því er ekki óeðlilegt að bankinn gefi eftir lántökugjaldið. Ákvæði um stimpilgjaldið er í 5. gr. frv.

Herra forseti. Ég gæti að sjálfsögðu flutt alllanga ræðu um sjávarútvegsmálin og þá mörgu erfiðleika sem þar er við að stríða, m. a. um aðrar aðgerðir, sem í gangi eru, eins og skuldbreytinguna og fleira. En á þessum sérstaka fundi deildarinnar sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. um of nema hv. þm. óski eftir upplýsingum. Þá mun ég að sjálfsögðu veita þær.

Ég vil hins vegar geta þess, að ég met það mikils að hv. Ed. hefur fallist á að taka málið til skjótrar meðferðar. Staðreyndin er sú, að ég hafði samið við olíufélögin um að veita greiðslufrest til síðustu mánaðamóta. Sá tími er liðinn og mjög nauðsynlegt fyrir sjávarútveginn að vita að hverju er gengið og hvernig þessum málum verður skipað. Því er það einlæg von mín, að hv. nefnd geti afgreitt þetta mál mjög fljótt.

Ég vil geta þess, að í meðferð hv. Nd. urðu tvær breytingar á þessu frv. Nefndin felldi niður 3. mgr. 2. gr., um útflutningsgjald af fisksölu fiskiskipa í erlendri höfn. Þetta atriði hefur verið mjög umdeilt á milli sjómanna og útgerðarmanna. Það var sett inn í frv. eins og um samdist á milli útgerðarmanna og fiskvinnslunnar. Sjómenn tóku ekki þátt í því frekar en öðru sem varðar frv. eins og það var ákveðið í yfirnefndinni. Ég lagði því áherslu á að hv. sjútvn. Nd. skoðaði þetta mál vandlega. Það gerði nefndin og meiri hl. hennar lagði til að 3. mgr. 2. gr. yrði felld niður. Ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst það ekki svo róttæk breyting að neinum sérstökum vandræðum valdi, en hún er vissulega umdeilanleg. Það má vitanlega deila um hvort líka á að greiða niður olíu sem tekin er erlendis. Mér sýnist vafasamt að greiða niður olíu sem tekin er erlendis og ekki síst eftir að útflutningsgjaldið af fisksölu þar er fellt niður. Sjómenn hafa hins vegar haldið því mjög ákveðið fram, að í gildi séu samningar milli þeirra og útgerðarmanna sem takmarki það sem taka má af ísfiski. Að vísu er um deilt hvort þeir samningar binda slíkt svo að engu verði breytt. Af sölu erlendis er tekið æðimikið af óskiptu eða um það bil 30%.

Jafnframt varð samkomulag um það milli mín og flm. ákvæðis til bráðabirgða í Nd. að taka inn það ákvæði til bráðabirgða, sem ég er að vísu ekki með hér í höndunum, en fjallar um að Alþingi kjósi fjóra menn og sjútvrh. skipi þrjá fulltrúa hagsmunaaðila í nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég gat þess í Nd. að þetta hefur verið í undirbúningi um nokkurra mánaða skeið, en hagsmunaaðilar hafa verið mjög hikandi við að fara í slíka endurskoðun og sumir óttast að farið yrði úr öskunni í eldinn ef Verðlagsráð yrði t. d. lagt niður í núverandi mynd. Ég tel hins vegar, eftir þau átök sem hafa verið í Verðlagsráði, svo sannarlega skaðlaust að þetta sé athugað. Með nokkurri breytingu frá mér var ákvæði til bráðabirgða samþykkt.

Herra forseti. Ég vil að þessari framsögu lokinni leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Sameinað þing, 46. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., að loknum deildafundum.

Fjarskiptasamband við skip á Breiðafjarðarmiðum, fsp. (þskj. 70). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Í maí 1968 voru sett lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa og reglugerð um framkvæmd þeirra laga. Þau lög, sem gilda um tilkynningarskylduna nú, eru níu árum yngri eða frá því í maí 1977. Í þeim lögum segir að Landssíminn skuli sjá um, með leyfi forseta, „að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva."

Þótt nú séu senn liðin 14 ár frá fyrstu lagasetningu um tilkynningarskyldu íslenskra fiskiskipa eru enn hafsvæði við landið þar sem erfitt hefur reynst að sinna þessari skyldu og sérstaklega á þeirri tíðni sem nú er talið æskilegast að nota, þ. e. VHF eða metrabylgjunni svokölluðu.

Fjarskiptasamband milli skipa og frá skipum til strandstöðva er einn aðalþátturinn við að gæta öryggis sæfarenda. Með fjarskiptum er einnig haldið uppi sambandi milli ættingja og vina, útgerðar og viðskiptamanna í landi frá þeim sem á sjónum eru. Þessi starfsemi byggist á því að strandstöðvar Landssímans hafi móttöku og svörun og hæfni á öllum hafsvæðunum við landið.

Um svæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar er það að segja að móttökuskilyrðin eru vond — það vond að hin lögbundna tilkynningarskylda hefur meira og minna fallið niður. Þetta svæði er ein fjölfarnasta skipaleið og veiðisvæði við strendur

Íslands. Í bréfi til mín frá Kristjáni Helgasyni hafnarverði í Ólafsvík frá því í apríl s. l. segir, með leyfi forseta:

„Á s. l. hausti kom Ásgrímur Björnsson erindreki Slysavarnafélags Íslands til viðræðna við skipstjórnarmenn á Breiðafirði um þessi mál og kom það fram hjá skipstjórnarmönnum, að þeir ættu í erfiðleikum með að ná til Reykjavíkur á VHF, þótt endurbætur hafi farið fram á móttöku- og endurvarpsstöðinni á Kleifaheiði."

Og einnig í sama bréfi: „Nú í vetur hafa hafnarverðir í auknum mæli orðið að senda tilkynningarskyldu til Reykjavíkur."

Þá segir Kristján og: „Skipstjórnarmenn hafa orðið fyrir aðkasti vegna þess að þeir hafa ekki getað komið tilkynningarskyldu sinni til aðalstöðva skyldunnar og þá hefur verið auglýst eftir þeim í útvarpi og þeir fengið ádrepu, er í land hafi komið, þótt þeir hafi gert marga tilraun til þess að koma tilkynningarskyldu sinni á framfæri."

Til þess að knýja á um úrbætur á strandstöðvaþjónustunni við Breiðafjörð höfum við Pétur Sigurðsson flutt eftirfarandi till. á Alþingi á tveim þingum:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að Landssími Íslands komi upp og starfræki strandstöð á Gufuskálum eða á öðrum stað á Snæfellsnesi, sem tryggi alhliða fjarskiptaþjónustu fyrir hafsvæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes."

Í stað þess að flytja nú áðurnefnda tillögu fórum við þá leið að ég spyrði hæstv. samgrh. þeirrar spurningar sem fram hefur verið lögð á þskj. 70 og er svohljóðandi:

„Eru fyrirhugaðar einhverjar aðgerðir á vegum Landssíma Íslands til að bæta fjarskiptasamband og strandstöðvarþjónustu við skip á Breiðafjarðarmiðum?"

Og ég óska svars hæstv. sjútvrh. við fsp.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að áherslu verður að leggja á að strandstöðvar Pósts og síma geti fullnægt þeirri skyldu sem á þeim hvílir samkv. lögum um tilkynningarskyldu. Á það hef ég lagt áherslu í öllum undirbúningi að framkvæmdum hjá Pósti og síma undanfarin ár, enda má segja að sem betur fer hefur ýmsum eyðum í því kerfi verið lokað eða mjög verið úr bætt. Engu að síður er það rétt, sem kom fram frá hv. fyrirspyrjanda, að eyður hafa verið við sunnanverða Vestfirði og út af Breiðafirði. Þess vegna var þegar í framkvæmdaáætlun Pósts og síma s. l. haust, sem var lögð til grundvallar fjárlagabeiðni stofnunarinnar, gert ráð fyrir stöð á Gufuskálum og sótt um fjárveitingu til fjmrn. og fjvn. Sú fjárveiting fékkst og þar mun verða sett upp stöð í samræmi við það. En mér er jafnframt tjáð að nú starfræki Póstur og sími þar bráðabirgðastöð. Ég geri mér því fastlega vonir um og hef ekki ástæðu til að ætla annað en að úr þessu verði bætt.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka svar hæstv. sjútvrh. og fagna því að sú lausn verður á þessum málum sem hann upplýsti að stefnt væri að. Ég vil þó láta í ljós að ég geri ráð fyrir að þarna sé um að ræða að upp verði sett fjarstýrð stöð, þ. e. stöð sem ekki hefur þjónustu á staðnum, það verði ekki starfslið við stöðina, heldur verði henni stjórnað frá stöðinni hér í Gufunesi. Vandamálið í sambandi við það er að álagið á símanum vestur á Snæfellsnes er það mikið að búast má við því að þjónusta frá slíkri strandstöð til viðskiptaaðila í landi vestra komi að mjög litlu gagni við þær aðstæður sem eru í dag. En aftur á móti er þetta væntanlega fullnægjandi gagnvart hinum þættinum, þ. e. að inna af hendi tilkynningarskylduna.

En ég endurtek að ég þakka það svar sem hér hefur komið fram og fagna því að sá áfangi hefur þó verið ákveðinn sem ráðh. gat um.

Sameinað þing, 47. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., að loknum 46. fundi.

Umferðarmiðstöð í Borgarnesi, þáltill. (þskj. 54). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 54 er að finna till. til þál. um umferðarmiðstöð í Borgarnesi. Hv. flm. þessarar till. eru auk mín aðrir hv. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Jósef H. Þorgeirsson og Friðjón Þórðarson. Tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um athugun á breyttu skipulagi fólksflutninga með tilliti til þess að komið verði á fót umferðarmiðstöð í Borgarnesi."

Ég vil fyrst segja það, að auðvitað hefur ýmislegt verið ritað og rætt og sem betur fer hefur ýmislegt verið gert, þótt meira hefði það mátt vera, að því er varðar málefni skyld því sem hér er til umfjöllunar. Ég vildi leyfa mér í upphafi míns máls að vitna til inngangsorða rits, sem kom út á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir nokkrum árum og fjallar um samgönguþjónustuna á Íslandi, hugleiðingar og úrbætur í þeim efnum. Þetta rit er ekki mikið að vöxtum, en í ýmsu tilliti er vikið að því sem gæti heitið rökstuðningur — a. m. k. að hluta til — fyrir því máli sem hér er á dagskrá.

Umræddu riti er fylgt úr hlaði með þessum inngangsorðum, með leyfi forseta: „Í riti því, sem hér fer á eftir og fjallar um endurskipulagningu samgönguþjónustunnar á Íslandi, er ekki reynt að komast að neinum endanlegum niðurstöðum í ákveðnum tillögum um endurbætur á þeirri samgönguþjónustu, sem er í dag veitt hér á landi. Tilgangur þessa verks er að benda á þann vanda sem við er að etja og varpa fram nokkrum hugmyndum um lausn hans."

Síðan segir: „Brýnt er að gerð verði heildarúttekt á samgönguþjónustunni og tekin verði ákvörðun um stefnumörkun og markmið."

Ég vil ennfremur leyfa mér að vitna til þess hluta ritsins sem fjallar um flutningamiðstöðvar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Til eru lög frá árinu 1947, sem fjalla að takmörkuðu leyti um það málefni sem hér er til umr., þ. e. flutningamiðstöðvar. Lög þessi nefnast „lög um afgreiðslustöðvar fyrir áætlanabifreiðar" og fjalla því ekki um alhliða flutningamiðstöðvar. Lög þessi gera ráð fyrir að ríkisstj. veiti sérleyfishöfum kost á að reisa og reka

slíkar afgreiðslustöðvar með styrk úr ríkissjóði, er ákveðinn sé af fjárl. Í 4. gr. þessara laga er heimildarákvæði fyrir ríkisstj. að hafa frumkvæði í þessum málum og reisa og reka þessa gerð afgreiðslustöðva. Verði af því skal árlega verja helmingi sérleyfisgjalds til niðurgreiðslu byggingarkostnaðar.

Eins og áður hafði verið getið, segir ennfremur, „er nú þegar orðin viss samhæfing í fólksflutningum milli bifreiða og flugvéla og má þar til nefna Egilsstaði, þar sem almenningsbifreiðar aka frá flugvellinum niður á firðina í næsta nágrenni Egilsstaða. Þannig má hugsa sér að í vissum byggðarlögum sé flugstöðvarbygging jafnframt aðalflutningamiðstöð héraðsins. Þar hefðu almenningsbifreiðar fasta viðkomu og þangað mætti skila og sækja varning sem vöruflutningabifreiðar flyttu. En þetta á þó aðeins við í undantekningartilfellum, þar sem flugvellir eru nær ætíð staðsettir utan þéttbýlis, og er það af ýmsum ástæðum."

Ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma. Hins vegar langar mig að síðustu, af því að ég er tekinn til við að vitna í þetta umrædda rit, að lesa örlítið lengra og ekki síst að því er varðar innanhéraðssamgöngur. Í þessu riti er nokkuð fjallað um margvíslega samhæfingu að því er varðar hina ýmsu þjónustuþætti samgangna, en einn er sá þáttur samgangna sem ekkert hefur verið minnst á í þessu umræddu riti fyrr en hér, og þar stendur:

„Áður en svokölluð tankvæðing mjólkur fór að tíðkast hér á landi sáu mjólkurbílar — ekki síst þeir — um innanhéraðssamgöngur. Oftast voru þessar bifreiðar svokallaðar „hálfkassabifreiðar", sem byggðar voru til þess að flytja farþega jafnt sem mjólk, póst og annan varning. Bifreiðastjórar þessara bifreiða sinntu erindum fólks í kaupstað og veittu margháttaða þjónustu til mikils hagræðis þeim er í dreifbýlinu bjuggu. Eins og kunnugt er er þessi skipan aflögð og þarf ekki að rekja það nánar.

Að sjálfsögðu hafa komið til á seinni tíð margs konar samgöngutæki, sem nýta mætti og í ríkari mæli heldur en gert er. Í því sambandi er ekki síst vert að minnast á skólabíla, sem væri vissulega hægt að nýta í ríkari mæli til flutninga heldur en gert er.".

Eg ætla ekki að vitna frekar í þessa skýrslu. Það er auðvitað ljóst, að hún fjallar um málið á breiðari vettvangi en sú till. sem hér er til umfjöllunar, þ. e. um umferðarmiðstöð í Borgarnesi. Þó skarast þetta mál að meira eða minna leyti.

Það er mála sannast, að umfjöllun á meðal fólks að því er varðar umferðarmiðstöð í Borgarnesi hefur orðið æ háværari eftir því sem tímar hafa liðið. Þetta er á margan hátt mjög skiljanlegt. Eins og menn vita er á grundvelli allmargra sérleyfa ekið um Borgarnes. Þar skilja leiðir, eins og kunnugt er, og gefur það þeirri hugsun að sjálfsögðu undir fótinn að það kynni nú að vera æskilegt að reisa umferðarmiðstöð í Borgarnesi.

Ég vil taka það fram að gefnu tilefni, að þeir sérleyfishafar, sem hafa sinnt þeim leiðum sem hér er vikið að, þ. e. sérleyfishafarnir sem aka í Borgarnes og Akranes reyndar jafnframt, á Snæfellsnes, á Vestfirði, á Strandir og Norðurleið, hafa staðið sig með ágætum hver á sinn hátt og ég hef í sjálfu sér ekkert út á þeirra störf að setja. En till. sem þessi felur það ekki síst í sér að gerð verði athugun á því og það verði reynt að draga fram í dagsljósið hvaða möguleikar búa í viðkomandi starfsumhverfi vegna þeirra sem eiga að sinna þessari þjónustu og ekki síður vegna þeirra sem þurfa og eiga að njóta þessarar þjónustu.

Nú geri ég mér grein fyrir því, að á grundvelli reynslunnar hafa orðið breytingar á undanförnum árum á ýmsum þjónustuþáttum sérleyfishafa. Hins vegar er það deginum ljósara, að á grundvelli reynslunnar hafa þeir ekki gengið til þess verks að stofna til umferðarmiðstöðvar í Borgarnesi, a. m. k. hefur ekki heyrst mikið frá ágætum sérleyfishöfum í því efni. Ég tel því mjög æskilegt að sú könnun, sem till. gerir ráð fyrir, verði gerð. Ég er viss um að könnunin muni leiða í ljós að sérleyfishafarnir muni sjá sér hag í því að stofna til samvinnu í þessum efnum.

Ég ætla ekkert að fullyrða um það hér, með hvaða hætti slík umferðarmiðstöð risi eða hver mundi kosta hana eða hvernig hún yrði rekin að öllu leyti. Mér fyndist þó eðlilegt að lokinni þessari könnun, sem ég er, eins og ég sagði áðan, viss um að leiðir í ljós að umferðarmiðstöð mun þykja góður kostur í þessu tilfelli, að sérleyfishafarnir yrðu langsamlega atkvæðamestir í að kosta slíkt fyrirbæri.

Ég ætla ekkert að fjölyrða um þetta frekar. Eins og kunnugt er hafa samgöngur aukist allverulega. Ég held að það megi fullyrða að skilyrði til bættrar þjónustu hafi batnað. Það er auðvitað deginum ljósara að hagræðingar er þörf á mörgum sviðum samgöngumála, ekki aðeins að því er varðar fjárfestingar í samgöngumannvirkjum, heldur — og ekki síður — að því er varðar nýtingu þeirra til hagsbóta fyrir samfélagið.

Herra forseti. Undanfarin ár hafa farið allt að 50 þús. manns með sérleyfisferðum um Vesturland á ári hverju. Með tilkomu brúar yfir Borgarfjörð fara allflestir farþeganna um Borgarnes. Meðalnýting hjá sérleyfum hefur verið misjöfn eða frá um það bil 20—80% eftir árum og árstímum. Eins og ég sagði áður eru fimm sérleyfishafar sem aka frá Reykjavík og um Borgarnes. Þau sérleyfi, sem þessi till. varðar, mynda nokkuð samfellt umferðarnet og hljóta því að leiða hugann að aukinni hagkvæmni með tilliti til þeirrar till. sem hér er flutt.

Herra forseti. Að loknum þessum hluta umr. legg ég til að till. verði vísað til atvmn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., er flutt af öllum þm. Vesturl., en hún er dálítið öðruvísi en aðrar tillögur sem við flytjum. Hin ákveðna fasta uppsetning er, að 1. þm. okkar sé málsvari okkar og sé 1. flm. till., og er það frekar í þeim dúr að við séum að flytja beiðni einhverra aðila úr kjördæminu. Þessi till. er unnin og flutt að forgöngu 1. flm., Davíðs Aðalsteinssonar.

Ég fagnaði því mjög þegar Davíð kom til mín og bauð mér að vera meðflm. á þessari till. vegna þess að ég taldi að með því væri verið að hreyfa máli sem ég hef haft mikinn áhuga á og var mitt fyrsta mál hér í þinginu. Þegar ég kom hingað inn 1971 flutti ég till. mjög í þessum anda og fékk þá till. samþykkta. Hún var um könnun á þjónustu sérleyfisbifreiða, þ. e. fyrst og fremst út frá Borgarnesi. En þótt till. hafi verið samþykkt var ekki eitt eða neitt gert í sambandi við tillgr. frá hendi ríkisstjórnarinnar sem henni var vísað til.

Ég fagna því að hæstv. samgrh. er hér kominn og tel það mjög miður að hann skyldi ekki sitja hér undir ræðu hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar. Ég gerði einmitt ráð fyrir að þm. hefði haft að vissu leyti stuðning samgrh. að flutningi þessa máls til þess að tryggja að það fengi einhvern framgang.

Tillgr. er svona: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um athugun á breyttu skipulagi fólksflutninga með tilliti til þess að komið verði á fót umferðarmiðstöð í Borgarnesi."

Ég sé ekki ástæðu til að bæta mörgum orðum við það sem hv. þm. Davíð Aðalsteinsson sagði um þetta, en þó tel ég ástæðu til að nefna það, að á Íslandi er raunverulega hvergi aðstaða til þjónustu sérleyfisbifreiða. Ég get varla kallað þá umferðarmiðstöð sem byggð hefur verið í Reykjavík aðstöðu, a. m. k. ekki fyrir þá sem vinna á sérleyfisbifreiðunum né heldur fyrir farþega svo að nokkru nemi. Það má þó segja að komið hafi verið upp vissum anga af bissnessaðstöðu. Bílstjórarnir þurfa að sinna afgreiðslu sinna bifreiða án þess að það sé nokkur aðstaða fyrir hendi til þess að létta þeirra störf. Í hvaða veðri sem er þarf að taka út flutning og farþega án þess að þar sé nokkur vörn fyrir veðrum. Eini staðurinn á Íslandi þar sem slíku hefur verið komið upp er á Keflavíkurflugvelli. Það er líka eini staðurinn sem talað er um að þurfi að endurbyggja með nýja aðstöðu. Ég tel að þegar rætt er um að koma upp umferðarmiðstöð sé þessi þáttur, að farþegum og þeim sem fyrir þá vinna, þ. e. bílstjórum, verði sköpuð sæmileg aðstaða við afgreiðslu og þjónustu á afgreiðslustöðvum, of lítið ræddur.

Ég er þess vegna dálítið undrandi, þegar verið er að skipuleggja aðstöðu fyrir umferðarþjónustu við brúarsporðinn í Borgarnesi, að þar sé ekki hugsað fyrir uppbyggingu sem þessari. Ég harma mjög að það skuli ekki hafa verið gert og tel að einmitt í Borgarnesi þurfi að byggja upp mjög góða þjónustuaðstöðu til að afgreiða rúturnar og aðstöðu fyrir farþega svo að þeir geti beðið þar eftir skiptirútum, en þurfi ekki að hanga í göngum hótels eða bíða utan dyra.

Það má kannske um leið og rætt er um þetta benda á að þjónusta á vegum á þessu svæði er hvergi til staðar þar sem sérleyfisbifreiðar stansa. Við sem förum alloft fram hjá vegamótunum að Akranesi undrum okkur á því að þar skuli ekki hafa verið komið upp aðstöðu til þjónustu við farþega og sérleyfisbifreiðar fyrir löngu. Mjög æskilegt væri að slíkri aðstöðu væri komið upp. (**GJG:** Hvaða aðstöðu ert þú alltaf að tala um?) Þá aðstöðu sem ég tel að þurfi að vera tengd sérleyfisbifreiðum, tengd þeim stað þar sem sérleyfisbíll stoppar, sæmilega biðaðstöðu fyrir farþega, ekki neitt líka þeirri aðstöðu sem er hér uppi í umferðarmiðstöð. Þar er einn lítill bekkur í kringum peningakassa, sem hægt er að setjast á, ellegar þá að fólk fari inn í veitingahúsið. Ég tel að farþegi eigi að geta átt kost á því að bíða eftir rútu án þess að setjast inn í veitingahús eða án þess að hann sé í miðjum gangveginum eins og er á umferðarmiðstöðinni hér.

Ég tel að bæði farþegi og bílstjóri eigi heimtingu á því að fyrir hendi sé yfirbyggt hús þar sem afgreiðsla bílanna fari fram. Það liggur svo í augum uppi. Ég held að það geti varla tilheyrt þessum tíma að bjóða upp á þjónustu sem þessa úti undir beru lofti. Umferðarmiðstöðin, blessuð, hér í Reykjavík er léleg að þessu leyti til, jafnframt því að staðsetningin er furðuleg. Það er eins og hún hafi dottið þarna óvart niður, henni hafi ekki verið komið fyrir út frá því hvað væri heppilegt fyrir farþega sem þyrftu að nota hana. Fyrst ég nefni umferðarmiðstöð hér í Reykjavík út frá þessu sjónarmiði tel ég að umferðarmiðstöð í Reykjavík eigi að vera staðsett einhvers staðar við Elliðaárnar, t. d. þar sem Fáksaðstaðan var áður eða einhvers staðar ekki mjög langt frá því svæði, einmitt í beinum tengslum við aðalumferðaræðar Reykjavíkurborgar og umferðaræðar út úr og að borginni. En að henni sé troðið niður á úthjara umferðar til vesturbæjarins, það er náttúrlega fyrir neðan allar hellur og gerir ekki annað að verkum en lengja leið frá Reykjavík og að Reykjavík um 10—15 mínútur, og lengja leið flestra þeirra farþega sem þurfa að nota þessa umferðarmiðstöð, þ. e. flestra eða allra þeirra farþega sem í austurbænum eiga heima, og auka þeirra kostnað verulega. Mér er kunnugt um að vissir sérleyfishafar á Reykjavíkursvæðinu voru mjög mótfallnir þeirri staðsetningu sem ákveðin var á umferðarmiðstöðinni, en á það var ekki hlustað af borgaryfirvöldum.

Ég vil endurtaka það, að ég fagna þeirri till. sem hér er til umr. og vona að eftir samþykkt hennar verði tekið til höndum og farið að vinna að þessu máli. Það verði reynt að skipuleggja betur sérleyfisferðirnar en gert hefur verið hingað til og það verði ekki látið eiga sér stað að hver rútan á eftir annarri fari um Hvalfjörð hálfnýtt. Ég tel að það sé eðlilegt að í Borgarnesi verði aðalumferðarmiðstöð, þ. e. það verði ákveðnar rútuferðir frá Reykjavík, eitt sérleyfi frá Reykjavík í Borgarnes. Það er hægt að hugsa sér að á dag verði þá þrjár til fjórar ferðir í staðinn fyrir að þessa leið fari nú fimm rútur á einum og sama klukkutímanum. Með því að ferðunum verði dreift yrði þjónustan aukin. Út frá Borgarnesi aki síðan rútur vestur á Snæfellsnes, vestur í Dali og norður í land. Endastöð aðalumferðarleiðanna verði í Borgarnesi og síðan eitt sérstakt sérleyfi frá Borgarnesi til Reykjavíkur. Það gefur auga leið að með slíkri skipulagningu er hægt að hafa þjónustuna á þessu svæði mun betri, margfalt betri en nú er.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en eins og ég sagði áðan vænti ég þess, að það verði tekið betur á og unnið ákveðnar að þessum málum eftir samþykkt þessarar till. og hún fái aðra afgreiðslu en sú till. sem samþ. var frá mér hér árið 1972 og ég hef ekki orðið var við að hafi fengið neina afgreiðslu þó að vísað hafi verið til hæstv. ríkisstj. til fyrirgreiðslu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Fyrst örfá orð um þáltill. almennt. Um þær mætti ræða allítarlega, en ég vil taka fram í upphafi, til að valda ekki misskilningi, að þó að þessari sé vísað til samgrh. gildir það ekkert frekar um það rn. eða þann hæstv. ráðh. sem því gegnir nú, heldur er ég bara að tala um meðferð þáltill. yfirleitt. Einhver mundi segja að það væri nokkuð misjafnt hvernig meðferð þær fengju hjá stjórnvöldum, sjálfsagt er það eitthvað, en meiri hluti þáltill., þá er þetta plagg gott eða sæmilegt eða lélegt, ef það fær afgreiðslu hér á þingi, fer í skúffu einhvers rn., ég geri ekki upp á milli þeirra, og meginreglan er sú, að það er að engu haft. En oft og tíðum geta einstakir þm., og ég er ekki að gera lítið úr hv. flm. þessa máls, sagt frá því heima í héraði að þeir hafi fengið samþykkta þáltill.

um eitt og annað.

Benedikt Gröndal fyrrv. þm. flutti um þetta fróðlegt erindi í útvarp, sem birtist síðar á prenti og var mjög athyglisvert, þ. e. um þáltill. yfirleitt og hvaða tilgangi þær þjóna og hvað gildi þeirra virðist sífellt minnka, því miður. Ég vildi bara — ég hef gert það hér áður — benda á að slag í slag eru hérna ágætar þáltill. samþykktar. Þær sökkva í skúffurnar í rn. og sjá svo ekki dagsins ljós fyrr en þær eru teknar hér aftur upp á þingi. Það væri hægt að nefna þáltill. sem samþ. hafa verið hérna þrisvar, fjórum sinnum og að engu hafðar og það oft í brýnum málum.

Hins vegar sýnist mér þetta um þessa ágætu till., sem ég ætla ekkert að fara að beita mér á móti: Mér virðist þessir ágætu flm. vera að leita að rökunum fyrir henni. Þá leitar á mann: Hefur þessi ósk komið frá viðkomandi sveitarfélagi? Ég er ekkert að leggjast á móti þessari umferðarmiðstöð. Hefur komið ósk frá sérleyfishöfum, frá sveitarfélagi eða sveitarfélögum? Það kom ekki fram. Það var bent á að bifreiðastjórar hefðu slæma aðstöðu og þeir sem biðu eftir áætlunarbílum o. s. frv. hefðu slæma aðstöðu. Það má vel vera að þetta megi eitthvað endurskipuleggja. Ég er ekkert viss á því. Sjálfsagt má skoða málið. Ég er nokkurn veginn viss um að það verður ekkert skoðað af hv. samgrn. — og er ég ekkert að beina frekar skeytum mínum að því en öðrum rn. E. t. v. er heppilegt að umferðarmiðstöðvar séu eins og skiptistöðvar Strætisvagna Reykjavíkur. T. d. sé hægt að taka áætlunarbifreið vestur á Snæfellsnesi, fá skiptimiða í Borgarnesi og bíða þar eftir öðrum bíl.

Ég veit að þeim virðulegu þm., sem flytja þessa þáltill., gengur ekkert nema gott eitt til, en ansi gengur þeim illa að tína einhver sæmileg rök fram um að þetta sé brennandi nauðsyn. Þeir gefa meira í skyn að þetta gæti orðið til bóta. Og 4. þm. Vesturl. kemur hreinlega með þá till. að þarna sé skiptistöð fyrir alla áætlunarbíla sem fara lengra vestur o. s. frv. Ég dreg mjög í efa að það sé nokkur vilji fyrir þessu eða nokkur hagkvæmni í þessu. Það má vel vera að það sé.

Ég efa ekki að þeim gengur gott eitt til og þeir vilja láta sína kjósendur í Borgarnesi vita af því, úr öllum flokkum, að þeir séu vakandi og þeir séu framúrstefnumenn. Þeir eru hér með alls konar mál sem aldrei hafa komið upp í héraði einu sinni. Þetta eru framúrstefnumenn, benda á hvað betur megi fara o. s. frv. En ég vil bara benda á að svona skipulagsbreytingu, eins og 4. þm. Vesturl. er að leggja til, hefði þá átt að reifa í grg. sem allsherjarskipulagsbreytingu á fólksflutningum til Vesturlands og víðar.

Það fara góðar þáltill. í skúffur rn. og rykfalla þar. Mér er sagt að öll rn. séu full af skýrslum frá sérfræðingum og samþykktum þáltill. En mér virðist vanta einhvern veginn neistann í þessa þáltill. Fyrst góðar þáltill. rykfalla í skúffum rn. held ég, jafnvel þó að þessi verði samþykkt, að hún eigi eftir að liggja ansi lengi í skrifborðsskúffum rn. Og ef það á að fara að breyta algerlega skipulagi fólksflutninga á að taka það fram í grg. en ekki að flagga því eins og einhverri meinleysis örlítilli hagræðingu.

Fm. (Davíð Aðalsteinsson:) Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni hafi gengið gott eitt til með þessari tölu.

Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að fjalla um þessa till. frekar. Það mátti skilja á hv. þm. að hann reyndi á tímabili að gera lítið úr till. Ég vil ekki túlka hans málflutning á þann veg. Auðvitað eru mál mismunandi stórvægileg, það gefur auga leið. Ég hef stundum sagt að flutningur þáltill. hér væri e. t. v. af því tagi að einstaka þm. væru að komast hjá því að vera kviksettir inni í þessari stofnun. Ég veit ekki hvort hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er sammála mér um það.

Hann spurði hvort till., sem hér er á ferðinni, eða sú ráðagerð, sem þar er tíunduð, hafi verið sett fram og efni hennar að beiðni einhvers eða einhverra sveitarfélaga, einstaklinga eða hópa. Ekki er hægt að segja það. En ég vil í þessu sambandi minna hv. þm. á að orð eru til alls fyrst og þm. leyfist að hafa frumkvæði.

Varðandi þáltill. almennt ætla ég ekki að fara að fjölyrða, flutning þeirra eða meðferð. Ég er að ýmsu leyti sammála hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni um meðferð þeirra. Hins vegar vil ég taka það fram, að þessi leið er að ýmsu leyti mjög eðlileg þegar hv. alþm. vilja vekja máls á einhverju því sem þeir hafa áhuga á hvort sem það víkur sérstaklega að þeirra heimabyggð eða það eru till. sem telja má á landsvísu.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. Ég vænti þess að þessi till., sem hér er til umr., fái eðlilega meðferð.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það voru að vísu ákveðin ummæli hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni sem fyrst og fremst ullu því að ég finn mig tilknúinn að taka til máls um þessa þáltill., sem ég tel fyrir ýmissa hluta sakir gagnmerka.

Ég verð nú að segja, þveröfugt við það sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði, að ég er því í aðra röndina feginn að verulegur hluti af þeim þáltill. sem samþykktar hafa verið í hv. Sþ. skuli fá að rykfalla í skúffum í ráðuneyti. Ég hirði ekki um að skýra það miklu nánar. Ég fæ ekki heldur séð að það gefi þáltill. gildi að efni hennar hafi kviknað í höfði sveitarstjórnarmanna. Þá sjaldan hv. þm. dettur eitthvað nytsamlegt, jafnvel skemmtilegt og skrýtið, í hug finnst mér sjálfsagt að þeir flytji um það þáltill. — ennþá fremur þó þegar um er að fjalla mál sem ég tel að hafi meginþýðingu fyrir landsbyggðina.

Ég vildi bara óska þess, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gerði sér grein fyrir því hvílík verðmæti fara forgörðum í þeim milljónafyrirtækjum sem langferðabifreiðarnar okkar, rúturnar, eru orðnar, fyrst og fremst vegna þess að það er ekki til aðstaða að geyma þær að næturþeli, verja þær fyrir veðrum, fyrir skemmdum af völdum m. a. særoks. Ég hygg að það kunni að stafa af því, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á sjaldnar en við ýmsir hverjir leið með langferðabílunum okkar að hann hefur ekki veitt því athygli í hvers konar ástandi bílstjórarnir mega taka við þessum bílum fyrir allar aldir að morgni dags áður en lagt er upp í erfiða ökuferð, og kem ég nánar dálítið að því síðar.

Ég hef grun um að meginástæðan fyrir því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson tekur sig til og fer að ýfast við þessari till., ekki hallmæla eða gera lítið úr þessari þáltill., því það gat hann ekki, heldur fer að ýfast við henni, sé sú, að hér er um Borgarnes að ræða.

Við höfum, og ég verð að játa að ég tók þátt í því á sínum tíma, amast dálítið við stórum fjárveitingum í brúna yfir Borgarfjörð — brúna sem vísar veginn og leiðir veginn inn í Borgarnes — þar sem ég taldi að of miklu fé væri varið til þeirra framkvæmda samanborið við það fé sem veitt var m. a. til samgöngubóta í mínu kjördæmi. Svo heyrir maður þessa sömu menn og ég hef ekki tekið þátt í því, — þessa sömu menn sem mest öbbuðust upp á þessa merkilegu, ég viðurkenni það núna, samgöngubót, sem brúin var, vera að skopast að því þótt víðs vegar um landið standi skilti, sem á stendur kannske: 150 km til Borgarness, 14 km til Borgarness, 600 km til Borgarness eða, eins og hérna upp á Ártúnsbrekkunni, 147 km til Borgarness, og eru að kvarta undan því að í Borgarnesi skuli hvergi vera skilti sem stendur á: 147 km til Reykjavíkur, heldur aðeins: Velkomin til Borgarness.

Ég tel þá ekki aðeins þörf fyrir umferðarmiðstöð í Borgarnesi, heldur m. a. aðstöðu til að þrífa þau dýrmætu tæki sem bílarnir eru. Mér skilst að verð einnar nýtísku rútu sé nú komið upp í 1.8 millj. nýkróna. Það er engin smáræðis upphæð. Við vitum að í fyrsta lagi er höfuðnauðsyn, til þess að halda þessum bílum í lagi, að geta hýst þá og þvegið þá, og má út af fyrir sig segja að það sé eitt af hinum minni vandamálum hvernig sjávarseltan sest á rúður þessara bíla þar sem þeir standa og bíða brottferðar. Það sem veldur fyrst og fremst stórtjóni á þessum bílum er ryðið. (**GJG:** Á rútubílunum?) Alveg gasalega, Guðmundur, sérstaklega hér á Suðvesturlandi þegar vindur stendur af hafi. Það hef ég fyrir satt og ber fyrir mig sérfræðinga í þeirri grein, — þá menn sem stúdera það og hafa kynnt sér málmtæringu hér á Suðvesturlandi. Þar bætir álið ekkert um, þó ekki setjist ryð í það, það tærist einnig af völdum sjávarseltu. Við getum reiknað með því að endingartími þessara bíla sé um það bil ⅓ hluti af því sem verið hefði ef hægt hefði verið að verja þessa bíla milli notkunar í rokheldum húsum og seltuheldum húsum. Þetta snertir náttúrlega ekki síður bílana hérna á Reykjanessvæðinu, hérna megin við Faxaflóann. Hér er um að ræða trassaskap sem veldur okkur peningalegu stórtjóni og meðferð á farþegum er fyrir neðan allar hellur.

Ég skil vel að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson megi ekki til þess hugsa að þurfa að skipta um bíl í Borgarnesi ef hann er að flýta sér til Stykkishólms, það mundi náttúrlega tefja hann, en ég fullyrði að það er meira en tímabært að taka þessi mál, þ. e. fólksflutninga á landi, til mjög alvarlegrar athugunar og búa betur bæði að fólki og tækjum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmd skrefatalningarinnar, þáltill. (þskj. 50). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum þm. úr Alþfl., Sjálfstfl. og Alþb. að flytja till. til þál. á þskj. 50 um úttekt á framkvæmd skrefatalningarinnar. Það er nú vel á annað ár liðið frá því að skrefatalningunni var komið á og því ætti að vera hægt að draga nokkrar ályktanir af framkvæmdinni. Nokkrar umræður urðu um skrefatalninguna á síðasta þingi í tilefni þáltill. þess efnis að áður en skrefatalningin kæmi til framkvæmda yrði könnuð afstaða símnotenda til þess hvor leiðin yrði farin til að jafna símakostnað landsmanna, skrefatalning innanbæjarsímtala eða hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa. Till. þessi náði ekki fram að ganga og mætti mikilli andstöðu margra þm. Kjarninn í gagnrýninni sem fram kom vegna þeirrar till. var að flm. till. voru ásakaðir um að bregða fæti fyrir jöfnun símkostnaðar í landinu, þeir vildu ekki jöfnun. Auðvitað var það fjarstæða að halda slíku fram því hér var einungis um að ræða afstöðu til mismunandi valkosta við að jafna símkostnað.

Að mati okkar flm. var það raunhæfari leið til að jafna símkostnaðinn að hækka gjaldskrártaxta umframskrefa en að koma á skrefatalningu. Við bentum á að hækkun gjaldskrártaxta umframskrefa gæfi miklu öruggari tekjur til að standa undir jöfnun símkostnaðar. Hefur nú komið í ljós að ábendingar okkar höfðu við rök að styðjast.

Í grg. Pósts og síma fyrir beiðni um hækkun gjaldskrár fyrir símaþjónustu frá 1. ágúst s. l. er gert ráð fyrir að greiðsluhalli ársins verði með óbreyttri gjaldskrá 41.7 millj. kr. Bendir Póstur og sími í þeirri grg. á tvær ástæður fyrir þessum greiðsluhalla. Í fyrsta lagi hafi orðið verulegt tekjutap í kjölfar skrefatalningarinnar 1. nóv. 1981, þ. e. þegar skrefatalningunni var komið á í þéttbýli og langlínutaxtar lækkaðir frá sama tíma um allt að 30% að meðaltali. Í öðru lagi bendir Póstur og sími á að ýmsir kostnaðarliðir hafi hækkað nokkuð frá fyrri áætlunum og útgjaldaforsendur því raskast. Einnig var upplýst í sömu grg. að Póstur og sími hefði áætlað að skrefatalningin mundi þýða óbreyttar tekjur hjá stofnuninni en annað hefði komið á daginn. Kom fram í grg. að nú liggur fyrir rúmlega 13% fækkun umframskrefa sem samsvarar 22.8 millj. kr. tekjutapi á ársgrundvelli. Til þess að mæta þessu tekjutapi hefur Póstur og sími nú orðið að hækka gjaldskrár sínar, sem ekki er sýnilegt annað en komi niður á öllum símnotendum, einnig langlínunotendum.

Ef miðað er við áðurnefndar tillögur Pósts og síma má ætla að 4% heildarhækkun póst- og símgjalda gefi sama og 13% hækkun skrefagjalds, sem mundi taka til baka ⅓ hluta þeirrar 30% meðallækkunar sem gerð var á langlínutöxtum frá 1. nóv. 1981. Auk þess er ljóst að þeir sem ekki nota umframskref verða einnig að standa undir tekjutapinu vegna skrefatalningarinnar þar sem almenn hækkun, bæði á fastagjaldi og umframskrefum, varð á gjaldskrá Pósts og síma 1. ágúst s. l. um 18% til að standa undir hluta hallans. Markmiðið með skrefatalningunni hefur því ekki náðst því jöfnunin varð ekki sú sem að var stefnt. Í grg. með þessari þáltill. um úttekt og framkvæmd skrefatalningarinnar eru dregin fram rök sem eru fyllilega þess eðlis að endurskoða ber framkvæmd skrefatalningarinnar og athuga hvort ekki séu aðrar sanngjarnari og réttlátari leiðir til að ná fram jöfnun símkostnaðar.

Í fyrsta lagi er bent á að hún skili ekki Pósti og síma nauðsynlegri tekjuaukningu til að standa undir lækkun langlínugjalda vegna þess að símanotendur hafa hafnað henni á þann hátt að minnka mikið notkun símans meðan skrefatalningin er í gangi.

Í öðru lagi verður að ætla að Póstur og sími verði að standa undir lækkun langlínugjalda með almennri

gjaldskrárhækkun eins og fram hefur komið í grg. Pósts og síma til gjaldskrárnefndar. Hún er ekki réttlætanleg ef á það er litið að undir henni standa bæði langlínunotendur, sem leikurinn snýst þó um að lækka símkostnaðinn hjá, og einnig þeir sem lítið nota síma, þ. e. þeir sem nota aðeins innifalin skref í ársfjórðungsgjaldi. Benda má á að miðað við upplýsingar Pósts og síma á s. l. ári eru u. þ. b. 21% notenda á höfuðborgarsvæðinu og 22% notenda dreifbýlisins sem nota aðeins innifalin skref. Þeir notendur slyppu við slíka almenna gjaldskrárhækkun ef hækkunin kæmi aðeins fram í hækkun gjaldskrártaxta umframskrefa.

Í þriðja lagi kemur skrefatalningin illa niður á gömlu fólki og sjúku og þeim sem ekki eiga heimangengt og helst þurfa að nota símann á þeim tíma sem skrefatalningin er í gangi en veigra sér við því vegna hættu á umframkostnaði.

Í fjórða lagi má benda á að það er í hæsta máta óeðlilegt að stjórnvaldsákvörðunum sé beitt til þess í raun að þvinga fólk til að nota símann á vissum tímum sem oft henta ekki þörfum þess. Hjá því er hægt að komast með annarri leið, sem bent hefur verið á, sem bæði nær því markmiði sem er að stefnt, að jafna símkostnað landsmanna, og er einnig sanngjarnari og réttlátari.

Í fimmta lagi er það nú staðfest, sem andstæðingar skrefatalningarinnar hafa margoft haldið fram, að skrefatalningin gefur miklu óvissari tekjur en gjaldskrárhækkun umframskrefa til að mæta lækkun langlínugjalda, en gjaldskrárhækkun varð 1. ágúst s. l. til að standa undir hluta hallans og 19% 1. nóv. s. l.

Í þessari þáltill. er ekki lagt til að fella niður skrefatalninguna á þessu stigi heldur að fram fari úttekt á framkvæmd hennar og samgrh. skipi nefnd til þess. Það er ljóst að mjög skiptar skoðanir eru á meðal þm. um réttmæti skrefatalningarinnar og ekki síst að hún nái því markmiði sem að var stefnt. Til þess verði skipuð fimm manna nefnd, sem í eigi sæti einn fulltrúi skipaður af samgrn., og verði hann formaður, einn tilnefndur af Neytendasamtökunum, einn tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn tilnefndur af borgarstjórn Reykjavíkur og einn af Pósti og síma.

Eins og fram kemur í þáltill. á verkefni nefndarinnar að vera:

1. Að leita orsaka fyrir verulegum halla Pósts og síma í kjölfar skrefatalningarinnar.
2. Að kanna að hve miklu leyti hallinn kemur til með að minnka þá jöfnun símkostnaðar sem fyrirhuguð var.
3. Að kanna með hvaða hætti Póstur og sími hefði fengið bættan tekjumissinn vegna skrefatalningarinnar.
4. Að kanna hvaða aðrar leiðir en skrefatalning innanbæjarsímtala komi til greina til að ná sömu jöfnun símkostnaðar og fyrirhuguð var með skrefatalningunni.

Að lokinni slíkri úttekt mundi Alþingi fá málið á ný til umfjöllunar og þá yrði metið hvort ástæða sé til að fella niður skrefatalninguna og setja fram nýjan valkost sem nær því markmiði að jafna símkostnað landsmanna án þess að breyta heildartekjum Pósts og síma.

Herra forseti. Það er von mín að við umfjöllun um þessa till. á hv. Alþingi verði því ekki enn einu sinni haldið fram að þeir þm. sem að till. standa séu að bregða fæti fyrir jöfnun símkostnaðar landsmanna. Því það er alrangt. Þvert á móti er hér bent á að skrefatalningin hafi ekki skilað tilætluðum árangri, jafni ekki símkostnað landsmanna eins og að var stefnt, og því sé nauðsynlegt að taka málið að nýju upp á Alþingi. Ég er sannfærð um að enginn flm. þessarar þáltill. er á móti jöfnun símkostnaðar. Þvert á móti viljum við leita réttlátra og sanngjarnra leiða til að ná fram jöfnun sem nær því markmiði sem að var stefnt með skrefatalningunni.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Um þetta mál mætti vitanlega hafa mörg orð, svo mikið sem hefur verið um skrefatalninguna rætt. Því miður verð ég að segja að mér finnst þar margt á verulegum misskilningi byggt.

Ég vil segja það strax í upphafi míns máls að ég tel að skrefatalningin hafi náð tilgangi sínum jafnvel betur en ráð var fyrir gert. Það er rétt hjá hv. frsm. að tekjuskipting á milli ýmissa tekjukosta símans varð ekki nákvæmlega eins og gert var ráð fyrir. En með skrefatalningunni hefur verið náð verulegum jöfnuði á milli höfuðborgarsvæðis og dreifbýlisins og jafnvel hefur komið í ljós að íbúar höfuðborgarsvæðisins eða íbúar þeirra svæða þar sem skrefatalningin var tekin upp hafa mjög lagað sig að þessum aðstæðum. Ég get jafnvel getið þess að um kvartanir og athugasemdir, sem nokkuð margar bárust samgrn. og ennfremur Pósti og síma þegar um skrefatalninguna var rætt, hafa nánast algerlega horfið. Mjög lítið hefur borið á slíku.

Ég bað Póst og síma að veita mér upplýsingar á grundvelli þessarar till. Í því sem ég segi hér mun ég styðjast við þær.

Í bréfi Pósts og síma er m. a. fjallað um það að samkv. úrtaksmælingum á 91—svæðinu hefur skrefafjöldi innanbæjar aukist um 35.4% frá því sem áður var. Hins vegar er vakin athygli á því að þessi aukning á höfuðborgarsvæðinu vegur upp á móti lækkun langlínugjalda hjá símnotendum á þessu svæði. Menn mega ekki gleyma því að íbúar t. d. höfuðborgarsvæðisins nota langlínuna líka, og langlínugjöldin voru lækkuð, þannig að það vegur þar upp á móti. Það er athyglisvert að umframskrefafjöldi á 91—svæðinu er 11 millj. skref á mánuði og hefur verið nánast óbreyttur í fjögur ár, þrátt fyrir að tekin er upp tímamæling, því áður var símtalið eitt skref. Hvað sýnir þetta? Það sýnir okkur að íbúar þessa svæðis hafa lagað sig vel að þessari breytingu og nýta þá skref vel en færa lengri símtölin á þann tíma sem tímalengd er ekki mæld.

Ég hef einnig hér í höndunum fróðleg línurit og athuganir á lengd símtala og hvað mikill fjöldi þeirra er innan við skrefið. Kemur í ljós að um 85% símtala eru innan við skrefið t. d. í Kópavogi og nálægt 90% í Hafnarfirði. Það sýnir það sama og ég hef áður sagt. Menn hafa aðlagað sig þessum breytingum. Kannske hafa símtölin verið óþarflega löng hér áður fyrr. Einnig hefur komið í ljós í þessu sambandi að álag á mesta annatímanum þegar t. d. skrifstofur, verslanir o. fl. verða að nota símann hefur minnkað. Það er tvímælalaust til bóta og sparar mjög fjárfestingu.

Ég sagði áðan að náðst hefði allmikill — og reyndar mjög mikill vil ég segja — jöfnuður á milli dreifbýlis og þéttbýlis, sé það mælt í skrefafjölda. Umframskrefafjöldi 1982 á höfuðborgarsvæðinu var 136 millj. skref en á dreifbýlissvæðinu 141 millj. skref, nákvæmlega 136

millj. 397 þús. á höfuðborgarsvæðinu, 141 millj. 673 á dreifbýlissvæðinu. Áður var alltaf um 30% munur, t. d. 1982 133 millj. 726 þús. skref á höfuðborgarsvæðinu en 170 millj. 95 þús. í dreifbýlinu. Þarna var mjög mikill munur, þ. e. 37 millj. skrefa, en hann er nánast enginn orðinn nú. Hefur því náðst mjög umtalsverður jöfnuður. Ég er alls ekki að halda því fram að þeir sem hafa andmælt skrefatalningunni séu út af fyrir sig á móti jöfnuði milli höfuðborgarsvæðis og dreifbýlis, enda undirstrikaði hv. frsm. að svo væri ekki, en þeir vefengja þessa leið. Ég tel hins vegar að árangur hafi orðið mjög góður.

Jafnframt kemur í ljós af þeim tölum sem ég las áðan að skrefafjöldi dreifbýlis hefur lækkað um 16.7% 1981—1982, enda skrefin þar lengd. Ég vil geta þess í sambandi við þær tölur sem ég las að það er villa í grg. Ætla má að skrefafjöldinn sem þar er getið um sé í þúsundum skrefa en þetta eru millj. skrefa, einingarinnar er ekki getið. T. d.: 1979 117 672, það munu eiga að vera 117 millj., því að í bréfi því sem hv. frsm. fékk frá Pósti og síma mun þetta hafa verið talið í þúsundum skrefa. En þetta er aðeins sagt til leiðréttingar.

Í 2. lið segir.: „Að kanna að hve miklu leyti hallinn kemur til með að minnka þá jöfnun símkostnaðar sem fyrirhuguð var.“ Þær tölur sem ég las áðan sýna að aukinn jöfnuður hefur náðst með því að allur hallinn fer til lækkunar á seldum umframskrefum dreifbýlisins. Öll viðleitni í þessa átt s. l. 12 ár hefur verið gerð á þennan hátt aðfinnslulaust, þ. e. með lengingu skrefa á langlínuleiðum, svo og breytingu skrefa í ársfjórðungsgjaldið. Jafnframt segir Póstur og sími um þennan halla: Margnefndur tekjumissir vegna skrefatalningarinnar er á misskilningi byggður, eins og sést af framansögðu. Staðfest er að skrefatalning bæjarsímtala að degi til virka daga hefur vissulega gefið auknar tekjur, er vegið hafa upp á móti lækkun langlínugjalda, sem ég gat um áðan. Ef litið er til ársins 1981 sést að dreifbýlið hefur 36 millj. 593 þús. skref, sem stafa frá innanlandssímaumferð, umfram höfuðborgarsvæðið. Jafngildir þetta samkv. núgildandi gjaldskrá rúmlega 36 millj. kr. á ári. Ef jafna ætti þennan mismun að fullu mundi það þýða 18 millj. kr. aukaálag á símnotendur höfuðborgarsvæðisins á ári hverju.

Á síðasta ári voru í viðbót við það sem hér að framan segir seld tæplega 60 millj. skref vegna símtala til útlanda og á þessu ári til septemberloka hefur hliðstæð skrefatalning þegar náð 65.4 millj. skrefum, sem framreiknuð til heils árs gera 87.2 millj. skref eða um 30% aukna sölu skrefa. Þarna hafa fengist verulega auknar tekjur sem vega upp á móti þeim tekjumissi sem orðið hefur af færri skrefum í dreifbýlinu. Og staðreyndin er sú, að afkoma Pósts og síma var í mjög viðunandi jafnvægi á síðasta ári. Ég held því að það sé alveg ástæðulaust að hafa miklar áhyggjur af tekjumissi Pósts og síma. Þetta hefur jafnað sig út eins og ég hef gert grein fyrir.

Þá segir í fjórða lagi hjá Pósti og síma: „Í sjálfvirkum símstöðvum er kostnaður þess búnaðar, sem notaður er við að koma á sambandi, tiltölulega lítill í hlutfalli við kostnað þess búnaðar sem notaður er meðan á samtali stendur. Kostnaður við símtöl er því nánast í beinu hlutfalli við tímalengd þeirra. Með hliðsjón af þessu er gjaldtaka eftir símtalafjölda óréttlátari en þegar gjaldtaka er byggð á notkunartíma. Skrefatalningin nær á hagkvæmari hátt til gagnasendingar innanbæjar, sem nú fer ört vaxandi og skapar auknar símaumferðartekjur, sem ætti að létta gjaldbyrði hins almenna símnotanda. Skrefatalningin veldur jafnari dreifingu símaumferðar, aðallega á þann hátt að létta á símaumferð að degi til, þegar atvinnu- og verslunarfyrirtæki þurfa mest á símum að halda, og stofnunin sparar fjárfestingu í vélabúnaði, sem notaður er stuttan tíma, þ. e. á mesta annatíma.“ Þetta er um það bil það sama og ég sagði áðan, að af skrefatalningunni hefur ýmislegt gott leitt, jafnara álag og því minni fjárfesting.

Satt að segja sé ég litla ástæðu til að skipa nefnd til að skoða þetta mál, en vitanlega hafa hv. alþm. fullan aðgang að öllum svona atriðum.

Ég get getið þess, að ég hef nýlega skipað svonefnt póst- og símamálaráð. Í því eiga sæti tveir alþm., Eiður Guðnason og Guðmundur Bjarnason. Í því á sæti fulltrúi hagsýslunnar, Jón Böðvarsson. Í því er fulltrúi, sem ég get sagt að sé fulltrúi neytenda, sem hefur mikið fjallað um þessi mál, Guðmundur Ólafsson og formaður er ráðuneytisstjóri Brynjólfur Ingólfsson. Þetta ráð hefur byrjað starfsemi sína. Því er falið með skipunarbréfi frá mér sem atriði nr. 1 að kanna, skulum við segja allar kvartanir um samskipti Pósts og síma við almenning og stuðla að sem bestum samskiptum stofnunarinnar við almenning. Ýmis mál liggja fyrir sem er ekki ástæða til að rekja hér. Það tæki of langan tíma. Póstur og sími er, má segja inni á gafli hjá hverjum manni og jafnvel breytingar í sjálfvirkar stöðvar hafa valdið kvörtunum, þótt á hinn bóginn sé lögð á það rík áhersla að fá sjálfvirkan síma. Uppsagnir hafa valdið kvörtunum. Menn hafa talið að þegar slíkar stöðvar eru ekki mannaðar, þá sé öryggisgæslu ekki fullnægt o. s. frv. o. s. frv. Sjálfsagt er að þetta póst- og símamálaráð taki svona mál til meðferðar og skoði þau vandlega.

Ég gæti rætt fjölmargt fleira, eins og ég sagði í upphafi míns máls, um Póst og síma. Ég vil aðeins geta þess til fróðleiks, að ég hef fengið samanburð á símkostnaði hér og erlendis, sem gerður er af óháðri stofnun sem Siemens heitir. Í ljós kemur þegar borið er saman við önnur lönd að símakostnaður hér á landi hefur lækkað verulega frá 1979—1982, hlutfallslega. Þessi samanburður er gerður á ársgrundvelli og inn í þetta er tekið stofngjald og það afskrifað á 10 árum. Þá er tekið fastagjald í hverju landi og gert ráð fyrir að það innihaldi 700 staðarsímtöl og er samræmt á þann máta. Síðan er tekinn kostnaður við 700 staðbundin símtöl og svo 200 langlínusímtöl upp í 3 mínútur. Árið 1979 var talið að kostnaður hér væri 497 þýsk mörk við staðlaða símanotkun, nákvæmlega sú sama og í Bandaríkjunum, en t. d. á Bretlandseyjum 415 þýsk mörk. Hins vegar 1. janúar 1982 er símkostnaður hér talinn vera 474 þýsk mörk, og hefur því lækkað aðeins í þýskum mörkum. Hins vegar er hann í Bandaríkjunum kominn upp í 928 þýsk mörk og í Bretlandi upp í 1091 þýskt mark. Það hefur því orðið gífurleg hækkun erlendis, en ég vek athygli á að í erlendum gjaldeyri hefur símakostnaður hér nokkurn veginn staðið í stað og reyndar heldur lækkað.

Það mætti, eins og ég segi, mjög margt fleira um starfsemi símans ræða, m. a. um skrefatalninguna. Ég ætla samt ekki að lengja þessar umr. þó að ég hafi satt að segja eins og hv. frsm. ætlað að fjalla ítarlegar um

þetta á skikkanlegri tíma. Ég læt þetta nægja nema sérstaklega sé óskað eftir því að fleira verði dregið inn í umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það var á orðum hæstv. samgrh. að heyra að hann væri tiltölulega ánægður með framkvæmd skrefatalningarinnar. Það var ekki að heyra, a. m. k. gat ég ekki heyrt það á hans orðum, að fram hafi komið að Póstur og sími hafi orðið fyrir tekjutapi vegna skrefatalningarinnar eða um fækkun skrefa hafi verið að ræða. Sú till. sem hér er flutt er mikið byggð á hvernig framkvæmdin hafi tekist fram til 1. nóv. s. l. og ekki síst þeim upplýsingum sem flm. fengu, þ. e. þeirri grg. sem Póstur og sími lagði fram til samgrn. og gjaldskrárnefndar sem rökstuðning fyrir hækkun á gjaldskrá Pósts og síma 1. ágúst s. l. Ég tel rétt að vitna orðrétt í þá grg., með leyfi forseta, en þar kemur eftirfarandi fram hjá Pósti og síma í bréfi til samgrn.:

„Nú hefur verið gerð ný greiðsluáætlun fyrir árið 1982, dags. 7. júlí 1982, þar sem fram kemur m. a. að greiðsluhalli ársins 1982 verður með óbreyttri gjaldskrá um 41.7 millj. kr., en samkv. útreikningi gefur hvert prósentustig í gjaldskrárhækkun 1. ágúst n. k. fyrir símaþjónustu og 1. sept. fyrir póstþjónustu um 1.4 millj. kr. á ári. Þarf því 30% gjaldskrárhækkun til þess að mæta þessum greiðsluhalla." Síðan segir orðrétt: „Þegar skrefatalning var sett á í þéttbýli 1. nóv. s. l. voru langlínutaxtar frá sama tíma lækkaðir verulega eða um 30% að meðaltali. Var talið að þessi breyting mundi þýða sem næst óbreyttar tekjur hjá stofnuninni, en mjög erfitt er að gera nákvæma útreikninga varðandi hluti sem þessa. Nú liggur fyrir veruleg fækkun umframskrefa innanlands," segir Póstur og sími. Hér er það viðurkennt að fyrir liggi veruleg fækkun umframskrefa innanlands eða rúmlega 13%, sem hefur orðið við þessa breytingu, eða um 40 millj. skrefa á ári sem samsvarar 22.8 millj. kr. á ársgrundvelli. „Nauðsynlegt er að bæta stofnuninni þennan tekjumissi án þess að það sé talin gjaldskrárhækkun heldur leiðrétting gjaldskrár." Og í bréfi til gjaldskrárnefndar, sem undirskrifað er af Steingrími Hermannssyni, kemur fram eftirfarandi með leyfi forseta:

„Í erindi sínu bendir Póst- og símamálastofnun á a. m. k. tvær ástæður fyrir þessum yfirvofandi greiðsluhalla stofnunarinnar. Í fyrsta lagi hefur orðið verulegt tekjutap í kjölfar þeirrar breytingar á símagjaldskrá stofnunarinnar er gerð var í nóvember s. l. þegar skrefatalningu var komið á í þéttbýli og langlínutaxtar lækkaðir frá sama tíma um allt að 30%." Hér lýsir hæstv. samgrh. sig tiltölulega ánægðan með framkvæmd skrefatalningarinnar, en í þessu bréfi, sem undirskrifað er af honum, er viðurkennt tekjutap vegna skrefatalningarinnar. Ég tel að skrefatalningin hafi hiklaust misheppnast þegar fram kemur að það er verulegt tekjutap hjá Pósti og síma í kjölfar skrefatalningarinnar og Póstur og sími telur sig þurfa að fá tekjutapið bætt með gjaldskrárhækkun. Ég tel líka að skrefatalningin hafi misheppnast, þar sem hún átti að verða til þess að bæta fólki úti á landsbyggðinni kostnað vegna símþjónustu, þegar það þarf líka að bera þennan halla uppi með gjaldskrárhækkun.

Hæstv. ráðh. telur ekki ástæðu til að skipa þessa nefnd. Ég tel ástæðu til að skipa nefndina og að úttekt verði gerð á framkvæmd skrefatalningarinnar. Það má vel vera að þær upplýsingar sem hæstv. samgrh. hefur nú frá Pósti og síma sýni fram á að frá því að gjaldskrárbeiðnin var lögð fram í ágúst hafi þetta breyst á einhvern hátt þannig að tapið sé ekki eins mikið og það var þá. Um þetta hef ég ekki upplýsingar, svo að ég tel nauðsynlegt að þm. fái greinargerðir og rökstuðning Póst- og símamálastofnunar fyrir gjaldskrárhækkunum, sem urðu 1. nóv. s. l., að mig minnir um 18 eða 19%, og síðan núna 1. febr., svo að fram komi hve mikinn hluta þeirra hækkunar, sem varð 1. nóv. og 1. febr., má rekja beint til skrefatalningarinnar.

Ég mun óska eftir því að sú nefnd sem fær þetta til meðferðar, sem ég á sæti í, fái þær upplýsingar sem ég hér nefni, þ. e. greinargerð og rökstuðning Póst- og símamálastofnunar fyrir hækkun sem varð á símakostnaði 1. nóv. og 1. febr. En ég vil segja það, að ég varð fyrir vonbrigðum með þau svör ráðh. að hann telji ekki ástæðu til að skipa þessa nefnd, sérstaklega þegar fyrir liggur í gögnum að það hefur orðið verulegt tekjutap í kjölfar skrefatalningarinnar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mig langar aðeins til að segja örfá orð í sambandi við þetta mál. Þannig vildi til að þetta mál var til umræðu á fundum fjvn. s. l. haust þegar verið var að ræða um fjármál Pósts og síma. Kom þá í ljós í sambandi við þá þáltill. sem hér er til umr., að sú grg. sem fylgir þáltill. er í mótsögn við sjálfa túlkun till. Það kom einnig í ljós í þessum umræðum að einn meðflm. till. hafði alls ekki lesið grg. þáltill. Þær upplýsingar sem póst- og símamálastjóri gaf sönnuðu hið gagnstæða við það sem sagt er hér í grg. og raunar kom fram að hluta til í ræðu hv. frsm. Þær upplýsingar sem gefnar voru í sambandi við áhrif skrefatalningarinnar sem slíkrar virka jákvætt fyrir Póst og síma en ekki öfugt.

Jafnframt þessu er það ekkert vafamál að þessi breyting, skrefatalningin, varð til þess að verulegur árangur náðist þá þegar í áttina að jöfnun símkostnaðar, sem er náttúrlega aðalatriðið. Það finnst mér vera meginmálið í þessu öllu saman, að þessi aðferð, sem upp var tekin, hefur verkað þannig og gerði það strax, að hún varð til þess að ná þeim umtalsverða árangri sem sannanir liggja fyrir um í tölum, sem ekki verða hraktar. Þetta finnst mér ákaflega mikilvægt mál, ekki síst þegar maður hefur þá grundvallarskoðun, sem raunar hefur komið fram áður hér í umr. á hv. Alþingi, að algjör jöfnun símgjalda um landið sé það sem stefnt skal að. Það er það réttlætismál sem allir íbúar landsins eiga rétt á. Og þessi aðferð sem er byggð á alþjóðlegri reynslu, sannast hér að vera það vopn í þessu sem náði strax árangri miðað við allt annað sem reynt hefur verið í þessum málum. Auðvitað þarf að halda áfram að vinna að þessu og lenging skrefa í langlínusamtölum er vissulega rétt spor í þessum málum.

Ég vildi ekki láta hjá líða, af því að ég tók til máls í þessu máli, að minna á eitt stærsta framfaraskrefið sem ég tel að hafi verið stigið á myndarlegan hátt með samþykkt Alþingis, þ. e. lagningu sjálfvirks síma um landið allt eftir 5 ára áætlun. Þetta er gífurlega stórt framfaramál, sem þegar er farið að gæta í auknu öryggi fyrir íbúa þessa lands og aukinni þjónustu, þó að langt sé í land að það sé komið til allra, en innan tveggja til þriggja ára verður þetta orðið að veruleika. Í sambandi

við þetta mál tel ég ástæðu til að minna á það enn, sem raunar hefur verið minnt á hér áður í umr. um þessi mál, að framkvæmd þessa atriðis hefur valdið talsverðum truflunum, aðferðin við að koma þessu á. Þar á ég við hinar svokölluðu hnútstöðvar, sem auka á vissan ójöfnuð í þeim héruðum þar sem Póstur og sími notar þetta millistig. Um þetta hefur verið rætt og þetta þarf að jafna út um leið og gengið er að því að ná algerri jöfnun símgjalda. Það þarf að ná því í áföngum með því að ákveða að sama gjald og sama skrefalengd verði innan hvers svæðis.

Ég vil í leiðinni minna á að það er ýmisleg gagnrýni uppi höfð á þessa ágætu stofnun Póst og síma. Sumt er á misskilningi byggt, en sumt á rétt á sér. Við erum væntanlega allir hv. þm. sammála um það, að auka þarf þjónustu í sambandi við þennan mikilvæga þátt í okkar þjóðfélagskerfi. Við þurfum að fá aukna þjónustu. Það hefur komið fram ýmis réttmæt gagnrýni á þessa framkvæmd. Ég tel að það þurfi að vinna skipulega að því að bæta þessa þjónustu og samræma hana nútíma kröfum á flestum sviðum. En aðalatriðið er að þetta mál, skrefatalningin, hefur orðið til þess að ná á skömmum tíma verulegum árangri í því sem mestu máli skiptir: að jafna símakostnaðinn í landinu hvort sem við búum í þéttbýli eða dreifbýli. Það er mál málanna.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég sagðist áðan ekki ætla að hafa allt of mörg orð um þessa till. og sleppti ýmsu, sem ég hef fengið í hendurnar í sambandi við till., taldi það réttara. En ég heyri að hv. flm. kann því illa. M. a. segir í bréfi frá Pósti og síma um till.:

„Greinargerðin er að mörgu leyti hroðvirknislega unnin. M. a. er gefið í skyn að tölurnar í töflunni fyrir árin 1979—1982 séu heildarskref, enda þótt skýrt sé tekið fram í upplýsingum í bréfi sem sent var til frú Jóhönnu Sigurðardóttur alþm. að um innanlandsskrefasölu væri að ræða.

Ennfremur sendist afrit af bréfi Guðmundar Björnssonar forstjóra fjármáladeildar til frú Jóhönnu, þar sem hann leiðréttir missagnir og fleira í sambandi við umsagnir sem taldar eru eftir honum hafðar."

Ég er líka með það bréf. Þar segir með leyfi forseta:

„Í nýframkominni þáltill. um úttekt á framkvæmd skrefatalningarinnar, sem þér eruð 1. flm. fyrir, segir orðrétt í meðfylgjandi greinargerð:

„Samkv. upplýsingum, sem fjármálastjóri Pósts og síma gefur í Morgunblaðinu 20. júní s. l., er áætlað að tekjutap Pósts og síma vegna skrefatalningarinnar sé um 20 millj. kr. á ársgrundvelli eða um 13%."

Þar sem ummæli mín eru í veigamiklum atriðum bæði rangtúlkuð og slitin úr samhengi og hafa því valdið misskilningi sendi ég meðfylgjandi ljósrit af fyrrnefndri blaðagrein og ósk um leiðréttingu við fyrsta tækifæri.

Í ummælum mínum í Morgunblaðinu kemur fram að það er hin mikla lækkun langlínutaxta, eða um 30% að meðaltali hinn 1. nóv. 1981, sem er ástæða tekjurýrnunar stofnunarinnar eftir að langlínutaxtar voru lækkaðir og skrefatalning sett á, en ekki skrefatalningin sem slík eins og gefið er til kynna í grg. þegar vísað er til ummæla minna. Eins og sagt er í bréfi til samgrn. 7. júlí 1982 — en til þess bréfs er vísað síðar í grg. — var talið að þessi breyting mundi þýða um það bil óbreyttar tekjur hjá stofnuninni, en mjög erfitt væri að gera nákvæma útreikninga varðandi hluti sem þessa" o. s. frv.

Það er alveg rétt að ég lækkaði langlínutaxtana í samráði við Póst og síma nokkru meira en þeir gerðu till. um. Og ég gerði líka fleira. Ég felldi niður skrefatalningu frá kl. 7 á föstudögum og lengdi þannig þennan ómælda tíma töluvert mikið. Þannig gerði ég vissar breytingar, sem ég taldi að væru m. a. þéttbýlisbúum til hagsbóta, og það er kannske frekar það sem skerti tekjur stofnunarinnar. Ég fór ekkert leynt með það að skrefafjöldi í dreifbýlinu lækkaði frá árinu 1981 um 16.7% og vitanlega þýðir það tekjumissi, en ég gat þess að á móti komu verulega meiri tekjur en áætlað hafði verið af utanlandssímtölum. (**JS:** En hver er skýringin á tekjutapi Pósts og síma?) Tekjutapi? Sú beiðni sem kom fram hjá Pósti og síma um meiri hækkun var byggð á því að langlínutaxtarnir höfðu verið lækkaðir of mikið, eins og kemur fram í bréfi fjármálastjórans. Hann segir nákvæmlega af hvaða ástæðum þetta hafi orðið. Það má kannske kenna mér um það af því að ég lækkaði langlínusamtölin meira en þeir lögðu til. Hins vegar kom í ljós, þegar leið á árið, að aðrir tekjustofnar urðu hærri eins og ég nefndi. Sérstaklega urðu utanlandssímtölin miklu meiri en ráð hafði verið fyrir gert og tekjuaukning af þeim sökum vó að verulegu leyti upp á móti þessu títt umtalaða tekjutapi.

Ég er líka með upp á einar þrjár síður ítarlega leiðréttingu á alls konar misskilningi eða rangfærslum sem fram koma í grg. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur fengið bréfið, en mér sýnist ekki ástæða til að fara að lesa það allt hér, vil þá heldur afhenda hv. þm. það, það er ekki skemmtilegur lestur út af fyrir sig, en hér segir í lokin að rök með skrefatalningu umfram aðrar leiðir séu með leyfi forseta:

„1. Aðeins 14—16% símnotenda geta samtímis notað sjálfvirku símstöðvarnar. Kostnaður við sjálfvirk símtöl er nánast í beinu hlutfalli við tímalengd þeirra. Gjaldtaka eftir notkunartíma er því réttlátari en gjaldtaka eftir fjölda símtala.

2. Skrefatalningin nær á hagkvæmari hátt til gagna- og myndasendingar innanbæjar sem nú fer ört vaxandi. Þessi nýja notkun talsímakerfisins skapar auknar umferðartekjur sem koma til með að létta gjaldbyrði hins almenna símnotanda.

3. Skrefatalning innanbæjar veldur jafnari dreifingu símaumferðar aðallega með því að létta á símaumferð að degi til, þegar atvinnu- og verslunarfyrirtæki þurfa mest á síma að halda, og á þann hátt sparar stofnunin fjárfestingu í vélabúnaði, sem nýtist einungis á stuttum tíma á mesta annatíma."

Loks það sem er e. t. v. allra mikilvægast: með skrefatalningunni hefur náðst sá árangur eins og kemur fram í tölum um umframskref, sem ég las áðan, að þau eru orðin jöfn. Þau er loksins orðin jöfn, en voru 36 millj. skrefum fleiri á árinu 1981 í dreifbýlinu en í þéttbýlinu. Það sýnir að skrefatalningin hefur náð sínum tilgangi. Og það er það sem til var ætlast. Ég endurtek því að ég er mjög ánægður með framkvæmd skrefatalningarinnar. Íbúar þéttbýlisins hafa svo sannarlega aðlagað símtöl sín skrefatalningunni, sem kemur fram í því, að umframskref í þéttbýlinu eru nákvæmlega þau sömu og þau voru áður, þ. e. 11 millj. á mánuði, sem sýnir að menn eru þá farnir, eins og ég sagði áðan, að stytta sín símtöl og nota fremur þann tíma þegar verslanir og fyrirtæki alls konar eru ekki með eins mikla

símanotkun, og því lengri símtöl einkaaðila hentugri á þeim tíma. Ég hef heldur aldrei heyrt nokkurn mann minnast á það, sem var svo títtnefnt hér áður, að stórlega væri skert öryggi símnotenda, því menn gætu ekki notað símann í öryggisskyni o. s. frv., eins og áður var, t. d. gamalt fólk hefði ekki sama aðgang að síma. Ég hef heyrt sjálfur persónulega frá ýmsu eldra fólki að þegar upp er staðið þá finnur það nánast ekkert fyrir þessu. Sumir hafa litið á klukkuna og lagt á áður en tíminn var orðinn of langur. Það hefur vakið athygli mína að margt eldra fólk sem ég þekki, sem var mjög hrætt við þetta áður fyrr, hefur sagt mér persónulega að þetta hafi reynst allt öðruvísi og miklu skárra í framkvæmd en því hafði verið talin trú um. Ég held því að þyrlað hafi verið upp um skrefatalninguna allt of miklu moldryki. Ég tel að hún hafi náð tilgangi sínum. Ég tel að þetta um tekjutapið sé á töluverðum misskilningi byggt. Það hefur bæst upp eftir öðrum leiðum að verulegum hluta. Ég tel því enga ástæðu til að skipa nefnd til að fara að grafa í þessi mál, en að sjálfsögðu er bæði hv. frsm. og öðrum þm. frjálst að afla sér allra upplýsinga frá Pósti og síma. Þær verða látnar í té. Og ef menn óska að þetta póst- og símamálaráð sem ég nefndi áðan skoði þetta mál þá getur það vitanlega tekið það til meðferðar.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég skal nú ekkert lengja þessa umr. Það er erfitt að rökræða hér við samgrh. um einhverjar tilvitnanir sem hann grípur til úr grg. Pósts og síma án þess að hafa séð hana. Póst- og símamálastjóri, sem talar um rangfærslur í minni grg., hefur ekki haft svo mikið við að senda mér sína grg., en ég óska náttúrlega eftir því að hv. allshn. fái þessa grg. ásamt því sem ég hef beðið um, þ. e. rökstuðning Pósts og síma fyrir gjaldskrárhækkununum í nóv. s. l. og núna 1. febr. Við nokkrir alþm. bárum fram till. um að könnuð yrði afstaða símnotenda til tveggja valkosta, þ. e. hvort mæta ætti jöfnuninni með hækkun gjaldskrártaxta umframskrefa eða með skrefatalningunni, en reyndin er hins vegar sú, að við sitjum uppi með hvort tveggja, bæði hækkun gjaldskrártaxta til að mæta þessu og eins skrefatalninguna, vegna þess að annað verður ekki séð á bréfi Pósts og síma, þegar þarf að bæta tekjutap Pósts og síma vegna skrefatalningarinnar, sem hér kemur fram í grg., með hækkun á gjaldskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðsig á Siglufjarðarvegi, þáltill. (þskj. 81). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og Ingólfi Guðnasyni leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 81 um jarðsig á Siglufjarðarvegi. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á næsta sumri fara fram ítarlegar jarðfræðilegar og verkfræðilegar rannsóknir um úrbætur vegna jarðsigs á Siglufjarðarvegi á Almenningum. Einnig að gerð verði nákvæm kostnaðaráætlun um flutning vegarins á öruggan stað."

Þannig var, að fyrir nokkrum árum var lagður vegur til Siglufjarðar og sprengd göng í gegnum fjallið Stráka. Þessi vegur var lagður norður vestan í Tröllaskaga og um Mánárfjall og Mánárskriður og síðan um Úlfsdali og Sauðanes í gegnum Stráka til Siglufjarðar. Þá lagðist af hinn mikli farartálmi, vegurinn um Siglufjarðarskarð. Fljótlega kom í ljós — strax á fyrsta vetri reyndar, sem menn vissu áður og sáu fyrir, að vegurinn um Mánárskriður yrði mjög mikill farartálmi að vetrinum vegna þess að þar er snjóþungt. Vegurinn um Mánárskriður hefur nú verið færður og er kominn á miklu betri stað og þar hafa orðið mjög verulegar samgöngubætur. Að vísu er eftir frágangur, en þarna er um verulegar vegabætur að ræða og talsvert dýrar.

Það kom nú fleira í ljós á þessum nýja Siglufjarðarvegi. Það kom í ljós að þarna var jarðsig, sem menn að vísu vissu um, en höfðu held ég ekki mælingar á hvað væri mikið. Þetta var ekki mjög ört í fyrstu, en virðist aukast skriðhraðinn eftir því sem tímar líða. Eftir því sem meira er bætt í veginn, eftir því virðist manni vegurinn síga meira. Vegurinn sígur þarna um svo metrum skiptir á ári og hefur jafnvel á sólarhring sigið um kannske 50—60 cm. Þegar menn koma þarna akandi er að sjálfsögðu af þessu stórkostleg slysahætta. Satt að segja getur maður búist við því að þarna verði stórslys hvenær sem er. Merki um þetta jarðsig sjást á stóru svæði í fjallshlíðinni og þó er það langmest á einum stað.

Vegagerð ríkisins hefur látið taka saman greinargerð um þetta jarðsig og jarðfræðilegar aðstöður, svona forrannsóknir. Þessi jarðfræðikönnun var unnin s. l. sumar af Hafliða Hafliðasyni jarðfræðingi. Mig langar til, með leyfi forseta, að drepa á örfá atriði úr þeirri skýrslu, sem þar var gerð, því hún lýsir ástandi þarna. Ég vil reyndar taka fram að þetta er ekki endanleg rannsókn, en þó góður grunnur til að byggja á.

Um jarðfræði svæðisins segir í skýrslu Hafliða Hafliðasonar, með leyfi forseta:

„Berggrunnurinn hefur hlaðist upp af reglulegum blágrýtislögum, að meðaltali 30—50 cm þykkum setlögum milli einstakra hraunlaga. Halli laganna er óvenjumikill eða 7—10° uppi í fjöllunum og 20—22° á Almenningum. Hallinn er alls staðar í átt til sjávar, þ. e. í vesturátt. Rof og mótun berggrunnsins í dali og fjöll átti sér aðallega stað á ísöld, sem hófst fyrir 2—3 millj. ára. Er henni lauk fyrir 10 000 árum og jöklar hurfu af svæðinu skildu þeir eftir sig leirkenndan þéttan jökulruðning í dalbotninum, 3—5 m, og utan í fjallshlíðinni. Þegar aðhalds jökla gætti ekki lengur hlupu fram bergskriður og berghlaup undan jarðlagahallanum í átt til sjávar. Stærsta berghlaup á Íslandi mun einmitt vera á þessu svæði og hefur fjallshlíðin hrunið fram nær óslitið á 25 km kafla frá Almenningsnöf og inn í Stíflu. Mestur hluti berghlaupsins á Almenningum, sem skipta má í fjögur aðskilin hlaup, hefur legið óhreyfður síðan í ísaldarlok, en einstaka afmörkuð svæði hafa hreyfst síðan. Það er einkum nyrsta hlaupið, sem nær frá Almenningsnöf og um 2 km til suðurs, sem ekki hefur verið stöðugt og þar hefur í nokkrum stöðum verið töluvert sig á vegstæðinu. Bergklöppin nær þar alls staðar fram í sjó og myndar 40—50 m háa sjávarbakka úr tiltölulega lausu efni."

Jarðsigið er í framangreindri skýrslu talið verða fyrir áhrif a. landslags undir berghlaupinu, b. grunnvatnsstreymis, c. mikils halla berggrunnsins, d. fínefnaryks

skriðusets, auk þess má svo nefna einn mikilvægan þátt til viðbótar, þ. e. sjávarrof við ströndina. Vatn sem hripar niður úr tiltölulega gljúpu skriðuefninu rennur líklega aðallega fram á þéttum jökulruðningnum undir skriðunni. Það bleytir upp leirkennt efni hans og getur þannig myndað ákjósanlegan skriðflöt.

Ég vil skjóta því hér inn í um þessa skýrslu, að við vissar aðstæður er, og þegar örast hleypur, sjórinn litaður af jarðvegi langt út frá ströndinni. — Ég vitna aftur til skýrslunnar:

„Jarðsig sem valdið hefur vegarskemmdum er á fjórum köflum, alls u. þ. b. 800 m, á þessu tveggja km berghlaupi. Það er þó aðeins 100 m langur vel afmarkaður kafli utan í svo nefndu Kóngsnefi sem hefur sigið eitthvað að ráði og sem venjulega er átt við þegar rætt er um jarðsig á Siglufjarðarvegi. Grunnvatnsstraumar sveigja inn að því sigsvæði og töluverðar vatnslindir koma fram á sjávarbakkanum við sigsprunguna sitt hvoru megin sigsins. Þetta var hafið áður en vegur var lagður um Almenninga. Allra síðustu ár hefur það numið 2 m á ári, en var mun minna áður. Skriðflöturinn er brattur og að öllum líkindum ekki á jökulruðningi eða bergi, heldur innan skriðumassans. Í jarðfræðiskýrslu eru gerðar tillögur um eftirfarandi úrbætur: 1. á um það bil 200 m löngum kafla sunnan við Almenningsnöf verði vegurinn færður 15—20 m inn í landið. 2. Á slæma kaflanum við Kóngsnef verði vegurinn fluttur 50—60 m. 3. Breyta afrennsli úr tjörnum uppi í dalnum ca. 1—1½ km frá vegi."

Læt ég lokið lestri úr skýrslu Vegagerðarinnar.

Það er þörf ítarlegra framhaldsrannsókna á þessum stað. Það er líka þörf á að gera þarna nákvæmar kostnaðaráætlanir, því það er mjög mikið í húfi, og það er nauðsynlegt að spara ekki til undirbúningsins, þannig að þetta verkefni megi vinna með þeim hætti að að gagni megi koma. Sú viðgerð, sem unnin hefur verið til þess, er einungis bráðabirgðaviðgerð. Það er keyrt og keyrt, að vísu með miklum kostnaði, efni ofan í veginn eftir því sem hann sígur, og nú er vegarstæðið orðið allt annað en það var fyrir 4—5 árum.

Þessi till. er flutt til að vekja athygli á þessu verkefni og til að reyna að vinna að því að ekkert verði til sparað að úrbætur lánist sem best og menn viti að hverju þeir ganga þegar hafist verður handa.

Ég endurtek að þarna er um hættukafla mikinn að ræða og þarna getur orðið slys. Við flm. viljum ekki bíða eftir að þarna verði slys, heldur viljum við reyna að bæta úr því og fyrirbyggja það.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þessa till. verði frestað og hún verði fengin hv. fjvn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipulag fólks- og vöruflutninga, þáltill. (þskj. 129). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skipulag fólks- og vöruflutninga. Flm. þessarar till. eru auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Sigurgeir Bóasson og Alexander Stefánsson, en tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um skipulag fólks- og vöruflutninga innanlands í þeim tilgangi að auka hagkvæmni í rekstri og bæta þjónustu. Áætlun þessi nái til landsins alls, en fjalli um flutningakerfi hvers landshluta sérstaklega."

Ég vil fyrst geta þess, að að sjálfsögðu hefur verið margvísleg vinna í þessa átt í gangi og sumu er reyndar lokið. Þessari till., sem hér er flutt, er ekki síst ætlað að ýta á eftir margvíslegri vinnu, sem er í gangi, og þegar lengra er litið að hefja vinnu og ljúka henni að því er varðar alla landshluta.

Eins og hv. alþm. eru sammála um hefur öryggi og hagkvæmni í flutningum ómetanlega þýðingu í efnahagslegum og félagslegum skilningi. Það eru gerðar auknar kröfur um þjónustu, en jafnframt hagkvæmni í rekstri, en hvort tveggja hlýtur að kalla á skipulag. Það er augljóst að mjög mikið fjármagn er bundið í samgöngumannvirkjum og samgöngutækjum. Aukin nýting þessara fjármuna hefur því mjög mikið fjárhagslegt gildi. Að sjálfsögðu hafa ýmsar hugmyndir komið fram um skipulagsbreytingar, sem stuðlað gætu að aukinni hagkvæmni flutningakerfisins og bættri þjónustu. Það hefur m. a. verið bent á uppbyggingu umferðarmiðstöðva fyrir farþega og vörur og endurskipulagningu sérleyfisleiða og vöruflutninga með tilliti til þeirra. Jafnframt hefur iðulega verið rætt um möguleika þess að sameina hina ýmsu flutninga innan héraðanna. Einnig hefur verið vikið að því, að nauðsynlegt væri að samræma flutninga á landi, sjó og lofti í ríkara mæli en gert hefur verið og freista þess að ná því að yfirburðir hverrar greinar nýtist sem best þar sem við á.

Við flm. teljum ekki nema eðlilegt að opinberir aðilar hafi frumkvæði að þeirri skipulagsvinnu sem þessi till. gerir ráð fyrir. Eins og ég hef vikið að áður hefur nokkuð verið að gert. T. d. var nýlega lokið, þ. e. á liðnu ári, skýrslu um skipulag samgangna á Norðurlandi og á síðastliðnu sumri var lögð fram áfangaskýrsla nefndar um samgöngur á Vestfjörðum.

Skv. þessari till., sem hér er flutt, er eðlilegt, og flm. gera ráð fyrir því, að tekið verði mið af þörfum einstakra byggðarlaga, en þó með tilliti til hagsmuna heildarinnar, þannig að samræming verði sem best tryggð í öllum atriðum.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa neinar málalengingar né málskrúð um þessa till. Hún skýrir sig, a. m. k. að mínum dómi, að mestu leyti sjálf. Ég tel ekki ástæðu til að fara hér og nú að leitast við að rekja í smáatriðum með hvaða hætti eða hvernig slík vinna skuli innt af hendi, sem till. gerir ráð fyrir, enda verður um það fjallað þegar kemur til þeirrar vinnu sem till. sjálf gerir ráð fyrir.

Ég geri mér grein fyrir að sú till. sem ég mælti fyrir fyrr í dag skarast að einhverju leyti við þessa, sem hér er flutt, en að mínum dómi gerir það ekkert til. Auðvitað er það þannig, að sú hin fyrri er a. m. k. þeim sem hér stendur eilítið hjartfólgnari. En hitt er rétt, að till. eru af sama toga.

Að endingu, herra forseti, vænti ég þess, að sú till. sem ég hef nú mælt fyrir fái eðlilega þinglega meðferð og verði tekin til umfjöllunar í atvmn. að loknum þessum hluta umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þessa till.

Ég get verið sammála hv. 1. flm. um að það er full ástæða til að ýta á eftir ýmiss konar vinnu í sambandi

við þessi mál. Ég orðaði það víst svo um aðra till. hér, þegar þessi mál bar á góma, að ég sæi að hv. 1. flm. væri býsna ötull að rumska við ráðh. sínum hæstv. í sambandi við samgöngumál, og er ekki nema gott um það að segja, því sannast sagna hefur mér þótt yfir honum allmikil deyfð í þessum efnum. Vitnaði ég þá um leið til þess, að á sínum tíma var starfandi nefnd sem vann talsvert verk að því að reyna að samhæfa allar samgöngur á landi, lofti og sjó og m. a. fjallaði sérstaklega um umferðarmiðstöðvarnar sem voru á dagskrá áðan. Þessi nefnd var einmitt leyst upp af hæstv. núverandi samgrh. Ég efast ekki um að sú vinna sem sú nefnd vann sé þarna upp í ráðuneyti og eitthvað af henni muni verða notað, því þar voru komnar fram ýmsar gagnlegar upplýsingar og ýmsar hugmyndir, enda mjög margir aðilar sem áttu hlut að því starfi sem þar var unnið, m. a. allir þeir sem áttu sérstakra hagsmuna að gæta.

Ég hef hér fyrir framan mig nál. sem ég veit að hv. 1. flm. hefur einnig, varðandi skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, þ. e. endurskoðun á þeim lögum, sem nú gilda, frá 1966, um þetta efni — nál. til hæstv. samgrh. þar sem auðvitað er farið býsna mikið inn á það svið sem þessi till. gerir ráð fyrir, en þó allt of þröngt, að mínu viti, þannig að það er í raun og veru eingöngu um endurskoðun á gömlu lögunum að ræða. Ég get þess vegna verið sammála hv. 1. flm. um að það er mikilvægara að ná heildartökum á öllu málinu og reyna að vinna það sem heildstæðast í staðinn fyrir að taka þetta út úr — sérstaklega þegar maður les að allar meiri háttar aðgerðir skuli, eins og við erum farnir að gera allt of mikið, felast í reglugerð, sem við sjáum svo ekki hér niður í þingi neitt frekar. Ég sé það hins vegar, að sumt af því sem er í þessum till. n., sem Ólafur Steinar Valdimarsson hefur haft forystu fyrir, er til bóta frá því sem nú er, en tekur hreinlega ekki á þeim meginmálum sem t. d. koma fram í þeirri till. sem hv. 1. flm. var að mæla fyrir áðan.

Nú er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson genginn úr salnum. Ég ætlaði ekkert að ræða við hann sérstaklega um þetta, því við hann var rætt svo duglega áðan af hv. 4. þm. Norðurl. e. og hann hefur ekki tekið heldur til máls í þessari umr., svo það er ástæðulaust að gera það, en rétt aðeins, vegna þess að mér fannst hann víkja máli sínu mjög til hv. 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssonar, hér áðan í sinni ræðu, langar mig að geta um að ég man það glöggt að fyrsta þingmál sem hv. þm. Skúli Alexandersson flutti hér inn sem varaþm. var einmitt varðandi skipulag fólks- og vöruflutninga, í mjög svipuðum dúr og hér er verið að tala um. Mér heyrðist einmitt hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson vera að kvarta undan því að þarna væri um of einangrað mál að ræða og menn ættu að horfa á málið allt saman í heild. Það hafði hv. þm. Skúli Alexandersson sannarlega gert og það gera þeir flm. einnig í þessu efni. Ég tek sem sagt undir till. og það meginmarkmið sem hún hefur að geyma.

Ég held að við eigum að horfa til þess fyrst og fremst að samhæfa samgöngur sem allra mest. Ég viðurkenni að vísu, að aðstæður eru misjafnar varðandi hina ýmsu landshluta. Það er auðvitað alveg glöggt að við getum ekki verið með flug, áætlunarbifreiðar og svo aftur samgöngur á sjó, þó þær séu náttúrlega veigaminni, allt hvað út af fyrir sig án nokkurra tengsla hvað við annað. Þess vegna held ég að, eins og ég skil till., nauðsynlegt sé að skoða þessi mál öll í réttu samhengi.

Þessa álits, sem ég hef hér fyrir framan mig, vitnaði ég sérstaklega til af því að ég vildi geta þess, sakir þess að ég hafði í ræðu hér fyrir áramótin talað um það, að þessi vinna mundi kannske alveg hafa lagst af. Það hefur ekki gerst í ráðuneytinu. Mér finnst vinnan allt of þröng. Hún er aðeins um mjög afmarkaðan þátt þessa, mikilvægan að vísu, en tekur ekki á aðalvandamálum, heldur vísar þeim yfir í reglugerð, eins og sífellt er verið að gagnrýna okkur þm. fyrir að gera allt um of.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók bæði dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 35. fundur.

Mánudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mér er að vísu ljóst að stjórnmálaflokkarnir gömlu nálgast þetta svokallaða kjördæmamál með sama hætti og hugarfari og ránfuglinn nálgast ránsfeng sinn. Hér fara fram, segja fjölmiðlar sama ríkisvalds, dag eftir dag fundarhöld fyrir luktum dyrum um eitthvað sem kallað er lausn á svokölluðum kjördæmamálum. Öllu þinginu er kunnugt um að það starfar maður að því að láta þm. í té gögn um þessa svokölluðu lausn þessara fjögurra stjórnmálaflokka og eins hitt, að verið er að vinna að drögum að frv. Þessu skipta þeir með sér og láta ganga á milli sín og halda fundi fyrir luktum dyrum svo vart getur eðlilegt talist.

Ég vil, herra forseti, gera þá kröfu, þó svo að ég standi hér einn að sinni sem talsmaður samtaka, að ég fái að fylgjast með og fái gögn þau sem unnin eru, þó ekki væri nema af þeirri ástæðu einni að þessi gögn eru ekki unnin á vegum stjórnmálaflokkanna og kostuð af þeim. Þau eru unnin af manni, sem starfar með beinum eða óbeinum hætti á vegum þingsins og er kostaður af almannafé, svo sem eðlilegt getur talist.

Herra forseti. Ég mótmæli þessari lokuðu leynistarfsemi stjórnmálaflokkanna fjögurra sem eru að skipta með sér ránsfeng og hegða sér þannig að einn þm. eða fleiri fá þar ekki með að fylgjast. Það er skylda mín sem alþm. og það er skylda mín gagnvart öðrum umbjóðendum að fá að fylgjast með þessum gögnum jafnskjótt og þau verða til. Ég geri þá kröfu, herra forseti, að forseti deildarinnar eða einhver annar gangi fram í því að Bandalag jafnaðarmanna fái að fylgjast með þessari umr. eins og önnur samtök sem hér eiga fulltrúa. Ég fæ ekki betur séð en hér sé verið að fremja eitt samsærisverkið til. Við eigum eins og allir aðrir rétt á að fá að fylgjast með þeirri vinnu sem hér fer fram. Vitaskuld munum við halda trúnað, sé til þess mælst, en við neitum því að við fáum ekki þau gögn sem unnin eru á vegum almennings og kostuð af almannafé.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að svara þessari stóryrðaræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur og hefur aldrei staðið annað til en hann eins og allir aðrir alþm. fái aðgang að þeim gögnum sem unnin eru í kjördæmamálinu. Hafi hann engin gögn enn fengið þá skal ég a. m. k. gera mitt til þess að svo verði. Hér eru menn ekki að skipta með sér ránsfeng. Hér eru menn að ræða um það með hvaða hætti er unnt að tryggja og styrkja lýðréttindi þjóðarinnar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram að forseti skal einnig leggja til lið sitt að allir hv. þdm. fái sem gleggstar upplýsingar um mikilvæg mál sem eru til umr. og á dagskrá.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil bara upplýsa að það er búið að ljósrita þessi gögn í 60 eintökum, eitt eintak fyrir hvern alþm. Hv. þm. hefði getað komist að raun um það með því að spyrja einfaldlega að því. En fyrst þessi mál eru hér til umr. þá vildi ég koma þeirri eindregnu ósk á framfæri við hv. þm., sem kosinn var í starfsnefndir í Nd. af félögum sínum þáverandi í Alþfl., að hann sjái a. m. k. til þess, eftir að hann hefur horfið úr þeim röðum, að við gamlir flokksbræður hans, sem kusum hann til þessara starfa, fáum aðgang að þeim gögnum sem lögð eru fram í þessum nefndum.

Forseti tók öll dagskrármál 35. fundar af dagskrá.

Sameinað þing, 48. fundur.

Þriðjudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Votheysverkun, fsp. (þskj. 163). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég ber fram fsp. á þskj. 163 til landbrh. um ráðstafanir til að stuðla að aukinni votheysverkun samkv. þál. frá 27. apríl 1982 um votheysverkun.

Það er nú ekki ótítt að rætt sé í sölum Alþingis um landbúnaðarmál og þó einkum vandamál landbúnaðarins. Ég ætla nú ekki að fara að ræða almennt um slíkt, enda ekki tími til þess. En það gefur auga leið, að eitt mikilvægasta atriðið varðandi landbúnaðarmálin í heild er það, hvernig háttað er um fóðuröflunina, því að það vill svo til að fóðrið er grundvöllur þess að landbúnaður sé rekinn hér á landi eins og annars staðar. Þessi fsp. fjallar um þáltill. sem snertir einmitt fóðuröflun landbúnaðarins og þann þátt sem veit að votheysverkun.

Það er ekki að ófyrirsynju að það var samþ. þáltill. 27. apríl 1982 um ráðstafanir til að stuðla að aukinni votheysverkun. Ég þykist vita að öllum hv. þm. séu ljósir kostir votheysverkunar, þannig að ég ætla ekkert að minnast á það. En það er svo ástatt, að viðurkenningin á kostum votheysverkunar kemur ekki fram í þeim staðreyndum sem við stöndum frammi fyrir, vegna þess að það eru aðeins um 8% af fóðuröflun landbúnaðarins, heyfeng, sem fara í vothey, hitt fer í þurrhey. Á sama tíma er það svo, að aðrar þjóðir, sem eru sambærilegar við okkur í þessum efnum, gera sér grein fyrir því, hve miklir kostir fylgja votheysverkun fram yfir þurrheysverkun, og þar blasa staðreyndirnar við í þessu efni. Má t. d. benda á það, að í Noregi og Svíþjóð eru milli 70—80% af heyfeng verkuð í vothey.

Till. sú, sem samþykkt var 27. apríl 1982 til að stuðla að aukinni votheysverkun, er mjög þýðingarmikil. Þess vegan er spurt núna að því, hvað hafi verið gert til að framkvæma vilja Alþingis í þessu efni. Með tilliti til þessa er fsp. hér fram borin. Hún er í fyrsta lagi um það,

hvað hafi verið gert til þess að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að mestu eða öllu leyti á votheysverkun. Í öðru lagi er spurt, hvort bændum hafi verið kynntar nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun. Í þriðja lagi er spurt, hvort reglur Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafi verið endurskoðaðar í því skyni að auðvelda bændum að breyta yfir í votheysverkun. — En það eru einmitt þessi atriði sem þál. frá 27. apríl s. l. fjallar um. Það eru þessi atriði sem mér eru hugleikin og ég hygg öllum þingheimi að vita, hvað gert hefur verið í þessum efnum.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. hefur lagt fram hér fsp. í þremur töluliðum um votheysverkun. Tveir fyrstu tölul. fsp. eru að miklu leyti shlj.:

„1. Hvað hefur verið gert til að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að mestu eða öllu leyti á votheysverkun?

2. Hafa bændum verið kynntar nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun?"

Landbrn. hefur óskað umsagnar Búnaðarfélags Íslands um þessa þætti fsp., en Búnaðarfélag Íslands fer með upplýsingamiðlun í landbúnaði með ráðunautaþjónustu, bæði ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og eins ráðunauta búnaðarsambandanna. Í svari Búnaðarfélags Íslands, sem er stutt mörgum fylgigögnum og skrá yfir ritgerðir og greinar um þetta efni, segir m. a. varðandi 1. tölul:

„Margt hefur verið gert til þess að kynna bændum reynslu þeirra sem byggt hafa heyöflun sína á votheysverkun. Sumt af því kemur fram í yfirliti því sem fylgir hér með um störf heyverkunarhóps Búnaðarfélags Íslands og greinar um heyverkun. Héraðsráðunautar og ráðunautar Búnaðarfélagsins hafa notað þau tækifæri sem bjóðast í samtölum við bændur og á fundum til að kynna votheysverkun. Ekki er óalgengt að farnar séu kynnisferðir bænda milli héraða, og er þá jafnan leitast við að kynna aðkomumönnum búskaparaðferðir heimamanna sem best. Það á jafnt við um heyverkun sem annað.

Varðandi 2. tölul. fsp. segir svo í bréfi Búnaðarfélags Íslands:

„Nýjungar eru kynntar þegar þær koma fram og oft áður en þær hafa sannað ágæti sitt. Fjöldi þeirra greina sem taldar eru upp á meðfylgjandi listum getur nýjunga við votheysverkun. Nefna má að búvélainnflytjendur eru sífellt að kynna nýja tækni við búskap, sjálfsagt í þeirri von að geta selt tæki, vélar og jafnvel byggingar (sbr. Harvistorturna).

Í Handbók bænda 1983 er allstór kafli helgaður votheysverkun. Íslenskir bændur hafa því góða möguleika til að fylgjast með nýjustu tækni við votheysgerð. Þess má einnig geta, að votheysverkun hefur að undanförnu farið vaxandi og að votheyshlöður eru nú byggðar í hlutfallslega langtum meira mæli áður."

Þetta er meginefnið í svari Búnaðarfélags Íslands, en eins og áður er getið fylgir þessu svari skrá yfir greinargerðir og ritsmíðar varðandi þetta efni, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér, en að sjálfsögðu er unnt að afhenda fyrirspyrjanda, ef hann óskar þess.

3. liður þessarar fsp. er svohljóðandi:

„Hafa reglur um stofnlán verið endurskoðaðar í því skyni að auðvelda bændum að breyta yfir í votheysverkun?"

Landbrn. spurðist fyrir um þetta efni hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Í svari Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem er undirritað af forstöðumanni deildarinnar, Stefáni Pálssyni, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við endurskoðun á útlánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins fyrir yfirstandandi ár var lánshlutfall hækkað úr 40% í 50% út á votheyshlöður. Styrkir koma síðar til viðbótar og munu nema um 20% af byggingarkostnaði flatgryfja. Því mun heildarfyrirgreiðsla í votheyshlöður vera um 70% byggingarkostnaðar.

Til samanburðar lánar Stofnlánadeildin til þurrheyshlöðubygginga 55%, en styrkir eru þar ekki nema um 7% byggingarkostnaðar. Eins og yður er kunnugt er starfandi nefnd sem kannar þessi mál vegna þáltill. frá síðasta þingi."

Þetta segir í svari Stofnlánadeildar landbúnaðarins og til þess að það komi skýrt fram við hvaða lánareglur er átt, þá er þetta bréf ritað 16. des. s. l.

Í framhaldi af þessu svari Stofnlánadeildar skal það tekið fram að deildin hefur enn ekki lagt fyrir landbrn. drög að lánareglum fyrir yfirstandandi ár, þannig að ekki er ljóst á þessari stundu hvernig þær munu hljóða varðandi lánsfé til votheyshlaðna annars vegar og þurrheyshlaðna hins vegar.

Ég tel víst, sem raunar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að þessi fsp. sé flutt í framhaldi af ályktun Alþingis, sem samþykkt var hinn 27. apríl s. l., þar sem ríkisstj. var falið að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að aukinni votheysverkun frá því sem nú er. Í framhaldi af þeirri ályktun Alþingis skipaði landbrn. nefnd til að vinna að þessu verkefni og voru skipaðir í nefndina Tryggvi Eiríksson sérfræðingur, tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Stefán Pálsson forstöðumaður, tilnefndur af Stofnlánadeild landbúnaðarins, og Magnús Sigsteinsson ráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Nefnd þessi er að starfi og stefnir að því að ljúka störfum sínum hið fyrsta eða snemma á þessu ári. Enn hef ég þó ekki fengið álit frá nefndinni, en vænti þess að það líði ekki margir mánuðir þangað til niðurstöður nefndarinnar berast landbrn.

Í raun og veru tel ég þar með svarað fsp. hv. þm. Ég vil aðeins ítreka það og staðfesta sem mína skoðun, sem fram kom í hans máli, að fóðuröflun er auðvitað undirstaða landbúnaðarframleiðslu hér á landi — þeirrar landbúnaðarframleiðslu sem við sækjum til búfjárræktar. En þær stjórnvaldsaðgerðir, sem gerðar verða til að hafa áhrif á fóðuröflun, hvort bændur hverfa að því í auknum mæli að framleiða vothey í stað þurrheys, verða auðvitað ekki fólgnar í fyrirmælum, heldur verða þær að vera fólgnar í því, að þær hvetji til þess að nýta þær fóðurframleiðsluaðferðir sem hagkvæmastar eru hverju sinni, og ég vil lýsa þeirri skoðun minni að þannig eigi að vinna að þessu máli væntanlega í framhaldi af áliti þeirrar nefndar sem nú er að starfi til að sinna þessu verkefni.

Ég vil svo jafnframt láta þess getið, að að ýmsu leyti er unnið að eflingu fóðurframleiðslu og fóðuröflunar í landinu, og ég vænti að sá þáttur sem snertir votheysgerð verði tekinn þá sérstaklega til athugunar þegar

störfum hinnar stjórnskipuðu nefndar lýkur.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það hafa ekki mörg mál sem snerta íslenskan landbúnað verið samþykkt á þessu kjörtímabili. Sérstaklega hafa þau ekki verið mörg af því tagi sem þáltill. Þorvalds Garðars fjallaði um. Þá á ég við að þar var virkilega leitast við að treysta undirstöðu landbúnaðar á Íslandi. Nú hefur hins vegar fengist nokkurt svar við því hvernig þessari till. hefur verið tekið af hendi ríkisstj. og á hvaða stigi framkvæmd hennar er. Það hefði verið miklu skýrara og þægilegra fyrir hæstv. landbrh. að segja berum orðum að það hefði ekkert með þessa till. verið gert.

Svar Búnaðarfélags Íslands, sem hér er framreitt, er út í hött. Það hefur átt sér stað svo lengi sem ég man eftir áróður fyrir votheysgerð. Menn hafa flutt um hana erindi og menn hafa skrifað um hana greinar. En sá tillöguflutningur, sem hér er sérstaklega fjallað um, átti að verða nýtt átak í þessum málum. Flutningur þeirrar till. byggðist á því að ekki hafði enn náðst árangur. Þá koma þessar skýringar, blaðaskrif og erindi eins og búið er verið að flytja í 20—30 ár, og sá þátturinn sem snertir Stofnlánadeild landbúnaðarins er í nefnd. Það er svarið á þeim bæ.

Ég held að það hafi tæpast verið borin fram fsp. hér á Alþingi á þessu kjörtímabili sem hafi fengið eins skýrt svör — um að ekkert hafi verið gert í máli — og fengust hjá hæstv. landbrh. áðan. Og vegna þess að hæstv. landbrh. var að tala um að það hefði verið ýmislegt gert til að efla fóðuröflun í landinu — (Forseti hringir.) Já, herra forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu, — vil ég bara benda á hvað er hægt að gera og hvað er gert þegar ríkisvaldið á í hlut. Það er verið að byggja upp og það hefur verið lagt mikið fjármagn í að byggja grasköggla-verksmiðjur, þótt allar skemmur séu núna fullar af grasköggum sem fyrir voru. Það hafa reynst nægir peningar til þess háttar verkefna og það hefur ekki þurft að setja margar nefndir á laggirnar í kringum það.

Þetta er kannske á vissan hátt dæmigert fyrir stjórnarfarið, en ég vil að lokum aðeins segja það, að hafi verið ástæða til að leggja á það áherslu þegar Þorvaldur Garðar flutti sína till. að efla fóðuröflunina í landinu, þá er svo vissulega núna. Fyrir liggur, að ef Áburðarverksmiðjan á að fá eðlilegt verð fyrir þá vöru sem hún selur bændunum á vori komanda þarf það að hækka um 120%. Þá geta menn séð hvers virði það er fyrir bændur að hafa sæmilega aðstöðu til að nýta það hráefni sem þarf í fóðurframleiðslu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Út af lánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins vildi ég taka það fram, að þær upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. ráðh. voru vitanlega í samræmi við það, sem lýst var yfir úr þessum ræðustól í fyrra, að stjórn Stofnlánadeildar mundi taka þetta mál til athugunar þá strax og leiðrétta á einhvern hátt það lánahlutfall sem þá var talið mjög ófullnægjandi miðað við þurrheyshlöðurnar. Ég tel það skref, sem við tókum þá, hafa verið nokkurs virði. Ég veit að hv. fyrirspyrjanda þykir það ekki nóg, hann hefði viljað taka það skref stærra en gert var, en ég tel þó, að í samráði við hæstv. landbrh. höfum við í stjórninni stigið þarna nokkurt skref til að ýta undir að menn færu frekar í votheysverkun en annars hefði orðið. Sú spurning er nú um það, hvernig hinar nýju reglur á þessu ári verða, og ég efast ekkert um að ef við teljum það rétt og sjáum þess merki, að sú hækkun, sem varð á lánshlutfalli í fyrra, hafi ýtt þar undir, þá munum við taka það til velviljaðrar athugunar aftur hvort ekki eigi enn að ganga lengra með því að ýta undir votheysverkun enn frekar. Það er fullur vilji fyrir því í stjórn Stofnlánadeildar að gera það, sem ég held að hún hafi nokkuð sannað þó með þeirri ákvörðun sem hún tók í fyrra.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið.

Hann greindi frá umsögn Búnaðarfélags Íslands um þessa fyrirspurn og lét þess getið, að þeirri umsögn fylgdi skrá yfir margar ritgerðir og greinar um þessi efni og mörg fylgigögn. Ég efast ekki um það. Það kom fram í ræðu ráðh. að margt hefði verið gert til að kynna bændum reynsluna af votheysverkun og líka að nýjungar hefðu verið kynntar í votheysverkun og það væri kafli í Handbók bænda um þessi efni. Ég efast ekkert um að þetta sé allt rétt, sem hæstv. ráðh. greinir hér.

Svo sagði hann, að það væri núna starfandi stjórnskipuð nefnd til að kanna málið frekar. Mér virtist þetta væri aðalatriði í svari hæstv. ráðh. Og ég skildi hins vegar hæstv. ráðh. þannig, að hann hefði áhuga á að vinna að framgangi þessa máls, þ. e. að bændur hagnýti sér votheysverkunina í ríkari mæli en verið hefur.

Ég tek undir það, sem hv. 11. landsk. þm. sagði, að í raun og veru felur þetta ekki í sér að nokkrar aðgerðir hafi verið gerðar. Og ég legg áherslu á það, sem hann sagði, að það væri ekki átt við að haldið yrði áfram aðgerðum í þessu efni í líkingu við það sem talið hefur verið að hafi verið gert á undanförnum árum, heldur að nú hæfist nýtt átak í þessum efnum.

Ég heyrði líka það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um aðgerðir Stofnlánadeildarinnar. Og það er rétt, sem hann gat sér til, að ég tel að Stofnlánadeildin hafi ekki gengið nógu langt í því efni að stuðla að aukinni votheysverkun.

Ég segi þetta ekki að tilefnislausu. Ég læt liggja að því að nokkur uggur sé í mér fyrir því að nægilega vel sé haldið á þessum málum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þetta mál kemur fyrir Alþingi. 1975 bar ég fram þáltill. hliðstæða þeirri sem var samþykkt í apríl s. l. Hún var samþykkt af Alþingi þá. Ég gerði mér vonir um að þar sem svo ákveðið hefði komið fram vilji Alþingis yrði gert sérstakt átak í þessum efnum. Eftir 2—3 ár bar ég fram fsp. um hvað hefði skeð. Þá sagði sá ráðh. sem þá var úr þessum ræðustól, að það væri unnið að þessu og það væri gert allt sem hægt væri og það mætti búast við árangri. Ég hef því heyrt hér góð orð í þessu máli áður. Ég lét mér detta í hug að ég hefði, og þeir sem studdu mig og Alþingi í heild, gert gott verk með því að samþ. þál. 1975 um þetta efni og að árangurinn mundi koma í ljós. En ég segi ykkur, að þó við höldum stundum að við séum að gera gagn hér á Alþingi komst ég að þeirri niðurstöðu að árangurinn hafði bara enginn orðið.

Árið 1975 voru verkuð í vothey 8.4% af heyfeng landsmanna. Hver var nú árangurinn af þessari þál.? Hann var sá, að árið 1980 eru verkuð 8.6%, eftir allar þær aðgerðir sem sagt er að hafi verið gerðar. Það munar 0.2%. Við drögum þá ályktun af þessu að það miði raunar ekkert áfram, hafi ekkert miðað áfram í

þessu efni. Því er það, að ég skora á hæstv. landbrh. að gera meira en fá skýrslur, skrár og fylgiskjöl frá Búnaðarfélagi Íslands og skipa nefnd til að athuga málið, sem ég vil ekki gera lítið úr. Ég skora á hann sem forustumann íslensks landbúnaðar að ganga persónulega fram sem baráttumann í þessu einu mesta hagsmunamáli íslensks landbúnaðar í dag.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég get nú ekki annað en undrast þessi ræðuhöld, sem hér hafa farið fram. Það er sagt að ekkert hafi verið gert í þessu máli. Það er sagt af hálfu hv. 11. landsk. þm. að það hafi verið sett nefnd til að fjalla um lánareglur. Allt er þetta rugl, svo maður segi það í einu orði alveg hiklaust. Það hefur verið sett nefnd til að skila tillögum til ráðuneytisins um úrbætur í þessu máli í heild. Sú nefnd er skipuð mönnum frá þremur landbúnaðarstofnunum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Búnaðarfélagi Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þessi nefnd á auðvitað að fjalla um meira en um lánareglur. Hún á að skila áliti um þetta mál og á hvern hátt því verði þokað til betri vegar. Ég kalla það ekki að það sé ekkert gert þó að ályktað hafi verið á Alþingi um þetta mál í apríl í fyrra og síðan beðið eftir áliti þessarar nefndar. Það segir einnig í niðurlagi bréfs Búnaðarfélags Íslands að að undanförnu hafi þess gætt að votheyshlöður séu nú byggðar í mun meira hlutfalli en áður hafi verið, og má vera að breyttar lánareglur Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafi átt þátt í því og ef til vill aukinn áróður í þessu efni, sem út af fyrir sig er rétt að hefur staðið í áratugi.

Ég undrast það einnig, að hv. fyrirspyrjandi virðist ætlast til þess að ég gangi persónulega út á völlinn og starfi meira að þessari heyverkunaraðferð. Ég tók það fram, og það er alveg hiklaust mín meining, að stjórnvaldsaðgerðir í þessum efnum verða ekki byggðar á fyrirmælum, heldur verða íslenskir bændur að fá að ráða hvaða heyverkunaraðferð þeir velja sér. Hitt er rétt, að skilyrðin sem þeim eru búin gagnvart einstökum heyverkunaraðferðum mega a. m. k. ekki vera lakari hvað votheysverkun snertir en þurrheysverkun. Og auðvitað er rétt, að þau skilyrði séu nokkru betri til þess að í þeim felist hvatning. Það verður síðan að ráðast hvort þau skilyrði duga til að bændur stundi þessa verkunaraðferð meira en áður, og sé það ekki verður það að vera þeirra mál. Það getur ekki orðið hlutverk Alþingis eða ríkisstj. að fyrirskipa um heyverkunaraðferðir.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins minna á það, sem stendur í bréfi sem hæstv. landbrh. hefur lesið upp undirskrifað af Stefáni Pálssyni, að lánareglurnar eru til umfjöllunar í sérstakri nefnd. Ég sagði aldrei neitt um að ekki væri fjallað um fleira í þeirri nefnd.

Annað atriði, sem kom líka fram hjá hæstv. landbrh., var það, að það gæti vel verið að sú breyting sem hefði verið gerð á lánahlutdeildinni fyrir einu ári hefði aukið framkvæmdir í votheysbyggingum. Eftir því sem fyrir liggur núna hafa þær alls ekki aukist. Það sanna í málinu er það, að uppgjöri þar að lútandi er ekki lokið, ekki einu sinni enn, og það lá alls ekki fyrir þegar Búnaðarfélag Íslands svaraði þessari fsp. ráðh. Þetta er því hvort tveggja, svo að ég noti hans eigin orð, tómt rugl.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Af gefnu tilefni vildi ég taka fram, að ég er sammála hæstv. landbrh. um að það þýði ekki að Alþingi setji fyrirmæli til bænda um hvernig þeir eiga að verka sín hey. Ég hef aldrei gert ráð fyrir því eða gefið tilefni til að ætla að það vekti fyrir mér, heldur það, að sköpuð væru þau skilyrði að bændum væri auðveldað eftir eigin ákvörðun að taka upp þessa heyverkun.

Hæstv. ráðh. gerði aths. við það, að ég beindi orðum mínum sérstaklega til hans um það efni að hann ætti að gerast forgöngumaður í þessu máli, forustumaður. Hann líkti þessu við það, að ég væri að þrýsta honum til þess að ganga út á völlinn, eins og hann orðaði það. Hann vildi færast undan því. Mér þykir miður ef hæstv. ráðh. hefur minni trú á sjálfum sér til forustu í gagnlegum málum fyrir landbúnaðinn en ég hef. Ég ber það traust til hæstv. landbrh. að þá sé vel farið ef hann taki forustu í þessu máli.

Sjóefnavinnslan hf., fsp. (þskj. 142). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Í fyrra bar ég fram fsp. um Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi. Á Reykjanesi eða nánar tiltekið í nágrenni Grindavíkur er að rísa sjóefnavinnsla sem menn hafa haft trú á að gæti skapað ný atvinnutækifæri. Við hana hafa verið miklar vonir bundnar. Hins vegar er því ekki að leyna, að upp hafa komið efasemdir hjá ýmsum sveitarstjórnarmönnum um fyrirtækið og möguleika þess á að selja sína framleiðslu. Því hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. í 10 liðum:

„1. Hvenær má vænta þess, að Sjóefnavinnslan hf. á Reykjanesi verði farin að framleiða þau 8000 tonn af salti, sem heimilað var, miðað við ársframleiðslu?

2. Hvað safnaðist mikið hlutafé til fyrirtækisins í framhaldi af auglýsingaherferð um s. l. áramót (þetta miðast við árið þar á undan): a) frá sveitarfélögum, b) frá einstaklingum?

3. Hvað kostaði umrædd auglýsingaherferð?

4. Hvernig hefur sá búnaður, sem nota átti við framleiðsluna, reynst?

5. Hvað hafa framkvæmdirnar kostað til þessa: a) á þessu ári, b) frá upphafi?

6. Hvað er fyrirhugað að verja miklu fé til framkvæmda á þessu ári?

7. Hvað er áætlað að 8000 tonna verksmiðja muni kosta fullbúin?

8. Hverjar eru markaðshorfur fyrir framleiðslu verksmiðjunnar, þ. e. fyrir: a) grófsalt, b) fínsalt, c) kalí, d) kalsíumkóríð, e) ýmis sölt (í neytendapakkningum)?

9. Hvar eru fyrirhugaðir markaðir?

10. Byggjast arðsemisútreikningar fyrir verksmiðjuna á traustum upplýsingum um markaðsverð afurða?"

Ég vænti þess að fá skýr svör við þessari fsp.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er hér fsp. frá hv. 3. landsk. þm. í 10 liðum sem ég ætla að leitast við að svara. Ég vil geta þess, að varðandi svör við þessum þáttum hef ég leitað til Sjóefnavinnslunnar hf. eftir upplýsingum og byggi á framkomnum upplýsingum sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins hefur miðlað rn. Auk þess hefur það verið yfirfarið.

1. liður fsp. er: „Hvenær má vænta þess, að Sjóefnavinnslan hf. á Reykjanesi verði farin að framleiða þau 8000 tonn af salti, sem heimilað var, miðað við ársframleiðslu?“

Svar við þessum fyrsta þætti: Byrjunaráfangi verksmiðju Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi er við það miðaður að framleidd séu allt að 8000 tonn fisksalts á ári. Tilgangur þess áfanga er m. a. að vinna að markaðsþróun fyrir sölu fisksalts í stórum stíl. Ennfremur var heimilað með lögum um verksmiðjuna að bora nýja vinnsluholu á verksmiðjusvæðinu, undirbúa stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonn með endanlegri hönnun og setja upp gufuhverfil til rafmagnsframleiðslu. Til þess hins vegar að stækka verksmiðjuna í 40 þús. tonna saltafköst þarf heimild Alþingis samkv. ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 62/1981. Umræddur byrjunaráfangi er nú í byggingu. Stefnt er að því að framleiðsla 8000 tonna fisksalts hefjist á þessu ári, hefjist framleiðsla í þessum byggingaráfanga á þessu ári, þ. e. 1983. Fsp. var borin fram á liðnu ári, en svar við henni hefur ekki komist að hér fyrr en nú.

Nú um miðjan febr. hefst rekstur sem mun skila um 5 tonna framleiðslu fisksalts á dag eftir að byrjunarvinnslu lýkur. Um mitt ár er gert ráð fyrir að framleiðslan verði aukin í liðlega 10 tonn á dag og í lok ársins í rösklega 25 tonn á dag, sem samsvarar þá 8000 tonna afköstum á ári. Reiknað er með að töluvert af fisksalti verði til reiðu til reynslu á þeirri vertíð sem nú stendur yfir vegna söltunar. Byggingu svonefnds pönnuhúss, þar sem meginhluti þessarar vinnslu fer fram, er nú að ljúka. Seinna á árinu lýkur tengingu borholu 8 á þessu jarðhitasvæði og eykst þá framleiðsla salts, jafnframt því sem 500 kw gufurafstöð tekur til starfa. Í lok ársins er síðan fyrirhugað að taka í notkun eima, sem auka munu fisksaltsframleiðsluna að þeim mörkum sem fyrirhugað var.

Borun á vinnsluholu nr. 9 á Reykjanesi var fyrirhuguð á árinu sem leið, en dróst vegna þess að ekki var tiltækur jarðbor. Nú er búist við að sú borun fari fram í mars/apríl n. k. Á þessu ári er ennfremur gert ráð fyrir að koma upp svonefndri fínsaltsdeild við verksmiðjuna, sem vinnur efni úr legi sem kemur fram við grófsaltsvinnsluna. Þar er fyrirhugað að vinna allt að 2000 tonn af fínsalti, nokkuð af svonefndu léttsalti, sem er kalíblandað borðsalt, og smávegis af kalíum og kalsíumklóríði. Á árinu 1984 er svo enn reiknað með að bæta nokkru við starfsaðstöðu varðandi kalsíumklóríð og byggja svonefnda klórvítissódadeild, sem frá upphafi var reiknað með sem einum lið sjóefnaverksmiðju. Allar þær framkvæmdir, sem nú er unnið að og þær sem fyrirhugaðar eru, eru við það miðaðar að geta fallið að þeim ramma, sem fullbúin 40 þús. tonna verksmiðja er miðuð við og geta þannig orðið þættir í byggingu hennar. Meginástæðan fyrir því að fyrirhugað er að byggja fínsaltsdeildina sem svo er kölluð og klórvítissódadeild í byrjunaráfanganum er sú, að slíkt er talið fjárhagslega hagstæð ráðstöfun, auk þess sem slíkt gefur starfsliði aukna reynslu á þessum framtíðarviðfangsefnum.

Varðandi 2. lið. Þar er spurt: „Hvað safnaðist mikið hlutafé til fyrirtækisins í framhaldi af auglýsingaherferð um s. l. áramót; a) frá sveitarfélögum, b) frá einstaklingum?“

Svarið er að frá sveitarfélögum fékkst 1 millj. kr., frá einstaklingum 169 200 kr. og frá félagasamtökum eða frá félögum eins og hér stendur, rúmlega 105 þús. kr.

Þriðja spurning: „Hvað kostaði umrædd auglýsingaherferð?“

Svar félagsins er á þá leið, að erfitt sé að skilgreina kostnað þannig, að flokka beint aðeins það sem tilheyrir umræddri hlutafjársöfnun. Inni í þeim kostnaði, sem nam 91 737.05 kr., eru hlutafjárauglýsingar og stofnfundarboð meðtalin. Þá voru einnig útbúin gögn, sem voru send hluthöfum og væntanlegum hluthöfum fyrir stofnfund, með ýmsum upplýsingum varðandi félagið, framleiðslumöguleika o. fl. Eins og þessar auglýsingar og upplýsingaefni var unnið var hvoru tveggja ætlað að vera kynningarþáttur sem talið er að nýtist félaginu til lengri tíma. Telur félagið að náðst hafi þetta kynningarmarkmið, en starfsemin hafði verið takmarkað kynnt áður. Þá var unnið að því að vinna upp hugmyndir að merki fyrir félagið og mun það vera í þessum kostnaði meðtalið.

Liður 4 í fsp.: „Hvernig hefur sá búnaður, sem nota átti við framleiðsluna, reynst?“

Það er nú ekki, hv. fyrirspyrjandi, auðvelt að svara þessari fsp. beint, eins og hún er fram sett, því að þessi framtíðarbúnaður er ekki kominn í rekstur og reynsla því ekki fengin, en nú er sem sagt unnið að byggingu þessa byrjunaráfanga. Ef hins vegar er átt við það í fsp. hvernig búnaður tilraunaverksmiðjunnar hafi reynst, þá er því til að svara, að hann reyndist mjög að vonum. Með honum fékkst mikilvæg reynsla og á þeirri reynslu byggjast hönnunarforsendur þeirrar verksmiðju sem nú er unnið að uppsetningu á.

Varðandi spurningu 5: „Hvað hafa framkvæmdirnar kostað til þessa: a) á þessu ári, b) frá upphafi?“ er því til að svara, að þetta tekur til áranna frá 1977, þegar fyrst var byrjað á framkvæmdum, og til nóvemberloka 1982. Ef við tökum árin 1977—1981, framkvæmdakostnað á verðlagi hvers árs, þá nam hann 10 628 716 kr. Til nóvemberloka 1982 var framkvæmdakostnaður til viðbótar talinn 16 696 042 kr. eða samtals framkvæmdakostnaður á verðlagi hvers árs 27 324 758 kr. Fjármagnskostnaður til ársloka 1981 nam 9 363 912 kr. og á fyrstu 11 mánuðum ársins 1982 17 967 929 kr., eða samtals 27 331 841 kr. Hvort tveggja samanlagt, framkvæmdakostnaður og fjármagnskostnaður til ársloka 1981 nam 19 992 628 kr. og til viðbótar til nóvemberloka 1982 34 663 971 kr., eða samtals heildarkostnaður til loka nóv. 1982 54 656 599 kr.

6. liður fsp.: „Hvað er fyrirhugað að verja miklu fé til framkvæmda á þessu ári?“

Þá er átt við árið 1982. Svarið er: Um 30 millj. kr. Ég vil bæta því við, að fjárfestingarútgjöld og fjárþörf á árinu 1983 er áætluð á verðlagi þessa árs, þar sem miðað er við byggingarvísitöluna 1600, um 70 millj. kr. samtals, þar af fjármagnað með lánsfé röskar 53 millj. kr. Þessi fjárfestingarþörf var kynnt fjmrn. vegna undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar þessa árs.

Liður 7: „Hvað er áætlað að 8 000 tonna verksmiðja muni kosta fullbúin?“

Svarið er að byrjunaráfangi miðað við 8 000 tonna fisksaltsframleiðslu er fullbúinn áætlaður miðað við verðlag 1. okt. 1982, þ. e. byggingarvísitölu 1331, kosta samtals 85.8 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir byggingu fínsaltsdeildar og til álita hefur komið að

byggja klórvítissódavinnslu eins og getið var hér áðan. Byggingaráfanginn yrði þannig á grundvelli sama verðlags að þessu meðtöldu og hönnunarkostnaði 40 þús. tonna áfanga samtals um 150 millj. kr. Þar kemur til hækkun vegna nýrrar tækni og nokkuð breyttrar útfærslu. Vert er að taka fram að fínsaltsvinnslan, sem hér hefur verið rætt um, samsvarar aðeins þeim legi sem til fellur við fisksaltsvinnsluna.

Liðir 8 og 9: „Hverjar eru markaðshorfur og fyrirhugaður markaður fyrir framleiðslu verksmiðjunnar sundurliðað?"

Herra forseti. Ég er senn búinn að veita úrlausn þessari löngu fsp. Varðandi grófsalt: Ekki er talið vandamál að selja framleiðslu þessa áfanga sem eins og fram hefur komið er áætlað að verði 8 000 tonn af þessari tegund. Ársnotkun hérlendis nam 1981 70—80 þús. tonnum, þar af á Suðvesturlandi um 27 þús. tonnum. Varðandi fínsalt, þá fellur framleiðslan að þörf innanlandsmarkaðar. Varðandi kalí. Í áætlunum um 40 þús. tonna saltverksmiðju er gert ráð fyrir framleiðslu á 4 000 tonnum af kalí, en æskilegasti markaður fyrir þá framleiðslu er í Áburðarverksmiðjunni, án þess að um það hafi nokkuð verið samið enn sem komið er, en Áburðarverksmiðjan notar 6—7 þús. tonn á ári. Einnig flytja nágrannalönd okkar inn mikið af kalí. Varðandi kalsíumklóríð, þá er gert ráð fyrir 9 000 tonna framleiðslu af því í fullbúinni 40 þús. tonna saltverksmiðju. Vegagerð ríkisins notar lítils háttar til rykbindingar eða 500 tonn á ári, en markaður er talinn vera í Noregi og Norður-Ameríku til ýmissa þarfa.

Þá er spurt um ýmis sölt í neytendapakkningum. Neysla slíkra salta, svonefnds léttsalts eða heilsusalts, hefur mjög rutt sér til rúms að undanförnu. Er talið að kalíblandað salt sé heppilegra fyrir fólk með háan blóðþrýsting. Ekki vil ég nú votta það læknisfræðilega, en þetta er mat félagsins og víða er í gangi setning reglugerða um samsetningu á söltum sem falla að þessum notum.

Og svo að lokum varðandi lið 10: „Byggjast arðsemisútreikningar fyrir verksmiðjuna á traustum upplýsingum um markaðsverð afurða?"

Félagið svarar því þannig, að frá því að áætlunargerð um byggingu verksmiðjunnar hófst hafi ýmsar kannanir verið gerðar varðandi markað og söluverðmæti. Þær hafa verið unnar af ýmsum aðilum, sem til hafa verið kvaddir, svo sem Iðntæknistofnun og einnig af nefnd, sem skipuð var til þess af iðnrn. að meta hagkvæmni þess að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi, svo og er um að ræða eigin athuganir félagsins. Þessar niðurstöður hafa verið endurskoðaðar nokkuð reglulega, m. a. allítarlega s. l. vor, og var að því vikið í skriflegu svari sem lagt var fram við fsp. og beiðni um skýrslu um þessa verksmiðju hér á Alþingi s. l. vor. Talið er af hálfu félagsins að heildarforsendur, sem byggt hefur verið á í sambandi við þetta, séu traustar.

Að öðru leyti vísa ég til skýrslu sem veitt var að beiðni hér s. l. vor á hv. Alþingi varðandi ýmsa þætti þessarar verksmiðju, svo sem um stofnkostnað, arðsemi og framkvæmdaáætlun.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka þau svör sem hér hafa borist, reyndar frá stjórn Sjóefnavinnslunnar. Ég tel að þau séu í bjartsýnna lagi og ég efast um að arðsemisútreikningar séu byggðir á traustum grunni. Ég veit að það er hægt að selja salt víða og hliðstæð efni, en spurningin er sú, hvort við getum selt það á sambærilegu verði við aðra. Við vitum það að salt er mikið notað hér á Íslandi, en áreiðanlegt er að útvegsmenn kaupa ekki salt, þó það sé innlent, ef það er dýrara en það salt sem fæst erlendis frá. Það er fullyrt að dýrara sé t. d. að flytja salt frá Suðurnesjum til Þórshafnar en að flytja það frá Spáni. Þarf að skoða þá hluti í samhengi alla saman.

Þær efasemdir sem uppi eru um þessa framleiðslu hjá sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum eru fólgnar í þessu. Menn eru ekki trúaðir á það að hægt verði að selja þessar afurðir. Vonandi verður það hægt, en fyllsta ástæða er til að efast um það. Það vekur og athygli að lítill áhugi virðist vera fyrir því að leggja hlutafé í þessa verksmiðju. Mér er kunnugt um það, að sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa gefið loforð um 1 millj. kr., en hvort það hefur verið greitt veit ég ekki og efast um að þessi upphæð standi. A. m. k. hafa sum sveitarfélögin uppi miklar efasemdir um hvort þau leggja fé í þessa verksmiðju.

Það kemur og fram að frá einstaklingum hafa aðeins safnast 169 200 kr. og frá félögum 105 þús., en auglýsingaherferðin hefur kostað yfir 90 þús. kr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil út af þeim orðum sem hér féllu frá hv. 3. landsk. þm. geta þess, að um nýiðnað sem þennan er auðvitað aldrei 100% vissa um einstaka þætti, það er okkur eflaust báðum ljóst og þar taka menn alltaf einhverja áhættu. Til undirbúnings þessa fyrirtækis hefur hins vegar verið reynt að vanda eins og föng eru á undirbúning og verið farið ofan í einstaka þætti. Það ber líka að hafa í huga að hér er um að ræða frumraun, sem getur orðið undirstaða víðtækari saltvinnslu og sjóefnavinnslu á þessu svæði, og það held ég að hljóti að skipta það kjördæmi, sem hv. fyrirspyrjandi kemur frá þótt landskjörinn sé, ekki litlu máli að reynt sé að koma fótum undir nýja atvinnuþróun af þessu tagi, enda efast ég ekki um áhuga hans þar að lútandi.

Varðandi þá ábendingu að einkaaðilar og sveitarfélög hafa ekki lagt fram ýkja mikið fjármagn enn sem komið er til verksmiðjunnar, þá er það rétt, eins og fram kom raunar í mínu svari. Það er nú svo, að það er ekki alltaf sá áhugi á því að leggja fjármagn í atvinnurekstur, a. m. k. nú á þessum árum eins og æskilegt væri, m. a. af hálfu sveitarfélaga, auk þess sem þau telja sig vanbúin mörg hver að leggja fram fjármagn í verulegum mæli í rekstur af þessu tagi. Því er það að ríkið hefur hlaupið þarna undir bagga. Það hefur komið fram sem aðalfjárfestingaraðilinn í sambandi við þetta fyrirtæki eða leitast við að hafa sem víðust samtök við sveitarfélög á svæðinu, svo og einstaklinga, sem komu inn í undirbúningsfélagið fjölmennir eins og kunnugt er.

Þetta vildi ég aðeins segja vegna þeirra aths. sem hér féllu, en við hljótum að vænta þess að þetta fyrirtæki, sem þarna er að rísa, verði stoð í atvinnulífi á Suðurnesjum. Af því veitir áreiðanlega ekki og markaðurinn er fyrir hendi. Það er eðlilegt að spurt sé hvert verðið verði. Undir því er auðvitað mikið komið og hafa heyrst efasemdir þar að lútandi, en við skulum vona að þetta fari allt á betri veg eins og til er stofnað.

Veðurfregnir, fsp. (þskj. 117). — Ein umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Tryggvi Gunnarsson, varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, flutti á haustdögum litla fsp. til hæstv. samgrh. um lestur veðurfregna.

Þannig vill til, að fyrir nokkrum árum fékkst því framgengt að hafinn var lestur veðurfregna á metrabylgju frá strandstöðvum Landssímans og varð af þessu mikil bót og til mikils öryggis fyrir minni báta. Eins og mönnum er e. t. v. kunnugt um er það ekki skylda að búa opna báta og þilfarsbáta af stærðinni allt að 30 smálestir öðru en metrabylgjutækjum og þegar þann veg stendur á að aðeins er útvarpað veðurfregnum frá einum stað í Reykjavík, en ekki frá strandstöðvunum, þá eru oft afar erfið hlustunarskilyrði hjá þessum litlu bátum. En svo bregður við, að eftir tveggja ára góða reynslu af þessu berst strandstöðvunum á Hornafirði, Ísafirði, Neskaupstað, Siglufirði og Vestmannaeyjum skeyti frá tæknirekstrardeild Landssímans þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að undanförnu hefur veðurfréttum til skipa verið dreift um strandstöðvarnar utan útvarpstíma á bæði milli- og metrabylgju. Stofnunin hefur og óformlega óskað eftir viðbótargreiðslu frá Veðurstofunni vegna notkunar á metrabylgjusendum.

Veðurstofan hefur nú tilkynnt að hún óski ekki eftir að veðurfréttir verði sendar um metrabylgjustöðvarnar að svo stöddu. Strandstöðvunum ber því að senda út veðurfréttir eingöngu á millibylgju frá og með þriðjudeginum 6. júlí 1982. Að sjálfsögðu má afgreiða þau skip sem biðja um veður á metrabylgju á hvaða tíma sem er, en þó aðeins gegn greiðslu samkv. gjaldskrám."

Um hvað skyldi þetta mál snúast? Mér er sagt að þetta snúist um að kalla megi örfáar krónur, sem deilt er um milli tveggja ríkisstofnana, að Landssíminn fer fram á aukagreiðslu frá Veðurstofunni vegna þessarar sjálfsögðu þjónustu og um það geta menn ekki orðið sammála. En hverjir skyldu nú mest þurfa á veðurfregnum að halda? Auðvitað þurfa togarar á veðurfregnum að halda, en þó öllu helst hin smærri skip, sem með stuttum fyrirvara kunna að þurfa að leita vars þegar svo ber undir.

Ég vænti þess að fsp., þegar hún var flutt, hafi kannske gefið tilefni til þess að þessu hafi verið kippt í liðinn. En til þess nú að fullvissa sig um að svona smávandamál séu ekki látin óleyst, þegar upp kemur að þau fyrirfinnast, er þessi fsp. flutt hér, enda þótt langt sé um liðið síðan henni var útbýtt á hinu háa Alþingi. Hún hljóðar svo:

„Hvers vegna er loftskeytamönnum á strandstöðvum Landssímans bannað að lesa veðurfregnir á metrabylgju?"

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það mun hafa verið í des. 1979 að það varð að ráði að útvarp veðurfregna frá strandstöðvum færi fram á vissum tímum á vinnutíðnum stöðvanna á bilinu frá 1600—2800 KHz eftir kall á tíðninni 2182 KHz. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að síðan mun það smám saman hafa farið að tíðkast að senda út frá nokkrum stöðvum veðurfréttir á metrabylgju. Síðan þetta hófst í des. 1979 hefur útvarp þetta verið jafnt og þétt aukið. Það kemur m. a. fram í töflu, sem ég er með hér, frá Veðurstofunni. Þar er upplýst um útvarpstíma veðurfregna frá strandstöðvum.

Útvarpað er frá 5 stöðvum, Ísafirði, Siglufirði, Neskaupstað, Hornafirði og Vestmannaeyjum, og er útvarpað frá öllum þessum stöðvum á tímanum 01:33, — hvað sem það eiginlega þýðir, það hlýtur að vera rúmlega 1 eftir miðnætti, — og svo 05:03 frá öllum stöðvunum aftur. Það er að vísu af einhverjum ástæðum örfárra mínútna munur á stöðvum. Þá er útvarpað frá þremur stöðvum, þ. e. Siglufirði, Neskaupstað og Hornafirði, kl. 10:48 og október til mars er útvarpað á sömu stöðvum kl. 16:48 og allt árið kl. 22:48. Þarna hefur orðið smám saman nokkur aukning á með árunum.

Þá segir í upplýsingunum, sem ég hef fengið frá Veðurstofu Íslands, að gert sé ráð fyrir að hægt sé að útvarpa sérstökum aðvörunum um veður með sama hætti á öðrum tímum, ef þörf er á. Þá segir hér: „Veðurstofunni hafa engar óskir borist um útvarp veðurfrétta til sjófarenda á öðrum tíðnum eða bylgjulengdum en að framan eru taldar," segir veðurstofustjóri. Jafnframt segir hann, að honum sé ókunnugt um að loftskeytamönnum á strandstöðvunum sé bannað að lesa veðurfregnir á metrabylgju. — Veðurstofan segir því næst:

„Veðurstofan hefur að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að veðurfregnum sé dreift til sjófarenda eftir þörfum. Fjárveitingar til Veðurstofunnar leyfa hins vegar ekki að greiðsla fyrir útvarp veðurfregna frá strandstöðvum verði aukin frá því sem nú er."

Jafnframt fylgir hér með yfirlit yfir það gjald sem Veðurstofan greiðir fyrir þá þjónustu sem ég rakti áðan. Þetta er töluvert mikið, sundurliðað fyrir einstakar stöðvar, bæði línugjald og strandargjald, en kostnaðurinn er 534 495 kr. Þetta er ekki alveg heildarkostnaður á árinu 1982 en frá 1.1.—30.9. Ártalið kemur hér ekki fram, en mun vera 1982. Virðist þessi kostnaður vera 534 495 umrætt tímabil, svo að það má eitthvað við bæta sé um að ræða árið allt.

Ég hef einnig látið hafa samband við Póst og síma og vil ég, með leyfi forseta, lesa minnisblað sem ég fékk þaðan. Þar segir:

„Samkv. samkomulagi við Veðurstofu Íslands, gert í nóv. 1979, sendir Póst- og símamálastofnunin veðurfréttir til skipa um strandstöðvar á millibylgju á þeim tíma sólarhrings sem útvarp er ekki í gangi. Fyrir þessa þjónustu er greitt samkv. gjaldskrá stofnunarinnar, gr. 321 í V. kafla, en veittur er 50% afsláttur af venjulegu strandargjaldi líkt og veittur er fyrir veðurskeyti frá skipum til Veðurstofunnar. Á árinu 1981 kom í ljós að nokkrar strandstöðvar voru farnar að veita þessa þjónustu á metrabylgju vegna óska frá einstökum bátum. Gjaldskrárnefnd stofnunarinnar ræddi þetta á fundi sínum 3.3.1982 og var ákveðið að bjóða Veðurstofunni að senda veðurfréttir út jafnt á metrabylgju sem millibylgju gegn 25% hækkun á áður umsömdu gjaldi. Um mánaðamótin júní—júlí 1982 tilkynnti veðurstofustjóri, herra Hlynur Sigtryggsson, að Veðurstofan teldi sér ekki fært að taka að sér greiðslu fyrir þessa viðbótarþjónustu og mundi því ekki fyrir sitt leyti óska eftir henni."

Í framhaldi af þessu sendi tæknideild rekstrardeild

símskeyti til strandstöðvanna hinn 5. júlí 1982 með fyrirmælum um að senda veðurfréttir eingöngu á millibylgju, þó að sjálfsögðu væri heimilt að senda þær á metrabylgju til skipa sem óskuðu eftir fréttunum og vildu greiða fyrir sendingarnar samkv. gjaldskrá.

Um þetta mál hafði ekkert borist til samgrn. fyrr en fsp. kom hér fram. Er nú verið að athuga hvort unnt er að ná þessum endum saman. Hér er um að ræða um það bil 150 þús. kr. meiri útgjöld fyrir Veðurstofuna á ársgrundvelli, reiknast mér til, og kannske rúmlega það. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að það eru ekki mikil útgjöld þegar um öryggi sjófarenda er að ræða, en það er þó meira en örfáar krónur. Ég hef talið nauðsynlegt að skoða betur hvort 25% sé ekki of mikil hækkun, hvort kostnaðarauki Pósts og síma sé virkilega þetta mikill við að senda út á metrabylgju einnig.

Eins og kemur fram hjá Pósti og síma veita þeir nú mjög mikinn afslátt af sínum taxta, þ. e. 50% afslátt, og þeir telja að neðar verði ekki farið í gjaldtöku. Ég hef gefið fyrirmæli um að taka þetta mál upp og vita hvort ekki er hægt að leysa það.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að sumir smærri bátar hafa ekki þessa tíðni. Þó er mér tjáð að þeir séu mjög fáir, en tilfelli kunna þó að vera nokkur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þessa fsp. í tengslum við fsp. sem hæstv. samgrh. svaraði fyrr í vetur varðandi þjónustu Landssímans við fiskibátana. Ég tel að hann hafi þá eins og nú svarað samkv. bestu vitund, en þá varð hann einnig að láta við það sitja að vitna í hv. þm. Magnús H. Magnússon upp á það að ég hefði rangt fyrir mér í því sem ég sagði um þjónustu Landssímans við bátana í Vestmannaeyjum í tvennum skilningi.

Í fyrsta lagi, og það snertir mjög þessa spurningu um þjónustu á metrabylgju og miðbylgju, er það, að ég hef hér fyrir mér bréf frá fulltrúa Landssímans í Vestmannaeyjum, þar sem hann segir að 30—40 bátar í Vestmannaeyjum hafi ekki miðbylgjustöðvar, heldur metrabylgjustöðvar eða VHF. Í öðru lagi er þjónustan við metrabylgjubátana á Klifi í Vestmannaeyjum, ekki Sæfelli, og stöðin á Klifi ekki búin vararaforku eða rafhlöðum. Það var nefnilega ekki einkennileg tilviljun að radíósamband við „Heimaey" slitnaði á úrslitastundu þegar skipið var að reka í land á sandinum forðum með net í skrúfunni, heldur stöfuðu þessi sambandsslit af því að „Heimaey" var með metrabylgjutæki, og eins og segir í dagbókarútdrætti, sem gerður var að tilmælum bæjarfógetans í Vestmannaeyjum vegna aðdraganda strands m/b Heimaeyjar 16. febr. 1981: „Þá rofnaði samband við bátinn kl. 00:45 og varð alveg sambandslaust við hann í fjórar mínútur vegna rafmagnsbilunar."

Það er síður en svo að ég vilji gefa það í skyn að Landssíminn sé sljór fyrir öryggismálum sjómanna. Það geri ég ekki og enn þá síður tel ég að hæstv. samgrh. og sjútvrh. sé sljór fyrir slíkum málum. Ég veit að svo er ekki. En það er ákaflega þýðingarmikið, að þegar okkur eru birtar upplýsingar hér í hv. Alþingi, sem varða öryggisþjónustu Landssímans, séu þær réttar, sé lagður tími í það af yfirstjórn Pósts og síma að ígrunda nú hvað rétt sé í þessum málum.

Og svo umfram alla muni þetta: Það var ekki til þess stofnað til Landssímans á Íslandi að hann stæði undir sér. Það var nú síður en svo. Til hans var stofnað til þess að hann mætti láta í té besta hugsanlega þjónustu fyrir lægsta hugsanlegt gjald, og togstreita um hver borgi þessa þjónustu þegar um er að ræða öryggismál flotans á sannarlega ekki að koma í veg fyrir að kappkosta að þessi þjónusta sé sem best.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Sumt var torskilið fyrir mig, eins og til að mynda, sem mér heyrðist koma fram í upphafi svars hans, að Veðurstofan haldi því fram að um þessa þjónustu hefði ekki verið beðið. Síðar kom það greinilega fram, enda staðfest af Landssímanum, að þar hefðu farið fram viðræður um sérstakar viðbótargreiðslur vegna þessarar þjónustu. Mér finnst því Veðurstofan fara ofurlítið huldu höfði í svörum sínum.

En það kemur fram að heildarkostnaður vegna þessarar þjónustu var milli 500—600 þús. á þessu tiltekna ári, sem mér heyrðist vera 1982, og ef það er ætlun Landssímans að taka vegna þessarar þjónustu 25% af þeirri fjárhæð sérstaklega, þá er það ekkert nema okurstarfsemi.

Það er misskilningur að það séu mjög fáir bátar með metrabylgju. Þó þeir væru ekki nema innan við 10, sem væru búnir þessum búnaði, metrabylgjustöðvunum, væri það ærið nóg. En það er nú svo, eins og kom hér fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að í Vestmannaeyjum einum eru milli 30 og 40 bátar þannig búnir. Þetta eru bátar samkv. reglugerð um radíóbúnað skipa, trillur og þilfarsbátar að 15 m að lengd, þ. e. allt upp í 30 smálestir. Eins og ég sagði hér í upphafi eru það þau skipin sem allra helst þurfa á þessu að halda. Og mér er spurn: Í hverju liggur þessi viðbótarkostnaður? Er það í sendiorkunni sem þarf að beita við útsendinguna? Það eru vaktir á þessum strandstöðvum. Hver ósköpin eru þetta annað en tilraun til þess að ná inn fé langt umfram það sem eðlilegt getur talist?

Þegar ég talaði um örfáar krónur var ég að tala um þann beina viðbótarkostnað sem af þessu kynni að hljótast. Sendiorkan er ekki mikil sem til þessa þarf og ég get ekki ímyndað mér að það þurfi að borga einhverja sérstaka yfirtíð hjá vaktmönnunum við að lesa þetta, sem áreiðanlega flestir telja það meira en sjálfsagt þó að þeir fái ekki fyrir það sérstakar greiðslur. Hér er um útsendingar að tefla sem standa í um mínútu, milli 1 og 2 mínútur. Þið hafið kannske tekið eftir því að senditímarnir eru 10:48, 16:48 o. s. frv., tveim mínútum áður en reglulegur upplestur hefst í gegnum aðalstöð kannske. En ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta.

Ég segi ekki fleira en það, að ef togstreitan milli tveggja opinberra stofnana eins og Landssímans og Veðurstofunnar á að ráða því að þessari sjálfsögðu þjónustu verði ekki haldið áfram líst mér ekkert á þetta kerfi. Og ég segi að við eigum ekkert að vera að standa frammi fyrir því að stóróhöpp verði vegna þess að þarna togist þessar stöðvar á um sömu peningana — peningana sem allt að einu eru þá í eigu ríkisins því að hvort tveggja eru opinberar stofnanir. Þess vegna skora ég á hæstv. samgrh. að kippa þessu í liðinn. Mér heyrðist nú enda, þótt hann fullyrti ekki mikið, að hann hefði til þess fullan vilja.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það sem fram kom hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni er rétt — ég kynnti mér það eftir þær umr. sem hér urðu fyrr á þessu þingi. — Þarna var um bilun að ræða á Klifi, sem hafði dregist mjög úr hömlu að gera við. Þar er radarbúnaður, hleðslubúnaður og rafgeymar fyrir nokkurn hluta af þeim tækjum sem til þurfti. Þar hafði bilað og verið beðið um tæki frá Reykjavík. En það dróst mjög úr hömlu, það er rétt. Auk þess eru ekki lengur til staðar þeir varasendar sem voru í Sæfelli. Það er líka rétt hjá hv. þm. Það var engan veginn nógu vel að þessu staðið.

Varðandi það slys, sem um er að ræða, á m/b Heimaey auðvitað að vera búin miðbylgjusendi. Það eru fyrst og fremst miðbylgjusendar sem stólað er á í sambandi við bjarganir og annað því um líkt og allir bátar hafa slíka senda nú. Gamla reglan var sú, að bátar yfir 12 tonn eiga að vera búnir miðbylgjusendum og hlusta og senda á ákveðnum neyðartíðnum. En minni bátana, trillurnar, skyldar enginn til þess að vera með svona senda. Þær eru með metrabylgjusenda, VHF, sem við köllum, afskaplega þægilega í notkun. Auðvitað á að hugsa um þjónustu við þá báta líka.

Sannleikurinn er sá, að það þarf sáralitla breytingu, ef þá nokkra til að hægt sé að tala í þessa senda báða í einu, sami maðurinn á sama tíma. Þá er þetta raunverulega enginn viðbótarkostnaður, nema raforkan. Ef þetta er ekki alls staðar hægt er afskaplega auðvelt að breyta því. Ég tek því mjög undir það, sem hér hefur komið fram, að þessi þjónusta er sjálfsögð og sjálfsagt að hafa þetta með, það á ekki að kosta neitt meira.

Svo má endalaust deila um hvort heildargreiðsla Veðurstofunnar er hæfileg eða ekki. Það kemur ekki þessu máli við.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. út af orðum hv. fyrirspyrjanda vil ég láta það koma ljóst fram að í bréfi frá Veðurstofu Íslands frá 6.12.82 segir í 3. lið:

„Veðurstofunni hafa engar óskir borist um útvarp veðurfregna til sjófarenda á öðrum tíðnum eða bylgjulengdum en að framan eru taldar."

Ég skil þetta svo, að Veðurstofunni hafi ekki borist þessar óskir beint þótt Pósti og síma hafi borist þær og Póstur og sími síðan boðið Veðurstofunni þessa þjónustu með 25% hærra gjaldi.

Hér kom áðan fram um Póst og síma að hann hefði ekki verið settur á fót til að bera sig. Það er mál út af fyrir sig, ef maður vildi fara að ræða það. Póstur og sími er B-hluta stofnun. Því er mjög stranglega fylgt eftir, ekki bara af núv. hæstv. fjmrh. heldur af öllum sem ég hef kynnst og fjvn., að B-hluta stofnun standi undir sér. Við það höfum við verið að burðast þennan tíma sem ég hef verið þarna og hefur það slarkað, ekki meira. En það hefur vitanlega leitt til þess, að orðið hefur að gefa alls konar fyrirmæli um niðurskurð á hlutum sem óskir hafa komið fram um og oft bitnað á þjónustu sem hér hefur verið rætt um.

En um leið og ég segi þetta, er ég alls ekki að halda því fram, að þetta ríði baggamuninn. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að mennirnir sitja þarna. Hins vegar gefur Póstur og sími út gjaldskrá fyrir alla sína þjónustu og það er alltaf spurningin hvenær á að falla frá þeirri gjaldskrá og hvenær á ekki að falla frá henni. Ég held því að menn verði að setja sig í spor þessarar stofnunar, sem er að reyna að standa við það, sem henni er uppálagt, að ná endum saman.

En þetta mál er í athugun. Ég get nefnt fleiri tilfelli um svona þjónustu, sem vel má halda fram að kosti ekki neitt, en þær verða nokkuð margar undantekningarnar ef alltaf er orðið við óskum um fría þjónustu. (**StJ:** Öryggismál.) Já, öryggismál ganga fyrir. Það eru skýr fyrirmæli um það. Þess vegna er veittur þarna 50% afsláttur. Ég vona að þetta mál leysist. Það er í athugun.

Ég þarf engu að bæta við það sem sagt hefur verið um þennan leiðindaatburð í Vestmannaeyjum. Ég athugaði það strax og fyrirmæli hafa verið gefin um að svona lagað komi ekki fyrir aftur og þess verði vandlega gætt að rafhlöður verði hlaðnar eins og þarf. Þarna varð bilun, sem af einhverjum ástæðum var ekki kippt í lag á stundinni, að því er mér skildist, en slíkt má ekki koma fyrir. Ég er alveg sammála því.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Í ákaflega stuttu máli: Það hefur aldrei hvarflað að mér og hvarflar alls ekki að mér að hægt sé að ganga þannig frá vélbúnaði á radíóstöðvum að ekki geti bilað. Það er ekki það sem ég ræddi um, heldur var það hitt, og því vék ég að þessu, að hér var þrætt, hér í hv. Sþ., úr þessum ræðustól, fyrir ákveðnar staðreyndir vegna þess að upplýsingar frá yfirstjórn Pósts og síma fengnar í hendur hæstv. samgrh. reyndust vera rangar. En ég ítrekaði það, að ég er ekki þeirrar skoðunar að þær hafi verið vísvitandi rangar af hálfu Pósts og síma, og alls ekki af hálfu hæstv. ráðh., heldur vegna þess að þessari stofnun virðist, a. m. k. stundum, vera stýrt á þann veg að hún sé orðin eins konar upphafin skepna í sjálfu sér. Meginatriðið sé að hún sé rekin til vaxtar og viðgangs, höfuðsjónarmiðið það að hafa lokaðan hring í fjárhagslegum rekstri, en ekki það að halda uppi þjónustu við fólkið í landinu. Þetta hefur komið ákaflega oft fyrir. Ég er síður en svo að bera yfirmenn Pósts og síma þeim sökum að þeim sé sama um fólkið í þessu landi. En hitt er ljóst mál, og mun ég, ef Alþingi því er nú situr endist aldur til, gera nánari grein fyrir því í sambandi við þáltill. sem ég flyt hér ásamt fleiri mönnum, að stofnuninni hefur með einhverjum hætti gleymst til hvers henni var upprunalega komið á fót og það löngu áður en til urðu A-hluta og B-hluta stofnanir hjá íslenska ríkinu. (**Gripið fram í:** Og gjaldþrota stefna.) Ég ítreka aðeins þetta. Og það að nefna gjaldskrána í sambandi við öryggisþjónustu Pósts og síma er eiginlega ekki nógu gott.

Kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum samkvæmt lánsfjáráætlun, fsp. (þskj. 88). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 88 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.: „Hvernig hafa lífeyrissjóðirnir staðið skil á kaupum skuldabréfa af opinberum fjárfestingarlánasjóðum í samræmi við lánsfjáráætlun þessa og síðasta árs? Ef um vanskil er að ræða, hverjir eru þá stærstu aðilarnir, sem ekki hafa staðið í skilum á þessum skuldabréfakaupum, og hversu háar upphæðir er þar um að ræða?"

Fyrirspurnin þarfnast ekki skýringa. Hún er fyrst og fremst fram komin vegna fjármögnunar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Fjármögnun

þessara sjóða beggja og reyndar fleiri er svo háð því að lífeyrissjóðirnir taki þar í sinn fulla þátt, að ekki þarf að segja það hér hverjar afleiðingar slíkt hefur ef um veruleg vanskil er að ræða varðandi lánsfjáráætlun hverju sinni. Spurningin snýst þá sérstaklega um það hvort einstakir stórir og öflugir sjóðir jafnvel skeri sig þar úr, svo sem oft heyrist, eða hvort hér er um það eitt að ræða að almennt vanti upp á skil lífeyrissjóðanna eins og þau eru ákveðin hverju sinni varðandi lánsfjáráætlun.

Hér og nú skal ekki dregið úr mikilvægi góðrar þjónustu og góðrar stöðu lífeyrissjóðanna, fyrst og fremst auðvitað til að tryggja bótaþegum sínum sem bestan rétt. Og vissulega ber ekki heldur að vanmeta hjálp þeirra við húsbyggjendur sem margir lífeyrissjóðir rækja. Öllu fremur er um það spurt, ef skuldabréfakaupin eru í lágmarki, til hvers þeir fjármunir renna þá sem sannanlega eru þarna til staðar, því örugglega fara þeir eitthvað, og eitthvað annað þá en annars vegar í beinar lífeyrisgreiðslur og hins vegar í bein húsbyggingarlán til þeirra sem þarna eiga rétt. Þarna er um meiri fjármuni að tefla en svo að það geti verið öll skýringin. Að öðru leyti skýrir þessi fsp. sig sjálf.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Samkv. lánsfjárlögum fyrir árið 1982 er kveðið svo á að lífeyrissjóðum sé skylt að verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum sem viðurkenndir eru af fjmrn. og Seðlabanka Íslands. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 gerði ráð fyrir skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af hinum opinberu fjárfestingarlánasjóðum að fjárhæð 471 millj. kr. sem skiptist þannig á milli aðila: Byggingarsjóður ríkisins 187 millj., Byggingarsjóður verkamanna 110 millj., Framkvæmdasjóður 110 millj., ríkissjóður 55 millj., Stofnlánadeild landbúnaðarins 9 millj. Heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í landinu á árinu 1982 var áætlað um 1 250 millj. kr. 40% kaupskylda lífeyrissjóðanna átti því að nema um 500 millj. kr. af fjárfestingarlánasjóðum.

Í 32. gr. lánsfjárlaga er kveðið svo á að umræður fari fram milli lífeyrissjóðanna og fjmrn. um tilhögun skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna innan ársins og að gerð sé áætlun um kaup þeirra af fjárfestingarlánasjóðum. Strax eftir afgreiðslu Alþingis á lánsfjárlögum þessa árs, í aprílmánuði s. l., hóf fjmrn. viðræður við stjórnir lífeyrissjóðanna um fyrirhuguð skuldabréfakaup þeirra af fjárfestingarlánasjóðum á þessu ári. Í framhaldi af þeim viðræðum var svo gerð áætlun um skuldabréfakaup einstakra lífeyrissjóða eftir mánuðum og hvaða fjárfestingarlánasjóður ætti að selja þeim bréfin. Í fyrrnefndum viðræðum kom fram að lífeyrissjóðirnir mundu kaupa skuldabréf af öðrum en sjóðfélögum sem næmi 40% af ráðstöfunarfé sjóðanna, en hins vegar áformuðu einstakir sjóðir að kaupa skuldabréf af öðrum en hinum opinberu fjárfestingarlánasjóðum fyrir 80 millj. kr. á árinu. Kaup lífeyrissjóða af þeim fjárfestingarlánasjóðum sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir næmi þá 395 millj., eða 85% af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna samkv. lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Þeir lífeyrissjóðir sem fyrirhuguðu skuldabréfakaup af öðrum en þeim fjárfestingarlánasjóðum sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir eru Lífeyrissjóður verslunarmanna 33 millj., lífeyrissjóðir tengdir Sambandi ísl. samvinnufélaga 21 millj. kr., Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna 7 millj. kr. og lífeyrissjóðir tengdir iðnaðinum í landinu 18 millj. kr., eða samtals 79 millj.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna á liðnu ári af þeim fjárfestingarlánasjóðum sem tilgreindir eru í lánsfjáráætlun námu svo í reynd 341 millj. kr., sem er um 54 millj. kr. lægri upphæð en gert var ráð fyrir í kaupáætluninni, eða um 86% af henni. Átta lífeyrissjóðir af þeim tæpu 80 sjóðum sem áætlunin nær til keyptu minna en gert var ráð fyrir í kaupáætlun. Nemur frávik þessara sjóða samtals 45.3 millj. kr. Sjóðir þessir eru: Lífeyrissjóður verslunarmanna, þar vantar 18.3 millj. upp á kaupáætlun, en kaupáætlunin gerði þó aðeins ráð fyrir að lífeyrissjóðurinn keypti fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu í stað 40%, þannig að þarna er um tvöföld afföll að ræða, Lífeyrissjóður Vestmanneyinga, þar vantar 3.1 millj. kr., Lífeyrissjóður Vestfirðinga 7.2 millj. kr., Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra 2 millj. kr., Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum 4 millj. kr., Lífeyrissjóður verksmiðjufólks 4 millj., Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna 2.5 millj. kr. og Lífeyrissjóður verkstjóra 4.2 millj. kr.

Samkv. upplýsingum frá Seðlabanka Íslands um skuldabréfakaup lífeyrissjóða af lánasjóðum á árinu 1983 kemur fram að lífeyrissjóðir hafa keypt af veðdeild Iðnaðarbankans fyrir 50 millj., af Verslunarlánasjóði fyrir 27 millj. og af Stofnlánadeild samvinnufélaga fyrir tæpar 26 millj., eða samtals 103 millj. kr. Skuldabréfakaup Stofnlánadeildar landbúnaðarins voru áætluð í lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 9 millj. kr., en skuldabréfakaup urðu aftur á móti 18.3 millj. Á árinu 1982 hafa lífeyrissjóðir í landinu keypt skuldabréf af lánasjóðum fyrir 462 millj. kr., eða sömu fjárhæð og áætlað var að lífeyrissjóðir keyptu af hinum opinberu fjárfestingarlánasjóðum.

Eins og þetta yfirlit gefur ljóslega til kynna er fulljóst að þær áætlanir sem settar voru fram um skuldabréfakaup lífeyrissjóða fyrir árið 1982 hafa ekki staðist að öllu leyti. Eru þar nokkur afföll á. Lífeyrissjóðirnir keyptu fyrir áætlaða upphæð, en þeir ráðstöfuðu um ⅓ upphæðarinnar á annan veg en ætlast var til í lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Þetta hefur svo aftur valdið þeim sjóðum sem hlut eiga að máli verulegum vandræðum. Hefur það að sjálfsögðu sérstaklega þrengt útlánamöguleika Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Ég held að önnur ályktun verði ekki dregin af reynslu liðins árs en sú, að eigi að ná þeim markmiðum sem tiltekin eru í lánsfjárlögum hverju sinni verði að taka þessi mál fastari tökum með skýrari og einbeittari lagasetningu en gert hefur verið, til þess að tryggja það að lífeyrissjóðir standi við áform lánsfjáráætlunar hvað kaup á skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða snertir. Ég held að þessari fyrirspurn sé fyllilega svarað og læt þetta duga.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans skýr og greinargóð. Það kom í ljós í fyrsta lagi í máli hans að af þeim 471 millj. kr. sem reiknað var með til skuldabréfakaupa lífeyrissjóða af hinum opinberu fjárfestingarlánasjóðum færu nær 300 til þessara tveggja sjóða, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og því ekki nema

eðlilegt að um þá væri sérstaklega spurt.

Ég vek athygli á því að um tiltölulega fáar undantekningar er að ræða, sjóði sem eru í vanskilum miðað við það sem reiknað var með í upphafi. Átta lífeyrissjóðir af þeim tæplega 80 sjóðum sem áætlunin nær til hafa keypt minna en gert var ráð fyrir í kaupáætlun. Hins vegar vek ég líka athygli á því, að þarna er um býsna stórar upphæðir að ræða engu að síður. Það stafar vitanlega af því, að þarna er t. d. um mjög öflugan lífeyrissjóð að ræða þar sem er Lífeyrissjóður verslunarmanna, en hann greiðir aðeins 20% af ráðstöfunarfé sínu í stað þeirra 40% sem allir aðrir sjóðir greiða. Það munar um minna en þær 18 millj. sem þar eru vanefndir á. Síðan koma nokkrir aðrir smærri sjóðir (Gripið fram í.) Já, það er aðeins varðandi árið 1982. Það skal líka skýrt tekið fram að það var aðeins varðandi árið 1982. (Gripið fram í.) Það voru tvöföld vanskil þar til viðbótar, segir fyrrv. formaður Landssambands verslunarmanna og veit áreiðanlega vel hvað til síns friðar heyrir í þessum efnum eða sinna manna fyrrverandi. **(Gripið fram í:** Sem og öðrum.)

Síðan kemur það einnig fram að lífeyrissjóðirnir hafa keypt af veðdeild Iðnaðarbankans fyrir 50 millj. kr. Það væri nú gott og blessað ef maður væri öruggur um að þessir fjármunir hefðu runnið til iðnaðarins í landinu. Það kann að vera, en ég dreg það stórlega í efa að veðdeild Iðnaðarbankans hafi lánað þá til iðnaðarins í landinu, ég dreg það stórlega í efa. Verslunarlánasjóðurinn hefur fengið 27.1 millj. Eflaust hefur það verið eitthvað til hagræðingar í öllu því verslunarbákni sem við búum við. Og Stofnlánadeild samvinnufélaganna hefur fengið 25.9.

Það er sérstaklega getið um það og ég vil líka benda á það hér að skuldabréfakaup til Stofnlánadeildar landbúnaðarins voru áætluð 9 millj. en urðu aftur á móti 18.3, þ. e. voru tvöfölduð. Þetta var háð ákveðnum skilyrðum. Lífeyrissjóður bænda lánaði Stofnlánadeildinni þetta með þeim skilyrðum að ákveðnir lánaflokkar yrðu tvöfaldaðir hjá Stofnlánadeild, sem svo var gert þannig, að það kom vissulega bændum eða verðandi bændum til góða sem fengu þarna mun hærri fyrirgreiðslu en annars hefði verið.

Ég segi það enn og aftur að það er mjög miður að sjá það, sérstaklega þegar um þá sjóði er að ræða sem svo viðkvæmir eru sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, að öflugum sjóðum skuli haldast uppi vanskil af því tagi sem þarna er um rætt, þó ég hins vegar hljóti að fagna því að svo margir lífeyrissjóðir standa fyllilega í skilum varðandi þetta. Um þetta hef ég raunar ekki meira að segja. Ég ætla ekki að rekja þetta frekar, því þetta kom allt hér skýrt fram í máli hæstv. fjmrh., en gjarnan vildi ég að kannað yrði hvort t. d. þeir peningar sem keypt voru skuldabréf fyrir af veðdeild Iðnaðarbankans renna til iðnaðarins í landinu (Gripið fram í) eða til almennra útlána, óskyldra á ég við. Ég hef svolítinn grun um það. En ég efast ekki um að framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar getur eitthvað þar úr bætt. Nei, hann fullyrðir að svo sé ekki. Engu að síður dreg ég það stórlega í efa og það er miklu miður einnig ef það er rétt að Verslunarlánasjóðurinn hefur þarna notið góðs af vanskilum Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er aðeins út af lokaorðum hæstv. fjmrh. Það var sú tíð að hæstv. ráðh. var ekki hlynntur harðri löggjöf varðandi greiðsluskyldu lífeyrissjóða til hinna ýmsu framkvæmdasjóða. **(Gripið fram í:** Kaupskyldu.) Kaupskyldu. Það er gott að hafa forseta Nd. til leiðréttingar hér. Væri vel að hann væri oftar viðstaddur til slíks. En ég man þá tíð þegar hæstv. fjmrh. var hér í stjórnarandstöðu að hann gagnrýndi mjög harkalega löggjöf um kaupskyldu lífeyrissjóða og ég var honum sammála þá. En nú er ég honum ósammála. Hann sagði hér áðan að það þyrfti greinilega að herða löggjöfina að því er varðar kaupskyldu lífeyrissjóða. Ég er honum ósammála um þetta. Ég held að það sé komið nóg þegar í raun og veru er farið að taka 40—45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða til þessara hluta. Við afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982 held ég að þær áætlanir sem upp voru settar um kaupskyldu lífeyrissjóða til hinna ýmsu sjóða hafi verið víðs fjarri því að vera raunhæfar. Þær voru miklu hærri en í raun og veru var nokkurt útlit fyrir að gæti átt sér stað. Og enn kemur inn í þetta dæmi að það er engu líkara en þeir aðilar sem hlut áttu að samningu lánsfjáráætlunar hafi gleymt því að lífeyrissjóðirnir eru núna komnir með verðtryggðu lánin, þannig að það fjármagn kemur miklu seinna inn heldur en áður var meðan það var óverðtryggt. Ég tek út af fyrir sig undir það með hæstv. ráðh. að auðvitað eiga þessir aðilar eins og aðrir að standa við lög. Það er ekki það sem ég meina. En til að hægt sé að standa við greiðslu frá lífeyrissjóðunum þarf auðvitað áætlunin, sem lögð er til grundvallar, að vera raunhæf. Því fór víðs fjarri. Ef ég man rétt þá vantaði nokkra tugi milljóna á árinu 1982 til þess að hægt væri að telja raunhæfa þá áætlun í lánsfjáráætluninni sem kaupskyldan átti að hljóða upp á hjá lífeyrissjóðunum. Það var því gersamlega vonlaust, það voru í raun og veru vitlausar tölur sem lagðar voru til grundvallar fyrir kaupskyldu lífeyrissjóðanna þá. Og það tekur auðvitað steininn úr ef svo má segja að undangengin ár hafi það verið Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins sem hvað verst hefur staðið í stykkinu í þessum efnum. Þar ætti hæstv. fjmrh. að geta haft hönd í bagga, að sá aðili sæi um að fylgja lögum og reglum varðandi kaupskyldu hjá hinum ýmsu sjóðum eins og Byggingarsjóði ríkisins og öðrum sem ætlast er til að þetta fjármagn renni til sem lífeyrissjóðirnir kaupa fyrir.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er smámisskilningur uppi hjá ágætum þm. Vestf., Karvel Pálmasyni. Það er ekki rétt að áætlanir, sem gerðar voru um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum, hafi almennt ekki staðist og þær hafi almennt verið rangar. Það er misskilningur. Hið rétta er að þessar áætlanir hafa staðist í yfirgnæfandi flestum tilvikum. Það er aðeins í örfáum undantekningartilvikum að áætlanir hafa ekki staðist vegna þess að sjóðir hafa annaðhvort beint kaupum sínum til annarra aðila en tilgreindir voru í lánsfjáráætlun eða alls ekki keypt í þeim mæli sem gert var ráð fyrir. Eins og hér kom fram voru undantekningarnar tiltölulega mjög fáar. Mig minnir að ég læsi hér upp áðan að þær væru átta talsins, og sjóðirnir eru um 80, þannig að allur meginþorri þessara sjóða stendur ágætlega í sínu stykki og sumir kaupa jafnvel meira en þeim ber. En það eru örfáir sjóðir sem svíkjast undan. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins sé einn í þeirra hópi. Að

sjálfsögðu hefur hann staðið við sína kaupskyldu í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið.

Byggðaþróun í Árneshreppi í Strandasýslu, fsp. (þskj. 147). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fsp. á þskj. 147 til hæstv. samgrh. um hafnargerð samkv. þál. frá 3. maí 1982 um aðgerðir til að tryggja eðlilega byggðaþróun í Árneshreppi í Strandasýslu.

Þessi þál., sem vitnað er til frá 3. maí 1982, er þannig til komin, að 1. flm. hennar var 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason og meðflm. hans vorum við allir aðrir þm. Vestfjarða. Till. okkar Vestfjarðaþingmanna var samþykkt í maí s. l.

Þetta mál varðar byggðastefnu og jafnvægi í byggð landsins og er þýðingarmikill þáttur í þeim málum varðandi byggðarlagið sem hér um ræðir. Þetta byggðarlag er líka sérstætt í þeim efnum að hér er um svokallaða jaðarbyggð að ræða og þar er mest hættan á að þróunin verði sú, að byggðin grisjist eða leggist með öllu niður. Við höfum hryggileg dæmi þess einmitt á Vestfjörðum.

Þróunin í Árneshreppi hefur líka á síðustu áratugum verið mjög slæm að því leyti til að byggðin hefur þar dregist mjög saman, fólkinu hefur fækkað. Árið 1940 voru í þessum hreppi, nyrsta hreppi Strandasýslu, 515 manns, en 1981 voru þar 175. Það er mikil saga hér á bak við og ég ætla ekki að rekja þá sögu, en hin allra síðustu ár hefur verið veitt viðnám í þessum hreppi með markvissum og skipulegum aðgerðum.

Ég nefni í því sambandi að hreppurinn var tengdur samveiturafkerfi landsins á árunum 1975 til 1977 og það hafði grundvallarþýðingu til þess að tryggja byggð á þessum slóðum. Ég nefni það ennfremur, að á þessum árum var líka gerð markviss áætlun, hliðstæð svokallaðri Inndjúpsáætlun, um uppbyggingu landbúnaðarins í þessari sveit. Þessar landbúnaðarframkvæmdir tókust vel að allra áliti sem til þekkja.

En það er eitt sem sérstaklega kallar að nú í Árneshreppi. Það er að þar eru ekki hafnarskilyrði sem fullnægja nútímakröfum. Árneshreppur er eini hreppur landsins sem býr við slíkar aðstæður, að þar geta skip ekki lagst að hafnarmannvirkjum með varning, heldur verður að nota gamla lagið, uppskipunarbáta. Með tilliti til þessa lögðum við þm. Vestf. höfuðáherslu á að nú yrði tekið til höndum í hafnarmálum hreppsins og því fjallaði þáltill. frá maí s. l. um það efni, en þá ályktaði Alþingi að fela ríkisstj. að láta framkvæma undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu og gera kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og tillögur til fjáröflunar til að standa undir þeim, og verði stefnt að því að vinna geti hafist vorið 1983.

Ég þarf ekki að rekja þetta mál lengur því að það vill raunar svo til að hæstv. samgrh. er jafnvel ljóst og mér hvað hér er um að ræða. En fsp. mín fjallar um það, að í fyrsta lagi er spurt um hvað ríkisstj. hafi látið framkvæma við undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi. Í öðru lagi er spurt að því, hvort kostnaðaráætlun hafi verið gerð um þessar framkvæmdir og hvort það hafi verið gerð tillaga um fjáröflun til þess að standa undir þeim. Og í þriðja lagi er spurt að því, hvort nú sé stefnt að því að vinna við framkvæmdir þessar geti hafist vorið 1983. Það er einmitt eins og gert var ráð fyrir í þáltill.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvað ríkisstj. hafi látið framkvæma við undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu. Staðreyndin er sú, að athugun á frambúðarhöfn í Árneshreppi hefur staðið í allmörg ár og komu reyndar fyrir nokkrum árum út eins konar drög að byggðaþróunaráætlun Árneshrepps, þar sem möguleg hafnarframkvæmd var skoðuð á fleiri en einum stað. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að takmarka þetta við Norðurfjörðinn því þar er verslunarstaður hreppsins, eins og menn þekkja, og hafa athuganir síðan beinst að þeim stað.

Ég fékk niðurstöður af þessum athugunum 13. des. s. l. Ég held að réttast sé að ég lesi þær, með leyfi forseta. Þar segir í greinargerð frá Hafnamálastofnun:

„Undanfarin ár hefur það verið ósk íbúa í Árneshreppi að þar verði gerðar verulegar hafnarbætur. Það er nú eini staðurinn á landinu þar sem skipa verður upp vörum úr strandferðaskipum með bát. Í fjögurra ára áætlun um hafnargerðir hefur verið síðan 1975 gert ráð fyrir endurbótum á hafnaraðstöðu í Árneshreppi, en þessum áætlunum hefur sífellt verið skotið á frest, þó að settur væri vökvaknúinn krani árið 1980, sem getur tekið upp og sett á flot minni trillur og uppskipunarbáta heimamanna.

Lýsing hafnargerðaráætlunarinnar 1981—1984 á Árneshreppi er þannig:

„Í Norðurfirði er Kaupfélag Árneshrepps. Allar vörur til þess kaupfélags fara meiri hluta ársins um bryggjuna á Norðurfirði. Strandferðaskipin hafa viðkomu þar. Í Norðurfirði eru jarðhitamöguleikar. Dýpi við bryggjuna í Norðurfirði er svo takmarkað að uppskipun verður að fara fram með bátum. Á Gjögri er álíka bryggjustúfur og í Norðurfirði. Í Djúpuvík er trébryggja að falli komin. Komið hefur til mála að rækjuvinnsla verði sett upp í Árneshreppi. Á Gjögri eru möguleikar á að bæta hafnaraðstöðu með skjólgarði og lengingu hafnargarðs. Þar eru jarðhitamöguleikar og flugvöllur. Á þessum stöðum er nokkur trilluútgerð og í Djúpuvík er einn 12 tonna bátur. Aflinn er saltaður.

Vilji heimamanna er að hafnaraðstöðu verði komið upp í Norðurfirði, þar sem flestir hreppsbúar eru búsettir og kaupfélagið er. Athuganir Hafnamálastofnunar benda til þess, að þar sé hagkvæmast að byggja höfn. Á Norðurfirði var á árinu 1980 settur upp vökvaknúinn krani með 15 tonna lyftigetu. Þessi krani mun fyrst og fremst þjóna við uppskipun, en vonast er til að heimamenn geti einnig nýtt hann við að sjó- og landsetja trillur. Enn er eftir frágangur aðstöðu við kranann. Vöruflutningar um bryggjuna á Norðurfirði árið 1975 voru rúm 600 tonn. Íbúafjöldi í Árneshreppi í ársbyrjun 1981 var 176."

Síðan þessi lýsing var skrifuð hefur byggð og útgerð í Djúpuvík að mestu leyti lagst niður. Heimamenn eru eitthvað farnir að komast upp á lagið með að nýta vökvaknúða kranann á Norðurfirði við trilluútgerð. Unnið hefur verið að því að finna hagkvæma lausn á hafnaraðstöðu í Árneshreppi. Fyrsta spurningin var hvar sú hafnaraðstaða ætti að koma. Fyrir liggur skýr

ósk meiri hluta hreppsnefndar um að það verði í Norðurfirði. Tveir aðrir staðir koma til greina. Það eru Gjögur og Djúpavík.

Á veturna er ófært nema á bát milli Djúpuvíkur og Gjögurs ásamt Norðurfirði, en þar bjó stærsti hluti íbúa hreppsins. Nú er byggð að mestu lögð niður í Djúpuvík og kemur sá staður af þessum ástæðum ekki til greina sem hafnarstæði, þó þar sé gott hafnarstæði frá náttúrunnar hendi.

Gjögur og Norðurfjörður ásamt Trékyllisvík eru yfirleitt í vegasambandi á vetrum. Þar er einnig flugvöllur svo samgöngur við aðra landshluta eru tiltölulega góðar. Strandferðaskip hafa viðkomu á Norðurfirði, þó hafnaraðstaða sé lítil sem engin.

Gjögur hefur komið til greina sem staður fyrir nýja hafnarframkvæmd. Boranir við bryggjuna þar og athugun hafa leitt í ljós að erfitt er að dýpka vegna klapparbotns og hafnarstæðið er ekki fýsilegt til byggingar hafnar fyrir stærri skip og báta.

Boranir og athuganir á Norðurfirði hafa leitt í ljós að þar er botn sem leyfir rekstur stálþils svo og dýpkanir eins og má ætla að nauðsynlegt verði. Hugmyndin er sú, að þar verði byggður tæplega 200 m langur grjótgarður með 50 m stálþili innan á. Möguleiki yrði á að dýpka í 6 m dýpi við þetta þil. Þessi nýi hafnargarður yrði staðsettur um 60 m fyrir utan núverandi bryggju og mundi hann skýla henni fyrir utanöldu og gera mögulegt að nýta hana sem viðlegu fyrir smábáta. Í hinni nýju höfn ættu strandferðaskip að geta athafnað sig við flestar aðstæður og einnig yrði þar aðstaða og viðlega fyrir útgerð fiskiskipa, en Norðurfjörður liggur í seilingarfjarlægð frá góðum fiskimiðum. Æskilegt er að gerðar verði ítarlegri athuganir á botni og öldu, en ólíklegt er að þær breyti þessum niðurstöðum.

Sumarið 1982 var gerð könnun á grjótnámi. Í Norðurfirði var opnuð náma í fáeinna km fjarlægð frá hafnarstæðinu og virðist hún lofa góðu. Unnir voru nokkur þúsund rúmmetrar af grjóti, sem bíða þar flutnings í væntanlegan garð.

Hugmyndir um þessa hafnargerð voru ræddar á fundi með hreppsnefnd Árneshrepps og fulltrúa Hafnamálastofnunar. Var það samþykkt að stefna að byggingu hafnargarðs á Norðurfirði, sem þjónað gæti strandferðaskipum og bátum. Yrði sú höfn talin heyra undir lög um almennar hafnir. Stefnt er aftur á móti að því að bryggjan á Gjögri yrði talin ferjubryggja og haldið við sem slíkri.

Kostnað við hafnargerðina á Norðurfirði má áætla miðað við þessar hugmyndir á verðlagi ársins 1983: Grjótgarður 25 þús. rúmmetrar 5 millj. kr., stálþil 50 m 4 millj. kr., dýpkun 5 þús. rúmmetrar 1 millj. kr. eða alls 10 millj. kr.“ — Svo löng er greinargerðin frá Hafnamálastofnun.

Kostnaðaráætlun hefur með öðrum orðum verið gerð, en ekki hefur enn þá verið aflað fjármagns til að hefja þessar framkvæmdir. Ástæðan er sú, að við gerð fjárlaga fyrir áramótin var þröngt fyrir dyrum og ekki talið fært að taka inn neinar nýjar hafnir. Niðurstaðan varð sem sagt sú, að í hafnaáætlun fyrir árið 1983 voru ekki teknar inn neinar nýjar hafnir og var því höfnin í Árneshreppi út undan ásamt ýmsum fleiri höfnum sem eru í svipaðri stöðu.

Ég hef hins vegar látið kanna og haft samband við Skipaútgerð ríkisins um það, hver nauðsyn er á því að hraða hafnargerð í Árneshreppi vegna tilkomu nýrra strandskipa. Gömlu skipin, Esja og Hekla, verða hætt siglingum að mestu leyti líklega fljótlega á þessu ári og eftir það taka ný skip við, sem eru með töluvert öðruvísi útbúnað til upp- og útskipunar. Þessi skip hafa langtum hærri borðstokk. Það er að vísu unnt að skipa út í báta, en það er miklu óhagkvæmara en á hinum minni skipum sem fyrir voru. Af þessari ástæðu telur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins að vísu ekki útilokað að þjóna Árneshreppi áfram á sama hátt og gert hefur verið, en stórum erfiðara og langtum háðara veðri en nú er, og af þeirri ástæðu ákaflega brýnt að hafnaraðstaða fáist í Árneshreppi.

Ég mun leggja þetta mál fljótlega fyrir ríkisstjórnina með tillögu um að þetta verði afgreitt sem forgangsverkefni á næsta ári, þ. e. árinu 1984, og mun rökstyðja það m. a. með þeirri niðurstöðu, sem ég hef nú nefnt, frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagnaði því á sínum tíma þegar þm. Vestfjarða stóðu saman að þeirri þáltill. sem seinna var samþ. hér á Alþingi. Ég fagna því sömuleiðis að þessi fsp. er fram komin. Það fer ekki milli mála að boltinn er hjá hæstv. ríkisstjórn og með nýjum skipum Skipaútgerðar ríkisins liggur ljóst fyrir að það er tómt mál um það að tala að hægt sé að þjóna þessu svæði með þeim skipum. Ég tel þess vegna að þetta verkefni, hafnargerðin á þessum stað, sé eitt brýnasta verkefnið í byggðamálum Vestfjarða. Miðað við þann mikla mannfjölda sem á sínum tíma bjó í Árneshreppi og galt fjármuni í sameiginlega sjóði þjóðfélagsins, þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig, hvort ekki sé rökrétt að líta svo á, að þeir séu búnir að bíða það lengi að röðin hljóti að fara að verða komin að þeim. Þess vegna vil ég skora á hæstv. ráðh. að fylgja þessu máli fast eftir í ríkisstjórninni og ég ætlast til þess að eitthvað verði aðhafst í þessu máli svo framkvæmdir geti hafist í sumar.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig lítil huggun fyrir mig að heyra að boltinn, eins og það var nefnt í þessu máli, sé hjá hæstv. ríkisstjórn. Það eykur mér ekki neinnar sérstakrar bjartsýni úr því sem komið er. Ég held líka að það verði að segjast eins og er, að boltinn hafi átt að heita að vera hjá stjórnarliðinu hér á haustdögum, þegar menn voru að ganga frá samningu fjárlaga, en allt um það liggur ljóst fyrir að það er ólíklegt að þessi nauðsynlega framkvæmd nái fram í ár. En þá er mikilsvert að setja sér eitthvert verklag, bæði vegna undirbúnings og nauðsynjar framkvæmdarinnar, að hún komist á á næsta fjárhagsári. Þótt Alþingi hafi ályktað í þessu efni hefur samt verið litið svo á, að framkvæmdavaldið sjálft og Alþingi þyrfti að ákveða til þess formlega fjárveitingu og væri með þeim hætti að slá því föstu að réttur aðili hafi tekið ákvörðun um framkvæmdir.

Ég vil benda á að hér er um mikið byggðamál að tefla og þeir sem við þau mál fást aðallega hafa fylgst með þessu og alveg nýlega rætt sérstaklega nauðsynina sem á er að þarna verði byggð hafnaraðstaða, — alveg sérstaklega vegna breytinganna á skipunum, en einnig af öðrum ástæðum, að menn geti bjargað sér til sjávarins. Á sínum tíma var íbúum Árneshrepps hjálpað með kaup á uppskipunarpramma, en nú er alveg liðin

saga að þessi eini staður á landinu bjargi sér áfram með slíkan tækjabúnað.

Ég minni á að Byggðasjóður til að mynda hafði nokkra forgöngu um áætlun um byggingu fiskiskipahafnar í Bakkafirði norður. Það mál náði ekki fram að ganga í fyrra, en nú hefur formlega verið samþ. í Alþingi fjárveiting til þess arna og verið a. m. k. tillögur uppi um það, að af lánsfjármagni Byggðasjóðs verði ráðist í þessa framkvæmd. Ég vík því svona að hér í umr., svo menn hafi þá eitthvað handa í milli, að mér þætti mjög álitlegt, til þess að stofnun eins og Byggðastofnun gegni skyldu sinni, að þetta yrði næsta verkefni og menn réðu þann veg ráðum sínum að taka það fyrir þá á árinu 1984 og ganga að öðru leyti frá öllum undirbúningi, vegna þess að ég fíkist ekkert í þennan kostnað, sem hér er upp talinn af hæstv. samgrh. á verðlagi 1983, 10 millj. króna. Það verð ég að segja að mér finnst þetta ótrúlega lág fjárhæð, miðandi þó við að þetta sé nokkur líflhöfn þarna og hægt að athafna sig fyrir strandferðaskip í flestum veðrum.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svar. Ég vil ennfremur þakka hv. 5. þm. Vestf. og 4. þm. Austurl. fyrir þeirra undirtektir og skilning á málinu.

Ég verð að segja að ræða hæstv. samgrh. fannst mér að nokkru leyti hálfgerð tímaskekkja. Allt sem hæstv. ráðh. var að tala um var á milli staða í Árneshreppi, um það, hvar þessi mannvirki ætti að byggja. Það fannst mér satt að segja gjörsamlega út í hött nú vegna þess að þegar við þm. Vestf., og hæstv. samgrh. þar meðtalinn, lögðum fram okkar þáltill., sem samþ. var í maí s. l., var alveg gert ráð fyrir hvar þetta hafnarmannvirki ætti að vera. Það var tekið fram í greinargerð með till. að það skyldi vera í Norðurfirði. Það var tekið fram. Við vissum það allir. Það var í okkar huga engin spurning um hvar þetta hafnarmannvirki ætti að vera. Þess vegna þurfti engar rannsóknir á því, hvar þetta ætti að ske. Það þurfti þegar í stað að hefjast handa um það sem samþ. var, þ. e. bara um undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum á þessum stað. Það var það sem þurfti að gera. Mér sýnist, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið eytt einhverjum tíma í athugun á því hvar ætti að byggja þess höfn og komin sé niðurstaða af athugunum hafnamálastjórnar, hún hafi komið 13. des. s. l. En við þm. Vestf. og hann sjálfur vissum alveg hvað við vorum að tala um í maí. Ég verð að harma að það skyldi ekki þegar beinast athyglin að því að gera það, sem þáltill. gerði ráð fyrir, hefja þegar undirbúning og hönnun hafnarframkvæmda í Norðurfirði. Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að það er mikilvægt að hraða þessu verkefni og það er alveg óháð því hvaða breyting verður á flutningum Ríkisskips. Þm. Vestf. töldu að það þyrfti að hraða þessu verki svo að raunverulegar framkvæmdir hæfust á þessu sumri, 1983. Það var talað um það. Nú er hins vegar talað um að þetta sé ekki hægt.

Hæstv. ráðh. sagði að það hefði ekki verið hægt við afgreiðslu fjárlaga að ráðstafa fjármagni í nýjar hafnir. Ég skil það sjónarmið og þá hugsun sem felst í orðum hæstv. ráðh. En hér er ekki um venjulega framkvæmd að ræða í hafnamálum. Hér er um sérstakt byggðamál að ræða, sem er þess eðlis að það verður m. a. að fjármagna það öðruvísi en venjulegar hafnir. Það er ekki nægilegt að það komi ríkisframlag samkvæmt lögum, heldur verður að gera beinar ráðstafanir til þess að það framlag, sem sveitarfélagið á að leggja fram, komi annars staðar frá sem óafturkræft framlag. Þar höfum við haft í huga Byggðasjóð. Þetta er líka tekið fram í greinargerðinni með till. sem við fengum samþ.

Ég vildi leggja áherslu á þetta. Hryggir mig seinagangurinn á þessu máli vegna þess hve sérstakt það er. Það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, að þetta er eitt mesta byggðamálið á Vestfjörðum í dag, ekki vegna fólksfjöldans sem þarna er, heldur vegna þess að þetta er jarðarbyggð og við óttumst afleiðingar af því ef þessi jaðarbyggð fer í eyði.

Hæstv. ráðh. sagði að hann mundi gera ráð fyrir að þetta mál hefði forgang 1984 og hann sagði að hann mundi fljótlega leggja þetta fyrir ríkisstjórnina. Það er nú betra að hæstv. ráðh. flýti sér að því meðan ríkisstjórnin heldur lífi. Sannleikurinn er sá, að þetta viðhorf og þessar fyrirætlanir minna á að of seint er að iðrast eftir dauðann.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég taldi nú rétt að lesa greinargerðina eins og hún kom frá Hafnamálastofnun og taldi engan skaða í því að þeir þm. sem ekkert þekkja málið gerðu sér grein fyrir að búið var að vinna þarna að athugun á hafnarframkvæmdum lengi áður en þáltill. kom fram. Það má kannske segja að þáltill. hafi verið tímaskekkja, ef menn vilja tala um tímaskekkju. Staðreyndin er sú, að ég gaf Hafnamálastofnun fyrirmæli um það fyrir u. þ. b. einu og hálfu ári, þ. e. töluverðu áður en þáltill. kom fram, að ljúka sinni athugun. Þess vegna hélt ég að það sakaði ekki, því það hefur verið nokkuð umdeilt satt að segja, að hér kæmi fram að það hefur þó a. m. k. verið kannað hafnarstæði að Gjögri, en sumir halda því fram enn að þar ætti að byggja höfnina. Ég tel að ekki saki að það sé til hérna í þskj. að þar var borað og athugað hvort unnt væri að gera þar bryggju, en það reyndist bara ekki fært. Það getur vel verið að hv. þm. hafi vitað það, þó veit ég það ekki, en það sakar ekki þó það komi hér fram. Ég kaus því að lesa þessa greinargerð, þó mér væri ljóst að þm. Vestf. væri að sjálfsögðu margt kunnugt sem þar stendur.

Ég vil svo lýsa nokkurri furðu minni á deilum hv. þm. á það, að ekki var fjárveiting núna í fjárlögum til þessarar hafnar, ég man ekki eftir neinni till. frá honum um það í starfi okkar þm. Vestf. Ég man ekki betur en við værum sammála um að því miður væri miðað við þann þrönga ramma, sem hafnargerð var skorin núna, ekki hægt að koma inn þessari fjárveitingu eins og er. Ég hugsa að við höfum allir harmað það jafnmikið.

Mér þykir leitt þegar hv. þm. kemur í ræðustól til að slá sig til riddara af því að hann hafi borið þetta meira fyrir brjósti en aðrir. Af hverju heldur hv. þm. að farið hafi verið í grjótnám þarna í fyrra? Ætli ég hafi ekki eitthvað haft með það að gera? Það varð að fá m. a. úr því skorið hvort þarna væri til heppilegt grjót, sem margir efuðust um. Það fékkst sem betur fer. Varið var í það nokkru fjármagni — satt að segja fjármagni sem ekki var á hafnaáætlun til þess. Að þessu máli hefur því verið unnið af fullkominni samviskusemi og í fullkomnu samráði við heimamenn, og það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að reyna að gera sig að einhverjum

riddara á þessu máli. Það hefur verið ágæt samstaða milli okkar þm. Vestf. í þessu máli, a. m. k. til þessa.

Ég vil fagna því sem kom fram hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni. Ég er honum sammála um að hér er svo sannarlega um byggðamál að ræða og vissulega mál sem Byggðasjóður gæti veitt brautargengi. Hver veit nema hann fái það til nánari meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. var að gera því skóna að ég væri að slá mig til riddara á þessu máli. Það er fullkominn misskilningur ef hæstv. ráðh. telur að þó að ég hafi áhuga á þessu máli sé ég að slá mig til riddara.

Ég tek undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að við þm. Vestfirðinga höfum allir haft — við skulum bara segja það, ég veit ekki annað, — jafnmikinn áhuga á þessu máli og þá auðvitað hæstv. ráðh. Ég veit að hæstv. ráðh. hefur skenkt þessu máli hugsun, eins og við fleiri, áður en þessi þáltill. var samþ. í maí s.l. Ég vil ekki á nokkurn hátt kasta nokkurri rýrð á hæstv. ráðh., en þessi þm. Vestf., hæstv. samgrh., er í þeirri aðstöðu að við hljótum að ætlast til þess að hann hafi það vinnulag í þessu máli að uppi séu tilburðir til að fylgja þeirri stefnu sem Alþingi hefur markað og gera það á þann hátt, að það væri hægt að hefja framkvæmdir á þessu ári. Það er þetta sem um er að ræða og það er þetta sem ég vil leggja áherslu á með þessum orðum mínum, og þetta er höfuðatriðið.

Mér þykir slæmt ef þessar framkvæmdir eiga að dragast um eitt ár og ég óttast að það sé ekki séð fyrir endann á þessu, ef slík vinnubrögð, sem hafa verið, eiga að viðgangast áfram. Ég vænti þess, að þessi orðaskipti okkar verði til þess að við þm. Vestf. sameinumst um að hrinda þessu máli í framkvæmd, eins og ég hef talið að við værum sammála um.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom fram hjá 4. þm. Austurl. að við stjórnarþingmenn hefðum ekki unnið nægilega vel að þessu máli, og við erum nú vissulega margir hverjir einfaldir í roðinu í stjórnaraðstöðu til þess að fylgja því eftir. Ég sat ekki hér þegar þeim ráðum var ráðið í haust að ganga þann veg frá hafnamálum á Vestfjörðum að þetta væri ekki inni, en vissulega er það þó ekki vafaatriði að okkur er það mikið alvörumál, öllum þm. Vestf., að þetta mál komist í höfn sem fyrst. Hitt vakti undrun mína, að hann bauð upp á það, að á eftir Bakkafirði væri allt í lagi að taka þetta mál fyrir. Það má vel vera að þann veg líti sá ágæti Vestfirðingur og 4. þm. Austurl. á þetta mál. En ég vildi gjarnan fá við því svör, hvar það var samþykkt og hvenær að þannig skyldi málum hagað að Bakkafjörður skyldi tekinn fyrir á undan og svo skyldi komið að Árneshreppi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta byggist auðvitað allt á ókunnugleika hjá hv. 5. þm. Vestf. Ég gat þess þó, að menn teldu að rétt væri að framkvæmd sem þessi hlyti formlegt samþykki Alþingis. Þess vegna var það að Bakkafjarðarframkvæmdin komst ekki fram á s. l. ári. Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1982 var sú framkvæmd ekki tekin með, og það er fyrst á þessu ári, 1983, sem Bakkafjarðarhöfn er tekin með á fjárlögum með framkvæmdafé. Þetta er skýringin.

Nú ætla ég að taka það fram, að ég veit ekki hvernig stendur á um möguleika á að framkvæma hafnargerð í Árneshreppi í ár, en miðað við þessa afstöðu yfirstjórnar samgöngumála í fyrra ætlaði ég að svo mundi einnig gilda um Norðurfjörð, að menn teldu að hin formlega ákvörðun um framkvæmdina yrði því aðeins tekin að hér yrði samþykkt framkvæmdafjármagn til framkvæmdarinnar. Héðan í frá gefst ekki tími til þess fyrr en við næstu afgreiðslu fjárlaga. Áform um byggingu hafnar í Bakkafirði hafa verið uppi um hríð og byggðasjóðsstjórn tók frá fjármagn til framkvæmdarinnar fyrir framkvæmdaárið 1982, en það var ekkert framkvæmt af þessum ástæðum, sem ég hef nú skýrt og ég get út af fyrir sig ekki annað en metið gildar.

Þótt hér sé ekki um ógnarstóra framkvæmd að tefla get ég vel fallist á að framkvæmdavaldið og Alþingi, fjárveitingavaldið, taki hina formlegu ákvörðun. Að vísu má benda á að hér hefur verið tekin ákvörðun, afstaða, með samþykkt þáltill. til þessa máls, þannig að það er ærinn stuðningur við það. — Og við skulum í guðanna bænum ekki fara að metast á um einhvern mánaðarmismun á framkvæmd þessara tveggja nauðsynlegu framkvæmda, heldur styðja hver annan í því að þetta nái hið allra fyrsta fram.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég lít svo á að Alþingi hafi lýst vilja sínum í þessu máli og ég lít svo á að það sé jafngilt hvort sem ákvörðun er tekin um það á fjárlögum eða lánsfjáráætlun að fara í þessar framkvæmdir. Þess vegna tel ég að öll nótt sé ekki úti á þessu þingi og vil undirstrika þá skoðun mína.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 8. febr., að loknum 48. fundi.

Vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð, þáltill. (þskj. 256). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. á þskj. 256 um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð. Flm. auk mín eru fimm aðrir Vestfjarða- og Vesturlandsþm., þeir Alexander Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Skúli Alexandersson og Friðjón Þórðarson. Tillgr. felur í sér áskorun á Alþingi að hún hlutist til um að Vegagerð ríkisins láti fara fram rannsókn á hagkvæmni vegar- og brúargerðar yfir Gilsfjörð. Gert verði ráð fyrir þessu verkefni við afgreiðslu vegáætlunar í ár.

Það kostar að vísu nokkurn kjark að bera fram till. um svo fjárfreka framkvæmd sem brúargerð yfir Gilsfjörð er. Það er hart í búi hjá okkur um þessar mundir, en ég bendi á að í gildi er langtímaáætlun um vegagerð, þar sem sjálfkrafa renna 2.2% þjóðartekna til þessara mála í landinu. Við vonum að það hækki með árunum upp í 2.4%, þannig að enginn vafi er á að þarna er allmikið fjármagn úr að spila. Spurningin er, hvernig því er varið, hvað verður talið til forgangsverkefna.

Brú yfir Gilsfjörð er gömul hugmynd. Það er gömul hugmynd sem íbúar aðliggjandi héraða á sunnanverðum Vestfjörðum og í Dalasýslu hafa haft mikinn áhuga á um langan tíma. Eins og öllum er kunnugt sem til

þekkja, hefur Gilsfjörðurinn löngum verið erfiður farartálmi. Þar er snjóþungt á vetrum og skriðuföll tíð. Umtalsverðar umbætur á vegi fyrir fjörðinn hafa ekki verið gerðar s. l. 15 ár utan lágmarksviðhalds. Vegurinn stenst því ekki þær kröfur sem gera verður til þjóðvega í dag. Á honum eru brýr sem eru orðnar lélegar og þarfnast endurnýjunar. Á fjörum fyrir botni fjarðarins að norðanverðu verða árlega skemmdir á veginum vegna sjávargangs. Þar þarf að byggja upp langa vegarkafla. Það er ljóst að þær umbætur, sem gera verður á vegi fyrir Gilsfjörð, verða mjög kostnaðarsamar.

Á s. l. ári fór fram undirskriftasöfnun meðal íbúa Dalasýslu og suðurhluta Vestfjarða, þar sem skorað er á stjórnvöld að þegar verði hafist handa við lagningu vegar og brúar milli Króksfjarðarness í Austur-Barðastrandarsýslu og Stórholtslands í Dalasýslu. Rúmlega 500 íbúar viðkomandi byggðarlaga skrifuðu nöfn sín undir þessa áskorun. Sýnir það ljóslega hinn mikla áhuga aðliggjandi héraða til þess að þetta verk nái fram að ganga.

Í greinargerð heimamanna, sem áður var vitnað til varðandi málið, komu fram ýmis veigamikil rök. Þar er m. a. bent á að Austur-Barðstrendingar fái sína læknisþjónustu frá heilsugæslustöðinni í Búðardal eftir að embætti héraðslæknis á Reykhólum var flutt þangað. Á meðan samgöngum milli þessara tveggja héraða, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, er svo háttað sem raun ber vitni getur neyðarástand skapast án fyrirvara og hefur raunar oft legið nærri. Á Reykhólum er fjölmennur vinnustaður, Þörungavinnslan hf. Þar er unnið með stórvirk tæki og vélar. Slíku fylgir að sjálfsögðu slysahætta. Auk heilbrigðisþjónustunnar má benda á fleiri samskipti Austur-Barðstrendinga og Dalamanna, svo sem mjólkurflutninga, verslun og margvísleg félagsleg samskipti.

Þessi brúargerð mundi stytta leið vegfarenda verulega, um að ég hygg um 20 km. Hún tekur af alla erfiðustu staðina í Gilsfirðinum og fjarlægðin milli landa er rúmir 2 km — milli Króksfjarðarness og Stórholtslands á norðurströnd Saurbæjarins. Auk þess liggja fyrir þær niðurstöður úr rannsóknum að sjávarbotn á þessu svæði er mjög harður. Þar skiptast á klappir og hörð setlög. Í annan stað má þess geta að þarna er mikið grunnsævi, svo að botn fer á þurrt á stórstraumsfjöru, utan einnar eða tveggja lítilla læna. Þetta staðarval virðist því hafa marga kosti til að bera umfram aðra. Frá náttúruverndarsjónarmiði virðist Gilsfjörðurinn vel fallinn til brúargerðar. Vegagerð ríkisins lét á síðasta áratug gera forkönnun á lífríki fjarðanna sunnanvert á Vestfjörðum, frá Gilsfirði að botni Vattarfjarðar. Könnun þessi var gerð af Líffræðistofnun Háskólans og árið 1976 voru birtar niðurstöður í skýrsluformi eftir Agnar Ingólfsson líffræðing. Þær niðurstöður benda ótvírætt til að lífríki Gilsfjarðar sé mun einhæfara en annarra fjarða er könnunin náði til og því líkur til að umrædd brúargerð mundi leiða til minni skaða eða röskunar á lífríki heldur en í hinum fjörðunum. Gerð mannvirkisins skiptir þó að sjálfsögðu miklu máli.

Það fer ekkert á milli mála að framkvæmd sú er þessi till. fjallar um felur í sér stórkostlega samgöngubót fyrir alla landsmenn. Hún hlýtur að skoðast sem hluti „hringvegarins“ svokallaða sem áhersla er lögð á að koma í viðunandi horf sem fyrst. Mér koma í hug ummæli, sem raunar voru sögð í spaugi einhvern tíma í þessum sal og í þessum ræðustól, að Vestfirðir, þessi útkjálki væri eins og hver önnur óþarfa slaufa á landinu sem mætti sníða af. Það var hægt að brosa að þessum ummælum sem ég man að hv. þm. Garðar Sigurðsson viðhafði hér um samgöngumál um jólaleytið. En satt best að segja hefur manni stundum virst, þegar talað er um hringveginn, að Vestfirðir hafi oft hreinlega viljað gleymast. Þeir gjalda þess hvernig þeir eru í laginu og hvernig tengingin er við meginhluta landsins. Það er greinilegt að hér er auk þess mjög brýnt hagsmunamál viðkomandi byggðarlaga sem búa á margan hátt við erfiðar aðstæður í atvinnulegu og félagslegu tilliti. Austur-Barðastrandarsýsla er nú fámennasta sýsla landsins. Þar stendur byggð mjög tæpt bæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti. Þessi samgöngubót yrði ákaflega mikilvæg tenging Vestfjarða við aðra landshluta. Þetta verður vafalaust dýr framkvæmd, þó að ekki liggi fyrir enn kostnaðaráætlanir af neinu tagi, og hún hlýtur að eiga sér nokkuð langan aðdraganda og undirbúning.

Till. þessi beinist fyrst og fremst að því að hafist verði handa nú við nauðsynlegar rannsóknir er fé verði veitt til við afgreiðslu vegáætlunar í ár. Nú ríkir að vísu mikil óvissa um vegáætlun. Nær hún fram að ganga áður en þing verður hugsanlega rofið og þm. sendir heim? Þó að ég eigi ekki langt eftir af veru minni á þingi nú, þá vil ég vona að þingið sjái sér fært að láta ekki svo veigamikið mál óafgreitt eins og vegáætlun er. Hér er vakið máls á þessu verkefni og hálfnað er verk þá hafið er. Ég vona að þetta verði meira en orðin tóm. Hér er vakið máls á merku samgöngumáli sem ég vænti að verði framfylgt þannig að það nái fram að ganga eins skjótt og auðið er. Ég veit að það er stórt verkefni, en verði lagt til atlögu við það strax þá má vænta þess að ekki líði mjög mörg ár þangað til þessi draumur Austur-Barðstrendinga og Dalamanna og raunar allra landsmanna verði að veruleika.

Ég vil, herra forseti, mælast til þess að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við að bæta ræðu hv. frsm. þessarar þáltill. Sem þm. Vesturl. tók ég fúslega þátt í því að flytja þessa till., enda höfum við fengið um það ákveðna áskorun, sem okkur barst öllum þm. Vestfjarða og Vesturlands frá íbúum á þessu svæði, áskorun eða undirskriftasöfnun sem var miklu víðtækari en almennt gerist, sem sýnir mikilvægi þessa máls í augum heimamanna sem eðlilegt er.

Fjvn. Alþingis var á ferð um þetta svæði sumarið 1981. Áttum við þess þá kost að ræða við heimamenn um þeirra vandamál. Kom þá fram einmitt þessi skoðun frá mönnum beggja megin við fjörðinn að þarna væri verkefni sem þyrfti að fara að vinna að, þ. e. að undirbúa og rannsaka vegarstæði yfir Gilsfjörð. Er ljóst að hér er hreyft máli sem má ekki dragast að hefja undirbúning á, könnun á því hvernig hagkvæmast væri að leysa þetta verkefni í samgöngumálum á þessu svæði. Eins og kom fram hjá hv. frsm. þá er veigamikill þáttur þessa máls sameiginleg heilsugæsla sem fer fram á öllu svæðinu, með því að íbúar Austur-Barðastrandarsýslu sækja heilsugæslu til heilsugæslustöðvar sem er staðsett í Búðardal. Mér finnst það þess vegna mjög mikilvægt

að Alþingi samþykki slíka þáltill. og þannig fáist opinber viðurkenning á þessum málum með því að láta fara fram rannsókn á hagkvæmni þessa verkefnis. Ég vil undirstrika að mér finnst ákaflega mikilvægt að raunhæft samstarf takist milli þm. Vestfjarða og Vesturlands í að fylgja þessu máli fram. Það er mjög mikilvægt og ég vil leggja sérstaka áherslu á að fylgja þessu máli eftir. En ég vildi gera þá athugasemd að ég tel að réttara væri að þessari till. væri vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gistiþjónusta á landsbyggðinni, þáltill. (þskj. 276). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsóknir á hvalastofninum, þáltill. (þskj. 289). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjónustutími Landssímans, þáltill. (þskj. 293). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 39. fundur.

Miðvikudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62, n. 299 og 310). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem felur í sér framlengingu á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem hér hefur verið við lýði um nokkurt árabil og ítarlega verið ræddur hér í hv. deild oftar en einu sinni, bæði á þessu kjörtímabili og hinu fyrra, þannig að það er óþarfi að kynna hv. dm. þær meginröksemdir sem við meirihlutamenn í fjh.- og viðskn. höfum fram að færa þessum skatti til stuðnings nú sem áður. Læt ég því nægja, herra forseti, að mæla með því fyrir hönd meiri hl. fjh.- og viðskn. að frv. verði samþykkt. Við höfum mælt með því áður, þeir sem þennan meiri hl. skipa, að frv. verði samþykkt og gerum það enn.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. hefur gefið út svofellt nál. um þetta mál:

„Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði fellt."

Undir þetta rita Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Kjartan Jóhannsson.

Ég vil taka undir orð frsm. meiri hl. hv. n. um að þetta mál nái sem skjótast fram að ganga til Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:7 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 8:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 99, n. 290, 291). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um þjóðsöng Íslendinga. Nokkrar umr. urðu um þetta frv., þegar það kom til l. umr. í þessari hv. deild, og sýndist mönnum sitt hvað, einkanlega um ágæti 3. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upphaflegu gerð höfunda hans. Á það jafnt við um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall þjóðsöngsins."

Eftir nokkrar umr. í allshn. og samráð m. a. við Jón Þórarinsson tónskáld — hann var kvaddur á fund n. — varð það niðurstaða n. að leggja til að 3. gr. frv. yrði breytt lítillega frá því sem er í upphaflegri gerð og raunar verði sameinaðar 3. og 4. gr. þannig að ný 3. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upphaflegu gerð." Síðan komi það sem nú er 4. gr.: „Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni."

Um þetta síðastnefnda var enginn ágreiningur, en sú breyting sem nefndin leggur til er sem sé að niður verði felld orðin „á það jafnt við um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall". Mönnum þótti óþarfi að tiltaka þetta, það nægði að segja: „Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en í upphaflegri gerð höfunda hans."

Auðvitað nýtur þjóðsöngurinn eins og önnur verk þeirrar réttarverndar sem höfundalög veita, þótt ýmsir séu nú á því að sú vernd hafi í raun reynst næsta haldlítil, en þau ákvæði höfundalaga nr. 73/1972, sem við þetta eiga, eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi að skemmt geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni."

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en allshn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt með þessari breytingu, sem ég hef gert grein fyrir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. allshn. gat þess, að við 1. umr. þessa frv. hefðu orðið nokkrar umr. hér í Ed. Ég tók þátt í þeim umr. og lét þess þá m. a. getið, að ég vissi ekki til að í öðrum löndum, sem sambærileg eru við okkar í þessum efnum, væru sérlög um þjóðsöng þeirra ríkja. Ég benti á þá vernd sem þjóðsöngurinn hefði samkv. 4. gr. höfundalaganna og hv. frsm. n. vék núna að. En þegar talað væri um að veita þjóðsöngnum meiri vernd en hann nú hefur risi upp sú spurning hvort ætti að setja sérlög um það eða breyta höfundalögunum í þá átt.

Ég ítreka það sem ég sagði við hina fyrri umr. Ég hallast að því, að það sé rétt að setja sérlög, eins og hér er gert ráð fyrir, frekar en breyta höfundalögunum í þessum tilgangi.

En það sem ég varaði sérstaklega við var orðalag 3.

gr. frv. Ég benti á að í þeirri upptalningu, um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall þjóðsöngsins, virtust mér vera of þröng mörk sett, en einmitt til að mæta þessu sjónarmiði virtist mér að væri 5. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að veita undanþágu frá lögunum. Ég vil segja það nú, eins og ég sagði áður, að ég tel að þetta undanþáguákvæði sé þess eðlis og málið þess eðlis, að ég fæ ekki skilið hvernig á að beita því í raun.

En nú mælir hv. allshn. með samþykkt þessa frv. með þeirri breytingu sem gerð er till. um á þskj. 291 og hv. frsm. n. hefur gert grein fyrir. Sú brtt. fer saman við það sjónarmið, sem ég setti fram við 1. umr. málsins. Ég vil því segja það hér, að ég er samþykkur þessari brtt. Þegar 3. gr. frv. hefur verið breytt á þennan veg, eins og n. leggur til, þykir mér sýnt að það sé minni ástæða eða e. t. v. engin ástæða til þess að hafa undanþáguákvæði í 5. gr. Það má kannske segja að það sé meinlaust að láta það standa, eins og gert er ráð fyrir í afgreiðslu allshn., og ég mun ekki við þessa umr. bera brtt. fram um það efni, sem mér hefur komið til hugar, að greinin félli niður. Ég hef ekki gert það upp við mig hvort það er ástæða að gera slíkt og mun hugleiða það uns 3. umr. fer fram.

En ég endurtek: Ég er samþykkur brtt. allshn. og mun greiða atkv. með frv.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. allshn. Ed. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með brtt. sem hún flytur á þskj. 291. Sú brtt. er á þá lund að fella niður 2. málslið 3. gr. frv. og sameina 3. og 4. gr. Ég er samþykkur þessari brtt. og mæli með því að hún verði samþykkt.

Ég vil nota tækifærið til að þakka hv. allshn., og alveg sérstaklega formanni hennar og frsm., hv. 5. þm. Vesturl., Eiði Guðnasyni ágæta afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Við 1. umr. um frv. þetta til l. um þjóðsöng Íslendinga lét ég í ljós með svipuðum hætti og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson efasemdir um nauðsyn þess að setja sérstök lög um þjóðsönginn og var, svo sem fleiri nm. allshn., efins um að þótt sett væru slík lög væri rétt að kveða svo strangt að orði tæknilega eins og gert var í 3. gr. lagafrv. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að með brottfalli ákvæðanna, og á það jafnt við um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall þjóðsöngsins, sé alls ekki skaði skeður með því að kveða á um það í lögum, sem rétt er í vitund langflestra Íslendinga, að lofsöngurinn „Ó, guð vors lands" sé þjóðsöngur okkar. Ég tel að með brottfalli niðurlags 3. gr. og sameiningu við 4. gr. verði 7. gr., um viðurlög vegna brota, okkur ekki til vansa eða athlægis, svo sem ella kynni að verða.

Það sannast enn hér í Ed., sem menn hafa lengi vitað, að því betur sem greindir og góðgjarnir formenn nefnda íhuga málið, því betur vinnast þau. Hv. þm. Eiður Guðnason, formaður allshn., veitti því athygli undir ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar að niðurlag 5. gr. á ekki lengur við eftir þessa breytingu. Ég er honum sammála um það og flyt hér í fullu samráði við hann og samkv. ábendingu hans þá brtt. að niðurlag 5. gr. falli niður. Þar standi aðeins: „Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsrh. úr", en niður falli: „Getur ráðh. veitt undanþágu frá ákvæðum 3. gr., þegar sérstaklega stendur á."

Ég mun bera þessa brtt. fram skriflega og þarf að vísu afbrigði til þess að taka hana fyrir.

Fleira hef ég ekki um málið að segja. (Gripið fram í.) Ég dreg þessa brtt. til baka til 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þegar ég hér rétt áðan talaði um að ég áskildi mér rétt við 3. umr. til að bera fram brtt. á þá lund sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti hér um 5. gr. frv., þá var það ætlun mín að ræða þetta við nm. En nú hef ég heyrt af ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Vesturl., formaður n., hefur þegar tjáð mér, að ætlun þeirra sé að gera það sama og ég var með í huga, og fagna ég því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 291 (ný 3. gr., 4. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.

5.—8. gr. (verða 4.—7. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frv. (þskj. 315). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Lög þau, sem nú eru í gildi um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, eru að stofni til frá árinu 1935, en voru endurskoðuð allverulega 1966. Ég hygg að ljóst megi vera að á þessum tíma hafi orðið miklar breytingar, við getum jafnvel sagt gerbylting, á þessu sviði bifreiðasamgangna á Íslandi, og hefur því fyrir löngu sýnst aðkallandi að endurskoða þessi lög. Reyndar hafa verið gerðar tilraunir til þess, skipaðar nefndir til að endurskoða lögin, þótt ekki hafi slíkar breytingar náð fram að ganga.

Ein ástæðan fyrir því að mér þótti nauðsynlegt að ráðast í þessa endurskoðun enn á ný voru mjög háværar kvartanir hópferðaleyfishafa út af því að þeir hafa ekki átt mann í skipulagsnefnd fólksflutninga, sem þó úthlutar m. a. leyfum til hópferða. Mér sýndist réttlætismál að þessir aðilar fengju fulltrúa í nefndina. Því skipaði ég með bréfi dags. 16. okt. 1981 nefnd til að endurskoða lög um fólksflutninga. Í nefndinni áttu sæti Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri, og var hann formaður nefndarinnar, Ágúst Hafberg framkvæmdastjóri, Einar Ögmundsson forstöðumaður, Leifur Karlsson bifreiðastjóri, Skarphéðinn Eyþórsson framkvæmdastjóri og Ölvir Karlsson oddviti. Ritari nefndarinnar var Birgir Guðjónsson deildarstjóri. Þarna eru fulltrúar allra hagsmunaaðila, sem að þessu máli koma, a. m. k. þeirra helstu.

Megintilgangurinn með breytingunum, sem ég mun lýsa hér á eftir og eru reyndar saman dregnar í almennri greinargerð, er að sjálfsögðu að stuðla að sem bestum og hagkvæmustum fólksflutningum með almenningsbifreiðum, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Enginn dregur í efa þýðingu þessarar flutningagreinar og þá ekki einungis fyrir íbúa landsins vegna ýmissa erinda sem þeir

eiga í þéttbýli eða dreifbýli, heldur einnig fyrir almennt ferðafólk. Með lögum þessum var ætlað að skipuleggja þessa flutningagrein sem best, annars vegar með tilliti til þess að hagkvæmni ríki í rekstri og að sem minnst verði um árekstra að ræða á milli flutningaaðila og hins vegar til þess að þjónusta flutningsaðila við neytendur verði sem best.

Nefndin gerir ráð fyrir að sett verði ítarleg reglugerð til frekari skýringar og fyllingar á einstökum lagagreinum. Það yrði verkefni skipulagsnefndar fólksflutninga og umferðardeildar að semja tillögur að slíkri reglugerð, sem síðan yrði sett af samgrh. Nefndinni hefur þótt rétt að ætla fastákveðinn tíma til samningar á reglugerð eða sex mánuði, eins og kemur fram í 12. gr. frv.

Í reglugerðinni þurfa m. a. að vera ítarleg ákvæði um verksvið skipulagsnefndar fólksflutninga, verksvið umferðarmáladeildar svo og um samstarf þessara tveggja aðila og stöðu þeirra gagnvart samgrh.

Segja má að helstu breytingarnar, sem fram koma í frv., séu átta, og skal ég fara yfir þær.

1. Þær tegundir fólksflutninga, sem fjallað er um í lögunum, eru skilgreindar frekar en verið hefur, sbr. 1. og 2. gr. Sérstök skilgreining er gerð á sætaferðum og fjallað um þær sérstaklega í lögunum (9. gr.), en ekkert er fjallað um sætaferðir í gildandi lögum.

2. Úthlutun hópferðaleyfa er breytt á þann veg, að leyfin eru veitt til fimm ára í stað eins árs, eins og er í gildandi lögum, nema þau leyfi sem veitt eru í fyrsta sinn. Eðlilegt er að gildistími leyfanna sé lengdur verulega frá því sem nú er, þar sem hér er um dýr atvinnufyrirtæki að ræða og óeðlilegt að fá aðeins tryggingu fyrir starfrækslu fyrir svo skamman tíma í einu eins og nú er raunin.

3. Numin eru úr gildandi lögum ýmis skilyrði, sem sett eru fyrir veitingu sérleyfa og nefndin telur vera úrelt.

4. Felld er niður heimild samgrn. til þess að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða.

5. Felld er niður heimild samgrh. til að fela póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum með bifreiðum, er sérleyfi, undanþágu eða réttindi til hópferðaaksturs þarf til, en ákveðið er í frv. að umferðarmáladeild skuli hafa þessa umsjón og eftirlit með höndum. Þessi skipan hefur raunar gilt nú um hríð samkv. reglugerðarbreytingu, en verður með þessum tillögum lögfest.

6. Fjölgað er um tvo fulltrúa í skipulagsnefnd fólksflutninga. Annar þeirra skal vera frá Félagi hópferðaleyfishafa, en félagið er tilkomið eftir að gildandi lög voru sett og löngu orðið aðkallandi að það ætti fulltrúa í nefndinni. Sama gildir um hinn fulltrúann, sem skal vera frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Það skal tekið fram í þessu sambandi, að nokkuð var um það rætt hvort ætti að fella úr nefndinni fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands og þá gert ráð fyrir því að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga kæmi þar í staðinn, en niðurstaðan varð sú, að þessir aðilar eiga báðir áfram fulltrúa í nefndinni.

7. Í stað þrenns konar gjalda, þ. e. farmiðagjalds á sérleyfisleiðum, hópferðaréttindagjalds og gjalds af hópferðaleyfum, leggur nefndin til að eitt gjald skuli lagt á leyfisskyldar bifreiðar. Gjald þetta skal greitt árlega af hverju farþegasæti. Þó þótti nefndinni rétt að heimilað yrði að gjaldstofninn yrði annar, ef skipulagsnefnd fólksflutninga legði það til. Um gjaldstofninn, innheimtu og önnur atriði varðandi gjaldið þurfa að koma nánari ákvæði í reglugerð.

8. Með tillögum sínum stefnir nefndin að því, að skipulagsnefnd fólksflutninga geti orðið virkari í störfum sínum en unnt er samkv. gildandi lögum.

Herra forseti. Ég hef nú rakið aðdraganda þessarar frv.-gerðar og sömuleiðis helstu breytingar, sem gert er ráð fyrir í frv., og sé ekki ástæðu til að fara ítarlegar orðum um málið. Ég vil leggja á það áherslu, að samstaða náðist með fulltrúum þessara hagsmunaaðila, sem hafa alloft deilt um úthlutun leyfa á undanförnum árum. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt. Ég kaus því að leggja frv. fram óbreytt frá því samkomulagi sem varð í nefndinni. Ég geri mér vonir um að með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði, megi nást betri samstaða í viðkvæmu máli, þ. e. úthlutun sérleyfa og hópferðaleyfa.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts, frv. (þskj. 173). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts á árinu 1983.

Samkv. auglýsingu um nýtt fasteignamat, sem tók gildi 1. des. 1982, hækar matsverð fasteigna almennt um 65%. Matsverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkar hins vegar um 78%. Þessi hækkun fasteignamats er langt umfram almennar tekjubreytingar milli ára. Eftir að þessi niðurstaða lá fyrir og þar sem um er að ræða æðsta úrskurðarvald í málinu, yfirfasteignamatsnefnd, sem hafði komist að þessari niðurstöðu, var það rætt í ríkisstj. að koma yrði í veg fyrir að fasteignaskattar hér á höfuðborgarsvæðinu hækkuðu svo mjög sem þessi mikla hækkun á matinu felur í sér. Þess vegna var ákveðið að flytja hér frv. sem takmarkaði hækkun fasteignaskatta við þá almennu hækkun fasteigna sem orðið hefur í landinu eða um 65%.

Jafnhliða því að frv. þetta var flutt þótti þá eðlilegt að flytja frv. um takmörkun á hækkun fasteigna til viðmiðunar eignarskatts á árinu 1983. Þannig er þetta frv. tilkomið, þar sem óbreyttar álagningarheimildir hefðu leitt til gjaldtöku sem hefði orðið mun þyngri fyrir gjaldendur á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu, ef ekkert yrði að gert.

Nú hefur það að vísu gerst, að Alþingi hefur hafnað hugmyndum ríkisstj. um takmörkun á heimildum til hækkunar á fasteignaskatti, og varð ljóst skömmu fyrir áramót að Alþingi vildi ekki fallast á þá takmörkun. Kemur þá til álita hvort þetta frv. hverfur úr sögunni, úr því að Alþingi tók þá afstöðu gagnvart fasteignaskattinum. Á þetta verður að sjálfsögðu að reyna og er því eðlilegt að málið fái umfjöllun í nefnd. Ég vil leyfa mér

að leggja til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 40. fundur.

Miðvikudaginn 9. febr., að loknum 39. fundi.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 317). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér áðan mælti hv. þm. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., fyrir brtt. sem síðan var dregin til baka til 3. umr., en liggur nú fyrir hér skriflega, og ég vil leyfa mér að gera grein fyrir henni með örfáum orðum.

Það kom í ljós við nánari athugun að eðlilegt er að fella niður í núverandi 4. gr. frv. eins og það nú liggur fyrir eftir 2. umr. orðin „Getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæðum 3. gr. þegar sérstaklega stendur á.“ Eftir að 3. og 4. gr. frv. eins og það upphaflega var hafa verið sameinaðar er ákvæðið um að ekki sé heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni komið inn í 3. gr. Okkur þykir hins vegar óeðlilegt að fyrir hendi sé heimild til að veita undanþágu til þess að nota þjóðsönginn í viðskipta- eða auglýsingaskyni, en þannig má þetta skiljast og er raunar eins og þetta er nú. Þess vegna er hér fram komin brtt. sem hv. þm. Stefán Jónsson gerði grein fyrir hér áðan. Flm. eru auk hans 5. þm. Vesturl. og Þorv. Garðar Kristjánsson, hv. 4. þm. Vestf. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta: 4. gr. orðist svo:

„Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsrh. úr.“

Það er alveg fullnægjandi að hafa þetta ákvæði eitt vegna þess að úrskurður forsrh. í þessu tilviki hlýtur að vera fullnægjandi og engin þörf á að hafa undanþáguákvæði frá ákvæðum 3. gr. E. t. v. mætti líta á það sem svo, að úrskurður forsrh. gæti falið í sér með nokkrum hætti undanþágur þegar um markað tilvik væri að ræða. Við leggjum sem sagt til að þessi breyting verði samþykkt, herra forseti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 318) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 318 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Misvægi er orð sem mikið er notað í þjóðfélaginu í dag. Að vísu hefur það verið og er á þessari stundu fyrst og fremst notað um misvægi atkvæða. En það er á fleiri sviðum sem misvægis gætir en að því er varðar atkvæðisrétt einstaklinga.

Ég hef kvatt mér hljóðs til að gera að umræðuefni einn þátt þess mikla misvægis, sem er að því er varðar búsetuskilyrði manna í þessu landi, og þar á ég við marggefin fyrirheit stjórnvalda um jöfnun orkuverðs. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, ekki síst undangengnar vikur og mánuði, að þetta mikla mál er nú að verða þess valdandi, ef ekki þegar orðið, að búsetuflutningar eiga sér stað í ríkum mæli frá þeim svæðum, þar sem orkuokrið, ef svo má segja, er við lýði, á þau landssvæði, þar sem tiltölulega litlir fjármunir eru greiddir fyrir þá aðstöðu miðað við það sem er úti á landsbyggðinni.

Það er rétt að minna á í þessu sambandi, að með lögum frá 1980 um orkujöfnunargjald — lögum sem allir voru sammála um að setja og stóðu að til að reyna að létta byrðar þeirra einstaklinga sem úti á landi búa — var lagt 1.5% gjald á söluskattstofn. Þetta gjald, sem innheimt var, nam á árinu 1980 rösklega 190 millj. samkv. fjárlögum þess árs — 190 millj. sem átti að verja til jöfnunar orkuverðs um landið. Einvörðungu um 30 millj., að ég best veit, voru notaðar til þessa verkefnis, sem lögin voru þó fyrst og fremst og einvörðungu sett til að þjóna. Um 160 millj. af þessu fé voru nýttar til einhverra annarra verkefna og ekki hefur fengist upplýst enn þann dag í dag, það ég best veit, til hvers þær voru notaðar.

Í fjárlögum yfirstandandi árs hefur hæstv. ríkisstj. kosið að hafa ekki þannig að sýnilegt sé þessa yfirskrift yfir þessari gjaldtöku, þ. e. orkujöfnunargjald. Það finnst ekki í fjárlagafrv. fyrir árið 1983, en eigi að síður er þessi gjaldtaka í fullu gildi og hún mun gefa samkv. fjárlögum ársins í ár um 315 millj. kr., sem teknar eru af skattþegnum þessa lands til að jafna orkuverð, en á einvörðungu að nota um 67 millj. af þessum 315 til þessa verkefnis. Um 35 millj. er ætlað að nota til jöfnunar á kostnaði við húshitun með rafmagni, 2.3 millj. til hitaveitna og svo 29.2 millj. í olíustyrki eða samtals um 67 millj. kr. af þeim 315 sem á að innheimta á þessu ári til þessa verkefnis. Það eru því 248 millj. sem standa eftir af þessari gjaldtöku af almenningi í landinu

og virðist, að því er best verður séð, að hæstv. ríkisstj. ætli sér á þessu ári eins og hinu síðasta að nýta þessa fjármuni til allt annars en ætlað er samkv. lögum. Af þessu er ljóst, að fyrir hendi eru fjármunir til að stíga verulegt skref til jöfnunar orkuverðs og þar með jöfnunar á búsetuskilyrðum almennings í þessu landi á þessu ári vegna þeirrar skattheimtu sem við lýði hefur verið og er lögum samkv. og á að fara til þessa þáttar.

Það hlýtur að vera áhyggjuefni þeirra, sem á annað borð hugsa um þessi mál, þegar dæmið lítur þannig út að allt að helmingur dagvinnutekna verkamanns fer til þess að standa straum af upphitunarkostnaði og rafmagni til heimilisnota á mánuði hverjum. En þannig snýr dæmið nú við a. m. k. æðimörgum á Vestfjörðum. Allt að helmingur dagvinnutekna verkamanns fer í þann þátt einan að sjá fyrir upphitun íbúðarhúsnæðis og raforku til heimilisnota. Það er fast að því jafnhá upphæð og — mig minnir að hæstv. iðnrh. hafi gert grein fyrir því ekki alls fyrir löngu í ræðu — færi á einu ári á því svæði sem við erum nú á í sams konar kostnað. Þessi kostnaður er þar sem ég þekki hvað best til á bilinu frá ca. 2300 kr. upp í um eða yfir 4000 á hverjum einasta mánuði til þessara þátta heimilishaldsins. Er að mínu viti ekki vansalaust að stjórnvöld horfi nær aðgerðalaus upp á þróun sem þessa vitandi að búseturöskun er þegar farin að fylgja í kjölfar þessa og á eftir, ef fram heldur sem horfir, að verða ríkari þáttur verði ekkert að gert.

Það hlýtur að vera kominn tími til þess að allir þeir sem á annað borð unna jafnrétti, mannréttindum á einu eða öðru sviði, í þessu landi sameinist um að krefja stjórnvöld þess, að til þessa málaflokks sé skilað þeim skattpeningum sem búið er að taka af skattborgurum landsins og eiga að nýtast til þessa verkefnis. Ég minni í þessu sambandi á eina meginkröfu Alþýðusambands Vestfjarða í samningsgerð á síðasta ári — kröfu til stjórnvalda um jöfnun orkuverðs sem einna raunhæfustu kjarabótina fyrir það fólk sem við þetta býr. Ég minni jafnframt á yfirlýsingu og vilyrði hæstv. forsrh. í lausn þeirrar deilu á Vestfjörðum — fyrirheit um að unnið skyldi að jöfnun orkuverðs frá því sem þá var. Ég minni einnig á að tvær nefndir hafa starfað í sambandi við þetta mál. Önnur mun hafa lokið störfum á s. l. vori og strax í kjölfar hennar mun hafa verið skipuð önnur nefnd til sama verkefnis, sem nú, fyrir nokkrum dögum líklega, hefur lokið verkefni sínu.

Ég ætla ekki hér að fara út í efnisumr. um álit eða niðurstöður þessara nefnda. Það kann að koma að því síðar, en eigi að síður ætti að vera orðið ljóst eftir það starf, sem unnið hefur verið, hversu brýn þessi þörf er og hversu miklar þær drápsklyfjar eru sem eru að sliga meginþorra fólks á þeim landsvæðum sem hér er átt við. Mér eru það eigi að síður mikil vonbrigði, að mér sýnist að niðurstaða seinni nefndarinnar sé sú, að það eigi enn að skattleggja almenning í landinu til þess að snúast með einhverjum hætti við þessu vandamáli, þrátt fyrir þá staðreynd að skatt er búið að innheimta til þess allt frá 1980, en hann ekki verið látinn renna til þessa verkefnis. Það hlýtur því að vera krafa allra þeirra sem hér eiga hlut að máli til hæstv. ríkisstj. að það sé skilað þeim fjármunum, sem innheimtir hafa verið með skattlagningu og ætlaðir voru beinlínis til að jafna þarna um, til réttra aðila áður en til nýrrar skattheimtu er gripið af almenningi í landinu. Það er meginkrafa — og ófrávíkjanleg að mínu viti — fólks í dreifbýlinu, sem við þetta býr, að öllu andvirði orkujöfnunargjaldsins sé skilað til þess að jafna þessar byrðar. Áður en það hefur verið gert er ástæðulaust og óraunhæft í alla staði að vera að tala um nýja skattlagningu.

Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. og raunar hæstv. forsrh. líka og ríkisstj. alla, hvort enn sé meiningin að svíkja gefin fyrirheit um jöfnun orkuverðs og hvort í ár eigi eins og á síðasta ári að draga undan langsamlega mestan hluta af þeim skattpeningum, sem í þetta verkefni eiga að fara, til annarra hluta innan ríkiskerfisins.

Ég vil einnig spyrja hæstv. iðnrh. um það, með hvaða hætti þeim 160 millj. af 190 rúmum, sem orkujöfnunargjaldið gaf á árinu 1982, var varið. Til hvers varði hæstv. ríkisstj. þeim peningum sem áttu að fara í jöfnun orkuverðs? Og ég vil enn spyrja hæstv. iðnrh. Í fyrsta lagi er kannske rétt að spyrja: Á ekki að verja þessum 315 millj., sem innheimtar eru í orkujöfnunargjaldi á árinu 1983, til jöfnunar orkuverðs í landinu? Ef ekki, ef einvörðungu á að verja hinum 67, sem ég hef hér gert að umræðuefni, til þessa þáttar, í hvað eiga hinar 248 millj. að fara? Það er full ástæða til þess að fá það upplýst á Alþingi í ljósi gangs þessa máls með hvaða hætti hæstv. ríkisstj. ætlar sér að halda á þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar, að stórmál sem þetta, misvægið í orkuverðinu, verði að leysa. Misvægið í orkuverðinu er svo mikið að það leiðir áður en langt um líður til gífurlegar byggðaröskunar í þessu landi, verði ekkert að gert.

Ég minni einnig á í þessu sambandi, að á síðasta þingi var flutt frv. í hv. Ed. af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, Eiði Guðnasyni og Agli Jónssyni um þetta meginmál, þ. e. að orkujöfnunargjaldið verði allt nýtt til þess verkefnis sem því var ætlað að standa straum af. Afgreiðsla þess máls varð sú í hv. Ed. að því var vísað til hæstv. ríkisstj. með eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til yfirlýsingar ríkisstj. í Ed. í gær og í trausti þess að þær aðgerðir til jöfnunar hitunarkostnaðar, sem lofað hefur verið fyrir 1. ágúst n. k., verði ákveðnar með sérstöku tilliti til efnisþátta frv., samþykkir deildin að vísa frv. til ríkisstj.“

Hér er frv. vísað til ríkisstj. í trausti þess að efnisþættir frv., sem hér um getur, verði í meginatriðum framkvæmdir. Það skortir æðimikið á að slíkt hafi verið gert. Ég held því, að hvað sem ákvörðun ríkisstj. í þessu tilviki líður geti Alþingi ekki lengur skotið sér undan því að krefjast þess fyrir hönd þess fólks sem hér á hlut að máli að skilað sé öllu því fjármagni til þessa verkefnis sem búið er að skattleggja fólk fyrir í því augnamiði. Allt annað eru hrein svik við gefin fyrirheit, gefin loforð, — svik við þá löggjöf sem samþykkt var hér á Alþingi í maímánuði 1980.

Ég vænti þess að fá frá hæstv. iðnrh. viðhlítandi svör við því sem hér er um að ræða. Verði það ekki sé ég ekki annað en áfram verði að halda og knýja á hér á Alþingi að hæstv. ráðherrar standi skil á þessum peningum til réttra aðila.

Ég vil, herra forseti, þakka það að fá að ræða um þetta mál utan dagskrár. Mér er ljóst að miklar annir eru, að því er sagt er, hér á hv. Alþingi, þó að undangengna daga hafi ekki verið svo að sjá á fundahaldi, en eigi að síður þykir mér ástæða til að þakka

hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að reifa þetta mál utan dagskrár.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Húshitunarmál og upphitunarkostnaður hjá landsmönnum hafa oft verið til umr. hér á hv. Alþingi undanfarin misseri og ár og það ekki að ástæðulausu, og ég tel ekkert eftir mér að taka þau mál hér til umr. og standa fyrir svörum þar að lútandi, því að þessi mál eru mér hugleikin og það jafnt sem ráðh. og þm., því að ég tek alveg undir það með hv. 6. landsk. þm. að enginn er sá þáttur í okkar þjóðfélagi sem veldur meiri mismunun á kjörum manna en mismunandi kostnaður við þann undirstöðuþátt að hita upp híbýli sín. Það mætti kannske leiða líkur að því, að tilkostnaður við húsbyggingar og þær byrðar, sem á þá eru lagðar sem þurfa að koma þaki yfir höfuðið, nálgist það sem hér um ræðir, en málið er þó ekki hliðstætt.

Ég tel skylt að fara nokkrum orðum um þessi mál og upplýsa hv. alþm. um hvernig staða þeirra er og leitast við að svara því sem fram kom hjá hv. 6. landsk. þm. Til að sæmileg reiða sé á því yfirliti, sem ég flyt hér tel ég nauðsynlegt að lesa upp í fyrstu þann lagatexta sem hann vitnaði til, lög nr. 12 frá 1980, um orkujöfnunargjald, þannig að þar fari ekkert milli mála. Einnig held ég að þörf sé á að rifja upp annað sem þessu frv. fylgdi, með leyfi hæstv. forseta. Þetta er ekki mjög langur lagabálkur. Þar segir í 1. gr.:

„Leggja skal 1½% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs.

2. gr.: Ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og ákvæði reglugerða settra samkv. þeim lögum skulu gilda að fullu um álagningu, innheimtu og aðra framkvæmd orkujöfnunargjalds.

3. gr.: Lög þessi öðlast gildi frá og með 14. apríl 1980."

Síðan eru ákvæði til bráðabirgða í fjórum tölusettum liðum, en þau varða fyrst og fremst tæknileg atriði við innheimtu gjaldsins og sé ég því ekki ástæðu til að lesa þau hér upp sérstaklega. Ég hygg að þessi lög hafi frá frv. litlum sem engum breytingum tekið, nema söluskattsprósenta var lækkuð um ½ prósentustig frá upphaflegu frv. En aths. með frv., sem flutt var hér á hv. Alþingi sem stjfrv. á þeim tíma, voru þessar:

„Sú geysilega hækkun olíuverðs sem átt hefur sér stað á undanförnum árum hefur víða valdið vanda og skapað mikla fjárhagserfiðleika. Við Íslendingar höfum brugðist við þessum vanda með átaki í orkumálum, m. a. með aukinni notkun innlendra orkugjafa til húshitunar. Þrátt fyrir það sem hefur áunnist í þessum efnum er enn alllangt í land með að allir landsmenn geti notað innlenda orku til húshitunar, og meðan svo er ber nauðsyn til að jafna þann aðstöðumun er af þessu leiðir." — Ég endurtek: „Þrátt fyrir það sem hefur áunnist í þessum efnum er enn alllangt í land með að allir landsmenn geti notað innlenda orku til húshitunar, og meðan svo er ber nauðsyn til að jafna þann aðstöðumun er af þessu leiðir. Megintilgangur frv. þessa er að afla ríkissjóði fjár til að standa straum af kostnaði við greiðslu olíustyrks til húshitunar og til að styrkja orkusparandi aðgerðir. Skattur samkv. lögum þessum rennur óskiptur í ríkissjóð. Af þeim um 7000 millj. kr. sem ætla má að hann skili á árinu 1980 munu um 4500 millj. kr. ganga til framangreindra verkefna. Á árinu 1980 er gert ráð fyrir verulegum framlögum til Rafmagnsveitna ríkisins og til annarra verkefna á sviði orkumála. Hafa þessi útgjöld ásamt öðru átt þátt í að veikja stöðu ríkissjóðs verulega. Þykir ekki óeðlilegt að það sem eftir stendur af gjaldinu renni í ríkissjóð til að styrkja stöðu hans til mótvægis við fyrrgreind framlög til orkumála."

Þannig var mál þetta fyrir þingið lagt, þannig voru lög þessi samþykkt. Hér er ekki, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, um að ræða markaðan tekjustofn einvörðungu til jöfnunar húshitunarkostnaðar og þá varðandi innlenda orku, eins og sjá má af því sem ég hér hef lesið, heldur um það að ræða að verið er að innheimta beint til ríkissjóðs ákveðna fjárhæð í formi viðbótarsöluskatts til þess m. a. að stuðla að jöfnun upphitunarkostnaðar og hraða því að koma innlendum orkugjöfum í gagnið í stað innfluttrar olíu, sem tekið hafði stórfelldum breytingum til hækkunar veturinn 1979—1980, eins og menn muna. Á þessum tíma var svonefndur olíustyrkur, sem enn er greiddur til þeirra sem kynda hús sín með olíu, sem fer sem betur fer verulega fækkandi og hefur farið það á undanförnum árum, hækkaður margfaldlega að raungildi, svo sem réttmætt og eðlilegt var.

En síðan þessi lög voru fest hér á hv. Alþingi og samþykkt hefur það gerst að ekki aðeins olíukostnaður er mjög hár, hefur þó sem betur fer ekki farið hækkandi í þeim mæli sem menn óttuðust um verðbreytingar á olíu að raungildi, heldur hefur það gerst að innlend orka, sem notuð er í vaxandi mæli til húshitunar, hefur reynst dýrari og vaxið að kostnaði langt umfram það sem menn höfðu vonast eftir að þyrfti að verða. Af þeim sökum hefur sú breyting orðið á, að ekki aðeins hefur verið talið óhjákvæmilegt að greiða niður hina innfluttu orku, olíuna, í formi olíustyrkja, heldur hafa stjórnvöld talið óumflýjanlegt að grípa einnig til jöfnunaraðgerða varðandi hina innlendu orku. Að þeim málum hefur verið unnið af stjórnvalda hálfu, svo sem ég tel sjálfsagt og skylt að víkja að hér á eftir.

En ég vil, til þess að koma að svari til hv. 6. landsk. þm. varðandi fjármunina sem í ríkissjóð renna af 1.5 söluskattsstigi, aðeins vísa til þess, sem þegar hefur fram komið í mínu máli, að hér er ekki um markaðan tekjustofn að ræða til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Ég segi: Því miður var ekki þannig frá málum gengið, heldur er um að ræða að þessar tekjur renna í ríkissjóð og er skipt eins og öðrum tekjum ríkissjóðs til þarfa þjóðfélagsins með afgreiðslu fjárlaga. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hafðar eru uppi af hv. þm., sem sæti eiga í fjvn. og eiga að vita hvernig fjármagni er þar skipt, fsp. og rangtúlkanir um eðli þessarar tekjuöflunar ríkissjóðs. Ég man ekki betur en hv. 6. landsk. þm. eigi sæti í fjvn. Hann getur væntanlega svarað því með skýrari hætti en ég í hvað þeirri áætluðu tekjuöflun ríkissjóðs var á árinu 1983 varið í heild sinni, og inni í því dæmi er að finna það sem er umfram það sem sérstaklega er ráðstafað samkv. fjárlögum til jöfnunar húshitunarkostnaðar, bæði varðandi olíustyrki, styrki til jarðvarmaveitna svo og niðurgreiðslu vegna rafhitunarkostnaðar.

Þá ætla ég að víkja að því í örstuttu máli hvaða meginástæður eru fyrir því að hinn innlendi kostnaður

orku til húshitunar hefur þróast með þeim hætti sem raun ber vitni og veldur því, að ef ekki væri um að ræða jöfnunaraðgerðir væri innlendi kostnaðurinn farinn að nálgast upphitunarkostnað með olíu mjög verulega. Ég vil þó, herra forseti, stytta mál mitt varðandi þennan þátt, vegna þess að í síðustu viku var þetta mál til sérstakrar umr. utan dagskrár og þar fór ég ítarlega út í þessa þætti. Umr. var þá hafin af hv. 5. þm. Vestf. um þróun raforkuverðs sérstaklega í landinu.

Það hefur sem sagt orðið á síðustu þremur árum, frá því að umrædd lög nr. 12/1980 voru samþykkt, að heildsöluverð frá aðalorkuframleiðslufyrirtæki landsins, Landsvirkjun, hefur hækkað frá ársbyrjun 1980 að telja um nálægt 800%, meira en tvöfalt umfram það sem byggingarvísitala og lánskjaravísitala hafa hækkað, með þeim afleiðingum að þeir sem kaupa þessa orku og dreifa henni til húshitunar þurfa að innheimta fyrir hana stórkostlega meira fjármagn að raunvirði en var fyrir þremur árum. Það er til að bregðast við þessum aðstæðum sem ákveðið var af ríkisstj. á s. l. vori að grípa einnig til niðurgreiðslu á hinni innlendu orku og þá sérstaklega rafhituninni, fyrir utan að bregðast við vanda þeirra jarðvarmaveitna sem við mesta örðugleika eiga að búa.

Sú stefna, sem lýst var yfir af mér við umr. um þessi mál í Ed. Alþingis í maíbyrjun s. l. og hafði að bakhjarli samþykkt ríkisstj. um þessi efni, var þess efnis, að stefnt verði að því samkv. áætlun sem gera skyldi að upphitunarkostnaður sambærilegs íbúðarhúsnæðis yrði yfirleitt ekki meiri en gerist hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum. Þar voru sérstaklega nefndar til Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, sem tekin var í notkun að mig minnir á árinu 1981 eða hugsanlega var það 1982, og svo var einnig vísað til Hitaveitu Akureyrar í þessu efni. Að þessari áætlun, sem talað var um í yfirlýsingu ríkisstj. frá 5. maí s. l., var unnið og í ágústmánuði s. l. samþykkti ríkisstj. að hefja skyldi niðurgreiðslu á raforku til húshitunar frá og með 1. okt. 1982 að telja með framlagi úr ríkissjóði til bráðabirgða, en jafnframt skyldi skipuð nefnd í samráði við þingflokka til að fjalla um framtíðarfjáröflun til að jafna húshitunarkostnað. Þessa nefnd skipaði ég 30. sept. og í henni áttu sæti eftirtaldir heiðursmenn: Guðmundur Bjarnason alþm., Gunnar R. Pétursson rafvirki, búsettur á Patreksfirði ef ég man rétt, Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. og Kjartan Ólafsson ritstjóri, og var sá síðast taldi formaður nefndarinnar.

Tillögur þessarar nefndar liggja nú fyrir, en hún skilaði áliti sínu 28. jan. s. l. Það var sent hv. alþm. í byrjun þessarar viku og vænti ég að allir hafi það handa á milli. Þar er að finna tillögur nefndarinnar um framtíðartekjuöflun til jöfnunar húshitunarkostnaðar ásamt fskj. sem nefndin byggir álit sitt á.

Ég tel rétt að fara hér nokkrum orðum um þetta álit, þannig að það komist örugglega á framfæri við hv. alþm. Þeir hafa mikið að lesa og álit nefndarinnar er ekki langt. Það skal aðeins vitnað hér til meginatriða, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur eðlilegt að raforkuverð til stóriðju verði hækkað verulega og að stjórnvöld beiti öllum tiltækum ráðum í því skyni og tryggi framgang þeirrar kröfu nú hið allra fyrsta. Nefndin leggur til að hluta þess fjármagns, sem þannig yrði aflað, verði varið til að tryggja lægra raforkuverð til húshitunar, þannig að kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis verði eigi hærri en sem nemur 60% af kyndingarkostnaði með óniðurgreiddri olíu. Til að ná því marki þarf um það bil 100 millj. kr. á ári miðað við verðlag í jan. 1983.

Nefndin telur að veruleg hækkun raforkuverðs til stóriðju sé æskilegasta leiðin í því skyni að tryggja fjármagn til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Meðan ekki hefur náðst árangur í þeim efnum verður til bráðabirgða að grípa til annarra úrræða.

Nefndin minnir á lög nr. 12 frá 1980, um orkujöfnunargjald er nemur 1.5% á söluskattsstofn. Nefndin telur nauðsynlegt að vandlega verði athugaðir allir möguleikar á því að ríkissjóður greiði af núverandi tekjum sínum, þ. e. 106 millj. kr. á ári, sem hér er lagt til að gangi til jöfnunar á kostnaði við húshitun, meðan ekki hefur verið aflað tekna í þessu skyni með hækkun orkuverðs til stóriðju.

Reynist ekki unnt að tryggja þannig greiðslu úr ríkissjóði, þá leggur nefndin til að ríkissjóður greiði helming fjárins, þ. e. 53 millj. kr., yfir árið en jafnhárrar upphæðar verði aflað með sérstökum orkuskatti. Orkuskatturinn verði lagður á alla notorku. Undanþegin orkuskatti verði þó orka til fiskiskipa og sú raforka sem nú er verðjöfnunargjaldsskyld. Upphæð orkuskattsins verði sem svarar 0.75 aurar á kwst. miðað við verðlag í janúar 1983.

Nefndin bendir á þann möguleika, að í stað orkuskatts verði söluskattur hækkaður og samsvarandi fjárupphæðar aflað með þeim hætti í sama tilgangi. Verði sú leið valin þyrfti söluskattur að hækka um tæplega 0.3 prósentustig. Gert er ráð fyrir að öll skattheimta í þessu skyni og sérstakar greiðslur ríkissjóðs falli niður þegar framtíðarfjáröflun hefur verið tryggð með hækkun orkuverðs til stóriðju."

Þetta voru nokkrar orðréttar tilvitnanir í þetta nál. Þess ber að geta, að nefndin er sammála um þetta álit, en hv. alþm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur þó fyrirvara um vissa þætti nál. varðandi tekjuöflun og ráðstöfun tekna af orkusölu til stóriðju. Er hans fyrirvara að finna í því áliti sem allir hv. alþm. hafa fengið.

Þetta taldi ég rétt að fram kæmi hér. Hér var um að ræða nefnd með tengslum við alla þingflokka til að fjalla um þetta þýðingarmikla efni. Tillögur þessarar nefndar, nýkomnar í mínar hendur, eru nú til athugunar hjá ríkisstj. og um þessi efni verður áfram haft samráð við þingflokka til þess að leita lausnar á þeim brýna vanda sem hér er við að fást og ég geri ekkert minna úr en hv. 6. landsk. þm. og þekki mætavel af eigin raun og frá því fólki sem ég er umbjóðandi fyrir sem alþm. af Austurlandi. Þeir landshlutar, sem þessi hái upphitunarkostnaður bitnar meira á en nokkrum öðrum, þótt enginn sé þar alveg undanskilinn nema kannske Faxaflóasvæðið, eru Austurland og Vestfirðir. En margir fleiri koma inn í þá mynd vissulega.

Ég vil rifja það aðeins hér upp, vegna þess að hv. 6. landsk. þm. talaði svo mjög um lög nr. 12 frá 1980, að áður en frv. til þeirra laga var flutt hér inn á Alþingi hafði á vegum iðnrn. verið lögð í það mikil vinna að undirbúa lög um orkuskatt til tekjuöflunar til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Eins og þeirri vinnu var háttað var gert ráð fyrir að slíkur orkuskattur yrði markaður tekjustofn í þessu skyni. Minnihlutastjórn Alþfl., sem sat á stólum veturinn 1979/1980 um fimm mánaða skeið, hafði unnið að undirbúningi sama máls, og

hæstv. þáv. iðnrh. Bragi Sigurjónsson flutti hér inn í þingið frv. um orkuskatt, þar sem gert var ráð fyrir skattlagningu sem einnig tæki til stóriðju í landinu. Athuganir mála af minni hálfu og iðnrn. í framhaldi af þessu í ársbyrjun 1980 lutu að því hinu sama. En það er skemmst frá því að segja, að um þetta frv., um sérstakan orkuskatt til tekjuöflunar í þessu skyni, varð ekki samkomulag í núverandi ríkisstj., og því var það mót mínu ráði að farið var í almenna tekjuöflun með viðbótarhækkun á söluskatti. Ég ætla hér ekki að fara að rifja upp á hverju strandaði eða á hverjum strandaði í ríkisstj. við undirbúning málsins, en minni á að gert var þarna ráð fyrir að þessi orkuskattur legðist á alla orku, einnig hitaveitur í landinu eins og þær legðu sig, svo og olíu og einnig olíu til fiskiskipa. Það var alls ekki við það komandi af hálfu aðila sem hlut áttu að máli að þessi orkuskattsleið yrði fyrir valinu. Því varð þessi almenna söluskattshækkun til tekjuöflunar í ríkissjóð að niðurstöðu, og liggur fyrir í þingtíðindum frá þessum tíma hvernig þeirri afgreiðslu máls var háttað.

Ég tel rétt að geta þess í sambandi við jöfnun húshitunarkostnaðar, að það hefur ekki aðeins verið litið til rafhitunarinnar, sem orðin er óbærilega dýr fyrir þá sem hana þurfa að nota, heldur einnig til þeirra hitaveitna í landinu sem við erfiðastar aðstæður búa og hafa lent í miklum fjárhagslegum erfiðleikum af tæknilegum ástæðum, ekki síst við vatnsöflun. Þar er um að ræða hitaveitur í þremur landshlutum, sem inn í það mál koma, á Vestfjörðum, á Norðurlandi og á Austurlandi, fyrirtæki eins og Hitaveitu Suðureyrar, eins og Hitaveitu Siglufjarðar, eins og Hitaveitu Fella og Egilsstaða, svo að dæmi séu tekin af slíkum veitum, sem sumar hverjar eru með óbærilega háa gjaldskrá og það af illri nauðsyn. Ég hef alveg nýlega staðfest reglugerð, sem undirbúin var af sérstökum starfshópi sem með málefni þessara hitaveitna fór, — reglugerð, sem brátt mun birtast í Stjórnartíðindum, sem kveður á um og rýmkar möguleika slíkra veitna til þess að fá styrk vegna fjármagnskostnaðar, eins konar stofnkostnaðarstyrk til þess að létta þeirra erfiða dæmi.

En það er rétt að það komi einnig fram varðandi niðurgreiðsluna á rafhitun, að nú þegar eða frá 1. okt. s. l. hafa komið til framkvæmda þrír áfangar í niðurgreiðslu raforku og fram undan er fjórði áfanginn, væntanlega tengdur næstu gjaldskrárákvörðun, sem taka mun gildi 1. maí n. k. Niðurgreiðslan á raforkunni nemur nú 17 aurum á hverja kwst., en það sem innheimt er af notendum — og þetta eru tölur sem varða Rafmagnsveitur ríkisins, þær eru svipaðar hjá öðrum veitum, kannske aðeins lægri hjá sumum sem selja raforku til húshitunar í einhverjum mæli, — eru 58 aurar. Heildarverðlagningin er þá 75 aurar á kwst. til upphitunar samkv. taxta C-1 og niðurgreiðsluhlutfallið nemur 23%. Hlutfallið miðað við olíukyndingarkostnað miðað við óniðurgreidda olíu er núna — Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. alþm. hafa áhuga á að hlýða á mál mitt. (**Forseti:** Ég bið hv. þdm. að gefa hljóð.) — 23% af heildarkostnaði og kostnaðurinn við rafhitun samkv. gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er nú 62% af óniðurgreiddri olíu, 62% af olíukyndingarkostnaði, en ráðgert er að hann verði færður niður í 60% við næstu gjaldskrárákvörðun. Til samanburðar er þess að geta, að hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er þetta hlutfall nú 55%, en hjá Hitaveitu Akureyrar, en þessar tvær veitur voru teknar sérstaklega til viðmiðunar í samþykkt ríkisstj. í maíbyrjun s. l., er hlutfallið 59% eða mjög nálægt þeim 60% sem gert er ráð fyrir að raforkukostnaðurinn verði frá 1. maí n. k. að telja.

Vegna þeirrar umr. sem verið hefur um tilkostnaðinn við upphitun, sem hv. 6. landsk. þm. vék að áðan og taldi að næmi um helmingnum af dagvinnulaunum verkamanns á mánuði og væntanlega þá á ári á heildina litið, og ýmsar tölur hafa verið nefndar í blöðum um þessi efni, þá tel ég nauðsynlegt að fram komi hér þær upplýsingar, sem ég veit réttastar í þessu efni, sem Orkustofnun hefur reiknað út varðandi upphitunarkostnað á meðalíbúð, 400 rúmmetra íbúð, eftir síðustu gjaldskrárbreytingu 1. febr. s. l. Þá er miðað við sómasamlega einangrað húsnæði, þar sem olíunotkun, ef um hana væri að ræða, væri 13 lítrar á rúmmetra á ári — sagt eftir minni — sem er sá staðall sem eðlilegt er talið að miða við. Þá er kostnaðurinn sá sem hér greinir, og ég hef flokkað hann í fjóra þætti: í olíuhitunarkostnað, í rafhitunarkostnað, í kostnað hjá nýrri hitaveitu eða nýlegri, eins og á Akureyri, og hjá rótgróinni hitaveitu, eins og hér í Reykjavík, nálægt afskrifaðri hitaveitu:

Olíuhitunin niðurgreidd samkv. þessu væri á ári 28 450 kr. eða 2 371 kr. á mánuði, en án niðurgreiðslu 37 410 á ári eða 3 118 kr. á mánuði. Rafhitun — þar er miðað við taxta Rafmagnsveitna ríkisins, taxta C-1, — væri niðurgreidd 23 021 kr. á ári eða 1918 kr. á mánuði. Án niðurgreiðslu, eins og nú er, væri kostnaður við rafhitun 28 773 á ári eða 2 394 á mánuði. Hjá nýrri hitaveitu, og þar er það Hitaveita Akureyrar sem miðað er við, er þessi kostnaður 22 144 á ári eða 1845 kr. á mánuði. Og hjá rótgróinni hitaveitu, hitaveitu eins og Hitaveitu Reykjavíkur, þar sem kostnaðurinn er um 14% af olíukyndingarkostnaði, væri kostnaðurinn á ári 5 231 kr. eða 436 kr. á mánuði. Á milli þessara rótgrónu veitna, sem meiri hluti landsmanna, hér á Faxaflóasvæðinu sérstaklega, býr við, annars vegar og hins vegar þeirra sem búa við gjaldskrár nýrra hitaveitna eða við rafhitun, þótt niðurgreidd sé, svo ekki sé minnst á olíuhitun, er þessi munur óhóflega mikill, svo vægt sé til orða tekið, stórfelldur eða meira en fjórfaldur miðað við núverandi aðstæður og þær viðmiðanir sem hér eru viðhafðar við þennan samanburð, sem taka mið af meðalstórri sómasamlega einangraðri íbúð. Samkv. þessu er sem sagt verðmunurinn hjá nýjum hitaveitum með háa gjaldskrá og rafhitun nálægt 1000 kr. á ári eða raunar innan við 100 kr. á mánuði, en verðmunur á þessum veitufyrirtækjum, hvort sem um er að ræða jarðvarma eða raforku þessara veitna, og aftur ódýrustu hitaveitnanna er meira en fjórfaldur.

Nú veit ég að auðvelt er að benda á dæmi sem víkja verulega frá þessum meðaltalsaðstæðum af ýmsum ástæðum; vegna mjög mismunandi varmanotkunar hjá fólki, menn kjósa að hafa mismunandi hita á sér í híbýlum sínum og það leiðir til mismunandi útkomu á orkureikningnum, en ekki síður hins, að húsnæðið er mjög mismunandi úr garði gert og allt of mikið af íbúðarhúsnæði í landinu er vaneinangrað, er vanbúið, heldur illa hita og notkunin verður því til muna meiri en svarar til þeirra staðalaðstæðna sem vitnað er til og eðlilegt er að miða við. En einnig varðandi þetta hafa stjórnvöld reynt að bregðast við með fjáröflun og

lánveitingum til að auðvelda orkusparandi aðgerðir á húsnæði. Það voru tekin upp frá árinu 1981 að telja svokölluð orkusparandi lán til breytinga á húsnæði, til einangrunar íbúðarhúsnæðis, og er það sérstakur lánaflokkur sem um er að ræða. Mig minnir að á árinu 1981 hafi verið úthlutað 190 slíkum lánum. Á árinu 1982 var úthlutað 104 slíkum lánum að upphæð samtals 5.4 millj. kr. En Húsnæðisstofnun hafði meira til umráða en þessa upphæð. Hún hafði reiknað með 7 millj. kr. í þessu skyni, en eftirspurnin eftir þessum lánum var ekki meiri en svo að hægt var að fullnægja eftirspurninni og ekki var ráðstafað öllu fjármagninu sem til ráðstöfunar var. Á yfirstandandi ári gerir Húsnæðisstofnun ráð fyrir að hafa til umráða 8 millj. kr. í þennan lánaflokk til orkusparandi aðgerða. Og svo ákveðið sem ég mæli með því að áfram verði unnið að því að jafna orkukostnað í landinu, þá hlýt ég að hvetja mjög eindregið til þess að menn leiti leiða, hver og einn sem býr við hinn háa orkukostnað, og það mega reyndar allir taka til sín, og reyni að bæta stöðu sína með því að ganga betur frá híbýlum sínum og hagnýta sér lán sem í boði eru í þessu skyni. Þau lán þarf að gera aðgengilegri en nú er. Það er mikil spurning hvort það er ekki þjóðhagslega skynsamlegt að taka upp beina styrki í því skyni að menn geti gengið betur frá húsnæði sínu til að lækka orkureikninginn og þar með upphitunarkostnað þjóðarheildinni til hagsbóta.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt, vegna þess að þessi mál koma hér til umr. utan dagskrár enn einu sinni, og er ég þó síður en svo að ætlja að hv. alþm. hafi áhuga á að ræða þennan mikla vanda, að draga upp mynd af þessari stöðu og rekja þær tillögur sem nefnd fjögurra valinkunnra manna með tengsl við alla þingflokka hefur skilað af sér í sambandi við tekjuöflun til jöfnunar húshitunarkostnaðar til frambúðar. Meginábersla þessarar nefndar er að hækkað verði raforkuverð til stóriðju í landinu til þess að þannig sé hægt í senn að lækka gjaldskrár veitufyrirtækja sem selja raforku í smásölu þannig að hægt sé að lækka þeirra gjaldskrár og þannig að ekki þurfi að koma til þeirra gífurlegu verðhækkana sem Landsvirkjun telur að sínu mati nauðsynlegt að velta yfir á almenningsveitur í landinu áframhaldandi og nema samkv. áætlun stjórnar Landsvirkjunar á þessu ári 126%. Áform eru um að hækka gjaldskrá Landsvirkjunar samkv. hennar áætlun og raunar fremur vægum verðbólguforsendum miðað við núverandi horfur, sem þar eru lagðar til grundvallar, sem þessu nemur.

Ég tel mikinn feng að því að álit þessarar nefndar um tekjuöflun liggur fyrir, og ég tel mikla nauðsyn á því, að ekki verði látið við það mark sitja, sem horfur eru nú á að náist með niðurgreiðslu raforku 1. maí n. k., að munurinn verði ekki meiri en 60% miðað við olíukyndingarkostnað, heldur leiti menn áframhaldandi leiða til að draga úr þessu mikla misrétti, sem fólgið er í geysilega ólíkum tilkostnaði við upphitun, sem er milli fjórfaldur og fimmfaldur þar sem tilkostnaðurinn er lægstur og þar sem hann er hæstur, og finnast þó dæmi um að hann sé ennþá meiri þar sem húsnæði er vanbúið til þess að halda hita innan veggja.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið um þetta.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessar umræður gefa mér tilefni til þess að rifja upp fyrir hv. þdm. eðli og tilgang umr. utan dagskrár. Utan dagskrár er hv. þm. gefið orðið til að koma á framfæri brýnum málefnum, sem þeir vilja vekja athygli á, eða leita svara við áríðandi málefnum hjá stjórnvöldum. Hér var að vísu um það að tefla að hv. þm. hafði beðið með það heila viku í samráði við forseta að koma spurningum sínum á framfæri við ráðh., en hæfilegt hefði verið, eins og þetta mál er vaxið, að þeim fsp. hefði verið komið á framfæri á eins og 5 mínútum, en ekki 15, og svo svarinu öllu helst á eins og 10 mínútum, en ekki 50. Ég vil taka það skýrt fram að alveg er útilokað að ég verji öllum reglulegum fundartíma deildarinnar til umr. utan dagskrár og bið menn að hafa það í huga.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. hefur vakið máls hér á verðjöfnun á hitakostnaði húsa hér á landi og óskað eftir svörum frá hæstv. iðnrh. við ákveðnum spurningum. Hæstv. iðnrh. fór yfir þetta mál mjög ítarlega, en þó skortir enn nokkuð á að fullnægjandi svör hafi fengist. Ég vil þó, áður en ég vík að jöfnun húshitunarkostnaðar almennt, segja örfá orð um það sem fram kom hjá hv. 6. landsk. þm. og kemur reyndar oft fram í ræðum manna hér á Alþingi, en það er misvægi í búsetuskilyrðum.

Ég dreg ekkert úr þeim mikla mun sem er á hitunarkostnaði eftir landshlutum. Um það hefur ekki verið ágreiningur hér á hv. Alþingi að þennan mun ætti að jafna, að einhverju marki a. m. k. En mér finnst oft á tíðum í ræðum manna að menn geri of mikið úr því sem menn kalla misvægi í búsetuskilyrðum og einblíni þá á ákveðna afmarkaða hluti, og þá einkum húshitunarkostnaðinn. Sannleikurinn er sá, að þetta mál er alls ekki svona einfalt. Þó að hægt sé að benda á svo mikinn mun á kostnaði við upphitun húsa, þá er jafnframt hægt að benda á ýmiss konar annan mun á búsetuskilyrðum hér í landi, sem er þéttbýlissvæðinu í óhag en menn taka ekki tillit til. Ég held að það sé t. d. alveg ljóst að húsnæðiskostnaður er miklum mun meiri hér á Reykjavíkursvæðinu en á mörgum öðrum stöðum úti um land. Bæði á það við um verð á húseignum, jafnvel um byggingarkostnað og ég tala ekki um húsaleigu. Samgöngukostnaður innan sveitarfélags er og miklu meiri hér á Reykjavíkursvæðinu heldur en víða innan sveitarfélaga annars staðar.

Þetta bendi ég á til þess að undirstrika að það er nauðsynlegt að taka mun fleiri þætti inn í þetta mál þegar verið er að vega og meta búsetuskilyrði í hinum einstöku landshlutum. Með þessum orðum vil ég þó ekki draga úr því að sá munur, sem verið hefur á húshitunarkostnaði, er of mikill og það hefur ekki verið ágreiningur um það hér á hv. þingi að um hann ætti að fjalla sérstaklega og hann ætti að jafna. Og það var einkum með tilliti til þess að menn vildu að stigin yrðu röskleg skref í átt til jöfnunar, að lögin um orkujöfnunargjald voru samþykkt hér á Alþingi 10. apríl 1980. Þessi lög rifjaði hæstv. ráðh. upp og las texta þeirra og ég skal ekki gera það hér. Hann vitnaði jafnframt til grg. og vildi með því sanna að í raun hefði Alþingi ekki verið að taka ákvörðun um tekjuöflun til orkujöfnunar nema að litlu leyti. Þessum skilningi hæstv. ráðh. vil ég alfarið mótmæla.

Ég minnist vel þessara umr. hér á hv. Alþingi árið 1980 og umr. í þingflokki sjálfstæðismanna t. d.

Þá var skýrt tekið fram að nú ætti að stíga stór skref í átt til orkujöfnunar. Nafnið á þessu gjaldi, orkujöfnunargjald, það eitt út af fyrir sig bendir til þess hver var tilgangur með því, hvert þessi sérstaki skattur, þetta 1½% af söluskattsstofni ætti að ganga. En ríkisstj. hefur farið aðrar leiðir. Hæstv. ríkisstj. með hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar hefur brugðist trausti og trúnaði Alþingis í þessu efni með því að taka þær tekjur sem ætlaðar voru til þessara nota til annarra alls óskyldra hluta.

Með því að lesa grg. má sjá að það var að vísu ætlunin, a. m. k. á þessu fyrsta ári, að einhver hluti gjaldsins gæti orðið afgangs. Þess er getið eftir að rakið hefur verið í grg. að ríkissjóður hafi lagt í ýmis útgjöld vegna rafmagns- og orkumála og þessi útgjöld hafi átt þátt í að veikja stöðu ríkissjóðs verulega. En síðar segir: „Þykir ekki óeðlilegt að það sem eftir stendur af gjaldinu renni í ríkissjóð til að styrkja stöðu hans til mótvægis við fyrrgreind framlög til orkumála.“ Þarna er látið að því liggja að um einhvern óverulegan afgang sé að ræða, það sem eftir standi af þessu gjaldi. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að þetta gjald hefur í vaxandi mæli farið til almennrar eyðslu hjá ríkissjóði. Á árinu 1982 var þetta gjald 190 millj. kr. Samkv. sérstakri grg., sem fjmrn. hefur látið frá sér fara og birtist sem fskj. með því nál. sem hæstv. ráðh. vitnar til, má með miklum sparðatíningi sýna fram á að til þessara nota hafi farið 58—59 millj. kr. af þessum 190 millj. kr. Annar hluti þessa gjalds hefur farið til almennrar eyðslu hjá ríkissjóði.

Nýjustu útreikningar benda til þess að á árinu 1983 muni tekjur af orkujöfnunargjaldinu nema 315 millj. kr. Hv. 6. landsk. þm. spurði hæstv. iðnrh. að því áðan, þegar hann hóf máls hér í upphafi fundar, hvert þessir peningar mundu ganga. Hæstv. iðnrh. svaraði því ekki. Hann svaraði með almennum orðum, hann reyndi að afsaka sig með því að vitna í grg., taldi að það væri í lagi að taka þetta gjald til annarra nota, en sundurliðað hvert þetta gjald ætti að renna það gat hann ekki upplýst. Það er líka skiljanlegt vegna þess að hæstv. iðnrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. hafa ákveðið að þetta sérstaka gjald, orkujöfnunargjald, gjald til þess að jafna orkukostnað í landinu, skuli renna til annarra hluta og það mikilvæga verkefni, sem hv. Alþingi sameinaðist um að leysa á vordögum 1980, skuli lagt til hliðar að miklu leyti. Það er alveg nauðsynlegt að menn átti sig á því að hér er um það að ræða að hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. hefur sýnt þessu máli lítinn áhuga, hefur sýnt því lítinn áhuga að koma til móts við það fólk víðs vegar um landið sem nú býr við óheyrilegan orkueða upphitunarkostnað. Það er hins vegar reynt að vefja þetta mál inn í alls konar umbúðir, drepa því á dreif og kenna allt öðrum hlutum um heldur en áhugaleysi hæstv. ríkisstj. Þar bendi ég fyrst á að nú er verið að tengja þetta orkuverði til stóriðju. Í því nál. sem hér liggur fyrir er talið að aðalatriði þessa máls, aðalatriðið til að jafna upphitunarkostnað á landinu, sé að hækka orkuverð til stóriðju. Auðvitað er hér verið að blanda saman óskyldum hlutum, sennilega að yfirlögðu ráði, sem lið í því áróðursstríði sem hæstv. iðnrh. er að setja á svið hér hvað eftir annað til að fela m. a. dugleysi sitt í því að ná fram eðlilegum samningum um hækkað orkuverð til stóriðju.

Sannleikurinn er sá, að ef menn ætla sér að taka þessa stefnu, taka að einhverju eða miklu leyti hækkað orkuverð til stóriðju til þess að greiða niður raforkuverð víðs vegar um landið, þá verða menn auðvitað að taka mið af kostnaði Landsvirkjunar og fjárhag Landsvirkjunar. Menn vita það að Landsvirkjun er rekin með halla. Landsvirkjun stendur líka frammi fyrir stórfelldum nýjum virkjunarframkvæmdum. Fyrirtækið sjálft hefur áhuga á að geta fjármagnað þær með eigin fjármagni allt að 20%, m. a. til þess að lækka framtíðarrafmagnsverð á landinu. Allt þetta verður að taka með inn í þetta dæmi, en ekki að stilla upp svona einfaldri mynd eins og hæstv. iðnrh. er að leitast við að gera.

Látið er að því liggja að það sé hækkun á heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar, sem sé fyrst og fremst og nær eingöngu orsökin þegar rætt er um hækkað raforkuverð í landinu. Auðvitað er það ekki nema hluti af skýringunni þó að reynt sé að fela það. Hæstv. ráðh. veit vafalaust eins og ég að útgjöld t. d. Rafmagnsveitna ríkisins eru ekki nema að hluta vegna orkukaupa. Sennilega eru um 50% af útgjöldum Rafmagnsveitna ríkisins vegna orkukaupa. Önnur 50% eru vegna annars kostnaðar, launakostnaðar, efniskaupa og annars þess háttar. Rafmagnsveitur ríkisins hafa vissulega þurft á hækkunum að halda vegna þess hluta af sínum útgjöldum. Rafmagnsveitur ríkisins og aðrar rafmagnsveitur í landinu hafa verið sveltar árum saman varðandi hækkanir og hafa þurft að stofna til skulda í mjög ríkum mæli, skulda sem þarf að greiða. Það er því óleyfilegt með öllu að ætla sér í áróðursskyni að láta að því liggja, að meginástæða þess að upphitunarkostnaður í landinu sé svo ójafn sé verðið til stóriðju.

Ég vil sérstaklega benda á að einn nm., fulltrúi þingflokks sjálfstæðismanna í nefndinni, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, hafði fyrirvara bæði um þetta atriði og önnur í nál. Hann segir í sínum fyrirvara með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðagerðin um ráðstöfun á hluta af auknum tekjum Landsvirkjunar af orkusölu til stóriðju er nú hvorki tímabær né raunhæf, enda koma þær tekjur í góðar þarfir engu að síður, og raunar mest um vert að láta einskis ófreistað til að ná hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins.“

Það er líka vert að huga að því hverjar eru aðrar tillögur og hugmyndir þessarar nefndar, sem starfaði undir forustu Kjartans Ólafssonar, eins af forustumönnum Alþb. Það er lagt til sem eins konar varatillaga að leggja á sérstakan orkuskatt, þó ekki á olíu til fiskiskipa né til verðjöfnunargjalds skyldra rafveitna. Slíkur orkuskattur, ef hann yrði lagður á, mundi hækka hitaveitugjald hér í Reykjavík um 5%, þá gjaldskrá sem reynt er nú að halda niðri með öllum tiltækum ráðum. Ég vil strax taka af öll tvímæli um það, að ég er algerlega andvígur þeirri till. sem hér er lögð fram um sérstakan orkuskatt. Ég vil að það komi strax fram að ég tel það fráleitt að leggja sérstakan skatt á hitaveiturnar í landinu í þessu skyni, sem mundi eins og ég sagði hækka hitaveituverðið um 5% hér í Reykjavík. Um þetta atriði hafði líka sterkan fyrirvara Þorv. Garðar Kristjánsson. Hann sagði í sínum fyrirvara: „Það er lagaskylda að ráðstafað sé fjármagni, sem aflað er með orkujöfnunargjaldi, samkv. lögum nr. 12 frá 1980 eftir því sem með þarf til jöfnunar hitakostnaðar. Þess vegna er hvorki rétt né nauðsynlegt að leggja nýja skatta á til að mæta þessum þörfum, hvort heldur er

orkuskattur eða söluskattur.“ Nefndin bendir einnig á það eða meiri hluti hennar, að það eigi að setja á sérstakan söluskatt eða hækka söluskattinn og nefnir 0.3% hækkun í þessu sambandi.

Hæstv. ríkisstj. verður að horfast í augu við þá staðreynd, að hún leitaði eftir samþykki hér á hv. Alþingi á vordögum 1980 til þess að afla fjár til að jafna upphitunarkostnað í landinu. Þm. allra flokka féllust á þessi tilmæli ríkisstj. og samstaða varð hér á hv. Alþingi um að hækka söluskattinn þannig, að lagt var á 1½% nýtt söluskattsstig. Það eru hrein svik af hæstv. ríkisstj. að hafa tekið þennan tekjustofn til annarra nota og vera nú að leggja á ráðin um nýja sérstaka skatta í þessu skyni. Og þó að hæstv. iðnrh. leitist við hér í ræðustól að vefja það inn í einhverjar umbúðir með því að vitna bæði í lögin sjálf og grg. með þeim, þá fer það ekki milli mála að hæstv. ríkisstj. hefur brugðist trausti Alþingis í þessu efni.

Þá má kannske láta sér það í léttu rúmi liggja að hæstv. ríkisstj. bregðist trausti Alþingis. Við erum vanir því hér á Alþingi að hæstv. ríkisstj. geri það. Alvarlegast í þessu er þó það, að hæstv. ríkisstj. hefur brugðist trausti þess fólks, sem treysti á það og vonaðist eftir því, þegar þessi sérstaki skattur var lagður á allan almenning, að með því væri verið að stíga stórt skref í átt til að jafna upphitunarkostnað í landinu. Fólk treysti á það. Fólk greiðir í aukaskatt 315 millj. kr. á þessu ári í trausti þess að þetta fé verði notað til þessara hluta, en hæstv. ríkisstj. hefur þegar tekið ákvörðun um að gera það ekki. Það er alveg út í hött að hæstv. iðnrh. sé að kenna fjvn. um það eða einstökum fjvn.-mönnum að þessi skattur skuli hafa farið í annað. Það eru tillögur hæstv. iðnrh., það eru till. hæstv. fjmrh., sem þar er verið að framkvæma. Meiri hl. fjvn. hér á Alþingi lýtur í þessu efni vilja hæstv. ríkisstj. Hér er því verið með einstökum hætti að hlaupast undan verkefni sem Alþingi fól hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. á ekki nema eina leið út úr þessu máli. Hún á ekki nema eina leið til að jafna húshitunarkostnað á Íslandi. Sú leið er að nýta það fjármagn sem Alþingi samþykkti að veita henni í þessu skyni. Allt annað er að bregðast trausti bæði þings og þjóðar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Áður en ég fresta þessari umr. utan dagskrár gef ég frummælanda, hv. 6. landsk. þm., tækifæri til þess að þakka svörin í örstuttu máli.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mig tekur sárt að þurfa að taka tregt í það hjá hæstv. forseta að fá aðeins að þakka svörin, vegna þess að ég tel ekki við hæfi að frummælandi, hvort sem er utan dagskrár eða með öðrum hætti, fái einvörðungu að tala í 15 mínútur, en sá sem svarið gefur, þ. e. hæstv. ráðh., fái að tala í 50 eða 55 mínútur. Ég vil því mælast eindregið til þess við hæstv. forseta að ég fái hér að segja örfá orð til viðbótar þakklætinu til hæstv. ráðh. (**Forseti:** Skiptir ekki máli ef það er nógu stutt.)

Ég ætla þá að byrja á því að þakka hæstv. ráðh. þau svör sem hann hér gaf, svo langt sem þau ná, en þau eru víðs fjarri að vera viðhlítandi svör við þeim spurningum sem hann var spurður að. Hann fór að drepa málinu á dreif og saka einstaka fjvn.-menn og fjvn. sem heild um það hvernig þessu fjármagni væri ráðstafað. Ég minni hæstv. ráðh. á það, að í fjvn. var óskað eftir yfirliti um með hvaða hætti þessu fé var skipt á árinu 1982 og hvað væri fyrirhugað á árinu 1983. Það fékkst ekki. Ég minni hæstv. ráðh. einnig á það, að við hverja einustu afgreiðslu fjárlaga eftir að þessi lög voru samþykkt hefur stjórnarandstaðan borið fram brtt. um að öllu þessu fjármagni yrði varið til jöfnunar orkuverðs. Hæstv. ráðh. hefur verið í broddi fylkingar um að fella þær tillögur. Hann leikur því tveim skjöldum í þessu sem öðru. Það er hrein fásinna að ætla að koma sökinni í þessu tilfelli yfir á einstaka fjvn.-menn. Hér ber hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. og stjórnarliðið sem heild ábyrgð á því að ekki hefur verið farið að lögum. Heitið eitt á þessu gjaldi, orkujöfnunargjald, ber það með sér að það er til þess ætlað að jafna orkuverð í landinu. Það er ekki einvörðungu verið að tala um jöfnun á húshitunarkostnaði að því er varðar olíustyrki. Það er verið að tala um almennan jöfnuð orku með þessu gjaldi. Og af hverju halda menn að í fjárlagafrv. fyrir árið 1983, sem lagt var fram á síðasta hausti, og í fjárlögum yfirstandandi árs sé búið að strika þetta heiti, orkujöfnunargjald út úr fjárlögunum? Af hverju skyldi það vera? Kynni að vera að það væri ákvörðun hæstv. iðnrh. og fjmrh. að það heiti, orkujöfnunargjald, skyldi ekki lengur standa í aðgreindum plöggum hér á hv. Alþingi til að minna fólk á til hvers sá skattur var ætlaður á sínum tíma sem allir þm. voru sammála um að leggja á?

Hæstv. iðnrh. talaði um að það ætti að leggja hluta af þessu gjaldi til rekstrar ríkissjóðs. Allur málflutningur um þetta mál á Alþingi, þegar það var hér til meðferðar, gekk út á það að öllu andvirði þessa gjalds yrði varið til jöfnunar á orku. Hins vegar kæmi til álita, ef menn teldu þetta það mikið fjármagn að þeir vildu ekki ganga lengra en svo að einhverjir fjármunir yrðu eftir, að nýta það til annarra hluta. En meðan þetta geigvænlega verkefni blasir við með þeim hætti sem það hefur gert alveg frá 1980 og raunar fyrr, þá er engin heimild til handa hæstv. iðnrh. eða ríkisstj. til að grípa þetta fé ránshendi og nýta í eyðsluhít ríkissjóðs á öðrum sviðum en þeim sem þetta var ætlað til.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma þó að full ástæða hefði verið til þess að gera í þessum umr. að frekara umræðuefni á hvern hátt hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþingis hefur í raun og veru gerst lagabrjótur hér að því er varðar framkvæmd þessa lagaþáttar. Ég tek undir með hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþingis, stjórnarliðið, hefur ekki einvörðungu orðið Alþingi í raun og veru til minnkunar, heldur hefur það brugðist allri þjóðinni með því að fara ekki að eigin lögum að því er þetta ákvæði varðar, að jafna búsetumun að þessu leytinu til, þó að hægt væri að benda á miklu fleiri dæmi um að fólk úti á landsbyggðinni víðast hvar er þrúgað af miklu meiri kostnaði en gerist hér á því svæði sem við erum á.

Ég taldi að það ætti að vera auðvelt fyrir hæstv. iðnrh. að veita svör við svo sjálfsögðum spurningum sem þeim, til hverra hluta hæstv. ríkisstj. hefði varið því fjármagni, 160 millj., á síðasta ári sem átti að fara til jöfnunar orkuverðs en var ekki gert. Og einnig að því er varðar þann þátt ársins í ár, 248 millj. sem eftir eru að því er best verður séð, til hverra hluta á að verja þessum 248 millj.? Engin svör hafa fengist við þessu. Það er athyglisvert að í umr. hér á Alþingi skuli hæstv. iðnrh. ekki sjá sér fært að segja til um það, með hvaða hætti

hann eða ríkisstj. öll ætlar sér að ráðstafa þessum ránsfeng sínum frá skattþegnum. Hér er um hreinan ránsfeng að ræða og það er af og frá að hæstv. ríkisstj. með iðnrh. í broddi fylkingar fái þm. almennt, ég tala nú ekki um skattþegnana almennt, til að fallast á frekari skattlagningu í þessum efnum án þess að skila ránsfengnum, sem hún hefur tekið undangengin ár og á að fara til þessa verkefnis. Að tala um enn aukna skattlagningu nú til að jafna orkuverð án þess að skila þessum fjármunum til baka, það er um tómt mál að tala að menn taki þátt í slíkum leik. Væri hæstv. ríkisstj. og iðnrh. réttur litli puttinn í þeim efnum, í frekari skattlagningu til þessa verkefnis, væri hún fyrr en varði, fengi hún líf sitt svo lengt, búin að ráðstafa því til allt annarra hluta. Ég a. m. k. treysti hæstv. ríkisstj. ekki — og enn síður hæstv. iðnrh. einum til að feta þann stíg sem þarf til að koma þessu máli heilu í höfn. Og það er út í hött að blanda hér saman þeim þætti og orkuverði til stóriðju, sem ég út af fyrir sig tel sjálfsagt að hækka, en það verður ekki að mínu viti gert meðan núv. hæstv. iðnrh. er látinn ráða ferðinni í þeim efnum. Þar verður svipað uppi á teningnum undir hans forsjá eins og verið hefur í því að koma til skila til almennings þeim skattpeningum sem búið er að taka af honum til að jafna orkuverð undangengin þrjú ár. Meðan sú stefna ræður ferðinni sem hæstv. iðnrh. og raunar ríkisstj. öll hefur að leiðarljósi í þessu efni sem öðrum er ekki neins góðs að vænta.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þetta voru svo hlýjar kveðjur sem ég fékk hér fyrir svör mín, að það er nú kannske ekki þörf á að koma hér aftur nema þá til að þerra tárin ef maður hefur komist við. Það eru aðeins fáein orð til þeirra hv. alþm. sem hér hafa tekið til máls og haft býsna hátt um þessi efni. Þeir tala um þennan gjaldstofn æ og aftur og leita skýringa á til hverra þátta þeim fjármunum hafi verið varið sem ekki hafi verið með beinum hætti greiddir til orkujöfnunar. Ég tók það fram í mínu svari áðan að slík sundurliðun á gjaldinu hefur ekki verið gerð. Gjaldið er ekki markaður tekjustofn. Það var öllum hv. alþm. ljóst, sem samþykktu þessi lög, að hér var ekki um markaðan tekjustofn til þessara verkefna að ræða. Það er því eðlilegt að ekki hafi verið greitt um svör innan hv. fjvn. þegar hv. fjvn.-maður Karvel Pálmason var að leita þar upplýsinga um til hvaða annarra þátta tekjum af þessu gjaldi hafi verið varið. Og þó að hann vísi til þess að fluttar hafi verið brtt. um þetta efni af hv. stjórnarandstæðingum við fjárlagaafgreiðslu, þá er nú fróðlegt að fletta því upp í þeirri afgreiðslu hvar átti að lækka útgjöldin á móti í sambandi við þessi efni. Hér var að sjálfsögðu spurningin um það eins og ella, þegar um er að ræða tekjur og gjöld ríkisins, að endar standist á.

Ég hefði kosið að afgreiðsla Alþingis 1980 hefði verið með þeim hætti að hér hefði verið um markaðan tekjustofn að ræða til orkumála almennt. En það var ekki einu sinni til orkumála sem slíkra sem þessi tekjustofn var markaður. Læt ég það nægja varðandi þennan gjaldstofn og fullyrði að hér er um blekkingatal að ræða hjá hv. stjórnarandstæðingum. En ég tek undir með hv. 6. landsk. þm. að þörfin á tekjum til jöfnunar er fyrir hendi. Nú liggur hér fyrir álit nefndar með tengsl við alla þingflokka um tekjuöflun í þessu skyni. Þar er fyrst og síðast vísað til þess að hækka þurfi orkuverð til stóriðju í landinu. Og þó að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson telji að að sé röng áhersla, þá á hann eftir að heyra það aftur og með skýrari hætti heldur en ég hef nú tíma til að ræða hér að þessu sinni, að verðlagningin á orku til stóriðju í landinu er grundvallaratriði til að tryggja til frambúðar að þeir sem nota innlenda orkugjafa búi við viðunandi orkuverð og viðunandi kjör í þeim efnum.

Við heyrðum að hv. 6. þm. Reykv. var ekki reiðubúinn að mæla með því að jafnað yrði innan orkugeirans, sem við köllum svo, í ríkum mæli. Hann treysti sér alls ekki til að styðja þá hugmynd að 0.3% orkuskattur eða sem því svaraði legðist á Hitaveitu Reykjavíkur, gjald sem mundi svara til 5% hækkunar á gjaldskrá hennar að hann taldi. Ætli það sé ekki svona 250 kr. á ári sem þar var um að ræða? En hann er ófáanlegur til að færa þannig á milli til jöfnunar. Það tók hann mjög skýrt fram í þessu máli um leið og hann, stjórnarmaðurinn í Landsvirkjun, leggur ekki ríka áherslu á að það skipti máli að fá orkuverðið til stóriðju hækkað. En ég fagna því sem fram kemur í fyrirvara hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um það efni og hér var vitnað til áðan, að raunar sé mest um vert, eins og hann orðaði það, að láta einskis ófreistað til að ná hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins hf. Það er mál sem ég vænti að hv. alþm. geti sameinast um og tengist vissulega þessu máli með skýrum hætti.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skil það svo að í huga hæstv. forseta sé það réttlát fundarstjórn að leyfa hæstv. ráðh. að rausa hér — ætli það sé ekki kominn klukkutími? Hæstv. ráðh. fékk orðið áðan eftir að hæstv. forseti hafði sagt að umr. yrði frestað strax og hv. frummælandi, 6. landsk. þm. hefði lokið máli sínu. Þá lá það fyrir að óbreyttir þm. fengju ekki að taka til máls á eftir þeim ræðumanni. Hins vegar kemur nú í ljós að hæstv. forseti gefur hæstv. ráðh. orðið og hafði ég þó beðið um það á undan. Síðan hefur hæstv. ráðh. talað í þeim tón að full ástæða er til að gera aths. við hans orð. Ber að skilja fundarstjórn hæstv. forseta svo, að vér venjulegir þm. sitjum ekki á sama bekk og hæstv. ráðh.? Ég veit að við höfum minni stóla og kannske minna skegg, en ég ætla ekki að láta mér vaxa skegg til þess að hafa hér jafnan rétt við ráðh. Ber að skilja það svo, að hæstv. forseti standi fast á því að ég fái ekki að gera aths. eins og hæstv. ráðh.? Hann var búinn að tala í 50 mínútur áður, en ég hafði ekki talað í eina einustu mínútu. Ber að skilja hæstv. forseta svo að hann standi við þann úrskurð? — Skyndilega er hæstv. forseta tregt tungu að hræra.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það ætlar enginn að ræna menn málfrelsi hér. Ég sleit ekki umr., ég frestaði henni. Og það vill nú svo til, að í málaflokkum sem snúa að einstökum ráðherrum hafa þeir forgang. Þetta vita allir hv. þm.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að taka undir þau orð sem féllu hér í þingskapaumræðu hjá

hv. 7. landsk. þm. Mér þykir harla einkennilegt af hæstv. forseta, eftir að hv. 6. landsk. þm. hafði snuprað hæstv. iðnrh. sem talaði hér í 50 mínútur til að gefa svar við einföldum fsp. og hæstv. forseti hafði lýst því yfir að fresta ætti umr., að heimila þá ráðh. að gera fáeinar aths. sem síðan reyndust vera beinar árásir á ýmsa hv. þm., þar á meðal minnihluta menn í hv. fjvn. og stjórnarmenn í Landsvirkjun. Mér þykir þetta harla einkennileg ráðstöfun og tel hana gagnrýni verða hjá hæstv. forseta. Jafnframt þykir mér einkennilegt til viðbótar að hæstv. forseti skuli fresta umr. áður en fulltrúar allra stjórnmálaflokka, sem vilja taka hér til máls, hafa fengið tækifæri til þess. Mér er kunnugt um að einn hv. þm. Framsfl. er á mælendaskrá og mér þykir einkennilegt að hæstv. forseti skuli ekki, fyrst hann er að breyta röð á ræðumönnum, gefa þeim hv. þm. tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri nú á fyrri hluta þessa þingfundar í dag.

Svo er annað sem ástæða er til að nefna hér þegar rætt er um þingsköp. Ég hef margoft beðið um að fá að ræða hér mikilvæg mál, sum hver orðin harla gömul, þ. á m. 77. mál þingsins, sem var lagt fram á Alþingi miklu fyrr en brbl., sem mest virðist liggja á að afgreiða hér í dag. Þetta mál tafðist vegna þess að hæstv. menntmrh. treysti sér ekki til að taka þátt í þeim umr. framan af. En síðan lýsti hann því yfir rétt fyrir jól að hann væri tilbúinn að taka þátt í þeim umr. hvenær sem væri. Ég hef ekki fengið tækifæri til að flytja framsöguræðu í þessu máli og koma þannig málinu til nefndar. Þetta er brýnt mál, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að nú um þessar mundir er búið að taka ákvörðun um að opna aðra rás hjá Ríkisútvarpinu, og í skúffu hæstv. menntmrh. liggur frv. sem hann ætlar sér greinilega ekki að flytja á yfirstandandi þingi.

Í öðru lagi hef ég ásamt fleiri hv. þm. flutt frv. til breytinga á lögum um verðlag og samkeppnishömlur. Þar er um mjög brýnt mál að ræða. Ég fékk fyrir nokkrum dögum leyfi hæstv. forseta til að tala fyrir því máli, en það fórst fyrir af ástæðum sem óþarfi er að rekja hér. Málið fjallar um það, að sveitarfélög fái að verðleggja sjálf þá þjónustu sem er niðurgreidd. Auðvitað er ástæðan fyrir flutningi þessa máls sú, að Reykjavíkurborg á í málaferlum við ríkisvaldið vegna slíks máls og þess vegna er afar brýnt að yfirstandandi Alþingi fái að fjalla um málið og samþykkja lög um þetta efni.

Tvö önnur mál á ég hér á dagskránni og er 1. flm. að. Á sama tíma er verið að þvinga fram umr. hér á hv. Alþingi um lög sem eru búin að vera í gildi í hálft ár. Og allt er þetta gert vegna þess að hv. þm. Páll Pétursson hefur birt bréf, nýtt Pálsbréf ef svo má að orði komast, til forseta þess efnis að hann heimti að þetta mál verði hér á dagskrá í dag vegna þess að Framsfl. treysti sér ekki til þess í gær að taka afstöðu til kjördæmamálsins. Um þetta snýst umr. í dag. Hún snýst um það að einn stjórnmálaflokkur neitar að horfast í augu við það að náðst hefur meiri hluti á Alþingi um kjördæmamálið. Við ætlumst til þess alþm. að við fáum tækifæri til að koma því stóra máli í höfn áður en verið er að tala um mál sem engin ástæða er til að flýta með þessum ósköpum, einkum og sér í lagi vegna þess að það eru lög sem eru í gildi í landinu. Mér finnst þess vegna, herra forseti, full ástæða til að endurskoða þá afstöðu sem hefur verið tekin hér varðandi dagskrá, og ef á að fara að ræða hér dagskrá að byrja þá á þeim málum sem mest liggur á að afgreiða.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessi aths. um fundarstjórn byggðist líka á vanþekkingu. Satt að segja verða þeir hv. þm. sem eru bráðum búnir að sitja í fjögur ár og vilja halda áfram að fara að kynna sér eins einfalda hluti og það, að stjfrv. ganga fyrir, hafa forgang fram yfir frv. einstakra þm. (**HBl:** Það fer eftir réttlæti hæstv. forseta.) Það fer ekkert eftir því heldur eftir hefð, aldagamalli hefð sem var til áður en afi þessa skrifara vors var fundarstjóri hér og sá höfðingi fór stranglega eftir. Hv. þm. minnti á, og það kom vel á vondan, að fulltrúar þingflokkanna hefðu ekki fengið tækifæri til að tala í málinu. Fulltrúar beggja stjórnarandstöðuflokkanna höfðu fengið það, sem er meginmál þegar þannig stendur á. En það var í samráði við hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, sem hafði beðið um orðið, að þessari umr. var frestað. Pálsbréf hafa ekkert að segja í þessu falli.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst taka undir orð hv. þm. Friðriks Sophussonar og er hann þá orðinn sammála mér um það, að þingstörfin hér undanfarna daga — og er ég þá ekki að gagnrýna hæstv. forseta heldur þá menn sem eiga að stjórna hér þingstörfum að öðru leyti — þingstörfin hafa farið fyrir ákaflega lítið. Ég vil bara minna á þá daga sem liðnir eru af þessari viku. Það sem tekist hefur að gera hér í þingi er nánast ekkert annað en það, að ráðherrar hafa svarað hér nokkrum fsp. og í dag hefur dagurinn farið í utandagskrárumræður.

Ég vil endurtaka það, að stjórnin á þessu þingi, eins og hún hefur verið á undangengnum vikum og verður að öllum líkindum það sem lifir vetrar, er öll með sama marki brennd. Það verður engin breyting þar á. Þetta þing er í pattstöðu. Hér er ekki hægt að ræða nein mál af neinu viti og neinni alvöru, einfaldlega vegna þess að menn komast ekki út úr þeim vítahring að brjóta niður það afl, sem kemur í veg fyrir að þingið geti starfað með eðlilegum hætti. Þetta er mjög alvarlegt mál. Ég hef tekið býsna djúpt í árinni í gagnrýni minni á þingstörfin hér og kannske stundum verið orðljótur um of. Engu að síður vil ég endurtaka það, herra forseti, að mér finnst orðið ákaflega brýnt, ef þetta þing ætlar að halda einhverju broti af reisn sinni og virðingu meðal þjóðarinnar, að þeir sem fara með forustu þess setjist nú niður og reyni að komast að einhverju samkomulagi.

Nú vitum við, herra forseti, að það er verið að reyna að ná samkomulagi um kjördæmamálin. Það gengur hvorki eða rekur í þeim efnum og nú eru fram undan miklar viðræður sem enginn veit hvaða enda taka. Ég vildi því mælast til þess við virðulegan forseta þessarar deildar að hann beitti sér fyrir því af alefli að þetta þing færi að færast í eðlilegt horf. Sá háttur, sem hér hefur verið hafður á störfum, er fullkomlega óeðlilegur og ég er sannfærður um að mikill meiri hluti þingheims líður önn fyrir það að þurfa að hanga hér dag eftir dag, því að tilgangsleysið er svo algert að engu tali tekur.

Ég vildi ítreka þessi ummæli, ítreka það sem ég hef áður sagt um þetta mál, taka undir með hv. þm. Friðriki Sophussyni og fleirum sem þetta hafa gagnrýnt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það fellur

naumast undir liðinn þingsköp, en þó tel ég ástæðu til að taka hér aðeins til máls vegna ummæla hv. 10. þm. Reykv. Hann var hér að býsnast yfir störfum þingsins og vitnaði í þingflokk framsóknarmanna í sambandi við kröfu um að gengið yrði að því sjálfsagða verkefni þingsins að afgreiða brbl., sem væru búin að vera, þinginu til vansæmdar, óafgreidd svo lengi. Ég vil mótmæla slíkum málflutningi, sem hjá honum kom fram, að þessa væri ekki þörf. Jafnframt vil ég minna á það sem kom fram hjá formanni þingflokks Sjálfstfl. í sjónvarpinu nú nýverið, að þetta væru ómerkileg lög sem ekkert lægi á að afgreiða og hefðu enga þýðingu. Þetta er stórkostleg yfirlýsing. Ég hefði gaman af því að það tækifæri skapaðist hér í þingsölum, að þessi hv. þm. gerði grein fyrir því hvaða þýðingu það hefði haft fyrir þjóðarbúið ef þessi brbl. hefðu ekki verið sett. Mér finnst það orðið nokkuð áberandi að vissir þm. geri ráð fyrir því að almenningur í landinu fylgist ekki með og geri sér ekki grein fyrir jafneinföldum málum eins og þessu.

Eitt að lokum vegna þess að hv. þm. var að belgja sig hér út um það, að hann hefði ekki komist að með sín þingmál í umr. hér í þessari hv. deild. Svo vildi til, að ég þurfti að gegna hér forsetastörfum í allt að hálfan mánuð, og mér er því kunnugt um að fund eftir fund óskaði þessi hv. þm. eftir því að þetta frv. um útvarpsrekstur, sem hér er 11. mál dagskrárinnar, yrði ekki tekið á dagskrá. Hvers vegna? Vegna þess að hann hafði sjálfur ekki tíma til að mæla fyrir því. Og ég get rakið það vegna þess að ég hélt dagbók yfir þessa daga, og dag eftir dag var meðhöndlunin þannig á því máli. Ég er ekkert að ásaka hann fyrir það að hafa ekki tíma til að mæla fyrir málinu, en að setja það fram hér sem sérstaka átyllu og árás á stjórn þingsins á þessum vettvangi, það er algerlega rangt og ég mótmæli því.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ekki rengi ég það að hv. þm. Alexander Stefánsson haldi dagbók. En sú dagbók hefur ekkert sönnunargildi um það sem á milli okkar hefur farið. Það er staðreynd að ég hef verið tilbúinn að flytja framsöguræðu um útvarpsrekstrarmálið. Það hefur ekki staðið á mér í því sambandi. Ég get nefnt það til viðbótar að þetta er endurflutt mál og ég þyrfti ekki annað en að flytja sömu framsöguræðuna og ég flutti í fyrra. Hér í þingsali hefur vantað einn af flokksbræðrum Alexanders Stefánssonar, sjálfan hæstv. menntmrh. Það hefur verið meginástæðan fyrir því að ekki hefur verið hægt að ræða þetta mál. Þetta mál er brýnt og ástæðan fyrir því að ég hef vakið máls á því á nýjan leik er eingöngu sú, að frv. hæstv. menntmrh., sem hann lét sjálfur útbúa fyrir sig hjá útvarpslaganefnd undir forustu Markúsar Á. Einarssonar, hefur ekki séð dagsins ljós í sölum Alþingis. Það liggur í skrifborðsskúffu ráðh. Og ég skal viðurkenna að hann er ekki mikilvirkasti þm. Framsfl.

Ég biðst hins vegar afsökunar á því að hafa ekki vitað um að hv. þm. Alexander Stefánsson fór til forseta og tjáði honum að honum væri sama þótt viðhorf framsóknarmanna kæmust ekki til skila í þessum umr. um orkujöfnunargjaldið fyrr en seinna í dag. Ég vissi ekki um það. Ég vissi hins vegar að hv. þm. hafði beðið um orðið. Mér rann eiginlega blóðið til skyldunnar, því að við erum ágætir félagar úr hv. fjvn., að segja það við hæstv. forseta, sem ég átti erindi við, að mér þætti ósanngjart að svona væri komið fram við hv. þm. Alexander Stefánsson. — [Fundarhlé.]

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 269 og 282, 255, 277). — Frh. 2. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er nú að nálgast hálfs árs afmælið og kannske ekki að ófyrirsynju að það er komið til 2. umr. í seinni deild eftir svo langan tíma, en á ýmsu hefur gengið og gengur enn að því er þetta mál varðar eins og mörg hin fleiri sem hér ættu nú að vera til umr.

Það hefur margoft komið fram í umr. um þetta mál, og var því raunar lýst yfir strax, að brbl. frá því í ágúst s. l. eru fyrst og fremst kjaraskerðing, launalækkun, tilfærsla á fjármagni frá launafólki til atvinnuveganna. Og það sem er kannske enn þá verra, og er þetta þó nógu slæmt, er að enn einu sinni er hér gripið inn í löglega gerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins og þeir ógiltir. Það þarf ekki að taka það fram hér, að alla tíð hefur verkalýðshreyfingin og forsvarsmenn hennar á hverja tíma sem er mótmælt slíkum afskiptum löggjafans af löglega gerðum kjarasamningum verkafólks og vinnuveitenda. Og það gekk svo langt, þegar þetta gerðist 1978 með febrúarlögunum margumtöluðu, sem voru, ef ég man rétt, með svipuðum hætti og efnisinnihald þeirra laga sem hér um ræðir er, að forustulið verkalýðshreyfingarinnar, og þá fyrst og fremst forustulið Alþb. í verkalýðshreyfingunni, beitti jafnt ólöglegum sem löglegum aðgerðum til að brjóta niður þá lagasetningu sem þá var um rætt og var framkvæmd. Þessi brbl. eru því sambærileg við febrúarlögin frá 1978, sem aðalforustulið Alþb. í verkalýðshreyfingunni taldi ástæðu til að brjóta niður með þeim hætti sem raun varð á. Eina breytingin á meginatriðum, sem átti sér stað með þeim brbl. sem út voru gefin í ágúst s. l., er sú, að nú er það forustusveit Alþb. sem ekki er bara þátttakandi í þessu, heldur hefur forustu um kjaraskerðingu, um launalækkun, um tilfærslu á fjármagni frá launafólki til atvinnurekenda og ógildingu kjarasamninga. Alþb. er núna aðili og raunar má segja frumkvöðull að vissu leyti að þessum málum. Það er í raun og veru eina breytingin frá 1978, en er eigi að síður ærið mikil breyting miðað við liðna tíð. Það gerðist í ágústmánuði s. l. að forustusveit Alþb. varð virkur þátttakandi í kjaraskerðingu og jafningi þeirra forustuafla í íslenskum stjórnmálum sem framkvæmt hafa hvað mestu kjaraskerðingu sem um getur. Hér er sem sagt enn farin sú leið sem alllengi hefur verið kölluð „gömlu íhaldsúrræðin". Ekki hefur staðið á því að Alþb. tæki þátt í að fara þá leið, fylla flokk þeirra sem fyrst og fremst vilja beita þeim lausnum sem „gömlu íhaldsúrræðin" gerðu ráð fyrir og gera ráð fyrir enn.

Nú skal því ekki leynt að því er varðar efnahagsmálin og þann vanda sem var við að glíma og er við að glíma, að auðvitað þurfti að leita úrræða til lausnar þeim vanda. En því hefur verið lýst yfir af hálfu Alþfl., það skal ítrekað hér, að sá vandi, sem fyrir er í efnahagsmálum, verður ekki leystur svo að viðunandi sé einvörðungu með þeim ráðum að ganga alltaf á launafólk. Það er yfirlýst stefna Alþfl. og það er yfirlýst stefna almennings í landinu, að ég hygg, að þessir aðilar eru reiðubúnir að taka þátt í lausn efnahagsvanda og

láta sitt af mörkum til þess að það megi takast, en það verður ekki gert einvörðungu með kjaraskerðingu hjá launafólki, — ég tala nú ekki um kjaraskerðingu hjá þeim sem síst skyldi og minnst mega sín.

Auk hinnar beinu kjaraskerðingar, ógildingar á gerðum samningum og beinu lækkunar launa hjá almenningi í landinu, þá er einnig í brbl. frá því í ágúst s. l. enn frekari launaskerðing, eða kjaraskerðing kannske frekar, en hin beina launalækkun gerir ráð fyrir. Það er einnig gert ráð fyrir því að vörugjald ekki bara hækki frá því sem var áður en lögin tóku gildi, heldur og einnig að nú skuli bætt við vörutegundum sem vörugjald skal lagt á. Þetta eitt og sér, vörugjaldið, er að mínu viti einhver óréttlátasti skattur sem á hefur verið lagður og þá fyrst og fremst gagnvart almenningi úti á landsbyggðinni og rýrir enn frekar launakjör fólks þar en á þessu svæði. Enn er haldið áfram að íþyngja launafólki úti á landi með hækkuðu vörugjaldi og fjölgun þeirra vörutegunda sem vörugjald er nú lagt á.

Þetta er gert, að sagt er af hálfu stjórnvalda, til þess að leysa þann vanda efnahagslífsins sem verið hefur. Engu að síður, þrátt fyrir að þessi lög hafi nú verið í gildi allan þennan tíma, liggur fyrir spá um það frá þeim spádómssérfræðingum sem stjórnvöld hafa yfirleitt tekið hvað mest mark á, sem er seðlabankavaldið í landinu, að verðbólga muni verða miklum mun meiri, þrátt fyrir þessa lagasetningu, kjararýrnun og kaupskerðingu, heldur en nokkurn hefur e. t. v. órað fyrir miðað við það ástand sem menn hafa verið að ræða um. Og það er vitað að sama ástand og var þegar lögin voru sett í ágúst, sama ef ekki verra ástand efnahagsmála, verður komið strax 1. mars við næstu ákvörðun verðbóta á laun, þannig að það sannast enn, það sem haldið hefur verið fram af talsmönnum Alþfl. um langan tíma, að þær lausnir sem hér er boðið upp á eru skammtímalausnir, sem leysa engan vanda til lengri tíma og eru einvörðungu til þess framkvæmdar að láta þær bitna á launafólki og þá ekkert síður á því launafólki sem síst skyldi en hinum sem betur mega sín.

Að sjálfsögðu var verkalýðshreyfingin andvíg slíkri lagasetningu. Strax einum eða tveimur dögum eftir að brbl. voru gefin út mótmælti miðstjórn Alþýðusambands Íslands harðlega þessari lagasetningu, en það furðulega gerðist, að hæstv. núv. félmrh. og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, bæði tvö úr herbúðum Alþb., túlkuðu mótmælin í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Islands sem jákvæð til lagasetningarinnar. Ef ég man rétt fagnaði hæstv. félmrh. því sérstaklega, að sá sem nú stendur hér í ræðustól skyldi taka þátt í þeim mótmælum. Slík er nú hundalógíkin í hugsunarhætti þeirra sem þannig fjalla um mál og taka afstöðu til þeirra, eins og hæstv. ráðh. og hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Beinlínis og vísvitandi halda þessir aðilar fram algerlega andstæðum hugsunarhætti við það sem í raun og veru er verið um að tala. Það er vissulega tímanna tákn að því er þetta varðar, að forustulið Alþb. í verkalýðshreyfingunni, sem nú á oddvitann í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, skuli opinberlega og á ótvíræðan hátt mótmæla þeirri kjaraskerðingu sem hið pólitíska forustuafl þessa sama flokks lætur yfir þjóðina og verkalýð þessa lands ganga. Það hefur ekki gerst fyrr á jafnótvíræðan hátt og það gerðist með samþykkt ályktunar miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, sem allir voru sammála um, og þar er engin undantekning.

Ég taldi nauðsynlegt að koma því alveg skýrt á framfæri að verkalýðshreyfingin hefur harðlega mótmælt þessu, þó svo menn þar hafi metið stöðu hreyfingarinnar svo að því er þessa tíma varðar að ekki væri fært vegna annarra kringumstæðna í þjóðfélaginu að brjóta þetta á bak aftur á eðlilegan hátt. En það sem er verst við þetta er að hin sífelldu inngrip löggjafans í gerða kjarasamninga framkalla ekki bara kjaraskerðingu í hvert skipti. Þau rýra með þessum hætti og þessum vinnubrögðum svo traust á verkalýðshreyfingunni, samningsgerð hennar allri og áhrifum, að það er vandséð hvort eða þá hvenær verkalýðshreyfingin ber sitt barr eftir að hafa þurft við þetta að búa svo árum skiptir. Það er augljóst mál, og ætti ekki að þurfa að ræða það sérstaklega, að álit almennings innan verkalýðshreyfingarinnar á samningsgerð hverju sinni hlýtur að rýrna við það að staðið sé í samningum svo vikum eða svo mánuðum skiptir eða allt að ári til þess að reyna að fá lagfæringar á launakjörum og öðru fyrir launafólk, en á einni nóttu svo að segja grípur ríkisvaldið inn í og ógildir þessa hina sömu samningsgerð og er búið að taka til baka meira en þær kjarabætur eru sem um var samið á hverjum tíma. Það sem er óskiljanlegast í þessu öllu er að þarna á hlut að máli ríkisvald sem sjálft hefur staðið að því að ná samningum á hverjum tíma, en notar svo tækifærið sjálft nokkrum dögum síðar til að ógilda hina sömu samninga.

Í yfirlýsingu, ef ég man rétt, upp á 20 eða 21 tölulið, sem fylgdu brbl. ríkisstj. eru frómar óskir, en fyrirsjáanlegt að engar líkur voru til þess, þó að engan vilja hefði skort hjá hæstv. ríkisstj. til, að framkvæma mörg hinna góðu mála sem voru upptalin í þessum yfirlýsingum. Ljóst var að engin aðstaða var fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að framkvæma það.

Ein af þessum yfirlýsingum var um að verja lægstu launin með svokölluðum láglaunabótum. Nú þarf ekki að fara mörgum orðum um þann þátt mála, hann er öllum í svo fersku minni vegna þeirra geysilega miklu ágalla sem voru á ákvörðun og útborgun láglaunabótanna nú um áramótin að allir hljóta það að muna. En það er eitt í þeim efnum sem ég vil taka alveg skýrt fram. Æðimargir halda því fram, að forusta verkalýðshreyfingarinnar hafi skrifað upp á þetta mál hjá hæstv. ríkisstj. Nú veit ég ekki hverja telja skal í forustusveit verkalýðshreyfingarinnar hér á landi. Ég á t. d. sæti í miðstjórn Alþýðusambands Íslands. En ég frábið mér alla ábyrgð á þeim reglum sem ákveðnar voru að því er varðaði útborgun láglaunabóta. Ég vísa því frá að hægt sé að álykta að forustulið verkalýðshreyfingarinnar, nema þá einhverjir tilteknir einstaklingar sem þar kunna að eiga hlut að máli, beri ábyrgð á því sem þar gerðist. Ég vil hins vegar segja að í mínum huga er mikið vafamál hvort það svarar kostnaði, ekki síst í ljósi galla sem komið hafa fram á reglunum um láglaunabæturnar, hvort það er í raun og veru þess vert að reyna að smyrja með einhverjum hætti á þær kjaraskerðingar sem var verið að framkvæma með brbl. ríkisstj. frá því í ágúst. Öllum var auðvitað ljóst og er ljóst að þessi lög voru kjaraskerðing og það verður aldrei hægt að ganga fram hjá því að þau voru fyrst og fremst kjaraskerðing í þeim skilningi að færa til fjármuni frá launafólki til atvinnurekenda.

Ég held að þær reglur megi breytast mikið, sem eftir kann að verða farið við næstu útborgun láglaunabóta,

verði einhvern tíma af því, ef það á að vera hægt að sannfæra launafólk um að með þessum reikningskúnstum sé í raun og veru verið að bæta eitthvað hag þess frá því sem var í sambandi við þessa löggjöf. Ég er alveg viss um það, og það hefur raunar komið margoft fram, að ekki síst launafólk er reiðubúið að taka þátt í lausn vandans sem við er að glíma, svo fremi sem menn sjá einhvern tilgang, einhvern árangur og að byrðunum sé réttlátlega skipt meðal þegnanna. Á það skortir svo sannarlega varðandi brbl. sem hér eru nú til umr.

Einnig var í þeim yfirlýsingum sem fylgdu frá hæstv. ríkisstj. m. a. fyrirheit um lengingu lána til húsbyggjenda, sem er eitt af stærri málum sem við er að fást í þjóðfélaginu í dag, því að í orðsins fyllstu merkingu talað er sá klafi, sem launafólk bindur sér með þeirri sjálfsögðu tilraun til að koma þaki yfir höfuðið, orðinn svo þungur að það er gersamlega vonlaust að almennur launamaður geti undir honum risið, enda liggur fyrir að aldrei hefur verið verra ástand hjá launafólki að því er varðar að standa undir skuldbindingum vegna íbúðarhúsnæðis en það er í dag.

Enn eitt fyrirheitið var gefið í yfirlýsingum sem fylgdu brbl. frá hæstv. ríkisstj., og ég ætla þó ekki að fara að tína þau öll upp, en það var fyrirheitið um jöfnun húshitunar hjá almenningi. Það mál var hér til umr. fyrr í dag og ég skal ekki eyða tíma í langa tölu um það, en ég ítreka enn að það er krafa þess fólks, sem þetta loforð átti að ná til, að við þetta verði staðið og þeim fjármunum, sem hefur verið aflað í þessu skyni, sem er orkujöfnunargjaldið, sé skilað til réttra aðila, en þeir ekki nýttir til allt annarra þarfa.

Það þarf ekki að ítreka það hér, það hefur margoft komið fram, að Alþfl. er andvígur bráðabirgðalausnum eins og hér um ræðir — lausnum sem eru til skamms tíma augsýnilega, leysa tiltölulega lítinn vanda, en eru allar á kostnað launafólks. Það er margyfirlýst stefna Alþfl. að hann vill breyta um í allri meðferð, stefnu og þróun efnahagsmála með langtímasjónarmið fyrir augum, með leiðum sem skila árangri og ekki síst með leiðum sem eru réttlátar og leggja byrðar réttlátlega á þjóðfélagsþegnana, fyrst og fremst með það í huga að hlífa þeim sem síst skyldi íþyngja, þeim sem verst eru settir og minnst hafa.

Ég skal ekki hafa uppi hér langt mál eða telja upp það sem lagt hefur verið fram af hálfu Alþfl. til lausnar vanda sem við er að glíma og hann er reiðubúinn að taka þátt í lausn á. En ég ítreka að margar tillögur um leiðir til úrbóta hafa verið fluttar hér inn á Alþingi í formi þingmála, en lítið sem ekkert á þær verið hlustað, þó hins vegar svo hafi brugðið við að einstaka flokkur er þó farinn að sjá að það er raunverulegt sem bent hefur verið á af hálfu Alþfl., raunverulegt og þess eðlis að það er hægt að leysa málin með þeim hætti, og ég skal ítreka að það verður að gerast.

Það kom fram í umr., sem urðu fyrir um viku muni ég rétt einmitt um þetta mál, æðieinkennileg afstaða hv. 4. þm. Reykv. að því er þetta mál varðar. Hann lýsti þeirri skoðun sinni þar, að hann mundi greiða atkv. gegn þessu frv., hér væri fyrst og fremst um kjaraskerðingu að ræða, tilfærslu fjármagns, en hann lýsti jafnframt ábyrgð á hendur öðrum stjórnarandstæðingum ef þeir gerðu slíkt hið sama. Þetta finnst mér æðimikill ruglingur í hugsanaganginum hjá þessum hv. þm. Það sem hann sjálfur ætlar að leyfa sér fordæmir hann að aðrir fái að gera. En þetta er alveg þvert við þá afstöðu hv. 4. þm. Reykv., sem hann lýsti við umr. um annað álíka frv., sem er til meðferðar á hv. Alþingi, sem er um Olíusjóð fiskiskipa og útflutningsgjald. Þar er einnig verið að breyta kjarasamningum sjómönnum í óhag, en hv. þm. lýsti yfir því að hann ætlaði að tryggja framgang þess máls með hjásetu. Síðar kom á daginn að ekki þurfti á henni að halda, þannig að hv. þm. hefði getað haft sömu skoðun í báðum þessum málum, sem eru sambærileg. En skoðanir hv. 4. þm. Reykv. stangast greinilega á að því er þetta varðar, og ekki verður betur séð en í uppsiglingu sé klofningur í skoðanamyndun innan hins fyrirhugaða Bandalags jafnaðarmanna.

Það væri vissulega þess virði að ræða nokkru lengur um allan þann málflutning sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur haft uppi hér á Alþingi undangengið, þar sem hann hefur ásakað fyrst og fremst „varðhunda valdsins," eins og hann orðar það, fyrir að gæta hagsmuna hinna ýmsu klíkna flokksgæðinga, en ég sé ekki betur, verði áframhald á þeirri göngu sem hv. þm. Vilmundur Gylfason er þegar farinn að ganga, væntanlega undir merkjum Bandalags jafnaðarmanna, en að þar sé í uppsiglingu eitt mesta flokksræði í ákvarðanatöku sem ég a. m. k. veit til hér á Íslandi. Auðvitað er það mál hv. þm., en hins vegar er lágmarkskrafa, sem verður að gera til hans eins og annarra, að hann leyfi samþingismönnum sínum góðfúslega að hafa sambærilega eða sömu afstöðu til mála hér á Alþingi og hann sjálfur ætlar sér að hafa. Það sé ekki fordæmanlegt að einhver einn annar þm. eða fleiri hafi sömu afstöðu til mála og hann.

Nú er ekkert um það vitað á þessu stigi máls hver kann að verða niðurstaðan að því er varðar afgreiðslu brbl. frá því í ágúst hér á Alþingi. Þeir sem neituðu að þing yrði kallað saman þegar í ágúst og málið tekið til afgreiðslu þá knýja nú á sumir hverjir að málið fái endanlega afgreiðslu hér með mismunandi tilhneigingu sjálfsagt og á mismunandi forsendum til þess sem er að gerast í þjóðfélaginu í dag. Nú mun það vera hluti Framsfl. sem krefst þess að málið sé afgreitt nú þegar, og forsendur munu vera þær, að þessi hluti flokksins vill losna úr hæstv. ríkisstjórn, vill efna til kosninga án þess að stjórnarskrármálið verði til lykta leitt á þessu þingi. Út af fyrir sig er þetta sjónarmið, en ekki er það stórmannlegt að bregðast þannig við þeim vanda sem fyrir er. Ólíkt stórmannlegra hefði verið af þessum aðilum, eins og raunar öllum öðrum, að taka þátt í að leysa ekki bara þetta mál, heldur og öll hin brýnustu mál sem fyrir þinginu liggja og verður að leysa ef ekki á að stefna í enn frekara óefni en þegar hefur gerst.

Það er ekki ástæða til þess, herra forseti, að fara að ræða hér sérstaklega um stjórnarskrármálið. Það kemur hér vonandi til umræðu áður en langur tími líður og þá fá menn að sjá og heyra afstöðu hinna einstöku þm. og þingflokka til þess. Ég skal ekki ræða það frekar hér. En í meginatriðum er afstaða mín til brbl. þessi: Hér er fyrst og fremst um að ræða kjaraskerðingu, tilfærslu fjármagns frá launafólki til atvinnurekenda, ógildingu gerðra kjarasamninga, sem eiga að standa hvaða stjórnvöld sem við lýði eru hverju sinni. Sú lausn, sem menn töldu sig hér vera að leggja til á vanda efnahagslífsins, dugar mjög skammt, hún dugar einvörðungu til tveggja eða þriggja mánaða og síðan er allt

komið í sama farið aftur ef ekki verra. Slíkum bráðabirgðalausnum er Alþfl. andvígur og telur það hvað brýnast, ekki síst nú, að gripið sé til róttækari breytinga á efnahagskerfinu öllu, uppskurðar á því í raun og veru, þannig að valdar séu leiðir sem hægt er að sýna fram á að séu til varanlegrar lausnar og bóta og þess eðlis að ekki sé bara verið að rýra kjör, framkvæma kjaraskerðingu hjá launafólki einu og sér, en það hafa þessi lög haft í för með sér eins og svo margar aðrar ráðstafanir sem stjórnvöld hafa gert á undangengnum árum þegar menn hafa talið ástæðu til að grípa til aðgerða til lausnar efnahagsvandanum.

Ég hefði, ef hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefði verið í salnum, freistast til þess að spyrja hv. þm. að gefnu tilefni um það, hvað liði þeim fyrirvörum sem hann lét eftir sér hafa varðandi stuðning við þessi brbl. Hvað líður t. d. ákvörðuninni um lánskjaravísitöluna, sem er stór þáttur í þessu máli og liggur hér fyrir þinginu frv. um frá þm. Alþfl.? Eru líkur á því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson greiði atkvæði með þessum brbl. án þess að fyrir liggi örugglega að breytt verði til hins betra í sambandi við lánskjaravísitöluna? Ótalmargar fleiri spurningar hljóta að kom upp í hugann ef litið er til baka og rifjaðir upp þeir fyrirvarar sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, hafði þegar hann var inntur álits og afstöðu til þess máls sem hér er nú til umræðu, en ekki skal frekar út í það farið þar sem hv. þm. er ekki til staðar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal reyna að hafa ekki mörg orð um það mál, sem hér er til umr., því mér er jafnmikið í mun og mörgum öðrum að reyna að fá það afgreitt hið allra fyrsta, eins og þingflokkur Alþfl. hefur raunar boðist til að gera undanfarna daga og vikur, þannig að það hefur ekki staðið á honum. Hvati þess að ég taldi mér nauðsynlegt að koma hér í ræðustól voru nokkur orð sem vinur minn og félagi hv. þm. Vilmundur Gylfason viðhafði hér um daginn. Mér þykir lakara að hann skuli ekki sjá sér fært að vera við þessa umr. því ég ætlaði að skjóta á hann nokkrum spurningum.

Ég vil hins vegar byrja á því að segja að mér finnst það algjört grundvallaratriði, þegar við ræðum brbl. eins og nú er gert, að fulltrúar þeirra flokka sem hér koma í ræðustól geri grein fyrir tillögum flokka sinna til lausnar á þeirri efnahagskreppu sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Mér hefur þótt það lakara af hálfu margra þeirra manna, sem tekið hafa þátt í þessari umr. um brbl., að þar hefur ekki komið fram eitt einasta atriði, það ég man, um hvernig þeir vildu leysa málið. Ég held að það verði óhjákvæmilega að gera þá kröfu til stjórnmálaflokkanna allra að þeir geri grein fyrir tillögum sínum um úrlausn efnahagsmálanna. Það er m. a. af þeirri ástæðu sem ég kem hér upp. Ég vil minna á það í skjótu bragði, að á þessu þingi hefur Alþfl. lagt fram hvorki meira né minna en 17 frv. og till. sem öll fjalla um efnahagsmálin og hvernig unnt væri að leysa eitthvert brot af þeim vanda sem nú er við að glíma.

Ég vil líka vara mjög eindregið við þeirri tilhneigingu, sem mér finnst hafa komið fram hjá mörgum stjórnmálamönnum síðustu vikur, að slá ryki í augu landsmanna með því að gera allt of mikið úr þeim formbreytingum á þjóðfélagskerfinu sem við köllum stjórnarskrárbreytingar og kjördæmamál. Þeir slá ryki í augu fólksins með því að láta það raunverulega halda að við leysum einhvern efnahagsvanda með því að breyta stjórnarskrá lýðveldisins. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi og fjarri öllum sanni. Það verður ekki ráðist gegn verðbólgudraugnum með því að breyta stjórnarskrá lýðveldisins, það dæmi gengur ekki upp. Ég vil vara almenning í þessu landi við því að hlusta á þann málflutning sem fram hefur komið af þessu tagi.

Ég hafði hugsað mér að spyrja hv. þm. Vilmund Gylfason að því í mesta bróðerni og alveg áreitnislaust hvað hann, eftir ræðu sem hann flutti hér fyrir nokkrum dögum, hafi til málanna að leggja í sambandi við úrbætur í efnahagsmálum. Ég hef ekkert frá honum heyrt um það, ekki eitt einasta orð. Ég vil t. d. spyrja þann hv. þm. að því, hvort við ættum að greiða erlendu skuldirnar okkar með því að aðskilja framkvæmdavald og löggjafarvald. Er einhver grundvöllur yfirleitt fyrir því að það verði gert eða ætlum við að greiða 4500 dollara hvert okkar með því að aðskilja þessi tvö valdakerfi í landinu? Nei og aldeilis ekki. Það verður ekki gert.

Ég hefði líka viljað spyrja hann að því, hvort við mundum bæta óhagstæðan viðskiptajöfnuð með því að láta fyrirtæki fara á hausinn. Hann hefur látið það frá sér fara að sér væri nánast nákvæmlega sama um hvaða fyrirtæki og af hvaða stærð væri rætt. Ef það væri illa rekið ætti það að fara á hausinn. Nú hefði mig langað að segja við hv. þm.: Ég hef staðið í því undanfarna daga að reyna að hjálpa fyrirtæki í mínu kjördæmi, sem veitir 150 manns atvinnu. Rekstrargrundvöllur þess fyrirtækis er mjög bágborinn, en fyrirtækið sér 150 manns fyrir atvinnu. Ég spurði hv. þm.: Á ég að taka sama pól í hæðina og þú og segja: Ég vil ekki koma nálægt þessu máli, farið þið bara á hausinn. Já, var svarið. Þá spurði ég áfram: En hvað á að gera við þessa 150? Og svarið var afskaplega einfalt og í stíl: Flytja þá í burtu.

Ég hefði líka viljað spyrja hv. þm. að því og mun gera, hvort menn ætli sér að draga úr atvinnuleysi eða koma í veg fyrir það með frjálsum samningum.

Ég hefði líka viljað spyrja hann að því, hvort við mundum auka fiskistofnana með frjálsu fiskverði. Ég geri kröfu til þess að menn sem hafa setið á þingi um árabil og fjallað um þessi mál taki þau öðrum tökum en þessum.

Nú vil ég ekki einskorða þessar patentlausnir við þennan tiltekna þm. Mér finnst sem alltof margir þm. taki undir það að við getum leyst allan vanda þjóðarinnar með því að breyta stjórnarskrá lýðveldisins og kjördæmaskipan. Það sér hver maður í hendi sér að þetta er tvennt ólíkt, sem á sáralitla eða enga samleið. Með þessu er ég ekki að segja, herra forseti, að það sé ekki nauðsynlegt og eðlilegt að réttlæta og færa til betri vegar þau mál sem miður fara samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins og vegna misvægis í atkvæðum, en ég geri þá kröfu til allra þeirra manna, sem sitja á þingi og hafa undanfarna daga og vikur farið eins og köttur í kringum heitan graut í kringum það sem raunverulega skiptir máli, að þeir fari að ígrunda hvernig á að koma þessari þjóð út úr því kreppuástandi sem hún er að komast í — eða er það virkilega svo að menn taki ekki mark á því að flest helstu atvinnufyrirtæki þjóðarinnar eru að stöðvast og það er yfirvofandi umtalsvert atvinnuleysi? Ætla menn þá að koma inn og segja: Við leysum þetta á

einfaldan hátt með því að breyta stjórnarskránni? Ætla menn að greiða niður erlendu skuldirnar, sínar eigin skuldir, með því? Nei og aftur nei, það verður ekki gert. Þess vegna, herra forseti, vara ég við trúðleik af þessu tagi, sem felur það í sér beint og óbeint að segja fólkinu í landinu og telja því nánast trú um það, að með einföldum stjórnarskrárbreytingum bætum við efnahagslífið. Þetta er auðvitað svo fáránlegur málflutningur að engu tali tekur.

Það sem hefur gerst í umr. um brbl. er fyrst og fremst það, að menn hafa verið að skakast hér í gjörónýtum hlutum, verið að þrefa og þrástagast um það sem nákvæmlega engu máli skiptir. Ég hef orðað það svo, að við höfum staðið hér inni viku eftir viku og jafnvel mánuð eftir mánuð og talað um það sem engu skiptir á meðan verðbólgan æðir fyrir utan dyrnar hér. Við höfum vart hreyft fingur til að bæta það ástand.

Herra forseti. Ég sagði að ég gerði þá kröfu til stjórnmálaflokkanna að þeir gerðu grein fyrir því hvað þeir vildu gera, hverjar væru þeirra áætlanir og hverjar væru þeirra hugmyndir. Ég vil minna þá á sem hér eru inni, að 1978 lagði Alþfl. fram ítarlegar, vandaðar og vel ígrundaðar tillögur um efnahagsmálin. Það hefði verið unnið geysilegt verk um fjögurra mánaða skeið til að koma þessum tillögum saman. Í þeim fólst sú björgunaraðgerð sem unnt hefði verið að framkvæma ef vilji hefði verið fyrir hendi. Þegar flokknum varð ljóst á árinu 1979 að hvorki Framsfl. né Alþb. höfðu kjark eða dug til að framfylgja þessum tillögum sleit hann stjórnarsamstarfinu. Það hefur annar flokkur á Íslandi vart gert í stjórnmálasögunni að standa svo harðar á tillögum sínum að ef samstarfsflokkarnir ekki fylgdu honum eftir og fylgdu með honum væri hann farinn.

Í stjórnarmyndunarviðræðum 1979 og 1980 ítrekaði flokkurinn þessa till. æ ofan í æ, en því miður fékk hann engan hljómgrunn. Þá sögðu Alþfl.-menn: Herrar mínir. Þið eruð að stofna til kreppu á Íslandi. Þessi kreppa er því miður komin. — Það var ekki hlustað á okkur, heldur var höggvið í sama gamla knérunninn með því að endurtaka skammtímalausnir frá degi til dags. Þjóðinni var ekki sagður hálfur sannleikurinn um ástand efnahagsmála. Henni var talin trú um að þetta væri allt í lagi, það mundi gerast kraftaverk, það mundi fara að veiðast fiskur sem ekki var til í sjónum. Þessi sóunarstefna, sem hefur átt sér stað hér á undanförnum árum og leiðir okkur nú í algjörar ógöngur, hefur líka bitnað á fiskstofnunum.

Herra forseti. Ég held að það hljóti allri þjóðinni að vera ljóst að sú fjárfestingarstefna, sem hér hefur verið viðhöfð, bæði í sambandi við togarakaup, við fjárfestingu í landbúnaði og fleiri greinum, er gjörsamlega út í hött. Þjóðin er búin að fjárfesta svo skiptir tugum milljarða. Og með hvaða hætti hefur hún gert það? Hún hefur tekið til þess erlend lán. Allar þessar staðreyndir blasa við okkur. Þrátt fyrir allt þetta ber okkur fram til ársins 2000 samkv. reiknitölum glöggra manna að skapa í þessu landi 30 000 ný atvinnutækifæri. Þessu vil ég einkum og sér í lagi beina til ungs fólks sem er að fara út á hérlendan vinnumarkað. Ég vil að það spyrji stjórnmálamennina: Hvar á að skapa þessi nýju atvinnutækifæri? Hvar eru þau? Hvar á ég að vinna þegar ég er búinn í mínu skólanámi? Það hafa engin svör fengist við þessu.

Ég vil, herra forseti, nefna nokkur þeirra atriða sem ég tel að við verðum að horfast í augu við, að við verðum að takast á við á næstu misserum og árum ef við ætlum að reyna að rétta úr kútnum. Og þar kem ég auðvitað í grundvallaratriðum að þeim ráðum og aðferðum sem Alþfl. vildi beita þegar 1978. Um flest af því sem ég nefni nú hefur flokkurinn flutt frv. og till. sem hafa komið fram hér á þingi, en hafa ekki fengið umr. og því síður afgreiðslu.

Í fyrsta lagi vill Alþfl., eins og ástand mála er nú, að komið verði á afkomutryggingu fyrir þær fjölskyldur, sem eiga að lifa af tekjum einnar fyrirvinnu á óyfirborguðu taxtakaupi.

Þá viljum við að tekinn verði upp nýr og raunhæfur vísitölugrundvöllur. Sá grundvöllur sem nú er við að berjast mælir ekki rétt. Hann mælir rangt. Það verður að breyta honum.

Við viljum líka skila húsnæðislánakerfinu tekjustofnum sínum og gera því kleift að hækka lán til þeirra sem byggja í fyrsta sinn og lengja lánstímann. Ég held að það sé eitt mesta þjóðarbölið, sem nú er við að glíma, hversu miklar byrðar eru lagðar á það fólk sem nú er að byggja.

Við viljum líka að greiðslubyrði húsnæðis- og lífeyrissjóðslána miðist við ófalsaða kaupgjaldsvísitölu.

Við viljum auk þess reyna að efla innlendan sparnað með því að allir almennir sparisjóðsreikningar verði verðtryggðir og vextir af sparifé verði færðir og greiddir mánaðarlega.

Við viljum líka að þeir sem spara reglulega geti áunnið sér aukin lánsréttindi þegar þeir byrja að byggja. Við mótmælum því, að launþegar einir beri byrðarnar af hrikalegum hagstjórnarmistökum Kröfluflokkanna.

Við krefjumst þess, sem hefur verið krafa Alþfl. um langt árabil, að útflutningsuppbætur verði afnumdar í áföngum. Ég hef sagt að það er ekki fráleitt í mínum huga þó að hluti af þessum útflutningsuppbótum yrði notaður til að endurbæta landbúnaðinn í landinu á fyrstu árunum, til þess að auka framleiðni og til þess að fjölga greinum í landbúnaði. Þá viljum við að hægt verði að miða búvöruverð til framleiðenda við laun launþega.

Við viljum stöðva erlendar lántökur umfram erlendan kostnað arðbærra framkvæmda og nauðsynlegan gjaldeyrisvarasjóð.

Við viljum banna innflutning fiskiskipa í tvö ár.

Við viljum gera tilraun með aukið frjálsræði í viðskiptum, þar sem samkeppni á markaði telst vera nægileg. Við viljum að ríkisvaldið sjálft gangi á undan með góðu fordæmi þegar almenningur er krafinn um fórnir með því að takmarka umsvif ríkisins og tekjurnar verði ákveðnar fyrst og svo útgjöldin. Við krefjumst þess sem sagt að ríkið hætti að lifa um efni fram. — Ég vil aðeins reyna að kristalla þetta betur. Hvaða fjölskyldu farnast vel ef hún ákveður útgjöld sín áður en hún ákveður tekjur sínar? Slíkt getur ekki gengið.

Við viljum líka minnka hlutdeild fjárfestingar í þjóðarframleiðslunni nú þegar þjóðartekjur dragast verulega saman og erlendar skuldir eru komnar umfram hættustig.

Við viljum líka, herra forseti, draga úr óarðbærri fjárfestingu í hnignandi greinum, sem komnar eru að endimörkum vaxtar, en auka fjárfestingu í vaxtargreinum, orkufrekum iðnaði, smáiðnaði, fiskeldi og nýjum

búgreinum. Við viljum draga úr lögbundinni sjálfvirkni ríkisútgjalda. Þetta hefur verið eitt af baráttumálum Alþfl. um árabil, að festa ekki framlög til ríkisútgjalda til sjóða ríkisins eins og gert hefur verið.

Þá höfum við lagt mikla áherslu á að endurskoða tekju- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með því að færa fleiri verkefni ásamt fjármunum og ábyrgð yfir til sveitarstjórna. Um þetta hefur t. d. hv. þm. Magnús H. Magnússon og fleiri Alþfl.-menn flutt mjög ítarlegt frv.

Þá viljum við auka sjálfsforræði sveitarfélaganna yfir gjaldskrám sínum og við viljum afnema tekjuskatta til ríkisins, en sveitarfélögin fái þann tekjustofn til umráða.

Auk þess viljum við samræmt lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn samkvæmt gegnumstreymiskerfi.

Og við viljum merkilegt nokk, þó að hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi talið það eitt af ágreiningsefnum sínum og Alþfl., afnema Framkvæmdastofnun ríkisins í núverandi mynd. Sameina alla fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna í einn sjóð sem rekinn verði á viðskiptagrundvelli og lánskjör verði samræmd.

Þá viljum við, herra forseti, að stjórnmálamenn hætti pólitískri ráðstjórn yfir fjárfestingarákvörðunum og lánsfjárskömmtun í atkvæðaskyni. Við krefjumst þess nefnilega að þeir haldi sig við leistann sinn, sem er að setja lög, móta almenna stefnu og fylgjast með og fylgja eftir framkvæmd laga.

Herra forseti. Um alla þessa málaflokka höfum við flutt frv. eða till. hér á þingi. Við höfum efnahagsstefnu sem við höfum endurmetið frá 1978, 1979, 1980 og aftur nú. Ég taldi nauðsynlegt, af því mér þótti það málefnalegt, að gera grein fyrir því hvað við teljum að verði að gera á næstu misserum og árum. Ég tel það út í hött, eins og hér hefur komið fram mjög oft að undanförnu, að menn ræði þessi mál án þess að leggja fram sínar eigin till. Till. Alþfl. liggja á borðinu. Þær hafa verið klárar allt frá árinu 1978. Og ég mótmæli því enn á ný, herra forseti, ef nokkrum misvitrum stjórnmálamönnum ætlar að takast að telja þessari þjóð trú um að með því einu að breyta stjórnarskrá lýðveldisins og kjördæmaskipan, leysum við allan efnahagsvandann á einu bretti. Þetta er nákvæmlega það sem sumir stjórnmálamenn eru að telja þjóðinni trú um. Ég skal taka undir það enn á ný að ég er hlynntur því að meiri jöfnuði verði náð á öllum sviðum, í stjórnarskrármálum eins og öðrum, en ég tek ekki undir það og mun aldrei gera, að það verði lausnarorðið í þeim vanda sem við er að glíma núna.

Lausnarorðið í þeim vanda sem við er að glíma núna er það, að þeir ábyrgu stjórnmálamenn, sem enn sitja á þingi, taki höndum saman og fari að vinna eins og menn í stað þess að haga sér eins og hér hefur gerst að undanförnu, að menn hafa ekki unnið saman, þeir hafa ekki náð saman. Og hver er niðurstaðan? Upplausn og ringulreið, sem blasir hvarvetna við í þjóðfélaginu. Sú ringulreið mun koma okkur í koll, einfaldlega vegna þess að hún rennir stoðum undir þá aðila og það fólk í samfélaginu sem telur að lausnina sé alltaf að finna einhvers staðar annars staðar í stað þess að reyna að breyta þeim flokkum sem það starfar í. Lausnin hljóti að felast í einhverjum patenthugmyndum sem komið er fram með. Þetta tel ég rangt, þetta tel ég hættulegt og ég tel að við verðum að sporna við þessu.

Umr. frestað.

Efri deild, 41. fundur.

Fimmtudaginn 10. febr., kl. 1 miðdegis.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309 (sbr. 248), n. 319, 324 og 326, 325). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa og olíugjald. Hér þarf í sjálfu sér ekki mörg orð um þetta frv. Hæstv. sjútvrh. ræddi frv. allítarlega þegar hann mælti fyrir því í þessari ágætu deild.

Erfiðleikar útgerðar, þessarar undirstöðuatvinnugreinar okkar Íslendinga, eru margvíslegir í dag. Samdráttur í aflaverðmæti hefur verið mikill, talinn vera um 16% milli áranna 1981 og 1982 og segir það okkur meiri sögu en mörg orð. Olíukostnaðurinn einn frá árinu 1973 til dagsins í dag er mikill. Hann er talinn hafa verið um 11.5% af aflaverðmæti minni skuttogara árið 1973, en er sjálfsagt á bilinu 28—30% í dag. Fjármagnskostnaður þessarar atvinnugreinar eins og svo margra annarra hefur einnig margfaldast.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og kvatt til fundar við sig þá Ingólf Stefánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Jón Júlíusson frá viðskrn. og Gunnar Þorsteinsson frá Verðlagsstofnun. Á fundi n. kom einnig Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri í sjútvrn.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur breytt frá Nd. Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson og Gunnar Thoroddsen.

Frsm. 1. minni hl. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég skal vera trúr hefð Ed. og ekki fara að setja á langar ræður svo að mál geti haft eðlilegan framgang. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að stjórn og meiri hl. hafa fullt vald á máli þessu. En við látum sem eðlilegt er í ljós í nál. okkar efasemdir og álit á því, að þarna sé ekki verið að fara rétta leið. Það má segja að í hvert skipti sem rætt hefur verið um olíugjald síðan ég kom hér á þing hafi verið gefnar yfirlýsingar um að þetta skuli endurskoðað og fundin ný og heilbrigðari leið til úrlausnar á þessu vandamáli, en enn hefur ekkert gerst í því máli. Ég skal vissulega fyrstur manna viðurkenna það vandamál sem þarna er á ferðinni. Í mínum huga er ekki endilega um olíugjald að ræða, heldur tel ég að hér sé um að ræða kostnaðarhlutdeild í útgerð. Að skapa olíusjóð og greiða niður olíu tel ég vera mjög til hins verra og skref í ranga átt, þó það sé að

vísu rétt að t. d. togararnir hafa gífurlega mikinn olíukostnað að bera, en við skulum ekki gleyma því, að bátaflotinn hefur að sama skapi oft mun meiri veiðarfærakostnað. Oft á tíðum fylgist það að. Þegar olía hækkar hækka veiðarfæri um leið, því að flest veiðarfæri eru framleidd úr olíuvöru. Við nefndarmenn, ég og Egill Jónsson, teljum að betra hefði verið að um kostnaðarhlutdeild hefði verið að ræða en ekki olíugjald.

Þá leyfum við okkur að bera fram brtt. í þá átt að gera veika tilraun til þess að færa frv. til sama vegar og áður var. Við teljum óeðlilega þá breytingu, sem var gerð í Nd., um að ekki skuli greiða útflutningsgjöld af ferskum fiski sem fluttur er á erlendan markað. Við teljum að þarna sé um mjög mikið misræmi að ræða. Við teljum óeðlilegt að borga útflutningsgjald af framleiddu vörunni hér innanlands með áföllnum kostnaði og allri þeirri verðmætaaukningu sem verður. Má segja að við séum þarna að borga útflutningsgjald af vinnulaunum íslensks verkafólks og af ýmsum þeim innlendu kostnaðarliðum sem á leggjast við framleiðsluna. Aftur á móti greiðum við ekki útflutningsgjald af þeim fiski sem fluttur er ferskur á erlendan markað.

Þá vil ég líka benda á það, sem mér þykir mjög óeðlilegt og varhugavert, að talsvert er um siglingar íslenskra skipa, einkum frá suðurströndinni og austurströndinni, til Færeyja. Mér skilst að þetta hafi verið 30—40 siglingaferðir á ári. Búast má við, ef ekkert sérstakt breytist á næstu árum, að þetta haldi áfram. Mér þykir líklegt að þetta muni frekar ýta undir þær siglingar en hitt, og þá erum við að greiða niður framleiðsluvörur Færeyinga sem þeir selja í samkeppni við okkur, bæði á saltfiskmörkuðum og á frystimörkuðunum í Bandaríkjunum. Það þykir okkur mjög skref til hins verra.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta. Ég geymi mér það til seinni tíma til þess að málið geti haft eðlilegan framgang.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Það er nauðsynlegt að afgreiða þetta frv. vegna þess að flotinn bíður eftir því að svo verði gert — eða kannske öllu heldur olíufélögin sem selja skipunum olíu. En ég er andvígur þessu frv., þeirri leið sem hér er farin. Ef þetta frv. verður samþykkt, þá er verið að sigla á fullri ferð inn í frumskóg nýs sjóðakerfis, sem var á sínum tíma mjög illræmt og sjómenn bundust samtökum um að brjóta niður. Ég tel að þessi leið komi til með að boða mikla ógæfu. Ekki líður á löngu þar til sjómannasamtökin munu enn á ný viðhafa svipaðar eða sömu aðgerðir og þau beittu 1976, að ég hygg, þar sem þess var krafist að sjóðakerfið yrði afnumið.

Það versta við þetta er það, að það er verið að fara fram hjá skiptum, það er verið að breyta skiptaprósentunni í raun. Það er verið með nýrri leið að ræna fjármunum af sjómönnum, að gera hlut þeirra minni. Þetta er feluleikur sem sjómenn bæði skilja og finna á afkomu sinni og mun það koma fram á næstunni.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta að sinni. Ég lýsi mig andvígan þessari leið, þessu frv. af þeim ástæðum að með þessu er verið að fara aftan að sjómönnum, skerða kjör þeirra, brjóta eða ógilda gerða samninga, samninga sem gerðir eru af frjálsum mönnum — að við skyldum ætla í frjálsu landi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil síst verða til þess að tefja störf þessarar hv. deildar. Mér þykir vænt um hve skjótt þetta mál hefur verið afgreitt, enda eins og hefur komið fram hjá ræðumönnum, mjög brýnt að flotinn fái afgreiðslu á þessu máli. Ég skal því hafa orð mín fá.

Út af því sem frsm. 1. minni hl. sagði vil ég upplýsa og reyndar endurtaka enn einu sinni að ég tel að olíugjaldið sé heldur vafasamur tekjustofn. Ég vil hins vegar vekja athygli hans á því, að í hvert einasta sinn sem ég hef um það rætt og rætt hefur verið um að leggja það niður hef ég haft svofelldan fyrirvara: enda finnist rekstrargrundvöllur fyrir útgerðina eftir öðrum leiðum. Ég trúi varla öðru en að hv. þm. kannist við það og sé mér sammála um að það verður að gerast. Því vísa ég á bug því sem segir í upphafsmálsgrein grg. nál. 1. minni hl.

Ég vil jafnframt upplýsa að til mín skilaði áliti nú skömmu fyrir áramótin svokölluð hlutaskiptanefnd, sem var skipuð af mínum fyrirrennara í starfi og fékk einmitt það verkefni að endurskoða álagningu stofnfjársjóðsgjaldsins og olíugjaldsins. Nefndin náði ekki saman um tillögurnar. Að vísu gerir meiri hl. till. um að þessi gjöld verði lögð niður, bæði stofnfjársjóðsgjaldið og olíugjaldið, en tekin upp kostnaðarhlutdeild í olíunotkun. Jafnframt gerir nefndin ráð fyrir því að hlutaskiptum verði breytt á þremur meginflokkum fiskiskipa, þ. e. stærri togurum, minni togurum og bátum, þannig að tekjur sjómanna í hverjum flokki verði svipaðar eftir sem áður.

Ég tel að þarna sé um mjög athyglisverða breytingu að ræða og ég er henni fylgjandi. Hins vegar lagði nefndin öll til, einnig fulltrúi útgerðarmanna, að þessi breyting yrði ekki knúin fram á móti vilja sjómanna. Ég held að ég megi segja að sumir fulltrúar sjómanna í nefndinni hafi verið þessu heldur hlynntir, en einn var andsnúinn breytingunni og ég taldi alls ekki rétt að knýja fram svona breytingu gegn tillögum nefndarinnar. Þessi hugmynd er hins vegar alls ekki gleymd. Hún verður skoðuð áfram og leitað eftir samkomulagi um slíka breytingu. Þetta vildi ég upplýsa. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það sem menn hafa sagt hér um olíuniðurgreiðslu. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að slíkt er ætíð nokkuð varasamt. Þó vek ég athygli á því að hér er um miklu minni olíuniðurgreiðslu að ræða heldur en var þegar olíusjóður starfaði á árunum 1973—1975. Þá fór olíuniðurgreiðsla í allt að ¾ á olíuverði.

Það er svo vissulega von mín að olíuverð lækki, eins og reyndar hefur nú gerst. Gasolía hefur nú lækkað um um það bil 17% á Rotterdammarkaði. Að sjálfsögðu get ég engu spáð um það, hvert framhaldið verður á þessu, en þetta er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt fyrir íslenskt þjóðarbú, ekki síst fyrir útgerðina. Vitanlega verður niðurgreiðsla á olíu tekin til endurskoðunar við fiskverðsákvarðanir í framtíðinni, ef olía heldur áfram að lækka. En mér hefur skilist á hv. frsm. 1. minni hl. að hann hafi heldur viljað fara svokallaða kostnaðarhlutdeildarleið. Það er raunar ekkert annað en hækkun á olíugjaldi, sem mér skilst samkv. 1. mgr. nál. að leggja beri niður, því það er greitt á grundvelli afla eingöngu og stuðlar ekkert að olíusparnaði. Það kemur ekkert meira til skipta, þótt menn spari olíu, ef sú leið er farin. Að þessu hefur verið fundið.

Mér skildist á hv. frsm. 2. minni hl. að hann hefði helst viljað fara þá leið að hækka fiskverð. Þó að ekki kæmi beint fram hjá honum heyrist mér á honum að hann sé mótfallinn því að taka fram hjá skiptum, eins og sagt er, og það á við báðar þær leiðir sem hér eru til umr., olíusjóð eða kostnaðarhlutdeild. Ég vil í því sambandi aðeins láta koma fram að ég varð aldrei var við það í viðræðum við hagsmunaaðila, að þeir gerðu kröfu út af fyrir sig til meiri fiskverðshækkunar en 14%. Þvert á móti varð ég ekki var við annað en viðurkennt væri að þá væri hlutur sjómanna svona um það bil bættur í hlutfalli við tekjur í landi. Ég vek athygli á því að meiri bein fiskverðshækkun hefði leitt til meiri gengisaðlögunar og því meiri verðbólgu. Ég viðurkenni að í raun og veru er enginn kostur góður. En það er von mín að um tímabundna erfiðleika útgerðarinnar sé að ræða og því afsakanlegt að fara millifærsluleið um tíma til þess að komast yfir þá erfiðleika.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7:5 atkv.
Brtt. 325 felld með 8:3 atkv.
2. gr. samþ. með 7:5 atkv.
3.—8. gr. samþ. með 7:5 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 7:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 42. fundur.

Fimmtudaginn 10. febr., að loknum 41. fundi.

Olíusjóður fiskiskipa, frv. (þskj. 309 (sbr. 248)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 328).

Sameinað þing, 50. fundur.

Fimmtudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Framkvæmd skrefatalningarinnar, þáltill. (þskj. 50). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umferðarmiðstöð í Borgarnesi, þáltill. (þskj. 54). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jarðsig á Siglufjarðarvegi, þáltill. (þskj. 81). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipulag fólks- og vöruflutninga, þáltill. (þskj. 129). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð, þáltill. (þskj. 256). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heimilisfræði í grunnskólum, þáltill. (þskj. 135). — Ein umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 135 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um eflingu heimilisfræða í grunnskólum. Flm. auk mín eru hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Steinþór Gestsson, Jósef H. Þorgeirsson og Geir Hallgrímsson. Till. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að við endurskoðun aðalnámsskrár grunnskóla verði ákveðinn lágmarksstundafjöldi í heimilisfræðum í öllum bekkjum grunnskóla."

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að menntmrn. setji grunnskólum námsskrá, þar sem m. a. er gert ráð fyrir kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt. Menntmrn. ákveður námsefni, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár.

Með breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum viðhorfum hefur nám í heimilisfræðum orðið æ víðtækara. Heimilisfræðin spanna í raun margar námsgreinar, svo sem matreiðslu- og framreiðslufræði, matvælaefnafræði, hreinlætisfræði, heimilishagfræði, vörufræði, áhaldafræði, vinnufræði, híbýlafræði og ungbarnameð-

ferð, svo að eitthvað sé nefnt. Þessar námsgreinar fléttast saman í námsstarfi nemenda, þó hlutfall einstakra þátta fari að sjálfsögðu eftir aldri þeirra og þroska.

Öll þessi námssvið snerta daglega tilveru einstaklingsins og mörg þeirra eru stórir þættir í lífi hans og starfi. Að geta búið til hollan og næringarríkan mat, kunna að hirða heimili sitt og annast rekstur þess á hagkvæman hátt ætti að vera metnaðarmál hvers og eins. Það er mikilvægt bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og þjóðarbúskapinn.

Meginmarkmið heimilisfræðináms eru samkvæmt námsskrá að efla skilning nemenda á hlutverki heimilisins, auka þekkingu þeirra og leikni á heimilisstörfum, auka skilning og áhuga nemenda á hollustu og heilbrigði, vekja skilning og áhuga á góðri nýtingu og umhirðu verðmæta, hagsýni í heimilisrekstri og hagsmunamálum neytenda, glæða áhuga nemenda á gildi góðrar vinnutækni, veita nemendum innsýn í vistfræðileg lögmál og glæða áhuga þeirra á umhverfisvernd, glæða sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð nemenda.

Þegar rætt er um nám í heimilisfræðum þarf að hafa hugfast að búsýsla og heimilisstörf eru viðfangseni sem varða jafnt karla sem konur og að allir þurfa að njóta fræðslu um mikilvægustu úrlausnarefni í sambandi við heimilisrekstur. Má þar til nefna hyggilegt fæðuval, rétta meðferð matvæla og matreiðslu í samræmi við næringarfræðilega þekkingu og viðurkennda hollustuhætti, hagkvæma öflun, nýtingu og viðhald þeirra verðmæta sem tengd eru búsýslu, hvort sem um er að ræða persónulega muni eða sameign neytenda.

Á síðustu árum hefur aukist skilningur bæði meðal ráðamanna menntamála og almennings á að stækka beri hlutverk mennta á öllum skólastigum. Vaxandi áhugi er fyrir því að nám í heimilisfræðum verði tekin upp í öllum grunnskólum, einnig í neðri bekkjum þeirra. Töluvert vantar þó á að heimilisfræði njóti jafnréttis við aðrar skyldunámsgreinar grunnskólans.

Með grunnskólalögunum 1974 urðu heimilisfræði fyrst skyldunámsgrein. Heildarstundafjöldi í greininni er lítill miðað við aðrar skyldunámsgreinar, því að þegar best lætur fá nemendur 7. og 8. bekkjar aðeins tvær kennslustundir á viku hvort skólaár, en valmöguleikar eru í 9. bekk.

Í þeirri viðmiðunarstundaskrá sem nú gildir eru heimilisfræði sett í „pakka" með öðrum námsgreinum og því engin skýr ákvæði um lágmark vinnustunda. Áhugi forráðamanna hvers skóla ræður þar m. a. úrslitum. Á fskj. I, sem fylgir þessari þáltill., er yfirlit yfir skiptingu kennslustunda á milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla. Þar kemur fram hvaða námsgreinar eru settar saman í þennan pakka með hámarksstundafjölda sem síðan á að skipta á milli hinna einstöku námsgreina. Í sjálfu sér væri það ágætt fyrirkomulag, þar sem kennsla í heimilisfræðum er þannig námsgrein, að mjög auðvelt er að flétta marga þætti hennar inn í aðrar námsgreinar og gera þær meira lifandi og áhugaverðar fyrir nemanda. En hættan er sú, að heimilisfræðin verði út undan vegna of fárra kennslustunda í pakkanum, sérstaklega ef áhugi forráðamanna og skilningur á þýðingu þessarar kennslu er takmarkaður. Heimilisfræðikennslan er háð því, að húsnæðisaðstaða, kennslukraftar og síðast en ekki síst áhugi forráðamanna fræðslumála sé fyrir hendi. Víða er kennaraskortur, einkum í dreifbýli, og er vissulega nauðsynlegt að efla valnámsgreinina heimilisfræði í Kennaraháskóla Íslands. Ennfremur þarf að leggja áherslu á að þar sem völ er á heimilisfræðikennara gangi hann að öllu jöfnu fyrir kennslu í greininni.

Enn er það svo að heimilisfræði er aðeins kennd í um 80 af um 220 grunnskólum landsins. Þetta segir að vísu ekki alla söguna því að hér er yfirleitt um fjölmennustu skólana að ræða. Hins ber að geta, að í sumum þessara skóla eru kenndar mjög fáar stundir í greininni og kennslan því stundum varla nema nafnið. Það er rétt að skjóta því hér inn, að grg. sem fylgir með þessari þáltill. er byggð á niðurstöðum könnunar sem unnin var á vegum starfshóps í heimilisfræðum. Þessar upplýsingar, eins og t. d. þær sem koma fram á fskj. III, ná ekki fram til yfirstandandi skólaárs og mundu, ef svo væri, sýna nokkru betri stöðu varðandi þennan þátt mála. Þangað til árið 1970 fengu stúlkur víðast í þéttbýli, m. a. í Reykjavík, 4 stundir á viku í heimilisfræðum, bæði í 7. og 8. bekk grunnskólans. Þá fóru drengirnir að koma inn í þessa kennslu til jafns við stúlkur. En þá gerðist það að kennsla stúlknanna er skert um helming í stað þess að láta alla nemendur grunnskólans fá sama stundafjölda og verið hafði.

Allir grunnskólar í Reykjavík, sem hafa til þess aðstöðu, eru búnir að koma á kennslu í heimilisfræðum fyrir 1.—6. bekk, en aðeins er um fáar stundir að ræða eða 2 × 2 kennslustundir á heilu skólaári. Utan Reykjavíkur er heimilisfræðikennsla yngri barna í aðeins um 20 grunnskólum. Flestir grunnskólanna á höfuðborgarsvæðinu hafa nú eigið kennsluhúsnæði fyrir heimilisfræði, en í dreifbýli vantar víða kennsluaðstöðu og sums staðar eru til bráðabirgða notuð eldhús mötuneyta og félagsheimila. Það þarf vissulega stórt átak til að endurbæta eða byggja frá grunni kennsluaðstöðu fyrir heimilisfræði. Til þess að flýta fyrir að hægt sé að koma þessari kennslu á í neðri bekkjum grunnskóla hafa t. d. verið smíðaðar sérstakar innréttingar sem hægt er að nota í venjulegri kennslustofu. Það er rétt að geta þess, að menntmrn. hefur látið hanna slíkar einingar og er hægt að fá teikningar af þeim í rn. Í þessu sambandi má einnig benda á að framhaldsnemendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti í málm- og tréiðnaðardeildum taka að sér smíði á slíkum eldhúseiningum og hefur námsstjóri í heimilisfræðum í menntmrn. milligöngu um upplýsingar og útvegun á þeim og einnig innkaupastjóri Fjölbrautaskólans. Þarna hefur verið farið inn á athyglisverða braut varðandi hagnýta kennslu í verkmenntun, sem vissulega ber að fagna.

Kennsla í heimilisfræðum nýtur mikilla vinsælda hjá öllum hlutaðeigandi, bæði nemendum og foreldrum þeirra. Það er mikil þörf fyrir kennslu í næringar- og hollustuháttum, ekki hvað síst í nútíma þjóðfélagi þar sem ungmenni þurfa oft á tíðum að sjá sjálf um fæðuval sitt mikinn hluta dagsins.

Í neyslukönnun meðal 10—14 ára skólabarna, sem Manneldisráð Íslands gerði á árunum 1977 og 1978 í fjórum grunnskólum í Reykjavík, kom í ljós að mataræði barna var í mörgu ábótavant. Röskun á venjum heimilanna hefur leitt til þess, að börn og unglingar neyta sælgætis og gosdrykkja sem svokallaðar sjoppur bjóða. Þau fá þannig allt að ¼ hluta orkuþarfarinnar fullnægt án þess að mikilvæg næringarefni fylgi. Í þessu

sambandi má benda á fskj. II.

Það er einróma álit sérfræðinga í næringar- og hollustuháttum að nauðsynlegt sé að gera átak til úrbóta og fyrirbyggja heilsutjón sem hlotist getur af gölluðu mataræði. Næringar- og hollustuhættir eru meðal stærstu þátta í heimilisfræðinámi. Grunnskólinn er því kjörinn vettvangur til þess að veita þá fræðslu, sem að haldi kemur á þessu sviði, þar sem hann nær til allra ungmenna.

Það er augljóst að í nútíma þjóðfélagi verða allir að hafa undirstöðuþekkingu í næringar- og neytendafræðum, í algengri matreiðslu og heimilisstörfum og ekki síst í því að skipuleggja vinnu sína. Að þeim markmiðum stefnir nám í heimilisfræðum jafnframt því sem grunnur er lagður að verkmenntun fyrir ýmis störf. Hins vegar er staðan í þessum málum sú, að stór hluti grunnskólanna hefur ekki neina kennslu í heimilisfræðum og margir skólar eru með skerta kennslu miðað við þær fáu vikustundir sem gert er ráð fyrir samkv. viðmiðunarstundaskrá. Við svo búið má ekki standa öllu lengur. Þess vegna þurfa að koma til skýr ákvæði um námstíma í greininni svo að allir nemendur grunnskólans búi sem fyrst við jafnræði í þessu námi. Lágmarksstundafjöldi í heimilisfræðum í grunnskólum þarf að vera sem hér segir: 1.—5. bekkur 1 stund á viku hvert skólaár, 6.—7. bekkur 2 stundir á viku hvert skólaár og 8.—9. bekkur 1½ stund á viku hvert skólaár.

Kvenfélagasamband Íslands, Bandalag kvenna í Reykjavík svo og kvenfélög um land allt berjast sífellt fyrir aukinni kennslu í heimilisfræðum eins og fram kemur í fskj. IV. Það eru ályktanir frá landsþingum Kvenfélagasambands Íslands og þar segir með leyfi forseta:

„22. landsþing Kvenfélagasambands Íslands hvetur ungt fólk til að hagnýta sér sem best alla fræðslu um heimilisstörf og hússtjórn svo að það geti beitt verkhyggni og hagsýni er það stofnar eigin heimili. Landsþingið skorar á menntmrn. að sjá um að lögum um heimilisfræðslu í grunnskóla verði framfylgt og ætlað enn meira rúm í námsskrá en nú er. Þingið leggur áherslu á nauðsyn þess að koma upp eða bæta aðstöðu slíkrar kennslu í grunnskólum."

„23. landsþing Kvenfélagasambands Íslands styður tilmæli frá Sambandi vestfirskra kvenna um að Kvenfélagasamband Íslands beiti sér fyrir því, að fylgt verði lögum um kennslu í heimilisfræðum í grunnskólum. Framkvæmd á þeim ákvæðum grunnskólalaga er mjög ábótavant í dreifbýlinu, og bendum við á að meðan þetta ástand ríkir væri hægt að nýta betur húsmæðraskólana um landið og annað kennsluhúsnæði sem fyrir hendi er á hverjum stað."

Úr ársskýrslu Bandalags kvenna í Reykjavík 1978—1979 segir:

„Aðalfundurinn skorar á yfirvöld fræðslumála að auka veg heimilisfræðslu á grunnskólastigi og njóti hún jafnréttis á við aðrar námsgreinar. Þær greinar sem einkum skal leggja áherslu á eru: Undirbúningur að stofnun heimilis, hlutverk og ábyrgð foreldra, matreiðsla, vöruþekking, næringarfræði o. fl."

Þá hefur mér einnig borist bréf, dags. 1. febr., frá Kvenfélagasambandi Íslands. Þar segir með leyfi forseta:

„Stjórn Kvenfélagasambands Íslands lýsir ánægju sinni með fram komna till. til þál. á þskj. 135 um eflingu heimilisfræða í grunnskólum. Stjórn KÍ telur mikilvægt að sá lágmarksstundafjöldi í heimilisfræðum í öllum bekkjum grunnskólans, sem fram kemur í grg., verði ákveðinn með lögum, en með því stefnir í þá átt sem KÍ telur nauðsynlegt að verði. Eins og fram kemur í fskj. IV hefur mál þetta hvað eftir annað verið til umræðu á landsþingum KÍ og munu héraðssambönd og aðildarfélög Kvenfélagasambandsins fylgjast af áhuga með framgangi þessarar till. og óska þess eindregið að hún verði samþykkt af Alþingi hið fyrsta." Undir þetta ritar María Pétursdóttir, formaður Kvenfélagasambands Íslands.

Herra forseti. Viðhorfin til heimilisstarfa og barnauppeldis hafa breyst að því leyti að nú er ekki algild regla að líta á heimilis- og uppeldisstörf sem kvenmannsstörf eingöngu og eflaust á þróun í þá átt enn eftir að aukast. Með aukinni menntun kvenna og breyttum þjóðfélagsháttum vinna æ fleiri konur utan heimilis og taka aukinn þátt í alls konar félagsstörfum, m. a. á vettvangi stjórnmálanna og annars staðar sem fram að þessu hefur verið vettvangur karlasamfélagsins. Það mun því færast í vöxt að foreldrar skipti með sér heimilis- og uppeldisstörfum. Þessi breyting í þjóðfélaginu gerir það enn brýnna að skólarnir leggi rækt við kennslu í heimilisfræðum. Hvort sem menn telja þessa þróun vera til góðs eða ekki er hún staðreynd og því ber að bregðast við henni á réttan hátt.

Það er einnig orðin staðreynd að skólarnir taka á sig í auknum mæli uppeldishlutverk foreldranna sem vegna síaukins vinnuálags eru fjarvistum frá heimilum meiri hluta dags. Þeir verða því að setja allt sitt traust á þá og dagheimilið. Aukin áhersla á kennslu í heimilisfræðum er því nauðsynleg til að koma til móts við jafnréttisþróunina svo að feður jafnt og mæður framtíðarinnar verði betur undir það búin að taka á sig það ábyrgðarhlutverk sem uppeldis- og heimilisstörf eru.

Herra forseti. Eftir að þessari umr. hefur verið frestað legg ég til að till. verði vísað til allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er rétt að gera þá játningu strax að ég er allra manna verst að mér í heimilisfræðum, enda ekki lærður í þeim á neinn máta nema það litla sem mér hefur verið kennt heima fyrir. Ég finn hins vegar oft sárt til þess og get þess vegna tekið undir meginmálið í því sem kom fram hjá hv. 1. flm., að það er sannarlega ástæða til að þetta mál sé athugað gaumgæfilega. Þó að þetta sé frítt lið sjálfstæðismanna, sem þarna eru flm., þá vona ég að fleiri en ég taki undir meginefni þessarar till. utan þess annars stóra og samstillta flokks.

Ég kem hér upp aðeins til að greina frá því í fyrsta lagi, að ég hef nokkra reynslu af þessu sem skólamaður áður. Ég get meira að segja hælt mér af því að koma slíkri kennslu á í mínum grunnskóla á nokkru árabili. Ég man eftir því að þetta var mikið fagnaðarefni hjá stúlkunum, þeim gekk þar mjög vel, en mikil tregða hjá drengjunum aftur að taka þátt í því námi, þó að nokkrir þeirra gerðu það fyrir sérstök tilmæli skólastjórans. Kennsluaðstaðan var vitanlega frumstæð. En ég varð vitni að því þá mjög glögglega að þetta hafði sín áhrif líka inni á heimilunum. Heimilin fögnuðu því að þetta skyldi vera upp tekið. Auðvitað byggðist þetta á því að þarna var um áhugasaman kennara að ræða sem vildi taka kennsluna að sér og gerði það mjög vel. Síðan hvarf þessi kennari frá skólanum og erfitt um vik að fá

einhvern í staðinn. Þannig hygg ég að sé víða ástatt, að vandamálið sé kannske ekki síst að fá einhvern til að leysa kennsluna sómasamlega af hendi.

Austfirðingar hafa um nokkurt skeið leyst þetta mál að nokkru, aðeins að takmörkuðu leyti með námskeiðum á Hallormsstað, mjög vinsælum námskeiðum, að ég held vikunámskeiðum fyrir hvern hóp, þar sem bæði drengir og stúlkur hafa einhent sér í ýmsa þætti heimilisfræði, kannske fyrst og fremst matargerð en að vísu fleira. Mér er kunnugt um að þetta er mjög vinsælt og þykir til fyrirmyndar. Ég drep á þetta vegna þess að hv. 1. flm. minntist sérstaklega á það að húsmæðraskólana ætti svo sannarlega að nýta til þess arna. Það hefur verið gert austur þar. Ég vildi koma því að um leið og ég lýsi stuðningi við þessa till.

Ég er ekki endilega viss um að þessi fræðsla eigi að ná um alla bekki grunnskólans. Ég er ekki alveg búinn að gera mér grein fyrir því hvernig að þessu skuli staðið í neðstu bekkjunum. En a. m. k. eftir að komið er yfir níu og tíu ára aldurinn finnst mér það einsýnt að taka skuli upp vissa lágmarkskennslu í þessari grein. Ég veit að þarna er víða pottur brotinn og því sem þegar er jafnvel áskilið er ekki sinnt, eins og kom glögglega fram í máli hv. 1. flm. En ég vil líka leggja áherslu á það að ég held að í mörgum tilfellum muni einnig vera vandkvæðum bundið að fá hæfa og góða kennslukrafta til þess að sinna þessu á þann veg sem mér heyrðist hv. 1. flm. hafa í huga og ég tel að sé nauðsynlegt. Því það er verr af stað farið en heima setið ef þarna er um hreint kukl að ræða og jafnvel ranglega á málum tekið.

Ég vænti þess, þó að skammt lifi nú þessa þings *væntanlega, að menn geti tekið á þessu máli á einhvern* þann hátt að menntmrn. fái einhverja vísbendingu um hvernig það skuli haga sér við endurskoðun aðalnámsskrár grunnskóla varðandi lágmarksstundafjölda í þessari námsgrein.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þarf í raun og veru ekki margt að segja annað en að þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir hans góðu undirtektir undir þessa till. Ég get tekið undir það með honum að þetta er í sjálfu sér ekki till. sem er flokkspólitísk sem slík. Hins vegar hefur það alltaf verið á stefnuskrá sjálfstæðismanna að efla fjölskyldulíf og heimilislíf, og ég er þakklát hv. þm. fyrir að hafa minnt á okkar stóra og samstillta flokk í sínu máli. Ég skal sannarlega taka undir það hjá honum. Ég fagna því að hann hefur skilning á þessu máli. Ég vil taka undir það einnig, sem hann nefndi, að það væri nauðsynlegt að fá hæfa kennara og þar til menntaða til að taka að sér þessa kennslu. Þess vegna minntist ég einmitt á að það væri mikið atriði að leggja áherslu á að þetta nám sé valgrein í Kennaraháskóla Íslands, sem kennarar geti þá tekið sér sem aukagrein. Kæmi það betur að notum, sérstaklega úti í dreifbýlinu, þar sem trúlega er erfiðara að fá sérkennara í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en endurtek sérstakar þakkir mínar til hv. 2. þm. Austurl. fyrir undirtektir hans við málið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því sem hv. flm. þessarar ágætu till. sagði hér áðan. En ég get ekki stillt mig um að nota þetta tækifæri, þegar kennslumál ber á góma hér á hinu háa Alþingi, til að benda á að það er málaflokkur sem óneitanlega tekur ekki upp mikinn tíma hv. alþm. Hv. þm. eru öðru hverju að bera fram till. um ýmsar úrbætur í kennslumálum og er ekki nema gott um það að segja. Hins vegar hefur engin skólamálastefna verið mótuð í landinu og þess vegna eru *svona till. því miður sjaldan nema pappírinn einn, þó* þær séu vel meintar og skynsamlegar á allan hátt, vegna þess að fyrst af öllu kostar náttúrlega peninga að framkvæma þessar till. og það kostar skipulagningu sem ekki er heldur gert ráð fyrir. Ég vil taka aðeins nokkur dæmi um það sem mér finnst vera mikið alvörumál að verða í íslenskum skólamálum.

Menn virðast ekki, hvorki í Háskóla Íslands svo við byrjum á toppnum, né hér á hinu háa Alþingi, vita lengur hvað Háskólinn á að gera. Við sem erum orðin það gömul að við lærðum eftir gömlu kerfi höfðum þá hugmynd að háskóli sé „akademía" fyrst af öllu, þar sem kennarar hafa rannsóknarskyldu, þar sem eru stunduð vísindi. Nú þarf ekki annað en duglegan þrýstihóp til að troða sér upp á Háskólann með starfsþjálfun og stofna nýja deild. Við skulum spyrja sjálfa okkur hvar það endar. Ef við vitum ekki lengur hvað á að gera við Háskóla Íslands þá held ég að ástæða væri til að reyna að komast að því. Ég skal ekki draga dul á það að ég er hér að tala um hjúkrunarfræðideild og félagsráðgjafadeild við Háskóla Íslands. Ég veit að það eru afskaplega margir mér ósammála um að þessar deildir eigi ekki þar að vera. En ég hlýt að spyrja: Hverjir eiga þá ekki að vera þar? Af hverju eiga ekki fóstrur að læra í háskóla? Af hverju eiga ekki læknaritarar að læra í háskóla? (**Gripið fram í:** Slökkviliðsmenn?) Og t. d. slökkviliðsmenn og hver annar. Ég er ekki, enginn skyldi misskilja það, að hafa neitt á móti því að fólk sé vel menntað. En það er ekki sjálfgefið að allir þurfi að ganga í háskóla. Menntaskólarnir virðast meira og minna, svo ég haldi áfram niður eftir, á reiki með hvert er í raun og veru hlutverk þeirra. Ég get ekki að því gert að mér finnst hálfskrýtið að menn geti fengið punkt til stúdentsprófs ef þeir eru lagnir í ljósmyndun. Það má vel vera að ég sé bara gamaldags, en ég vil a. m. k. fá að ræða þessi mál, t. d. hér á hinu háa Alþingi.

Í grg. þáltill. um eflingu heimilisfræði er talað um eina og hálfa stund í viku á skólaári milli 8. og 9. bekkjar. Það er ekkert við það að athuga. Málið er bara það, að við erum ekki búin að koma okkur saman um hvort öll börn eiga að vera skólaskyld út 8. bekk eða út 9. bekk. Í stuttu máli, heildarstefnumörkun skólamála er öll gersamlega út og suður. Við erum núna að líta á hugsanlegt frv. um fullorðinsfræðslu. Á sama tíma eru önnur rn. að undirbúa sína fullorðinsfræðslu. Allt er þetta einhvern veginn samhengislaust og óljóst. Fjármögnun til allra mögulegra og ómögulegra hluta er varla finnanleg í ríkisreikningi vegna þess að hún heyrir undir hin og þessi rn. Það sem ég er hér að reyna að segja er einfaldlega það, að það vantar að marka stefnu í fræðslu- og kennslumálum þjóðarinnar. Ég er ekki að segja þetta til þess að hafa á móti þáltill. hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, síður en svo. Ég tel hérna hið ágætasta mál á ferðinni og vil eindregið styðja það á allan hátt. En ég óttast að jafnvel þó við samþykkjum þessa till. verði æði erfitt að koma henni í framkvæmd vegna þess að slíku skipulagi er næstum ógerlegt að

koma á nema með töluverðu fjármagni, sem ég hef ekki séð mikil merki um að sé áhugamál fræðsluyfirvalda. En við skulum reyna og ég held að þessi þáltill. sé vissulega til bóta. En ég vildi gjarnan sjá einhverjar stefnumarkandi tillögur frá þeim yfirvöldum sem eiga að fara með fræðslu- og kennslumál í landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting aukaafurða í fiskiðnaði, þáltill. (þskj. 116). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 116 flytur allstór hópur þm. Framsóknarflokksins till. til þál. um skipan nefndar til að gera úttekt og tillögur um nýtingu aukaafurða í fiskiðnaði. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd sérfróðra manna til að gera úttekt og tillögur um hvernig hægt sé á fljótvirkastan hátt að stórauka og fullnýta aukaafurðir í fiskiðnaði hér á landi.

Nefndin geri m. a. tillögur um tæknibúnað og tæki um borð í íslenskum veiðiskipum svo og nauðsynlegar breytingar á fiskverkunarstöðvum í landi til að ná þessu markmiði, ennfremur tillögur um nýjar vinnslustöðvar ef með þarf, til dæmis í lífefnaiðnaði.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskifélag Íslands skulu vera nefndinni til ráðuneytis.

Nefndin skal hraða störfum og skila álitsgerð og tillögum um verkefnið ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun til ríkisstj.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Flestir gera sér ljóst að óvarlegt mun vera að reikna með mikilli aukningu á fiskafla hér við land í næstu framtíð. Margir fiskistofnar munu nálægt því að vera fullnýttir. Það fer því ekki milli mála að vinna þarf markvisst að því að gera þann afla sem veiðist verðmeiri, auka þannig verðmætasköpun í fiskiðnaði sem hlýtur að byggjast á betri meðferð og fullvinnslu þess sem veiðist.

Fiskiðnaður er mikilvægur og er dæmigerður aukaafurðaiðnaður. Sem dæmi má nefna að við framleiðslu fiskflaka falla u. þ. b. 60% af þunga fisksins undir skilgreininguna aukaafurðir og við rækjuvinnslu 75% eða meira.

Nokkur hluti þessara aukaafurða er nú nýttur, t. d. í dýrafóður eða í mjöl- og lýsisvinnslu. Stór hluti er þó meðhöndlaður sem úrgangur, kastað í sjó eða ónýttur á annan hátt. Það er alkunn staðreynd, að miklu magni af innyflum og úrgangsfiski er hent árlega. Talið er að innyfli séu um 15% af heildarþyngd t. d. þorsks og ufsa.

Togari sem kemur að landi með 150 tonna afla úr veiðiferð hefur fengið um 180 til 190 tonn af fiski upp úr sjó. Hefur því 30 til 40 tonnum verið kastað fyrir borð sem innyflum og úrgangsfiski úr einni veiðiferð.

Á síðari árum hefur aflamagn bolfisks hér á landi verið um 600 þús. tonn. Innyflin, þ. e. slóg og lifur, hafa þá verið um 90 þús. tonn, þar af lifur 40% eða um 36 þús. tonn. Hér er verðmætum fyrir tugmilljónir króna kastað á glæ á ári hverju, en ljóst er að hægt er að nýta þetta hráefni og skapa þannig aukna atvinnu og auknar útflutningstekjur fyrir þjóðarbúið. Þetta þarf að skipuleggja frá grunni og hagnýta alla þá tækniþekkingu sem fyrir hendi er til að ná þessu markmiði.

Sem betur fer hafa Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins unnið mikið og gott starf á þessu sviði á undanförnum árum. Er því þegar fyrir hendi mikil þekking og niðurstöður rannsókna, og hlýtur það að auðvelda ákvörðun um skipulegar framkvæmdir til að auka fullnýtingu í fiskiðnaði hér á landi.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er sérstakur kafli um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Í 26. gr. þessara laga stendur svo um verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, með leyfi forseta:

„1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna. 2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar. 3. Kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra. 4. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta við fiskiðnaðinn."

Að sjálfsögðu er öllum ljós þýðing þessara laga fyrir rannsóknir í þágu atvinnuveganna og þar hefur verið unnið og er unnið mikið og þýðingarmikið verk fyrir þjóðarbúið í heild, en áherslu vantar á að þessar rannsóknir séu nýttar á þann hátt að það sé farið eftir því með framkvæmdir.

Ýmislegt hefur verið nefnt í sambandi við fullnýtingu aukaafurða sem æskilegur valkostur, auk mjölvinnslu og lýsisbræðslu á hefðbundinn hátt, svo sem meltuvinnsla úr innyflum sem talið er að hægt sé að koma við um borð í veiðiskipum og án mikils tilkostnaðar við fiskvinnslustöðvar í landi, fjölbreyttari framleiðsla úr lifur og hrognum og síðast en ekki síst lífefnaiðnaður, lyfjaframleiðsla, en talið er að hagkvæmt sé m. a. að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra lyf, lyfjahráefni, hormóna og líffhvata.

Á síðasta þingi var samþykkt þáltill. frá þm. Framsfl. um innlendan lífefnaiðnað, á þskj. 219, sem hljóðaði þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að komið verði á fót öflugum innlendum lífefnaiðnaði.

Í því sambandi beiti ríkisstj. sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Með markvissri rannsóknaáætlun verði leitað svara við því, hvaða lyf, lyfjahráefni, hormóna og líffhvata geti verið hagkvæmt að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra sem til falla hérlendis.

2. Framleiðsla þeirra lyfja, lyfjahráefna, hormóna og líffhvata, sem rannsóknir sýna að hagkvæm sé, verði hafin jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir."

Alþingi afgreiddi till. þannig samkv. brtt. atvmn.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Í grg. með þessari þáltill. framsóknarmanna var m. a. eftirfarandi rökstuðningur: „Á Íslandi fellur til mikið magn innyfla úr fiskum, hvölum og sláturdýrum, sem landsmönnum verður að nánast engum verðmætum. Hráefni þetta er verðmætt í lyfjaiðnaði, þ. e. við framleiðslu lyfja, lyfjahráefna og líffhvata. Lífefnaiðnaður er ört vaxandi víða um heim, og má í því sambandi sérstaklega benda á framleiðslu líffhvata til notkunar í iðnaði. Nýlegar kannanir benda til að framleiðsla líffhvata muni aukast um 8% á ári fram til 1985 í Vestur-

Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta er á sama tíma og samdráttur virðist vera í mörgum efnaiðnaði í heiminum.

Íslendingar ættu að geta átt mikla möguleika á þessu sviði. Þeir eru fiskframleiðendur á heimsmælikvarða. Innyfli þorsks, svo dæmi séu nefnd, nema um 15% af heildarþunga fisksins. Hráefnið fellur því til hér í miklum mæli. Lífefnaiðnaður er léttur sérhæfður iðnaður, sem nýtir innlent hráefni og sérmenntaða starfskrafta. Íslendingar ættu því að geta verið vel samkeppnisfærir í þessum iðnaði.

Ljóst er af þeim rannsóknum, sem þegar hafa farið fram, að Íslendingar ættu að geta haslað sér völl á sviði lífefnaiðnaðar.

Nauðsynlegt er að gera markvissa rannsóknaáætlun og vinna að framgangi málsins með föstum, ákveðnum skrefum.

Í okkar þjóðlífi er nú mikið rætt um orkufrekan iðnað. Verulegum fjármunum er varið í hagkvæmniathuganir á ýmsum kostum stóriðju. Hér er í flestum tilvikum um að ræða iðnað þar sem hráefni er flutt til landsins og fullunna varan út.

Mikil nauðsyn er að auka framleiðslu landsmanna með orkufrekum iðnaði. En við megum ekki láta okkur sjást yfir nærtæka möguleika eins og lífefnaiðnað úr innlendu hráefni. Innyflum fiska og sláturdýra er að mestu hent.

Þessi verðlitlu hráefni eru grundvöllur að öflugum lífefnaiðnaði.

Það sem vantar er stefnumörkun á þessu sviði og markviss vinnubrögð, þá mun árangurinn ekki láta á sér standa."

Flm. leyfa sér að vona að ríkisstj. taki þessi mál föstum tökum um leið og harma verður að Alþingi skyldi ekki veita þessu máli ítarlegri umfjöllun á síðasta þingi, þar sem um er að ræða stórmál til verðmætasköpunar og til að treysta atvinnugrundvöll þjóðarinnar. Þessi þáltill., sem hér er talað fyrir, er tilraun til að fá fram samræmdar aðgerðir, hefjast handa um að auka verðmætasköpun í fiskiðnaði, sem hlýtur að skapa ný atvinnutækifæri, auka umsvif og treysta grundvöll okkar aðalútflutningsframleiðslu, okkar stóriðju, sjávarútvegsins.

Í 2. tbl. tímaritsins „Sjávarfrétta" birtist athyglisverð grein eftir Svein Jónsson verkfræðing sem ber yfirskriftina: „Nýtt átak í athugunum á nýtingu aukaafurða í fiskiðnaði."

Sveinn Jónsson verkfræðingur hefur gefið leyfi til að láta grein þessa fylgja með þessari grg. til fróðleiks. Kunna flm. honum bestu þakkir fyrir. En í þessari grein segir Sveinn Jónsson m. a.:

„Við framleiðslu fiskflaka falla t. d. um það bil 60% af þunga fisksins undir skilgreininguna aukaafurðir. Nokkur hluti þessara aukaafurða er nýttur og þá helst í dýrafóður. Allt of mikið er þó meðhöndlað sem úrgangur, sem annaðhvort er kastað í sjóinn eða er ónýttur á annan hátt.

Ástæðan fyrir þessu liggur að nokkru leyti í eðli og skipulagi fiskveiðanna. Þær eru árstíðabundnar þannig að mannafli og tækjabúnaður annar aðeins því verðmesta úr aflanum, fiskimjölsverksmiðjur eru ekki alltaf á þeim stað, þar sem fiskaðgerð fer fram, og svo mætti lengi telja.

Nú er svo komið, að varla þarf að reikna með auknum fiskafla hér við land, svo að aukin verðmætasköpun í fiskiðnaði hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á betri meðferð og nýtingu þess sem aflað er. Auk verðmætasköpunar eru það oft umhverfissjónarmið, sem leiða til þess að farið er að huga að nýtingu úrgangsefna. Það er því miður fremur fátítt hér á landi enn sem komið er. Rétt er þó að hafa í huga, að mengunarvaldur reynist oft vera verðmæti á röngum stað."

Um nýtingu innyfla segir Sveinn Jónsson m. a.:

„Mikið hefur verið unnið að bættri nýtingu slógs hér á landi allt frá stofnun Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands og síðar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Er nú svo komið að ýmsar leiðir eru færar í þessu sambandi og töluverður hluti innyflanna er nú nýttur sem heild í mjöl- og lýsisvinnslu með öðru bræðsluhráefni eða í meltuvinnslu sem skepnufóður. Einnig eru einstök líffæri, svo sem lifur og hrogn, skilin frá og þau nýtt sérstaklega. Allt of stór hluti innyflanna er þó enn ónýttur af ástæðum sem drepið hefur verið á hér að framan.

Auk meltuvinnslu, sem unnið hefur verið að á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í allmörg ár, er nú verið að vinna að athugunum á frekari nýtingu einstakra innyflalíffæra. Slíkar hugmyndir eða athuganir eru ekkert nýjar af nálinni, en hafa að mestu leyti legið niðri undanfarin ár. Í ljósi nýrrar þekkingar og breyttra aðstæðna er nú talið rétt að huga frekar að þessum þætti."

Síðan telur Sveinn upp í þessari grein sinni, sem er hér prentuð með sem fskj., ýmsar greinar um þessi atriði. Hann talar hér um lifrarvinnsluna og sýnir fram á hvernig mætti nýta hana miklu betur en þegar er gert og auka þannig stórkostlega verðmætasköpun úr lifur. Hann talar einnig hér um nýtingu hrogna til manneldis og telur að miklu meira megi gera af því að nýta hrognin á ýmsu þroskastigi, sem ekki eru nýtt til manneldis og eru þess vegna ekki hirt. Hann bendir á þá reynslu, sem Norðmenn hafa þegar fengið og nýtt sér í sambandi við rannsóknir á nýtingu van- og ofþroskaðra hrogna, sem eru í Noregi núna nýtt sem byrjunarfóður fyrir lax- og silungsseiði. Þetta er mjög viðamikið mál og hefur mikið að segja fyrir okkur hér á landi, sem leggjum aukna áherslu á einmitt þennan þátt í sambandi við lax- og silungsuppeldi. Hann bendir einnig á vinnslu svilja og galls úr fiski, sem liggja miklir möguleikar í að nýta til ýmiss konar efnaiðnaðar. Hann bendir á rækjuúrganginn, en eins og hér hefur komið fram áður falla til um 75% af þunga rækjunnar sem aukaafurð sem er hent eins og hér hefur komið fram áður.

Hann bendir einnig hér á atriði, sem er rétt aðeins að staldra við, og það er um smáfisk til manneldis: „Oft heyrist sagt, að illa sé farið með fisk, sem unninn er í mjöl og lýsi til skepnufóðurs, í stað þess að nota hann til manneldis. Þó er ekkert athugavert við slíka vinnslu á meðan aðrar vinnsluaðferðir eða markaður er ekki fyrir hendi, sem gerir það mögulegt að nýta allan þennan fisk í mannamat. Það er þó ekki eðlilegt að líta á mjölvinnslu úr smáfiski, t. d. loðnu, spærlingi og kolmunna, sem endanlegt takmark, heldur leita annarra aðferða, sem gera það kleift að vinna þetta hráefni á arðvænlegri hátt, bæði næringarlega og fjárhagslega. Slík vinna fer stöðugt fram og má þar sem dæmi nefna smáfiskþurrkun hérlendis, marningsvinnslu Færeyinga

úr kolmunna og svokallaðan „Ole-prosess“ Norðmanna. Þessi síðastnefnda vinnsluaðferð byggir á því að skilja fitu, roð, bein og búkhimnur frá fiskvöðvanum á lífefnafræðilegan hátt og ná síðan fiskvöðvanum frá með fleytingu. Þetta er gert með því að bita fiskinn niður, setja hann í bað með ákveðnu sýru- og hitastigi, sem eru kjörskilyrði bindivefsniðurbrjótandi ensíma í fiskinum. Með þessu móti losnar fiskurinn í sundur, eins og áður sagði, án þess að fiskvöðvinn skemmist. Þessi aðferð hefur gefist vel í smáum stíl, en einhverjum erfiðleikum hefur verið háð að vélvæða vinnsluna.“

Það er ástæða fyrir okkur Íslendinga að gefa þessum atriðum gaum. Eins og allir hv. alþm. vita er það talið mjög mikilvægt hjá okkur núna að gera raunhæfar tilraunir til veiða á kolmunna og er sú tilraun þegar hafin á myndarlegan hátt og hefur gefist nokkuð vel, en þessi nýja aðferð, sem Sveinn Jónsson bendir á, er einmitt framhald þessa máls og gæti leitt til þess að hér væri um enn þá arðvænlegri aðferð til fiskveiða að ræða en þegar hefur komið fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að vitna í fleira úr þessari gagnmerku grein Sveins Jónssonar, en ég vil endurtaka að hér er, að mínu mati og okkar flm., um merkilegt mál að ræða, sem þarf að gefa gaum og hlýtur að varða miklu fyrir okkur, sem erum vissulega fiskveiðiþjóð. Því verður ekki mótmælt að fiskveiðar og fiskvinnsla eru undirstaða þessa þjóðfélags og verða svo um langa framtíð. Þess vegna er ákaflega mikilvægt, að allt sé gert sem hægt er og í mannlegu valdi stendur til þess að auka fullnýtingu fiskafurða og auka þannig gildi fiskveiða og fiskvinnslu og útflutningsverðmæti þjóðarinnar í heild.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öryggiskröfur til hjólbarða, þáltill. (þskj. 145). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 145 leyft mér ásamt nokkrum öðrum hv. þm. að flytja till. til þál. um öryggiskröfur til hjólbarða og innflutningsgjöld af hjólbörðum. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning hjólbarða með hliðsjón af því, sem tíðkast í grannlöndum okkar, og gera jafnframt ráðstafanir til að lækka verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum.“

Það er svo, að um langt skeið hafa verið í gildi í grannlöndum okkar ítarlegar reglur um þær kröfur sem gerðar eru til hjólbarða sem notaðir eru á bíla. Hér á landi munu engar reglur í gildi, er varða slíkar kröfur, aðrar en þær sem felast í reglugerð og reglugerðarbreytingum frá árinu 1973, en þar eru mjög fáorð ákvæði um hjólbarða og segir, með leyfi forseta:

„Á hjólum bifreiðar skulu vera hjólbarðar úr gúmí, hæfilega loftfylltir. Slitflötur hjólbarða skal vera mynstraður og skulu raufar í mynstrinu vera a. m. k. 1 mm á dýpt.

Hjólbarðar skulu vera gallalausir, og þeim skal vera réttilega fyrir komið.“

Þetta er í rauninni það eina sem segir um kröfur til hjólbarða, að raufar í mynstrinu skuli vera a. m. k. 1 mm á dýpt, og er nú sjálfsagt allur gangur á því.

Auðvitað eru hjólbarðar einhver mikilvægasti öryggisbúnaður hverrar bifreiðar. Í framleiðslu þeirra hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum og af þeim ástæðum hafa verið settar mjög nákvæmar og ítarlegar reglur um þær öryggiskröfur sem þeir verða að uppfylla, t. d. í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum og í velflestum löndum Vestur-Evrópu. Hjólbarðar sem ekki standast þessar gæðakröfur fást ekki seldir, eru ekki til sölu í viðkomandi löndum. Kröfurnar, sem gerðar eru til hjólbarða, eru ekki hinar sömu austan hafs og vestan, og það stafar m. a. af því, að í Bandaríkjunum eru á öllum þjóðvegum strangar hraðatakmarkanir, en víða í Vestur-Evrópu, t. d. í Þýskalandi, eru ekki hraðatakmarkanir á þjóðvegum, a. m. k. ekki alls staðar, og því eru þar gerðar meiri kröfur um styrkleika hjólbarða.

Sú staðreynd, að hér á landi eru engar reglur í gildi um þessi efni, hefur leitt til þess, að hingað til lands hafa verið fluttir í verulegum mæli gallaðir hjólbarðar, einkum til notkunar undir fólksbíla. Þessir hjólbarðar geta verið bæði gallaðir í útliti og eins með leyndum göllum sem fyrst koma í ljós þegar byrjað er að aka á þeim. Þessir hjólbarðar eru yfirleitt þannig, að merki framleiðenda og aðrar upplýsingar, sem greyptar eða steyptar eru í barðann, hefur verið raspað burt. M. ö. o., viðkomandi framleiðandi vill ekki kannast við vöruna og því er hún seld nafnlaus og númerslaus. Það er rétt að geta þess, að á venjulegan hjólbarða eru nú yfirleitt skráð tíu mismunandi upplýsingaatriði varðandi stærð og gerð í bókstöfum og tölum, sem greyptar eru í hlið hjólbarðans.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum að gallaðir hjólbarðar geta reynst hættulegir. Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, mun ekki fjarri lagi að giska á, miðað við innflutning síðustu þriggja ára, að 15—20% fólksbíla hér á landi séu með hjólbarða af þessu tagi, þar sem nafn framleiðenda og aðrar upplýsingar hefur verið máð burt.

Þá er einnig rétt að geta þess, að flutt er til landsins verulegt magn af notuðum, hálfslitnum og alslitnum, hjólbörðum erlendis frá. Hluti af þeim er sólaður hér, þ. e. fær nýjan slitflöt, en hluti af þessum gömlu hjólbörðum er seldur eins og hann kemur til landsins án þess að nokkuð sé fyrir hann gert. Til eru á markaði erlendis, segir í grg. þessarar till. og raunar hérlendis líka samkv. upplýsingum sem mér hafa borist frá því að þessi grg. var skrifuð, hjólbarðar sem þannig eru merktir að þá má einungis nota á landbúnaðartæki, þ. e. tæki sem mest eru notuð utan vega. Eins eru hér á markaði hjólbarðar sem eru eingöngu ætlaðir undir hestvagna og uxakerrur og eru merktir sem slíkir, væntanlega til sölu í Indlandi, í Afríkulöndum og víðar þar sem slík farartæki eru mikið notuð og menn byggja á þeim. Slíkir hjólbarðar eru til sölu hér og hafa verið. Það er vissulega ástæða til að banna að slíkir hjólbarðar séu notaðir undir bíla sem ekið er með 100 km hraða og þaðan af hraðar.

Í Finnlandi hafa sams konar mál verið á döfinni. Slíkir hjólbarðar hafa verið seldir þar og þótti ekki til fyrirmyndar. Ég hef aflað mér þeirra reglna, sem gilda um þessi mál, t. d. í Noregi. Sú reglugerð, sem þar

gildir um hjólbarða, er hvorki meira né minna en 17 vélritaðar síður og þar eru mjög ítarleg ákvæði um hvaða kröfur hjólbarðar þurfi að uppfylla þannig að þeir megi vera þar til sölu. Segir hér m. a. að vetrarhjólbarðar verði að vera þannig að þeir þoli hraðakstur sem nemur 130 km hraða á klukkustund. Þarna er áreiðanlega nokkuð breiður öryggisrammi, ef svo má segja, þannig að gerðar eru strangar kröfur.

Auðvitað er ein af meginástæðum þess að hér er verið að flytja inn hestvagnahjólbarða og selja undir bíla og eins fyrir þessum innflutningi á notuðum hjólbörðum, hálfslitnum og alslitnum, sem síðan eru seldir hér og sumir sólaðir, sú að hjólbarðar eru mjög dýrir hér. Það lætur nærri að ríkið taki til sín um helming af útsöluverði hvers hjólbarða.

Tilgangurinn, herra forseti, með flutningi þessarar þáltill. er fyrst og fremst sá að vekja athygli á því ófremdarástandi sem hér hefur skapast, þ. e. að heimilt skuli að flytja til landsins ekki aðeins lélega heldur gallaða hjólbarða og selja neytendum sem góða og gilda vöru. Hér er engin neytendavernd í þessum efnum og þess vegna eigum við auðvitað eins og aðrar þjóðir, bæði Norðurlandaþjóðirnar og allar þjóðir Vestur-Evrópu, að setja reglur um þessi mál þannig að hjólbarðar séu ekki settir á markað hér öðruvísi en þeir standist lágmarks gæðakröfur. Það hefur sjálfsagt ekki verið rannskað, en ég hygg að þau umferðarslys séu e. t. v. nokkuð mörg sem beint eða óbeint megi rekja til gallaðra eða lélegra hjólbarða.

Í öðru lagi er það tilgangurinn með þessum tillöguflutningi að leitast við að fá stjórnvöld til að láta af óhóflegri skattheimtu af hjólbörðum og gera þá þannig ódýrari og stuðla að auknu öryggi í umferðinni. Það væri ekki illa til fundið að það væri eitt af framlögum íslenska ríkisins á norrænu umferðaröryggisári að lækka verulega aðflutningsgjöld af hjólbörðum og setja reglur sem tryggðu að íslenskir neytendur væru ekki hlunnfarnir þegar þeir kaupa hjólbarða.

Herra forseti. Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að hér er um öryggismál að ræða. Það er auðvitað hneyksli að hér skuli vera seld undir bíla dekk eða hjólbarðar, sem merkt eru annars vegar For farm machinery only á ensku, aðeins til nota á landbúnaðartæki, eða með skammstöfuninni ADV, sem þýðir Animal driven vehicles, og það eru hestvagnar og uxakerrur svo að það sé enn ítrekað.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til, er þessari umr. hefur verið frestað, að þessu máli verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldskrá þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 259). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. á þskj. 259, sem er örstutt og fjallar um breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að þjónustustofnunum ríkisins verði skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands." — Og lýkur hér tilvitnun sem inniheldur þáltillgr. sjálfa.

Í grg. með þessari þáltill., sem áður hefur verið flutt á 102. löggjafarþinginu, er því lýst hvað hér er átt við. Þegar talað er um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana er átt við það þegar hlutfallslegar breytingar verða á kostnaðarliðum sem eru í gjaldskrá. Ekki er átt við það þegar hækkun á sér stað einfaldlega vegna verðlagshækkunar, heldur eingöngu þegar innbyrðis hlutföll riðlast af ýmsum ástæðum. Slíkt gerist stundum og þá stundum til þess að snúa á vísitöluna, ef svo má að orði komast, og til eru dæmi þess. T. d. mátti ekki hækka heitt vatn á sínum tíma, þar sem heita vatnið var í vísitölunni. Þá var hitaveitum leyft að hækka heimæðagjald fimmfalt meira vegna þess að heimæðagjald, sem vissulega er í gjaldskrám, var ekki í vísitölunni.

Auðvitað gæti hæstv. ríkisstj. framkvæmt þetta án þess að þessi till. verði samþykkt, en þar sem yfirvöld og hæstv. ríkisstj. hafa ekki séð ástæðu til að gera það, þrátt fyrir ábendingu Neytendasamtakanna, kýs ég að leggja þessa till. hér fram til samþykktar á yfirstandandi þingi, enda hafa menn úr öllum stjórnmálaflokkum lagt áherslu á að þessi till. nái fram að ganga.

Ég ætla ekki að flytja um þetta ræðu. Ég get vísað til fyrri ræðu minnar, sem hér var flutt á 102. þingi, og kýs að hafa ekki lengra mál um þetta. En hinn 1. febr. s. l. skrifuðu Neytendasamtökin bréf til formanna þingflokkanna, þar sem Neytendasamtökin lýsa því yfir að þau telji mjög mikilvægt að framangreind till. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi. Í bréfinu hvetja Neytendasamtökin til þess að nún verði samþykkt.

Herra forseti. Það er ástæðulaust að fylgja þessu máli eftir með fleiri orðum. Hér er á ferðinni mál sem ég hygg að flestir séu sammála um. Ég leyfi mér að fara þess á leit að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 37. fundur.

Föstudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 269 og 282, 255, 277). — Frh. 2. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Brbl. hæstv. ríkisstj. frá s. l. hausti hafa orðið mönnum tilefni til þess að setja fram ýmsar spaklegar kenningar um starfshætti Alþingis, einkum og sér í lagi um ábyrgð og ábyrgðartilfinningu stjórnar og stjórnarandstöðu. Sem kunnugt er hafa ráðherrar í hæstv. ríkisstj. marglýst því yfir að þeir beri enga ábyrgð á öförum núv. ríkisstj., enga ábyrgð á öförum stjórnarstefnunnar, enga ábyrgð á því hversu hörmulega er komið í íslensku þjóðfélagi. Þeir vísa þeirri ábyrgð af sér á aðra. Það er allt öðrum að kenna. Það er ekki höfð uppi málsvörn fyrir því til hvers stjórnarstefnan hefur leitt. Það er enginn ágreiningur um hvernig komið er. Það er í stórum dráttum ágreiningslítið eða ágreiningslaust. En þegar spurt er, hvers vegna er svona komið, hverjar eru orsakir þess

ástands sem orðið er, þá er hin frumlega kenning stjórnarherranna sú, að þetta sé öllum öðrum að kenna en þeim. Þetta er utanaðkomandi áföllum að kenna. Þetta er heimskreppa. Þetta er aflabrestur. Og það er stundum jafnvel haft á orði: Það er einna helst stjórnarandstöðunni að kenna.

Það er mikill partur þessa máls, þ. e. kenningin um ábyrgð stjórnarandstöðunnar. Ábyrgð stjórnarandstöðunnar er ekki, að því er manni skilst, sú að fylgja fram stefnu sinni. Ábyrgð stjórnarandstöðunnar er ekki í því fólgin að veita ríkisstj. gagnrýnið aðhald. Ábyrgð stjórnarandstöðu er ekki í því fólgin að setja fram stefnu í stað stjórnarstefnunnar. Nei, samkv. þessum kenningum er ábyrgð stjórnarandstöðunnar fyrst og fremst í því fólgin að sjá til þess undir öllum kringumstæðum að sú stefna, sem hún er andvíg í öllum grundvallaratriðum, nái fram að ganga á Alþingi. Það er lýst ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunnar ef hún sér ekki um að framlengja líf ríkisstj. sem hún er fyrir löngu búin að kveða upp dauðadóm yfir, sem hún telur algerlega gagnslausa, sem er reyndar ágreiningslaust við ráðherrana sjálfa, nú þegar þeir hnakkrífast innbyrðis og hver höndin er upp á móti annarri, hefur ekki einu sinni þingstyrk til þess að koma fram málum sínum, ekki heldur neina málefnalega samstöðu um eitt né neitt, enda mun það koma berlega fram á næstu dögum. Ráðh. munu þá ekki aðeins kenna um heimskreppu og aflabresti. Þeir eru að byrja að kenna hver öðrum um hvernig komið er.

Að því er brbl. varðar er það meginkennig stjórnarliða að stjórnarandstaðan muni ekki fá risið undir þeirri ábyrgð sem lýst er á hendur henni ef þessi brbl. verði felld. Hver eru rökin fyrir því? Hvað er svona gífurlega mikið í húfi? Við skulum rifja upp rökstuðninginn fyrir þessu.

Í dagblaðinu Tímanum 23. nóv. á s. l. ári er vitnað í rökstuðning hæstv. viðskrh. fyrir þessari kenningu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hann (viðskrh.) minnti á að áður en samkomulag náðist um efnahagsaðgerðir í ágúst s. l. hafi því verið spáð að verðbólga stefndi í 70—80% á miðju næsta ári. Ef þær verða framkvæmdar (þ. e. ef efnahagsaðgerðirnar, brbl., verða framkvæmdar) mundi verðbólga á næsta ári verða um 40—50% og stefna niður á við, ef ekki verða óhöpp í ytri og innri aðstæðum efnahagsmála.“

Frekari rökstuðningur er sá, að ef þessi brbl. ná ekki fram að ganga muni verðbólga á næstu sex mánuðum rjúka upp í 70—75%, en öllum mönnum eigi að vera ljóst að atvinnuöryggi þjóðarinnar, atvinnurekstur landsmanna, mundi gersamlega sligast undir slíkum kostnaðarhækkunum, og er það ágreiningslaust.

Þetta er nú kjarni málsins og rökstuðningurinn. Því er haldið fram af höfundum brbl., að ef þau ná ekki fram að ganga muni verðbólgan á Íslandi rjúka upp í 70%, en um leið er því skilmerkilega haldið fram, að ef þessi brbl. komist í framkvæmd væru áhrif þeirra slík að verðbólgan yrði ekki nema á bilinu 40—45% og mundi stefna niður á við. Þetta er rökstuðningurinn. Ábyrgð stjórnarandstöðunnar er að sjálfsögðu þá í því fólgin, að ef þeir felldu brbl. mundi verðbólgan fara að nálgast 70—75%. Ef brbl. kæmu til framkvæmda, næðu fram að ganga, yrði hægt að halda verðbólgustiginu í 40—45% og verðbólgan færi lækkandi. Um þetta snýst málið. Eru þessar staðhæfingar sannar? Er þessi rökstuðningur réttur?

Nú vill svo til að við þurfum ekki um þetta að deila af þeirri einföldu ástæðu að brbl. eru komin til framkvæmda. Þau eru að vísu sett með sjálfteknu löggjafarvaldi framkvæmdavaldsins, þau hafa að vísu aldrei verið samþykkt á Alþingi, en þau hafa tekið gildi og við þurfum ekkert að deila um hvaða áhrif þau hafa haft. Við þurfum ekkert að spyrja höfundana um hvaða áætlanir þeir gerðu, hver voru þeirra yfirlýstu markmið, hverju þeir gerðu ráð fyrir. Dómur reynslunnar hefur verið kveðinn upp. Hann liggur alveg skýrt fyrir og þarf ekkert um að ræða.

Næsta vísitölutímabil rennur upp 1. mars. Nú liggur fyrir að hækkun framfærsluvísitölunnar þá, miðað við verðlag í byrjun febr., verður um 15%. Hækkun kaupgjaldsvísitölu eða verðbætur á laun verða eitthvað lægri vegna frádráttarliða. En hækkun framfærsluvísitölu á þriggja mánaða tímabili um 15% þýðir að verðbólguhraði á ársgrundvelli, eins og hagspekingar kalla það, er 75%, verðbólgan er 75%. Þetta er svarið við spurningunni: Er það rétt, sem höfundar brbl. héldu fram, að þau mundu valda slíku viðnámi gegn verðbólgu ef kæmust þau til framkvæmda óáreitt af andstöðu stjórnarandstöðunnar að þeim mundi takast að halda verðbólgunni niðri í 40—45%, ella yrðu afleiðingarnar 70—75% verðbólga? Svarið er einfalt: Brbl. eru komin til framkvæmda að öllu leyti og dómur reynslunnar er kveðinn upp. Verðbólgan er 75% þrátt fyrir brbl.

M. ö. o.: röksemdafærsla höfunda brbl. fyrir nauðsyn þeirra, skírskotun þeirra til ábyrgðartilfinningar stjórnarandstöðu um hverjar afleiðingarnar yrðu ef svo hrapallega tækist til að lögin næðu ekki fram að ganga, — allt hefur þetta reynst staðlausir stafir, haldlaus rök með öllu.

Um þetta þarf ekki að deila við einn né neinn. Það vill svo til að þetta er ágreiningslaust hvort heldur við leitum umsagnar sérfróðra aðila eða jafnvel ráðh. sjálfra. Við skulum t. d. heyra hvað bankastjórn Seðlabankans hefur að segja um árangur efnahagsaðgerða ríkisstj. því að þá erum við fyrst og fremst að ræða um þessi brbl. og það sem í þeim fólst. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þær ráðstafanir, sem gerðar voru á síðasta ári til að ráða bót á vaxandi þjóðhagslegum halla, komu ekki nógu tímanlega til að hafa veruleg áhrif á þjóðarútgjöld á árinu, en auk þess ríkti á köflum óvissuástand, á meðan beðið var eftir ákvörðunum í efnahagsmálum. Niðurstaðan virðist í aðalatriðum hafa orðið sú, að þjóðarútgjöld og innflutningur vöru og þjónustu hafi hvort tveggja haldist svo til óbreytt frá árinu á undan, þrátt fyrir mikla lækkun þjóðartekna og útflutnings. Minnkandi tekjur þjóðarbúsins og birgðasöfnun komu því með fullum þunga fram í auknum viðskiptahalla við útlönd, sem virðist samkv. bráðabirgðatölum hafa farið upp í um 11% af þjóðarframleiðslu á árinu. Leiddi þessi mikli viðskiptahalli til þess, að hlutfall erlendra skulda til langs tíma af þjóðarframleiðslu jókst úr rúmum 37% í nálægt 47.5% á árinu, en jafnframt lækkaði nettógjaldeyriseign bankanna um helming. Er hér um afar viðsjárverða þróun að ræða fyrir efnahagslegt öryggi þjóðarinnar, ekki síst þegar litið er til óvissu og erfiðleika á erlendum lánamörkuðum.“

Þetta er kjarninn í umsögn Seðlabankans um árangurinn af efnahagsaðgerðum ríkisstj.

Hvað hefur bankastjórn Seðlabankans að segja um árangur stjórnarherranna í viðnámi þeirra við verðbólgu, sem brbl. gáfu fyrirheit um? Það er hægt að draga saman með þessum hætti, með leyfi forseta, — tilvitnunin er þessi og ég vitna beint í yfirlit Seðlabankans um stöðu efnahagsmála frá 1. febr. s. l.:

„En þrátt fyrir áhrif þeirrar ráðstöfunar [þ. e. skerðingar vísitölu kaupgjalds 1. des. s. l.] átti gengisþróunin mikinn þátt í því að auka verðbólguna úr rúmum 40% í byrjun ársins og yfir í 60% í árslok. Engar ráðstafanir hafa enn verið gerðar til þess að eyða verðbólguáhrifum þeirrar gengisbreytingar, sem ákveðin var í byrjun þessa mánaðar, enda stefnir verðbólgan að öllu óbreyttu í 70% þegar á allra næstu mánuðum."

Þetta er dómur Seðlabankans um yfirlýst markmið höfunda brbl. um að halda verðbólgu niðri í 40—45% og miða að því að hún fari síðan lækkandi á þessu ári.

Þetta þart út af fyrir sig ekki að koma neinum á óvart. Ágreiningur stjórnar og stjórnarandstöðu er ekki um það, hversu komið er íslenskum þjóðarbúskap. Það er hægt að leiða fram mörg vitni úr hópi stjórnarliða sjálfra, sem draga upp hrikalega mynd af ástandinu. Ágreiningurinn er ekki um það. Ágreiningurinn var frá upphafi um fullyrðingar stjórnarliða um að áhrifamáttur brbl. væri slíkur sem þeir héldu fram. Stjórnarandstæðingar voru frá upphafi ekki trúaðir á það. Við héldum því fram, að þessi brbl. væru gagnslaus, þau væru haldlaus og þau mundu ekki ná settu markmiði. Það væri verið að biðja fólk um að færa fórnir, en til einskis. Nú þurfum við ekkert að deila um þetta vegna þess að dómur reynslunnar liggur fyrir. Við höfðum á réttu að standa þegar við sögum á s. l. hausti að þessi brbl. væru gagnslaus, að þau væru haldlaus, að þau munu engum árangri skila í að halda aftur af verðbólgu eða yfirleitt að ná neinum þeim settum markmiðum sem yfir var lýst.

Í grg. eða öllu heldur í yfirlýsingu sem fylgdi með brbl. ríkisstj., þar sem upp voru talin í 21 punkti ýmis fróm pólitísk loforð um fylgifrv. eða hliðarráðstafanir, sagði svo um markmiðið með brbl. Það eru talin fjögur meginmarkmið:

1. Brbl. áttu að draga úr viðskiptahalla á þessu ári og hinu næsta.
2. Brbl. áttu með dularfullum hætti að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja næga atvinnu.
3. Brbl., en aðalinntak þeirra var skerðing verðbóta á laun, áttu að verja lægstu launin sérstaklega.
4. Brbl. áttu að veita viðnám gegn verðbólgu, halda henni í skefjum og koma í veg fyrir að hún ryki upp úr öllu valdi.

Þetta voru hin yfirlýstu markmið. Nú þarf ekki að hafa mörg orð um það, að engu af þessum yfirlýstu markmiðum var náð, ekki einu einasta. Og það gat hver maður sagt sér fyrir, sem skoðaði inntak brbl., með hvaða aðferðum átti að ná þessum yfirlýstu markmiðum. Með því að fella gengið. Með því að láta gengið síga eftir þörfum frá degi til dags. Með því að nema úr gildi það vísitölukerfi sem einn stjórnarflokkanna hefur fyrir sið kvölds og morgna að segja að sé seinasta brjóstvörn launþegans. Og síðan með því að hækka skatta, með því að hækka vörugjaldið. Þessar þrenns konar ráðstafanir, að fella gengi krónunnar, að færa nokkur hundruð millj. kr. úr launaumslögum í tóma sjóði atvinnurekenda og hækka vörugjald og ná þannig inn nýjum tekjum í ríkissjóð, sem síðan átti að nota að örlitlum hluta til ölmusubóta til launþega í staðinn, voru aðferðirnar sem áttu að duga til að ná yfirlýstum markmiðum, að draga úr viðskiptahalla, að auka framleiðslu og framleiðni, að verja lægstu laun og veita viðnám gegn verðbólgu. Allt er þetta einn samfelldur blekkingavefur og reynslan liggur þegar ljóst fyrir.

Með þessum brbl. hefur ekki verið dregið úr viðskiptahalla. Viðskiptahallinn er hrikalegur. Hann verður hrikalegur líka á næsta ári, ef að líkum lætur. Meginástæðan fyrir þessum hrikalega viðskiptahalla er sú, að stjórnarflokkarnir voru í allt s. l. sumar ófærir um að ná samkomulagi um til hvaða efnahagsráðstafana þeir gætu gripið. Alveg frá því að þingi var slitið á s. l. ári og fram á haust gátu stjórnarflokkarnir ekki komið sér saman um að viðurkenna þá staðreynd að gengi íslensku krónunnar var kolvitlaust, rangt skráð, með þeim afleiðingum að útflutningsatvinnuvegir bjuggu við linnulausa skuldasöfnun og hallarekstur, sem ekki gat staðið nema skamma hríð. Gengislækkunin var dregin mánuðum saman vegna ágreinings milli stjórnarflokkanna. Til hvers leiddi það? Það leiddi til þess, að gjaldeyrir þjóðarinnar var á útsölu allt sumarið. Aðgerðarleysi stjórnarflokkanna leiddi til allsherjarneyslukapphlaups, vegna þess að allir vissu að hverju var stefnt, og til innflutningsæðis. Táknmynd þess er það Íslandsmet í bílainnflutningi sem sett var á s. l. ári á sama tíma og stjórnarherrarnir töluðu um minnkandi aflabrögð, jafnvel versnandi viðskiptakjör, minnkandi útflutningstekjur og rýrnandi kaupmátt. Viðskiptahallinn er þess vegna bein afleiðing af aðgerðaleysi ríkisstj., sígilt dæmi um að ríkisstj. brást við of seint og aðgerðirnar voru of litlar til þes að ná nokkru af þeim yfirlýstu markmiðum sem um var að ræða.

Að halda því fram í alvöru að bráðabirgðaaðgerðir eins og þær að skerða vísitölubætur á laun eitt vísitölutímabil og hækka verðlag í landinu með nýjum verðbólguaukandi skatti, eins og hækkun vörugjalds, geri eitthvað til að auka framleiðni eða framleiðslugetu þjóðarbúsins er náttúrlega eins og hver önnur gamansemi um alvarleg mál. Það er fastur liður á ferli þessarar ríkisstj., að þegar hún grípur til svokallaðra óvinsælla efnahagsaðgerða eru þær alltaf vafðar inn í silkipappír og sellófan með einhverju fallegu orðalagi, eins og glassúr utan um hið beiska innihald. Þar er það fastur liður að tala um nauðsyn þess að auka framleiðni og framleiðslugetu.

Nú er það fljótsagt, ef litið er á stefnu þessarar ríkisstj. í atvinnumálum, í málefnum atvinnuveganna, að eitt helsta einkenni hennar er að draga sífellt úr framleiðni og arðsemi í atvinnulífinu. Þetta lýsir sér í því í landbúnaðarstefnunni, að í stað þess að reyna að stefna að nægilegri framleiðslu til að fullnægja þörfum innanlandsmarkaðar með sem minnstum tilkostnaði og sem minnstum mannafla leiðir til aukinnar framleiðni. Stefnan er þveröfug. Stefnan í landbúaðarmálum er offjárfesting í atvinnuvegi sem þegar er kominn yfir mörk vaxtar og þegar framleiðir meira en markaðurinn

getur tekið við, þannig að það er sífellt aukin fjárfesting og aukinn framleiðslukostnaður við að framleiða sama eða minnkandi magn. Þessi „framsóknarstefna“ í landbúnaðarpólitíkinni hefur síðan verið yfirfærð yfir á sjávarútveginn. Minnkandi afli er sóttur með sífellt stærri togaraflota með sífellt meiri tilkostnaði með sífellt minni arðsemi. Þetta er höfuðeinkennið á allri stefnu núverandi stjórnarflokka í atvinnumálum. Sama máli gegnir um núllstefnu hæstv. iðnrh. í orku- og iðnaðarmálefnum.

Um það að brbl. væru til þess fallin að verja lægstu laun þarf ekki að hafa mörg orð. Ég ætlast beinlínis til þess í umr. að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands og formaður Dagsbrúnar, geri grein fyrir áhrifum brbl. til þess að verja lægstu laun. Umr. sem þegar hefur farið fram um svokallaðar láglaunabætur hefur leitt í ljós að þrátt fyrir vont samviskubit þeirra Alþb.-ráðherranna, þrátt fyrir tilraunir þeirra til að skila aftur til sumra launþega hluta af þeim auknu tekjum, sem teknar voru í ríkissjóð með hækkun vörugjaldsins, hefur framkvæmd þess verið með slíkum endemum að orðið láglaunabætur er rangnefni.

Þannig er alveg sama hvar niður er drepið að því er varðar þessi blessuð brbl. Þau eru þegar komin til framkvæmda að mestu leyti. Þau rök sem notuð voru fyrir nauðsyn þeirra, þau rök sem færð voru fyrir því hvaða áhrif þau mundu hafa eða hvaða árangri þau mundu skila, hafa reynst haldlaus. Þau markmið sem átti að ná með setningu þeirra hafa ekki náðst.

Niðurstaðan er mjög einföld ef stjórnarherrarnir meintu það sem þeir sögðu þegar þeir tóku sér brbl.-vald til að setja þessi lög í ágúst á s. l. ári, meintu það, sem þeir sögðu þá, að nauðsynlegt væri að setja slík lög, nauðsynlegt væri að skerða verðbætur á laun, hækka skatta, fella gengi, vegna þess að ella mundi verðbólgan rjúka upp í 70%, sem þýðir náttúrlega dauðadóm yfir heilbrigðu atvinnulífi í landinu. Ef það var rétt þá liggur alveg ljóst fyrir að þessar efnahagsráðstafanir verður þegar í stað að endurtaka. Hafi þær verið nauðsynlegar þá eru þær nauðsynlegar nú. Ástandið núna er ekki aðeins mjög svipað, það er heldur verra en þegar brbl. voru sett í ágúst. Verðbólgan er meiri, ástand atvinnuveganna er hættulegra, viðskiptahallinn er meiri, skuldasöfnunin hættulegri, ósamkomulag stjórnarflokkanna meira. Yfirvofandi kauphækkun samkv. framfærsluvísitölu/kaupgjaldsvísitölu 1. mars er að vísu ekki alveg eins mikil og reyndin varð í des. vegna skerðingarinnar þá, en hafi verið nauðsynlegt að grípa til efnahagsaðgerða af þessu tagi á s. l. sumri er ennþá brýnni nauðsyn að gera það nú. M. ő. o.: aðgerðirnar voru haldlausar, þær skiluðu engum árangri. En hafi stjórnarherrarnir haft trú á nauðsyn þessara aðgerða þá hljóta þeir að endurtaka þær nú. Ekki geta þeir horft á aðgerðalaust þegar mun skuggalegra ástand er fyrirsjáanlegt og kortlagt fram undan, verði ekki gripið til aðgerða. Svo ábyrgðarlausir geta þeir ekki verið — eða hvað?

Deilu stjórnar og stjórnarandstöðu um þessi brbl., inntak þeirra, áhrif þeirra, er þess vegna raunverulega lokið. Við héldum því fram í umr. um þessi mál í þjóðfélaginu, í blaðagreinum og ræðum, á s. l. hausti að brbl. væru óréttlát og í fyrsta lagi vegna þess að þau gerðu ráð fyrir því að verðbótaskerðingin gengi jafnt yfir alla. Við héldum því þá fram, að mörg hundruð fjölskyldna, þar sem ein fyrirvinna væri í búi, sem ætti að framfleyta fjölskyldu á óyfirborguðum hungurtöxtum verkalýðsfélaga, gætu ekki þolað þá fyrirhuguðu skerðingu. Við höfðum efasemdir um að láglaunabæturnar svokölluðu, sem lofað var, — við höfum vonda reynslu af loforðum þessarar ríkisstj., — mundu koma þessu fólki að fullum notum. Og reynslan er sú, að í mjög mörgum tilvikum hafa þessar bætur ekki komist til þeirra sem helst þurftu á þeim að halda.

Í annan stað sögðum við þá, að við værum andvígir þessum brbl. vegna þess að menn væru beðnir að færa fórnir sem yrðu til einskis. Við héldum því fram að brbl. væru haldlaus, að þau mundu ekki duga fram í jan. Við bentum á, að með viðbótaraðgerðum var flotanum haldið á floti til áramóta með því að ávísa á tóma sjóði og slá erlend lán til að greiða niður olíukostnað. Sá leikur hefur nú verið endurtekinn eitt vísitölutímabil í viðbót. En það er líka gálgafrestur. Spurningin er þess vegna: Þegar liggur ljóst fyrir hið algerlega haldleysi þessara aðgerða, að ástandið er heldur verra nú, þegar nýtt vísitölutímabil nálgast, hvernig stendur þá á því að stjórnarherrarnir hafa ekki boðað og lagt fram á Alþingi nýjar efnahagsaðgerðir? Hafi verið þörf á því á s. l. hausti er það alger nauðsyn nú.

Það er ekki hægt að ræða svo afstöðuna til brbl. að nefna ekki viðbitið, eins og það er kallað. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, stjórnarliði, en um leið sá maður sem gegnir einni af æðstu trúnaðarstöðum verkalýðshreyfingarinnar í landinu, lýsti því yfir á sínum tíma að fylgi hans við brbl. væri skilyrt. Það vantaði viðbitið, sagði hann. Og hann spurðist fyrir um það, hvar væru öll þau boðuðu fylgifrv. sem áttu að fylgja brbl. Það er bráðum komið hálft ár frá því að þessi brbl. voru sett og frá því að því var yfir lýst að í kjölfar þeirra mundu fylgja margháttaðar aðrar efnahagsráðstafanir, sem væntanlega mundu frekar stuðla að því að í þeim yrði eitthvert hald, að þau skiluðu einhverjum árangri. Það er rétt að rifja upp hver þessi fyrirheit voru.

Það var boðað að fyrir 1. des. yrði gengið frá lagasetningu um nýtt viðmiðunarkerfi vísitölu. Hvað er að frétta af því? Þessa dagana rífast ráðherrar Framsóknar og Alþb., hnakkrífast, um hvor hafi svikið þetta loforð, hverjum aðilanum sé um að kenna. En hitt er staðreynd, að við loforðið hefur ekki verið staðið.

Það átti að gera ráðstafanir til að stöðva innflutning fiskiskipa í tvö ár. Það átti að gera sérstakar ráðstafanir til að herða matsreglur og auka viðurlög vegna lélegrar meðferðar afla. Það átti að efna til sérstakrar fræðsluherferðar um aflameðferð. Það átti að koma á nýju útflutningstryggingakerfi þannig að útflutningslánasjóðir geti boðið sambærileg kjör og samsvarandi greinar njóta með erlendum þjóðum. Það átti að draga úr þörf fyrir útflutningsbætur vegna landbúnaðarafurða. Það átti að gera sérstakt átak í markaðs- og sölumálum íslenskra afurða. Það átti að breyta verðmyndunarkerfinu, sérstaklega að því er varðaði verðlagningu á innlendum iðnaðarvörum í óheftri erlendri samkeppni. Það átti að gera útlánareglur, lánstíma og vaxtakjör fjárfestingalánasjóða sambærileg innbyrðis milli atvinnuvega. Það átti að koma á nýrri löggjöf um stjórnendur ríkisstofnana á fárra ára bili. Það átti að sjálfsögðu að efla sparnað í opinberum rekstri. Það átti að gera sérstakar ráðstafanir til að takmarka erlendar lántökur til samræmis við yfirlýst markmið um við-

skiptajöfnuð. Það átti að sögn að endurskoða skipulag á útgjöldum til heilbrigðismála með sérstakri áherslu á þjónustu sjúkrahúsa, hvað svo sem þetta merkir nú. Það átti að endurskoða frá grunni tekjuöflunarkerfi hins opinbera. Tekjuöflunarkerfi er væntanlega skattkerfi í stórum dráttum. Það átti að samræma aðstöðugjöld og atvinnurekstur. Það átti að taka upp viðræður við viðskiptabanka og sparisjóði um lengingu lána til atvinnuvega og húsbyggjenda, sem nú er búið að úthýsa af húsnæðismarkaðinum. Það átti að auka hluta starfsmanna og meðábyrgð þeirra í stjórnun fyrirtækja. Það átti að fresta opinberum byggingum. Það átti að stíga nýtt skref í jöfnun hitunarkostnaðar frá 1. okt. s. l. Og það átti í samráði við aðra á vinnumarkaðnum að koma á breytingum á orlofslögum. Þetta voru þau loforð sem gefin voru, 21 talsins.

Hvar eru þessi fylgifrv.? Hvar eru þau stödd? Hvernig hefur verið staðið við þessi fyrirheit? Því er fljótsvarað. Efndirnir eru allar í skötulíki. Þetta reyndist ekkert vera annað en umbúnaður, sellófan, glassúr utan um kauprán kommanna, eins og það er kallað. Það virðist engin alvara hafa verið að baki.

Hvað segir í yfirliti Seðlabankans um stöðu efnahagsmála í upphafi árs þann 1. febr., um ástandið í stórum dráttum? Það segir, með leyfi forseta:

„Þegar litið er yfir þróunina að undanförnu og stöðu þjóðarbúskaparins í dag, er ljóst, að þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda til þessa vantar mikið á, að efnahagsvandinn, sem magnaðist svo mjög á s. l. ári, hafi enn verið *leystur. Fari fram sem horfir, verður mjög mikill halli á* viðskiptajöfnuði einnig á þessu ári, og skuldastaðan við útlönd mun komast á enn hættulegra stig. Jafnframt heldur verðbólgan áfram að magnast og grafa undan fjárhagslegu trausti og sparifjármyndun, en háu atvinnustigi verður haldið uppi með erlendri skuldasöfnun og verðbólgumyndandi útlánum innanlands. Við þessum vanda verður að bregðast hið allra fyrsta, því að hver mánuður er dýr í vaxandi erlendum skuldum, sem langan tíma tekur að greiða niður. Meginmarkmiðið í efnahagsmálum hlýtur því, eins og nú er komið, að vera að draga úr og eyða sem fyrst viðskiptahallanum við útlönd, sem ógnar efnahagslegu öryggi landsmanna."

Að því er varðar gengisskráningu og afleiðingar ítrekaðra gengislækkana og gengissigs segir í þessari greinargerð, með leyfi forseta:

„Ef breytingar gengisins að undanförnu eiga að hafa tilætluð áhrif verður því að koma í veg fyrir, að þær renni óheftar út í framleiðslukostnað og verðlag. Er reyndar ljóst, að lengra þarf að ganga og stefna verður *sem fyrst að gagngerri endurskoðun hins lögboðna* vísitölukerfis verðlags og launa, ef komast á út úr þeim ógöngum, sem íslensk efnahagsmál eru nú komin í."

Hér er verið að vísa til loforðs í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. Hér er verið að vísa til loforðs og fyrirheits í yfirlýsingu sem fylgir brbl. En þegar spurt er um efndir er sama svarið. Það eru engar efndir. Stjórnarflokkarnir geta ekki tæplega hálfu ári eftir að fyrirheitið var gefið í brbl., komið sér saman um hvað eigi að gera.

Að því er varðar ríkisfjármál, erlendar skuldir, skuldasöfnun, þá er náttúrlega von að spurt sé: Hver er stefna ríkisstj.? Ætlar hún að standa við fyrirheitið um alger umskipti að því er varðar erlenda skuldasöfnun? Menn spyrja: Hvar er lánsfjáráætlun ríkisstj., sem átti að leggja fram jafnhliða fjárlögum? Í grg. Seðlabankans segir um þetta efni, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er, að sem fyrst sé gengið frá lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, þar sem stefnt sé að um þriðjungs lækkun á erlendum lántökum frá því, sem var á s. l. ári, sem samsvarar að erlendar lántökur verði um 3500 millj. á núgildandi gengi. Síðan verður að takmarka lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða við það svigrúm, sem þá er fyrir hendi."

Þetta er eitt af lykilatriðum efnahagsmálastefnu ríkisstj. Henni ber lagaskylda að leggja fram lánsfjáráætlun. Það er eitt af brýnustu málum sem þarf að leysa áður en þetta þing lýkur störfum. En það er líka sama þótt spurt sé: Hvar er lánsfjáráætlun ríkisstj.? Hver er stefna hennar í fjárfestingar- og lánamálum? — Svarið er ósköp einfaldlega: Það er ekki vitað. Það er ekki vitað vegna þess að innan ríkisstj., meðal stjórnarflokkanna, er engin samstaða hvorki um það né annað.

Ég hef vitnað nokkrum sinnum til greinargerðar Seðlabankans um hversu hörmulega er komið í íslensku atvinnu- og efnahagslífi nú þegar þessi hæstv. ríkisstj. er í þann veginn að skilja við á þriggja ára afmæli sínu. Ég hef líka fullyrt að það er tiltölulega lítill ágreiningur milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga um hversu alvarlegt ástandið er og hversu skuggalegar horfurnar eru fram undan.

Það er hægt að leiða fram ótal vitni úr stjórnarherbúðunum sjálfum þessu til staðfestingar. Ekki ómerkari maður en aðstoðarmaður fjmrh., Þröstur Ólafsson, skrifaði fyrir skömmu merkilega grein í Morgunblaðið. Hún birtist þar 10. des. s. l. Þar gerði hann upp reikningana við afleiðingar stjórnarstefnunnar. Þessi dómur er svo harður að stjórnarliðar hljóta að kveinka sér við, en hann er að mínu mati sannur og réttur. Og hann er þess eðlis að hann staðfestir í nær einu og öllu þá gagnrýni sem við stjórnarandstæðingar, a. m. k. við Alþfl.-menn, höfum haldið uppi á þessa ríkisstj. frá því að hún var stofnuð.

Hvað segir þessi helsti aðstoðarmaður fjmrh. og helsti trúnaðarmaður stjórnarsamstarfsins um ástandið eins og nú er komið? Hann segir, með leyfi forseta:

„Nú er svo komið að liðlega 10. hver króna, sem keypt er fyrir hér á Íslandi, er fengin að láni erlendis. Greiðslubyrðin stefnir í 30% af útflutningstekjum. Viðskiptahallinn á árinu er áætlaður um 3100 millj. kr.

Nú er svo komið að hvert nýtt fiskiskip sem við kaupum dregur verulega úr afkomu þeirra sem fyrir eru. Flotaaukning byggðakapphlaupsins er farin að lækka tekjur sjómanna og rýra afkomu útgerðarinnar. Svipaður þorskafli 1978 og 1982 deilist nú á miklu fleiri og dýrari skip. Þetta leiðir einnig til verri afkomu í landi og árangri þeirra byggðastefnu sem skuttogarabyltingin hafði í för með sér er þar með stefnt í voða. Á ný er sótt til Reykjavíkur. Einnig þessi bylting virðist ætla að éta börnin sín."

Hvað segir aðstoðarmaður fjmrh. um þá stefnu sem ríkisstj. hefur fylgt í atvinnumálum? Hvernig er um að litast í sjávarútveginum, undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar? Aðstoðarmaður fjmrh. lýsir ástandinu svo, með leyfi forseta:

„Nú er svo komið að tvær af þremur stærstu fiskitegundunum eru horfnar og sú þriðja á í vök að verjast. Allir árgangar þorsksins síðan 1977 virðast undir meðal-

lagi og Hafrannsóknastofnun vill lækka leyfilegan afla um 100 þús. tonn. Seiðamælingar hafa aldrei verið lélegri síðan þær hófust. Þótt slíkar mælingar geti aldrei verið nákvæmar er vísbendingin ótvíræð. Landhelgin okkar er að tæmast, ekki af skipum heldur fiski.

Nú er svo komið að bændur landsins framleiða í miklu magni kjöt sem þeir fá ekkert fyrir og geta aldrei selt. Meðlagsgreiðslur okkar með íslensku kjöti erlendis verða tæplega 280 millj. kr. á næsta ári. — „Það mundu þykja rausnarlegar láglaunabætur, ef þær væru í boði. Ég endurtek 280 millj. kr. á næsta ári. — Núverandi landbúnaðarstefna tryggir áframhaldandi hrakleg kjör smábænda.

Nú er svo komið að samsafnaður fjárhags- og rekstrarafkomuvandi margra helstu framleiðslufyrirtækjanna í landinu er svo mikill að þeim er fleytt frá mánuði til mánaðar með lánum og skammtíma fyrirgreiðslum. Víxlverkanir kauplags, verðlags, gengis, fiskverðs og vaxta eru orðnar fullkomlega sjálfvirkar. Verðbótakerfið tryggir viðgang verðbólgunnar."

Það er ástæða til þess að staldra við þessa seinustu setningu. „Verðbótakerfið tryggir viðgang verðbólgunnar". Í öllum umr. um efnahagsmál hefur einn stjórnarflokkanna, Alþb., haldið því fram að það verðbótakerfi sem við búum við sé seinasta brjóstvörn, seinasta haldreipi, launþega til þess að tryggja afkomu þeirra í mikilli verðbólgu. Þessu var haldið fram fyrir kosningar 1978. Þetta hefur verið stefið í öllum pólitískum áróðri Alþb. á s. l. áratug. Nú liggur hér fyrir sú játning eins áhrifamesta hugsuðar flokksins í efnahagsmálum, að verðbótakerfið tryggi viðgang verðbólgunnar. Það er óumdeilt að verðbólgan sjálf er náttúrlega helsti óvinur þeirra sem versta hafa afkomuna og bitnar harðast á launþegum sjálfum. Engu að síður er það svo, að marggefin loforð í stjórnarsáttmála, í yfirlýsingu með brbl., um breytt viðmiðunarkerfi, um breytingar á vísitölukerfinu, sem fæli það í sér að reynt yrði að draga úr víxlhækkun verðhækkana og launa, strandar á Alþb. sjálfu.

Ég vil taka það skýrt fram, að andstaða mín við brbl. eins og þau liggja hér fyrir, gagnrýni mín á haldleysi þeirra, byggist ekki á því að helsta inntak aðgerðanna var að hrófla við vísitölukerfinu í þetta skipti. Aðferðin, sem viðhöfð er, er vonlaus. Árangurinn af slíkri aðgerð í eitt og eitt skipti, þegar allt ætlar um koll að keyra, verður lítill sem enginn. En öll þróun vísitölukerfisins og reynslan á stjórnartíma núv. ríkisstj. sannar að það er hin mesta firra að óbreytt vísitölukerfi tryggi hagsmuni launþega. Óbreytt vísitölukerfi tryggir áframhaldandi verðbólgu, eins og hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt, en er með öllu óhæft til að tryggja raunverulegan kaupmátt launþega. Það ber þess vegna að endurskoða, en það ber að gera af alvöru og það ber að gera frá grunni. Það ber ekki að gera með því að rifta eftir á samningum í eitt og eitt skipti. Það ber ekki að gera með því að lýsa því yfir að verðbótakerfið sé heilagt, seinasta haldreipi launþegans, en grípa síðan til þeirra ráða í 14 skipti af 16 mögulegum að falsa þann mælikvarða, að hrófla við því í raun og veru, en neita hins vegar í verki að endurskoða kerfið sjálft og gera mönnum ljóst fyrir fram, launþegum jafnt sem öðrum, að hvaða skilmálum þeir geta gengið.

Herra forseti. Ég þykist hafa fært nógsamlega rök fyrir því að fullyrðingar stjórnarliða um að brbl. dugi til einhvers viðnáms gegn verðbólgu, þau séu til þess fallin að halda verðbólgu á viðráðanlegu stigi, þau séu til þess fallin að koma í veg fyrir að verðbólgan verði óviðráðanleg, 70—75%, hafi reynst vera haldlausar. Þau rök hafa ekki staðist og um það þarf ekki að deila. Reynslan er þegar komin á það mál. Sjálfsagt má halda því fram, að ef þessi brbl. verði að lokum felld, þó að þau hafi tekið að öllu leyti gildi og gildistími þeirra sé senn á enda runninn, þá geti það enn leitt til þess að verðbólgan mælist eitthvað meiri en ella. En þá verða menn líka að hafa í huga að það er alveg gefið að sitji núv. ríkisstj. áfram við völd, taki þm. yfirleitt þátt í því að framlengja dauðastríð þessarar ríkisstj., er það alveg gefið og má bóka það fyrir fram að verðbólga á Íslandi rýkur upp úr öllu valdi á næstu mánuðum. Af hverju? Einfaldlega vegna þess að stýring á efnahagsmálum snýst ekki lengur um þessi brbl. Það er öllum mönnum ljóst, sem um þessi mál hugsa, að nú þarf og nú er ekki hægt að fresta því lengur að grípa til mjög róttækra samræmdra aðgerða á sviði efnahagsmála, sem þyrftu helst að vera svo róttækar að þar sé ekki aðeins um að ræða róttæka stefnubreytingu, heldur þarf að stokka upp efnahagskerfið sjálft og gerbreyta öllum hagstjórnaraðferðum í mjög veigamiklum atriðum.

Innan þessarar ríkisstj. er augljóslega engin samstaða um eitt né neitt. Sannarlega er engin samstaða um neinar aðgerðir í efnahagsmálum. Það tók þessa ríkisstj. marga mánuði að ná samkomulagi um gengislækkun, um að ráðast enn einu sinni á vísitölukerfið, á launaumslögin, en það hefur engin samstaða náðst innan ríkisstj. um að standa við gefin fyrirheit um einhverjar aðrar aðgerðir í viðbót. Þessi ríkisstj. getur ekki sett saman lánsfjáráætlun. Hún getur ekki mótað sér fjárfestingarstefnu. Hún getur enga afstöðu tekið til vísitölukerfis. Hana greinir á greinilega um aðgerðir í landbúnaðarmálum, atvinnumálum. Það er alveg sama hvar borið er niður. Það eina sem ráðh. hafa verið sammála um frá þingsetningu á s. l. hausti er að stritast við að sitja, en til einskis. Og þegar slíkir menn tala af miklum þjósti um ábyrgðartilfinningu stjórnarandstöðunnar og lýsa ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunni fyrir að hún er andvíg haldlausum bráðabirgðaráðstöfunum af þessu tagi, þá er það vægast sagt tvöfalt siðferði, sem erfitt er að sætta sig við.

Ég vitnaði til þess áðan, herra forseti, að hæstv. ráðherrar neita yfirleitt í öllum umr. um efnahagsvandann að taka á sínar herðar nokkra ábyrgð af því hvernig komið er. Þeir vilja velta ábyrgðinni af sér yfir á herðar annarra. Þeir nefna þar til sögunnar allt aðra hluti. Það er ekki umdeilt að þessari ríkisstj. hefur gersamlega mistekist í öllum meginatriðum. Hún setti sér í upphafi ferils síns ákveðin markmið, að vísu meira og minna óljós. Nú, þremur árum síðar, liggur ljóst fyrir að þessum markmiðum hefur hún ekki náð. Stórkostlegasta loforð hæstv. ríkisstj. var það, að innan tveggja ára mundi hún færa verðbólgu niður á sama stig og gerðist með viðskiptalöndum okkar. M. ö. o.: innan tveggja ára átti sá árangur að nást. Nú liggur það alveg ljóst fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar er á bilinu frá 4—6%. Verðbólga á Íslandi er í kringum 70% — reyndar 75% — ef framreiknaðar væru verðhækkanirnar sem verða nú fyrirsjáanlega og liggja fyrir 1. mars. n. k. Það þarf engu orði um að bæta. Þetta var meginmarkmið ríkisstj. Árangurinn er slíkur að engri

ríkisstjórn á að vera sætt eftir að árangursleysið var orðið eins algert og þessar tölur staðfesta.

Annað meginloforð ríkisstj. varðaði erlenda skuldasöfnun. Í stjórnarsáttmála stóð, með leyfi forseta:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum. Efri mörk erlendrar lántöku verði þó ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar."

Efndirnar? Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum var 13—14% af árlegum gjaldeyristekjum, en stefnir nú í yfir 30. Erlendar skuldir nema nær helmingi þjóðarframleiðslunnar. Skuldasöfnun stafar að verulegu leyti af því að tekin eru eyðslu- og skuldabreytingalán. Gjaldeyrissparandi eða aflandi fjárfestingar hafa dregist saman. Yfirlýst markmið um verðbólgu, yfirlýst markmið um að halda erlendri skuldasöfnun í skefjum, yfirlýst markmið um uppstokkun á veigamiklum þáttum hagkerfisins eins og t. d. verðbótakerfinu, yfirlýst fyrirheit um lækkandi vexti í kjölfar lækkandi verðbólgu, — það er alveg sama hvar borið er niður, það stendur hvergi steinn yfir steini. Það eina sem þessi ríkisstj. skilur eftir sig og verður hennar minnisvarði eru vanskilaskuldirnar, sem þjóðin verður að taka á sig og greiða af arðlausri fjárfestingu og fyrirhyggjulausri hagstjórn, sem þjóðin verður að taka á sig og greiða óumdeilanlega á næstu árum, jafnvel á sama tíma og þjóðartekjur á mann og þjóðarframleiðsla kunna að fara minnkandi og greiðslugetan verður stórlega skert.

Þetta er ekki bara dómur stjórnarandstöðunnar. Ég vitnaði áðan til ummæla aðstoðarmanns fjmrh., sem tekur að sumu leyti jafnvel enn dýpra í árinni. Ég hef vitnað í mörgum greinum til greinargerðar Seðlabankans um það hvernig komið er. Það er yfirleitt ágreiningslaust meðal þeirra, sem um þessi mál fjalla, að þessari ríkisstj. hefur gersamlega mistekist. Hvort þau brbl., sem nú eru þegar komin til framkvæmda og hafa reyndar þegar sannað algerlega haldleysi sitt, verða staðfest hér á Alþingi Íslendinga eða ekki er ekki lengur neitt meginatriði. Meginatriðið er ákaflega einfalt. Spurningin er ákaflega einföld. Hún er um það, hverjir eiga að taka við þessu þrotabúi og hvenær verður hægt að byrja á því að moka flórinn. Hvenær verður efnt til kosninga? Hvenær tekur meiri hl. Alþingis á sig rögg, leysir þessa ríkisstj. frá störfum, skýtur málinu undir dóm þjóðarinnar og skapar þannig forsendur fyrir því að starfhæfur þingmeirihluti verði myndaður og ný ríkisstj. taki við?

Sá nýi þingmeirihluti verður ekki öfundsverður. Hann mun taka við stærsta efnahagslegu þrotabúi lýðveldissögunnar. Um það er ekki deilt, um það er enginn ágreiningur milli stjórnar og stjórnarliða. Stjórnarliðar vilja að vísu ekki taka á sig ábyrgð, þeir varpa sökinni á óskylda hluti. Þeir kenna um heimskreppu, þeir kenna um aflabresti, þeir kenna um öllum öðrum en sjálfum sér. Það er að vísu mannlegt, en ekki stórmannlegt. Staðreyndin er engu að síður sú, að þrátt fyrir samdrátt í afla er sá vandi sem við eigum við að búa fyrst og fremst heimatilbúinn. Sönnun fyrir því er t. d. sú, að árið 1981 var eitthvert hagstæðasta ár í gervallri sögu lýðveldisins. Það er mesta aflaár í Íslandssögunni frá upphafi vega. Var það ekki allt í lagi? Nei. Jafnvel á því ári, þegar afli og viðskiptakjör og gengisþróun voru hvað hagstæðust, var þannig búið að undirstöðuatvinnuvegunum að þeir áttu við að búa vegna rangrar gengisskráningar hallarekstur og stórfellda skuldasöfnun. Það stoðar jafnvel ekki, þegar stefnan er svo röng í grundvallaratriðum, gæska til lands og sjávar.

Herra forseti. Brbl. sem hér eru til umr. skipta engum sköpum. Örlög þeirra skipta orðið ákaflega litlu máli í raun og veru. Það sakar ekki að geta þess og rifja það upp, að Alþfl.-menn gerðu á sínum tíma tilraun til að bjóða ákveðið samkomulag við ríkisstj. um afgreiðslu þessara brbl. gegn því að ríkisstj. gengi að tilteknum skilyrðum öðrum. — Ég rifja upp:

Á s. l. hausti samþykkti flokksþing Alþfl. að formaður Alþfl. héldi áfram viðræðum við ríkisstj. um lausn efnahagsmála með þremur óaðskiljanlegum skilyrðum. Þau voru:

1. Þau brbl. sem hér eru til umr. yrðu lögð fram, en það hafði ekki verið gert. Þau höfðu þá ekki verið sýnd á Alþingi.

2. Að reynt yrði að ná samkomulagi um meiri hl. á Alþingi um lausn stjórnarskrármálsins fyrir kosningar.

3. Að bindandi ákvörðun yrði tekin í þessu samkomulagi um kjördag.

Þetta voru óaðskiljanleg skilyrði. Meginkrafan var sú, að forsrh. undirritaði formlega dánarvottorð hinnar dauðvona ríkisstj. Yfirlýst var að ríkisstj. hefði misst starfhæfan meiri hl. á Alþingi og þá staðreynd bar að viðurkenna, en til þess að slíkt samkomulag gæti orðið um lausn mála var það eðlileg krafa af hálfu stjórnarandstöðunnar að ríkisstj., sem viðurkennir gjaldþrot sitt, sem er innbyrðis gersamlega ósamstæð og getur engum málum komið fram, ekki bara vegna þess að hana skorti atkvæðastyrk til þess, heldur vegna þess að hana skorti málefnalega samstöðu til þess, viðurkenndi að sínu leyti staðreyndir í slíku samkomulagi.

Svar hæstv. forsrh. var að leggja fram skussalista yfir rúmlega 100 þingmál, sem hann gat síðan aðspurður jafnvel litla sem enga grein gert fyrir, enda voru þau mál, sem þar voru á lista, fæst af því taginu að skipti sköpum. Þannig litum við svo á, að forsrh. hefði hafnað þessu boði og tæki þessar viðræður ekki alvarlega, jafnvel að þær væru hafðar að gamanmálum.

Staða málsins er raunverulega enn í dag óbreytt. Ég endurtek: Í mínum huga skiptir ekki sköpum hver verða örlög þessara brbl. Það sem skiptir sköpum er fyrst og fremst þetta: Að þessi ríkisstj., sem reyndar er ekki lengur ríkisstj. í venjubundnum skilningi þess orðs, heldur einhvers konar leifar af stjórnarmyndunarviðræðum, árangurslausum þó, viðurkenni að hennar hlutverki er lokið, að hún hefur bakað þjóðinni skaða með því að sitja lengur en sætt er. Jafnframt er það eðlileg krafa kjósenda, að áður en gengið verði til næstu kosninga verði gerð lokatilraun til að ná samkomulagi um a. m. k. lágmarksleiðréttingu á óviðunandi misvægi atkvæðisréttar kjósenda og því næst að málum verði skotið undir dóm þjóðarinnar, þjóðinni gefinn kostur á að gera upp reikningana við stjórnarflokkana og svara þeim spurningum fyrir sitt leyti hverjir eigi að taka við þrotabúinu og gefa sína vísbendingu um það, hvaða leið hún vilji að farin verði út úr ógöngunum. Þetta er meginmálið. Um það snýst umr. á Alþingi þessa

dagana.

Þm. hafa hér hvað eftir annað kvatt sér hljóðs og kvartað undan því að áliti Alþingis fari hnignandi, að þjóðinni ofbjóði það ástand að horfa upp á pólitíska upplausn, pólitískt ábyrgðarleysi, pólitískt getuleysi, sem hér er ríkjandi, horfa upp á ríkisstj. sem svo er fyrir komið fyrir löngu að hún hefur ekki málefnalega samstöðu um nein þau mál, sem brýnast er að leysa, og hún viðurkennir sjálf að hún hafi ekki þann þingstyrk sem þarf til að koma málum fram, en á það reynir ekki vegna þess að um þau mál sem brýnast er að leysa er engin samstaða. Stjórnarandstaðan hefur ekki atkvæðastyrk til þess að óbreyttu að fella þessa ríkisstj. með vantrausti. Það þjónar engum tilgangi fyrir stjórnarandstöðuna við þessar kringumstæður að flytja mál sem ekki ná fram að ganga. Þetta er algert pólitískt upplausnarástand. Það er á ábyrgð þm. allra, en fyrst og fremst hvílir þó ábyrgðin á stjórnarflokkunum, á ríkisstj., á ráðh. og forustumönnum stjórnarflokkanna.

Það er staðreynd, að stjórnarandstaðan hefur gert tilraunir, gert tilboð til að fá þessi mál leyst án undirhyggju og með þeim hætti, sem viðunandi er, þótt seint sé. Það stendur ekki upp á stjórnarandstöðuna að bjóða slík boð. Þessa dagana er gerð úrslitatilraun til þess að ná samkomulagi um kjördæmamálið. Ég viðurkenni ósköp einfaldlega að það skiptir meginmáli að slík tilraun verði leidd til lykta, það verði látið reyna á hvort slíkt samkomulag geti ekki náðst. Það skiptir mun meira máli úr því sem komið er en spurningin um hver verði örlög brbl. sem þegar hafa komið til framkvæmda og hafa reyndar þegar sannað algert haldleysi sitt.

Það er mesti misskilningur að ábyrgð stjórnarandstöðunnar sé fyrst og fremst í því fólgin að styðja hvað sem það kostar einhverjar ráðstafanir, sem ríkisstj. setur fram, en hefur ekki þingstyrk til þess að koma fram, þegar það liggur fyrir að stjórnarandstaðan hefur haft rétt fyrir sér í því að þetta eru haldlausar ráðstafanir, gagnslausar ráðstafanir og það er þörf allt annars konar aðgerða, miklu róttækari aðgerða, en fyrst og fremst allt annars konar aðgerða en þessi ríkisstj. mun nokkurn tíma standa fyrir. Það er ekki hlutverk ábyrgrar stjórnarandstöðu að tryggja á þingi framgang stefnu sem hún er andvíg eða framlengja lífdaga ríkisstj. sem sjálf viðurkennir að hún er komin að útgönguversinu. Við þessar kringumstæður er það ábyrgð stjórnarandstöðunnar fyrst og fremst að tryggja að áður en þessu þingi verði sltitið verði það mál leyst eða gerð tilraun til að leysa það mál sem kjósendur verða að gera kröfu um. Það er það, að þegar gengið er að kjörborði verði ekki búið við það sama hrikalega atkvæðamisrétti og verið hefur að undanförnu, en að öðru leyti er svo komið, að óhjákvæmilegt er, að undan því verður ekki vikið, og skjóta ágreiningsefnum stjórnar og stjórnarandstöðu undir dóm kjósenda.

Herra forseti. Örlög þessara brbl. skipta úr því sem komið er ekki ýkjamiklu máli. Það sem skiptir máli er að við næstu kosningar takist að ná fram algerum pólitískum umskiptum á Íslandi, sem valdi því að meiri hluti þings og þjóðar snúi við af þeirri braut samfellds efnahagslegs ófarnaðar sem verðbólgu- og framsóknarátugurinn hefur leitt okkur út í. Í þessu samhengi leyfi ég mér, herra forseti, að vitna til ummæla aðstoðarmanns fjmrh., sem þekkir árangur þessarar ríkisstj. eða öllu heldur árangursleysi manna best, en hann segir svo um vanda þjóðarinnar í efnahagsmálum, með leyfi forseta:

„Stjórnmálamenn hafa ekki gefið nægilega gaum mjög flóknu samhengi efnahagslegra ákvarðana. Rætur verðbólgunnar eru rangar ákvarðanir í fjárfestingarmálum, rangar ákvarðanir í stjórnunarmálum sjávarútvegs, á sviði lána- og vaxtaákvarðana, í peningamálum, í landbúnaði og gjaldeyrismálum. Niðurstaðan er jafnvægisleysi allra helstu raunstærða hagkerfisins. Hér þarf grundvallarbreytingu, sem vissulega verður örðug í framkvæmd og krefst mjög sterkrar pólitískrar forustu."

Þetta er hvort tveggja í senn lokadómur aðstoðarráðherra núv. ríkisstj. viðurkenning hans, hreinskilnisleg og karlmannleg, á því að gagnrýni stjórnarandstöðunnar á grundvallarþáttum þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur veirð í tíð núv. ríkisstj., hefur reynst rétt. Þetta er sérstök staðfesting á því, að málflutningur Alþfl., gagnrýni Alþfl.-manna á stefnu núv. stjórnarflokka í fjárfestingarmálum í málefnum atvinnuveganna, í ríkisfjármálum, í vaxta- og peningamálum er ósköp einfaldlega rétt. Þessi orð staðfesta og viðurkenna að stefnan í landbúnaðarmálum, sem fylgt er af núv. ríkisstj., er röng í grundvallaratriðum. Stefnan í sjávarútvegsmálum er ekki aðeins röng heldur skaðleg og þjóðhættuleg, háskaleg. Núllstefnan í orkumálum og iðnaðarmálum — ja, hvað segja stjórnarliðar sjálfir um það? Við skulum ekki gera þeim upp orð. Þeir eru nefnilega byrjaðir, stjórnarliðarnir, þó þeir viðurkenni ekki að þeir beri neina ábyrgð og vilja kenna öðrum um, að kenna hverjir öðrum um. Við eigum eftir að fá mikið um slíkar vitnaleiðslur á næstunni, næstu dögum og vikum, meðan þessi ríkisstj. er að leysast upp. Árangurinn í iðnaðar- og orkumálum er að sögn dagblaðsins Tímans, að sögn þeirra framsóknarmanna, niðurstaðan af samstarfinu við hæstv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson, fjögur töpuð ár. Meira þarf reyndar ekki að segja. Það á ekki aðeins við um orku- og iðnaðarmálin. Það á við um þær hörmulegu afleiðingar sem hin efnahagslega óstjórn þessarar ríkisstj. hefur leitt yfir þjóðina. Þrjú glötuð ár.

Það hefur ekki staðið á okkur Alþfl.-mönnum, hvorki innan þings né utan, að gagnrýna þessa ríkisstj., að leggja fram þingmál, leggja fram lagafrumvörp, leggja fram þáltill. um hvað við viljum gera í staðinn. Við höfum lagt fram hér á Alþingi lagafrv. sem fela í sér afkomutryggingu þeirra fjölskyldna sem eiga að lifa af tekjum einnar fyrirvinnu á óyfirborguðu taxtakaupi. Alþfl.-menn hafa flutt um það frv. oftar en einu sinni í tíð núv. ríkisstj. að húsnæðislánakerfinu verði skilað aftur tekjustofnum sínum og því verði gert kleift að hækka lán til þeirra sem byggja í fyrsta sinn og lengja lánstíma þeirra og jafnvel greiðslubyrði. Þm. Alþfl. hefur flutt um það frv. að greiðslubyrði húsnæðis- og lífeyrissjóðslána miðist við ófalsaða kaupgjaldsvísitölu. Við höfum flutt mál hér inn í þingið sem hafa það markmið að efla innlendan sparnað með því að allir almennir sparisjóðsreikningar verði verðtryggðir og vextir á sparifé verði færðir og greiddir mánaðarlega. Við höfum flutt þingmál sem gera ráð fyrir að útflutningsbætur, matargjafir ofan í útlendinga, verði afnumdar í áföngum. Við höfum flutt þingmál sem gerir ráð fyrir því, að hætt verði að miða búvöruverð til framleiðenda við laun launþega og verðmyndunarkerfið í

landbúnaðinum verði stokkað upp. Við höfum flutt þingmál sem gera ráð fyrir að nýjar erlendar lántökur verði takmarkaðar við erlendan kostnað arðbærra framkvæmda og nauðsynlegan gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar. Alþfl. hefur flutt þingmál hvert á fætur öðru um takmörkun á innflutningi nýrra fiskiskipa. Alþfl. hefur flutt þingmál sem gera ráð fyrir auknu frjálsræði í viðskiptum og verðmyndun þar sem samkeppni á markaði telst nægileg. Alþfl. hefur flutt þingmál hér um að endurskoða tekju- og verkskiptingu ríkis og sveitarfélaga með því að færa fleiri verkefni ásamt fjármunum og ábyrgð yfir til sveitarstjórna. Þetta er stórmál sem tengist mjög líka réttlátri lausn stjórnarskrármáls og kjördæmamáls. Við höfum flutt þingmál hér um að tryggja sveitarstjórnum aukið sjálfsforræði og vald yfir gjaldskrám sínum. Við höfum margítrekað með þingmálaflutningi hér þá stefnu okkar að afnema beri tekjuskatta til ríkisins, sveitarfélögin fái þann tekjustofn til umráða. Við höfum flutt hér þingmál um samræmt lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn. Hér hefur verið flutt þingmál um að leggja beri niður Framkvæmdastofnun ríkisins í núverandi mynd og að fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna verði sameinaðir í einn sjóð, sem rekinn verði á viðskiptagrundvelli, og lánskjör samræmd. Við höfum gert ráð fyrir því og flutt um það þingmál, að réttmæt byggðastefna samkv. raunverulegri áætlanagerð í nauðsynlegum tilvikum verði unnin með allt öðrum hætti en nú er gert, þ. e. unnin á ábyrgð ráðuneytis og sett hér fram í áætlunarformi á þingi með sama hætti og vegáætlun, þannig að þm. verði gerðir ábyrgir fyrir í atkvgr. auknum fjármunum til slíkra hluta fyrir opnum tjöldum.

Allt eru þetta aðeins örfá dæmi um að Alþfl. hefur flutt 17 þingmál sem öll til samans móta allt aðra stefnu í grundvallaratriðum en fylgt hefur verið í tíð núv. ríkisstj.: Allt aðra stefnu í ríkisfjármálum, allt aðra stefnu í fjárfestingarmálum, allt aðra stefnu í atvinnumálum, málefnum atvinnuveganna, í landbúnaðarmálum, í sjávarútvegsmálum, í iðnaðar- og orkumálum, í verðmyndunarmálum og allt aðra stefnu að því er varðar viðskipti þjóðarinnar út á við, erlenda skuldastöðu o. s. frv. Alþfl.-menn verða þess vegna ekki sakaðir um að hafa ekki gegnt þeirri skyldu stjórnarandstöðu að láta ekki aðeins við það sitja að gagnrýna haldlausar aðgerðir stjórnarliða. Þeir hafa líka flutt mál sem í heild sinni vísa veginn til allt annarrar stefnu en fylgt hefur verið.

Herra forseti. Ég hef vitnað til þess, að það muni vera fram undan að ráðherrar í núv. ríkisstj. muni í vaxandi mæli fara að kenna hverjir öðrum um hvernig komið er eftir þriggja ára stjórnarsetu. Við höfum nú þegar séð forsmekkinn af því að því er varðar svikabrigslin sem ganga milli Framsóknar og Alþb.-manna að því er varðar hið nýja viðmiðunarkerfi vísitölu.

Nú hafa þau tíðindi gerst að fjmrh. og iðnrh. héldu blaðamannafund í hádeginu í dag, þar sem þeir tilkynntu um einhliða ákvörðun sína um hækkun skatta á ÍSAL afturvirkt. Það er jafnframt upplýst, að aðrir ráðh. í hæstv. ríkisstj. höfðu ekki hugmynd um að þetta hefði orðið. Það er ljóst að hæstv. iðnrh. og flokksbræður hans í Alþb. hafa boðað stefnu að því er varðar samskiptin við Alusuisse sem engin samstaða er um innan ríkisstj. Það er ljóst að formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, hefur boðað þar allt aðra stefnu og sett fram allt aðrar tillögur. M. ö. o.: það er ljóst að þessi ríkisstj. er að liðast í sundur. Það er alveg sama hvar borið er niður, í stórum málum eða smáum. Innan hennar er ekkert samkomulag þegar um slík stórmál er að ræða eins og það mál sem við kennum yfirleitt við Alusuisse eða köllum álmálið og snýst um tvennt. Það snýst númer eitt um samningsstöðu okkar til að fá hækkað raforkuverð og hins vegar deilur um skattauppgjör. Nú er það leyst með þessum hætti innan ríkisstj. Reyndar hefur það mál allt verið rekið í þessum dúr af hæstv. iðnrh., sem byrjaði heldur ógæfusamlega með því að hann efndi til blaðamannafundar í des. árið 1980 og lagði þar fram ákveðnar sakir, sem þá ekki voru sannaðar. Hann kaus ekki að leita samráðs við stjórnarandstöðu í þessu máli. Hann kaus ekki að beita þeim aðferðum sem hefðu eflt þjóðarsamstöðu um málið, heldur kaus hann að fara þá leið sem mundi valda mestum deilum, mestri tortryggni, mestri sundrungu og sem við vöruðum við að mundi að lokum skila minnstum árangri. Þetta er nú að gerast.

Þannig eru stjórnarflokkarnir að leita útgönguleiða. Þeir eru að flýja hið sökkvandi skip. Þeir eru að reyna að leita sér að málum sem þeir vilja setja á oddinn í kosningabaráttunni, annars vegar Alþb. með sitt álmál, hins vegar framsóknarmenn í kjördæmamálinu. Þegar svo er komið er það vissulega staðreynd að örlög brbl., sem hér eru á dagskrá, skipta ekki sköpum. Það sem skiptir sköpum er að fá leiðréttingu á leikreglunum, kosningaréttarmálum, fyrir næstu kosningar og skjóta síðan þessum deilumálum undir dóm þjóðarinnar, því að það er brýnt að hún fái að segja sitt, það er brýnt að hún fái tækifæri til að binda enda á það stjórnleysisástand sem hér hefur viðgengist allt of lengi. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Forseti (Alexander Stefánsson): Hv. 6. þm. Reykv. hefur óskað eftir að fá að taka hér til máls um þingsköp. Ég vil minna á að þetta er í miðri umr. um dagskrármálið og mun það ekki hafa komið oft fyrir hér að umr. sé rofin á þennan hátt. Ég mun þó gera undantekningu og gefa hv. þm. orðið um þingsköp.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Síðdegis í dag barst sú fregn hingað inn í þingið að hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. hefðu haldið sérstakan blaðamannafund þar sem þeir hefðu tilkynnt að hæstv. ríkisstj. eða einstakir hæstv. ráðh. — mér er ekki kunnugt um hvort er — hafi tekið mikilvægar ákvarðanir í þeim deilum sem yfir hafa staðið nú um alllangt skeið við Alusuisse, þ. e. að tekin hafi verið einhliða ákvörðun um skattlagningu á Íslenska álfélagið. Hér er að sjálfsögðu um stórmál að ræða. Vitað er að fyrir liggur till. í hæstv. ríkisstj. frá hæstv. sjútvrh. um ákveðna málsmeðferð þessa mikilvæga deilumáls. Einnig er vitað að hér er um að ræða ákvörðun sem getur haft mikil áhrif á samskipti okkar Íslendinga við Alusuisse í framtíðinni. Þegar þetta fréttist óskaði þingflokkur sjálfstæðismanna eftir því að hér færu fram síðdegis umr. utan dagskrár um þetta mál. Tilgangur umr. var sá að fara þess á leit við hæstv. ráðh., sem hlut eiga að máli, að þeir sýndu hv. Alþingi þá lágmarkskurteisi að skýra frá því hér á Alþingi hver þessi ákvörðun hefði verið, hvert væri efni hennar, hver væri aðdragandi hennar og hvaða hæstv.

ráðh. stæðu að henni eða hvort það væri ríkisstj. öll.

Ég hafði áhuga á því og við í þingflokki sjálfstæðismanna að spyrja hæstv. forsrh. hver væri aðild hans að þessari ákvörðun, og jafnframt að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann ætti aðild að ákvörðuninni, hvort hann hefði samþykkt hana og hvort hann hafi vitað af henni fyrir fram. Við höfðum líka áhuga á því að spyrja um það, hvort deilan við Hafnarfjarðarkaupstað um þátttöku í þeim kostnaði sem lagt hefur verið í vegna þessa máls, sem Hafnarfjarðarbær hefur verið rukkaður um, hafi jafnframt verið leyst í tengslum við þetta mál.

Formaður þingflokks Sjálfstfl. bar fram ósk um utandagskrárumræður við hæstv. forseta til að fá þetta upplýst. Jafnframt voru hæstv. iðnrh. og fjmrh. gerð orð um að eftir þessari umr. væri óskað og einnig hæstv. sjútvrh. Ég tek það fram að hæstv. sjútvrh. tók strax mjög vel í að taka þátt í þessari umr. og skýra frá því hver hans aðild að þessu máli væri eða hvort hún væri nokkur yfir höfuð. Hins vegar neitaði hv. 1. þm. Vesturl., sem nú situr í forsetastóli, því að þetta mikilvæga mál yrði tekið hér á dagskrá. Og hæstv. iðnrh. hefur jafnframt neitað að koma hingað upp til að skýra efnislega frá þessari ákvörðun. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Þetta er að sjálfsögðu mál dagsins í dag í stjórnmálunum. Það er mikilvæg ákvörðun sem hér hefur verið tekin og kann að reynast afdrifarík. Það er með ólíkindum að hæstv. iðnrh. ætli að heykjast á því að standa hér frammi fyrir hv. Alþingi til að skýra því frá efni og aðdraganda þessarar ákvörðunar. Og það er lítil virðing sem þessir hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. sýna Alþingi með því að ætla sér að sniðganga þingið á þennan hátt.

Ég verð að segja að þáttur hv. 1. þm. Vesturl. í þessu máli, varaforseta hv. deildar, er honum ekki til sóma ef hann neitar því staðfastlega að þessi umr. verði leyfð. Og þá meina ég í dag, hér og nú. Það er enginn áhugi á því að fá þetta mál upplýst eftir nokkra daga, einhvern tíma í næstu viku, þegar fjölmiðlar hafa um það fjallað dögum saman. Þetta er mál sem varðar Alþingi. Þetta er mál sem nauðsynlegt er að fá upplýst hér á Alþingi nú. Ég vil því skora á hæstv. iðnrh. að upplýsa Alþingi hér og nú um það í hverju þessi ákvörðun er fólgin, sú ákvörðun sem hann skýrði blaðamönnum frá í dag, hver hafi verið aðdragandi, hvert sé efni hennar og hvernig að henni hafi verið staðið. Ég skora jafnframt á hæstv. forseta að endurskoða afstöðu sína. Ég fer fram á það að hann kveði hér upp rökstuddan úrskurð úr forsetastóli um þá ósk þingflokks Sjálfstfl., sem ég hér ítreka, að þetta mikilvæga mál fáist rætt hér og nú.

Forseti (Alexander Stefánsson): Vegna ummæla hv. 6. þm. Reykv. vil ég upplýsa það hér, sem raunar allir hv. alþm. vita, að það hefur verið föst venja í sambandi við utandagskrárumræður að þær eru í byrjun funda, eftir að samkomulag hefur orðið um það við viðkomandi ráðh. sem gert er ráð fyrir að taki þátt í slíkum umr. Eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um hér innan *þingsins hefur það ekki verið venja að rjúfa* dagskrárumræður á þann hátt sem hér er farið fram á, nema eitthvað stórkostlegt liggi við, og eru sennilega ekki dæmi um slíkt í þingsögunni. Þess vegna voru viðbrögð mín sem forseta þau að ég taldi að ekki væri eðlilegt að verða við þessum tilmælum þegar einnig lá fyrir að viðkomandi ráðh., sem þetta mál átti fyrst og fremst að heyra til, hafði neitað að taka þátt í efnislegum umr. um málið á þessu stigi. Ég hef þess vegna gert ráð fyrir því að hægt væri að verða við þessum óskum á þann veg að í lok þessarar umr., sem væntanlega tekur senn enda, yrði hægt að koma því við að hafa sérstakar utandagskrárumræður um þetta mál. Þess vegna hef ég ekki viljað fallast á að rjúfa hér dagskrárumræður um ákveðið mál á þann hátt sem farið var fram á. Og ég hef ekki breytt þeim úrskurði. Það var ekki hugmyndin að þetta yrðu maraþonumræður um þingsköp, en fyrst þær hafa hafist vil ég gefa hv. 3. þm. Vestf. orðið.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrstu rök hæstv. forseta, sem hann beitir gegn því að fallast á þau tilmæli sem til hans hefur verið beint um að heimila hér umr. um ákvörðun tveggja ráðh., er sú, að venja sé að þær umr. fari fram í upphafi þingfunda. Af eðlilegum ástæðum var það ekki hægt vegna þess að þm. var ekki kunnugt um hvað þessir tveir hæstv. ráðh. höfðu ákveðið þegar fundur hófst. Af þeim ástæðum gat þessi utandagskrárumræða ekki hafist í upphafi fundar eins og ella hefði verið gert. Í öðru lagi eru það ekki rök í málinu að ráðh. segir við Alþingi: Ég er ekki reiðubúinn til að skýra ykkur frá því sem ég var reiðubúinn til að skýra blaðamönnum frá í hádeginu í dag. Það er fyrir neðan virðingu hæstv. forseta að beita slíkum röksemdum. Ef ráðh. er tilbúinn að skýra blaðamönnum frá ákvörðunum sínum, hvers vegna skyldi hann þá a. m. k. ekki sýna löggjafarsamkundu þjóðarinnar sömu virðingu? Ég átti ekki von á því að heyra forseta Alþingis beita slíkum rökum.

Í þriðja lagi segir forseti að hann telji eðlilegt að umr. fari fram um ákvarðanir ráðh. nú í lok þessarar umr. Ég veit ekki betur en að þessari umr. sé að ljúka. Einn stjórnmálaflokkurinn hefur boðað flokksmenn sína til þýðingarmikils miðstjórnarfundar í kvöld. Þar að auki var búið að tilkynna okkur að ekki væri gert ráð fyrir því að fundur stæði á þessum degi miklu lengur en til kl. 7, þannig að það er alveg ljóst að fundartíma er nú að ljúka í dag. Það er líka ljóst að umr. um það mál sem hér er á dagskrá lýkur að líkindum ekki fyrir þann tíma, því enn eru allnokkrir á mælendaskrá, þannig að ef á að heimila alþm. að beina fsp. til hæstv. ráðh. og fá upplýst það sem þeir eru reiðubúnir að upplýsa blaðamenn um, þá er annaðhvort að gera það núna eða fyrirskipa Alþingi að bíða þangað til eftir helgi með að fá það upplýst.

Ég skora á hæstv. forseta að endurskoða þessa ákvörðun sína. Það hefur verið friður um störf þingsins mikils til í vetur, sérstaklega eftir áramótin, þó að ríkisstj. hafi misst þingmeirihluta sinn. Hæstv. forseti gæti borið vitni um það, ef hann vildi, að þm. Alþfl. hafa ekkert gert til þess að tefja eða torvelda störf þessarar deildar eða þessa þings. Þvert á móti höfum við lagt okkur í líma um að gera allt sem við höfum getað til að greiða hér fyrir málum, og við tökum því hreint ekki að okkur sé tilkynnt úr forsetastóli að það sé ekki ástæða til að ræða á Alþingi og skýra alþingismönnum frá atburðum, sem orðið hafa í ríkisstjórn Íslands, sem tveir ráðh. hafa talið sig til þess búna að skýra blaðamönnum frá fyrir nokkrum klukkustundum síðan. Ég fer fram á við forseta að hann endurskoði þessa ákvörðun sína.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Um þrjúleytið í dag barst mér beiðni um það frá þingflokki Sjálfstfl. að taka þátt hér í umr. utan dagskrár um tiltekið málefni. Ég taldi ekki eðlilegt að taka undir það, vegna þess fundar sem hér var kvatt til á föstudegi um efnahagsráðstafanir, og er þó almennt reiðubúinn til þess að taka efnislegan þátt í umr. utan dagskrár hér þegar það er fram borið með eðlilegum fyrirvara og um það getur verið góð samstaða, en vegna þess að svona háttar til taldi ég ekki eðlilegt að verða við þessu. Ég er reiðubúinn til þess, þegar að lokinni þessari umr. hér eða við lok hennar, að taka hér efnislegan þátt í umr. utan dagskrár um það efni sem hv. 6. þm. Reykv. nefndi hér áðan. En ég tel ekki eðlilegt að slík umr. trufli það dagskrármál sem er á dagskrá og er búið að vera lengi og menn hafa væntanlega þörf á að sjá fyrir endann á.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég er áður búinn að skýra frá því hvers vegna ekki eru líkur á að verði kvöldfundir hér í kvöld, þannig að þessum fundi lýkur um kl. 7. Hæstv. ráðh. hefur lýst sig reiðubúinn til þess að taka þetta mál til efnislegrar umfjöllunar áður en þessum fundi lýkur, svo menn þurfi ekki að bíða fram á mánudag eftir að heyra skýringar hans. Þess vegna fer ég þess hér og nú á leit við hæstv. forseta að hann ákveði að gefa okkur a. m. k. eina klukkustund áður en fundinum lýkur til þess að fjalla um þetta mál, eftir að hæstv. iðnrh. hefur lýst sig reiðubúinn til þess, og þessi umr. geti farið fram kl. 6.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég heyrði ekki hádegisfréttir í dag og mér var því ekki ljóst fyrr en ég varð þess áskynja af umr. hér og nú að tveir ráðh. hefðu tekið það upp hjá sjálfum sér — ef ríkisstj. hefur ekki samþykkt það, sem ég reikna þó frekar með — að leggja nýjan skatt á álverksmiðjuna í Straumsvík. Án þess að vera kunnugur málunum geri ég ráð fyrir, ef sú leið hefur verið valin, að sá nýi skattur komi í staðinn fyrir þá hækkun orkuverðs sem mikið hefur verið rætt um að þurfi að ná samkomulagi um við Svisslendingana. Á einhverju stigi fyrri umræðna var talað um það, ef ég man rétt, að til greina gæti komið að Svisslendingarnir legðu niður sín störf hér, færu héðan í burtu, rækju verksmiðjuna ekki lengur.

Nú segir virðulegur forseti þessarar deildar að hann telji ekki rétt að rjúfa dagskrárumræður nema um stórmál sé að ræða sem krefjist slíkra aðgerða. Ég veit ekki í augnablikinu um neitt stærra mál en það að vinnumarkaði, sem er svo stór þáttur af vinnumarkaði á suðvesturhorni landsins, er stefnt í voða. Ég held að það sé ekki auðvelt að finna öllu stærra mál. Við vitum að hluti af vinnumarkaðinum, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, er í í miklum vanda. Fólki hefur verið sagt upp þar. Við vitum líka að Hafnarfjörður var ekki blómleg byggð. Hafnarfjörður var í miklum efnahagsvanda í langan tíma. Uppbygging og sú blómlega byggð sem þar er nú og velgengni byggðarlagsins hefur byggst mikið á þessum nýja vinnumarkaði. Sem sagt, hér er á dagskrá velmegun, áframhaldandi velmegun og áframhaldandi vinnumarkaður á suðvesturhorninu og ef þeim vinnumarkaði er stefnt í voða get ég ekki ímyndað mér að vinnumarkaðurinn í Reykjavík eða í nágrannasveitarfélögum gæti bætt þann skaða. Þess vegna lít ég svo á að hér sé um slíkt stórmál að ræða sem forseti taldi þurfa til til þess að forsvaranlegt væri að rjúfa dagskrárumræður. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram sem krafa frá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að umr. fari fram um þetta mál nú þegar.

Forseti (Alexander Stefánsson): Ég verð því miður að tilkynna hv. þm. að ég get ekki fallist á þessi rök. Við erum hér í miðri dagskrá um mikilvægt mál og við hljótum að fallast á nauðsyn þess að halda þeim umr. áfram eins og áformað var. Því hefur verið yfirlýst að ráðherra hefur neitað að taka þátt í þessum umræðum á formlegan hátt, þegar um það var beðið. Hann er hins vegar tilbúinn að gera það þegar þessum umr. lýkur. Þess vegna tel ég að við getum ekki haldið þessum umr. um þingsköp áfram á þessum vettvangi eins og þær hafa farið af stað. Minn úrskurður stendur, að umr. utan dagskrár verða ekki leyfðar. Ég er búinn að skera niður þessar umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég á nú ekki langa þingsögu að baki, en mér kemur í hug atvik sem ég varð einu sinni vitni að sem ungur maður og þá áheyrandi og áhorfandi á þingpöllum. Það var árið 1956 þegar Sovétríkin réðust inn í Ungverjaland. Þá var forustumaður Alþb., Einar Olgeirsson, í forsetastóli. Þáverandi formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, kvaddi sér þá hljóðs utan dagskrár til þess að ræða það mikilvæga mál sem þá var að gerast. Einar Olgeirsson meinaði honum orðið og þetta vakti mikla athygli. Það þinglega ofbeldi sem þá var verið að fremja vakti mikla athygli. Nú er þessi hæstv. forseti, 1. þm. Vesturl., að feta í fótspor Einars Olgeirssonar frá 1956 og fremja hér þinglegt ofbeldi. Það er ekkert mál mikilvægara til umræðu á Alþingi í dag en þetta mál. Það eru engin rök í þessu máli að þessar umr. um brbl. megi ekki rjúfa. Hæstv. ríkisstj. hefur gert það hvað eftir annað. Umr. um brbl. hefur staðið, ég vil segja, vikum saman og hæstv. ríkisstj. hefur sjálf tekið inn á milli ýmis mál sem hún hefur óskað eftir að tekin yrðu fyrir og ættu að hafa forgang. En það vekur sérstaka athygli í þessu máli að hæstv. iðnrh. kemur hér upp — og það er staðfest af hæstv. forseta þessarar deildar — og segir að hann sé ekki tilbúinn til að taka þátt í efnislegri umræðu um þetta mál. Efnislegri umræðu um mál sem hann hélt blaðamannafund um í dag. Um mál sem hann sá ástæðu til þess að kalla á blaðamannafund út af og skýra þar frá ákvörðunum sínum og hæstv. fjmrh. og hugsanlega hæstv. ríkisstj., guð veit hvað, það fæst ekki upplýst hér. Hann kemur svo hingað í ræðustól í Alþingi og segir: Ég er ekki reiðubúinn til þess að taka efnislegan þátt í umr. á Alþingi um þetta mál. Ég er ekki reiðubúinn að skýra hv. Alþingi frá því sem ég skýrði blaðamönnum frá í dag. Þetta er með ólíkindum, þessi framkoma þessa hæstv. ráðh. í garð Alþingis. Ég efast satt að segja um að hægt sé að finna dæmi um slíkt virðingarleysi ráðherra gagnvart Alþingi úr þingsögunni.

Sú ósk okkar, þingflokks sjálfstæðismanna, um að þetta mál verði hér tekið til umræðu stendur og ég vil enn á ný biðja forseta um að skoða hug sinn og endurskoða afstöðu sína. Það er enginn afsökun þó hæstv. ráðh. komi hér og segist ekki vilja skýra Alþingi frá efnisþáttum máls. Hæstv. ráðh. ber að gera það ef

alþingismenn óska eftir því og hæstv. forseti á ekki að ljá máls á slíkum málflutningi og ljá máls á slíkum heigulsskap sem hæstv. iðnrh. sýnir í þessu máli gagnvart Alþingi.

Forseti (Alexander Stefánsson): Eins og ég tók fram í upphafi máls ætti öllum hv. þm. að vera kunnugt um það að umr. utan dagskrár varðandi mál sem einhver viðkomandi ráðh. á að vera í forsvari fyrir hafa ekki farið fram hér á hv. Alþingi öðruvísi en viðkomandi ráðh. hafi samþykkt það fyrir fram. Hér er gripið inn í miðjar umr. og fyrir liggur að viðkomandi ráðh., sem málið snýr að, hefur ekki viljað taka efnislegan þátt í umr. utan dagskrár um málið á þessu stigi. Þess vegna hlýtur forseti að fara eftir þeim venjum sem um þetta hafa verið til þessa. Ég endurtek að ég get ekki gert annað. Ég tel að ég hafi ekkert vald til þess að þvinga ríkisstj. eða ráðh. til þess að taka þátt í umr. sem þeir óska ekki eftir að fari fram meðan mikilvægt dagskrármál er í gangi. (**Gripið fram í:** Geturðu ekki bara opnað blaðamannafund?)

Þess vegna verð ég að úrskurða að þessum umr. um þingsköp skuli ljúka.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það má vel vera að hæstv. forseti láti það ráða gjörðum sínum í þessu máli að hæstv. iðnrh. segist ekki vera reiðubúinn að svara hér á Alþingi því sem hann hefur verið að skýra frá á blaðamannafundi fyrr í dag. En við þm. látum okkur þetta ekki lynda, það er alveg á hreinu. Og þó að hæstv. forseti láti sér þetta duga, þá ítreka ég það að við þm. viljum fá ráðh. til að skýra frá þessu máli hér á þinginu nú. Reyndar voru fleiri ráðherrar spurðir en hæstv. iðnrh. hér af hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni. Hann spurði hvort öll ríkisstj. stæði að þessum gjörðum og hann spurði einstaka ráðherra hvort þetta væri gert með þeirra vitund og vilja, þannig að hér er ekki bara hæstv. iðnrh. krafinn sagna.

Það virðist vera töluverður munur á því hvort bréf kemur frá þingflokki Framsfl. til hæstv. forseta, að vísu ekki þess sem nú situr í forsetastóli, eða hvort það er þingflokkur sjálfstæðismanna sem óskar eftir því að tiltekið mál sé tekið á dagskrá. Þegar bréfið kom frá formanni þingflokks Framsfl. til hæstv. forseta Sverris Hermannssonar, þá var orðið við þeirri beiðni, svo óeðlilega sem að henni var þó staðið. En þegar þingflokkur sjálfstæðismanna biður um að svo mikilvægt mál sem þetta sé tekið á dagskrá, þá er ekki hægt að verða við því. Röksemdir hæstv. forseta eru alveg gersamlega ómögulegar. Í fyrsta lagi þetta, að umr. um mál sem stendur yfir sé rofin. Það sé eitthvað óeðlilegt við það. Það fer að sjálfsögðu eftir mikilvægi málsins sem við viljum hér fá á dagskrá. Og ég vil sjá framan í þann þm. sem telur hér vera á ferðinni eitthvert minni háttar mál. Ég held að það hljóti að vera aðrir í þeim hópi en hæstv. iðnrh. og hæstv. forseti.

Ég veit ekki hvort hæstv. forseti hefur tekið þá ákvörðun einn og óstuddur að neita þessum umr. Ég leyfi mér satt að segja að draga það í efa, því þeir hafa setið til skiptis við hliðina á honum, hæstv. forsrh. og formaður þingflokks Framsfl. Ég hef lúmskan grun um að þessir tveir, hv. þm. og hæstv. ráðh., hafi haft þarna einhver áhrif. Ég tek undir kröfu formanns þingflokks Alþfl. og ósk um að þetta mál verði tekið til umr. hér og nú. Við gætum fallist á að það yrði ekki fyrr en kl. 18, ef það yrði til þess að greiða fyrir samkomulagi í þessu máli. — [Fundarhlé.]

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 269 og 282, 255, 277). — Frh. einnar umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 277 við 4. gr. frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Áður en ég vík að því vil ég þó í örstuttu máli svara fsp. hv. 4. þm. Reykv., fsp. sem hann beindi til mín í umr. um dagskrármálið í fyrri viku. Hv. þm. spurði hvort og þá hvers vegna ég hefði breytt um afstöðu til brbl. ríkisstj. frá því sem lesa mætti út úr viðtali við mig í Morgunblaðinu í nóv. s. l.

Í fyrsta lagi er frásögn Morgunblaðsins af viðtalinu, sem fram fór úti á götu, ónákvæm. Ég notaði t. d. aldrei orðin að hjakkast áfram eða skrölta áfram þegar ég talaði um hæstv. ríkisstj. Í öðru lagi voru ástæður þá, þegar viðtalið fór fram, allt aðrar en nú. Þá voru í gangi viðræður formanns Alþfl. við ríkisstj., sem gengu m. a. út á tímasetningu væntanlegra kosninga og hugsanlega aðstoð Alþfl. við afgreiðslu nauðsynlegustu þingmála, þar með talin brbl. Spurningu Morgunblaðsins um það hvort Alþfl. væri að ganga í eina sæng með ríkisstj. svaraði ég efnislega þannig, að hugsanlegt væri að semja um afgreiðslu nauðsynlegustu þingmála, þótt alls engar hugmyndir væru uppi um það að Alþfl. gengi inn í ríkisstj. eða neitt í þá áttina. Aðstæður nú eru allt aðrar. Nú eru engar viðræður í gangi um afgreiðslu nauðsynlegustu þingmála og hæstv. ríkisstj. hefur alveg nýlega hafnað tilboði sem gengur í þá átt. Það er reyndar engu líkara en hæstv. ríkisstj. vilji sjálf fyrir alla muni að brbl. verði felld. Aðstæður nú eru því gerólíkar þeim sem voru í nóv. s. l.

Að öðru leyti vil ég segja það um málflutning hv. 4. þm. Reykv. í þessu máli og öðrum, að auðvelt væri að lifa ef unnt væri að leysa flókin vandamál með einföldum og ódýrum frösum.

Herra forseti. Brtt. mín gengur að því leyti í sömu átt og brtt. hæstv. sjútvrh. á þskj. 255, að í báðum tilvikum er gert ráð fyrir að létta undir með fiskiðnaðinum, en að öðru leyti eru þær ólíkar.

Meiri hluti þess gengishagnaðar sem ráðstafað var í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. frá 23. ágúst s. l. var vegna skreiðarbirgða sem ekki seljast. Og aftur nú um áramótin vega skreiðarbirgðirnar þungt í bjargráðunum. Á sama tíma eru fyrirtækin, sem eiga skreiðina, að sligast undan vöxtum á lánum sem á skreiðinni hvíla. Hvað eftir annað er væntanlegur gengishagnaður af óseldri skreið gerður upptækur fyrir fram og slegin út á hann lán til að fleyta áfram rekstri þeirra útgerðarfyrirtækja sem dýpst eru sokkin í skuldafenið.

Á sama tíma versnar ástandið í Nígeríu stöðugt og þar með vex óvissan um sölu skreiðarinnar. Norðmenn styrkja sína framleiðendur með hundruðum millj. kr. á sama tíma og íslenskir skreiðarframleiðendur eru rændir hvað eftir annað. Fullvíst er talið að Norðmenn hafi um langt skeið boðið sína skreið á lægra verði en sem nemur þeim viðmiðunarverðum sem til þessa hafa verið talin í gildi og allt bendir til þess að við verðum að veita verulegan afslátt frá þeim verðum þegar til sölu kemur.

Útflutningsgjöld af skreið verða á árinu 1983 væntanlega þessi umfram þau venjulegu 5.5% útflutningsgjöld af sjávarafurðum: 1. Vegna Olíusjóðs 4%. 2. Í svokallaðan verðreikning 6%. 3. Sérstakur gengismunur frá 1982 5.22% og aftur sérstakur gengismunur frá 1982 4.8% eða m. ö. o. 21.6%. Ef við bætum svo þessu venjulega 5.5% útflutningsgjaldi við, þá er um að ræða 28.2% útflutningsgjald af skreið. Nær allar skreiðarbirgðirnar eru á Nígeríusvæðið og því mun enn dragast frá 5% verðjöfnunargjald vegna skreiðar sem fara kann til annarra landa en Nígeríu. Þetta dæmi allt er orðið svo flókið að ekki er á færi annarra en sérfræðinga að fá botn í það. Ég bendi því þeirri nefnd sem um málið kann að fjalla á að fá á sinn fund sérfræðing Seðlabankans í þessum efnum, Ísólf Sigurðsson. Engan sérfræðing þarf þó til að sjá að hér er allt of langt gengið og því full ástæða til að verja þeim afgangi af gengismun, sem nú er rætt um, til að létta vaxtabyrði þeirra fyrirtækja sem skreiðarbirgðirnar eiga eða hafa að undanförnu selt skreið með löngum greiðslufresti.

Hæstv. sjútvrh. vill að hans rn. úthluti þessu fé, þessum hluta gengishagnaðar, í illa stæð fyrirtæki í fiskiðnaði. Hann vill í reynd skattleggja sölu skreiðar fyrir fram og taka lán út á þá skattlagningu og færa fé til þeirra fyrirtækja sem hann sjálfur telur hjálpar þurfi, óháð því hvort þau eru skreiðarframleiðendur eða ekki. Ég tel aftur á móti að mjög hæpið sé, og er þá vægt til orða tekið, að skattleggja skreiðarframleiðendur fyrir fram á meðan við vitum hvorki hvenær skreiðin selst né fyrir hvaða verð.

Með brtt. sinni er hæstv. sjútvrh. að búa til óraunhæfan gengishagnað, slá lán út á hann til aðstoðar fyrirtækjum *holt og bolt eftir eigin ákvörðunum*. Ég tel að gengishagnað vegna skreiðarbirgða, ef um hann er yfirleitt hægt að tala, eigi að nota eftir ákveðnum reglum til aðstoðar skreiðarframleiðendum sjálfum. Þaðan kemur þessi vægast sagt óraunhæfi gengishagnaður og þar á hann að vera á meðan engin skreið selst og erfiðleikarnir eru þar mestir. Þegar og ef við getum *selt skreið til Nígeríu á því viðmiðunarverði sem hingað* til hefur verið notað við útreikning gengishagnaðar, þá er nægur tími til að klófesta og ráðstafa því fé sem eftir kann að verða af gengishagnaði vegna skreiðarbirgða.

Hitt er svo allt annað mál, að auðvitað eru mörg fyrirtæki í fiskiðnaði illa stödd þótt þau hafi ekki framleitt skreið að ráði. Mörg þeirra þurfa á aðstoð að halda og sjálfsagt er að styðja hæstv. sjútvrh. í að finna skynsamlegar leiðir til þess. En til þess þurfum við raunhæfari leiðir en gert er ráð fyrir í brtt. hæstv. ráðh.

Herra forseti. Mínar brtt. eru í tveim liðum. Fyrri liðurinn er um breytingu á 5. tölul. 4. gr. og orðast svo með leyfi hæstv. forseta:

„Kr. 30 millj. renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkv. reglum sem sjútvrh. setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna."

Samkv. upphaflega frv. er ekkert hámark á því sem renna á í Stofnlánasjóð fiskiskipa til niðurgreiðslu á skuldum og fjármagnskostnaði vegna nýrra fiskiskipa. Samkv. brtt. hæstv. sjútvrh. er þessi upphæð takmörkuð við 40 millj. Í brtt. minni er hún takmörkuð við 30 millj.

Seinni liður brtt. minnar er þannig með leyfi forseta:

„Á eftir 5. tölul. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tölul., svohljóðandi:

Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, fari til greiðslu fjármagnskostnaðar vegna skreiðarbirgða samkv. reglum sem Seðlabankinn setur í samráði við viðskiptabanka skreiðarframleiðenda."

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég held að það sé rétt strax í upphafi að taka það skýrt fram, því að það virðist vera þannig þegar litið er á störf þingsins undanfarið að menn séu búnir að gleyma því, að þau brbl., sem hér er verið að ræða, hafa verið í gildi allt frá því í ágústmánuði og það er þess vegna furðulegt þegar því er haldið fram hér á hv. Alþingi að bráðnauðsynlegt sé að flýta afgreiðslu þessa máls og meira að segja gengur svo langt að ætlast er til þess að hv. þm. í hv. Nd. verði á fundum á föstudagskvöldi, þegar ljóst er að einn stjórnarflokkurinn, Alþb., ætlar að halda miðstjórnarfund þar sem allir þm. eiga að vera þátttakendur og ræða þar mikilvægt mál. Ég held að það þurfi að leita lengi til að finna annað dæmi um það sem hér er að gerast, svo mikill er þrýstingur hæstv. ríkisstj. á að fá þetta mál afgreitt með sérstökum hraða.

Það var einmitt þetta sem kom berlega fram fyrr á þessum fundi, þegar hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, óskaði eftir að fá að ræða utan dagskrár um það stórmál, sem kom fram í hádeginu, þegar tveir hæstv. ráðh. boðuðu til blaðamannafundar vegna skattgreiðslna Íslenska álfélagsins og það vitnaðist, hvort sem það er rétt eða rangt, að það hefði verið gert án þess að öll hæstv. ríkisstj. hefði vitað af eða væri með í ráðum.

Hæstv. forseti bar þá því við, að ekki væri hægt að efna til slíkra umr. vegna þess að síður væri að hefja fundi með slíkum umr. og fá til þess leyfi ráðh. fyrir fram og ekki væri hægt að slíta í sundur umr. um brbl. Ég gæti nefnt fjölda dæma um að umr. hafa verið slitnar í sundur um ýmis mál, bæði stjfrv. og önnur frv., í deildum eða um þáltill. í Sþ. svo að koma mætti að málum sem eru miklu smávægilegri en það mál sem óskað var eftir að ræða í dag á þessum þingfundi.

Það mál, sem stjórnarandstæðingar báðu um að fá að ræða, varðar atvinnumál og efnahagsmál þjóðarinnar. Það er jafnvel ekki óviðeigandi að ræða það sérstaklega í þeim umr., sem hér fara fram um brbl., því að af stjórnarinnar hálfu er því haldið fram að þessi brbl. séu sett til að tryggja atvinnu og koma skikki á efnahagsmálin.

Eitt af því sem hefur stefnt atvinnulífi þjóðarinnar í hættu eru einmitt vinnubrögð hæstv. iðnrh. í álmálunum. Aðferðir hans hafa verið með þeim hætti, að hann getur fyrr eða síðar orðið ábyrgur fyrir því að atvinnurekstur stöðvist — atvinnurekstur sem hefur hingað til veitt 600—700 mönnum vinnu í landinu. Hæstv. ráðh. kýs fremur að eiga orðastað við blaðamenn, boða þá á sinn fund, eins og hann gerði í hádeginu í dag, en tala við Alþingi, og minnir þessi aðferð mjög á það þegar sami hæstv. ráðh., í des. 1980, kallaði saman blaðamannafund á sjálfum þingtímanum til að birta ásakanir um sviksamlegt athæfi Íslenska álfélagsins og álhringsins Alusuisse.

Eins og margoft hefur verið sagt og bent á var það einmitt þessi aðferð og það sem á eftir kom sem hefur

gert það að verkum að enginn árangur hefur orðið í því máli. Þvert á móti tókst hæstv. ráðh. að eyðileggja svokallaða álviðræðunefnd, sem sprakk í loft upp þegar hann hunsaði tillögur viðræðunefndarinnar. Má benda á orðræður hv. 12. þm. Reykv. og hæstv. ráðh. í þeim efnum. Þá hefur hæstv. iðnrh. hafnað samstarfi um meðferð málsins, en honum hefur verið boðið upp á að mynduð yrði nefnd sem þingflokkarnir skipuðu. Hann gæti valið formann nefndarinnar og haft forræði málsins, svo framarlega sem nefndin hefði með bæði viðræðurnar við Alusuisse að gera og mótaði þá stefnu sem þarf að fylgja í slíkum umræðum. Hæstv. ráðh. kýs að fara ekki þá leið. Hann vill sjálfur ráða stefnunni. Hann vill að aðeins sé mynduð samstaða um eitt, samstaða um hann sjálfan. Og hver trúir því, eftir að hafa reynslu af þessum hæstv. ráðh., að hægt sé að mynda þjóðarsamstöðu um hæstv. ráðh. í þessu máli?

Ástæðan fyrir því að ekki fékkst að ræða þetta mál hér í dag var auðvitað sú, að innan hæstv. ríkisstj. er mjög mikill ágreiningur í þessu mikilvæga atvinnu- og efnahagsmáli. Þess vegna var komið í veg fyrir þessar umr. Það mátti ekki opinberast að þessi ágreiningur var fyrir hendi. Og það hlýtur að vera einsdæmi þegar hæstv. forseti kemur í veg fyrir að leyfðar séu slíkar utandagskrárumr., jafnvel þótt ráðherra hafi ekki fallist á að taka efnislega þátt í umr. Hæstv. ráðh. var hér viðstaddur og hafði örfáum tímum áður gefið upplýsingar um þetta mál á blaðamannafundi úti í bæ. Með slíkum vinnubrögðum er að sjálfsögðu verið að rjúfa þann frið sem verið hefur um störf þessa þings, þrátt fyrir það þrátefli sem ríkt hefur í þinginu í vetur.

Það hefði vissulega, þegar rætt er um efnahags- og atvinnumál, verið ástæða til að spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvernig á því standi að fyrstu 10 mánuði s. l. árs hafi 4.1 millj. íslenskra króna verið varið til eftirlits með starfsemi álversins og athugana á starfsemi þess. Það er kominn tími til að hæstv. ráðh. svari því og leggi á borðið hvað hann hefur greitt í herkostnað gegn þessu fyrirtæki og að þessu leytinu til. Það er á fimmtu milljón kr. utan við lagastoð. Þetta er gert með aukafjárveitingum. Þá eru að sjálfsögðu ekki taldar með aðrar fjárveitingar sem til þessa máls hafa farið, en eiga stoð í fjárlögum fyrir 1982. Ég held að hæstv. ráðh. vilji ekki ræða þetta mál á Alþingi. Málstaðurinn er ekki góður. Ég held jafnframt að ýmsir hæstv. samráðherrar hans hafi lagst gegn því að hæstv. ráðh. fengi að tala í málinu vegna þess mikla ágreinings sem um málið er.

Þau lög, sem hæstv. ríkisstj. setti í sumar, brbl. sem tóku gildi seint í ágúst, fjalla fyrst og fremst um þrjú atriði: Í fyrsta lagi, sem er kannske mikilvægasta efnahagsaðgerðin, eru laun skert um helming verðbóta og gekk það atriði í gildi hinn 1. desember s. l. Í öðru lagi eru lagðir á þjóðina miklir skattar í formi vörugjalds. Og það er ekki nóg með að vörugjald hafi verið hækkað með brbl., heldur leyfir hæstv. ríkisstj. sér að setja í brbl. í ágústmánuði ákvæði þess efnis að vörugjaldið, sem er tímabundið, verði í gildi fyrir árið 1983 eða m. ö. o.: hæstv. ríkisstj. ber því við í ágústmánuði að það beri brýna nauðsyn til að setja í brbl. ákvæði þess efnis að lögin haldi áfram að vera í gildi frá 1. jan. til 31. des. 1983. Þetta er furðulegt þegar það er haft í huga að fastur samkomutími Alþingis er samkv. lögum 10. okt., og það hlaut hverju mannsbarni að vera ljóst að auðvitað hafði hæstv. ríkisstj. þá, eins og ætíð áður í þessu máli, nægan tíma til að koma málum í gegn fyrir jól. Það var ekki gert. Þvert á móti var ákvæðið sett í brbl. einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstj. vissi, þegar hún setti brbl., að hún hafði ekki lengur starfhæfan meiri hl. á hv. Alþingi. Það hefur komið fram, að þegar þau lög voru sett í sumar lá það fyrir að einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hafði sent hæstv. forsrh. bréf og lýst því yfir að hann væri ekki lengur stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. Nú efast ég ekkert um að minnihlutastjórn getur gefið út brbl., ef brýna nauðsyn ber til, en það hljóta að vera forkastanleg vinnubrögð að setja í brbl. undir slíkum kringumstæðum ákvæði sem eiga ekki að taka gildi fyrr en mörgum mánuðum eftir að Alþingi kemur saman.

En brbl. fjalla ekki eingöngu um kjaraskerðingu og skattahækkanir, heldur jafnframt um afleiðingar gengisfallsins, en gengið var fellt um 13% um leið og brbl. voru sett seint í ágústmánuði. Það eru ýmsir sem spyrja hvað gerist ef brbl. falla. Augljóst er að þá verða, samkv. áliti prófessors Sigurðar Líndals, launahækkanir umsvifalaust í landinu um 7.7%, en það er sú verðbótaskerðing sem átti sér stað vegna brbl. hinn 1. des. s. l. Jafnframt er ljóst að úr gildi falla lög um vörugjald, sem þýðir stórkostlega vörulækkun. Við slíkar aðstæður hlýtur hæstv. ríkisstj. að segja af sér. Hæstv. ríkisstj. getur ekki setið þegar slíkt gerist. Þá mundi ný stjórn taka við og gera nýjar ráðstafanir strax, en sú ríkisstj. mundi að sjálfsögðu hafa það verkefni fyrst og fremst að rjúfa þing og efna til kosninga, enda er núv. hæstv. ríkisstj. stærsta efnahagsvandamál þjóðarinnar í dag. En hæstv. ríkisstj. á annan kost. Hún gæti rofið þing og efnt til nýrra kosninga. Um það atriði liggja fyrir skýrar yfirlýsingar frá formanni Alþb., hæstv. ráðh. Svavari Gestssyni, en hann hefur lýst því að það þurfi að rjúfa þing um leið og brbl. falla og efna þar með til kosninga innan tveggja mánaða samkv. stjórnarskránni, enda gæti ríkisstj. ekki starfað við þau skilyrði að þessi gífurlega launahækkun fari strax út í verðlagið á sama tíma og stórkostleg vörulækkun ætti sér stað, en gera má ráð fyrir að vörur lækkuðu frá 20 og upp í 30 til 40% ef vörugjaldið væri numið úr lögum. Sjá þá allir hvers konar útsala yrði á ýmsum gæðum sem eru á boðstólum í búðum. Þess vegna hefur hæstv. ráðh. sagt að auðvitað yrði þing rofið og strax að loknu þingrofi yrðu sett ný brbl., sem hefðu sams konar afleiðingar og þau lög sem enn gilda.

En hver er þá afstaða stjónarandstöðunnar? Afstaða stjórnarandstöðunnar var sú, þegar ljóst var að meiri hluta skorti hjá hæstv. ríkisstj., að eðlilegt væri að kalla þing þá þegar saman, ganga frá nauðsynlegum málum, en þar er átt við bæði kjördæmamálið, sem nú er komið á lokastig, og eins nauðsynlegum efnahagsaðgerðum, og efna til kosninga strax í haust. Ný ríkisstj. hefði þá getað tekið við og gert nauðsynlegar framhaldsráðstafanir fyrir 1. des. Við þessu varð ekki orðið, eins og margoft er búið að taka fram. Frá þeim tíma að hæstv. ríkisstj. hafnaði þessu tilboði stjórnarandstöðuflokkanna hafa formenn beggja stjórnarflokkanna, hæstv. sjútvrh. og félmrh., viðurkennt að það hefði að sjálfsögðu verið rétt og eðlilegt að haga málum með þeim hætti sem stjórnarandstaðan fór fram á í ágústlok. Meginandstaðan við brbl. byggist nefnilega á því, að það sé ekki eðlilegt að hér sitji í landinu ríkisstj. sem hefur misst þingmeirihl., en þráast við að sitja án þess

að geta stjórnað. Að auki hefur verið bent á það allrækilega að ekki hefur tekist, þótt nú séu liðnir tæplega sex mánuðir frá setningu brbl., að knýja fram þau markmið sem tilgangur brbl. mótaðist af. Árangurinn er harla lítill, nánast enginn, a. m. k. miklu minni en efni stóðu til. En ég mun víkja að þeim efnisatriðum síðar í ræðu minni.

Næst má spyrja, hvers vegna lögin hafi ekki verið afgreidd strax í haust. Svarið er ósköp einfaldlega: Frv. kom ekki fram fyrr en talsvert var liðið á þingið. Og ástæðan fyrir því að frv. kom ekki fram var ofureinfaldlega sú, að hæstv. ríkisstj., og sér í lagi hæstv. forsrh., gerði að sjálfsögðu ráð fyrir því að með frv. kæmu önnur frv., svokölluð fylgifrv., en í þeim var að finna efnisatriði sem koma fram í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. sem fylgdi brbl. Tvö frv. eru mjög veigamikil í þessu sambandi. Það eru orlofið og vísitölumálið. Auk þess þurfti hæstv. ríkisstj. að koma sér saman um láglaunabætur. Það er einhver sú vitlausasta efnahagsaðgerð sem um getur. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki rétt.) Með þeim vitlausari, og er þá tekið inn í myndina ýmislegt sem hæstv. ríkisstj. hefur dottið í hug að láta ganga yfir þjóðina. (**GJG:** Það er líka rangt.) Það skyldi þó ekki vera, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson fékk hæstv. ríkisstj. til að samþykkja að leggja fram lagafrv. um orlof á Alþingi og hann náði þeim merka áfanga að fá þau lög afgreidd fyrir jól. *Ég óska hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni til hamingju með þann árangur.* En hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er formaður í Verkamannafélaginu Dagsbrún og forseti Verkamannasambands Íslands, auk þess að njóta stuðnings sterkustu afla Alþb., eins og svo glöggt mátti sjá í prófkjöri sem fór fram á vegum Alþb. fyrir skömmu. Þar náði hv. þm. þeim árangri að verða nr. 2 á lista, þvert ofan í áætlanir ýmissa annarra í hans flokki, og það manna sem hafa átt þar skjótan frama á undanförnum árum, þótt þeir hafi ekki hlotið það pólitíska uppeldi eða notið þeirrar náðar að hafa starfað í Alþb. einum stjórnmálaflokka á sínum litríka stjórnmálaferli. Á ég þá að sjálfsögðu við hv. formann þingflokks Alþb. Ólaf Ragnar Grímsson, sem orðaði þessar hugsanir ágætlega þegar hann lýsti vonbrigðum sínum með úrslit forvalsins fyrir nokkrum dögum í dagblöðum. (*Gripið fram í.*)

Ég veit að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á eftir að tala í þessari umr. Þá getur hann ugglaust gefið haldbetri skýringar og lýsingar á því hvað fram hefur farið innan Alþb. í þessum málum. En það er ástæða til þess að hvetja hv. þm., hv. fulltrúa verkalýðsins, til að koma hér í ræðustól og gera grein fyrir skoðun sinni og sinna samtaka varðandi láglaunabæturnar. Mér finnst *ekki óeðlilegt að hv. þm., sem á sæti í þessari hv. deild,* geri sínum eigin flokksmönnum og geri sínum umbjóðendum, bæði í flokki sem hann starfar í og eins í verkalýðshreyfingunni, grein fyrir því hver hans afstaða sé til láglaunabótanna, en láglaunabæturnar eru það fyrirbrigði þegar hæstv. ríkisstj. ætlar að koma til móts við það fólk sem minnst má sín í þjóðfélaginu með því að hæstv. fjmrh. fer í jólasveinabúninginn og afhendir alþýðunni jólagjafir með þeim hætti sem honum er lagið. (Gripið fram í.)

Ég vonast til þess að hv. þm. komi hér í ræðustól og geri skýra grein fyrir því, hvað hann vill í þessum málum. Ég vonast jafnframt til þess að hv. þm. segi frá því, af því ég efast um að hæstv. ráðh. úr hans eigin flokki eigi erindi í þennan ræðustól, — ferðir þeirra í þennan ræðustól hafa verið heldur fátíðar að undanförnu, — hvaða tillögur Alþb. hafi gert sem hæstv. ríkisstj. hefur hafnað í vísitölumálunum.

Í dag kemur fram í dagblaðinu Þjóðviljanum að það sé ágreiningur í vísitölumálinu. Haft er eftir aðstoðarmanni hæstv. fjmrh. að ekki hafi verið fallist á tillögur sem miða að því að hægja á verðbólgunni án þess að það bitni á launafólki. Sé þessi frétt á útsíðu Þjóðviljans hins vegar lesin grannt er þeirri spurningu ekki svarað hvaða leiðir Alþb. vildi fara í stað þeirrar leiðar sem boðuð er af meiri hl. hæstv. ríkisstj. í þessu máli, sem er eitt af fylgifrv. brbl. og ýmsir stjórnarsinnar, sérstaklega úr röðum framsóknarmanna, lýstu yfir fyrir jól að yrði að koma fram áður en brbl. fengju endanlega afgreiðslu. Nú hillir undir að það gerist alveg á næstu dögum, kannske á morgun. Það er: ef þing verður hér á morgun. Það má búast við því, ef haldið verður áfram *með sama ofstopa og hingað til, að þm. verði kallaðir á* fund í hv. Nd. á morgun, kannske fyrir hádegi og eftir hádegi og fram eftir öllum degi og um kvöldið líka, jafnvel þótt Alþb.-menn séu á fundi út í bæ, ef hæstv. ráðh. þá mega vera að því fyrir blaðamannafundum. En kannske verður frv. lagt fram á mánudag. Þá hefur vissulega verið staðið við að koma vísitölumálinu inn á Alþingi í þinglegu formi áður en brbl. voru endanlega *afgreidd úr deildinni. Það er ástæða til að óska hv. þm.* Stefáni Valgeirssyni og hans flokksbræðrum til hamingju með það. (**SV:** Liggur ekkert á núna með brbl.?) Veit hv. þm. ekki að lögin eru í gildi?

Ég ræddi hér um vísitölumál. Vissulega væri ástæða til að fara mörgum orðum um þau. Auðvitað hefur það afarmikla þýðingu fyrir verðbólguþróun í landinu hvernig staðið verður að vísitölumálunum. Það kemur fram í Morgunblaðinu í dag og er haft eftir hæstv. ráðh. Pálma Jónssyni, að Alþb. hafi vanefnt loforð sem það gaf í hæstv. ríkisstj. í sumar. Eins og kemur fram í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., 1. lið, segir skýrt og skorinort að það eigi að koma fram nýtt viðmiðunarkerfi sem taki gildi eftir 1. des. 1982. 1. des. 1982 er liðinn eða svo er mér sagt. Ég veit ekki hvort hv. stjórnarsinnar hafa áttað sig á því. Loksins núna, um miðjan febrúar, er *talið að hluti hæstv. ríkisstj. ætli að leggja fram* vísitölufrv. og sýna eitt af fylgifrv. sem átti nauðsynlega að fylgja brbl. ríkisstj. Síðar í frétt Morgunblaðsins er haft eftir hæstv. fjmrh. að það væri einhver misskilningur að ákveðin niðurstaða hefði fengist í ríkisstj. í gær. Ég les, með leyfi forseta úr Morgunblaðinu: „... Þetta væri mál sem lengi hefði verið til umr. og væri ekki frágengið."

Mér finnst full ástæða til að spyrja hæstv. ráðh. *hvernig þetta mál stendur,* einkum og sér í lagi með tilliti til þess að í þessari frétt í Morgunblaðinu koma fram tvö gersamlega ólík viðhorf til þess hvar málið sé raunverulega á vegi statt. Jafnframt hlýtur það að vera sjálfsögð krafa að talsmenn Alþb. lýsi hér í hv. Nd. í þessum umr. hverjar þeirra tillögur voru. Ég veit að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson tekur það hlutverk að sér þegar hann tekur til máls síðar í þessum umr. (**GJG:** Þetta er gagnmerk ræða.) Ég heyri að hv. þm. hefur gaman af ræðunni. Ég gleðst þegar ég get gert hann ánægðan. Það er allt of sjaldan. — Ég var bara að athuga hvort einhver sæti í forsetastól. Það fór meira fyrir hæstv. forseta fyrr á þessum fundi. (**Forseti:** Er

ekki gott að fá kyrrð?)

Í Dagblaðinu og Vísi í dag er viðtal við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem er formaður þingflokks Alþb., og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Það hefur aldrei verið samþykkt í þingflokki okkar að það ætti að fara að breyta vísitölukerfinu með þeim hætti sem nú er rætt um. Hverjir hafa svikið? Það er grundvallaratriði brbl. að sama hækkun skyldi verða á fiskverði, launum í landi og launum bænda. Þetta grundvallaratriði sviku þeir Steingrímur Hermannsson og Tómas Árnason í janúar. Þá var fiskverð hækkað um 20% og gengislækkun helmingi meiri en Seðlabankinn lagði til", sagði Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., í viðtali við DV í morgun. „Þessu mótmælti Alþb. í ríkisstj. Við höfum ekki haft hátt um það, en fyrst farið er að saka okkur um svik er rétt að það komi fram." — Hér lýkur tilvitnun í orð formanns þingflokks Alþb., sem er annar tveggja stjórnarflokka núv. ríkisstj.

Ja, það er gott samkomulagið á þessu heimili. Þeir bera sakir hver á annan og tala um svik, segjast hafa mótmælt, lagst gegn málum, en það hafi farið leynt. Hver trúir því að fulltrúar Alþb., hæstv. ráðh. í hæstv. ríkisstj., hefðu þagað yfir þessu máli allan þennan tíma? Ég trúi því varla. En það er full ástæða til að fá staðfestingu á þessum ummælum formanns þingflokks Alþb. í þessum umr. Það getur hann því miður ekki annast sjálfur því hann situr í hv. Ed., en ég veit að ástkær vinur hans, hv. 7. þm. Reykv., mundi áreiðanlega taka það hlutverk að sér með mikilli gleði og skýra út hvað sé hæft í ummælum þingflokksformannsins — eða ef einhver hæstv. ráðh., t. a. m. hæstv. sjútvrh. eða hæstv. viðskrh., sæi sér fært að skýra út hvort hér sé rétt með farið.

Í dagblaðinu Tímanum er fjallað um þetta mál. Þar er því lýst í stórum dráttum út á hvað þetta nýja frv. á að ganga. Vissulega væri fengur í því að fá upplýsingar um það hér og nú á þessum fundi, hvort þar sé rétt eftir haft, því að auðvitað hafa vísitölumálin, bæði nýr vísitölugrundvöllur, verðbótatímabilin og frádráttarliðirnir, ákaflega mikla þýðingu fyrir alla verðlagsþróun í landinu, en brbl. er einmitt ætlað að færa verðbólguna niður þótt það hafi ekki tekist eins og efni stóðu til. Það væri auðvitað algerlega út í bláinn að klára umr. um brbl. áður en það liggur fyrir hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að standa að vísitölumálinu. Vísitölumálið er svo mikilvægt. Það hefur sjálf hæstv. ríkisstj. viðurkennt með því að hafa þetta mál númer eitt í upptalningu þeirri í tuttugu og einum lið í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. sem fylgdi brbl.

Því miður vantar ýmsa hæstv. ráðh., sem vissulega hefði verið hægt að spyrja frekar út í þetta mál, en ég treysti á það, herra forseti, að séð verði fyrir því að hæstv. ráðh. fái tækifæri til að skýra út hvar vísitölumálið stendur í raun, hvernig á að afgreiða það og hvert efnisinnihald lagafrv. er, því það er svo stór þáttur í þeim efnahagsráðstöfunum sem nú er verið að fjalla um, þótt sjálf brbl. séu búin að vera í gildi í hartnær sex mánuði.

Herra forseti. Ég sagði það fyrr í minni ræðu að aðalefni brbl. væri tvenns konar, annars vegar launaskerðingin og hins vegar vörugjaldið. Ég hef gagnrýnt það harkalega, og ég efast um að það standist stjórnarskrárákvæðin, að setja brbl., sem byggja á brýnni nauðsyn, þegar haft er í huga það ákvæði sem fjallar um framlengingu tímabundis vörugjalds frá 1. janúar til 31. des. á þessu ári. Það getur enginn maður fært rök fyrir því, að það hefði í ágústmánuði s. l. borið brýna nauðsyn til að setja lög sem ekki taka gildi fyrr en fjórum mánuðum síðar — ekki síst þegar það er haft í huga að samkomutími Alþingis er 10. okt. og hv. Alþingi hefði þess vegna fengið næg tækifæri til að ræða slíka löggjöf. Þetta er algerlega út í hött. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur maður vogi sér að reyna að réttlæta að setja slíkt í brbl., þótt það megi vissulega réttlæta að sumt annað, sem í brbl. var, hefði átt heima í slíkri löggjöf. Má þar t. d. nefna gengismuninn, fyrst farið var að tala um hann.

Ef ríkisstj. var komin á þann höggstokk að þurfa að efna til aðgerða eins og skattahækkananna var auðvitað síðasta tækifærið fyrir hana að gera það á þessum tíma, enda hafði hún ekkert aðhafst í efnahagsmálum allt frá því snemma árs 1981, þegar hún setti brbl. um efnahagsráðstafanir í jólafríi þm.

Það var vitað mál að allt síðasta ár logaði í slagsmálum á milli stjórnarflokkanna og innan þeirra. Strax í upphafi árs kom fram tillaga frá öðrum stjórnarflokknum um að rjúfa þing. Því var hafnað. Það kom fram tillaga frá hinum stjórnarflokknum um að beita brbl. Það fékkst ekki í gegn. Ákveðið var að bíða fram yfir sveitarstjórnarkosningar í þeirri veiku von að þær sýndu að styrkur ríkisstj. væri einhver. Í þeim kosningum sigraði Sjálfstfl. Það var beðið með þetta fram yfir kjarasamninga, og það tókst. Það var varla þornað blekið á kjarasamningunum þegar hv. stjórnarþm., þ. á m. sjálfur formaður Dagsbrúnar og formaður Verkamannasambandsins, stóðu að því að taka 10% til baka. Og þetta er hv. 7. þm. Reykv. sáttur við. En hv. 7. þm. Reykv. var upphaflega kosinn á þing undir kjörorðinu „Kjósum gegn kaupránsflokkunum — samningana í gildi". Nú fæst hv. 7. þm. Reykv. ekki til að tala í þessu máli. Hann þorir ekki einu sinni í ræðustólinn. Hver veit nema þessi frýjunarorð mín beri einhvern árangur. Þá er það vel.

Hver voru markmiðin með þessum brbl.? Þau koma fram á bls. 10 í því þskj. sem hér er til umr. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Aðgerðir ríkisstj. mótast af eftirfarandi fjórum meginmarkmiðum:

Í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd."

Hér geri ég hlé á lestrinum. Þetta er fyrsta markmiðið. Nú er ljóst að viðskiptahallinn á síðasta ári var ekki 9%, eins og hæstv. ríkisstj. hélt að hann yrði í lok ársins, heldur yfir 11%. Því er jafnframt spáð, að á yfirstandandi ári verði viðskiptahallinn 8—9% af þjóðarframleiðslunni. Þá á ég við nettóhalla, sem svo er kallaður, á yfirstandandi ári. Láta mun nærri að það svari til 3 þús. millj. kr. M. ö. o. er verið að taka lán erlendis fyrir þessum mun — lán í eyðslu hæstv. ríkisstj. upp á 3 þús. millj. Ef menn vilja hafa einhverja tölu til samanburðar, þá nema allir tekjuskattar landsmanna, bæði einstaklinga og fyrirtækja, og eignarskattar til samans aðeins 2 þús. og 400 millj. eða 2.4 milljörðum. Það er sem sagt talsvert lægri upphæð en sú upphæð sem safnast saman í aukaskuldir íslensku þjóðarinnar erlendis vegna rangrar stefnu í gengismálum, sem gerir

það að verkum að viðskiptahallinn er jafnmikill og raun ber vitni. Allir tekjuskattar landsmanna og allir eignarskattar eru minni upphæð en safnast upp í erlendum eyðsluskuldum vegna þess að þjóðin eyðir um efni fram, fyrst og fremst vegna vanstjórnar í efnahagsmálunum. Þetta er staðreynd.

Það er jafnframt staðreynd, að sú hæstv. ríkisstj. sem hér situr á engan möguleika á því að vinna af einhverju viti í þessum málum. Það er þrátefli í þinginu. Stjórnarandstaðan getur ekki fellt ríkisstj. Stjórnarandstaðan getur ekki breytt lagafrv. Stjórnarandstaðan á þann kost einan að fella stjfrv. ef hún vill losa þjóðina við hæstv. ríkisstj. (**ÓÞÞ:** Ef hún vill það.) Ef hún vill það. Nú efast einn Vestfirðingur um það. En ég held að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þurfi ekki að tala við marga kjósendur sína á Vestfjörðum til að komast að hinu sanna. Flestallir ef ekki allir, kannske allir nema hann og hv. samþingismaður hans hæstv. sjútvrh., vilja vart halda lífinu í þessari ríkisstj. Þó hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir að hann telji að það hefði átt að fara að ráðum stjórnarandstöðunnar og kjósa strax í haust, enda gangi þetta ekki lengur. Það hefur þó hæstv. ráðh. fram yfir hv. þm. sem hefur starfað með honum undanfarið kjörtímabil á Vestfjörðum. (**ÓÞÞ:** Er þá ekki rétt að láta lögin koma til atkvgr.?) (**Forseti:** Ekki samtöl í þingsalnum.) Veit ekki hv. þm. að þessi lög eru í gildi? Hvar hefur hv. þm. verið? Þessi lög gengu í gildi í sumar, í lok ágústmánaðar. Ég vona að hv. þm. hafi efni á að kaupa sér útvarp. Hann kaupir alla vega Tímann. Hann hlýtur að lesa Tímann, jafnvel á sumrin. Ég tel að hv. þm. sé læs. Að sögn var hann skólastjóri eitt sinn og kenndi öðrum að lesa. Það skyldi þó ekki vera að hann gæti ekki lesið sjálfur. (**ÓÞÞ:** Má ekki greiða atkv. um lögin?) (**Forseti:** Ekki samtöl á fundinum)

Herra forseti. Ég var að lýsa markmiðunum með þessum brbl. og ég var að benda á að fyrsta markmiðið hafi verið að draga verulega úr viðskiptahalla. Þrátt fyrir að þessi ágætu lög, sem hv. þm. kalla svo, séu í gildi og verði áfram í gildi, það er gert ráð fyrir því, er viðskiptahallinn 8—9% af þjóðarframleiðslunni á þessu ári.

Í öðru lagi var það markmið með þessum lögum „að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu". Þetta er annað markmiðið með brbl. Það fyrsta sem hæstv. ríkisstj. gerði til að ná fram þessu markmiði, að auka framleiðni og framleiðslu, var að gefa launþegum lengra frí með því að leggja fram á Alþingi orlofslög. Sumarleyfi landsmanna lengist með þeim hætti að það hlýtur óhjákvæmilega að draga verulega úr framleiðni og framleiðslu, sérstaklega framleiðslu. Hvað skyldi þetta kosta? Það er erfitt að mæla það. Sumir segja að það kosti meira, aðrir minna. En sjálfur ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hefur sagt að ef ríkisstarfsmenn eiga að geta haldið úti sömu þjónustu og áður og ríkisvaldið á að geta gert nákvæmlega sama eftir að orlofslögin voru samþykkt kosti það 200 til 250 nýja ríkisstarfsmenn. Þetta eru tölur sem ekki eru búnar til út í loftið. Þetta er tölur sem eru fengnar hjá Höskuldi Jónssyni, sem er ráðuneytisstjóri í fjmrn. Þannig hyggst hæstv. ríkisstj. auka framleiðni og framleiðslu hjá þjóðinni. Auðvitað á það sama við annars staðar í atvinnumálum og hjá þeim atvinnufyrirtækjum sem skapa auðinn sem ríkið nærist af. En sannið þið til: Það verður ríkisvaldið sem verður í fyrirrúmi. Ríkið sér um sitt, enda hefur þessi hæstv. ríkisstj. verið skattaglaðasta ríkisstj. sem setið hefur að völdum á Íslandi frá upphafi. Er þá mikið sagt því hér á landi hafa setið hreinar vinstri stjórnir.

Þriðja markmiðið með setningu brbl. var „að verja lægstu laun, eins og unnt er, fyrir þeim samdrætti, sem orðið hefur í þjóðartekjum". Þetta var gert með láglaunabótunum. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um láglaunabæturnar. Ég þykist vita að um þær verði frekari umr., og ég veit að hv. 7. þm. Reykv. ætlar að koma í ræðustól og segja sitt álit á þeim. Kinkar hann kolli og samþykkir það.

Í fjórða og síðasta lagi var það markmiðið með þessum brbl. að veita viðnám gegn verðbólgu. Hvernig skyldi það hafa tekist? Það hefur tekist með þeim ágætum að talið er að verðbólga á þessu ári, mæld í framfærsluvísitölu frá upphafi til loka árs, verði í kringum 70%. Þjóðhagsstofustjóri sagði fyrir jól milli 60 og 80%. Seðlabankinn hefur látið frá sér fara upplýsingar um að það láti nærri að hún sé 75%. Þetta er að veita viðnám gegn verðbólgu í munni þeirrar hæstv. ríkisstj. sem sagðist í upphafi starfsferils síns að yfirlögðu ráði og eftir að hafa kannað málin mjög rækilega, í febrúar 1980, ætla sér að koma verðbólgunni niður í sama stig og hún er í nágranna- og viðskiptalöndunum árið 1982. Skyldi hæstv. fjmrh. vita hver er verðbólgan í nágranna- og viðskiptalöndunum? Er hún 60% — eða 70%? Svarið er nei. Verðbólgan er þar á milli 5 og 10%. Samt sem áður situr hæstv. ríkisstj. Hún er búin að hafa þessi brbl. í gildi í sex mánuði með þeim gífurlega mikla árangri að koma verðbólgunni úr 60 stigum í 75. Menn þurfa að standa á haus til að skilja svona vísindi!

Herra forseti. Hinn 1. febrúar s. l. gaf Seðlabankinn út fréttatilkynningu sem innihélt yfirlit um stöðu efnahagsmála í upphafi ársins. Sú lýsing á efnahagsmálunum, sem í þessari fréttatilkynningu er, er með þeim hætti að allar hæstv. ríkisstj. í síðuðum löndum, sem fengju slíkan dóm, mundu umsvifalaust hafa sagt af sér. En sú hæstv. ríkisstj. sem hér situr heldur áfram að sitja, situr og situr, er þaulsætin án þess að geta stjórnað.

Í þessari fréttatilkynningu er staðfesting á því, sem ég hef fyrr sagt í ræðu minni, að ekkert hafi verið gert nægilega snemma til að veita það viðnám við verðbólgunni sem nauðsynlegt var strax í upphafi s. l. árs, en ekki í lok ágústmánaðar, eins og hæstv. ríkisstj. gerði loksins þegar hún gerði eitthvað.

Í yfirliti Seðlabankans, sem er helsta upplýsingastofnun hæstv. ríkisstj. ásamt Þjóðhagsstofnun, er jafnframt staðfest að viðskiptahallinn hafi farið yfir 11% af þjóðarframleiðslu á s. l. ári. Þar er gert ráð fyrir að enn aukist eyðsluskuldir erlendis vegna áframhaldandi gífurlegs viðskiptahalla og það kunni að gerast á yfirstandandi ári að skuldir íslensku þjóðarinnar erlendis nemi 50% af þjóðarframleiðslunni og greiðslubyrði, það sem þjóðin þarf að borga af þessum skuldum sínum erlendis, nálgist að vera þriðjungur af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þetta hefur stundum verið orðað svo, að þriðji hver fiskur sem við öflum fari í að greiða hinar gífurlegu skuldir. Nú gæti maður haldið að hæstv. ríkisstj. hafi bara ætlað sér að gera þetta með þessum hætti, hún hafi

ekki haft nein önnur markmið. Nei, það er öðru nær. Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. segir, með leyfi forseta:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum.“

15% í stjórnarsáttmála, 30% í raun. Og áfram situr þessi hæstv. ríkisstj.

Í skýrslu Seðlabankans er það rifjað upp hvernig gengisþróunin hefur orðið í landinu, en það vita allir að Bandaríkjadollar hækkaði um tæplega 103% á s. l. ári frá áramótum til áramóta. Það er á þann lánamarkað, lánamarkaðinn í Bandaríkjunum eða lánamarkaðinn sem lánar í bandarískum dölum, sem hæstv. ríkisstj. hefur sent opinber fyritæki, bæði sveitarfélaga og hæstv. ríkisstj., ríkisfyrirtækin, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur þráast við og ekki leyft þær hækkanir sem þarf, og sagt: Takið þið bara lán. Þau lán voru á s. l. ári á vöxtum sem svara til 115% vaxta, sé miðað við íslensku krónuna, hvorki meira né minna.

Í seðlabankayfirlitinu er fjallað um fjölmörg önnur atriði. Það er í raun og veru furðulegt að það skyldi enginn hafa spurt að því hvers vegna stjórn Seðlabankans og bankaráð gáfu út þessa fréttatilkynningu einmitt á þessum tíma. Ég held að skýringin sé sú, að formaður bankaráðsins, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hafi gefist upp. Hann getur að vísu ekki sem einn af hv. þm. Framsóknarflokksins leyft sér þann munað að koma hér í ræðustól á Alþingi. Það er búið að setja tappa í kokið á þeim öllum. Þeir mega ekki tala. Þeir mega ekki hafa skoðun. Þeir verða að þegja. En þessi hv. þm. sá sér leik á borði og stóð fyrir því að Seðlabankinn, en hann er formaður bankaráðs þess banka, gaf út þetta álit sitt á ríkisstj. Auðvitað var þetta heppileg leið fyrir hv. þm. Þarna gat hann sagt sannleikann eins og hann lysti — þann sannleika sem hann má ekki segja hér í þingsölum.

Það er athyglisvert, að á sama tíma og verið er að krefjast afgreiðslu brbl., þrátt fyrir þær óskir að stjórnmálaflokkarnir geti komið sér saman um það mál, sem auðvitað er miklu stærra mál, sem er kjördæmamálið, skuli það gerast að lánsfjáráætlun, lánsfjárlög, koma ekki fram. Hæstv. fjmrh. sagði í þingræðu í haust, í okt. ef ég man rétt eða í byrjun nóv., að lagafrv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun kæmu fram eftir nokkrar vikur. Þá var hann þýfgaður um þetta mál vegna þess að það er lagaskylda að láta lánsfjáráætlun fylgja fjárlögum. Hann sagði „nokkrar vikur“. Síðan eru liðnar líklega 12 vikur. Og nú er ástæða til að spyrja hæstv. ráðh.: Hvað telur hæstv. ráðh. að „nokkrar vikur“ séu margar vikur? Hvernig skilur hann „nokkrar vikur“? Ég vona að hæstv. ráðh. hafi heyrt þessa fsp. (**Gripið fram í:** Hann er að lesa Morgunblaðið.) Þá heyrir hann ekkert á meðan.

Herra forseti. Það er af mörgu að taka þegar fjallað er um efnahags- og atvinnumálin í þeirri umr. sem hér fer fram, og það er nauðsynlegt að íslenska þjóðin fái að kynnast því hvernig ástand mála er í raun. Það er full ástæða til að gefa sér góðan tíma, ekki síst vegna þess að þessi lög eru í gildi, til þess að kanna rækilega hvernig til hefur tekist með þessum brbl., sem nú hafa verið í gildi í sex mánuði. Það er alveg bráðnauðsynlegt að rifja upp markmiðin og kanna hvernig þeim hefur gengið í raun, hvort lögin hafi náð tilgangi sínum. En það er jafnframt full ástæða til að átta sig á því, að hæstv. ríkisstj. gaf út yfirlýsingu í 21 lið með brbl. og þar er fullt af atriðum, sumum ákaflega gagnlegum og skemmtilegum hugmyndum, sem sjálfsagt hefði verið að styðja, en þegar þessi yfirlýsing er lesin kemur í ljós að ýmislegt, sem þar er sagt, hefur alls ekki verið framkvæmt. Það hlýtur þess vegna að vera krafa hv. þm. að hæstv. ríkisstj. segi frá því hvernig mál standa samkv. þessum 21 lið. Ég veit að tvö eða þrjú mál eru komin fram, en 17—18 sitja eftir. Það er auðvitað algerlega ótækt að hér skuli þurfa að flytja fsp. um þetta atriði. Við 1. umr. málsins í Nd. var hæstv. forsrh. spurður margra spurninga, en hann vék sér frá því að svara. Og hvers vegna í ósköpunum geta ekki hæstv. ráðh. svarað? Og ég spyr nú: Hvar í ósköpunum eru hæstv. ráðh.? Þeir virðast hafa gufað upp.

Það væri hægt að flytja langt mál um þróun efnahagsmálanna á þeim fimm árum sem senn eru liðin frá því að vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum hér á landi, en frá þeim tíma hefur flest gengið á afturfótunum, þrátt fyrir að a. m. k. tvö ef ekki þrjú þessara ára hafa verið mestu aflaár, fengsælustu ár, á Íslandsmiðum. Svo lánlaus hefur hæstv. ríkisstj. verið að henni hefur ekki tekist að nýta sér hinn mikla afla til þess að mynda þá fyrirstöðu í verðlagsmálum sem auðvitað er nauðsynlegt að gera. Það er aðeins þegar vel gengur að hægt er að skapa þá fyrirstöðu. Það hlýtur ávallt að vera erfiðara þegar slær í bakseglin að veita það viðnám sem þarf, því að það eru alkunn sannindi í þessu þjóðfélagi að það neita allir að gefa eftir þegar herða þarf mittisólina.

Hæstv. ríkisstj. hefur fyrst og fremst talið sig fylgja svo kallaðri niðurtalningarstefnu, en Framsfl. sigraði — hann kallaði það a. m. k. sigur sjálfur — í síðustu kosningum og beitti sér þá fyrir svo kallaðri niðurtalningarstefnu. Það átti að gerast með þeim hætti að ákveða átti að verðbólgan dytti niður nánast af sjálfu sér, átti að setja einhver hámörk, sem áttu að taka gildi á nokkurra mánaða fresti, og svo hókus-pókus og verðbólgan úr sögunni. Þessari stefnu hefur verið fylgt með þeim árangri að verðbólgan er nú komin upp í 75%. Í tíð hæstv. ríkisstj. hefur verið rokkað til í gengismálum. Stundum hefur verið fastgengisstefna, stundum hefur allt verið gefið frjálst í þeim efnum. Niðurgreiðslur hafa stundum verið miklar og stundum litlar. Efnt hefur verið til verðbótaskerðingar á laun, ekki bara einu sinni heldur tvisvar í stórum skömmtum, og svo á þriggja mánaða bili samkv. íslenskum lögum, sem sett voru af ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar og eru kölluð Ólafslög í höfuðið á honum. Skattar hafa verið hækkaðir meira en nokkru sinni fyrr. Hækkunin í ár frá 1977 nemur 5.7% af þjóðarframleiðslu, og þá er talað einvörðungu um skatta sem renna í ríkissjóð. Þetta þýðir 51 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu á landinu á verðlagi yfirstandandi árs. Hver fimm manna fjölskylda greiðir í dag 51 þús. kr. með ýmsum hætti. Þetta eru auðvitað ekki tekjuskattar. Þetta eru óbeinir skattar; söluskattur, verðjöfnunargjald, vörugjald og slíkir skattar. Hver fimm manna fjölskylda greiðir að meðaltali 51 þús. kr. meira í ár en 1977. Það er gjaldið fyrir að hafa hæstv. ríkisstj. við völd á Íslandi. Ég hef áður fjallað um eyðslu- og óreiðuskuldasöfnun erlendis. Ljóst er að þessari ríkisstj. hefur ekki tekist að halda uppi þeim kaupmætti sem að var stefnt við stofnunina og réði því

að Alþb. kom til móts við Framsfl. við myndun þessarar ríkisstj.

Hæstv. ríkisstj. setti sér sáttmála í upphafi stjórnarferilsins, sem er margfrægur að endemum, en lítið er nú vitnað til hans. Í eina tíð var sagt að þetta væri plagg sem allir ættu að lesa eins oft og þeir gætu. Eftir því sem tímar hafa liðið vitna stjórnarliðar æ sjaldnar til stjórnarsáttmálans.

Ég hef minnst á það í minni ræðu hvert var markmiðið í verðbólgumálum samkv. stjórnarsáttmálanum. Í stjórnarsáttmálanum var sagt að það ætti að jafna lífskjör og bæta kjör. Það hefur mistekist. Í stjórnarsáttmálanum var sagt, strax árið 1980, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að hraðað yrði endurskoðun vísitölugrundvallarins. Í febrúar fyrir þremur árum settust niður núv. hæstv. ráðh. og fulltrúar Framsfl. og Alþb. og ákváðu, svo ég vitni í stjórnarsáttmálann: „Ríkisstj. mun beita sér fyrir því að hraðað verði endurskoðun vísitölugrundvallarins.“ Í febrúarmánuði 1983 eða nánar tiltekið í dag birtist það síðan í blöðunum að hluti hæstv. ríkisstj. mundi flytja vísitölumálið á Alþingi. Það *tók hæstv. ríkisstj. hvorki meira né minna en liðug þrjú* ár að komast að þeirri niðurstöðu að hún gæti ekki komið sér saman um að endurskoða þetta mál. Hún hlýtur þess vegna að klofna um málið. Þetta er afrek. Þetta kalla ég mikið afrek.

Ég hef áður minnst á hvað sagði í stjórnarsáttmálanum um lántökur. Þar var minnst á staðgreiðslu skatta. Stjórnarskrárnefnd átti að afgreiða sitt mál fyrir árslok 1980. Hún skilaði fyrir skömmu af sér sínu pródúkti. Setja átti lög um framhaldsskóla. Hæstv. menntmrh. hefur haft þrjú ár til þess. Ég kannast ekki við að hafa séð það frv. Setja átti lög um umhverfismál, o.fl. mætti nefna sem ekki hefur gerst.

Herra forseti. Ég hafði í hyggju að spyrja hæstv. landbrh. nánar út í vísitölumálin, vegna þess sérstaklega að hann hefur fyrr á þessu þingi lýst afdráttarlausri skoðun sinni í því máli, en því miður gefst ekki tækifæri til þess hér, hann er ekki viðstaddur. En ég mun að sjálfsögðu, ef þörf krefur, koma aftur í ræðustól á mánudaginn, þegar þessari umr. verður haldið áfram, og óska eftir því að slíkum fsp. verði svarað.

Það er ljóst að þessi fundur, sem haldinn er hér í dag, hefði geta orðið merkilegur fundur ef fallist hefði verið á þá till. að ræða það mál sem efst er á baugi í dag, það sem gerðist á blaðamannafundi hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. Það fékkst ekki fram vegna óbilgjarnar kröfu um að ræða brbl. *á þessum sérstaka aukafundi í hv. deild.* Ástæðan fyrir því er eingöngu ein. Hún er sú, að þingflokkur Framsfl. getur með engu móti komið sér saman um kjördæmamálið. Það var þess vegna krókur á móti bragði af hálfu þingflokksins að senda formann þingflokksins, Pál Pétursson, með nýtt „Pálsbréf“ til hæstv. forseta og fara fram á að brbl., sem hafa verið í gildi í sex mánuði tæpa, yrðu rædd og útkljáð til þess að Framsfl. þyrfti ekki að taka afstöðu til kjördæmamálsins. Þetta er sannleikurinn í málinu. (Gripið fram í.) Það er stórkostlegt, hv. þm. Stefán Valgeirsson, að þetta skuli vera sami flokkurinn og stóð að því að leggja frv. ekki fram á hv. Alþingi í haust af því að það vantaði fylgifrv., þ. á m. það frv. sem enn er ekki komið í þingsali. Þetta veit hv. þm. jafnvel og ég.

Ástæðan fyrir því að menn þurfa að standa hér og ræðast einir við — og það er ekki einu sinni hægt að spyrja ráðh. því að þeir fást ekki til að svara einu einasta atriði, — er sú, að stjórnarandstöðuflokkarnir ætla sér að koma fram lausn á kjördæmamálinu áður en þessi brbl. verða endanlega afgreidd. Það hefur að sjálfsögðu meginþýðingu að ná samningum um að kjördæmamálið nái fram að ganga. Kjördæmamálið er mikið hagsmunamál og er jafnvel líka efnahagslegt mál þjóðarinnar, því að það færir til völd frá fáum til margra. Við ætlum okkur að ná því máli fram, þrátt fyrir að bolabrögðum sé beitt til að koma í veg fyrir það með þeim hætti sem þingflokkur Framsfl. hefur gengist fyrir að undanförnu.

Við ætlum jafnframt að sjá til þess, að staðið verði við þau fyrirheit, sem formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., hefur látið frá sér fara um að það verði boðað til kosninga þegar í aprílmánuði. Undir orð sjútvrh. hefur tekið hæstv. félmrh., formaður Alþb. Það er auðvitað aðalatriði málsins að hæstv. ríkisstj. fari frá, þannig að hægt verði að efna til kosninga fá skýrari línur í stjórnmálin, koma í veg fyrir þá upplausn sem hér ríkir og það þrátefli sem hefur verið í þingmálum í vetur á ábyrgð ríkisstj. Það verður auðvitað að sýna þjóðinni að Alþingi beri það mikla virðingu fyrir sjálfu sér að þingræðið sé virt í landinu með því að hæstv. ríkisstjórn, sem hefur misst þingmeirihl., fari frá, það verði kosningar og ný ríkisstjórn með þingmeirihluta taki við völdum, sem getur stjórnað í efnahagsmálum þjóðarinnar. Um þetta snýst þetta mál. Það snýst ekki um hvort laun eigi að vera 7.7% hærri eða lægri. Það snýst ekki heldur um vörugjaldsmálið. Þetta mál snýst um miklu stærri mál. Það snýst um það, hvort þessari þjóð auðnast að koma fram lausn í kjördæmamálinu og hvort hægt verður að mynda stjórn sem getur tekið á málum. Það getur verið dýrt. En það er enn þá dýrara að sitja uppi með ríkisstjórn sem engu getur stjórnað. Það er þess vegna hrapalegt að hugsa til þess að heill þingflokkur skuli nota brögð af þessu tagi eins og þingflokkur Framsfl. hefur í raun gert.

Herra forseti. Það hefur nú heldur fækkað hér í þingsölum. Áhugi manna fyrir þeim brbl., sem þeir eru þó að reyna að knýja á um að verði afgreidd, virðist ekki vera mjög mikill. Þaðan af síður vilja þeir eða þora að skiptast á skoðunum um þetta mál. Hv. stjórnarsinnar koma hvorki hér í ræðustól til að samþykkja eða andmæla því sem sagt er. Þeir sitja — ég hugsaði: eins og heybrækur, en ætlaði mér ekki að segja það, — úti í horni og þora ekki að taka til máls. Og þegar þeir taka til máls gera þeir það með þeim hætti að láta stofnanir í bænum tala, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður seðlabankaráðs, lét Seðlabankann gera þegar hann þurfti að rassskella hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað fá tækifæri til að lýsa fleiri atriðum og fara nánar út í þau fjölmörgu atriði sem þetta mál snýst um og almennt um efnahags- og atvinnumál þjóðarinnar. En þar sem ljóst er að hv. Alþb.-menn eru flestir hverjir gengnir af þingfundi til að geta tekið þátt í öðrum fundarstörfum síðar í kvöld sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Auðvitað hlýt ég að bíða eftir því að þeir hv. þm. sem í þeim flokki starfa fái tækifæri til að svara þeim fsp. sem til þeirra hefur verið beint. Læt ég þess vegna máli mínu lokið að sinni.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég mundi vilja óska eftir því við hæstv. 2. varaforseta deildarinnar að leitað verði eftir því hvort aðalforsetar, sem hafa verið á fundum með okkur þingflokkaformönnum, gætu ekki verið hér við. Ég sé að hv. 1. varaforseti er kominn. Ég kom hér upp fyrr í dag, eftir að í ljós kom að hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson hafði látið svo ummælt hér úr þessum ræðustól, að þó að hann neitaði beiðni um að ræða það sem hann ræddi við blaðamenn í hádeginu nú í dag hér á Alþingi, þegar hann var um það beðinn, þá sagðist hann skyldu vera reiðubúinn til þess áður en fundi lyki hér. Ég óskaði þá eftir því við hæstv. forseta að hann beitti sér fyrir því að okkur gæfist ein klukkustund til þess að ræða málið frá kl. 6 til kl. 7, en ljóst er að fundi lýkur hér kl. 7 vegna þess að um það hefur verið gert samkomulag milli þingflokksformanna og forseta þessarar deildar, forseta Sþ. og forseta Ed. að kvöldfundir verði ekki boðaðir nema með talsverðum fyrirvara, svo að mönnum gefist kostur á að gera ráðstafanir til að geta verið viðstaddir. Kunnugt er að þessi fyrirvari var ekki gerður, enda er einn af stjórnarflokkunum, Alþb., búinn að boða í kvöld mikilvægan miðstjórnarfund. Allir þm. Alþb. og ráðherrar verða því fjarverandi og geta engu svarað og engan þátt tekið í umr. á þessu kvöldi. Ég hef ekkert svar fengið við þeirri beiðni minni, að álmálið svokallaða yrði tekið fyrir, eins og hæstv. iðnrh. var búinn að lofa okkur í dag, ég hef ekkert svar fengið við því enn. Nú eru eftir 14 mínútur af þessum fundi og ég spyr hæstv. forseta deildarinnar: Er það tilgangurinn að verða ekki við ósk, sem hæstv. iðnrh. var þó búinn að samþykkja, eða er það tilgangurinn að brjóta samkomulag, sem búið var að gera á fundum forseta og þingflokksformanna um kvöldfundi og boðun þeirra, þó að fyrir liggi að vegna þess að kvöldfundur hefur ekki verið boðaður á tilskildum tíma, eins og samið var um, þá verður einn stjórnmálaflokkurinn fjarverandi frá fundi þó að reynt verði að halda kvöldfundi í kvöld?

Forseti (Garðar Sigurðsson): Út af þessum orðum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þá ætti ég auðvitað að geta svarað því til fulls hvernig þessu yrði háttað. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að það hafi verið ákveðið að hætta kl. 7. Lok þessa fundar eru því óráðin enn að ég tel. Auk þess tel ég ekki ástæðu til að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þurfi að hafa miklar áhyggjur af mikilvægum miðstjórnarfundi, eins og hann kallar það, sem ég veit ekki hvort rétt er, hjá Alþb. (**Gripið fram í:** Það þarf að bera blak af Alþb. núna í blöðunum.) Ég vil leyfa mér að benda hv. þm., sem eiga sæti í öðrum deildum, að tala þar fremur en hér. Það hefur ekki tíðkast síðan Alþingi var endurreist að leyfa slíkt tal milli deilda og ástæðulaust að fulltrúi einnar hreyfingar í landinu taki upp þann sið. Um þingsköp ættu ekki að þurfa að vera mjög langar umr. Ég harma það, ef menn ætla að eyða þingfundartíma í slíkt mjög lengi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hygg að ég hafi misskilið ummæli forseta hér áðan. Mér skildist á hæstv. forseta að hann væri að gefa í skyn að fundi yrði ekki slitið kl. 7. Ber að skilja það svo? (**Forseti:** Ég hef nú ekki vanist því að fram færi beint samtal á milli mín og þm. Þau eru yfirleitt ekki leyfð. En vegna þess hversu mikill ágætismaður er hér á ferðinni, þá get ég endurtekið það sem ég sagði, að ég vissi ekki til þess að ákveðið hefði verið að hætta þessum fundi kl. 7.) Ber að skilja það svo, að hæstv. forseti haldi því fram, að hann ætli ekki einu sinni að fresta fundi kl. 7? (**Forseti:** Mér er ekki kunnugt um hvenær stendur til að ljúka þessum fundi, það er ekki fullljóst enn.) Ég verð nú að segja að það er mikill söknuður að 1. forseta deildarinnar eins og málum er komið. Klukkuna vantar 10 mínútur í 7 og hæstv. 2. forseti hefur ekki enn gert upp við sig hvernig hann ætlar að standa að málum. Þetta er fullmikill losarabragur þykir mér. (**Forseti:** Ég get upplýst hv. þm. um það, að hæstv. 1. forseti deildarinnar hefur ekki meiri hugmynd um þetta en ég á þessu stigi, en fær sjálfsagt mjög fljótlega fréttir af því.)

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég skil mætavel að þetta er erfitt verk fyrir varaforseta, sem ekki hefur átt sæti á þeim forsetafundum þar sem ákveðið samkomulag var gert um hvernig standa skuli að samstarfi þingflokka hér á Alþingi. Ég get hins vegar ekki komist hjá því að fá það fram hvort það sé ákvörðun forseta að brjóta samkomulag, sem búið var að gera við þingflokkana alla um hvernig ætti að haga kvöldfundum hér á Alþingi. Þetta vil ég fá fram. Ég get ekki fengið það frá hæstv. forseta, mér er það ljóst, hann var ekki heldur aðili að þessu samkomulagi. Þess vegna sé ég mér ekki annað fært en óska eftir því við hæstv. forseta, að hann geri nú örstutt hlé á þessum fundi til þess að þingflokkaformönnum gefist kostur á að ræða við forseta deildarinnar, — aðalforseta deildarinnar og forseta Sþ., sem við gerðum samkomulag við fyrir allmörgum vikum m. a. um þessi mál, svo að við getum fengið úr því skorið hvort það er tilætlun þingforseta eða þá e. t. v. einhverra annarra að brjóta það samkomulag. Ég óska eftir frestun á þessum fundi.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Það er gott að fá fréttir af þessu samkomulagi, en ekkert samkomulag hefur verið brotið enn, því að klukkan er ekki orðin 7, og ég vil leyfa mér að kalla fram þann ræðumann sem er næstur á mælendaskrá. Hann getur þá hafið sína ræðu. Upplýsingar liggja senn fyrir og kannske alveg að koma að þeim.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 269 og 282, 255, 277). — Frh. 2. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það þarf engan að undra þó að þm. vilji ræða nokkuð ítarlega efnahagsmál nú, þegar brbl. hæstv. ríkisstj. eru hér til umr. og afgreiðslu. Þó að þessi lög séu bæði rýr að efni og áhrifum, þá er það nú svo að ekkert annað hefur heyrst frá þessari ríkisstj. varðandi efnahagsmál á þessu þingi og þess er greinilega ekki að vænta, að nein frekari frumvörp eða neinar frekari aðgerðir í efnahagsmálum verði boðaðar. Þess vegna er það skiljanlegt og þarf engum að koma á óvart þó að þm. vilji fara yfir hina mörgu þætti efnahagsmálanna hér við þessa umr. og fá svör við ýmsum spurningum sem liggja mönnum á hjarta.

Eitt grundvallaratriðið í stefnu hæstv. ríkisstj. var að

takast af alvöru á við þann mikla efnahagsvanda sem að okkur hefur steðjað. Í því efni er verðbólguvandinn að sjálfsögðu yfirgnæfandi. Í upphafi vantaði ekki fögur orð. 1. liður stjórnarsáttmáls er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu, þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga", en það er nú um það bil 10%. Við vitum að því fer fjarri að þessu marki hafi verið náð, enda hafa allar efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj. einkennst af bráðabirgðaaðgerðum. Þær fáu aðgerðir sem gripið hefur verið til einkennast allar af því að menn hafa verið að reyna að bjarga sér fyrir horn, að reyndar hafa verið aðgerðir sem einungis eiga að duga í stuttan tíma, jafnvel aðeins til loka hvers vísitölutímabils.

Þá kom annað atriði einnig mjög fljótt í ljós þegar hæstv. ríkisstj. hafði verið mynduð og eftir að hún fór að starfa. Það var að tveir stærstu aðilar ríkisstj., Alþb. og Framsfl., gengu óvenju freklega á gefin kosningaloforð. Við þekkjum öll kjörorð Alþb. um „samningana í gildi" og að verðbótavísitala yrði ekki skert. Allir vita hvernig það loforð hefur verið efnt. Við minnumst líka loforða Framsfl. um að telja niður verðbólguna, að ná tökum á hinum mikla vanda sem verðbólgan er með því að telja hana niður. (**Forseti SvH:** Á hv. ræðumaður langt eftir af ræðu sinni?) Já, herra forseti, ég á æðilangt eftir af ræðu minni. (**Forseti:** Nú er mjög liðið á þennan fundartíma. Gæti hv. ræðumaður hugsað sér að fresta henni?) Ég er reiðubúinn til þess, hæstv. forseti. — [Frh.]

Umr. frestað.

Efri deild, 43. fundur.

Mánudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og hv. þdm. sjá höfum við sem mest að vinna. 26 mál eru á dagskrá og hafa sum verið ærið lengi og þm. gerst órólegir að koma þeim fyrir. Nú verður haldið fram 2. umr. um 1. dagskrármálið, efnahagsaðgerðir. Eins og ég gat um í lok síðasta fundar hef ég ástæðu til að ætla að gott samkomulag verði um lokaafgreiðslu þessa máls hér í hv. deild. Það mun þó, miðað við mælendaskrá, e. t. v. taka ærinn tíma. En ég minni á að samkv. þingsköpum er þess kostur að stytta þá umr. ef meiri hl. hv. deildar samþykkir að svo skuli gert. Það er mér þó ákaflega óskapfellt, að ekki sé meira sagt, að grípa til þeirra ráða og ítreka ég þess vegna eindregna og einlæga beiðni mína um góða samvinnu að þessu leyti.

Fundur mun standa til kl. 4. Þá verður gefið hlé vegna þingflokksfunda. Fundur hefst aftur að nýju kl. 6 og mun standa til kl. 7, og eins og nú standa sakir er hér um bil víst að kvöldfundur verði boðaður kl. 9. Ég vil ennfremur upplýsa að áformað er að breyta nokkuð til um fundahald á morgun á þann veg, að eins og nú standa sakir er áformað að deildarfundur í Nd. Alþingis hefjist kl. 1 á morgun og síðar í Sþ. þar sem utandagskrárumræður eru áformaðar vegna álmáls og enn þar á eftir í Sþ. um vegáætlun. Allt eru þetta áform. Svo er að sjá hvernig okkur tekst til um framkvæmdina, en hún fer ekki skaplega úr hendi nema gott samkomulag og samlyndi verði á hinu háa Alþingi og er nú ástæða til að ætla að svo verði.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 269 og 282, 255, 277). — Frh. 2. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson (frh.): Herra forseti. Áður en ég held áfram þar sem frá var horfið á föstudagskvöldið var vil ég aðeins gera að umtalsefni sérstakar ásakanir, sem bornar hafa verið fram á þingflokk sjálfstæðismanna, ekki síst formann flokksins og formann þingflokksins, af hæstv. forsrh. í sjónvarpsviðtali á föstudagskvöldið var. Hann hafði um það stór og þung orð, að Sjálfstfl. hefði gert allt sem hann hefði getað til að tefja framgang þessa máls og jafnvel beitt til þess óþinglegum aðferðum. Ég vil alfarið mótmæla þessum ummælum hæstv. forsrh. Það þarf engum að koma á óvart þó að fram fari ítarleg umr. á hv. Alþingi um efnahagsmál í tengslum við afgreiðslu þessara brbl. Þetta eru í raun og veru einu aðgerðirnar sem hæstv. ríkisstj. hefur á þessu þingi lagt fram til lausnar okkar efnahagsvanda, svo haldmiklar sem þær eru. Þess vegna þarf það ekki að koma neinum á óvart, og raunar þarf enginn að biðja afsökunar á því sem finnur sig knúinn til að standa hér upp, að ræddir séu hinir ýmsu þættir efnahagsmálanna í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

En við skulum þó athuga, vegna þeirra ásakana sem fram hafa verið bornar, hverjir það eru fyrst og fremst sem hafa talað í þessu máli við 2. umr. í hv. Nd. Umr. hófst að venju með því að frsm. nál. fluttu sínar ræður, en þeir voru þrír, þar sem þrjú nál. lágu fyrir í þessu máli. Eftir að þeim ræðum lauk hafa talað í þessu máli fjórir hv. þm. Alþfl. og einn hv. þm. Sjálfstfl. Ég er næstur þeirra sjálfstæðismanna sem taka til máls um þetta mál. Þannig er alls ekki hægt að halda fram að við þm. Sjálfstfl. höfum hingað til tafið umr. í þessu máli.

Ég vil líka benda á að þessi umr. hefur verið rofin hvað eftir annað fyrir tilstilli hæstv. ríkisstj. Umr. var t. d. rofin þegar hæstv. ríkisstj. taldi sig þurfa að koma fram frv. um olíugjald, sem hér var til meðferðar og var skotið inn í umr. um brbl. Hér var líka s. l. miðvikudag utandagskrárumr., sem fór fram fyrir frumkvæði þm. Alþfl. og hæstv. iðnrh. tók þátt í, en okkur sjálfstæðismönnum var hins vegar meinuð utandagskrárumr. um brýnt mál s. l. föstudag. Það er því sama hvernig á þetta mál er litið. Því fer fjarri og við í þingflokki sjálfstæðismanna vísum því alfarið á bug að við höfum haft uppi nokkra tilburði til að tefja þetta mál á hv. Alþingi.

Ég hafði rétt byrjað ræðu mína á föstudagskvöld þegar umr. var slitið og hafði vikið nokkuð að upphafi þessarar ríkisstj. og loforðum hennar í efnahagsmálum og þá ekki síst því loforði, sem hún gaf, að vinna að hjöðnun verðbólgu þannig að verðbólgan yrði komin niður í sama stig og í helstu viðskiptalöndum okkar Íslendinga árið 1982, en það er um það bil 10%, eins og allir þekkja. Ég hafði líka rifjað upp nokkuð kosningaloforð, bæði Alþb. og Framsfl., og sýnt fram á hve haldlítil þau voru og hve þessir flokkar hafa með óvenjufreklegum hætti gengið á þau loforð sem þeir gáfu kjósendum við tvennar síðustu kosningar, bæði 1978 og 1979. Ég vil hins vegar nú víkja að nokkrum þáttum efnahagsmálanna og þá fyrst vekja athygli á því, að á síðustu tveimur árum höfum við Íslendingar haft óvenjugóð tækifæri til að koma okkar efnahagsmálum í lag og treysta grundvöll atvinnulífsins.

Þó að nokkuð bjáti nú á í aflabrögðum og í markaðsmálum hefur frá árinu 1978 orðið gífurleg aukning hér á landi í framleiðslu sjávarafurða. Ef miðað er við fast verðlag jókst framleiðsla sjávarafurða okkar um 27% á árunum 1979 og 1980. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst aukinn afrakstur vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 200 mílur, sem gerð var undir forustu sjálfstæðismanna eins og kunnugt er. Aukning sjávarvöruframleiðslunnar var nokkru hægari árið 1981, en engu að síður var það gott aflaár og það ár var metaflaár í sögu þessarar þjóðar.

Nú kann einhver að spyrja: Hvað hefur orðið af þessum miklu auknu verðmætum? Ég skal aðeins skýra það örlítið betur með samanburði hve aukningin hefur verið mikil frá árinu 1977. Ef við setjum framleiðsluna í 100 til að fá hlutfallslega viðmiðun var hún 108 árið 1978, 121 árið 1979, 134 1980, 135 1981, en spáin varðandi 1982 hefur legið á bilinu 108—119. Þetta á við

um framleiðsluverðmætið á föstu verðlagi, en ef aukning framleiðslunnar og hækkun á söluverði erlendis er lagt til grundvallar hefur þessi verðmætisaukning numið 76.2% á árunum 1978—1981. Og nú kunna menn að spyrja: Hvað hefur orðið af þessari miklu verðmætisaukningu, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir? Hefur þessi verðmætisaukning komið fram í aukinni þjóðarframleiðslu á hvern íbúa? Hefur þessi mikla aukning komið fram í því, að grundvöllur atvinnulífsins hafi verið treystur og hafin verið ný sókn til átaka á atvinnusviðinu eða í bættri afkomu fyrirtækja? Hefur þessi mikla verðmætisaukning komið fram í því, að við Íslendingar greiddum upp eða grynntum á erlendum skuldum? Hefur hún komið fram í lækkun skatta á öllum almenningi eða auknum kaupmætti almennings? Svarið við öllum þessum spurningum er nei. Þessi verðmætisaukning hefur brunnið upp á verðbólgubálinu eða farið niður í eyðsluhít ríkisins.

Við skulum aðeins fara um þetta nokkrum frekari orðum og rifja upp nokkur dæmi um hvernig ástandið er í þessum málum. Víkjum fyrst að þjóðarframleiðslunni. Þjóðarframleiðsla á mann hefur farið minnkandi undanfarin ár. Hún stóð reyndar í stað á árinu 1981, en á síðasta ári minnkaði hún um 4.5—5% og því er spáð að hún muni enn fara minnkandi á þessu ári. Sú staðreynd blasir því við, að þau gífurlegu verðmæti, sem ausið hefur verið upp úr auðlind okkar fiskimiða, hafa runnið út í sandinn.

Þegar árin 1980 og 1981 eru skoðuð sérstaklega vekur það athygli að viðskiptakjör haldast verulega í horfinu á þessu tímabili vegna hækkunar á verði dollarans á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Á þessum fyrstu stjórnarárum núv. hæstv. ríkisstj. hefur því þjóðarbúið notið sérstaklega góðra ytri skilyrða.

En hefur þessi verðmætisaukning þá ekki komið fram í því að kaupmáttur launa hafi aukist í landinu? Við skulum huga örlítið að því. Í fyrsta lagi er rétt að benda á sérstaklega að gefnu tilefni og þá með það í huga að Alþb. gekk til kosninga 1978 með kjörorðið „samningana í gildi" og að aldrei skyldu skertar verðbætur á laun, að Alþb. hefur síðan það kom í ríkisstjórn árið 1978 beitt sér 13 sinnum fyrir því að verðbætur hafa verið skertar á laun. Samtals nema þessar verðbætur nálægt um 50%. Oft hefur átt að bæta þessar verðbætur upp með svokölluðum félagsmálapökkum eða almennum yfirlýsingum, sem þó hafa meira og minna runnið út í sandinn. Flestar aðgerðir í efnahagsmálum frá því að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við í sept. 1978 hafa beinst að skerðingu verðbóta á laun. Sáralítið annað hefur verið gert og því fer fjarri að reynt hafi verið að taka á hinum mörgu þáttum efnahagsmála af þeirri festu sem nauðsynleg er.

Ef litið er á kaupmátt launa sérstaklega jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna lítillega árið 1981, og þá nota ég hugtakið kaupmáttur ráðstöfunartekna, sem Alþb. er mjög tamt að nota, vegna aukinnar yfirvinnu og bónusgreiðslna, þ. e. vegna aukins vinnuálags. Í fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar, nr. 53 frá nóv. 1981, segir svo um þetta, með leyfi forseta:

„Meðaltímakaup verkamanna í úrtaki nefndarinnar hækkaði um 64.6% á tímabilinu frá 2. ársfjórðungi 1980 til 2. ársfjórðungs 1981. Hér gætir, svo sem áður er rakið, aukinna bónusgreiðslna, en einnig gætir áhrifa af lengingu vinnutíma, og hann hefur ekki verið lengri síðan á 3. ársfjórðungi ársins 1979."

Af þessu má sjá, að þegar Alþb. reynir að halda því fram að kaupmáttur hafi aukist í landinu er það kaupmáttur ráðstöfunartekna, þ. e. kaupmáttur sem stafar af því að fólk hefur lagt á sig meiri yfirvinnu ýmist vegna þess að unnir hafa verið fleiri yfirvinnutímar eða verið aukinn bónus á hinum ýmsu vinnustöðum. Ef hins vegar er litið á kauptaxtana sjálfa og kaupmátt þeirra, sem eru að sjálfsögðu eðlilegasti mælikvarðinn, hefur kaupmáttur kauptaxta lækkað. Hann lækkaði árið 1980 frá árinu áður um 4.9% og hann lækkaði árið 1981 um 1.9%. Það er talið að hann hafi staðið nokkurn veginn í stað á síðasta ári, en því er spáð að hann muni lækka um 7% á árinu 1983.

Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris hefur farið stöðugt lækkandi allt þetta tímabil. Það er rétt að hafa í huga að Alþb. hefur haft félmrh. allt þetta tímabil. Þrátt fyrir að Alþb. vilji sérstaklega láta líta á sig sem forustuflokk í tryggingamálum og sem forustuflokk í málefnum aldraðra og öryrkja hefur kaupmáttur elli- og örorkulífeyris farið stöðugt minnkandi undir forustu þessa flokks allan þann tíma sem þessi flokkur hefur verið við völd. Árið 1980 minnkaði kaupmáttur elli- og örorkulífeyrisþega um 5.2%, árið 1981 um 1.6%, árið 1982 um 2.4% og því er spáð að hann muni minnka árið 1983 um 7%. Þetta eru að sjálfsögðu athyglisverðar staðreyndir. Við sjáum a. m. k. á þessum tölum að sú mikla verðmætisaukning, sem þjóðarbúinu hlotnaðist á árunum 1980 og 1981, hefur ekki farið í það að auka kaupmátt almennings í þessu landi.

Hvað þá með skattheimtuna? Hefur ekki verið hægt að nota eitthvað af þessum auknu verðmætum, sem inn hafa komið í þjóðarbúið, með því að minnka skatta á almenning? Við skulum aðeins líta á það.

Þessi ríkisstj., sem nú hefur setið, og forveri hennar, ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, sem sat 1978—1979, hafa sýnt alveg einstaka hugvitssemi í því að finna upp nýja skatta á almenning. Skattar til ríkisins hafa hækkað í tíð núv. ríkisstj. um 3.1% af þjóðarframleiðslu, sem jafngildir 960 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrv. fyrir árið 1983, en sú upphæð nemur 28 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þessi ríkisstj. átti þriggja ára afmæli, eins og menn muna, fyrir stuttu. Á þremur árum hefur hæstv. ríkisstj. hækkað skatta sem nemur 28 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Ríkisútgjöldin hafa þanist enn meira út en sem nemur skattahækkuninni, þar sem framkvæmdaframlög og framlög til eignaauka hafa verið skorin verulega niður að raungildi. Þrátt fyrir þetta væri ríkissjóður rekinn með stórfelldum halla ef eyðsluskuldasöfnun erlendis kæmi ekki til. Áætlað er að ríkissjóður hafi haft umframtekjur vegna óvenjulegrar innflutningseftirspurnar á árinu 1981 og það sem af er á árinu 1982 sem nemur um 800 millj. kr. Hér er auðvitað um að ræða eina afleiðingu af stefnunni í gengismálum. Þessi stefna í ríkisfjármálum dregur augljóslega mjög úr svigrúmi ríkissjóðs til að hlaupa undir bagga með skattalækkunum á tíma samdráttar og þverrandi lífskjara nema til komi alger uppstokkun ríkisfjármála og gerbreytt stefna á þessu sviði. Og það er mikil nauðsyn á að gerbreytt verði um stefnu á sviði ríkisfjármálanna.

Ef við lítum á skatta til hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, þá hefur þetta hvort tveggja farið hækkandi, eins og ég gat

um áðan, en til frekari skýringar er rétt að geta þess, að skattar til ríkisins voru á árinu 1978 26.3% af þjóðarframleiðslu, árið 1979 27.6%, árið 1980 28.8%, 1982 30.7%. Til sveitarfélaga voru skattarnir árið 1978 6.4%, en eru nú komnir upp í 7.4%. Hafa sem sagt hækkað frá árinu 1978 úr 32.7%, bæði skattar ríkis og sveitarfélaga, í 38.1%.

Af þessu yfirliti má sjá, að sú mikla verðmætisaukning, sem lögð var í þjóðarbúið og við fengum í okkar hlut á síðustu árum í tíð þessarar ríkisstj., hefur ekki farið í að létta sköttum af almenningi, þvert á móti.

En hvað þá með erlendar skuldir? Hafa menn ekki notað tækifærið, þegar svo mikil verðmætisaukning varð í þjóðarbúinu, til þess að grynnka eitthvað á okkar erlendu skuldum og til að greiða niður hluta af því sem við skulduðum áður? Við skulum aðeins líta á það.

Erlendar lántökur hafa aukist gífurlega frá árinu 1978. Þar kemur einkum tvennt til. Í fyrsta lagi hefur innlendur heildarsparnaður minnkað og hlutur erlends lánsfjár aukist í fjármögnun framkvæmda. Í annan stað, og það er e. t. v. alvarlegra, hefur eyðslu- og óreiðuskuldasöfnun erlendis aukist og það svo mjög að heildarskuldasöfnun þjóðarinnar, þrátt fyrir minnkandi fjárfestingu, einkum í stóriðju og virkjunarframkvæmdum, er komin á hættumörk. Heildarlántökur erlendis í formi langra erlendra lána munu um áramótin 1982 nema 16 500 millj. kr. Þessi lán voru í árslok 1977 8700 millj. kr. reiknað á sama gengi. Aukningin er því 7800 millj. kr. eða um 90%. Eyðslu- og óreiðuskuldasöfnun erlendis hefur aukist feikilega síðustu árin. Það færist í vöxt sá ósiður að tekið sé lán erlendis til að halda atvinnuvegunum gangandi og til að fjármagna rekstur ýmissa fyrirtækja í opinberum rekstri. Um það hefur enginn ágreiningur ríkt meðal stjórnmálaflokkanna hér á hv. Alþingi að það sé eðlilegt og sjálfsagt að taka erlend lán til arðbærra framkvæmda, að taka erlend lán til virkjanaframkvæmda t. d. eða til hitaveitufamkvæmda svo að eitthvað sé nefnt, til framkvæmda sem skila þjóðarbúinu arði, styrkja stöðu þjóðarbúsins og gera okkur betur hæf en ella til að greiða niður skuldir okkar. En að taka lán í jafnríkum mæli og gert hefur verið til að standa undir taprekstri ýmissa fyrirtækja, bæði opinberra og í einkarekstri, er að sjálfsöðgu forkastanleg fjármálastefna.

Mér býður í grun, að þegar saga þessarar ríkisstj. verður skoðuð verði það talinn hennar stærsti glæpur, ef svo má segja, hennar alvarlegasti áfellisdómur, að hafa stofnað til erlendra skulda í jafnríkum mæli og orðið hefur. Með því er verið að ýta vandamálunum frá nútíðinni yfir á framtíðina. Með því eru getulaus stjórnvöld að velta byrðunum, sem við ættum að bera, yfir á börn okkar. Mörg opinber fyrirtæki hafa þurft að taka erlend lán og ríkisstj. hefur bent á að taka erlend lán til að standa undir beinum hallarekstri. Ég nefni Rafmagnsveitur ríkisins, ég nefni ýmsar rafveitur sveitarfélaga, ég nefni Sementsverksmiðju ríkisins, ég nefni Járnblendiverksmiðjuna, ég nefni Kísilgúrverksmiðjuna og ég nefni Siglósíld. Öll þessi fyrirtæki hafa tekið erlend lán í stórum stíl til að standa undir taprekstri. Að auki hefur viðskiptahalli okkar við erlend lönd verið hrikalegur. Reiknað er með að á árinu 1981 og 1982 hafi hann verið samtals u. þ. b. 5000 millj. kr. á verðlagi ársins í ár. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Það er því engin furða þótt hæstv. fjmrh. hafi séð sérstaka ástæðu til þess í grein í Þjóðviljanum, sem hann ritaði í sumar, að segja: „Við erum óneitanlega að sökkva á kaf í ískyggilegri skuldasöfnun."

Hæstv. fjmrh. kom auka á þetta strax í sumar. En hvernig hefur hann brugðist við? Hefur hann ekki leitast við að stöðva söfnun erlendra skulda og snúa þessu dæmi við? Því fer fjarri. Ríkisstj. heldur áfram dag frá degi að stofna til erlendra skulda og heldur með því gangandi atvinnulífinu. Það er augljóst að slíkt getur ekki gengið til lengdar.

Ef við tökum nettóstöðu erlendra lána í prósentum af þjóðarframleiðslu hefur hún breyst þannig frá árinu 1978: Árið 1978 var hún 32% af þjóðarframleiðslu, 1979 32%, 1980 31.8%, 1981 33.7%, reiknað er með að á árinu 1982 hafi hún verið um 44% og því er spáð nú af hálfu Seðlabanka að þessi tala verði 47.5% á árinu 1983. Það er athyglisvert að ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hafa aukið mjög lántökur sínar erlendis á síðari árum. Þær hafa aukist úr 5 640 millj. kr. 1978 í 8 596 millj. kr. í árslok 1981 eða um 52% á föstu gengi reiknað. Viðskiptabankar og fjárfestingalánasjóðir hafa aukið mjög lántökur sínar erlendis á þessu tímabili. Stafar sú erlenda lántaka m. a. af niðurskurði á framlögum ríkissjóðs til fjárfestingalánasjóðanna. Greiðslubyrði erlendra lána hefur og farið mjög vaxandi á síðustu árum. Það leiðir að sjálfsögðu af eðli máls þegar skuldirnar hækka jafngífurlega og raun ber vitni. Að hluta stafar þetta af hærri vöxtum á alþjóðlegum peningamarkaði, en er að sjálfsögðu líka vegna hinnar auknu lántöku. Greiðslubyrði langra erlendra lána er áætlað að verði á næsta ári um 25% af útflutningstekjum að lágmarki, en þessi greiðslubyrði var 13.7% á árinu 1977.

Um þetta atriði sagði í stjórnarsáttmálanum, sem lesinn var yfir okkur á hv. Alþingi fyrir þremur árum, loforð ríkisstj. til þjóðarinnar:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum."

15% var reynt að miða við af hálfu ríkisstj. á árinu 1980, þegar þessi hæstv. ríkisstj. var mynduð. Nú er greiðslubyrðin komin upp í 25% að lágmarki og er líklegt að hún hækki að mati Seðlabankans.

Sannleikurinn er sá, að hinar erlendu skuldir okkar eru einhver ljótasti og dekksti bletturinn á efnahagsstjórn undanfarinna ára. Það er því engin furða þó að Seðlabankinn geri þetta að sérstöku umtalsefni í skýrslu sem hann lét nýlega frá sér fara.

Áður en ég vík að orðum í skýrslu Seðlabankans um þetta atriði sérstaklega er rétt að vekja athygli á að það er mjög sjaldgæft að stofnun eins og seðlabanki láti frá sér fara slíka skýrslu, að stofnun eins og seðlabanki sjái ástæðu til að birta þjóðinni og vara sérstaklega ríkisstj. við því að efnahagsstefna hennar sé að leiða til glötunar. Slíkt er mjög sjaldgæft hér á landi og sennilega nánast einsdæmi ef litið er til annarra landa. Ég hygg að hvarvetna þar sem slíkt gerðist, og bæði bankastjórar og bankaráð seðlabanka eru algerlega sammála, mundi annað tveggja þurfa að gerast, að þeir sem ráða seðlabankanum segðu af sér eða ríkisstj. í viðkomandi landi segði af sér. Hvorugt hefur gerst hjá okkur, enda stjórnmálalegt siðferði með öðrum hætti hér en víða

annars staðar og fer greinilega hrakandi.

Ég vil benda á lokakafla í skýrslu Seðlabankans, en í þeirri skýrslu og í þeim kafla eru fólgin mjög alvarleg aðvörunarorð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að lokum er rétt að benda á nokkur atriði, er varða samhengi þeirra þátta efnahagsmála, sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, og þess markmiðs að halda uppi nægilegri atvinnu við þjóðnýt störf. Enginn vafi er á því, að háu atvinnustigi hefur verið haldið uppi nú um nokkurt skeið fyrst og fremst með miklum erlendum lántökum til framkvæmda og rekstrar, en hins vegar með peningaþenslu, en hvort tveggja hefur stuðlað að verðbólgu og viðskiptahalla. Skuldasöfnun Íslendinga gagnvart umheiminum er nú hins vegar orðin svo mikil, að háskalegt væri að halda lengra áfram á þeirri braut. Háu atvinnustigi verður því ekki enn haldið uppi með þessum ráðum nema um skamman tíma. Eigi að tryggja sæmilegt öryggi í atvinnumálum framvegis verður það að hvíla á traustari stoðum, svo sem sterkari samkeppnisaðstöðu og góðum rekstrarskilyrðum atvinnuveganna og auknum innlendum sparnaði, en forsenda fyrir þessu hvoru tveggja er, að rofinn verði sá vítahringur verðbólgu, sem þjóðin er fjötruð við."

Þetta var tilvitnun í skýrslu Seðlabanka Íslands. Ég efast um, eins og ég sagði áðan, að nokkurt dæmi sé hægt að finna úr stjórnmálasögu okkar um að stofnun eins og seðlabanki láti frá sér fara svo alvarleg aðvörunarorð til viðkomandi ríkisstjórnar.

Af þessu má sjá, sem ég hef hér rakið varðandi hinar erlendu skuldir, að því fer fjarri að verðmætisaukningin, sem þjóðarbúið hefur fengið, hafi farið í að greiða niður erlendar skuldir.

Hvað þá með fjárfestingar? Hefur þetta fjármagn þá ekki verið notað til að fjárfesta í arðbærum atvinnugreinum og til að renna styrkari stoðum undir atvinnuvegi okkar? Við skulum aðeins líta á fjármunamyndunina og í hvað fjárfestingar okkar hafa farið á undanförnum árum.

Það er athyglisvert að á árunum 1981 og 1982 hefur fjármunamyndun dregist saman bæði að magni og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Á sama tíma höfum við hins vegar verið að auka okkar erlendu skuldir, eins og ég gat um áðan. Það er talið að fjárfesting hafi dregist saman um 4% árið 1981, 4—5% árið 1982 og það er spáð 8% samdrætti í fjárfestingu á árinu 1983. Það er oft vitnað til áfallaáranna 1967 — 1969 og áranna 1974 — 1975, en það er athyglisvert, þegar þessi ár eru skoðuð, að fjárfesting var mun meiri á þeim áfallaárum. Hún var 31.1% af þjóðarframleiðslu 1967, 31.6% 1968, en verður í ár rúmlega 27% og það er spáð svipaðri fjárfestingu á næsta ári. Erlend skuldastaða var á hinn bóginn miklum mun betri á fyrrgreindum áfallaárum en nú er.

En það er líka fróðlegt að sjá í hvaða þætti fjárfestingin hefur farið. Við skulum fyrst athuga stóriðju og stórvirkjanir, en margir hafa litið til þess að á þessu sviði gætum við treyst hvað helst atvinnuvegi okkar og rennt fleiri styrkari stoðum undir okkar atvinnulíf. Á s. l. ári, árið 1982, drást fjárfesting í stóriðju og stórvirkjunum saman um 43.5% frá árinu 1981. Fjármunamyndun í atvinnulífinu drást saman um 9.1% á árinu 1982 frá árinu þar á undan, og þá hafði hún enn dregist saman frá árinu 1980. Fjármunamyndun í hitaveitum drást saman á síðasta ári um 31.5% miðað við árið á undan og hafði líka dregist saman á árinu 1981. En hvar aukast þá okkar fjárfestingar? Það er fróðlegt að skoða það. Það er einn liður sem sker sig úr. Í einum lið aukast fjárfestingar frá ári til árs í tíð þessarar ríkisstjórnar, en það er á sviði opinberra bygginga. Á síðasta ári jókst fjármunamyndun í opinberum byggingum um 6.8% miðað við árið 1981 og á árinu 1981 jókst hún um 9.7% miðað við árið 1980. Fjármunamyndun í íbúðarhúsabyggingum mun sennilega hafa staðið í stað árið 1982 miðað við næsta ár á undan, þó ekki séu enn komnar endanlegar tölur um það. En þetta er fróðlegt að sjá. Á sama tíma sem fjármunamyndun eykst á sviði opinberra bygginga eingöngu dregst fjármunamyndun saman á sviði atvinnuveganna. Auðvitað hefði þetta átt að vera öfugt. Auðvitað hefði átt að nota hluta af þeim verðmætum, sem þjóðarbúið fékk og ég gerði grein fyrir hér áðan, til að fjárfesta í nýjum atvinnugreinum, í nýjum atvinnufyrirtækjum, til að stuðla að aukinni hagsæld og bættum lífskjörum fólksins í þessu landi. En það hefur ekki verið gert. Fjármunamyndunin hefur fyrst og fremst verið á sviði opinberra bygginga. Og það er vissulega fróðlegt og tímanna tákn — og reyndar dæmigert fyrir stjórn eins og þá sem hér situr nú, dæmigerða vinstri stjórn.

Það væri að sjálfsögðu hægt að rekja á sama hátt fjölmarga aðra þætti í efnahagslífi okkar — rekja hver hefur orðið þróunin í gengismálum t. d., en eitt af meginstefnumörkum Alþb. var að halda gengi stöðugu. Sú var tíðin að Alþb. taldi gengisbreytingar íhaldsúrræði, en sannleikurinn er sá, að engin ríkisstj. hefur fellt gengi jafnoft og jafnmikið og sú ríkisstj. sem nú situr.

Það væri líka fróðlegt að rekja þróun peningamála og ríkisfjármála eða þróun verðbólgunnar sem nú æðir með meiri hraða en nokkru sinni áður. Ég ætla ekki að eyða löngu máli í það, en vil hins vegar benda á að þegar þessi brbl. voru sett héldum við sjálfstæðismenn því fram strax á s. l. sumri, strax í ágústmánuði, að þessi brbl. mundu verða gagnslaus í baráttunni við verðbólguna. Þingflokkur Sjálfstfl. hélt fund strax og brbl. höfðu verið sett og ályktaði um þessi mál. Ég skal ekki lesa hér nema hluta af þeirri ályktun, en þar segir, með leyfi forseta:

„Efnisatriði þessara bráðabirgðaráðstafana eru einkum þrjú:

Í fyrsta lagi 13% gengisfelling eftir að erlendur gjaldeyrir hefur verið hafður á útsölu mánuðum saman. Í öðru lagi skattahækkanir sem auka verðbólgu. Í þriðja lagi stórfelld skerðing verðbóta launafólks án samráðs við aðila vinnumarkaðarins.

Þessum bráðabirgðaráðstöfunum fylgir óskalisti sem er álíka marklaus og stjórnarsáttmálinn og aðrar efnahagsyfirlýsingar ríkisstj. Þá bera þessar bráðabirgðaráðstafanir og með sér að enginn árangur mun nást í baráttunni við verðbólguna, sem nú æðir áfram, og enn liggur við stöðvun atvinnuveganna."

Það kom sem sagt strax fram í þessari ályktun þingflokks sjálfstæðismanna, nánast daginn eftir að brbl. höfðu verið sett, að þessar ráðstafanir, þessi brbl. mundu reynast gagnslaus í baráttunni við verðbólguna. Þrátt fyrir það var settur á svið mikill loddaraleikur í kringum þessi brbl. Fólk var látið halda, og því var haldið fram af hæstv. ráðh. með hæstv. forsrh. í broddi fylkingar, að nú yrði brotið í blað í efnahagsþró-

uninni, þessi brbl. mundu koma í veg fyrir viðskiptahalla, þau mundu stöðva söfnun eyðsluskulda erlendis og þau mundu veita verulegt viðnám gegn verðbólgu. Það var hægt að sjá fyrir að allt þetta var rangt. Annaðhvort blekktu hæstv. ráðh. sjálfa sig eða þeir blekktu þjóðina til að geta setið örlítið lengur í ráðherrastólunum, og hvorugur kosturinn er góður.

Einu atriði er sérstaklega rétt að vekja athygli á og gera að umtalsefni, en það er með hverjum hætti þessi lagasetning fer fram.

Það er ekki umdeilt að í stjórnarskrá lýðveldisins eru ákvæði um það, að þegar brýna nauðsyn beri til geti forseti landsins, og þá á ábyrgð ríkisstj. og fyrir hennar atbeina, sett brbl. Þegar brýna nauðsyn ber til eins og sagt er í stjórnarskránni. Það er hins vegar enginn vafi á að setning þessara brbl. undir þeim kringumstæðum sem þau voru sett er brot á anda þessa stjórnarskrárákvæðis. Þessi brbl., sem sett voru í ágúst, áttu ekki að taka gildi fyrr en 1. desember. Verðbótaskerðingin, sem í þeim fólst, átti ekki að taka gildi fyrr en 1. desember, u. þ. b. tveimur mánuðum eftir að þing kæmi saman.

Enn einu atriði er rétt að vekja athygli á varðandi efnisþætti brbl. Það er, að inn í brbl. er felld framlenging hins tímabundna vörugjalds, sem Alþingi hefur þurft að fjalla um sérstaklega á hverju ári um hríð og framlengja frá ári til árs. Í brbl., sem sett eru í ágúst, er ákvæði um það, að frá 1. janúar 1983 til 1. janúar 1984 skuli hið tímabundna vörugjald áfram vera í gildi. Svo eru reyndar gerðar á því vissar breytingar, hækkað að hluta. Þetta er allt súrrað saman í eina ákveðna grein í brbl. Það bar enga brýna nauðsyn til að setja ákvæði um hið tímabundna vörugjald í þessi brbl. Alþingi hafði öll tök á því og Alþingi átti að fá færi á því að fjalla sjálfstætt um hvort það vildi framlengja þennan skatt eða ekki. Þess vegna er enginn vafi á að þarna hefur tvímælalaust verið framið brot á stjórnarskrá. Það gefur mönnum aftur tilefni til að hugleiða nú vandlega, þegar verið er að ræða um nýja stjórnarskrá og þegar menn upplifa hve ríkisstjórnir umgangast þetta ákvæði í stjórnarskránni af mikilli óskammfeilni, og hve þær óhikað reyna að fara á svig við anda stjórnarskrárinnar, þennan rétt til útgáfu brbl. og til að athuga hvort ekki beri að þrengja hann a. m. k., ef ekki fella hann algerlega niður.

Sannleikurinn er sá, að ákvæðin um rétt til útgáfu brbl. voru sett í stjórnarskrána 1874, þegar Alþingi var háð einungis á tveggja ára fresti og stóð þá í einn til tvo mánuði. Síðan hefur margt breyst, ekki aðeins að Alþingi kemur saman einu sinni á ári og situr orðið meiri hluta ársins, heldur hafa allar samgöngur breyst til hins betra og enginn vandi er að kalla saman þingið með stuttum fyrirvara, ef brýna nauðsyn ber til að efna til lagasetningar. Ég hygg að þessi hæstv. ríkisstj. hafi bitið höfuðið af skömminni varðandi útgáfu brbl. Hún hefur gengið lengra en nokkur önnur ríkisstj. hér á landi í að mistúlka heimildarákvæði um útgáfu brbl. Þess vegna hlýtur nú að vera uppi vaxandi hreyfing um að takmarka mjög þennan rétt, ef ekki á að afnema hann með öllu.

Herra forseti. Það hefur komið glögglega fram, ekki síst í þeirri skýrslu sem Seðlabankinn sendi frá sér, að þessi brbl. hafa reynst haldlaus með öllu. Þau hafa ekki náð þeim árangri sem fólki var talin trú um að að væri stefnt. Þau hafa ekki reynst viðnám gegn verðbólgu. Verðbólgan æðir nú áfram með meiri hraða en nokkru sinni áður. Það er talið að hún nálgist nú að vera 75% og hún mun áður en langt um líður, ef ekkert verður að gert, fara upp í um 100%.

Við höfum reynst eftirbátar okkar helstu viðskiptaþjóða í því að ráða við verðbólguna. Árið 1982 var verðbólgan t. d. 3.9% í Bandaríkjunum, 5.4% í Bretlandi, 4.6 í Vestur-Þýskalandi, 2% í Japan og 9% í Danmörku. Af þessu má sjá að ríkisstj. tókst ekki með brbl. að veita viðnám gegn verðbólgu.

Það var líka sagt að brbl. ættu að stemma stigu við viðskiptahalla. Það hefur ekki reynst rétt. Viðskiptahallinn er nú meiri en hann hefur oft verið.

Þessi brbl. áttu líka að stemma stigu við erlendum lántökum, og eins og ég gat um áðan áttu þær ekki að fara fram úr 15% af útflutningstekjum okkar, en greiðslubyrði vaxta og afborganir af erlendum lánum eru nú langt fyrir ofan það. Ég skal ekki endurtaka það sem ég sagði um það áðan.

Þessi brbl. hafa því reynst haldlítil og gagnslaus. Það er þess vegna með ólíkindum hve reynt hefur verið með taumlausum áróðri að magna upp spennu í kringum þessi brbl. Því er meira að segja enn haldið fram, að ef þessi brbl. verði felld hér á Alþingi muni verðbólguholskefla yfir okkur ríða. Þessi brbl. eru í fullu gildi. Þau hafa verið í gildi í hálft ár og áhrif þeirra því að fullu komin fram, en þau hafa ekki reynst betur en raun ber vitni.

Sú staðreynd, að þessi brbl. eru það eina sem frá þessari hæstv. ríkisstj. kemur, sýnir að þessi ríkisstj. hefur gefist upp á því að leysa þann vanda sem að okkur steðjar. Hún sýnir enga forustu, ekki neitt frumkvæði í neinum málum. Það eina sem hún getur og hefur tekist hingað til er að stritast við að sitja. Það er orðið takmark í sjálfu sér að sitja á sama tíma og verðbólgan geysist áfram með ótrúlegum hraða, erlendu skuldirnar stefna efnahagslífi okkar í háska og Seðlabankinn varar við því að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé í hættu. Það eina sem þessi hæstv. ríkisstj. hugsar um er að sitja, sitja án þess að gera nokkuð.

Það er því brýnt verkefni að reynt verði að semja um það hér á hv. Alþingi að koma fram nauðsynlegum breytingum á kjördæmamálinu. Því miður hefur það ekki tekist hingað til, en sem betur fer er margt sem bendir til að slíkt samkomulag sé skammt undan. Þá er hægt að efna til kosninga áður en langt um líður og reyna að mynda nýjan þingmeirihl. sem takist af alvöru á við þann mikla og vaxandi efnahagsvanda sem að okkur steðjar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er mikið búið að ræða um það mál sem hér er til umr. og kvarta undan því síðustu daga að stjórnarandstaðan væri að bregða fæti fyrir framgang málsins. Fyrst og fremst hygg ég að skynsamlegast sé á hverjum tíma að ríkisstj., sem þarf að koma málum fram, reyni að hafa eins gott samstarf við Alþingi — og þá einnig stjórnarandstöðuna og unnt er hverju sinni. Ég minnist þess að á fyrstu árunum sem ég sat hér á hv. Alþingi, þá var ég stuðningsmaður ríkisstj., var viðhöfð sú regla að stjórnarþm. takmörkuðu ræðuhöld til þess að auka ekki á lengd umræðna stjórnarandstöðu. Þá voru einnig gerðar mjög virðingarverðar tilraunir til að hafa víðtækt samstarf við

stjórnarandstöðuna til þess að greiða fyrir gangi mála.

Ætla mætti að áður en brbl. voru gefin út í ágústmánuði hefðu það verið hyggileg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj. að ræða við báða stjórnarandstöðuflokkana um framgang málsins. Viðbrögð stjórnarandstöðuflokkanna voru þau að þess var krafist að þing yrði kallað saman til að ræða þessi mál og afgreiða þau hér á réttan hátt. En ríkisstj. varð ekki við þeirri beiðni. Hún neitaði alfarið að kalla þing saman. Þing kemur svo saman á venjulegum tíma 10. okt. og það líður mánuður frá því að þing kemur saman þar til hæstv. forsrh. leggur brbl. fram til staðfestingar hér á hv. Alþingi. Það lá ekki meira á en þetta.

Hvað er það sem við setjum fyrst og fremst út á, annað en þessi vinnubrögð? Við setjum út á það að með þessum brbl. var ekki verið að rétta þjóðarbúskapinn af vegna þess að atvinnurekstrinn í landinu var rekinn með stórfelldum halla. Þessar aðgerðir komu hálfu ári of seint til þess að þær kæmu að verulegum notum, þannig að eitthvað væri á þeim hægt að byggja fyrir þjóðarbúskapinn og atvinnulífið. Ástæðan fyrir því að þessar aðgerðir koma svona seint er sú, að í landinu situr ríkisstj. sem er ósamstæð og getur ekki náð saman.

Í yfirlýsingu sem fylgdi brbl. í ágústmánuði eru boðaðar margvíslegar aðrar aðgerðir, m. a. sú að að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkv. nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. des. 1982. Við töldum þá að slíkt frv. ætti að liggja fyrir þingi jafnhliða brbl. Við töldum líka að frv. um breytingu á orlofi ætti ekki að koma fram nema að þessar nýju viðmiðunarreglur væru komnar fram í frv.-formi. En það frv. kom fram. Þar lét Framsfl. Alþb. kúga sig. Framsfl. setti það á oddinn í haust að frv. um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun kæmi fram jafnhliða. En hann hefur látið undan síðan og nú er svo komið að þetta frv. er flutt af forsrh. einum með stuðningi hans aðstoðarmanna í ríkisstj. og framsóknarmanna en gegn Alþb. innan ríkisstj. Þannig er nú málum komið. Þær ráðstafanir sem verið er að gera í þessum brbl. voru orðnar gagnslitlar þegar þær loksins birtust. Þessi lög hafa verið í gildi en þrátt fyrir gildistöku þeirra hefur verðbólgan ætt áfram. Það er því alveg ástæðulaust hjá hæstv. forsrh. að reyna að hella olíu á eldinn á milli stjórnar og stjórnarandstöðu eins og hann gerði s. l. föstudagskvöld. Þá kom reiður gamall maður fram í sjónvarpi en ekki hinn kurteisi stjórnmálamaður Gunnar Thoroddsen. Hann kom meira að segja verr út í fréttunum í litsjónvarpi en í svart/hvítu.

Það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir eina ríkisstj. og fyrir forsrh. að koma svona þrútinn af reiði fram fyrir alþjóð. Sjáanlegt er af öllu að eftir 1. mars verður ekkert eftir af þessum brbl. annað en hækkunin á vörugjaldinu, sem var klúðrað þarna inn í á sínum tíma. Við höfum verið alfarið á móti henni því við teljum að á sama tíma og verðbætur eru skertar á laun í landinu sé gengið mjög á ráðstöfunarfé heimilanna og það er gengið mjög á atvinnurekstrinn. Það var óþarfi að okkar dómi að hækka svo mjög tolltekjur ríkissjóðs eins og gert var með þessum lögum. Ég tel enga ástæðu til að vera með hávaða og læti út af þessum brbl. Þau eru búin í raun og veru. Það er svo lítið eftir af þeim. En hverju bjargaði setning brbl.? Hefur þjóðlífið og atvinnureksturinn komist í réttar skorður? Nei, síður en svo. Allir vita að víðast hvar er ástandið þannig, að atvinnufyrirtækin í landinu eru að stöðvast vegna þess að tilkostnaðurinn hefur aukist miklu meira og hraðar en tekjur atvinnurekstrarins. Veikur atvinnurekstur gerir það að verkum að atvinna launþegans verður ótryggari. Þetta tvennt fer núna saman. Mér er því miklu meira í mun að spyrja ríkisstj., sem ennþá situr, ætlar hún að láta sem hún viti ekki neitt um erfiðleikana í landinu? Er hún ekki með neinar aðrar og nýjar ráðstafanir til þess að treysta atvinnugrundvöllinn? Um það heyrist ekki aukatekið orð að nýjar till. séu í undirbúningi. Hæstv. ríkisstj. er ekkert að gera. Alþingi er hér meira eða minna verklaust mánuðum saman þó að ástandið sé svo alvarlegt.

Svo hælir málgagn Alþb. sér af því að eiga fulltrúa í elstu ríkisstjórn í Evrópu, og það meira að segja þrjá, og hún er þriggja ára. Ef það er eina keppikeflið að stjórnin komist eitthvað á fjórða árið, þá er það lítil barátta fyrir framtíðarheill þjóðarinnar að laða í ráðherrastólana tíu menn sem eru á eilífri ferð og flugi út um öll lönd og álfur. Ég hefði haldið að eitthvað mætti fara að draga úr flakkinu og taka heldur til við að reyna að stjórna landinu og gera skynsamlegar ráðstafanir fyrir atvinnureksturinn.

Ég held að ekkert verði úr sögu þessarar ríkisstj. eftirminnilegra en sjálfur stjórnarsáttmálinn. Þegar við lesum hann yfir leynir sér ekki að í raun og veru hefur ekkert gerst. Allt sem átti að gera er enn ógert. Það hefur láðst að fara í allar framkvæmdir. Talað var um að stórauka framleiðsluverðmæti þjóðarinnar. Það hefur ekkert verið gert í því. Stjórnin virtist skilja það fyrst á árinu 1980 því á gamlársdag 1980 ákvað hún að festa gengið og segja: Verðbólgan skal verða þetta. Við höfum ákveðið það fyrir fram. Ríkisstj. gat ekkert ráðið við verðbólguna, verðbólguskriðið hélt áfram alveg skefjalaust. En genginu var haldið niðri á kostnað útflutningsatvinnuveganna og innflutningurinn, bæði þarfur og óþarfur, var aftur aukinn til landsins og eyðsla aukin. Hinn óþarfi innflutningur var í raun og veru niðurgreiddur á meðan útflutningsatvinnuvegunum var að blæða út.

Stór hluti þess mikla vanda sem þjóðin stendur núna frammi fyrir stafar einmitt af þeim röngu ákvörðunum sem þá voru teknar. Okkur er ljóst að samvinna okkar á sviði verslunar og viðskipta, aðild okkar að EFTA og samningur okkar við Efnahagsbandalag Evrópu veitir okkur margvísleg fríðindi, en við erum líka þar á móti skuldbundnir til að setja ekki háa tolla á vörur hinna. Hins vegar erum við ekki endilega skuldbundnir til að flytja alltaf inn allt erlendis frá og hunsa það sem framleitt er heima. Það er ekkert gert til að glæða hjá almenningi það hugarfar að láta það sem framleitt er hér heima ganga fyrir, örva okkur til að kaupa það. Hvers vegna erum við að flytja inn öl og gosdrykki erlendis frá þegar sú vara er framleidd í landinu? Hvers vegna látum við ekki íslenskan iðnað njóta þess og kaupum ekki aðrar vörur? Það hefði verið nær að taka upp nokkurs konar verðlaun til þeirra sem vörum dreifa, til þeirra sem afgreiða í verslunum, hvort sem er í einstaklingsverslunum eða samvinnuverslunum, og þeirra fyrirtækja sem auka sölu á innlendum iðnaði, að þessir aðilar hlytu einhvers konar verðlaun af hendi hins opinbera. Með því treystum við atvinnugrundvöll

þess fólks sem vinnur að iðnaði. Ekkert af þessu hefur verið gert. Það er eins og stjórnin hafi ekki haft tíma til að hugsa um þessi atriði.

Ég ætla ekki að minnast á sjávarútveginn. Það yrði of langt mál og ég kæri mig ekkert um að bregða fæti fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég vil mjög gjarnan að það fái þinglega meðferð og afgreiðslu, því þetta er í raun og veru orðið svo lítið mál, eins og ég sagði hér áðan, að það er kominn tími til að hugsa fyrir öðrum aðgerðum til þess að halda atvinnulífinu gangandi. En mig langar að víkja að þeirri till. sem hæstv. sjútvrh. flutti um ráðstöfun gengishagnaðar. Ég tel þá till. fráleita. Ég tel að eins og komið er í sölumálum skreiðar veiti skreiðarframleiðendum alls ekki af því að fá það gengi sem skráð er þegar og ef skreið selst. Söluhorfurnar eru enn verri nú en þær voru um síðustu áramót vegna þess hve illa er fyrir því ríki komið sem kaupir mest af skreiðinni. Olían er aðaltekjulindin þar í landi og þegar hún lækkar verða möguleikar á sölu þangað sífellt minni. Má búast við því, ef skreiðin á annað borð selst, að hún seljist ekki nema með því að lána andvirðið til nokkuð langs tíma. Og þá sjá allir að framleiðendum þessara afurða, sem hafa tekið lán út á þær og verða að borga háa vexti og geymslukostnað, veitir sannarlega ekki af því að fá skráð gengi eins og það verður þegar þessar afurðir fara úr landi. Ég er eiginlega undrandi á því að ríkisstj. eða hæstv. sjútvrh. skuli flytja slíka till. undir þessum kringumstæðum. Ég held að hér sé verið að ráðstafa gengishagnaði sem í raun og veru er ekki til og verður e. t. v. aldrei til. Og það hefur ekki fram til þessa þótt mikil fyrirhyggja. En nú eru breyttir tímar. Nú virðist það vera helst í tísku að ráðstafa því fjármagni sem ekki er til eða ráðstafa sama fjármagninu oftar en einu sinni. Það er erfitt að fá okkur sem erum komnir á minn aldur til að skilja það.

Eins og síðasti ræðumaður tók fram var hann annar ræðumaður Sjálfstfl. við þessa umr. Ég harma það að hæstv. forsrh. skuli hafa á föstudagskvöldið ásakað sinn flokk um það að halda uppi málþófi hér á þingi og reyna að koma í veg fyrir afgreiðslu mála. Mér finnst það ákaflega ósanngjarnar aðdróttanir á hendur Sjálfstfl. á sama tíma og ekkert er gert til að ná samkomulagi um gang mála. Ég hef vanist því að allar ríkisstjórnir, sem setið hafa frá því að ég tók sæti hér á þingi, legðu sig fram um það að semja við stjórnarandstöðu um gang mála. Samtalið í sjónvarpinu varð ekki til þess að greiða fyrir því, þó ég telji þörf á því að fá afgreiðslu á þessum lögum til þess að hægt sé að fara að tala um framtíðina, tala um það sem þarf núna að gera en enginn minnist á.

Ég skal svo ljúka þessu með því að láta það koma fram, eins og ég raunar sagði fyrr, að ég mun greiða atkvæði á móti þeirri till. sem hæstv. sjútvrh. flytur og liggur hér fyrir til afgreiðslu. Það stafar af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan, að hér er verið að ráðstafa gengishagnaði sem ekki er til og verður ekki til. Það er fráleitt að samþykkja slíka till.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál um það frv. sem hér er til umr. þó að sjálfstæðismenn í þessari hv. deild hafi ekki haft uppi miklar eða langar orðræður um það. Það hefur glögglega komið fram í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar að það er allt annað sem að baki liggur en látið er í veðri vaka þegar hert hefur verið á því að þetta frv. fái afgreiðslu og hana fljóta. Það er ekki það sem liggur til grundvallar að yfir landið ríði ný dýrtíðarholskefla ef frv. verði fellt eða það fái ekki einhvers konar afgreiðslu. Það hefur verið sýnt fram á að þetta er hin mesta firra. Frv. er í gildi. Hinir ýmsu kaflar þess eru búnir að vera í gildi misjafnlega lengi og það er ekki langt í það að ákvæði þess séu búin að renna sitt skeið. Og þau verða ekki framlengd í frv. eins og það er.

Mig langar, fyrst ég er kominn hér í ræðustól, að fara örfáum orðum um vissa þætti frv. og einnig að víkja að því sem upphaflega kom fram í umr. frá okkur sjálfstæðismönnum þegar efni þess var sett fram sem brbl. Við vorum sammála um að þetta frv. væri óeðlilegt. Það hefði ekki þær verkanir sem því væri ætlað. Við höfum margt við það að athuga efnislega. Við töldum því einsætt að nauðsynlegt væri að kalla þing saman hið fyrsta svo við gætum tekið afstöðu til málsins. Ef ríkisstj. vildi ekki gera á því þær breytingar sem við töldum nauðsynlegastar, þá væri eðlilegt að hún færi frá, þegar það hafði líka komið á daginn að hún hafði misst starfhæfan meiri hluta í þinginu. Þegar frv. kom fram í sumar í ágústmánuði fylgdi það með að ríkisstj. hefði uppi áform um að leggja fram margs konar fleiri frv., en hæst hefur borið allan þennan tíma þau tvö atriði sem ríkisstj. hugðist taka fram yfir önnur. Í fyrsta lagi voru það lög um aukið orlof og í öðru lagi um nýjar viðmiðunarreglur í vísitölumálum.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því að vegna samdráttar þjóðartekna, eins og segir þar, verði skertar verðbætur á laun 1. des. til 28. febr., eins og segir nánar frá í þessari lagagr. Ef litið er til þess, að þær aðgerðir eiga að verða til þess að vega upp á móti þeim samdrætti sem varð í þjóðartekjum, þá verður torvelt að skilja með hverjum hætti var mögulegt að koma þó á því aukna orlofi sem gert er ráð fyrir í orlofslögunum, sem þegar hafa verið afgreidd frá Alþingi.

Ýmsir þeir sem ekki hafa krufið það mál neitt verulega til mergjar telja að þær orlofsbætur sem launafólki eru ætlaðar með þeim lögum séu svo litlar, vegi svo létt, að um þær muni ekki neitt fyrir atvinnurekstrinn í landinu. Þegar það er athugað nánar er rétt að undirstrika það, að komið hefur fram m. a. frá fjmrn. að þessi lagagerð, orlofslögin, verði þess valdandi, að ef á að halda uppi sömu afkastagetu þess fólks sem vinnur hjá ríkinu eftir orlofslagabreytinguna og var fyrir hana, þá þurfi að fjölga fólki í ríkisgeiranum um á þriðja hundrað manns. Og ég býst við að þegar menn almennt gera sér grein fyrir þessu komi þeir auga á það að hér er síður en svo um lítilvægt efni að ræða. Þegar þetta verkar nú á þennan hátt hjá ríkinu sjálfu, þá gefur auga leið hvernig það kemur út hjá atvinnurekstrinum yfirleitt. Um það fékk sú nefnd sem um málið fjallaði mjög glöggar upplýsingar frá ýmsum aðilum. Ekki síst er þörf á að minna á að m. a. flugfélögin hafa af þessu verulegan kostnað, svo stórkostlegan að þeir sem ekki eru inni í þeim rekstri eiga erfitt með að átta sig á hversu mikill hann er. Ég ætla ekki að fara út í að skýra það neitt nánar, en þar er um miklar fjárhæðir að ræða.

Í öðru lagi langar mig að víkja aðeins að því að í 2. gr. gerir ríkisstj. ráð fyrir því að bæta launafólki nokkuð upp þá skerðingu á launum sem 1. gr. gerir ráð fyrir. 2. gr. er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að ákveða að sérstakar bætur, allt að 50 millj. kr., verði greiddar úr ríkissjóði til

láglaunafólks á árinu 1982. Tilhögun þessara bóta verður ákveðin í samráði við samtök launafólks."

Nú þori ég ekki að fullyrða hversu nákvæmlega hefur verið farið eftir ákvæðum þessarar greinar, en mig grunar að samráð við samtök launafólks hafi ekki verið allt of mikið þegar ákveðið var með hverjum hætti þessar láglaunabætur yrðu greiddar. Lögin ákveða þetta ekki, þau setja þarna engar reglur, heldur fela ríkisstj. að ganga frá þessum málum. Er það eitt af því sem við sjálfstæðismenn töldum vera óeðlilegt, að gera það með þessum hætti.

Lengi vel voru þessar greiðslur kallaðar láglaunabætur og eftir orðanna hljóðan í 2. gr. eru þær það. En þegar þeir sem stóðu að þessum lögum höfðu áttað sig á þeirri kúrfu sem láglaunabæturnar birta, þegar þær eru settar niður á pappír, að þeir sem lægst hafa launin fá minnstar launabæturnar, þá drógu sumir í land og fóru að kalla þetta endurgreiðslu á skerðingu. Það er ein aumasta uppgjöf sem ég hef heyrt getið um hjá einni ríkisstj. að hafa hugsað sér að bæta lægst launaða fólkinu upp skerðingu sem gerð hefur verið, en gera það með þeim hætti að þeir sem lægstu launin hafa fái minnstar bæturnar upp að vissu marki. Þetta sýnir m. a. að það var ekki út í bláinn sagt hjá okkur sjálfstæðismönnum að við vildum gjarnan fá að hafa áhrif á það með hverjum hætti þessi lög yrðu gerð, og vildum fá til þess tækifæri á meðan þau voru ekki farin að hafa áhrif eða verka, því það var þeim ekki ætlað að gera fyrr en 1. des., eða góðum tíma eftir að Alþingi átti að koma saman. En þá lá ríkisstj. ekki á að koma áfram lögunum. Þau voru ekki lögð fram fyrr en löngu síðar. Þann drátt er býsna erfitt að skýra og ég ætla ekki að taka að mér að gera það.

Í þriðja lagi langar mig að drepa á þau ákvæði brbl. sem felast í 3. og 4. gr. þeirra, sem fjalla um þann gengismun sem ákveðið er að skila ekki eftir þá breytingu sem varð á gjaldeyrinum við gengisfellinguna, sem sagt þau 6.5% gengismunar sem ákveðið var að nota til ákveðinna hluta sem síðar er nánar tilgreint í 4. gr. Ég viðurkenni það og veit að þetta er aðferð sem tíðum hefur verið notuð af íslenskum stjórnvöldum og ég hygg að eigi nokkurn rétt á sér. Og að hluta til átti þessi ráðstöfun rétt á sér að þessu sinni. Þó verð ég að segja að þessi ráðstöfun var öll mjög umdeilanleg, ekki síst fyrir þá sök hversu atvinnuvegirnir og þá einkum útvegurinn, frystiiðnaðurinn stóð og stendur höllum fæti.

Það er vissulega ábyrgðarhluti að taka sér fyrir hendur að ráðstafa með öðrum hætti þeim gengiságóða, sem maður getur kallað svo, sem kemur við gengisbreytingu, til annarra aðila en þeirra sem til hans stofna. Þetta atriði er það sem ég tel að hefði verið full ástæða til að ræða nánar á meðan tími og tóm var til. Því var það ein af þeim ástæðum sem við sjálfstæðismenn töldum eðlilegt að þyrfti að fara ofan í á sínum tíma. Nú hafa þessar greiðslur á gengismun að miklu leyti farið fram og þeim verður ekki breytt úr því sem komið er. En ég vil taka undir þau orð sem hv. 1. þm. Vestf. viðhafði hér áðan um till. þá sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram um breytingu á 4. gr., þar sem frekar er gert ráð fyrir ráðstöfun gengismunar sem ekki er til. Ég vil undirstrika það og lýsa því hér yfir að ég er með öllu andvígur því að slík ráðstöfun sé gerð sem í till. hæstv. sjútvrh. felst. Ég tel það alveg undravert að láta sér detta í hug slíka ráðstöfun sem þar er imprað á.

Í fjórða lagi vil ég nefna að í 7. og 8. gr. brbl., sem hér eru til umr., felst aukning á sköttum, sem telja verður mjög óeðlilegt á þeim tíma þegar samdráttur er í þjóðartekjunum, laun eru skert hjá launamönnum og atvinnuvegirnir standa höllum fæti. Það er með ólíkindum að láta sér detta í hug að hækka þá vörugjald með þeim hætti og til þess tíma sem hér er gert ráð fyrir. Öðrum ráðstöfunum, sem þurft hefðu að fylgja með, eru ekki gerð nein skil. Hefðum við sjálfstæðismenn á sínum tíma viljað breyta þar verulega um frá því sem hér er gert.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns hef ég ekki neinn áhuga á að halda hér langa ræðu um þetta efni. Það er nokkuð búið að ræða þetta, þó að um það hafi ekki mjög verið fjallað af hendi sjálfstæðismanna í þessari deild enn sem komið er, og ég ætla ekki að fara um það mörgum fleiri orðum.

Ég vil ítreka það að á þeim tíma sem brbl. voru sett var fullkomin ástæða til, eins og sjálfstæðismenn bentu á, að kveðja saman þing og reyna að gera þessi lög betur úr garði og eðlilegri en þau urðu í meðferð ríkisstj. Þau eru að mínum dómi mjög mikið úrhendisverk og hafa enda ekki verkað til þess að halda niðri dýrtíðinni að neinu leyti. Því að verðbólgan er ekki síður í hröðum vexti upp á við nú en hún var þegar lögin voru sett.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er nú erfitt að ræða brbl. undir þessum kringumstæðum. Ég sé ástæðu til þess að beina í upphafi máls míns fyrirspurn bæði til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. varðandi lánsfjáráætlun fyrir þetta ár, sem ekki er fram komin. Mundi ég vilja mælast til þess við hæstv. forseta að hæstv. ráðh. gæfu sér tóm til að vera hér viðlátnir.

Það gleður mig að hæstv. forsrh. er genginn í salinn. Ég veit að honum er annt um að brbl. verði afgreidd í dag. Þess vegna kom það mér á óvart þegar ég frétti í morgun að hann hefði farið fram á að fá að mæla fyrir öðru máli hér kl. 6 og vildi jafnvel tefla því í tvísýnu að brbl. yrðu afgreidd. En ég veit að honum er annt um að vera hér inni úr því að hitt málið fékkst ekki á dagskrá. Auðvitað hefur það komið mönnum á óvart, sem hlustuðu á hann í sjónvarpinu um daginn prúðan og fallegan, að hann skyldi ekki leggja meir upp úr því að afgreiðslu brbl. yrði flýtt. (**Forseti:** Fjmrh. er ekki í húsinu sem stendur, en það verður gerð tilraun til þess að láta hann vita af því að hv. ræðumaður á erindi við hann.) Það er ljómandi. (**Forseti:** Væri ekki athugandi að byrja á fyrirspurnum til hæstv. forsrh.) Ég ætla að beina þessum fyrirspurnum til beggja og spara tíma og rúm í þingtíðindum með því að gera fsp. samtímis til beggja. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég ætla að segja. Ég er hins vegar reiðubúinn að fresta ræðu minni, ef hæstv. forseti vill það. (**Forseti:** Já, ég þygg það). [Frh.]

Umr. frestað.

Verðlagsráð sjávarútvegsins frv. (þskj. 270). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti.

Ég mæli fyrir frv. til l. um breyting á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

Í 1. gr. þessa frv. er lagt til að við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum taki fulltrúar frá kaupendum og seljendum þessa afla sæti í Verðlagsráði. Þessi breyting er gerð vegna þess að með núgildandi skipan Verðlagsráðs telja kaupendur og seljendur rækju, hörpudisks og grásleppuhrogna sig ekki hafa möguleika á að hafa áhrif á verðlagsákvarðanir, vegna þess hvernig Fiskideild sé skipuð lögum samkvæmt. Frv. þetta er því flutt að ósk þessara hagsmunaaðila.

Í þessari grein segir að ráðh. skipi fulltrúa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Ákvæði þetta er sett vegna þess að mjög er mismunandi hvernig samtökum innan þessara greina vinnslu og veiða er háttað. Verði frv. þetta að lögum gæti það orðið til þess að viðkomandi aðilar skipulegðu samtök sín þannig að tilnefning þessara nýju fulltrúa yrði ekki vandamál.

Lögð skal áhersla á að í breytingu þessari felst í raun það eitt að fulltrúum í Fiskideild er fjölgað úr sex í sjö við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum, og vakin athygli á því, að það er ekki verið að stofna nýjar deildir eða breyta starfsemi yfirnefndar,

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 274). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem komið er frá hv. Ed., gerir ráð fyrir að heimilt verði að fella niður útflutningsgjald af kolmunnaafurðum. Kolmunnaveiðar eru stundaðar nú í tilraunaskyni, getum við sagt, og er það gert með verulegri fjárhagsaðstoð bæði frá Fiskimálasjóði og frá sjútvrn. Í lögum þessum er gert ráð fyrir að heimildin, eins og Ed. hefur breytt frv., gildi fyrir árin 1982, 1983 og 1984.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, menn þekkja vel þessa tilraun með kolmunnaveiðar, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 301). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breytingu á lögum nr. 64 frá 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, er samið af nefnd sem ég skipaði á s. l. ári til að endurskoða lög um Hafrannsóknastofnun.

Hafrannsóknastofnunin er ein af stærri stofnunum þessa lands og langstærsta rannsóknastofnunin. Velta þeirra stofnunar er samkv. fjárl. nú um 70 millj. kr. Lengi hefur þótt æskilegt að við stofnunina starfaði fjármálastjóri við hlið en þó undir stjórn forstjóra stofnunarinnar. Má segja að það hafi verið fyrsti hvati til endurskoðunar á lögum um Hafrannsóknastofnun.

Nefndin fór vandlega yfir lög um Hafrannsóknastofnun og skoðaði jafnframt markmið þau sem stofnuninni eru sett með lögunum frá 1965. Í samvinnu við forstjóra stofnunarinnar, sem sat í nefndinni, og sérfræðinga var ýmsum atriðum í markmiðum stofnunarinnar breytt til samræmis við það sem þróast hefur af reynslu undanfarinna ára.

Fleiri slíkar breytingar eru í umræddu frv., sem má segja að séu allar afleiðing af reynslu undanfarinna ára.

Í meðferð Ed. var gerð nokkur breyting á stjórn stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir því, að í stjórn Hafrannsóknastofnunar verði fimm menn skipaðir af sjútvrh. til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Þarna er gerð allveruleg breyting á stjórn stofnunarinnar. Hún er víkkuð út og fleiri hagsmunaaðilar fá þar aðgang. Tel ég það til bóta.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 320). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. var lagt fyrir Alþingi fyrir nokkru um þjóðsöng Íslendinga. Það var samið og undirbúið í forsrn., hefur fengið góða afgreiðslu í hv. Ed. og var afgreitt þaðan fyrir fáum dögum með nokkurri breytingu við eina grein frv. sem ég taldi vera til bóta. Ég tel nauðsynlegt að sett séu lög um verndun þjóðsöngsins að sínu leyti eins og til eru frá lýðveldisárinu lög um verndun þjóðfána Íslendinga.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Loftferðir, frv. (þskj. 302). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Við endurskoðun laga um flugmál var jafnframt talið rétt að endurskoða lög um loftferðir og er í þessu frv. lagt til að verulega verði hert á ákvæðum um rannsóknir á flugslysum. Fyrst og fremst felst þetta í því að tekin eru af öll tvímæli um að við rannsókn slíkra slysa skuli starfa fimm kunnáttumenn í flugmálum. Segir í 1. gr. þessa frv., að nefnd þessi skuli kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún kannar. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins, eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til.

Síðan segir í 3. mgr.: „Flugslysanefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.“

Meginatriði þessa frv. er, eins og kom fram í því sem ég nú las, að flugslysanefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Hún starfar að sjálfsögðu í tengslum við loftferðaeftirlitið, en er þó óháð því og flugmálastjórn í störfum sínum. Er þess þannig vænst og gert ráð fyrir því, að þarna verði um að ræða óháðari aðila en nú er við alla rannsókn flugslysa.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 303). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi var samþykkt frv. til l. um grásleppuveiðar, þar sem m. a. var gert ráð fyrir því, og það varð reyndar að lögum, að grásleppuveiðimenn fái aðgang að Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er ákvæði sem segir að ekki skuli þó greiða bætur nema afli hafi orðið yfir 10 tunnur. Í ljós kom við þann aflabrest sem varð í sumar, að þetta ákvæði stenst varla. Þess eru mörg dæmi að grásleppuveiðimenn reru reglulega og fengu svo að segja engan afla, t. d. í Húnaflóa. Sagt er að þar hafi einn róið 29 róðra og fengið 29 grásleppur, þannig að sannað er að sá maður stundaði allvel grásleppuveiðar þó hann fengi hvergi nærri þann afla sem settur er sem lágmark fyrir bótum. Menn hafa því orðið ásáttir um að fella þetta ákvæði úr lögum. Með því fellur ákvörðun um bætur undir hin almennu ákvæði laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Verður því matsatriði hverju sinni hvort bætur skuli greiða og byggir það á því að stundaðar hafi verið grásleppuveiðar sem aðalatvinna á vertíðartímanum.

Ég vil taka það fram, að það er tillaga stjórnar Aflatryggingasjóðs að lögunum verði þannig breytt og sömuleiðis í fullu samkomulagi við samtök grásleppuveiðimanna.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 304). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í deilu s. l. ár á milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og rekstraraðila á íslenskum skipum varð það að samkomulagi að lögum yrði breytt á þann veg sem hér er gert ráð fyrir og kemur fram í 1. gr. frv. Þar er gerð tillaga um að við bætist ný mgr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samgrn. er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum áhafnanefndar skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerðar kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.“

Til lausnar á þessari deilu setti ég því brbl. Hér er um að ræða staðfestingu á þeim.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 262). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, þar sem gert er ráð fyrir að örorka verði metin af örorkumatsnefnd, sem verði skipuð þremur mönnum. Einn skal tilnefndur af tryggingayfirlækni, forstjóri Tryggingastofnunarinnar tilnefni einn og heilbr.- og trmrh. tilnefni einn. Ráðh. setur síðan í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti nefndarinnar.

Á undanförnum árum hefur margt verið um þessi mál rætt, m. a. innan Tryggingastofnunar ríkisins, og hafa menn ekki verið á eitt sáttir. Engu að síður hefur það komið fram hvað eftir annað, m. a. af hálfu tryggingayfirlæknis og deildarstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, að það sé eðlilegt við örorkumat að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig er ákveðið. Virðast menn almennt vera sammála um að slíkt mat verði að taka mið af a. m. k. þremur ákvarðandi atriðum, þ. e. í fyrsta lagi líkamlegri eða andlegri heilbrigði, í öðru lagi tekjuöflun miðað við óbreytt ástand samkv. tölul. 1 og í þriðja lagi taki þetta mat mið af félagslegum aðstæðum einstaklings, þ. á m. fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o. fl. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að matið verði sett í hendurnar á þriggja manna nefnd sem með þessa þætti fari.

Hér er um að ræða mál sem mikið hefur verið rætt á liðnum árum. Ég er sannfærður um að þessi matsnefnd, ef samþykkt verður, mundi stuðla að breyttu og bættu fyrirkomulagi þessara mála í Tryggingastofnun ríkisins, þó ekki sé nema vegna þess að hér hefur óheyrilega mikið álag verið lagt á einn einstakling, þ. e. tryggingayfirlækni, við úrskurð í þessum efnum.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta litla frv., herra forseti, og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég held að þessi breyting, sem lögð er til með þessu frv., sé ákaflega lítt hugsuð. Ég held að það fari ekki milli mála að það er faglegt mat sem verður að ráða því hvernig örorka er metin. Og ég tel að það sé rangt að breyta til á þann hátt að taka það úr höndum lækna, sem einir hafa menntun til þess að úrskurða um örorku.

Hitt er annað mál og hefur oft komið upp, að það getur verið á því nokkur nauðsyn að hafa einhvern aðila sem hægt er að vísa ágreiningsmálum til og þá ekki eingöngu mati á örorku, heldur öllum greiðslum almannatrygginga. Þá á slíkt ekki að vera að mínum

dómi innan Tryggingastofnunar ríkisins, heldur hlutlaus dómur þeirra aðila sem fá slíkt verkefni í hendur. Þannig er ekki óeðlilegt að Hæstiréttur skipaði slíkan dóm, og mætti vísa öllum ágreiningsmálum einstaklinga og Tryggingastofnunar til slíks dómstóls.

Félagslegt mat verður aldrei framkvæmt í sambandi við örorkuna. Örorkan er jafnmikil hvort sem maðurinn er einn og sér eða hvort hann hefur mörg börn á sínu framfæri. Ef það er talið sanngjarnt að hækka örorkubætur við það að viðkomandi hafi þungt heimili verður það ekki gert í sambandi við nefnd sem slíka. Þá er það pólitísk ákvörðun, sem tekin er hverju sinni, hverjar bótareglur eiga og þurfa að vera. Ég get að sjálfsögðu verið sammála hæstv. ráðh. um að nauðsynlegt er að hafa örorkubætur misjafnar. En örorkumatið verður framkvæmt alltaf á einn og sama veg. Það er læknisfræðilegt mat sem framkvæma verður. Ef bornar eru brigður á það mat verður það auðvitað að fara fyrir æðri dóm.

Ég minnist þess, að á þeim tíma sem ég gegndi embætti heilbr.- og trmrh. komu nokkur atriði fyrir sem orkuðu mjög tvímælis og varð ágreiningur um á milli rn. og tryggingaráðs. Þessi mál voru ekki mörg, en þau komu fyrir. Þá hefði ég gjarnan viljað hafa æðri dómstól, sem hefði dæmt um þennan ágreining. Það kom t. d. aldrei fyrir ágreiningur um örorkumat. En það var ágreiningur um t. d. barnalífeyri. Konu sem ekki gat feðrað barn var neitað um barnsmeðlag þangað til hitt lægi fyrir. Meira að segja kom það fyrir, að þegar kona var búin að feðra gat sá sem var dæmt barnið fengið sannanir fyrir því að hann væri ekki faðir barnsins. Þá átti að fella niður barnsmeðlagsgreiðslu og þá hélt tryggingaráð mjög fast í þessi ákvæði, sem ég taldi fyrir mitt leyti vera ranglát. Að því leyti get ég tekið undir það sem er á bak við þetta frv., en ekki að það sé þörf á einhverjum slíkum aðila, sem úrskurðar þá um öll ágreiningsatriði, ekki bara þetta eina heldur hvert einasta ágreiningsatriði, hvort sem það er um lífeyrisgreiðslur eða sjúkragreiðslur eða annað slíkt sem heyrir undir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Ég tel að þetta form, sem hér er lagt til, sé alveg ótækt og sé enga ástæðu til þess að forstjóri tilnefni einn og heilbr.- og trmrh. tilnefni þann þriðja úr hópi starfsmanna Tryggingastofnunarinnar. Hvað er þá með aðrar deildir þar? Hvað með ágreining sem verður í öllum öðrum deildum? Á það að vera eftir sem áður?

Nú vita menn að þegar skilað hefur verið inn örorkuvottorði til embættis tryggingayfirlæknis eða umsókn um örorkubætur og lagt hefur verið fram skattaframtal og þær félagslegu upplýsingar sem talið er nauðsynlegt að afla, þá framkvæmir læknir örorkumatið. Það eru auðvitað fleiri en einn læknir við embætti tryggingayfirlæknis. Sjúklingur getur leitað til allra þeirra lækna sem eru til viðtals innan þessarar stofnunar. Hlutverk félagsfræðings er að afla allra viðbótarupplýsinga um félagslegar aðstæður þess sem um örorkumat sækir, ef þurfa þykir. Gangur mála er sá, að sjúklingar eru oft kallaðir til viðtals við lækni stofnunarinnar og félagsfræðinga, ef sjúkdómsvottorð gefa ekki nægar upplýsingar. Ég tel að þessi mál þurfi að athuga í þessu ljósi, en eins og frv. liggur fyrir get ég ekki stutt það, en er mjög opinn fyrir því að gera eina breytingu á öllu skipulaginu, að öllum ágreiningi fólks við stofnunina sé vísað til æðra dómstóls, sem væri skipaður með þeim hætti sem ég nefndi eða einhverjum öðrum sem betur þætti henta.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins út af aths. sem fram komu hjá hv. 1. þm. Vestf. segja það, að mér er mjög í mun að koma hreyfingu á þessi mál, örorkumatið og vinnslu þess, í Tryggingastofnuninni. Ég tel að þar hafi málum verið hagað með þeim hætti að það sé óhjákvæmilegt að koma þar á nokkurri hreyfingu. Ég tel að reynslan sýni að læknisfræðilegt mat í þessum efnum dugi ekki. Það verður fleira að koma til. En ég vil undirstrika það með einni setningu vegna orða hv. þm. að ég er reiðubúinn að ræða við hann um verksvið og skipan þeirrar nefndar sem þarna er gerð till. um. Þarna er þá að sjálfsögðu ýmislegt til athugunar og ég er ekkert að binda mig fast við nákvæmlega þá till. sem þarna liggur fyrir. Meginatriðið er í mínum huga að það verði komið hreyfingu á málið og reynt að leysa þá hnúta sem þessi mál eru nú í.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 269 og 282, 255, 277). — Frh. 2. umr.

Halldór Blöndal (frh.): Herra forseti. Mér skildist að um það hefði samist fyrir þingflokksfundi að hæstv. fjmrh. yrði hér viðlátinn. Það hefur nú legið fyrir um hríð að ég teldi mig þurfa að bera upp ákveðnar fsp. til hæstv. fjmrh. í tengslum við þetta mál. Á hinn bóginn hefur deildinni ekki unnist tími til að leyfa það. Ég vænti þess að það geti gengið fram nú. (**Forseti:** Er fjmrh. í húsinu?) (**Gripið fram í:** Já.) Og hverju svarar hann beiðni um að koma hér til fundar? (**Gripið fram í:** Hann svaraði engu. Hann veit það ekki.)

Herra forseti. Það er gamalt orðtak að með lögum skuli land byggja. Nú þekkjum við allir alþm. lög um stjórn efnahagsmála o. fl. frá 10. apríl 1979 og kannske af þeim sökum ekki ástæða til að rifja upp hvað í þeim stendur. Á hinn bóginn er nú svo komið að óhjákvæmilegt er, þar sem við erum sérstaklega að ræða frv. ríkisstj. um efnahagsaðgerðir, að rifja upp hvað í þeim lögum stendur um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstj. Nú skyldi enginn láta sér detta í hug að þessi upprifjun mín á lögum Íslands sé að ástæðulausu fram borin þegar ég er að tala um lánsfjáráætlun. Vil ég í þeim efnum rifja upp yfirlit um stöðu efnahagsmála í upphafi árs, frá 1. febr. s. l., sem Seðlabanki Íslands gaf út. Í þessu yfirliti segir m. a. svo með leyfi hæstv. forseta:

„Erlendar lántökur hafa á undanförnum árum ekki aðeins verið afleiðing umframeyðslu þjóðarbúsins, heldur hefur óhófleg notkun erlends lánsfjár haft í för með sér eftirspurnar- og peningaþenslu, sem ýtt hefur undir verðbólgu og viðskiptahalla. Mikilvægt er að sem fyrst sé gengið frá lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, þar sem stefnt sé að um þriðjungs lækkun á erlendum lántökum frá því sem var á s. l. ári, sem samsvarar að erlendar lántökur verði um 3500 millj. kr. á núgildandi gengi. Síðan verður að takmarka lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða við það svigrúm sem þá er fyrir hendi.“

Þetta er í yfirliti Seðlabankans um stöðu efna-

hagsmálanna. Ég vil jafnframt minna þá á það, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., sem ég mun beita fsp. til á eftir í tengslum við þessi mál, að í yfirliti ríkisstj. frá því í ágústmánuði er tekið fram sérstaklega að í fyrsta lagi verði að draga verulega úr viðskiptahalla, svo að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd. Nú hefur hæstv. forsrh. látið svo um mælt, að sá dráttur sem orðið hafi á afgreiðslu frv. hér í deild sé með öllu ástæðulaus. Frv. hafi hlotið nákvæma athugun og þau atriði sem á bak við það eru. Ég hygg því að honum vefjist ekki tunga um tönn hér á eftir, því að hann er málsnjall maður, við að útskýra með hvaða hætti hann vill ná því markmiði sem hér er sett.

Nú vil ég ennfremur, hæstv. ráðh., reyna að skoða gömul lög til að fá úr því skorið hvort ég sé að ætlast til einhvers af hæstv. ráðherrum sem ósanngjarnt sé. Í 14. gr. Ólafslaga segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum."

Síðan er í 15 gr. talið upp hvað skuli vera í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum. Þar er m. a. talað um áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila, útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða, framlög til fjárfestingarlánasjóða, útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.

Ekki hef ég haft af því neinar spurnir að þetta liggi fyrir. Ég heyrði að vísu á skotspónum að t. d. Fiskveiðasjóður fái naumast fyrir lánsloforðum og erlendum skuldbindingum á þessu ári. Og við vitum að það er gersamlega útilokað fyrir útgerðarmenn eða fiskverkendur að leita sér upplýsinga um það hjá Fiskveiðasjóði við hvaða afgreiðslu þeir geti búist á því ári sem nú er nýhafið, hvaða fyrirgreiðslu þaðan sé að vænta.

Ennfremur vil ég í þessu sambandi rifja upp að við afgreiðslu fjárlaga gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir brtt., sem hann flutti við 3. umr., þar sem m. a. var farið fram á að Alþingi veitti lántökuheimild til að taka erlent lán allt að 850 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Lánsfénu skyldi varið til fjármögnunar í samræmi við endurskoðaða lánsfjáráætlun fyrir árið 1982, allt að 240 millj. kr., til nauðsynlegra greiðslna á árinu 1983 samkv. ákvæðum fjárlaga o. s. frv. Um þetta og þessa till. í heild sagði hæstv. fjmrh. orðrétt:

„Ég vil sérstaklega taka það fram að engum dettur í hug að þessi lántökuheimild" — og þar er hann að vísu að tala um fleiri lántökuheimildir en þessa einu, sem ég rakti hér, það er hægt að fara nánar út í það síðar ef þörf gerist. „Ég vil sérstaklega taka það fram", segir hæstv. fjmrh. við 3. umr. fjárlaga, „að engum dettur í hug að þessi lántökuheimild komi í staðinn fyrir lánsfjáráætlun. Það er mesti misskilningur ef menn ímynda sér að þessi lántaka komi í staðinn fyrir lánsfjáráætlun. Það gerir hún að sjálfsögðu ekki. Á s. l. ári voru í lánsfjáráætlun miklu hærri fjárhæðir en hér er verið að ræða um. Hér er einungis um að ræða heimild til bráðabirgðafyrirgreiðslu, ef sérstök nauðsyn kallar á, áður en lánsfjáráætlun er formlega afgreidd. Og þá ber að gera það í samráði við fjvn. Ég hef ekki trú á því að það reyni mikið á þessa heimild, en þó má vel vera að áður en lánsfjáráætlun verður afgreidd geti komið upp einhver þau mál sem séu þess eðlis, að þörf sé á að þessari heimild sé beitt."

Nú hefur þessi lánsfjáráætlun ekki séð dagsins ljós, hvað þá að hún sé afgreidd eða það standi til að Alþingi afgreiði hana. Það er skilyrði fyrir því að Alþingi geti samþykkt lánsfjáráætlun að hún sjáist, að hæstv. forseti sjái lánsfjáráætlunina. Þó hann sjái vel, þá sér hann ekki það sem aldrei hefur til verið. Nú vil ég spyrja báða þessa hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., hvort þess sé að vænta að lánsfjáráætlun verði lögð fyrir Alþingi eða sýnd í þessari viku. Ráðherrar eru nú mjög á förum til annarra landa og mér finnst rétt að þeir — (**Fjmrh.:** Svarið er neitandi.) Það kemur ekki í þessari viku, hæstv. forsrh. Ég veit ekki hvort maður má spyrja hæstv. forsrh. þar sem hann situr í sæti sínu. (**Forseti:** Nei, það má ekki.) En ég geri ráð fyrir að hann geti svarað eins og hæstv. fjmrh. ef honum sýnist svo. (**Forseti:** Það er ekki leyfilegt.) Það liggur m. ö. o. fyrir að hæstv. fjmrh. hefur sagt úr sæti sínu að lánsfjáráætlunar sé ekki að vænta í þessari viku. Og ekki má spyrja hæstv. forsrh. Ég veit að úr því að það er bannað, þá muni hann ekki svara úr sæti sínu því að hann er háttvís maður. En þá langar mig að spyrja hæstv. fjmrh. um annað. Er þá þess að vænta kannske, að lánsfjáráætlun komi í næstu viku? (**Fjmrh.:** Það má ekki svara.) Það má ekki svara, nei.

Ég man nú ekki hvernig upptalningin var um ráðh. sem fara utan, hvort hæstv. fjmrh. er í þeirra hópi. Hann ætlar kannske að grípa tækifærið og koma með áætlunina meðan hinir eru erlendis. Það liggur sem sagt ekki fyrir hvort þess sé að vænta, að lánsfjáráætlun komi í næstu viku. Það má ekki svara svo að ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. sýni deildinni þá virðingu að koma hér upp í ræðustólinn á eftir og gera grein fyrir þessu máli. Jafnframt vil ég beina því til hæstv. forsrh. að hann svari því hér, hvaða skoðun hann hefur á því hvort þess sé að vænta að lánsfjáráætlun komi í þessari viku eða þeirri næstu. Það væru náttúrlega tíðindi til næsta bæjar ef maður yrði að þola það, að þessi ríkisstj. ekki alleinasta brjóti landsins lög um að leggja slíka áætlun fram samtímis fjárlagafrv. og heyktist á því að leggja slíka áætlun fyrir áður en þingið færi í jólafrí, heldur gæfist svo upp og legði endanlega upp laupana áður en hún kæmi nokkrum slíkum pappírum inn á þingið. Það þættu mikil tíðindi og satt að segja mundi ég síðastur allra manna harma það.

Herra forseti. Þar sem málin standa þannig að hæstv. ráðherrar mega ekki svara fsp. mínum úr sætum sínum, um það hefur fallið forsetaúrskurður, þá vil ég freista þess að ljúka máli mínu í trausti þess að þeir muni svara því, ráðherrarnir, hvenær þess sé að vænta að lánsfjáráætlun verði lögð fyrir Alþingi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér ásamt hv. 1. þm. Reykn. að flytja hér svohljóðandi brtt. við frv. um efnahagsaðgerðir:

„Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:

Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil. Að öðru leyti kveður ríkisstj.

nánar á um til hvaða annarra afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir."

Ég þarf í raun og veru ekki að bæta miklu við þetta því að ég skýrði hér frá því í dag að ég teldi að sá gengishagnaður, sem reiknað væri með vegna skreiðarafurða, væri ekki fyrir hendi og ekkert útlit fyrir það að hann verði til í náinni framtíð. Ef skreið selst, sem eru slæmar horfur á, þurfa skreiðarframleiðendur fullkomlega á því að halda að afreikna á gildandi kaupgengi bankanna á hverjum tíma. Þess vegna er þessi till. flutt. Hún er nánast leiðrétting og viðurkenning á að þessi gengishagnaður er ekki fyrir hendi og mun ekki verða fyrir hendi. Það er óskynsamlegt að mínum dómi að ráðstafa fyrir fram slíkum hagnaði sem ekki er fyrir hendi. Ef úr rætist um sölu, sem við verðum að vona, þá er það mikill geymslukostnaður á þessum afurðum og vaxtagreiðslur, að skreiðarframleiðendum mun almennt ekki veita af gildandi gengi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 337) samþ. með 28 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er ekki vanur að taka upp mikinn tíma frá hv. Alþingi í þessum ræðustól. En ég sé ástæðu til að gera það nú.

Mál eru hér afgreidd með miklum hraða, nefndarfundir boðaðir áður en mál koma á dagskrá til umr. og upplausn hefur ríkt hér á Alþingi um nokkuð langa hríð. Ríkisstj. hefur átt í innbyrðis vanda. Á Alþingi eru til umr. kjördæmamál, stjórnarskrárbreyting er í vændum, breyting á vísitölumálum nýlega lögð fram, efnahagsmálin til umr. og kannske á afgreiðslustigi nú. Bæði á Alþingi og í ríkisstj. hefur ríkt svokölluð pattstaða. Flest ef ekki öll mál, sem nú hafa verið til umr., eru í sjálfheldu. Utan þingsala sem innan er daglega talað um að yfirvofandi sé fall ríkisstj. og að kosningar muni innan tíðar fara fram. Þrátt fyrir þessa einkennilegu sjálfheldu í íslenskum stjórnmálum er nú í undirbúningi utanför flestra ráðh. og fjölda þm. Ég tel að nú beri að taka þá ákvörðun að enginn þm. fái fjarvistarleyfi til að sækja fundi Norðurlandaráðs, þar sem ástandið í landinu leyfir það ekki og þjóðin hefur ekki efni á að lama störf Alþingis frekar en orðið er, en áfram verði án afláts unnið að lausn vandamála þjóðarinnar. Störf Alþingis hljóta að vera meira áríðandi fyrir íslenska þjóð en ráðstefna Norðurlanda sem fram undan er. Fari svo að fjórðungur þm. hverfi frá störfum um tíma situr Alþingi enn lamaðra, enn máttlausara eftir, óstarfhæft. Því vil ég mótmæla.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér heyrðist hv. þm. tala um að hér væri fljótaskrift á afgreiðslu mála. Ekki getur það átt sérstaklega við það frv. sem núna er til umr.

Þegar Sverrir Hermannsson og fleiri þm. fara að biðja um fjarvistarleyfi til að fara á Norðurlandaráðsþing þá verð ég náttúrlega að athuga það sérstaklega. En ekki er þetta dagskrárefnið hér eða heyrir til umr. um fundarsköp. Hv. 1. þm. Reykn. tekur til máls um efnahagsaðgerðir.

Frsm. 3. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru ekki ýkja mörg atriði sem ég þarf að svara eftir þá framsöguræðu sem ég hafði fyrir nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Ég vil þó vekja athygli hæstv. fjmrh. á því, þar sem hann gerði að umræðuefni bréf það sem ritað var á vegum fjh.- og viðskn. til prófessors Sigurðar Líndals til að leita álits hans á lagafyrirmælum um láglaunabætur á árinu 1983, að skýrt er tekið fram í lögum um ríkisendurskoðun hvernig haga skuli útgreiðslum úr ríkissjóði. Ég væri nú til með að bera saman texta þessa bréfs og þær greinar sem um þetta fjalla í lögum um ríkisendurskoðun. Það kemur svo að sjálfsögðu í ljós þegar við fáum svar frá þessum ágæta prófessor, sem leitað hafði verið til áður og látið hafði uppi skoðun sína á ýmsum þáttum þessa frv. í þeirri grg. sem birt er með nál. sem fskj. IX. Ég held að það sé nokkuð ljóst að ákveðnari fyrirmæli um greiðslur láglaunabóta 1983 þurfi að vera fyrir hendi heldur en aðeins sá texti sem er í fjárl. og heyrir undir fjmrh., 130 millj. til efnahagsráðstafana.

Hæstv. sjútvrh. svaraði spurningu minni sem ég beindi til hans varðandi þá brtt. sem hann flytur við frv. Ég spurði hann hvort ríkisstj. eða hann sem sjútvrh. hefði gert ráðstafanir til þess að útvega lánsfé handa Byggðasjóði til að standa straum af þeim lánveitingum sem hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir þegar hann talaði hér fyrir sinni brtt. Hans svar var ofur einfalt, að hann hefði ekki gert neinar ráðstafanir til að útvega lánsfé. Það er þá ekki á vísan að róa í þeim efnum fyrir þá aðila sem eiga að fá samkv. ákvörðun ríkisstj. aðstoð frá Byggðasjóði af gengismun skreiðarinnar, þegar enginn veit hvenær hún fer, hvort hún fer, hvenær hún fer eða hvert verður andvirði þeirra birgða sem í landinu eru nú. Mér sýnist þetta bera keim af aðferð keisarans forðum, sem fékk sér ný föt, þegar hér er verið að leggja til að nota fjármagn sem enginn veit hvenær kemur eða hvað verður. Og á meðan það fjármagn er ekki komið er sagt að lánsfé hafi ekki verið útvegað til þess að standa straum af þeim lánveitingum sem gert er ráð fyrir.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um svör hæstv. ráðh. hér við þessa umr. Þau gögn sem við í minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar óskum eftir eru ekki enn komin. Við óskuðum eftir gögnum frá Framkvæmdastofnuninni með upplýsingum um þau fyrirtæki sem sótt hafa þar um aðstoð og eru í athugun. Birt eru nöfn þeirra hér í fskj. Við vildum gjarnan fá upplýst hvernig staða þessara fyrirtækja er, hvort búast má við að það lánsfé sem hæstv. sjútvrh. hyggst fá af gengismun verði yfirleitt nokkurn tíma endurgreitt, ef lánað verður, til þess að gera sér grein fyrir því hvort hér er ekki beinlínis verið að taka fé frá atvinnugrein sem á í miklum erfiðleikum og afhenda fyrirtækjum sem ekki munu greiða það til baka.

Ég vék að því í ræðu minni hér að komið hefði fram hjá fulltrúa Seðlabankans, sem kom á fundinn, að hér væri um einsdæmi að ræða, ef að lögum yrði, og þess vegna ástæða til að athuga sinn gang í þeim efnum. Til að lýsa okkar vilja í þessu máli höfum við hv. 1. þm. Vestf. flutt brtt. um þetta efni sem hann gerði hér grein fyrir áðan. Þá vil ég gera grein fyrir brtt. sem við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. leyfum okkur að flytja við 7. gr. frv. Þar er um að ræða vörugjald. Það er till. okkar að frá og með 1. mars til og með 31. des. 1983

verði vörugjald 16% eins og það var þegar vinstristjórnartímabilið hófst í sept. 1978. Við leggjum ennfremur til að tollflokkar þeir sem teknir voru upp með brbl. verði felldir niður til grundvallar vörugjaldsálagningu eins og þar er gert. Því það var vissulega að grípa í skottið á sjálfum sér að setja vörugjald á þessi tollnúmer, þessa vöruflokka sem voru og eru neysluvörur almennings, til þess að fá fjármagn til að greiða láglaunabætur. Þá var verið að fara í hring, nema hvað það snerti að hér var verið að taka miklu hærri upphæð.

Það fjármagn sem ríkissjóður yrði af, ef þessi till. verður samþykkt, nemur ekki þeim upphæðum að erfitt væri að mæta því á útgjaldahliðinni með niðurskurði. Eins og áður hefur verið venjan af hálfu okkar sjálfstæðismanna erum við reiðubúinir að vinna að því máli ef þess væri óskað. Þessi till. er flutt af mér ásamt 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Reykv. og borin hér fram skriflega. Leyfi ég mér, herra forseti, að biðja um að leitað verði afbrigða til þess að till. megi koma hér til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 338) samþ. með 23 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þeim brtt. sem fluttar hafa verið um ráðstöfun á gengismun.

Ég skal út af fyrir sig ekki velta vöngum hér yfir því hvort skreiðin fer úr landi eða ekki. Mér sýnast vera uppi óþarfa hrakspár. Ég vek athygli á því, að skreiðarútflutningur hefur oft átt í erfiðleikum undanfarin 30 ár, en þó ætíð úr ræst, sem betur fer, og ég geri mér vissulega vonir um að svo fari enn.

Hins vegar vil ég vegna erfiðleika skreiðarframleiðenda vekja athygli á upplýsingum sem ég reyndar rakti hér 31. janúar s. l. Ég fékk Þjóðhagsstofnun þá til að athuga fyrir mig afkomu skreiðarframleiðenda, og það gerði Þjóðhagsstofnun. Hún áætlaði að 1000 kr. verðmæti í skreið í upphafi síðasta árs væri orðið í janúar s. l. 2290 kr. Hér er að sjálfsögðu gengisbreyting dollarans að verki. Ef frá þessu eru dregnar 150 kr., sem er 6.5% gengismunur, sem gert er ráð fyrir að taka af skreiðinni, og 115 kr., sem Þjóðhagsstofnun áætlar *geymslukostnað, eru eftir 2025 kr. Síðan áætlar* Þjóðhagsstofnun vaxtakostnað af afurðalánavöxtum, sem eru 320 kr. Þá kemur í ljós að ávöxtun eigin fjár í skreiðinni á ársgrundvelli er 240%. Þarna er því ekki um lélega afkomu skreiðarframleiðenda að ræða þegar skreiðin fer úr landi.

Hins vegar eru greiðslufjárerfiðleikar skreiðarframleiðenda mjög miklir og þess vegna að mínu áliti mjög nauðsynlegt að greiða úr því núna með því að útvega þessum framleiðendum meiri afurðalán, sem sagt meira rekstrarfé. Þarna eru erfiðleikarnir. Aðstoð sem gert er ráð fyrir bæði í till. hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar og í þeirri till. sem flutt var áðan, kemur, ef ég má orða það svo, of seint. Hún kemur eftir að skreiðin fer úr landi, þegar menn hafa fengið þessa ágætu ávöxtun á eigin fé.

Mér þótti rétt, vegna þess m. a. að ekki voru hér allir viðstaddir þegar ég flutti þessar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun 31. janúar, að endurtaka þær í stuttu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnast útreikningar Þjóðhagsstofnunar dálítið skrýtnir, sérstaklega þeir vextir sem er talað um, og virðist sem hún telji að þessir menn geti allir staðið í skilum, þó þeir hafi ekki fengið greitt fyrir þær afurðir sem þeir hafa verið að framleiða, og má það furðulegt heita. Hitt er staðreynd, að í maí í vor var seld skreið út á innheimtu, en ekki ábyrgð. Hún hefur ekki fengist greidd enn. Ég tel að það þyrfti að gera á því úttekt mjög fljótlega í hvernig ástandi sú skreið er sem er í landinu og er veðsett og einnig að það verði metið hvort útlit sé fyrir að Nígeríustjórn sé fær um greiða fyrir skreið, jafnvel þó hún yrði send út. Og ég tel að fráleitt sé að líða þá viðskiptahætti að hún sé seld út á innheimtu, en ekki ábyrgð.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd í sambandi við orð hæstv. sjútvrh.

Ég hygg að sú athugun sem Þjóðhagsstofnun hefur gert standi á ákaflega veikum grunni og ég held að þessir útreikningar hennar fái engan veginn staðist. Höfuðatriði þessa máls er salan á þessari afurð og hið dökka útlit á því að losna við þær miklu birgðir sem eru. Ég held að það sé ekki auðleysanlegt mál, hvorki fyrir hæstv. sjútvrh. né aðra, að bæta skreiðarframleiðendum upp við þessar aðstæður í auknum útlánum úr bönkum landsins út á þessa skreið. Ég efast ekkert um að hæstv. sjútvrh. er duglegur maður, en ég held að hann komi því ekki fram við bankakerfið.

Margt bendir til að ef eitthvað úr rætist um sölu á skreið til Nígeríu verði þar um langan gjaldfrest að ræða. Við höfum ekki í okkar hendi að segja þar fyrir verkum því aðrir bjóða líka upp á langan gjaldfrest. Hins vegar hefur staðið á nógu traustum ábyrgðum. Þær hafa jafnan verið í gegnum evrópska banka, sem hafa veitt slíkar ábyrgðir. En nú um hríð hefur verið talað um ábyrgðir banka í Nígeríu, sem eru engan veginn eins traustir því að efnahagsástand í því landi er nú ótryggt.

Það er af þessum ástæðum öllum sem ég tel að gengishagnaður af skreið sé ekki til nema á pappírnum og verði ekki til nema á pappírnum. Ég held að þegar allt verður til lykta leitt sé afkoma skreiðarframleiðenda mjög bágborin og því sé nauðsynlegt að ýta *undir það að þeir selji frekar afurðir sínar gegn ábyrgð* þó það sé með löngum greiðslufrestum. Þetta vildi ég gjarnan að kæmi hér fram.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit nú satt að segja ekki, eftir að þetta mál er búið að velkjast hér dögum, vikum og mánuðum saman, hversu ítarlega á undir lok umr. að fara að rifja upp, kanna ágreining og það sem beint hefur verið sérstaklega til mín sem forustumanns í verkalýðsfélögum. Ég hafði hugsað mér að flytja hér ræðu sem jafnaðist að lengd á við ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, tala í einn til tvo klukkutíma, en ég skal draga þetta saman í örstutt mál.

Því er beint allharkalega að mér t. d. að ég hafi barist á móti — réttilega — lögum frá 1978 um skerðingu visitölu. Ég veit ekki hvað ég á að fara ítarlega í þetta. Ég hef einhvers staðar svarað því, en það er rétt að það komi fram í örstuttu máli.

Ég held að þarna sé ekki alveg saman að jafna. Í

þessum lögum eru að vísu vísitölubætur skertar um helming eitt vísitölutímabil. En þeir musterisriddarar sem berjast harðast á móti þessum lögum og vilja telja þessi lög hliðstæð lögunum frá 1978 láta þess ekki getið að í núverandi lögum er talað um eitt verðbótatímabil, frá 1. des. til 1. mars. Í lögunum 1978 segir: Hinn 1. mars 1978, 1. júní 1978, 1. sept. 1978, 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar á verðbótavísitölu o. s. frv. — Þarna er annars vegar um fjögur bótatímabil að ræða, en hins vegar er gert ráð fyrir einu. (**HBl:** Hvað var það mikið í hvert sinn 1978?) Það má nú deila um það, hv. þm. Halldór Blöndal, ætli það liggi ekki einhvers staðar milli 13 og 19% yfir árið, og er þá áætlað varlega. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) Endilega leyfa þm. að grípa fram í. (**Forseti:** Nei, alls ekki.) Jæja.

Þá hefur verið gagnrýnt hér allharkalega að láglaunabætur hafi misheppnast og séu fráleitar. Jú, það urðu viss mistök og margt sem mætti betur fara. En í reglugerð um verðbótaviðauka frá 1978, og skal ég ekki fara ítarlega í söguna, en hann samþykktu jafnvel þeir sem gagnrýna þetta hvað harðast, — það gildir nú reyndar ekki um Alþfl., hann stóð ekki að þeim lögum, — þá kemur verðbótaviðauki, sem er nokkurs konar láglaunabætur, þannig út, að á stærsta vinnusvæði Dagsbrúnar í Reykjavík, sem á störfuðu 500 verkamenn, og þá var greitt út í gömlum krónum á viku 18 til 20 millj. nam verðbótaviðaukinn eða láglaunabæturnar 12 til 14 þús. gkr. eða 120 til 140 nýkr. á viku til 500 manna. Ja, það er von að menn berjist hér heilagri baráttu fyrir láglaunabótum. Ég segi ekki meira um það.

Síðan er hlaupið frá þessum lögum. Það koma út ný lög. Það er slakað á hvað snertir lægstu laun, af þrem lægstu töxtum Verkamannasambandsins er minna tekið, en það er skert yfirvinna, það er skert næturvinna, það er skertur bónus. Milli 30 og 40% af tekjum almenns verkafólks voru á þessum árum og hafa verið til skamms tíma fyrir yfirvinnu, fyrir eftirvinnu, fyrir næturvinnu, fyrir hvers konar bónusa, vaktavinnu o. s. frv. Þetta er allt skert á þessum tíma.

Af því að menn eru svo vandlætingarfullir út af þessu, þá kemur hér reglugerð frá 1978 um verðbótaviðauka. Fyrri reglugerðin er upp á einar sex til átta síður, töludálka, og í þeim kansellístíl, eins og reyndar hin síðari líka, að það er ekki fyrir nokkurn mann að skilja. Þá kemur síðari reglugerðin um verðbótaviðauka. Og ekki nóg með það. Það er það flókið og snúið plagg að kauplagsnefnd er fengin til að gefa út leiðbeiningar um útreikning launa frá 1. júní 1978. (**HBl:** Skilur kauplagsnefnd láglaunabæturnar núna og af hverju þær eru svona?) Ég held að kauplagsnefnd hafi ekki verið falið að skilgreina það. En þetta var þvílíkt vandamál, hv. þm., að heilu fyrirtækin stóðu á blístri, gátu ekki borgað út nema með fyrirvara, og það varð að skipa nefnd sérfræðinga til að semja tvenn leiðbeiningarplögg. (**HBl:** Hvað segir Dagsbrún núna?) Dagsbrún er hress, skal ég segja þér.

Ég gæti farið allítarlega í þessi mál, gert ítarlegan samanburð á þessum lögum og lögunum 1978. Ég veit ekki hvort það hefur mikið upp á sig á síðasta stigi. Ég vil hins vegar segja og láta mína skoðun koma fram í því og alveg afdráttarlausa, að margar hliðar á þessu frv. má segja að hafi verið þjóðhagslega nauðsynlegar til að koma í veg fyrir stöðvun á atvinnurekstri, útflutningsframleiðslu sér í lagi. Vissulega var þar mikill vandi á höndum, eins og sagt hefur verið þúsund sinnum hér í umr. og blaðaskrifum, verðfall, stöðvun markaða o. s. frv. En vandinn sem við stöndum frammi fyrir í þessum málum er sá, að þó að þetta geti verið þjóðhagslega nauðsynlegt er það félagslega óþolandi vegna þess að almenn laun, ég tala nú ekki um lægstu dagvinnulaun, eru það lág og kaupmáttur þeirra það lítill að þau má ekki skerða. Það er gert með þessum lögum og það er ákaflega slæmt.

Einhver mun segja að við höfum staðið frammi fyrir atvinnuleysi og öðrum erfiðleikum. Víst er það. Sannleikurinn er bara sá, að ef sá sem lægst launin hefur í þessu þjóðfélagi fær einhverja hækkun er það gegnumgangandi regla að þeir sem eru hærra launaðir fái eins mikla kauphækkun og þeir sem eru á lægstu launum. Verði 4% hækkun t. d. skulu 4% ganga upp úr. Aldrei er þolað að lægstu laun séu bætt sérstaklega öðruvísi en bæði ríkisvald og hærra launaðar stéttir krefjist sömu prósentutölu. Nú er hér að vísu um að ræða frumsmíð og hefur verið gert of mikið úr þeim göllum sem á þessum láglaunabótum eru, en vandinn sem við stöndum frammi fyrir er svo mikill að fólk á þessum almennu lágu launum verður að hafa forgang. Þarna er ekki eingöngu hægt að stilla einhverri ríkisstj. upp, heldur þjóðfélaginu í heild. Það er að verða það ófélagslegt. Prósentan blífur, hvort sem um er að ræða menn í hæstlaunuðu stöðum þjóðfélagsins eða menn sem praktísera á hæstu töxtum í þjóðfélaginu. Fái verkafólk 5% hækkun skulu 5% í gegnum allt þjóðfélagið. Það er þetta sem gerir m. a. svo erfitt að grípa inn í þessi mál og þess vegna kemur út úr þessu ýmislegt þjóðfélagslegt ranglæti, sem er því miður fylgikvilli þessara laga.

Ég held að ég fari ekki nánar út í þessar láglaunabætur, en er tilbúinn í það ef því er að skipta. Ef einhver hv. þm. vill umr. um það er það sjálfsagt. Ég held að það sé nú rétt að fara að ljúka umr. En ég vil aðeins minna á: Orlof hefur verið samræmt hjá verkafólki og ýmsum öðrum stéttum sem höfðu meira orlof. Láglaunabætur, sem voru of lágar, hafa þó komið og voru mun hærri en 1978. En fyrstur skal ég taka undir að það má margt þar bæta. Jafnframt hef ég trú á að fjh.- og viðskn. Nd. takist að fá í gegn nál. um frv. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl., annaðhvort óbreytt eða eitthvað breytt, um að komið verði á móti því unga fólki sem er að sligast undan byggingarkostnaði og háum vöxtum. Það er einhvern veginn svo, að það er eins og ekkert sé hættulegt nema vísitala og kaup. Nú er lánskjaravísitala hærri en kaupgjaldsvísitala. Vitanlega verður að samræma þetta með einhverju móti því að þetta verður að koma á móti þessu fólki.

Ég nefni hér þrjú atriði, tvö sem komin eru í gegn, orlofið, láglaunabætur, sem að vísu eru til endurskoðunar, og trú mína á að okkur takist að koma í gegn lagfæringu og aðstoð sem sér í lagi snertir það unga fólk sem er í erfiðleikum og við stöndum frammi fyrir að er jafnvel að missa eignir sínar og hefur ekki möguleika á húsnæði.

Ég tel nú ekki bætandi á þær skerðingar sem þarna hafa orðið og held að þó að ríkisstj. hafi sjálfsagt ætlað sér vel með þessum lögum hafi gengislækkanir verið

býsna tíðar og verðbólga þar af leiðandi meiri en reiknað var með.

Ég skal ljúka máli mínu, sem hefur staðið í um 10 mínútur og ekki er upp á tvo klukkutíma. Í sambandi við „ertu ánægður með láglaunabæturnar?“ er spurt: Samþykkirðu láglaunabæturnar? Finnst þér þetta sæmandi? Ég vil aðeins segja: Ég held áfram baráttu minni gegn því að lág laun séu í landinu. Og lægstu laun almenns verkafólks eru háskalega lág. Það er það sem okkur ber að varast.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka til máls hér aftur, en vegna ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sé ég mig tilknúinn. Í grg. með nál. mínu fyrir hönd Alþfl. á þessu máli kemur það m. a. fram, að ein af þeim till., sem við höfðum lagt fyrir þetta Alþingi um breytingu á efnahagsstefnu og gerbreytta efnahagsstefnu, er frv. til l. sem Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri Alþfl.-menn flytja hér í Nd. þess efnis, að þær breytingar verði gerðar á viðmiðun lánskjaravísitölu við laun að greiðslubyrði af verðtryggðum lánum geti aldrei hækkað umfram hækkanir verðbóta á kaup. Þetta er mjög mikilvægt mál, sem skiptir sköpum fyrir afkomu fjölmargra heimila. Ég vil því lýsa sérstakri ánægju minni og okkar Alþfl.-manna með að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skuli taka undir þetta frv. og lýsa sig reiðubúinn að standa með okkur að samþykkt þess. Ég vona að hann tali þar fyrir hönd flokkssystkina sinna og þakka þessa liðveislu, sem við höfum fengið.

En að öðru leyti vildi ég aðeins leiðrétta eilítinn misskilning hjá hv. þm. Hann sagði að sú skerðing vísitölubóta á laun, sem ætti sér stað samkv. þessum brbl., tæki aðeins til eins vísitölutímabils, til tímabilsins frá 1. des. 1982 til 1. mars 1983. Þetta er rangt. Vísitöluskerðingin samkv. óbreyttum lögum mun halda áfram öll vísitölutímabil þangað til hún verður leiðrétt. Þann 1. des. s. l. héldu launagreiðendur í landinu eftir af launum starfsfólks síns, sem þeim bar að greiða samkv. gildandi kjarasamningum, 135 millj. kr. Þessum 135 millj. kr. á verðlagi í des. 1982 munu launagreiðendur í landinu halda eftir af launum starfsmanna sinna hverjum einasta mánuði nema þessi lög verði felld. Á árinu 1983 samsvarar þetta því, að launþegar eigi kröfu á vangreiddum launum, sem þeir ættu að fá samkv. gildandi kjarasamningum, upp á 1620 millj. kr. Það er því rangt hjá hv. þm. að þessi launaskerðing standi aðeins í þrjá mánuði. Hún stendur hvern einasta mánuð hvert einasta ár nema lögin verði felld. Ef hv. þm. vill takmarka skerðinguna við aðeins þriggja mánaða tímabil og sjá til þess að ríkisstj. svipti launafólk í landinu aðeins 405 millj. kr. í stað 1620 millj. kr. sem ella mundi verða á næsta ári, á hann aðeins einn kost og hann er sá að fella þessi lög áður en nýtt verðbótatímabil gengur í gildi. Ella munu atvinnurekendur á Íslandi halda eftir af umsömdum launum verkafólks 135 millj. kr. um aldur og ævi á hverjum einasta mánuði. Og þetta, herra forseti, er margföld kjaraskerðing á við það sem sú stjórn gerði sem við Guðmundur J. Guðmundsson stóðum saman um að fella vorið 1978. Þetta er hv. þm. augsýnilega ekki ljóst, en ég vil að þegar hann greiðir atkv. sitt að lokinni þessari umr. sé honum það ljóst.

Hann getur að sjálfsögðu sagt í viðtali við blað sitt að hann hafi ekki heyrt það sem ég er að segja núna, hann hafi ekki vitað það eða hann hafi ekki skilið það. En ég vil gera mitt til að koma þessari ábendingu á framfæri.

Það er líka alveg rétt hjá hv. þm., að það hefur oft verið erfitt að koma kjarabótum til hinna lægst launuðu. Hvers vegna? M. a. vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur því miður byggt upp sína kauptaxta þannig, að í þeim er falin sjálfvirk vörn fyrir hina launaháu. Með taxtaákvörðunum hefur því verkalýðshreyfingin sjálf komið í veg fyrir að hægt sé með almennum aðgerðum á sviði launamála að koma kjarabótum til hinna lægst launuðu öðruvísi en svo, að þær gangi upp allan launastigann. Mér er það í fersku minni að árið 1979 studdum við saman ríkisstjórn, ég og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, og vorum að leita leiða til þess að koma kjarabótum til hinna lægst launuðu. Þá var miðað við 200 þús. kr. mánaðartekjur samkv. umsömdum töxtum, sem sennilega jafngildir því í dag að menn hafi eitthvað í kringum 600—700 þús. gkr. á mánuði og þykir engum mikið. En þegar farið var að skoða framkvæmdina á því kom í ljós að kauptaxtar Alþýðusambandsins voru þannig upp byggðir að 85% allra félaga innan vébanda Alþýðusambands Íslands hefðu fengið sérstakar kjarabætur, láglaunabætur, með þessum hætti. Þarna, herra forseti, er ekki við löggjafann að sakast né ríkisvald. Þarna hafa þeir sem betur mega sín í röðum verkalýðsfélaganna sjálfra búið sér til kerfi, þar sem hið raunverulega kaup er fólgið í alls konar kaupaukum og viðbótargreiðslum ofan á lága taxta í því skyni einu að aldrei sé hægt að koma lægst launaða fólkinu til hjálpar með beinum afskiptum af launamálum.

Þess vegna hef ég stutt það sjónarmið, sem m. a. hefur komið fram hjá ríkisstj., að það sé rétt að reyna að leita lausnar á þessu í gegnum skattaleiðina, því að fólk á Íslandi, þó það segi oft ekki satt í sínum skattaframtölum, lýgur ekki á sig tekjum. Svo furðulega hefur viljað til að ég er sennilega einn af fáum mönnum í stjórnarandstöðu sem hef ekki viljað skjóta alfarið niður þá láglaunabótaleið sem ríkisstj. var að reyna að framkvæma. Hún hefur sætt gagnrýni. Það er rétt hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni. En sá aumingjaskapur sætir miklu meiri gagnrýni hjá mér, sem orðið hefur uppskátt um, að forustumenn launafélaganna í landinu skuli hafa setið á samráðsfundum um hvernig láglaunabótunum skyldi fyrir komið í heilar tvær vikur og fyrir þeirra tilverknað skuli umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á aðferðunum, sem láglaunabótunum var úthlutað eftir, m. a. í þá veru að skera frá það fólk, sem minnst bar úr býtum á árinu 1981, til þess að launafólk, sem hærri tekjur hafði á því ári, fengi láglaunabætur greiddar. Það er slæmt að horfa svo upp á að þeir menn, sem sjálfir hafa átt aðild að þessum ákvörðunum og sjálfir hafa beitt sér fyrir því að einmitt svona skuli láglaunabæturnar vera greiddar, krossfesti ríkisstj. frammi fyrir þjóðinni í opinberum fjölmiðlum, afsali sér allri ábyrgð og skjóti sér á bak við það að fólk hafi ekki vitað af þessu. Það er kannske mannlegt að hlaupast svona undan ábyrgð á eigin verkum, en það er ekki stórmannlegt. Og eins og ég hef bent á í nál. mínu átti m. a. sá hv. alþm., sem var að ljúka máli sínu hér áðan og gagnrýna framkvæmd láglaunabótanna, sæti á fundum forustumanna verkalýðshreyfingarinnar með starfsmönnum fjmrn., þar sem þessar reglur voru ákveðnar. Það er slæmt að horfa svo

á þessa menn hlaupa frá öllu saman eftir á, þegar gagnrýni kemur fram á framkvæmd sem vissulega hefði mátt vera betri, og þurfa svo að standa í því sem stjórnarandstæðingur að benda á ýmislegt jákvætt í sambandi við þetta láglaunabótakerfi, sem höfundarnir þora sjálfir ekki að kannast við. Ja, lágt er nú risið á Ásmundunum í verkalýðshreyfingunni!

Herra forseti. Það má vel vera að sú regla gildi í þessum málum að sá veldur sem á heldur. Í mínum augum skiptir ekki máli hver kaupránslög setur, hvort það er Alþfl., Sjálfstfl., Framsfl. eða Alþb. Gerðin er ein og söm. En menn geta haft tungur tvær og talað sitt með hvorri. Það er skelfilegt til þess að vita hvernig launþegahreyfingin hefur látið misnota sig í þágu þess að ýmsir helstu forustumenn hennar skuli jafnframt eiga sæti í miðstjórn eins stjórnarflokksins. Nú er ekki lengur talað um kjörseðilinn sem vopn í kjarabaráttunni. Nú er ekki lengur talað um að sigur í kosningum hjá ákveðnum stjórnmálaflokki tryggi samningana í gildi. Nú er ekki talað um að vinni ákveðinn stjórnmálaflokkur kosningasigur sé kaupránsmúrinn hruninn.

Herra forseti. Árið 1978 var til sambærilegra ráðstafana gripið og nú nema hvað kjaraskerðingin var ekki jafnmikil. Þá var m. a. sagt í ræðu á Austurvelli — það var sá sem lauk máli sínu rétt áðan, með leyfi forseta:

„Mig langar að lokum til þess að biðja alla launþega, hvar í flokki sem þeir standa, að leggja öll deilumál til hliðar um stund og sameinast sem einn maður og rísa upp gegn þessum ólögum, gera með því kröfuna um afnám þeirra og að kjarasamningar taki aftur gildi svo sterka að ríkisvaldið geti ekki staðið gegn henni."

Hvað segir sá maður nú?

Þá var sagt í ræðu á Austurvelli, með leyfi forseta:

„Í annan stað vil ég benda á að heiðarlegasta fólk þessa lands er hinn venjulegi alþýðumaður og það fólk hefur fram til þessa litið svo á að samningar sem það gerir séu löglegir og heiðarlegir samningar. En þegar svo er svikist aftan að því og það rænt umsömdum kjarabótum, sem aðilar hafa samþykkt í frjálsum samningum, þá stríðir slíkt gegn stéttarvitund þess. Svona fals og lygar stríða gegn stéttarvitund fólks og þess vegna mótmælir það nú vitandi að ef ekki verður mótmælt kröftuglega, þá fylgir frekari kjaraskerðing í kjölfarið."

Sami hv. þm. sagði einnig við þetta tækifæri:

"Í hugum alþýðufólks eru samningar skuldbindandi. Almennt alþýðufólk lítur á samning þannig að honum megi ekki rifta eða hlaupast frá. Það kemst ekki upp með að greiða ekki skatta sína og skyldur né að neita að greiða af íbúðum sínum eða öðru sem það festir kaup á. En stjórnvöld hafa á þessu aðrar skoðanir, enda kemur spillingin ætíð ofan frá. (Gripið fram í.) Sú spilling að virða ekki gerða samninga eins og alþýðufólki er ætlað að gera."

Hver virðir ekki gerða samninga nú, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson? Hvaða ráðh. var það sem skrifaði undir kjarasamninga við opinbera starfsmenn, hvers undirskrift var varla þornuð undir samningnum þegar hann með einhliða aðgerð ákvað að virða þá samninga ekki?

Kaupránslögin 1978 voru um 5%. Núna stendur kaupránið um 7.7%. (**GJG:** Hvaða vitleysa er þetta?) Árið 1978 sagði hv. þm., sem segir „hvaða vitleysa er þetta" þegar ég tek mér 5% heitið í munn, og hlustið þið nú. Hann sagði þá:

„Það er verið að berjast um meira en 5%. Það er verið að berjast um rétt verkalýðsfélaganna til samningsgerðar. Ætlið þið að flytja kóngsins mann yfir Skerjafjörð?"

Hver flytur nú kóngsins mann og hvert?

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef ekki tafið mikið þessa margra vikna umr. um brbl., hef einu sinni tekið til máls til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort gengismunur sá, sem talað er um, sé yfir höfuð til. Því hefur nú verið svarað hér í dag af skreiðarútflytjandanum Matthíasi Á. Mathiesen. Það er mjög vafasamt að þessi gengismunur sé til.

En það er ekki þess vegna sem ég kom hér í ræðustól. Ég hlýt að lýsa því yfir, að öll þessi umr. er Alþingi til slíkrar skammar að við þetta verður ekki lengur unað. Það eru nokkrar staðreyndir í þessu máli sem ég vil biðja hv. þm. að skilja í eitt skipti fyrir öll. Brbl. eru alltaf vond lög, vegna þess að þau segja ekki nema eitt, að löggjafarsamkunda þjóðarinnar, Alþingi Íslendinga, hefur ekki staðið við það að setja landinu þá löggjöf sem nýtist til þess að þjóðfélagið gangi nokkurn veginn eðlilega. Brbl. eru neyðarlöggjöf, og það er til dæmis um eymd núv. Alþingis að það skuli taka síðan obbann af þingtímanum að þrengja þessum lögum í gegnum Alþingi. Alþingi Íslendinga á nefnilega að vera að gera allt annað. Hér á að vera talað um meginramma, leikreglur þjóðfélagsins, en ekki smámuni eins og hér er verið að tala um.

Hér hafa menn hnotabitist viku eftir viku í klukkutímalanghundum, lesandi vitleysu hver eftir öðrum í dagblöðum bæjarins fyrir fjórum árum, fyrir þremur árum, fyrir fimm árum. Enginn virðist geta tekið á sig þá ábyrgð að þetta þjóðfélag á í erfiðleikum, og það eru þeir erfiðleikar sem við erum kosin hér til þess að leysa. Menn eru að bítast hér um láglaunabætur, hvort þær eigi rétt á sér eða ekki. Auðvitað eiga þær aldrei rétt á sér. Það á ekki að þurfa að veita landsmönnum láglaunabætur. Hér koma fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hver um annan þveran og tala eins og þeir hafi hreinan skjöld. Ég hef margsinnis oft áður beðið um upplýsingar um laun manna í landinu. Það hafa verið lögð hér fram frumvörp og þáltill. M. a. lagði ég fram eina sjálf í fyrra, sem auðvitað var skotin niður, þar sem ég óskaði eftir að ríkið gengi á undan með góðu fordæmi og fengi eitthvert samræmi í laun ríkisstarfsmanna. Það náði ekki fram að ganga og stjórn BSRB var heldur ekki hlynnt því. Þess vegna verður mér líka svolítið illt þegar ég heyri minn ágæta félaga, Guðmund J. Guðmundsson, tala um lágu launin í þjóðfélaginu, lægstu launin, eins og einhvern stóra sannleika.

Við þekkjum það öll alþm. að við erum yfirlýstir hálaunamenn. Vita menn líka að ráðuneytisstjórarnir eru svona 12—14 þús. kr. launahærri? Vita menn að margir félagar í Dagsbrún hafa laun á borð við alþm.? Það þýðir ekki að reyna að lagfæra launavandann í þessu þjóðfélagi, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, nema segja um þau sannleikann.

Við höfum áður deilt um einmitt þau atriði sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði um hér áðan, alla bónusana, allar uppbæturnar, allt þetta sem á að blekkja fólk, þrautpína fólk til að leggja fram óhóflega vinnu til að geta dregið fram lífið. Það eru þessi verkefni, það eru þessar leiðréttingar, hæstv. forsrh.

sem hér hefði átt að ræða allan þennan tíma, en ekki þann hégóma sem menn hafa hér talað um.

Ég hef verið beðin um að stytta mál mitt, herra forseti. En það er ein meginástæða til þess að ég stend hér upp, því að af einhverjum óskiljanlegum ástæðum virðist enginn annar ætla að gera það. Meðan við erum að afgreiða frv. til l. um efnahagsaðgerðir er lagt fram hér nýtt frv. á borð alþm. frá sjálfum hæstv. forsrh. Ekki nóg með það. Þær fréttir berast hér af þessum óendanlega mörgu fundum, sem sumir þm. eiga hér um alla ganga hússins, að formaður fjh.- og viðskn., sem hefur nú ekki verið afkastamikill í að afgreiða mál á þessu þingi, ætli að halda fund í nefnd sinni í fyrramálið (**Gripið fram í:** Þeim hefur verið vísað til þín.) áður en hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir málinu. Mikill fítonskraftur er nú kominn í formann þessarar ágætu nefndar. Hámark hræsninnar er nú þegar hv. þm. Albert Guðmundsson kveður sér hér hljóðs um þingsköp og fer að fárast yfir því að þm. sinni skyldum sínum í samstarfi norrænna þjóða og fari á Norðurlandaráðsþing. Það er ekki endir á hvað hægt er að bjóða fólki upp á hér. Það var fyrir lifandi löngu hægt að afgreiða það sem þetta *Alþingi átti að afgreiða svo að menn kæmust með* nokkrum sóma á Norðurlandaráðsþing. Það er ekki vandi þjóðfélagsins í dag.

Ég hlýt að óska eftir upplýsingum um hvert þessi þingstörf eru að leiða okkur. Mér er fullvel ljóst að jafnslæm lög og lög um efnahagsaðgerðir, brbl. frægu, eru, er fullkomið ábyrgðarleysi og óvit að afgreiða þau ekki og þarf ekki að útskýra það. Landsmenn eru væntanlega búnir að heyra fyrstu 20 ræðurnar um hvað gerðist í verðlagsmálum þjóðarinnar og efnahagsmálum almennt, verðbólgumálum ef þau næðu ekki fram að ganga. En ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. og minna á lítilfjörlegt plagg, sem hér var gefið út þegar núv. ríkisstj. var sett saman, þar sem skýrt ákvæði er um að ekki skuli leggja slík lög fram nema með samþykki allra aðila ríkisstj. Ég hlýt að spyrja hann hvort þessi hraðafgreiðsla á frv. sem lagt var fram í dag og við almennir þm., sem ekki erum á fundunum út um alla ganga, horn og skúmaskot, sáum fyrst fyrir nokkrum klukkutímum, ég hlýt að óska eftir svari við því áður en annað gerist hér á hinu háa Alþingi hvort það muni rétt vera að til standi að afgreiða eða fjalla um frv. hæstv. forsrh., sem hann einn sýnist vilja gangast við, hvort það eru boð frá honum að formaður fjh.- og viðskn. hv. Nd. keyrði það mál í gegnum nefnd sína með hraði í fyrramálið.

Ég skal ljúka máli mínu. Það mætti benda á ýmislegt sem heldur hefði átt að ræða allan þennan óratíma sem hér hefur verið rætt um hégóma. Á sama tíma og verðbólgan æðir áfram, og hún gerir það, því verður ekki neitað, eru verðlagsmál í landinu svo til eftirlitslaus. Ekkert sýnist mér benda til þess að hæstv. fjmrh. undirbúi staðgreiðslu skatta, sem hvert mannsbarn getur sagt sér að er t. d. merkilegt atriði til að draga úr verðbólgu, vegna þess að það hlýtur að vera ósköp einföld heimilishagfræði að það er betra að vita hvað maður hefur í höndunum þegar maður notar fjármagn sitt. Hæstv. viðskrh. var spurður hér fyrir líklega tveimur árum, og ég bar fram þá fsp. sjálf, hvort kreditkort væru einmitt það sem Íslendinga vantaði nú til þess að eyða meira af þeim peningum sem þeir ekki enn þá ættu. Ég hef áður spurt þess um hina raunverulegu láglaunamenn í þessu landi, sem eru konur þessa þjóðfélags, hvort nokkuð ætti að gera í því að jafna launakjör karla og kvenna í þessu landi. Litlu hefur fengist áorkað í því. (**GJG:** Það er bónusfólkið sem þú ert að klaga.) (**Forseti:** Þögn í salnum.) Ég ætla að biðja forseta að fara varlega, maður verður hjartveikur af þessu. (**Forseti:** Það fer eftir því hvað bjallan þolir.) Það er nú meira atriði hvað hv. þm. þolir.

En ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. Ég vil enn einu sinni benda á hv. þm. og hæstv. ráðh., sem eiga að leiða þessar meginumr., en ekki taka þátt í því snakki, sem hér hefur farið fram vikum og mánuðum saman Alþingi til skammar og alþjóð til hneykslunar. Ég vil mælast til þess að menn komi sér í það fljótlega, þegar fundur verður settur aftur, að samþykkja þessi vonlausu lög sem þegar eru orðin fornleif sem kemur að engu gagni og kominn tími til að setja ný lög til að bjarga fjárhagsvanda þjóðarinnar, en áður en við förum til kvöldmatar, og það er mikilvægt atriði hæstv. forsrh., vil ég heyra hverjar eru fyrirætlanir um afgreiðslu á því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 334, um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hv. þm. spyr um, er ekki til umr. nú, en kemur til 1. umr. kl. 1 á morgun í Nd. Alþingis.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hans á því að hann bauð mér að ég mætti tala utan dagskrár um lánsfjárlög og lánsfjáráætlun fyrir þetta ár, en ég kaus til að tefja ekki tímann: (**GHelg:** Eða bara til þess að tala.) Það er nú gott að heyra sjálfan sig tala, ég tek nú undir það, þó að mér þyki stundum rödd þingfrúarinnar kannske ögn fallegri samt sem áður, en kannske ekki meira vit sem þar hljómar.

Nú gerði ég það til að reyna að flýta fyrir þingstörfum og greiða fyrir því máli sem hér er til umr. að fella fsp. mína um væntanlegt frv. til lánsfjárlaga og um lánsfjáráætlun inn í þessa umr. Ég taldi satt að segja að a. m. k. annar hvor ráðh., annaðhvort hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh., mundi verða við kurteislegri beiðni minni og svara því hvenær þess yrði að vænta að frv. til lánsfjárlaga yrði lagt fyrir þetta Alþingi. Nú hefur það alls ekki verið gert. Nú hefur þessari kurteislegu spurningu ekki verið svarað og hlýt ég að harma það, en hlýt á hinn bóginn að taka málið aftur upp við 3. umr. málsins, ef ekki vill betur til. Það er að sjálfsögðu algerlega óþolandi að þessir tveir hæstv. ráðherrar skuli ekki sýna þessari stofnun þá virðingu að svara kurteislegri fsp. um hin þýðingarmestu mál í staðinn fyrir að hæstv. forsrh. svarar heldur einfeldingslegri spurningu hv. 8. landsk. þm. um frv. sem hæstv. forsrh. fyrir misgáning lagði fram í þessari deild, en engin fordæmi eru fyrir að ráðh. hafi áður, svo mér sé kunnugt, lagt fram frv. í þeirri þd. sem hann situr ekki sjálfur í, nema það sé stjfrv. Skora ég nú á hæstv. forsrh. að upplýsa þingheim um hvort fyrir því sé fordæmi að ráðh. leggi frv. fram sem þm. í þeirri deild sem hann á ekki sjálfur sæti í. Þó svo á því frv. standi „frá forsrh." leyfi ég mér að efast um að það sé stjfrv. eins og það er skilgreint, en ef maður spyr um þau mál sem lögum samkvæmt eiga að koma fyrir þingið strax þegar það er sett heyrist ekki eitt einasta orð, og nóg um það.

Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að þing-

flokksfundir hefjast kl. 8.30. Síðan hefur fundur í Nd. verið boðaður kl. 9 í kvöld. Vil ég spyrja hvort ekki sé kominn tími til að matarhlé verði í deildinni. (**Forseti:** Ég er alls ekki viss um að maturinn sé tilbúinn.) Á að skilja þetta sem svar? Ég hlýt nú að óska eftir því, þó að það sé ekki vegna þm., þá a. m. k. vegna starfsfólksins hér í húsinu, að það fái a. m. k. matarhlé, því að ég skal ábyrgjast að að öðrum kosti er Alþingi að mismuna og misbjóða svo starfsfólki að það brýtur í bága við (**Forseti:** Vinnuverndarlögin) vinnuverndarlögin, nema hæstv. forseti vilji fara að gera það. En þá hef ég aðvarað hæstv. forseta og það er þá ekki við mig að sakast ef svo kynni að fara að aths. kæmi um vinnuþrælkun hér á staðnum. En um hitt vitum við, að í sumum greinum hafa verið gerðar aths. við aðbúnað starfsfólks Alþingis og skal ég ekki fara út í þá sálma að sinni.

Hæstv. ráðh. vilja ekki svara einföldum fsp. um lánsfjárlög. Það er eftirtektarvert. Nú hefur hv. 7. þm. Reykv. gefið tilefni til að það frv. sem hér liggur fyrir sé rætt á miklu breiðari grundvelli en áður, þar sem hann er að bera saman hvort sú kjaraskerðing sem þessi lög fela í sér sé verri eða betri en kjaraskerðing sem hér var gerð fyrir fimm árum. Nú vil ég byrja á því að minna þennan hv. þm. á það, að í sólstöðusamningunum var samið um 28% grunnkaupshækkun í eitt skipti. Síðan var samið um miklu fullkomnari verðbótavísitölu en nú er í gildi, eins og hv. þm. veit, auk þess sem skerðing Ólafslaga var ekki komin til sögunnar. Þó við mundum nú gleyma öllum þeim grunnkaupshækkunum, sem urðu frá sólstöðusamningunum 1977 til 1. des. 1978, öllum þeim grunnkaupshækkunum sem um var samið á þeim tíma, sem auðvitað kom inn í heildarmyndina af þróun kjaramála þá, skulum við samt sem áður muna að sú sjálfkrafa skerðing verðbótavísitölunnar sem Ólafslög fela í sér veldur því að kjaraskerðingin 1. mars 1978 hefði ekki þurft að vera nema svo sem 2—3% í staðinn fyrir 5%, ef Ólafslög hefðu þá verði í gildi og verðbótaviðaukinn ekki í gildi, þannig að þegar hv. þm. er að tala um einhver 17 eða 18% eða þaðan af meira er hann vísvitandi að fara rangt með. Hann veit betur og kann betur að reikna.

Við skulum aðeins líta á Hagtölur mánaðarins, sem komu út núna í febr. 1983. Þar eru afskaplega athyglisverðar tölur, sem ég veit að þessi hv. þm. er hreykinn yfir. Hann sagði í ræðu áðan að hann væri alltaf að burðast við þetta eitt, sem aldrei félli honum úr minni og hann legði alla krafta sína í, og það væri að passa upp á laun hinna lægst launuðu, hann væri að passa upp á laun þeirra sem hafa laun sín í samræmi við kauptaxtann, eru ekki yfirborgaðir eða hafa bónus eða neitt þvílíkt, þeirra raunverulega lægst launuðu í landinu, sem hann er alltaf að passa upp á. Síðustu 12 mánuði hækkuðu kauptaxtar launþega um 46.1%. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði á sama tíma um 59.8%. Vísitala neysluvöruverðs ögn meira, 60.4%. Vísitala byggingarkostnaðar enn meira, 63%. Lánskjaravísitala aftur ögn meira, 63.6%. Hvernig skyldi nú lánskjaravísitalan vera reiknuð inn í framfærsluvísitöluna og allan kaupmáttaraukann, sem hv. þm. var að tala um áðan? Það væri fróðlegt að sjá það. Og svo síðast: Meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækkaði um 85.5%, en launin um 46.1%. Það er von að hv. þm. sé að gera sig gildandi hér og breiðan þegar hann er að tala um að það frv. sem hér liggur fyrir og þau brbl. sem sett voru í ágúst hafi orðið láglaunafólkinu til góðs og blessunar. Það er ekki undarlegt þó að hann finni það út.

Ég get raunar líka skilið hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, þegar hún hafði orð á því áðan — á kannske að segja hann, herra forseti, um hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur? (**Forseti:** Já.) — þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafði orð á því að sér yrði alltaf illt þegar hún heyrði félaga Guðmund J. tala um lágu launin. Það er ekki undarlegt þó að hv. þm. sé nú raunaleg á stundum, því að ekki fer svo lítið fyrir félaga Guðmundi J. að það sé auðvelt að komast hjá því að sjá hann. (**Forseti:** Það á að ávarpa þingmenn háttvirta.) Ég hélt ég hefði tekið mér í munn orð mjög háttvíss þm., sem hér var á undan mér áðan, en ég hef kannske skrifað vitlaust niður eftir honum. En þá var ekki slegið í bjölluna. Þannig er nú þetta, að þó að þessir hv. þm. Alþb., sem sjálfir telja sig mikla verkalýðsforingja og tala mikið hér um lágu launin, sitji nú þarna hlið við hlið og brosi blíðlega kemur í ljós samt sem áður að skjöldurinn og samviskan eru nú ekki jafnhrein og þau vilja vera láta. (**GHelg:** Mér er hvergi skemmt. Ég brosti ekki núna.)

Þegar maður reynir að meta þetta frv., sem hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan að væri fornleif sem kæmi ekki að neinu gagni, en það menn nú samt sem áður um að samþykkja, skulum við aðeins líta á hver tilgangurinn var. Þar er í grg. eða yfirlýsingu ríkisstj. talað um fjögur meginmarkmið, sem stefna skuli að. Það er í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahalla þannig að á næstu tveim árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd. — Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að hæstv. forsrh., sem er flm. málsins, er ekki við. Mér finnst nú lágmark, þegar verið er að halda hér starfsfólki og þm. í matartíma, að flm. málsins séu við — eða á að gera sér mannamun?

Hér er í fyrsta lagi talað um að draga verulega úr viðskiptahalla þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd. Nú hafa þessir tveir hæstv. ráðherrar neitað að svara fsp. um það ekki aðeins hvernig þeir hyggist ná þessu heldur líka hvenær þeir hyggist leggja fram frv. til lánsfjárlaga.

Í öðru lagi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.“

Nú vitum við það, að rétt í kjölfar þess sem þessi lög voru sett kom til stöðvunar á bátaflotanum. Hæstv. menntmrh. var að vísu ekki betur að sér en svo, að hann sagði á héraðsmóti framsóknarmanna í Skagafirði um svipað leyti að þessi brbl. væru gerð fyrir útgerðina. Og mér heyrðist á hv. 7. þm. Reykv., Guðmundi J. Guðmundssyni, hér áðan að hann hefði verið svipaðrar skoðunar og menntmrh. á því, þegar hann talaði um að lögin hefðu fyrst og fremst verið sett vegna útflutningsatvinnuveganna. Nú vita náttúrlega allir menn að svo var ekki. Aðvörun Seðlabankans til ríkisstj. í tengslum við þessi brbl. var einmitt sú, að þáttur útgerðarinnar hefði gleymst. Ríkisstj. gerði sér ekki grein fyrir því, að sá mikli kostnaðarauki sem verðfall krónunnar hafði valdið umfram fiskverðshækkun hlaut að leiða til þess að útgerðin stöðvaðist fyrr en síðar. Það var af þessum sökum sem útgerðarmenn kusu að leggja skipum sínum í septemberbyrjun s. l. og því lauk svo með því, eins og

við munum allir, að ríkisstj. féllst á að hækka fiskverðið aukalega jafnframt því sem upp var tekinn sá háttur að greiða olíuna sérstaklega niður úr ríkissjóði. Það var sumpart gert með því að gera upptækan Tryggingarsjóð fiskiskipa og sumpart með því að stofna sérstakan sjóð, sem engar tekjur hafði, og var honum veitt heimild til hárrar lántöku og hefur ekki fengist upplýst síðan hvar eigi eða hvernig eigi að afla fjár til þess að greiða þetta lán. Þessi olíusjóður, sem stofnaður var í því skyni að taka veruleg lán, 30 millj. ef ég man rétt, er tekjulaus og ekki hefur fengist upplýst, þó komið sé fram í febrúarmánuð, með hvaða hætti eigi að endurgreiða þetta fé.

Þessar aðgerðir, að falsa gengið með þessum hætti, greiða úr ríkissjóði niður rekstrarkostnað sjávarútvegsins, höfðu svo þær afleiðingar að iðnaðurinn varð fyrir mjög verulegum skakkaföllum á síðustu fjórum mánuðum s. l. árs. Þessa hefur mjög orðið vart í margvíslegum samkeppnisiðnaði, svo að ég taki sælgætisiðnaðinn sérstaklega og ýmsan matariðnað, og það var ekki síst í sambandi við öl og gosdrykki, sem eiga í harðri samkeppni við erlenda aðila. Það sem studdi ennfremur að þessu var að hæstv. iðnrh. samþykkti að inn í brbl. yrðu teknar nokkrar vörur sem eru hráefni í matvælaiðnaðinum, notaðar í matvælaiðnaðinum. Á þessar vörur var tekið upp 32% vörugjald frá 23. ágúst s. l. til febrúarloka, sem að vísu er nú gert ráð fyrir að lækki í 24%. Þarna var um algerlega nýjar vörur að ræða, sem auðvitað ollu auknum greiðsluvanda hjá iðnfyrirtækjunum, einkanlega sá hluti þessara vara sem notaður er í maltöl og pilsnergerð, þar sem ölgerðirnar eru allt að hálfu ári eða sex mánuði að framleiða þessar vörur, brugga maltölið og pilsnerinn, þangað til þær eru hæfar til að fara á markaðinn. Þessi langa framleiðslurás veldur ýmsum fyrirtækjum verulegum erfiðleikum, óhagræði, og kallar á aukið rekstrarfjármagn. Þessar nýju vörur eða hráefni, sem þannig var tekið inn til óhagræðis fyrir iðnaðinn, á við um annan matvælaiðnað, t. d. niðursuðuiðnað, súpu- og grautarframleiðslu og annað því um líkt. Það er að sjálfsögðu óþolandi að slíkt handahóf og kák sé viðhaft í lagasetningu, en Alþingi getur illa komið í veg fyrir það þegar ráðherrarnir hlaupa til á sumarnóttu, eftir að skyggja tekur að vísu og kasta þessu frá sér að óathuguðu máli.

Af þessum ástæðum hef ég ásamt hv. 3. þm. Reykv. ákveðið að flytja brtt. við 7. gr. frv., c-lið, að eftirtalin tollskrárnúmer falli niður: 17.01.23, 17.02.04, 17.04.02, 18.06.02, 19.02.02, 21.04.02, 21.04.09, 21.05.19, 21.07.01, 33.04.01. Vil ég mælast til þess að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir því að þessi brtt. megi koma fram og læt ég hann um það hvort hann telji rétt að afbrigðanna sé leitað þegar í stað. Það væri prófsteinn á hvort þm. hlíta aga hans að vera í húsinu ef atkvgr. færi nú fram eða hvort svo kunni að fara að það séu einungis þessir fáu þm. sem hér eru inni ásamt starfsfólki hússins, sem ekki hefur farið í mat.

Nú vitum við að menn opna varla svo blöð að ekki sé á það minnst að fyrirtæki ýmis íhugi stöðvun, fólki hafi verið sagt upp, leitað sé hallærislána, byggðarlög stynji undan öryggisleysi í atvinnumálum og þar fram eftir götunum. Ég er hér með Morgunblaðið s. l. föstudag. Ég sá það af tilviljun á borðinu hjá mér. Þar er talað um 51 þús. atvinnuleysisdaga í janúarmánuði og hefur fjölgað um 20 þús. frá í des. Mér skilst að þetta séu þrisvar sinnum fleiri atvinnuleysisdagar en í meðalári. Þetta lýsir nú því hvernig komið er í atvinnulífinu.

Hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, talaði mikið áðan um lágu launin og skal ég víkja að því nánar á eftir, þegar við ræðum um kaupmáttinn og verðbólguna. Hann talaði þá um að gallinn væri sá, að 4% gengju upp í gegnum öll laun, sama prósentuhækkun, og það ylli erfiðleikum þegar verið væri að tala um að bæta lífskjör hinna verst settu. — Nú var hæstv. iðnrh. hér inni fyrir stundu, herra forseti, og ég ætlaði að grípa tækifærið og ræða við hann sérstaklega. Nú sé ég að hann er farinn út líka. En það skiptir ekki máli, og ekki ætla ég að biðja um að í hann sé náð. (**Forseti:** Þetta var misskilningur.)

Nú höfum við talað um það, og mig minnir að Framkvæmdastofnun hafi sent frá sér ýmis gögn um það, að erfitt sé að búast við því að hér sé hægt að halda uppi sómasamlegum lífskjörum og atvinnuöryggi til frambúðar nema eitthvað sé gert fyrir iðnaðinn. Um þetta hefur verið talað alllengi. Nú væri ekki ófróðlegt að fá og gera á því nokkra úttekt hvernig staðan í iðnaðinum væri um þessar mundir. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. muni kannske tala um að gengið hafi verið fellt svo og svo mikið í byrjun des., svo hafi gengið verið fellt aftur í byrjun janúarmánaðar, svo hafi gengið sigið svo og svo mikið og svo verði haldið áfram að fella gengið á þessu ári eins og í fyrra. Það er auðvitað alveg rétt, að staða iðnaðarins í bili er að því leyti betri en hún hefur verið lengst af, svo að ég tali nú ekki um árið 1981 og síðustu mánuði s. l. árs, að gengisskráningin það sem af er þessu ári hefur ekki verið jafnmikið út í hött með hliðsjón af afkomu iðnaðarins og löngum áður. Á hinn bóginn veldur miklum erfiðleikum erfið greiðslustaða iðnaðarins, uppsafnað tap á undanförnum misserum, sú mikla verðbólga sem við eigum við að glíma núna. Ætli Seðlabankinn hafi ekki talað um að verðbólgan hafi í árslok verið komin upp í 60% og stefni í 70—75% um þessar mundir. Og þá er spurningin: Hvernig eiga iðnfyrirtækin að geta fjármagnað þessa miklu hækkun á rekstrarkostnaðinum sem verið hefur? Það er sú spurning sem við stöndum frammi fyrir. Og það mál er engan veginn leyst.

Í sumum tilvikum veldur það auðvitað auknum erfiðleikum, sérstaklega hjá þeim fyrirtækjum sem eru að reyna að bæta rekstur sinn og aðlaga sig nýjum markaðsaðstæðum, að frv. til lánsfjárlaga fyrir þetta ár, lánsfjáráætlunin, er ekki komin fram, þannig að Iðnlánasjóður er máttlaus eins og nú standa sakir, og ekki getur verið um það að ræða að Byggðasjóður veiti fyrirgreiðslu til iðnaðarins. Þetta veldur auðvitað því, að iðnaðurinn á í verulegum erfiðleikum. Núna í janúarmánuði kom ég í fjölmörg iðnaðarfyrirtæki norður á Akureyri og því er ekki að leyna að mjög víða var kvíði yfir því hversu mikill dauði væri fram undan varðandi framleiðsluna. Nýjar pantanir höfðu látið á sér standa og í sumum fyrirtækjum, sem kannske unnu 20—30 manns hjá fyrir einu eða tveim árum, voru ekki eftir nema 7 eða 8 menn. Gallinn við þetta óvissuástand er auðvitað sá, að þeir sem missa atvinnuna fyrst er unga fólkið, það sem er á bestum aldri. Í mörgum tilvikum hefur þetta þau áhrif, að þetta unga fólk treystir sér ekki til annars en flytjast búferlum.

Nú er aftur vont að hafa ekki hæstv. forsrh. hér inni vegna þess að þessi mál voru sérstaklega rædd á

sameiginlegum fundi sem alþm., bæjarfulltrúar og atvinnumálanefnd Akureyrar áttu í ágústmánuði, en þeim fundi lauk með því að hæstv. forsrh. var skrifað bréf þar sem varað var við þeim uggvænlegu horfum sem fram undan virtust í atvinnumálunum og þá sérstaklega í byggingariðnaðinum. Ég tók þetta mál sérstaklega upp í sambandi við 3. umr. fjárlaga, þar sem hæstv. forsrh. hafði ekki svarað bréfinu þótt fjórir mánuðir væru liðnir frá því að það var skrifað. Nú er mér ekki kunnugt um að hæstv. forsrh. hafi svarað því enn og hefði verið í leiðinni kannske viðkunnanlegt að spyrja hann til þess að maður hafi hann ekki fyrir rangri sök. Vel má vera að hann hafi svarað bréfinu í síðustu viku eða svo, mér er ekki kunnugt um það, en síðast þegar ég vissi hafði hann ekki svarað þessu bréfi.

Það kom líka fram í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, að um mjög verulegan samdrátt hlýtur að verða að ræða á Akureyri varðandi byggingarframkvæmdir, ef ekki eru því rýmri heimildir í lánsfjárlögum en maður hafði áður búist við. Einkanlega á þetta við um íbúðabyggingarnar þó. Farið var út í það í árslok að hefja byggingu á verkamannabústað sem raunar tilheyrði árinu í ár, þannig að við því er að búast að íbúðabyggingar dragist enn mjög verulega saman á þessu ári, enda er fjárhagur Húsnæðismálastofnunar ríkisins og Byggingarsjóðs með þeim hætti að naumast er við því að búast að miklu Grettistaki sé lyft.

Í þessu sambandi er raunar óhjákvæmilegt að rifja það upp, að nokkrum dögum eftir að brbl. voru sett talaði hæstv. félmrh. Svavar Gestsson sérstaklega um það í Þjóðviljanum að brýna nauðsyn bæri nú til að auka lán til húsbygginga. Það kom á hinn bóginn fram við afgreiðslu fjárlaga að vilji stóð ekki til að standa við stóru orðin. Nú er svo komið, að ég hygg, þar sem verðbólgan er komin yfir 70%, að húsnæðislán í hinu venjulega húsnæðislánakerfi ná varla 10%, hvað þá heldur meir, þótt markmið laganna hafi verið að þau næmu um 18%, ef ég man rétt, af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Ég veit að hæstv. forseta er þetta allt kunnugt, svo að það er kannske ekki ástæða til að fara frekar út í þá sálma.

Ég var hér að ræða nokkuð um að það var annað höfuðmarkmið þessara laga að treysta undirstöðu atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu. Engum blandast hugur um að ríkisstj. hefur fullkomlega mistekist að ná þessu markmiði. Á þessu ári er fyrirsjáanlegt að þjóðarframleiðslan dregst mjög verulega saman. Iðnaðurinn hefur enga vaxtarmöguleika við núverandi aðstæður og um nýjar atvinnugreinar er ekki að ræða. Að vísu örlar á því enn, þó skrýtið sé, að einstaka maður taki sig fram um að reyna að byggja upp eitthvað nýtt, en þeir eiga að sjálfsögðu mjög erfitt um vik, jafnmikillar þröngsýni og gætt hefur á sumum sviðum varðandi uppbyggingu nýrra fyrirtækja og nýrra atvinnutækifæra.

Hæstv. félmrh. talaði um það um svipað leyti og lögin voru sett, að nauðsynlegt væri að setja saman, ef ég man rétt, fjögurra ára eða a. m. k. tveggja ára neyðaráætlun til að koma okkur upp úr ósómanum sem hann hefði leitt okkur í. Um svipað leyti talaði hann um, að ef áfram yrði hjakkað í sama farinu varðandi erlenda skuldasöfnun o. s. frv. yrði þess ekki langt að bíða að ástandið yrði hér svipað og í Póllandi. Þetta er nú ekki fögur lýsing. Ekki efast ég um að hæstv. félmrh. viti vel hvernig ástandið er í Póllandi og ekki vil ég ætla honum að hann langi í raun og veru til að sama ástandið skapist hér á landi. Þó skulum við ekki gleyma því, að bæði hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh. eru lærðir í áróðursfræðum í Austur-Þýskalandi og það liggur líka fyrir að sú var kenning Lenins, og hefur verið fylgt dyggilega eftir af ýmsum lærisveinum hans, að auðveldasta leiðin til að brjóta niður borgaralegt samfélag í lýðræðisríkjum sé einmitt að byrja á því að brjóta niður efnahaginn og brjóta niður verðgildi krónunnar.

Það er kannske fróðlegt, herra forseti, að rifja upp í þessu samhengi hvað nýkrónan er raunverulega orðin, sem svo mjög var státað af. Ég man ekki betur en einhver ráðh. hafi einmitt haft orð á því í þessum stól, að íslenska krónan væri orðin stærsta krónan á Norðurlöndum og var að sjálfsögðu mjög ánægður yfir því. Við svipað tækifæri fór hann mjög mörgum orðum um hversu siðspillandi það væri og í rauninni óheilbrigt fyrir þjóðfélagið ef gengið væri látið síga. Miklu betra væri að fella það sjaldan, en umfram allt ekki að láta það síga. Hann bar fyrir sig afskaplega gegnan mann, þegar hann hélt þessu fram, og skal ég ekki fara nánar út í það.

Ef ég man rétt, ég finn þetta nú ekki í fljótu bragði, þó minnir mig að það sé rétt, þarf nú 2,41 kr. á móti 1 nýkrónu eins og þegar hún var stærst á Norðurlöndum. Mig minnir að það sé 2,41 kr., svo að vel hefur þeim nú tekist. — Ég biðst afsökunar. Það skakkar verulegu. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Um áramótin var verðmæti nýju krónunnar aðeins um 42% þess sem var við gjaldmiðilsbreytinguna fyrir tveim árum, ef miðað er við breytingu lánskjaravísitölu. Þarf því að greiða með 2,38 kr. nú fyrir það sem kostaði 1. kr. þá.“

Mig minnti að það væri 2,41, en það er sem sagt 2,38. Það má vera að hún hafi minnkað þetta síðan. Það er ekki gott að segja.

En þannig hefur þeim tekist að brjóta niður gjaldmiðilinn svona smátt og smátt. Þó er það þriðja meginmarkmið ríkisstj. með þessum brbl. að verja lægstu laun eins og unnt er. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur farið um það mörgum orðum hversu miklir erfiðleikar hafi verið á því undanfarin ár að standa á lægstu launanum og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held áfram baráttu minni gegn því að lág laun séu til í landinu“, sagði hv. þm. Hann minnti mjög á spænskan riddara, Don Quixote, þegar hann sagði þessi orð.

Ég fór áðan nokkrum orðum um samanburðinn á efnahagsaðgerðunum nú og kjaraskerðingunni sem 1978 var kölluð kaupránslög. Það má auðvitað gera þennan samanburð með ýmsum hætti og leggja margvíslegan mælikvarða á það. Hitt held ég að öllum sé ljóst, sem það gera, að mjög ólíku er saman að jafna. Á þeim tíma hafði verkalýðshreyfingin til þess alla möguleika að hafa veruleg áhrif á með hvaða hætti láglaunabætur yrðu látnar í té og hvernig með öðrum hætti yrði staðið að því að reyna að koma verðbólgunni niður. Þá hélt verkalýðshreyfingin því fram, að það væri fjarri öllu lagi að segja að launin væru afgerandi þáttur varðandi verðbólguvöxtinn, fyrirtækin yrðu að aðlaga sig hærri launum og það væru fyrst og fremst of mikil fjárfesting,

vond ríkisstjórn og auðvaldssjónarmið sem réðu því þá að grípa yrði til þess að skerða kaupgjaldsvísitöluna nokkuð. Nú var kaupgjaldsvísitalan, eins og ég sagði áðan, skert um 5% 1. mars 1978. Ég man ekki hvernig stóð á grunkaupshækkunum á þessum vetrarmánuðum. Ég man að í sólstöðusamningunum var samið um 28% grunnkaupshækkun strax og á næstu 1½ ári frá sólstöðusamningum, á miðju sumri 1977 til 1. des. 1978, 1½ ári síðar, námu grunnkaupshækkanirnar samtals 41%. Ég man ekki hvernig þetta skiptist, en mig hálfminnir að einhver grunnkaupshækkun hafi orðið 1. des. 1977. Skal ég þó ekki um það segja.

Þessi skerðing var m. ö. o. rétt milli 2 og 3%, ef samsvarandi verðbætur hefðu þá verið í gildi og eftir tilkomu Ólafslaga og eftir að verðbótaviðaukinn var lagður niður. Nú er það athyglisvert, að ef maður rekur þá kjaraskerðingu sem orðið hefur á þessu ári voru verðbætur á laun skertar um 2.19% 1. mars s. l. fyrir réttu ári. Það er rétt svipað og umframskerðingin nam 1978. Síðan hefur verðbótaskerðingin orðið 0.60% 1. júlí, 4.30% 1. sept., 2.08% vegna Ólafslaga 1. des. og 7.71% vegna brbl. Samanlagt er þetta 17% skerðing verðbóta á árinu. Þegar hv. Guðmundur J. Guðmundsson var að tíunda skerðingu verðbótanna 1978 talaði hann einmitt um það, að á því ári hefði kjaraskerðingin orðið 13 eða 18%. Þetta eru hans óbreyttu orð. Tók hann þó ekki með í reikninginn þær láglaunabætur, sem þá voru, og mat allt eins illa fyrir þau lög og honum var stætt á. Samt sem áður, þrátt fyrir allan þann útúrsnúning sem honum er mögulegt að koma við, kemur í ljós að skerðingin á s. l. ári er rétt svipuð og það sem hann taldi forkastanlegt á árinu 1978. Tók hann þó ekki með í reikningin að reglulegar grunnkaupshækkanir komu á því ári og launin höfðu hækkað um 28% tæpu ári fyrr.

Ég skal ekki segja hvernig hagræðingar Alþýðusambands Íslands eða verkalýðsleiðtogar útskýra það fyrir sínum umbjóðendum, hvers vegna þeir taki því rólega og leggi raunar blessun sína yfir að verðbólgan skuli hlaupa upp í 70—75% næstu mánuði eftir að öll launakjör í landinu eru skert um milli 9 og 10%. Auðvitað var það forsendan fyrir því að almennt launafólk gat sætt sig við kjaraskerðinguna 1. des. að ríkisstj. gerði ráðstafanir í þá átt að nokkur árangur næðist í verðbólgumálum. Við skulum aðeins rifja upp hver var stefna ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens í þeim málum, ef ske kynni að hæstv. forseti hafi gleymt því. En um hjöðnun verðbólgu segir svo í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens frá 8. febr. 1980, með leyfi hæstv. forseta, og það er fyrsta markmiðið sem sett er fram:

„Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu, þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga."

Nú liggur það fyrir, að í helstu viðskiptalöndum okkar hefur verðbólgan heldur minnkað á s. l. ári. Sú þróun hefur orðið á s. l. mánuðum að hún hefur lækkað úr 10.5% í 8% síðustu mánuðina á sama tíma og verðbólgan jókst hér á landi úr 40% í ársbyrjun 1982 í 60% í árslok og er komin upp í 70—75% nú á þessum dögum. Í því frv. sem hér er til umr. er fjórða meginmarkmiðið, með leyfi hæstv. forseta, sagt vera að veita viðnám gegn verðbólgu. Verðbólgan er orðin 70—75% svo það er í rauninni ekki undarlegt þótt hv. 8. landsk. þm. kalli þetta frv. fornleif sem engum komi að gagni.

Nú er ómögulegt að neita því, að hugurinn hlýtur að reika til þess hvort unnt hafi verið að komast hjá þeirri verðbólguholskeflu sem reið yfir þetta land á síðustu mánuðum s. l. árs. Við vitum öll að það eru ekki launin sem eru höfuðmeinið í okkar efnahagslífi. Sá rétti og slétti launamaður er ekkert ofhaldinn og það er enginn vafi á því að margar fjölskyldur þurfi á þessum síðustu og verslu tímum að leggja hart að sér til þess að endar nái saman, svo að ég sé ekki að tala um þetta vesalings unga fólk sem lætur sér detta í hug að það geti eignast íbúð eins og foreldrar þess. Það er náttúrlega svo fráleitt að halda að ungt fólk hafi sömu möguleika og það hafði áður en þessi ríkisstj. settist að völdum og það er náttúrlega ekki hægt að tala um möguleikana nú og þá í sömu andránni. En auðvitað hlýtur maður að velta því fyrir sér hvað raunverulega gerðist. Þessi ríkisstj. hélt þannig á málunum í mesta góðæri, sem yfir okkur hefur komið 1981, að hún bjó til falskt verðlag, falskan grundvöll fyrir þjóðfélagið. Hæstv. sjútvrh. lýsti því svo í áramótagrein í Tímanum í árslok 1981, að tekist hefði að halda verðbólgunni frá upphafi til loka árs í rúmum 40% á kostnað atvinnuveganna, og þá fyrst og fremst útflutningsatvinnuveganna, og sagði að lengur yrði ekki haldið áfram á sömu braut. Síðan var það þó reynt fram eftir öllu ári 1982. Og eins og fram kemur í hinni svörtu skýrslu Seðlabankans reyndist sumarið 1982 mikið óheillasumar í margvíslegum skilningi. Eyðsluskuldir erlendis jukust dag frá degi, rekstrartöp söfnuðust upp hjá fyrirtækjunum, ekki aðeins í sjávarútvegi heldur líka í iðnaði, verslun, viðskiptum, þjónustufyrirtækjum, og verulegra erfiðleika fór að gæta, einkum hjá sauðfjárbændum, eins og ég veit að hæstv. forseti veit, sem kunnugur er á Austfjörðum. Það var m. ö. o. búið að koma efnahagsmálunum í þrot í ágústmánuði, þegar ríkisstj. loks mannaði sig upp í að reyna að gera ráðstafanir af einhverju tagi.

Það fyrsta sem ráðh. komu sér saman um var að skerða launin, ganga á umsamin laun. Það var það fyrsta sem varð að gera. Nú er það engan veginn nýtt og hefur verið gert hér margsinnis áður, að krukka í launin, það er ekkert nýtt, það hefur oft verið gert. Munurinn er bara sá, að í þetta skipti var það gert með þeim hætti að allt annað fékk að leika lausum hala. Við erum búnir að búa okkur til það kerfi hér á landi að gengisfelling, sem áður fyrr þýddi í raun að greiðslubyrði fyrirtækja, t. d. af hallalánum, varð léttari, þýðir nú að greiðslubyrðin eykst, lánskjaravísitalan fer á sprett og fjármagnskostnaðurinn verður þyngri en áður hjá fyrirtækjunum. Allt fær að leika lausum hala nema launin ein. Og hver var svo afleiðingin af því að launin voru ekki skert 1. sept. fremur en 1. des.? Afleiðingin var sú, að verðbólgan hrökk úr ca. 50% í 60—70%. Ný holskefla reið yfir þjóðina, ný gengisfelling, ný vaxtahækkun, aukin greiðslubyrði, meiri erfiðleikar, ekki aðeins hjá fyrirtækjunum heldur líka hjá fólkinu í landinu. Það er undir engum kringumstæðum hægt að verja það sjónarmið, úr því að á annað borð átti að fara að skerða kjörin, að gera það þá ekki strax 1. sept. Þá hefði kjaraskerðingin ekki þurft að vera jafnmikil og síðar til að gera sama gagn. Ég efast ekki um að helmingskjaraskerðing 1. sept. hefði með viðeigandi ráðstöfunum getað valdið því að verðbólgan hér á landi,

þrátt fyrir margvíslega erfiðleika, þyrfti núna ekki að vera nema kannske 30—40, í mesta lagi 50%, miðað við að launafólk gæfi jafnmikið eftir og verkalýðshreyfingin væri með sama svefnþornið og hún er núna. En þessi leið var ekki farin. Og ég er raunar ekki eini maðurinn, sem hef haldið þessu fram. Hv. 3. þm. Austurl., sem minnir að því leyti á Gísla heitinn Guðmundsson alþm. að hann er spakur eins og Njáll, hefur haft orð á þessu sama í blöðum, að meginvilla ríkisstj. í sambandi við þessar efnahagsráðstafanir hafi verið sú að taka ekki nógu fast á nógu snemma og láta þær ekki vera nógu yfirgripsmiklar. Því miður er hætt við því að fórn launþeganna 1. des. verði þess vegna til einskis, þeir sitji eftir með sárt ennið. Formaður Dagsbrúnar talaði um það hér áðan í léttum dúr að nokkur skerðing á verðbótum 1978 væri tilfinnanlegri en nú, en við skulum bara rifja það upp, að á þeim tíma voru allar fjárskuldbindingar óverðtryggðar þannig að þau heimili eða þeir einstaklingar, sem höfðu stofnað til skulda vegna íbúðarhúsnæðis eða annars, urðu ekki eins illa úti og núna, þegar versnandi lífskjör þýða að greiðslubyrðin eykst frá mánuði til mánaðar, ekki síst hjá því fólki sem ekki hefur jafnmikla yfirvinnu og áður.

Nú held ég, herra forseti, að hann verði að kalla á varaforseta sinn, því að hann á að mæta á þingflokksfundi hálfníu. (**Forseti:** Forsetinn álítur mikilvægara að þetta mál sé krufið ögn betur til mergjar en að sitja þingflokksfundi.) Það má vera að hann þurfi að gera það. (**Forseti:** Forseti er til með að fresta umr., ef það er óskað sérstaklega eftir því af hv. ræðumanni. Svo þarf hann einnig þegar færi gefst að leita afbrigða fyrir skrifl. fluttri till. af hálfu hv. þm. Þessu ræður hv. þm.) Hv. þm. hafði hugsað sér að fara á þingflokksfund hálfníu, ef ég mætti ljúka ræðu minni síðar, því að hún er ekki líkt því búin. (**Forseti:** Það skal ég ekkert um segja, en ég er til með að fresta fundi nú um hríð, ef þess er óskað.) Til níu já. Ég mun þá gera hlé á ræðu minni, en halda henni áfram seinna. Er það heimilt? Forseti hafði ekki orð á því. Ætli ég megi gera hlé á ræðu minni og ljúka henni þegar deildin kemur aftur saman? (**Forseti:** Forseti getur ekki kveðið upp heinar ákvarðanir núna, en úrskurðar um framhald fundarins, þegar þar að kemur.) En ætli ég fái þá að ljúka ræðu minni, þegar málið kemur næst á dagskrá? (**Forseti:** Það verður vafalaust undir hv. deild sjálfri komið.) Þetta eru svolítið undarlegar umr., herra forseti. Ég held að ég biðji um orðið um fundarsköp. (**Forseti:** Nú þegar?) Já. (**Forseti:** Þá lít ég svo á, að umr. um dagskrármálið sé frestað. En nú hefur hv. 7. landsk. þm. kvatt sér hljóðs um þingsköp og tekur nú til máls.)

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil segja út frá því sem herra forseti sagði hér áðan, að ég hef ekki lokið ræðu minni um dagskrármálið og mun ljúka henni síðar, en á hitt vildi ég minnast og þess vegna bað ég um orðið um þingsköp, að mér var kunnugt um að hæstv. forseti hafði fallist á að þingfundir yrðu nú kl. 8.30 og ég tel að hver þm. hafi rétt til að sitja þingfundi. — [Fundarhlé.]

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Milli kl. 5 og 6 í dag var boðaður fundur í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Fundurinn var boðaður kl. 9 í fyrramálið til að fjalla um frv. á þskj. 334 um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl. Það er að vísu nokkuð óvenjulegt, ég skal ekki fullyrða að það finnist ekki fordæmi, að boðað sé til fundar til að fjalla um frv. áður en framsöguræða hefur verið flutt fyrir frv. í þeirri deild sem það er lagt fram í. Mér er kunnugt um að fundir hafa verið boðaðir, en þegar til fundar hefur verið komið hefur alloftast verið búið að kynna málið fyrir Alþingi.

Látum það vera. Ég geri ráð fyrir að hv. 3. þm. Austurl., formanni fjh.- og viðskn., veitist ekki erfitt að kynna nm. þetta frv., svo kunnugur sem hann er því, þannig að nm. missa kannske ekki af neinu þó að nefndarstörf hefjist áður en fyrir málinu hefur verið talað í deild. Hitt kom upp í huga minn, þegar ég hafði skoðað þetta frv., sem flutt er af forsrh., hvers konar frv. væri hér um að ræða. Ég kannaðist við að ráðherrar hefðu flutt frv. undir þeim kringumstæðum að það væri stjfrv. Ég minnist frv. um efnahagsmál, sem hæstv. núv. utanrrh. flutti þegar hann var forsrh. Hann flutti það þá í Ed., þar sem hann átti sæti, og ég minntist þess að hann gerði grein fyrir því þá að hér væri ekki um að ræða stjfrv., heldur flytti hann frv. sem þm. Ég minntist þess að menntmrh. ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, Vilhjálmur Hjálmarsson, flutti frv. Það var um framhaldsskóla. Í stað þess að biðja nefnd þingsins að flytja frv. til að kynna það Alþingi, sem oft hefur verið gert, kaus ráðh. að flytja það með þessum hætti og gerði grein fyrir því að ekki hefði verið tekin afstaða til þess máls af ríkisstj.

Nú erum við í fyrramálið að fara á fund til að fjalla um frv. sem hæstv. forsrh. flytur og það er flutt hér í Nd. Sé þetta þmfrv., frv. hv. 8.. þm. Reykv. Gunnars Thoroddsens, á að flytja þetta frv. í Ed. Sé þetta frv. hins vegar stjfrv. er það að vísu með nokkuð óvenjulegum hætti að það sé frá forsrh., nema ef vera skyldi að það væri frá forsrh. fyrir hönd allrar ríkisstj.

Mér var kunnugt um að ekki hefði náðst um þetta frv. samstaða. Það kom mér því á óvart, þegar ég gerði mér grein fyrir flutningi málsins, að það væri flutt hér í Nd. Ég hafði átt von á að það yrði flutt í Ed., þar sem hv. 8. þm. Reykv., hæstv. forsrh., á sæti. Til þess að vera viss um það, þegar ég mæti á fund í fyrramálið, hvort ég er að fjalla um frv. sem lögformlega er rétt lagt fram fyrir Alþingi eða hvort ég er að fjalla um frv. sem ætti að vera á fundum Ed. undir forustu forseta þeirrar deildar hv. 2. þm. Austurl. Helga Seljan, vil ég gjarnan spyrja forseta þessarar deildar þeirrar spurningar: Munum við í fyrramálið á fundi fjh.- og viðskn. fjalla um stjfrv. á þskj. 334 eða er hér um að ræða frv. sem hv. 8. þm. Reykv., hæstv. forsrh., flytur og því annarra að boða til þess fundar en þess sem boðaði mig á fund síðla í dag?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Vegna fsp. hv. 1. þm. Reykn. vil ég taka eftirfarandi fram: Í bókinni Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson segir svo, þar sem rætt er um starfshætti Alþingis og undir III. lið þar, þingmál, bls. 259, í 2. mgr.:

„En frumkvæðisréttur [þ. e. frumkvæðisréttur til að bera fram frv.] er eigi aðeins hjá alþm. Samkv. 25. gr.

stjórnarskrárinnar getur forseti lýðveldisins látið leggja fyrir Alþingi frv. til laga og annarra samþykkta. Það er ráðherra, sem í reyndinni fer með þennan frumkvæðisrétt forseta, þó svo að fá skal formlegt samþykki forseta til framlagningar frv., sem stjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi, sbr. ríkisráðstilskipun nr. 82/1943, 5. gr. Samkv. þessu er þingforseta skylt að taka á dagskrá tillögur þær, sem stjórnin leggur fram, hvort heldur er ríkisstj. öll eða einstakir ráðherrar" o. s. frv.

Mér hefur borist ljósrit af tillögu til forseta Íslands um að leggja megi fyrir Alþingi frv. til l. um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl.

„Samið hefur verið á vegum forsrn. frv. til l. um nýtt viðmiðunarkerfi á laun o. fl. Jafnframt því að láta fylgja hér með eintök af lagafrv. þessu vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast að téð frv. til l. um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl. verði lagt fyrir Alþingi það sem nú situr.

Forsætisráðuneytið, 14. febr. 1983.
Allra virðingarfyllst.
Gunnar Thoroddsen.
Guðmundur Benediktsson."

„Fellst á tillöguna.
Bessastöðum, 14. febrúar 1983.
Vigdís Finnbogadóttir."

Þar með er þetta frv. stjfrv. og allra laga- og formsatriða verið gætt við framlagningu þess í hv. deild.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hef engu við að bæta það, sem hæstv. forseti þessarar deildar hefur nú úrskurðað. Ég vil aðeins til enn frekari skýringar taka það fram, eins og skýrt kom fram í því sem hann mælti hér og las upp úr Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, að þessi frumkvæðisréttur, sem stjórnarskráin í 25. gr. getur um, að forseta Íslands er fenginn, á bæði við það er ríkisstj. í heild flytur frv. eða ef einstakir ráðherrar flytja frv.

Þetta frv., sem hér er um að ræða, er ekki ríkisstjórnarfrv. í þeim skilningi að öll ríkisstj. standi að því. Það kemur skýrt fram að þetta er frv. sem forsrh. flytur, að sjálfsögðu með undirskrift og eftir ákvörðun forseta. Hins vegar hafa sjö ráðh. í ríkisstj. að mér meðtöldum lýst stuðningi við þetta frv. svo að það má segja að það sé flutt á vegum þeirra og í þeirra umboði.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Nú háttar svo til með þá sjálfstæðismenn sem styðja ríkisstj. að þeir eru allir ráðherrar. Vilji þeir koma málum á framfæri við hv. Alþingi eiga þeir þess vegna ekki kost á að leita til almennra þm. um málafylgju, heldur verða þeir að taka málin upp sjálfir. Af þessum ástæðum er það væntanlega sem hæstv. forsrh. hefur kosið að bera hér fram frv., sem er auðvitað ekki stjfrv. heldur frv. frá forsrh.

Frv. er flutt þrátt fyrir harða andstöðu Alþb. Af þeim ástæðum hefur Alþb. mótmælt þeim fundi fjh.- og viðskn. Nd., sem haldinn verður í fyrramálið til þess að fjalla um þetta sérkennilega frv., og mun Alþb. ekki taka þátt í þeim fundi sem þannig er til boðað.

Það er ljóst, herra forseti, að ef hæstv. forsrh. telur að hann geti komist af án stuðnings Alþb. við að flytja stjfrv. verður það ekki skilið á annan veg en þann, að hann geti einnig komist af án stuðnings Alþb. við fleiri mál. Verður það tekið til gaumgæfilegrar athugunar næstu daga.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er aðeins ein ósk sem ég hef fram að færa. Ég óska eftir því við hæstv. forseta, að hann láti okkur þm. í té sem allra fyrst, helst áður en fundur sá hefst í fjh.- og viðskn. neðri deildar sem boðaður hefur verið, hvort nokkur fordæmi séu fyrir því að ráðh. flytji frv. af þessu tagi í annarri deild en ráðh. á sæti í.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það rit sem hefur verið skrifað um starfsreglur Alþingis þar sem greinilegast er frá þeim skýrt er rit dr. Bjarna Benediktssonar fyrrum forsrh. „Deildir Alþingis". Ég sé ekki ástæðu til þess hér og nú að fara með það sem þar stendur, vísa mönnum aðeins á það rit til lesturs, þar sem skýrt er tekið fram að það eru tvenns konar frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi. Það eru stjfrv. og það eru þmfrv. Forseti þessarar deildar hefur gefið sinn úrskurð. Frv. á þskj. 334, sem er frá forsrh., hefur hann úrskurðað sem stjfrv.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 251 (sbr. 87), n. 265, 269 og 282, 255, 277). — Frh. 2. umr.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 340) samþ. með 23 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að óska eftir að hann veiti þingflokki Alþb. að minni ósk hálftíma hlé til þingflokksfundar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er komið að atkvgr. og við þessu get ég ekki orðið meðan hún stendur yfir.

Guðrún Helgadóttir: Ég legg mikla áherslu á að þessi þingflokksfundur verði haldinn, ella treysti ég mér ekki til að taka þátt í þeirri atkvgr. sem nú fer fram.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Áherslan hefði verið ríkari ef þingflokksformaðurinn hefði beðið um þetta með einhverjum hætti. (**HBl:** Hann á ekki sæti í deildinni.) En hann getur komið skilaboðum inn í deildina fyrir því, mínir góðu menn. (**GHelg:** Forseti. Er misvægi á orðum þm. hér í hv. deild?) Forseti hlýtur að taka meira tillit til þess sem þingflokksformenn biðja um og æskja heldur en almennir þm., án þess þó að ég vilji í neinu öðru en með góðu mæta þeirra óskum. En af þessu getur því miður ekki orðið nú, en þegar í stað að lokinni atkvgr., sem ég get ekki séð að blandist neitt saman við þingskapaumr. sem urðu hér fyrir skemmstu. Verð ég nú að halda fast við að við ljúkum atkvgr. og bið um góða samvinnu, eins og við höfum t. d. alltaf átt saman, við hv. 8. landsk. þm., í þessu máli.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Áður en atkvgr. hefst vil ég gera eftirfarandi grein fyrir afstöðu þingflokks sjálfstæðismanna við afgreiðslu þessa frv. við 2.

umr.:

Þegar ríkisstj. setti brbl. á s. l. sumri lýsti Sjálfstfl. yfir andstöðu við lögin og krafðist þess, að þing yrði kallað saman, lokið yrði afgreiðslu nauðsynlegra mála, eins og kjördæmamálsins, og efnt til kosninga. Nýrri ríkisstjórn hefði þá gefist færi á að takast á við efnahagsvandann. Efnisleg andstaða Sjálfstfl. gegn lögunum hefur byggst á því, að lögin væru gagnslaus efnahagsaðgerð. Yfirlýst markmið laganna var að veita viðnám gegn verðbólgu, draga verulega úr viðskiptahalla og stöðva þannig söfnun eyðsluskulda erlendis. Efni þeirra fólst í verðbótaskerðingu á laun, hækkun skatta og ráðstöfun gengishagnaðar. Lögin hafa nú verið í gildi í um hálft ár og ekkert ofangreindra markmiða hefur náðst, eins og nú hefur komið fram með eftirminnilegum hætti í svartri skýrslu Seðlabanka, sem dregur upp ógnvænlega mynd af ástandi efnahagsmála og bendir á hættuástand fram undan. Öll gagnrýni sjálfstæðismanna hefur því reynst á rökum reist.

Þótt ríkisstj. hafi misst starfhæfan meiri hl. í Nd. hefur hún þráast við og situr án þess að hafa nokkurt frumkvæði eða forustu í brýnustu málum. Innan hennar er allt í upplausn og engin samstaða um neinar aðgerðir. Afstaða þingflokks sjálfstæðismanna hefur þá ekki síður mótast af kröfunni um breytta stjórnarstefnu, lausn á kjördæmamálinu og síðan þingrof og kosningar, þannig að myndast gæti nýr þingmeirihl., sem tækist af festu á við efnahagsvandann.

Nú liggur fyrir samþykki allra þingflokka á kosningum eigi síðar en í apríl n. k. Jafnframt er nú verið að ganga frá víðtæku samkomulagi í kjördæmamálinu, og verður frv. um breytingu á stjórnarskrá væntanlega lagt fram í vikunni. Alþingi þarf því nokkurn tíma til að fjalla um það mikilvæga mál. Til að forðast umsvifalaust þingrof, ef brbl. verða felld, og til að greiða fyrir afgreiðslu kjördæmamálsins hefur þingflokkur sjálfstæðismanna ákveðið að sitja hjá við afgreiðslu brbl. Af hálfu þingflokksins er flutt till. um að útfluttar skreiðarafurðir skuli greiddar á því kaupgengi sem í gildi er á hverjum tíma, og jafnframt mun þingflokkurinn greiða atkv. gegn brtt. sjútvrh. Þá mun þingflokkurinn flytja brtt. sem miða að því að vörugjaldið færist í það horf sem það var 1978.

Þingflokkur sjálfstæðismanna lýsir ábyrgð á hendur ríkisstj. fyrir alla meðferð þessa máls og fyrir þann háska sem steðjar að efnahagslífinu og fjárhagslegu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

nei: KP, MHM, SighB, VG, ÁG, JS, JBH.

MB, MÁM, ÓE, SteinG, AG, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JÞ, SvH greiddu ekki atkv.

2 þm. (PS, ÞS) fjarstaddir.

Þrír þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Herra forseti. Brbl., þau, sem nú er hér verið að afgreiða, eru aðeins einn hlekkur í enn óslitinni keðju bráðabirgðaráðstafana. Þrátt fyrir ítrekaðar skammtímaaðgerðir af þessu tagi hefur heildarárangurinn enginn orðið. Verðbólgan hefur farið árvaxandi, uns nú er svo komið að hættuástand blasir við verði grundvallarstefnubreyting ekki gerð. Brbl. fela ekki í sér slíka stefnubreytingu. Þau fjalla aðeins um skattahækkanir og launaskerðingu. Áhrif þeirra eru þegar að engu orðin. Nú þarf að gera grundvallarbreytingu á stjórn efnahagsmála. Þm. Alþfl. hafa lagt fram ákveðnar tillögur um hvernig slíkt skuli gert. Aðeins breyting af slíku tagi getur skilað varanlegum árangri. Áframhaldandi bráðabirgðaráðstafanir tefja aðeins fyrir því að slík breyting verði gerð. Þess vegna greiða þm. Alþfl. atkv. gegn brbl., en krefjast þess að tillögur Alþfl. um gerbreytta efnahagsstefnu verði teknar til umr. og afgreiðslu án frekari tafa. Með vísan til þessarar greinargerðar um afstöðu þm. Alþfl. segi ég nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þótt hv. þm. Karvel Pálmason hafi gert sérstaka grein fyrir atkv. Alþfl. vil ég gera grein fyrir atkv. mínu.

Nú ber brýna nauðsyn til þess að knýja óstarfhæfa og vanmáttuga ríkisstj. til að láta af völdum svo að unnt verði að efna til kosninga og mynda nýja og starfhæfa ríkisstj., sem tekist getur á við þann efnahagsvanda sem ógnar afkomu þjóðarinnar og efnahagslegu sjálfstæði hennar. Brbl., sem hér eru til afgreiðslu, eru dæmigerð skammtímalausn, sem hvorki leysa vandann til skemmri tíma né lengri tíma. En að fella þau gæti þó orðið það bjargráð er skiptir sköpum í dauðastríði ríkisstj. Alþfl. lýsti andstöðu við brbl. þegar í upphafi. Um leið og ég vænti þess að hæstv. forsrh. taki með afstöðu ríkisstj. og tillit til þeirrar staðreyndar, að ríkisstj. starfar ekki lengur á grundvelli lýðræðislegra hefða, stend ég við yfirlýsta afstöðu Alþfl. og segi nei.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þeirra ódrengilegu vinnubragða og freklegu árásar á kjör launafólks í landinu, sem hæstv. forsrh. hefur í dag viðhaft þrátt fyrir mótmæli þingflokks Alþb., vil ég upplýsa hv. Nd. um að allt samstarf við núv. ríkisstj. er mér óviðkomandi héðan í frá.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég stend við það sem ég hef áður sagt. Ég tel óráð og óvit að fella þau brbl. sem hér liggja fyrir og mun því standa við fyrri orð mín, og segi já.

2. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 337 samþ. með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, SighB, SteinG, AG, ÁG, BÍG, EH, FrS, GeirH, GJG, HBl, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, FÞ, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

VG greiddi ekki atkv.

2 þm. (PS, ÞS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 225,1 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS.

nei: FrS, GeirH, HBl, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BÍG, EH, SvH.

GJG greiddi ekki atkv.
2 þm. (PS, ÞS) fjarstaddir.
Brtt. 277,1 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, AG, ÁG, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, SvH.
nei: JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, VG, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn.
IGísl greiddi ekki atkv.
2 þm. (PS, ÞS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Með samþykkt till. frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og fleiri var ákveðið að taka ekki gengismun af skreiðarútflutningi. Það skerðir tekjur gengissjóðs um u. þ. b. 90 millj. kr. Ef þessi till. er samþykkt er jafnframt gert ráð fyrir að greiða skreiðarútflytjendum styrk af fé sem er ekki til. Ég segi því nei.

Brtt. 277, 2 tekin aftur til 3. umr.
— 255, 2 tekin aftur til 3. umr.
4. gr. samþ. með 19:3 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 340 tekin aftur til 3. umr.
— 338, 1—2 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MÁ, ÓE, SighB, SteinG, AG, ÁG, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, SvH.
nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.
VG greiddi ekki atkv.
2 þm. (PS, ÞS) fjarstaddir.
Brtt. 338, 3 tekin aftur.
— 338, 4 felld með 19:17 atkv.
7. gr. a–b samþ. með 18:19 atkv.
7. gr. c felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS.
nei: FrS, GeirH, HBl, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BÍG, EH, SvH.
2 þm. (PS, ÞS) fjarstaddir.
7. gr. d samþ. með 19:7 atkv.
8.—12. gr. samþ. með 19:2 atkv.
13. gr. samþ. með 19:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

Neðri deild, 39. fundur.

Mánudaginn 14. febr., að loknum 38. fundi.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 341 (sbr. 87)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja tvær brtt. við frv. eins og það er eftir 2. umr. Þær eru báðar skriflegar og of seint fram komnar og ég leyfi mér að lesa þær, með leyfi forseta. Fyrri brtt. orðast svo:

„2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Af útfluttum skreiðarafurðum skal þó aðeins draga 5½% gengismun. Að öðru leyti kveður ríkisstj. nánar á um til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir."

Þá flyt ég einnig brtt. við sama frv., sem er svohljóðandi:

„1. 5. tölul. 4. gr. orðist svo:

Kr. 38 millj. renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa samkv. reglum sem sjútvrn. setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

2. Á eftir 5 tölul. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tölul., svohljóðandi:

Eftirstöðvum, ásamt vöxtum, skal ráðstafað samkv. nánari ákvörðun sjútvrn. í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis."

Þetta mál hefur verið allmikið rætt og skal ég ekki hafa um það mörg orð. Ég vil þó endurtaka að mér eru fyllilega ljósir greiðsluerfiðleikar skreiðarframleiðenda. Þeir liggja með mikið fjármagn í skreiðarbirgðum. Hins vegar sýnist mér það á allverulegum misskilningi byggt að afkoma skreiðarframleiðslunnar sé svo slök eins og skilja má á málflutningi hér. Ég vek athygli á því, að skreiðarframleiðendur eru með a. m. k. 40—50% afurðalán sem eru á 33% vöxtum. Þetta eru vissulega mjög hagkvæmir vextir á sama tíma og dollari hefur á ársgrundvelli hækkað um u. þ. b. 100%. Ég hef áður skýrt frá því hér, að þegar skreið fór úr landi á síðasta ári var ávöxtun eigin fjár í skreiðarbirgðum samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar 240%. Hér er ekki verið að leggja neinn skatt á skreiðarframleiðendur fyrr en afurðin er farin úr landi. Mér er fyllilega ljóst að margir skreiðarframleiðendur eru með það mikið fjármagn bundið í skreiðarbirgðum, að þeir hafa að sjálfsögðu orðið að útvega sér lánsfé annars staðar og margir kunna að vera með slíkt lánsfé á vanskilavöxtum. Engu að síður er töluvert, satt að segja ansi mikið, borð fyrir báru þegar þess er gætt hve drjúg ávöxtun eigin fjár í skreiðarbirgðum er.

Menn segja hér: Þetta er óviss peningur. Undir það hef ég tekið. Það verður bara að koma í ljós hvort þetta fjármagn fæst. Ég er sannfærður um að skreiðin fer úr landi. Svo hefur alltaf verið. Í 30 ár hefur það aldrei gerst að ekki hafi birt upp um síðir og skreiðin farið út landi. Ég tel því óhætt að gera ráð fyrir ráðstöfun þess fjár sem hér er um að ræða í þágu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, bæði í Stofnfjársjóð fiskiskipa og annað þar sem þörf er brýnna ráðstafana til að bæta rekstrargrundvöllinn.

Eins og ég sagði, herra forseti, eru tillögur þessar of seint fram komnar og skriflegar og fer ég fram á að leitað verði afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 342) samþ. með 21 shlj. atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Nú þykir mér einsýnt, af því að viðhorf eru breytt við breytingarnar sem urðu á frv. við 2. umr. og svo þessar nýju brtt. hæstv. sjútvrh., og mundi það að minni hyggju greiða fyrir málsmeðferðinni, að gefið verði hlé til kl. 11 svo að þingflokkar fengju tækifæri til að athuga málið á þeim tíma. — [Fundarhlé.]

Samkomulag hefur orðið um að fresta 3. umr. um dagskrármálið og fer hún fram á fundi hv. deildar kl. 1 á morgun. Þá má gera ráð fyrir lokaatkvgr. innan hálftíma frá því að umr. hefst.

Umr. frestað.

Efri deild, 44. fundur.

Þriðjudaginn 15. febr., kl. 1 miðdegis.

Orkulög, frv. (þskj. 327). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 með síðari breytingum. Meginmarkmið frv. þessa, sem felur í sér breytingu á orkulögum, er að tryggja opinbert eftirlit með verðlagningu á raforku og heitu vatni, sem selt er samkv. gjaldskrám.

Hinn 31. des. 1981 rann út gildistími verðstöðvunarákvæða í 1. gr. laga nr. 12 frá 30. apríl 1981, um verðlagsaðhald o. fl., en þau ákvæði giltu fyrir tímabilið frá 30. apríl 1981 til þess dags, án þess að önnur sams konar ákvæði kæmu í staðinn. Þessi ákvæði voru eins og kunnugt er hin nýjustu í röð verðstöðvunarákvæða samkv. sérstökum lögum í sambandi við sérstakar efnahagsráðstafanir. Voru næstu ákvæði á undan í 7. gr. laga nr. 121 30. des. 1978, um kjaramál, giltu þau frá 9. sept. 1978, en fengu síðan lokadaginn 1. maí 1981 með breytingu frá áramótum 1980/1981, er staðfest var með lögum nr. 10 frá 13. apríl 1981. Löggjöf af þessu tagi hefur verið hér í gildi með litlum undantekningum á annan áratug þannig að oftast tók ein við af annarri.

Frá því að ákvæðin um herta verðstöðvun féllu úr gildi hefur nokkurt misræmi skapast um opinbert eftirlit með breytingum á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja. Frá þeim tíma hefur Landsvirkjun ekki verið háð eftirliti yfirvalda með verðlagningu á orku. Í lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, 2. gr., er tekið fram að lögin nái ekki til verðlagningar sem ákveðin er með sérstökum lögum. Í lögum um Landsvirkjun eru slík sérákvæði, en samkv. 2. mgr. 11. gr. landsvirkjunarlaga nr. 59/1965 er þó kveðið á um að stjórn Landsvirkjunar ákveði að fengnum tillögum Þjóðhagsstofnunar heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Í 8. gr. laga um Laxárvirkjun er samhljóða ákvæði um að stjórn fyrirtækisins ákveði verð Laxárvirkjunar á raforku.

Breytingar á gjaldskrám annarra orkufyrirtækja eru hins vegar háðar staðfestingu ráðh. orkumála. Slík staðfesting er stjórnvaldsathöfn, sem háð er skilyrðum að lögum. M. a. þarf að birta hana í Stjórnartíðindum til að hún öðlist gildi.

Skilyrðið um staðfestingu ráðh. á gjaldskrá er nátengt einkaleyfisrétti fyrirtækjanna. Rétt hefur þótt að ríkisvaldið hafi ríkt eftirlit með starfsemi, sem það hefur veitt einkarétt til. Tilgangur opinbers eftirlits er m. a. að vernda rétt neytenda gegn hugsanlegri misnotkun einkaréttarhafa, t. d. vegna of hárrar gjaldtöku af seldri þjónustu. Jafnframt réttlætist opinbert eftirlit með gjaldskrármálum af nauðsyn þess að tryggja jafnrétti notenda sem kaupa orku frá sama orkufyrirtæki, en samkv. mismunandi ákvæðum í gjaldskrám, þannig að ákveðnum notendahópi sé ekki ívilnað umfram það sem eðlilegt má teljast vegna mismunandi notkunar t. d. er varðar nýtingartíma afls eða önnur atriði.

Ef litið er á þróun á raforkuverði Landsvirkjunar til almenningsveitna s. l. ár er ljóst að verulegt aðhald með verðlagningu raforku frá fyrirtækinu er nauðsynlegt. Rétt er að benda á að gjaldskrárhækkanir Landsvirkjunar til almenningsrafveitna hafa verið langt umfram verðlagsþróun s. l. þrjú ár, t. d. numið 594.1% á árunum 1980—1982 á sama tíma og byggingarvísitala hækkaði um 275%. Er þetta 85% umfram almennar verðlagsbreytingar á þessu þriggja ára tímabili.

Á árinu 1982 er talið að halli á rekstri Landsvirkjunar hafi, þrátt fyrir 119% hækkun gjaldskrár það ár, numið 147.5 millj. kr. Stjórn Landsvirkjunar telur þörf á nær 126% hækkun gjaldskrár í ár, þ. e. 29%, sem kom til framkvæmda samkv. ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar 1. febr. s. l., 29% sem stjórnin hefur áformað að komi til framkvæmda 1. maí n. k., 16.5% 1. ágúst n. k. og síðan 16.5% 1. nóv. n. k., til að ná nærri hallalausum rekstri á árunum 1982 og 1983 til samans. Þessar ráðgerðu hækkanir á raforku frá Landsvirkjun eru miðaðar við um 50% verðbólgu á þessu ári, sem eru forsendur sem óvissa er um.

Skýringar á þessum geigvænlegu verðhækkunum og hækkanaþörf eru margþættar, en þyngst vega ótvírætt óhagstæðir orkusölusamningar til stóriðjufyrirtækja svo og hár fjármagnskostnaður.

Þessar verðhækkanir koma að sjálfsögðu hart niður á almenningi í landinu, ekki síst þeim sem nota raforku til húshitunar, svo og á almennum atvinnurekstri. Jafnframt þrengist svigrúm til eðlilegrar álagningar hjá dreifiveitum raforku og er orkukaupahlutfall flestra þeirra orðið óeðlilega hár útgjaldaliður.

Rn. vefengir ekki nauðsyn þess að leitast verði við að tryggja hallalausan rekstur hjá Landsvirkjun, en hitt er jafnljóst, að með öllu er óverjandi að láta gjaldskrárhækkanir umfram almenna verðlagsþróun bitna áframhaldandi af fullum þunga á viðskiptavinum rafveitna í landinu. Til að hamla gegn þessari þróun hefur rn. knúið fast á um endurskoðun á samningum við ÍSAL, sem keypt hefur 45—50% af raforkuframleiðslu Landsvirkjunar undanfarin ár. Nú er til sérstakrar athugunar að ná fram leiðréttingu á orkuverði til álversins í Straumsvík, en leiðréttingá orkuverði til ÍSALs mundi geta dregið verulega úr hækkunarþörf gagnvart almenningsveitum. Þess má t. d. geta, að ef orkuverðið til ÍSALs og Áburðarverksmiðjunnar, sem greiðir sama orkuverð og álverið, hækkaði í 12.5 mills fyrir yfirstandandi ár mundu áætlaðar tekjur Landsvirkjunar aukast um 181 millj. kr.

Ég vil taka það fram, að orkuverðlagning til Áburð-

arverksmiðjunnar er auðvitað sérstakt mál, en er tekið hér reikningslega saman vegna þess að sömu ákvæði hafa gilt um þessa verðlagningu. En á það yrði að líta sérstaklega og orkuafhendingarskilyrði að sjálfsögðu öll önnur til þessara fyrirtækja í sambandi við kröfu til orkuafhendingar.

Tekjuaukning sem þessu næmi, um 180 millj. kr., mundi lækka áætlaðan heildargreiðsluhalla hjá Landsvirkjun fyrir árin 1982 og 1983 um 38%. Þar af leiðandi mundi áætluð þörf á hækkun orkuverðs til almenningsveitna á tímabilinu 1. febr. 1983 til 31. des. 1983 lækka úr 125.9% í 51.3%. Með þessu mundi 17.3% hækkun 1. maí 1983 tryggja greiðslujöfnuð fyrir 1982 og 1983 samanlagt.

Þessi hækkun upp í 12.5 mills er hér aðeins tekin sem dæmi um áfanga til að menn fái hugmynd um hvað hér er á ferðinni og hversu mikla þýðingu þessi orkusala hefur fyrir afkomu Landsvirkjunar. En ef slík hækkun næðist fram væri frekari hækkana ekki þörf á árinu til að jafna greiðslustöðu Landsvirkjunar, eins og hér var frá greint. Frv. þetta tekur þó ekki til verðákvæða varðandi orkusölu til stóriðju, enda mun það mál væntanlega koma til sérstakrar meðferðar innan tíðar.

Heildarendurskoðun orkulaga á vegum iðnrn. er nú um það bil að ljúka og er það mál raunar til meðferðar í ríkisstj. og hefur verið það um nokkurt skeið, þar sem fyrir liggja tillögur rn. um ýmis frumvörp sem varða heildarendurskoðun orkulaga. Ætla verður að heildarendurskoðun orkulaga taki nokkurn tíma og því er hér lagt fram frv. um þetta takmarkaða efni, sem vonast er til að afgreiða megi með skjótum hætti. Sú breyting, sem hér er lögð til, verður þá jafnframt tekin upp í frv. að endurskoðuðum orkulögum og felld að slíku frv. þegar það verður lagt fram.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að orðlengja þetta hér frekar, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði að þetta frv., sem hér er til umr., væri borið fram sérstaklega, en ekki látið bíða frv. til orkulaga, en hann sagði núna að heildarendurskoðun orkulaga væri um það bil að ljúka. Síðast vék hæstv. ráðh. að endurskoðun orkulaga snemma á þessu þingi. Það var til umr. þá frv. til nýrra orkulaga, sem liggur fyrir þessari deild. Þá gaf hæstv. ráðh. þá yfirlýsingu, að það yrði lagt fram stjfrv. fyrir áramót. (**Iðnrh.:** Ég vonaðist til þess.) Hæstv. ráðh. segir núna að hann hafi vonast til þess. Ég man ekki betur en það væri ótvíræð yfirlýsing gefin þá, en við skulum ekki gera það að höfuðmáli hér.

Það sem er höfuðmál þessa er að hæstv. ráðh., sem er búinn að vera lengst af iðnrh. síðan 1978, hefur þvælst fyrir endurskoðun orkulaganna eins og hann hefur haft möguleika til. Hvers vegna? Ég hef látið þess getið, að mér komi ekki á óvart að það sé m. a. eða kannske fyrst og fremst vegna þess að í einu grundvallaratriði varðandi skipulag orkumála hefur verið ágreiningur milli hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. Ég hef látið mér koma til hugar að þetta væri ein meginástæðan fyrir þessari töf, og er það kannske velviljaðasta skýringin sem hægt er að finna á þessum drætti.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er til breytinga á orkulögum. Þar er gert ráð fyrir að inn komi nýtt ákvæði í orkulög, ný grein bætist við orkulög, þar sem tekið er fram að breytingar á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja skuli háðar samþykki ráðh. orkumála. Það er í orkulögum núna ákvæði varðandi gjaldskrár orkufyrirtækja. Þau ákvæði er að finna í 25. gr. orkulaga og 29. gr. Ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðh. viki að þessum ákvæðum, sem eru í orkulögum. Það var kannske ekki tilviljun að hæstv. ráðh. gerði það ekki.

Það er sumt í þessu máli eins og það er hér lagt fram með nokkuð undarlegum hætti. Í grg. með frv. segir að orkufyrirtæki í landinu séu nú öll háð opinberu eftirliti með verðlagningu á orku, nema Landsvirkjun. Hvers vegna eru þessi orkufyrirtæki landsins háð opinberu eftirliti? Hæstv. ráðh. sagði það ekki, en það er samkv. þeim ákvæðum í orkulögunum sem ég vitnaði til áðan en hæstv. ráðh. minntist ekki á. Það væri ástæða til þess að spyrja: Fyrst að öll orkufyrirtæki landsins eru núna háð opinberu eftirliti með verðlagningu á orku nema Landsvirkjun, hvers vegna hljóðar þetta frv. þá ekki um breytingar á lögum um Landsvirkjun? Hvers vegna ekki, ef öll önnur orkufyrirtæki eru háð opinberu eftirliti á verðlagningu? Ég hygg að hæstv. ráðh. þurfi að skýra þetta, og það er ýmislegt fleira sem þarfnast skýringa varðandi þetta mál.

Í orkulögum segir nú, að ráðh. skuli staðfesta gjaldskrána hjá orkufyrirtækjum. Þetta á að skilja svo, að ráðh. geti aðeins staðfest eða synjað gjaldskrá sem eigendur orkufyrirtækja hafa sett sér, en samkv. þessu ákvæði hefur hæstv. ráðh. ekki heimild til að setja gjaldskrá. Hins vegar hafa afskipti ráðh. af gjaldskrá byggst á verðstöðvunarlögum sem giltu frá því árið 1970 og til ársloka 1981. Meðan verðstöðvunarlögin voru í gildi hafði hæstv. ráðh. m. ö. o. heimild í þeim lögum til að ákveða gjaldskrána. En síðan verðstöðvunarlögin féllu úr gildi hefur ráðh. ekki haft neina heimild til afskipta af þessum málum umfram það sem orkulög gera ráð fyrir. Þannig er háttað hinum almennu reglum sem nú gilda um þetta efni.

En víkjum þá að Landsvirkjun sérstaklega. Í orðum hæstv. ráðh. og samkv. grg. frv. verður ekki annað séð en frv. sé til komið vegna Landsvirkjunar. Það er auðvitað rétt að hin almennu ákvæði orkulaga í þessu efni ná ekki til Landsvirkjunar, vegna þess að það eru sérákvæði í landsvirkjunarlögunum um þessi efni. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það. Og ég hygg að hann byggi afstöðu sína og sinn málflutning á því. En í lögum um Landsvirkjun er ákveðið að stjórn fyrirtækisins ákveði gjaldskrár. Meðan verðstöðvunarlögin giltu eða fram til ársloka 1981 var valdið hjá ráðh. til þess að ákveða þetta. Síðan hefur það ekki verið.

Þetta er ákaflega þýðingarmikið mál fyrir Landsvirkjun. Um þessar mundir eru ýmis þýðingarmikil atriði á döfinni varðandi framtíð Landsvirkjunar, svo sem við þekkjum, vegna þess að nú er gert ráð fyrir að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjun svo sem kunnugt er. Með tilliti til þessa hefur þótt nauðsynlegt að setja Landsvirkjun ný lög. Í frv. að nýjum lögum um Landsvirkjun, sem eignaraðilar hafa komið sér saman um, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, og var gengið frá 28. jan. s. l., að ég hygg, er það óbreytt að heimild til að setja gjaldskrá er í höndum fyrirtækisins sjálfs. Í nýju frv., sem er búið að samþykkja af eignaraðilum Landsvirkjunar, er gert ráð fyrir að það sé sama ástand í þessum efnum hvað varðar Landsvirkjun

og verið hefur, og samið er um það. En þetta frv., sem við hér ræðum, felur í sér riftun á þessu samkomulagi. Það var samið um þetta milli eignaraðila. En það er rétt að hæstv. ráðh. hafði gert kröfu um að undir hans valdsvið félli að ráða gjaldskrám fyrirtækisins. Sú afstaða er í samræmi við það frv. sem hæstv. ráðh. leggur hér fram. En þetta var ekki niðurstaðan af samningum eignaraðila Landsvirkjunar. Í samningagerð eignaraðila féllu fulltrúar ráðh. frá kröfu ráðh. gegn tilslökun af hálfu Reykjavíkur og Akureyrar um önnur ákvæði frv.-draganna.

Mér hefur þótt rétt að láta þetta hér koma fram í þessum umr., vegna þess að það snertir ekki einungis þetta frv., sem við nú ræðum, heldur er frv. sjálft og tilgangur þess, eins og lýst er í grg. með frv., með slíkum ólíkindum að mestu furðu sætir.

Ég sagði áðan, þegar ég vék að ákvæðum orkulaga um þessi efni, að það væri hlutverk ráðh. að staðfesta eða synja gjaldskrám orkufyrirtækja, en ekki að ákveða sjálfur hver gjaldskráin skyldi verða. Þetta hefur verið svo síðan verðstöðvunarlögin féllu úr gildi. En hæstv. ráðh. hefur verið að taka sér vald, sem hann hefur ekki, eftir að verðstöðvunarlögin féllu úr gildi til þess að ákveða gjaldskrár orkufyrirtækja. Þetta hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir orkufyrirtæki Reykjavíkurborgar, rafmagnsveituna og hitaveituna. Mér er tjáð að í undirbúningi sé eða athugun af hálfu Reykjavíkurborgar málsókn á hendur ríkinu til bóta fyrir það tjón sem hæstv. ráðh. hefur valdið með afstöðu sinni til þessara mála.

En þetta mál er víðtækt og snertir miklu fleiri aðila en Reykjavíkurborg. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvaða brögðum hæstv. iðnrh. hefur beitt til að koma í veg fyrir hækkun á gjaldskrám Hitaveitu Reykjavíkur, sem hafa verið nauðsynlegar til að standa undir rekstri og framtíðaröryggi þessarar orkustofnunar og sem líka hefði stuðlað meira en margt annað að jöfnuði í hitunarkostnaði landsmanna. Það er hart að ætla sér maður orkumálanna í landinu, sem ekki lætur sér fátítt um það óréttlæti sem gildir í húshitunarmálunum og misrétti, skuli standa þver í vegi fyrir því að það skuli vera gerðar ráðstafanir sem m. a. stuðla að auknum jöfnuði í þessum málum.

En það er að sjálfsögðu ekki höfuðatriði að það sé jöfnuður á háum hitunarkostnaði, heldur er nú höfuðatriðið að lækka hitunarkostnaðinn almennt. Það er líka sorgarsaga hvernig hæstv. ráðh. hefur tekið á því máli. Það er svo kunnugt að ég skal ekki fara út í almennar umr. um það efni.

En mér þykir hlýða að víkja að því hér, að á síðasta þingi var borið fram hér í þessari hv. deild frv. til l. um jöfnun hitunarkostnaðar af hv. þm. Eiði Guðnasyni og Agli Jónssyni ásamt mér. Hliðstætt frv. var áður fram borið og var þá þriðji heiðursmaðurinn flm. auk mín, þ. e. hv. þm. Stefán Jónsson.

Það hefur í öllum umr. um þessi mál í þessari deild og raunar víðar komið fram það sem við verðum að ætla samstöðu í þessu máli. Þeim mun hörmulegra er að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa haft tilburði til að nota þá samstöðu til að þoka þessum málum áfram og ná slíkum árangri sem hefði átt að vera hægt að ná með skeleggri forustu.

Þessu frv., sem lagt var fram á síðasta þingi hér í þessari hv. deild, var vísað til ríkisstj. með sérstakri samþykkt, þar sem m. a. var tekið fram að við endurskoðun þessara mála verði tekið sérstakt tillit til efnisþátta frv., en það gefur mér sérstakt tilefni til að minnast á þetta núna. Án þess að ég ætli að fara að lýsa frv., var einn meginþáttur þess sá, að komið væri upp ákveðinni viðmiðunarreglu sem ákvarðaði hvað mikið misrétti yrði þolað í upphitunarmálunum. Sú regla var þannig undirbyggð, að þar komi til góða á sinn hátt bæði niðurgreiðsla á hitunarkostnaði og eðlileg hækkun á gjaldskrám ódýrustu hitaveitna. Og ég verð að segja að ekki er nú mikil ástæða til að gefa hæstv. iðnrh. auknar heimildir til að standa þversum í þessum málum eins og hann hefur gert. Það virðist vera meiri ástæða að athugað verði gaumgæfilega með hverjum hætti er hægt að stöðva valdníðslu hæstv. ráðh. í sambandi við gjaldskrár orkufyrirtækja í landinu. Ég segi valdníðslu, eftir að niður er fallin sú heimild sem hann hafði með verðstöðvunarlögum og féll niður í árslok 1981, því að hæstv. ráðh. hefur ekki heimild til að ákveða gjaldskrár samkv. gildandi lögum.

Það eru þessar almennu aths. og hinar sérstöku aths. varðandi Landsvirkjun, sem ég hef hér vikið að, sem ég taldi rétt að kæmu strax fram við 1. umr. En auðvitað geri ég ráð fyrir að allt þetta mál þurfi að athuga af mikilli kostgæfni í hv. iðnn., sem ég geri ráð fyrir að málið komi til, en þar á ég sæti.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ræða hv. 4. þm. Vestf. vegna þessa frv. var nokkuð sérkennileg. Ekki verður nú sagt að hann hafi sparað stóru orðin í máli sínu og kemur það út af fyrir sig ekkert á óvart því að hv. þm. er gjarnan á hærri nótunum í málflutningi og auðvelt er að þola það.

Ég vil, eftir að hafa vikið að þeim efnislegu aths. sem hann kom hér að, beina vissum fsp. til hv. 4. þm. Vestf. Hann kom hér fram með ábendingar og aths. sem hann tengdi gagnrýni á þetta frv. og þá fyrst það, að fyrir væru í orkulögum ákvæði um gjaldskrár orkuveitna og þau ákvæði gæfu þó ráðh. ekki að hans mati færi á að setja orkuveitum gjaldskrár, eins og hann túlkaði ákvæði gildandi laga um þetta, en hann virðist ekki hafa áhuga á því að þau ákvæði verði með öðrum hætti en fyrir liggur. Ef ég hef skilið mál hans rétt hefði hann talið eðlilegast að breyting yrði gerð á lögum um Landsvirkjun í sambandi við hennar gjaldskrárákvörðun og heimildir sem hún hefur að gildandi lögum, en í hinu orðinu mátti skilja að hann teldi það með öllu ástæðulaust og aðeins bjóða upp á valdníðslu af hálfu ráðh. að slík ákvæði yrðu sett.

Ég verð að segja að þetta er allt saman harla einkennilegur málabúnaður. Í 25. gr. orkulaga eru ákvæði varðandi héraðsrafmagnsveitur og almenningsrafveitur og í 29. gr., 3.—5. mgr., varðandi hitaveitur. Þar er sem sagt að finna ákvæði um almenningsrafveitur og hitaveitur með því orðalagi sem í lögunum er, en með þeirri breytingu, sem ég mæli hér fyrir, eru tekin af tvímæli um að breytingar á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja skuli háðar samþykki ráðh. orkumála. Hér er því verið að setja almennt ákvæði um þessi efni, sem tekur til allra orkufyrirtækja, þ. á m. til Landsvirkjunar, og menn verða að sjálfsögðu að meta málið í ljósi þess. Ég tel eðlilegt að þetta ákvæði sé sett inn í orkulög, þar sem fyrir eru ákvæði, eins og ég vék hér að, varðandi gjaldskrár almenningsrafveitna og hita-

veitna og menn hafi þá á einum stað og í sömu lögum ákvæði er lúta að verðlagningu orkufyrirtækja.

Hv. 4. þm. Vestf. vildi túlka það svo, að með flutningi þessa frv. væri verið að rifta samkomulagi um frv. til l. um Landsvirkjun, sem undirbúið hefur verið og væntanlega verður flutt á þessu þingi, — frv. sem undirbúið var af nefndum á vegum eignaraðila. Ég vil taka það skýrt fram, að málið er ekki þannig vaxið eins og hv. 4. þm. Vestf. vildi túlka það. Frv. um orkufyrirtæki eins og Landsvirkjun getur að sjálfsögðu ekki bundið hendur Alþingis varðandi verðlagningu almennt hjá orkufyrirtækjum. Það hlýtur að vera honum sem og öðrum hv. alþm. ljóst. Það var þeim ljóst sem unnu að undirbúningi frv. um Landsvirkjun. Í þessu sambandi nægir að benda á, að í þeim frv.-drögum, sem enn hafa ekki verið lögð fram hér á Alþingi, en undirbúin hafa verið, að nýjum lögum um Landsvirkjun er haldið óbreyttum ákvæðum varðandi gjaldskrá fyrirtækisins eins og er í gildandi lögum, en þrátt fyrir þessi ákvæði voru hér í gildi fram að áramótum 1980/81 ákvæði sem takmörkuðu ákvæði landsvirkjunarlaganna og veittu stjórnvöldum heimild til íhlutunar um gjaldskrá Landsvirkjunar eins og annarra orkuveitna. Það var fram tekið af fulltrúum ríkisins, sem áttu hlut að undirbúningi frv. um Landsvirkjun á vegum rn., að gera mætti ráð fyrir að leitað yrði lagaheimildar sem þeirrar sem hér er óskað eftir og ríkisstj. stendur að með flutningi þessa frv.

Hv. 4. þm. Vestf. hafði uppi um það allmörg orð, að ég hefði sem ráðh. níðst á veitufyrirtækjum Reykjavíkur, sérstaklega í sambandi við verðlagningu þeirra á orku, og vildi túlka ákvæði gildandi laga, ákvæði í orkulögum sem hér var til vitnað, á þá leið að ráðh. hefði nánast ekki heimild til annars en segja já eða nei í sambandi við verðákvarðanir þessara veitufyrirtækja. Slík hefur ekki verið reyndin, slík hefur ekki verið málsmeðferðin. Í sambandi við t. d. síðustu gjaldskrárákvörðun var heimiluð hækkun hjá þessum veitufyrirtækjum, en minni en þau höfðu óskað eftir, svo sem lengst af hefur verið um árabil. Ég held að hv. þm. gæti farið aftur í tímann t. d. til ríkisstjórnar sem hann studdi á árunum 1974—1978 og hann ætti að bera það saman hvernig tekið hefur verið á óskum þessara veitufyrirtækja varðandi gjaldskrárbreytingar á þeim tíma annars vegar og síðan á tímabilinu sem síðan er liðið. Ég er ekkert viss um að það komi fram að það hafi verið verr með þessi veitufyrirtæki farið, svo að notuð séu orð sem hann tekur sér í munn og raunar vægari orð en gert var á árum áður. Það er að sjálfsögðu mál þessara veitufyrirtækja og forráðamanna þeirra hvort þau vilja vefengja þær ákvarðanir sem stjórnvöld hafa tekið varðandi gjaldskrá þeirra og hvort þau sjá ástæðu til að leita réttar síns með öðrum hætti. Við það hef ég að sjálfsögðu ekkert að athuga að forráðamenn þessara veitna láti á slíkt reyna, en hitt stendur óhaggað, að stjórnvöld hafa heimild til íhlutunar um gjaldskrá þessara veitufyrirtækja með ákvæðum í gildandi lögum, en hins vegar ekki varðandi Landsvirkjun með sama hætti.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vék hér að jöfnun hitunarkostnaðar og hafði uppi allstór orð í því sambandi. Hv. þm. gerþekkir nú þessi mál, hefur m. a. nýlokið störfum í nefnd á vegum iðnrn. sem hafði það hlutverk að gera tillögur um tekjuöflun til að standa straum af niðurgreiðslu á innlendum orkugjöfum, sérstaklega á rafhitun til húshitunar, og hann vann að ég best veit gott starf innan þeirrar nefndar og stóð að tillögum þar þótt með fyrirvara væri. Megintill. þeirrar nefndar var að vænlegast væri til frambúðar, til þess að tryggja að verð á innlendri orku og þá sérstaklega á raforku þróaðist ekki með þeim hætti sem verið hefur undanfarin ár, að hækkað verði orkuverð til stóriðju í landinu. Hv. þm. hefur orðað það eitthvað á þá leið í sínum fyrirvara í þessu nál., að einskis skuli láta ófreistað til að ná fram leiðréttingu á raforkuverði til Íslenska álfélagsins hf. Ég tók sérstaklega eftir þeirri áherslu í fyrirvara hans í umræddu nál.

Þær aðgerðir, sem gripið hefur verið til af stjórnvalda hálfu til að bregðast við því mikla misræmi sem er á húshitunarkostnaði hjá landsmönnum, eru í samræmi við þá yfirlýsingu sem hér var gefin 5. maí 1982 og í anda þeirra tillagna sem hér höfðu verið fluttar af þm. í formi frumvarpa á árunum 1981 og 1982, þar sem hv. 4. þm. Vestf. átti hlut að máli. Það hafa verið teknir áfangar í niðurgreiðslu raforku skref fyrir skref frá því á síðasta ári. Nemur nú kostnaður við meðaltalsaðstæður við upphitun húsnæðis með raforku um 62% af olíukyndingarkostnaði óniðurgreiddum. Ákveðið er að næsti áfangi þar verði stiginn ekki síðar en við næstu gjaldskrárákvörðun 1. maí n. k. þannig að þá verði náð 60% markinu. Þetta er mikið sanngirnismál og mikið nauðsynjamál og ég veit að okkur hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson greinir ekki á um það, en ég hlýt að undrast það nokkuð að hann skuli haga orðum sínum með þeim hætti sem hann gerði hér áðan vitandi um það sem gert hefur verið í þessum efnum og þá áherslu sem ríkt hefur af minni hálfu til að ná þarna fram nauðsynlegum leiðréttingum.

Hv. 4. þm. Vestf. sagði undir lok máls síns eitthvað á þá leið að athuga þyrfti með hvaða hætti sé unnt að stöðva valdníðslu mína. Það er sjálfsagt að hann athugi það og taki sér tíma í nefnd til að kanna leiðir til þess, ekkert hef ég við það að athuga. En ég vil að lokum beina þeim fsp. til hv. 4. þm. Vestf.: Telur hann ekki ástæðu til þess að stjórnvöld hafi heimild í sínum höndum til íhlutunar um gjaldskrár orkuveitna, orkufyrirtækja, þ. á m. varðandi gjaldskrá Landsvirkjunar? Telur hann rétt að slíkt fyrirtæki, sem nú er að færa út kvíarnar og fá aukið hlutverk í orkuöflun landsmanna, hafi frjálsar hendur um verðlagningu á þeirri orku sem það selur almenningsveitum? Telur hv. þm. að sú verðþróun sem verið hefur undanfarin ár sé þannig að ekki sé ástæða til fyrir stjórnvöld að geta tekið á því með öðrum hætti en stjórn Landsvirkjunar hefur gert og áformar á þessu ári? Mér þætti gott að fá svör við þessu frá hv. þm. og þau lægju hér skýrt fyrir.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig vonum seinna að orkumál beri á góma í þessari hv. deild og þá að sjálfsögðu í ljósi þess sem síðast hefur gerst í þessum efnum, þeirrar miklu raforkuverðshækkunar sem hefur orðið og nú er að sliga heimilin sem við raforkuhúshitun þurfa að búa.

Það var nokkuð athyglisvert að velta fyrir sér málflutningi hæstv. iðnrh. Það fór ekki milli mála að horfinn er mesti glansinn af þeim ráðherradómi, enda verið að tala um það þessa dagana að nú sé Alþb. að taka saman pjönkur sínar og halda burt úr þessari

ríkisstj. Það er þess vegna skiljanlegt þótt það séu þung og erfið spor, sem jafnframt liggur fyrir að eru gagnslaus, sem ráðh. er að stíga í sambandi við verðlagningu á orku. Kannske á það að vera eitthvert ofurlítið innlegg inn í næstu kosningabaráttu að um gjaldskrá hafi verið flutt frv. hér á Alþingi.

En einmitt núna við þessa umr. væri fróðlegt að fjalla um það hér sem menn voru að tala um fyrir síðustu alþingiskosningar, þegar fjallað var um hækkun á olíuverði til húshitunar, og fara yfir hvað menn sögðu um þann háska sem þeir stóðu frammi fyrir sem þurftu þá að hita híbýli sín með olíu. Og það er sannarlega athyglisvert að rifja það upp, nú þegar núv. hæstv. ríkisstj. er að skila af sér, að þetta fólk stendur frammi fyrir sama vandanum varðandi upphitun á sínum híbýlum og þó raunar miklu meiri vegna þess að nú er hann orðinn til í okkar eigin landi. Það hefur ekki komið inn í umr. um húshitunarkostnaðinn óhóflegur kostnaður á rafhitun fyrr en á síðasta ári. Og ef litið er á að framkvæmdir í orkumálum hafa á síðustu árum stórlega dregist saman er augljóst að þessi vandi er til orðinn af stjórnarferli núv. hæstv. iðnrh. og stjórnarstefnu núv. ríkisstj.

Þá er að athuga hvað þessi hæstv. ráðh. hefur til málanna að leggja við lok síns embættisferils í iðnrn. Það er sannarlega ákaflega þýðingarmikið að menn leggi það vel niður fyrir sér hvað þessi hæstv. ráðh. hefur þá til málanna að leggja. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á þrjú atriði.

Það er í fyrsta lagi hækkun á raforkuverði til álversins í Straumsvík. Það er að sjálfsögðu margyfirlýst, og um það er ekki ágreiningur hér á hv. Alþingi, að raforkuverðið til álversins í Straumsvík þurfi að hækka. Niðurstaða er hins vegar sú af störfum hæstv. ráðh., að hann hefur komið í veg fyrir að hægt væri að ná fram hækkun á álverðinu í Straumsvík.

En annað mál er það líka sem vert er að leggja áherslu á hér. Það sem skiptir meginmáli í sambandi við orkufrekan iðnað í þessu landi er að þau orkukaup leiði til þess að hægt sé að halda áfram að virkja, að hægt sé að halda áfram að taka ný orkuver í þjónustu fólksins í þessu landi og þannig sé með hagkvæmum rekstri orkufyrirtækja hægt að selja raforku með ódýru verði til húshitunar og þannig verði að það standist samanburð við hliðstæðan kostnað annars staðar á landinu til húsahitunar.

Það er að sjálfsögðu deginum ljósara að þessi mikli vandi, sem nú steðjar að raforkukaupendum til húshitunar, er til kominn vegna þess að reksturinn í þessum orkuiðnaði hefur hækkað svo mikið. Ég get bent á það í þessu sambandi, að þegar fjvn. fjallaði um áformaða taxta Rafmagnsveitna ríkisins núna fyrir jólaleyfi þm. kom það fram að vangoldnir reikningar frá tveim síðustu árum nema 30 millj. kr. Mér hefur nýlega verið tjáð að greiðsla á þeirri skuld sé ekki ennþá gengin inn í núverandi orkutaxta. Ég hef beðið um upplýsingar um þetta frá Rafmagnsveitum ríkisins og mér hefur verið heitið þeim útreikningum. Mér hafa ekki borist þeir og þess vegna hef ég hér vissan fyrirvara á um fullyrðingar, en í áætluðum töxtum Rafmagnsveitna ríkisins var við það miðað hjá fjvn., að þeir yrðu fyrir þetta ár 5% umfram verðbólgustigið í landinu og þau 5% sem þannig áttu að fást var áformað að færu til að greiða þær skuldir sem hafa safnast upp frá síðustu árum, m. a. vegna þess að Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki fengið að hækka gjaldskrárnar eins og þær töldu sér nauðsynlegt. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú stefna, sem hefur verið fylgt í þessu landi í efnahagsmálum, að telja niður verðbólguna. Þar hefur nú komið fram árangurinn af þeirri niðurtalningu.

Þetta er sem sagt meginástæðan fyrir þeim miklu verðhækkunum sem orðið hafa á síðustu dögum og síðustu mánuðum á raforku til húshitunar. Og ég vil leggja á það áherslu að það sem hæstv. ráðh. bregður nú fyrir sig er að ná gjaldi af álverinu í Straumsvík til að greiða niður þá reikninga sem leitt hafa af stjórnarsetu hans og núverandi hæstv. ríkisstj. í stað þess, eins og ég sagði áðan, að það hefur verið meginmarkmið, meira að segja hjá hæstv. iðnrh., að miða orkusölu til stóriðnaðar við það að hægt væri að nýta orkuna í þessu landi meira en verið hefur.

Hæstv. iðnrh. talaði mikið fyrir því í upphafi þessa kjörtímabils og fyrir síðustu alþingiskosningar að það væri þörf á að koma á sérstökum orkujöfnunarskatti til að færa þannig vissan kostnað á milli fólksins í þessu landi. Í því rn. sem hann yfirgaf fyrir síðustu kosningar, hafði hann komið á fót sérstakri nefnd til að gera úttekt á þeim málum og tillögur. Ef ég man rétt var þar lagt til að koma m. a. á sérstökum skatti til orkujöfnunar. Nú er hæstv. ráðh. búinn að vera í rn. í þrjú ár og satt að segja með þeim árangri sem ég hef áður minnst á. Þá er þetta önnur haldbæra leiðin, þ. e. að taka upp skattlagningu á þau fyrirtæki sem eru sæmilega sett og færa það fé yfir til að greiða niður þessa óreiðu.

Þriðja ráðið er svo það, sem hæstv. ráðh. leggur fram í þessu frv., að setja lög um að Landsvirkjun sé ekki heimilt að hækka sínar gjaldskrár nema með leyfi ráðh.

Þetta er meginmálið í þessum efnum. Og ég held að það hafi kannske ekki með berari hætti í annan tíma verið kveðinn upp dómur yfir eigin embættisferli en með þessum tillöguflutningi.

Hæstv. ráðh. sagði frá því að það væri farið að borga niður raforku til húshitunar. Mig minnir að á fjárl. fyrir þetta ár sé sú upphæð, sem áformað er að verja til þess, 35 millj. kr. Það er út af fyrir sig fróðlegt að íhuga hvernig þetta fjármagn, það fjármagn sem hefur verið notað til að greiða niður raforku til húshitunar, hefur komið út þegar menn hafa verið að skoða sína reikninga á milli þess sem þeir hafa verið gefnir út á tveggja mánaða fresti. Ég hef t. d. séð reikninga þar sem kwst. lækkaði um 1 eyri. Niðurgreiðslan fór í að greiða niður verðlagshækkunina á tveggja mánaða tímabili. Þannig hefur nú árangurinn verið í þessum efnum.

Þá er vert að hyggja að því sem Alþingi lagði til varðandi þessi mál á kjörtímabilinu og sæmilegur friður hefur verið um og gott samkomulag. Og þá er vert að minna fyrst á það, sem líklega var gert hér í þessari deild í apríl eða maímánuði árið 1980, þegar voru samþykkt sérstök lög um jöfnun á húshitunarkostnaði. Allir alþm. voru sammála um m. a. það ákvæði að hækka söluskattsstofn um 1.5 stig. Um þetta var ekki ágreiningur á Alþingi og stjórnarandstaðan beitti sér ekki gegn skattlagningu í þessum efnum, heldur studdi stjórnarandstaðan þessa skatta þvert á móti og meðal annarra við hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson. Nú væri út af fyrir sig fróðlegt að hæstv. iðnrh. segði þá sögu, hvernig hafi verið staðið við þetta samkomulag, það samkomulag sem var gert hér á Alþingi um að hækka söluskatt um

1.5 stig. Fyrir árið 1982 nam þessi tekjuauki að mig minnir 190 millj. kr. Ég hygg að það hafi líklega ⅙ verið skilað af þessu yfir í jöfnun á húsahitun í þessu landi. Og nú hafa fengist svör um að þessi tekjustofn muni skila liðlega 300 millj. kr. Ætli það sé ekki tæpur fimmti partur þess sem tekinn er til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Þetta er kannske skýrara dæmi en nokkuð annað um hvaða tilgangi það þjónar fyrir stjórnarandstöðu að komast að samkomulagi við ríkisstj., eins og hér var gert m. a., um allstóra skattahækkun í þessu landi. Efndirnar eru með þessum hætti og svo bætist það við að við lok stjórnarferilsins er vandinn orðinn stærri en í upphafi og að því leyti miklu alvarlegri að hann er núna bundinn við innlenda orkuframleiðslu, en ekki orku sem er flutt um langan veg og kostar að sjálfsögðu mikið fjármagn.

Það er ekki furða þó að hæstv. iðnrh. hafi fremur hægt um sig í máli sem þessu, þegar niðurstaða fæst með þessum hætti. Og þá geta menn nú sannarlega metið hvað *mikilvægt* þetta frv. er. Auðvitað er hægt að skjóta hér nýrri rakettu á loft og gefa til kynna að Landsvirkjun sé orkustofnun, að Landsvirkjun taki of mikið fjármagn og að ráðh. þurfi að hafa í hendi sinni að stöðva slíkt til þess að orkukostnaðurinn verði ekki óbærilegur í þessu landi. Það getur verið þægilegt að tala þannig, ekki síst í þeim kjördæmum þar sem Landsvirkjun hefur ekki ýkjamiklu hlutverki að þjóna. En það dregur ekki úr orkukostnaðinum í þessu landi.

Ég hef áður minnst á það hér hvaða árangur hefur fengist af því að halda niðri gjaldskrám hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Auðvitað er mikil þörf á að fylgjast með rekstri þeirra fyrirtækja og ekki síst þeirra sem eru ríkiseign og iðnrh. ber ábyrgð á, hver svo sem hann er á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég fagna því að þessi mál skulu hafa komið hér á dagskrá, og mér finnst það vera gagnlegt fyrir þessa hv. deild að geta nú metið það, þegar þær ánægjulegu fréttir eru að berast út um landsbyggðina að Alþb. sé að yfirgefa sína ráðherrastóla, með hvaða hætti hefur til tekist í ráðherradómi orku- og iðnrh.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Að mínum dómi er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um efnisatriði þessa frv. Það er að sjálfsögðu laukrétt, sem fram hefur komið, að gert er ráð fyrir að ráðh. staðfesti gjaldskrár hitaveitna, héraðsrafmagnsveitna og jafnframt Rafmagnsveitna ríkisins. Að mínum dómi er jafnvel eðlilegra að stjórnvöld fylgist með heildsöluverðlagningu, ekki síður heildsöluverðlagningu en smásöluverðlagningu. A. m. k. hef ég þá skoðun.

Um efnislega meðferð þess sem hér er rætt vil ég leyfa mér að benda á, eins og raunar þegar hefur komið fram, að í lögum um Landsvirkjun, 11. gr. þeirra laga, er þess getið að stjórn Landsvirkjunar ákveði að fengnum tillögum ákveðinnar stofnunar, sem nú ber reyndar annað nafn, heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku og skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku. Eins og þetta frv. liggur fyrir sem hér er til umr., er um að ræða breytingu á orkulögum. Ég vil benda á hvort ekki geti hugsanlega myndast réttaróvissa í þessu sambandi. Vegna þess arna geri ég ráð fyrir að við í iðnn. munum athuga gaumgæfilega hvort ekki þurfi jafnframt að huga að breytingu á 11. gr. laga um Landsvirkjun. Ég vildi aðeins koma þessu að.

Ég vil í lokin lýsa yfir því, að ég er efnislega sammála því sem lagt er til með frv. Ég vil þó vekja athygli á því, að orðalag er eilítið óðruvísi í 1. gr. frv. en er í öðrum lagagreinum sem víkja að sama efni um orkuveitur.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tók fram í upphafi að mér þætti ekki ástæða til að fara í almenna umr. um orkumál út af þessu eina frv., en ég vildi láta þess getið að athugað verði samhengi við 11. gr. landsvirkjunarlaga svo að ekki myndist réttaróvissa í þessum efnum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ræða hæstv. iðnrh. gefur mér tilefni til þess að víkja að henni nokkrum orðum. Ég vék að því að mér þætti einkennilegt að hér væri ekki haft það form á að flytja frv. til breytinga á lögum um Landsvirkjun vegna þess að það væru almenn ákvæði í orkulögum fyrir um þetta efni, eins og er tekið skýrt fram í grg. með frv. Hæstv. ráðh. gaf enga skýringu á því hvers vegna þessi leið er farin. Hæstv. ráðh. *segir í grg. og sagði í ræðu sinni að öll* önnur orkufyrirtæki en Landsvirkjun væru háð opinberu eftirliti um verðákvörðun. Ég spyr hæstv. ráðh. hvort hann geti núna við 1. umr. þessa máls svarað þessari einföldu spurningu, sem hlýtur að liggja ljós fyrir í hans huga. Hvers vegna er þessi leið farin í stað þess að bera fram frv. um breytingu á landsvirkjunarlögunum?

Hæstv. ráðh. vék nokkrum orðum að því sem ég sagði um frv. það sem liggur fyrir um Landsvirkjun og samið hefur verið af eignaraðilum. Ég hélt því fram að frv. það, sem hér liggur fyrir, væri riftun af hans hálfu á því samkomulagi sem gert var þegar samið var frv. að nýjum lögum fyrir Landsvirkjun. Hæstv. ráðh. hefur ekki mótmælt þessu. Hann vék sér undan að ræða þetta atriði, sem er nú í mínum huga ekkert lítið atriði, og ég hygg að svo sé um fleiri. Hvað sagði hæstv. ráðh. um þetta efni? Hann sagði að frv. — og var þá að tala um þetta frv. að nýjum lögum um Landsvirkjun — gæti ekki bundið Alþingi. Hann viðhafði þau orð. Það var nú ekki mikil speki. Ég hygg að við getum allir skrifað undir þetta. Frv. bindur ekki Alþingi. En ef menn hafa gert samkomulag um þetta frv., um efni þess, og annað frv. er borið fram á Alþingi, sem fer í *bága við efni fyrri* frv., þá er brotið samkomulag sem hefur verið gert. Þetta er mergurinn málsins. Hæstv. ráðh. hefur ekki neitað þessu. Ef hann getur neitað því, þá væri fróðlegt og rétt að hann gerði það beinum orðum, að þetta sé ekki rétt sem hér er sagt. Ef hann neitar því, þá munum við að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að leiða hið sanna í ljós. Það verður sjálfsagt gert í nefndarstörfum. En það flýtir verkinu að heyra hvað hæstv. ráðh. segir um þetta efni. Ég spyr hann því um þetta.

Eitt er það sem hæstv. ráðh. vék að og var fólgið í þeirri staðhæfingu hans að það væri ekki verr farið með orkufyrirtæki í hans tíð heldur en hefði verið áður með tilliti til þess að farið væri eftir óskum þeirra um gjaldskrárhækkanir. Hæstv. ráðh. sagði þetta. Þetta segir í sjálfu sér ekki mikið og deilan stendur ekki um

þetta. Ég held því fram að það sem hæstv. ráðh. hafi gert hafi hann ekki haft heimild til að gera. En það sem áður var gert var gert samkv. heimild í verðstöðvunarlögum. Hæstv. ráðh. talaði um ríkisstj. sem ég hefði stutt á árunum 1974—1978 og vildi meina að sú ríkisstj. hefði ekki að öllu farið eftir óskum orkufyrirtækjanna. Það er alveg rétt. En það er ekki það sem við erum að deila um eða er aðalatriði. Sú ríkisstj. hafði heimild í verðstöðvunarlögum. Þó að hæstv. ráðh. sé kokhraustur hér og láti sem hann hafi heimild, hafi ekkert gert heimildarlaust, þá heyrði ég ekki annað en hann segði í sinni ræðu að hann vildi taka af tvímæli, og notaði það orðalag, tvímæli um það. Um hvað? Hvort núgildandi lög heimiluðu honum þau afskipti af þessum málum sem hann hefur tekið sér? Hæstv. ráðh. mótmælir þessu sjálfsagt ef þetta er ekki réttur skilningur. En ef þetta er réttur skilningur, þá þykir mér sem hæstv. ráðh. efist kannske eitthvað um að hann hafi þá heimild sem hann hefur látið orð liggja að. Þetta gæti hæstv. ráðh. sjálfsagt skýrt betur.

Hæstv. ráðh. beindi þeirri spurningu til mín hvort ég teldi ekki rétt að stjórnvöld hefðu hönd í bagga með gjaldskrám eða afskipti af þeim málum. Ég svara þessari spurningu játandi. Ég hef ekki verið að mæla á móti þeim ákvæðum sem nú eru í orkulögum um þessi efni, síður en svo. Ég held að þau ákvæði séu alveg nægileg heimild fyrir ráðh., hver sem hann er, nema eitthvað sérstakt beri út af eða ástandið sé afbrigðilegt, þannig að setja þurfi sérstök verðstöðvunarlög. Ég hef ekki verið á móti verðstöðvunarlögum þó að þau gildi um orkuveitur jafnt sem aðra aðila. En hæstv. ráðh. er að gera fsp. til mín. Má ég í leiðinni spyrja hæstv. ráðh. hvers vegna hann hafi komið í veg fyrir hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, eins og óskað hefur verið eftir. Vill hæstv. ráðh. svara þessu, gefa sínar skýringar á afstöðu sinni í þessu máli, varðandi þetta tiltekna orkufyrirtæki?

Hæstv. ráðh. vék að nefnd sem hann skipaði til að fjalla um fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað og nýlega hefur skilað áliti. Það væri tilefni fyrir mig að ræða ítarlega um þetta nál. og þau mál, sem varða mestu þetta viðfangsefni, að jafna hitunarkostnaðinn í landinu. En ég skal ekki fara að gera það. Hv. 11. landsk. þm. vék að orkujöfnunargjaldinu. Ég vil aðeins í framhaldi af því og af því tilefni sem hæstv. ráðh. gaf mér með því að minnast á störf þessarar nefndar víkja aðeins nokkrum orðum að orkujöfnunargjaldinu.

Það hefur verið lagður skattur á með lögum nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, til þess að jafna upphitunarkostnað landsmanna. Það er alltaf óvinsælt að leggja skatt á. En stundum sjá menn gegnum fingur sér í þeim efnum, ef verið er að þjóna góðu málefni, og svo var þegar lögin um orkujöfnunargjald voru sett. En það hryggilega hefur skeð, að því fjármagni sem inn hefur komið við þessa skattlagningu hefur ekki verið varið í þeim tilgangi sem lögin gerðu ráð fyrir nema að mjög takmörkuðu leyti. Við sjálfstæðismenn höfum við afgreiðslu fjárlaga á undanförnum árum alltaf lagt til að þessu fjármagni yrði varið til jöfnunar á hitunarkostnaði eftir því sem með þyrfti. Tillögur okkar í þessu efni hafa alltaf verið felldar, þær hafa ekki náð fram að ganga. Og það hryggilegasta við þetta er það að þetta hefur verið gert undir stjórn hæstv. iðnrh. sem á sama tíma hefur sagt að hann vildi jöfnun. Ég vil ekkert vera að vefengja það að hæstv. ráðh. vilji jöfnun. En það er hryggilegt að hann skuli ekki hafa tekið forustu í því að landslögum væri framfylgt og því fjármagni sem hefur fengist með orkujöfnunargjaldinu sé varið á réttan hátt.

Hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu að ég hefði ekki sparað stóru orðin. Það er einmitt þegar manni verður hugsað til svona hluta að maður hefur tilhneigingu til að nota stóru orðin. Ég leyfi mér að gera það eftir því sem hugurinn býður.

Ég var að vona að þegar nefndin, sem skipuð var til að fjalla um fjáröflun til jöfnunar húshitunar, kæmi til starfa og mótaði sína niðurstöðu, þá yrði samkomulag um það að leggja til að orkujöfnunargjaldinu væri ráðstafað eins og lög gera ráð fyrir. En það varð ekki samkomulag um þetta og það er það alvarlega í þessu máli. Það virðist mér líka í samræmi við þá afstöðu sem hæstv. iðnrh. hefur tekið í raun. Og í staðinn fyrir að nota orkujöfnunargjaldið svo sem vera ber leggur meiri hl. n. til að lagður sé á nýr skattur til að mæta þeim útgjöldum sem ríkissjóður þarf að hafa af þessu máli umfram það sem notað er af orkujöfnunargjaldinu. En það er meginhluti fjármagnsins sem þyrfti að koma með nýjum skatti.

Eins og ég sagði áðan er skattlagning ekkert fagnaðarefni og verður ekki til þess að gera málstað okkar, sem viljum jöfnuð í þessu efni, auðveldari. Það verður ekki til þess að hjálpa okkur að ná árangri í þessum efnum að leggja til nýja skattlagningu án þess að nauður reki til. Það verður þvert á móti þessum málstað til trafala. Og það er hörmulegt að nefnd, sem á að gera raunhæfar tillögur um fjáröflun til að jafna hitunarkostnaðinn, skirrist við að leggja til að orkujöfnunargjaldið sé notað í þessu skyni, heldur leggi til að nýr skattur verði lagður á. Auk þess er tillögugerðin á þann veg, að mér kemur ekki til hugar að það sé raunhæf tillaga. Slík tillaga er til þess eins fallin að skemma góðan málstað í raun.

Ég vil hafa hér um sömu orð og ég hafði um hæstv. ráðh. áðan, að með þessu er ég ekki að segja að menn séu vísvitandi að gera tillögur til þess að skemma góðan málstað. Þeim mun hörmulegra er það að raunin skuli vera slík sem nú blasir við.

Mér þykir rétt, af því að hæstv. ráðh. vék sérstaklega að þessu nál. og afstöðu minni, að láta hér koma fram hver afstaða mín er og hver fyrirvarinn er sem ég geri í þessu nál. Hann er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Það er lagaskylda að ráðstafað sé fjármagni, sem aflað er með orkujöfnunargjaldi samkv. lögum nr. 12 frá 1980, eftir því sem með þarf til jöfnunar hitunarkostnaðar. Þess vegna er hvorki rétt né nauðsynlegt að leggja nýja skatta á til að mæta þessum þörfum, hvort heldur er orkuskattur eða söluskattur. Ráðagerðin um ráðstöfun hluta af auknum tekjum Landsvirkjunar af orkusölu til stóriðju er nú hvorki tímabær né raunhæf, enda koma þær tekjur í góðar þarfir engu að síður og raunar mest um vert að láta einskis ófreistað til að ná hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins hf."

Ég hef þegar vikið nokkrum orðum að fyrri hluta þessa fyrirvara. Síðari hlutinn veit að þeirri till. meiri hl. n. að framtíðarlausnin skuli vera sú, að ákveðnum hluta af því fjármagni sem kemur við hækkun á sölu orku til álversins verði varið í því skyni að jafna hitunarkostnaðinn. Ég tel, eins og ég segi í fyrirvara mínum, að

slíkt sé hvorki tímabært né raunhæft og það er í raun og veru að hlaupast frá vandanum. Ég lít svo á að það sé forgangsverkefni, sem ekki megi hvika frá undir neinum kringumstæðum, að jafna hitunarkostnaðinn frá því sem nú er, hvort sem um nokkra hækkun væri að ræða á orkusölu til álversins eða ekki. M. ö. o., það eigi ekki að skilyrða jöfnun hitunarkostnaðar slíkri fjáröflunarleið.

Herra forseti. Ég hef vikið hér að meginatriðunum sem mér fannst ástæða til að víkja að í ræðu hæstv. iðnrh. Mér gefst tækifæri til að ræða málið nánar í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. Þar er formaður hv. 3. þm. Vesturl. sem hér hefur talað. Í þeim fáu setningum sem hann sagði í þessari umr. kom hann að því að hann væri sammála frv. Það þykir mér harla einkennileg yfirlýsing af hálfu framsóknarmanna, ef líta má á það sem stefnu Framsfl. sem felst í slíkri yfirlýsingu eins og allt þetta mál er í pottinn búið.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þeir þrír hv. ræðumenn sem hér hafa talað eftir að ég lauk máli mínu hafa farið á víð og dreif yfir svið orkumálanna og verðlagningu á orku og ég ætla ekki að taka hér mikinn tíma til viðbótar til þess að fjalla um þetta mál af minni hálfu. Ég vænti þess að málið komist til nefndar og fái þar sína eðlilegu meðferð og þar verði m. a. tækifæri til að fara ofan í þau mál sem allir hv. iðnaðarnefndarmenn hafa áhuga á að verði tekið til meðferðar, þ. á m. hv. 4. þm. Vestf., sem á sæti í þeirri nefnd. Ég geri ráð fyrir að hann komi þar fram með sín sjónarmið. Ég hjó eftir því í hans máli, að hann tók ekki af tvímæli varðandi þá spurningu sem ég bar hér fram, hvort rétt og eðlilegt væri að einnig Landsvirkjun væri háð verðlagseftirliti stjórnvalda, eða ég tók a. m. k. ekki eftir því að hann viki sérstaklega að gildandi ákvæðum orkulaga um þessi efni. En hann svarar því eflaust í viðkomandi nefnd hver hugur hans er í sambandi við þann þátt málsins.

Ég ætla ekki hér að fara að munnhöggvast við hv. 11. landsk. þm. um mín störf sem iðnrh. Það gefst eflaust tækifæri til þess okkar á milli að ræða þau mál frekar. Ég tók eftir því að hv. 11. landsk. þm. orðaði það svo í sambandi við hið brýna mál að fá fram hækkun á raforkuverði til ÍSALs, að það væri ekki ágreiningur hér á hv. Alþingi um að orkuverð til ÍSALs þurfi að hækka. Mér þykja þetta vera góð orð úr munni hv. þm. og ég vænti þess að hann stuðli að því að þarna megi fá eðlilega leiðréttingu mála og reyndar mjög brýna leiðréttingu mála.

Það væri allt of mikið mál að fara að taka þá þætti sem hv. þm. vék hér að í sínum orðum. Ég vísa því til seinni tíma að ræða þau mál við hann, þó að ég gæti vel hugsað mér að eiga orðastað við hann um þau efni hér og nú. En ég hef áhuga á því að þetta mál nái hér til nefndar í dag og vil stuðla að því.

Hv. 4. þm. Vestf. spurði hvers vegna ég hefði komið í veg fyrir hækkun til Hitaveitu Reykjavíkur. Líklega á hv. þm. þá við síðustu gjaldskrárákvörðun. Þá sótti Hitaveita Reykjavíkur um 32% gjaldskrárhækkun eða svo. Hún fékk heimild til 18.5% hækkunar eða 7.5% umfram verðlagshækkanir, miðað við það tímabil sem litið var til og ekki er vefengt að sé raunhækkun til veitunnar, 7.5%. Hún hafði á undanförnum ársfjórðungum fengið nokkra leiðréttingu sinna mála, um 30% hækkun og rösklega það raunar á síðasta ári umfram verðlagshækkanir, svo að ég held að þetta veitufyrirtæki þurfi ekki neitt sárlega að kvarta undan afgreiðslu mála og vísa sem sagt til þess.

Ég tel mig í fyrri ræðu minni hafa svarað því sem sneri að þeim tillögum að frv. til nýrra landsvirkjunarlaga sem hv. þm. vék hér að. Fulltrúar ríkisins, sem áttu þátt í undirbúningi þess máls, greindu frá því við undirbúning málsins að gera mætti ráð fyrir að flutt yrði frv. í þá veru sem hér er gert, til þess að tryggja stjórnvöldum íhlutunarrétt um gjaldskrárákvarðanir Landsvirkjunar. Það þarf því ekki að koma þeim neitt á óvart sem þar áttu hlut að máli.

Herra forseti. Ég orðlengi þetta ekki frekar að þessu sinni, tel ekki ástæðu til að fara hér út í langa umr. af minni hálfu um þetta efni og læt máli mínu lokið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði að ég hefði vikið mér undan að svara því hvort ég teldi rétt að stjórnvöld hefðu hönd í bagga með gjaldskrám. Ég hefði gert það hvað varðar Landsvirkjun. (**Iðnrh.:** Nei, það vantaði svör varðandi Landsvirkjun.) Já, ég hefði vikið mér undan því varðandi Landsvirkjun. Þetta er alveg rétt. Mér láðist að taka það beint fram. En ég vil með ánægju lýsa því hér yfir, að ég er því fylgjandi að núgildandi ákvæði í landsvirkjunarlögum gildi um þetta efni. Það er í samræmi við það sem eignaraðilar Landsvirkjunar hafa nú komið sér saman um, ríki, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, og ég hef áður lýst.

Hæstv. ráðh. vék nokkrum orðum að spurningu minni um það, hvers vegna hann hefði ekki leyft þær hækkanir á Hitaveitu Reykjavíkur sem um hefði verið beðið. Ég hef heyrt hans svar og ég hef það í minni. En aðalatriðið er að hans ákvörðun var þannig að hann hafði enga heimild til þess að taka hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 40. fundur.

Þriðjudaginn 15. febr., kl. 1 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 262). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 32 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 270). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til sjútvn. með 32 shlj. atkv.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 320). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 274). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til sjútvn. með 31 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 301). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Loftferðir, frv. (þskj. 302). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 303). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 304). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgn. með 32 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 341 (sbr. 87), 277,2, 255,2, 340, 338,3, 342, 343). — Frh. 3. umr.

Frsm. 3. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kom við upphaf þessarar umr. í gær flutti hæstv. sjútvrh. brtt. eftir að því frv. sem hér er til umr. hafði verið breytt við 2. umr. málsins. Till. sú sem ráðh. flutti við 2. umr. málsins, fyrri hluti hennar, hafði verið felldur, en ráðh. dró til baka síðari hluta till. Sýnist mér því að hér komi til umr. sú brtt. sem hann hefur flutt á þskj. 343 auk þess sem hér kemur til atkvgr. síðari till. hans á þskj. 255.

Við 2. umr. málsins lýsti ég nokkuð andstöðu okkar sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn. við þær aðferðir sem hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. hyggjast beita, þ. e. að taka gengismun til ráðstöfunar í þágu Byggðasjóðs. Ég benti á að sú upphæð sem um væri að ræða væri svipuð þeim gengismun sem skreiðarútflytjendum væri ætlað að láta í gengismunarsjóð. Hæstv. ráðh. taldi í gær að hér væri um að ræða 80—90 millj. kr. Í grg. sem við fengum í fjh.- og viðskn. nú í morgun kemur í ljós einmitt það sem við höfum haldið fram, að óinnkominn gengismunur af skreið samkv. ákvæðum brbl. er um 54 millj. Það sem komið er inn áður eru 9 millj. 435 þús. kr. þannig að hér er um rúmlega 60 millj. kr. að ræða sem væri gengismunur af skreiðinni. Það er einmitt sú upphæð sem talað hefur verið um að ríkisstj. hygðist nota af gengismun til þess að bæta stöðu fyrirtækja, sem enn er ekki vitað hver eru en eru og hafa verið í athugun hjá Framkvæmdastofnun, þ. e. hjá Byggðasjóði.

Við báðum um upplýsingar í nefndinni um stöðu þessara fyrirtækja einfaldlega til þess að átta okkur á því, hvort um væri að ræða fyrirtæki sem líkleg væru til þess að geta endurgreitt verðtryggð lán, sem þau ættu að fá frá Byggðasjóði, en þær upplýsingar hafa ekki fengist. Staðreynd málsins er því sú, að það er verið að taka gengismun af skreiðarbirgðum fyrirtækja, við skulum segja Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, og láta Byggðasjóð fá það til þess að lána Bæjarútgerð Hafnarfjarðar aftur í verðtryggðum lánum. Þetta eru aðferðir sem við sjálfstæðismenn erum ekki tilbúnir að fallast á. Eins og við 2. umr. munum við greiða atkv. gegn till. sjútvrh., hvort heldur það er till. á þskj. 343 eða till. á þskj. 255, þ. e. till. sjútvrh. til þess að afla ríkisstj. heimildar til að taka 50—60 millj. af gengismun og láta Byggðasjóð ráðstafa því samkv. þeirri ákvörðun sem hæstv. sjútvrh. lýsti að búið væri að taka af hálfu ríkisstj. þegar hann talaði fyrir till. við 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég hef ekki mörgum orðum að bæta við það sem þegar hefur hér fram komið. Við fengum í fjh.- og viðskn. nokkrar upplýsingar um tilhögun þess skatts sem hér er lagt til að lagður verði á. Vegna mistaka bárust þær upplýsingar ekki í mínar hendur fyrr en núna fyrir korteri eða svo, en það er hvorki við formann n. né ríkisstj. þar að sakast. Þær upplýsingar breyta þó engu um það sem áður var fram komið um afstöðu okkar þm. Alþfl. Við teljum mjög óeðlilegt að gera ráð fyrir því að nú þegar verði áætlaðar einhverjar tilteknar tekjur í gengismun af skreiðarbirgðum, sem fyrir eru í landinu og vitað er að mjög miklir söluörðugleikar eru á. Hvað þá heldur að beinlínis sé ráðgert að slegið sé lán út á slíkan áætlaðan gengismun, sem síðan sé ráðstafað af tilteknum aðilum m. a. til þeirra fyrirtækja, sem væntanlega eiga síðar að greiða þennan gengismun, til þess

að greiða afborganir af viðkomandi láni. Með þessum hætti er raunverulega verið að neyða fyrirtækin til þess að taka lán hjá sjálfum sér að óþörfu og út í hött.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en lýsi þeirri afstöðu minni og þm. Alþfl. í þessari deild, að við munum greiða atkv. gegn þessari ráðstöfun, jafnframt því sem ég ítreka það að við höfum frá upphafi, frá því að brbl. ríkisstj. fyrst komu fram, lýst því yfir að við værum andvígir frv. Við höfum ítrekað þá afstöðu okkar við afgreiðslu málsins fyrst í Ed. og síðan við allar afgreiðslur hér í Nd. Við höfum ávallt staðið við allt það sem við höfum sagt í málinu og við ætlum okkur að sjálfsögðu að standa á okkar yfirlýsingum og okkar afstöðu við 3. umr. málsins og greiðum atkv. gegn þessu frv., sem er ósanngjarnt og óréttlát aðför að launafólki í landinu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég spurðist fyrir um það tvívegis í gær við 2. umr. þessa máls hvað liði lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár og hvenær þess yrði að vænta, að frv. til lánsfjárlaga yrði lagt fram. Nú er það yfirlýst af hæstv. forsrh. í dagblaðinu Vísi í dag, að ríkisstj. hyggist efna til kosninga í maí. Jafnframt kemur þar fram að Alþb. hyggist sitja áfram í ríkisstj., a. m. k. um sinn, hvað sem það nú þýðir. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og skal ekki fara nánar út í það: Hvenær er þess að vænta, að frv. til lánsfjárlaga verði lagt fram og lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur verið að spyrja mig að því undanfarnar vikur hvenær von sé á að lánsfjáráætlun verði lögð fram. Þessi spurning er fullkomlega eðlileg og ekkert við það að athuga að hún sé enn einu sinni borin upp. Hann spurði mig að því í gær hvort lánsfjáráætlun yrði lögð fram í þessari viku og til þess að spara hér umr. svaraði ég úr sæti mínu neitandi. Nú er spurt hvort hægt sé að svara því nákvæmlega á hvaða degi þessi áætlun verði lögð fram. Ég verð enn að svara neitandi. Hún er ekki fullfrágengin og ekki hægt að dagsetja það nákvæmlega hvenær hún kemur fram.

Það eru nokkur atriði í lánsfjáráætlun sem hafa verið til nánari athugunar og eru það stór í sniðum að erfitt er að ganga frá áætluninni endanlega án þess að þau séu einnig fullfrágengin. Það er kappsmál okkar allra að erlendar lántökur geti verið í lágmarki á þessu ári, en til þess að svo geti orðið þarf að sjálfsögðu að haga allra stærstu framkvæmdum á þann hátt að lántökur verði sem minnstar. Ég nefni alveg sérstaklega framkvæmdir Landsvirkjunar, en það er langsamlega stærsta talan sem yrði á ferðinni í lánsfjáráætlun. Þar er töluvert af verkum sem þegar er búið að bjóða út og búið að ganga út frá að verði unnin á þessu ári, en ekki fullfrágengið hversu mikið lánsfé raunverulega er hægt að taka í þágu Landsvirkjunar á þessu ári.

Annað stórt mál sem er ófrágengið er væntanleg bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ég vil minna á það, að hinn 20. jan. s. l. var skýrsla stjórnar kísilmálmverksmiðjunnar send til allra hv. þm. og nokkrum dögum seinna var síðan send fsp. til þingflokkanna, í bréfi til formanna þingflokkanna, þar sem þess var getið af bréfritara, hæstv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni, að æskilegt væri að fá fram meginviðhorf þingflokkanna til niðurstaðna stjórnar kísilmálmverksmiðjunnar eins og þær kæmu fram í fyrrnefndri skýrslu. Í bréfinu var einnig vísað til þess, að starfstími Alþingis kynni að verða styttri en venjulega að þessu sinni, og bent á að unnið væri að undirbúningi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983 og því sérstaklega mikilvægt að niðurstaða fengist í því máli hvort Alþingi ætlaði að veita heimild til þess að hafist yrði handa um byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði þegar á þessu ári.

Í bréfi hæstv. ráðh. segir m. a. með leyfi forseta:

„Samkv. þeim upplýsingum sem rn. hefur fengið frá framkvæmdastjórn Kísilmálmverksmiðjunnar hf. er sá kostnaður, sem leggja þarf í á þessu ári, nálægt 110 millj. kr. og þá miðað við að halda þeim möguleika opnum að verksmiðjan geti hafið rekstur á árinu 1986. Æskilegt er að fá fram viðhorf og ábendingar þingflokka um mál þetta sem fyrst og helst ekki síðar en 5. febr. n. k."

Mér er ekki kunnugt um að svör hafi borist frá þingflokkum varðandi þetta mál, þó að nú séu liðnir 15 dagar af febrúar, þ. e. 10 dagar fram yfir þann frest sem settur var til að umsagnir þingflokka lægju fyrir. Ég vil eindregið hvetja þingflokkana til þess að taka þetta mál til meðferðar, því að þetta er eitt með öðru sem veldur því að ekki hefur verið unnt að ganga endanlega frá lánsfjáráætlun, að ekki liggur fyrir niðurstaða um afstöðu þingflokkanna í þessu máli.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vona að mér leyfist að koma aftur að málinu sem er á dagskrá. Rætt var um skreið og gengismun af skreið. Ég treysti því að hv. fjh.- og viðsknm. hafi fengið áætlun frá Þjóðhagsstofnun dags. 28. jan. um ávöxtun þess fjármagns sem bundið er í skreiðarbirgðum og ekki er fengið að láni með afurðalánavöxtum. Ég hef lýst því hér í tvígang áður og skal ekki fara um það mörgum orðum.

Þó að eflaust megi deila um það hver þessi ávöxtun er, þá held ég að það sé tvímælalaust að hún er góð, og þótt töluvert af þeim vaxtatekjum, sem menn hafa af því fjármagni sem ekki er með afurðalánavöxtum, renni að sjálfsögðu til að greiða ýmis lán önnur, sem á þessu hvíla, þá er þarna mikið borð fyrir báru. Enda hef ég ekki heyrt því mótmælt eða talið að afkoma skreiðarframleiðenda sé svo slök þegar skreiðin fer úr landi, þegar hún selst. Ég skal ekkert um það ræða hvort það verður fljótlega eða ekki, en vek athygli á því sem ég hef áður sagt, að sem betur fer hefur alltaf ræst úr um síðir þegar svo hefur staðið á sem nú. Og ég endurtek að það er alls ekki verið að skattleggja skreiðarframleiðendur á þessari stundu, ekki fyrr en skreiðin fer úr landi. Ég vek einnig athygli á því, að í þeirri gengislækkun sem ákveðin var í ágúst í framhaldi af efnahagsaðgerðum, þá var vitanlega tekið tillit til þessa útflutningsgjalds.

Ég hef einnig komið til fjh.- og viðskn. síðustu upplýsingum um gengismun af skreið. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. frsm. hér áðan, að þar er um rúmar 60 millj. kr. að ræða samkv. síðustu upplýsingum. Hins vegar áætlar Seðlabankinn þetta vera 81 millj. í des. og það var það sem ég var með í huga þegar ég ræddi málið í gær. Bankinn hefur dregið dálítið úr þessu og við því er ekkert að segja, það er varlegri áætlun.

Ég vek athygli á því að við erum að tala sýnist mér um

tvennt: annars vegar hvort taka á gengismun af skreið og hins vegar hvernig á að ráðstafa þeim gengismun.

Brtt. mín var um það að hluta af þeim gengismun yrði ráðstafað til útlána til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum. Þetta hefur verið gagnrýnt. Að öðrum kosti gerði frv. ráð fyrir að þetta rynni allt í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Ég hef ekki heyrt það gagnrýnt út af fyrir sig og mér finnst að menn verði að greina þar á milli. Ef menn ætla að taka gengismun af skreið, þá þarf síðan að ákveða hvernig honum er ráðstafað. Mér heyrðist hv. frsm. gagnrýna það áðan að þessum gengismun ætti að ráðstafa í gegnum Byggðasjóð. Því bið ég menn að athuga í fyrsta lagi: Á að taka gengismun af skreiðinni? Og síðan þá sérstaklega: Hvernig á að ráðstafa honum. Þær tvær brtt. sem ég hef hér flutt fjalla um þessi tvö atriði sitt í hvoru lagi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins skjóta því að hæstv. sjútvrh., að lánsfjáráætlun og erlendar lántökur snerta vissulega það mál sem hér er á dagskrá, eins og þegar kemur fram í yfirlýsingu ríkisstj. frá því í ágúst, ef hæstv. sjútvrh. þá tekur mark á þeirri yfirlýsingu, og er miklu nær að hugsa um þá hluti nú heldur en einhvern nýmyndaðan gengishagnað af skreið, sem guð einn veit hvenær selst og hvort selst yfir höfuð. (**Gripið fram í:** Hyggurðu að hann viti það?) Ja, ég veit að hann er a. m. k. ekki í Framsfl.

Ég vil svo þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Þau eru kannske betri en engin. Þau segja okkur a. m. k. að á þessari stundu er allt í óvissu um það hvort hann hyggst yfir höfuð leggja fram lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár og frv. til lánsfjárlaga. Það er auðvitað alveg út í hött að blanda kísilmálmverksmiðjunni í Reyðarfirði saman við það mál. Það er allt, allt önnur spurning, hvort við eigum að leggja á annað hundrað millj. í þá framkvæmd strax á þessu ári og hvort við yfir höfuð treystum núv. hæstv. iðnrh. til að fara með forræði þess máls. Hann hefur ekki reynst svo trúverðugur í störfum sínum sem iðnrh. að sérstök ástæða sé til að fela honum ávöxtun mikilla fjármuna eða hafa með höndum hvernig að væntanlegri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði verður staðið. Það er allt, allt annað mál. Það sem ég hef í huga er það, hvort þess sé að vænta að fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna verði gerðir virkir, hvort þeir geti tekið afstöðu til þeirra lánsbeiðna sem fyrir hendi eru, og þannig verði leystur sá mikli fjárhagsvandi sem virkilega blasir við í mörgum undirstöðuatvinnugreinum.

Ég veit vel að hæstv. fjmrh. er sem þm. Norðurl. v. kunnugur þeirri erfiðu stöðu sem ýmis sjávarútvegsfyrirtæki eru í. Honum er jafn kunnugt um það og mér að t. d. Fiskveiðasjóður er algerlega fjárvana og getur ekki tekið á þeim málum sem fyrir liggja. Það var að vísu auglýst eftir umsóknum að venju, en það er ekki hægt að taka þær fyrir því að enginn veit á þessari stundu hvaða fé er þar til ráðstöfunar. Byggðasjóður er fjárvana, Iðnlánasjóður o. s. frv. Ég hygg að það sé ábyrgðarhluti af þessari ríkisstj. að sýna a. m. k. ekki lit á því að leggja fram einhver gögn um það hvernig hún ætli sér að standa að lánsfjáráætlun, til þess að ekki þurfi að koma til hruns atvinnurekstrarins, stöðvunar fyrirtækja o. s. frv.

Frsm. 3. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Svo sem sjútvrh. sagði hér áðan, þá er enginn vafi á því að hér er um að ræða tvö atriði, sem fjallað er um, annars vegar hvernig ráðstafa eigi gengishagnaði og hins vegar hvort taka eigi gengismun af þeim birgðum skreiðar sem í landinu eru nú, þegar þá eru fluttar út.

Við 2. umr. vék ég sérstaklega að því að hér væri verið að fara inn á nýjar leiðir að taka gengismun út úr greininni, út úr sjávarútveginum. Hingað til hefur gengismun verið ráðstafað innan sjávarútvegsins til sjóða og stofnana hans. En með till. sjútvrh., þ. e. síðari till., er gert ráð fyrir því að hann hafi heimild til, í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis, að ráðstafa eftirstöðvunum þegar búið er að ákvarða hvað Stofnfjársjóður skuli fá. En um leið og þessi till. var flutt var því lýst yfir að ríkisstj. hefði þá þegar ákvarðað með hvaða hætti þetta skyldi gert, það skyldi ekki fara til stofnana eða sjóða sjávarútvegsins. Ég lýsti því yfir að við værum andvígir þessu og á fundum fjh.- og viðskn. kom fram að hér væri um einsdæmi að ræða, þetta hefði aldrei áður gerst.

En hvers vegna eru menn að tala um fjármagn til ráðstöfunar? Það er vegna þess að sá gengismunur, sem áætlaður var í ágústmánuði á s. l. ári, mun reynast nokkuð meiri en þá var gert ráð fyrir, eða sem nemur um 60 millj. kr. Það er nákvæmlega sú tala sem talað er um að gengismunur skreiðar muni nema. Ég benti á það við þá umr. hvort ekki væri skynsamlegra að fella þetta ákvæði niður, þ. e. breyta greininni þannig, að gengismunur af skreiðarbirgðum yrði ekki tekinn. Við hv. 1. þm. Vestf. fluttum síðan till. þar að lútandi við 2. umr. sem var samþykkt. Það er þess vegna nægjanlegt fjármagn af þeim gengismun sem inn er kominn og eftir er að koma inn af öðrum birgðum en skreið, svo að við allt það sem brbl. gera ráð fyrir er hægt að standa. Og þá er komið inn á það, sem við bentum á að eðlilegast væri, að þegar þær birgðir verða fluttar út yrðu þær afreiknaðar á því gengi sem þá yrði og skreiðarframleiðendur nytu þess að fullu.

ATKVGR.

Brtt. 343 felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP.

nei: SighB, SteinG, VG, AG, ÁG. BÍG, EK, FrS, GeirH, HBl, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SvH.

2 þm. (PS, HG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Örfá orð áður en ég tilkynni afstöðu mína. Ég hef í fjh.- og viðskn. kynnt mér þessi mál allrækilega og séð býsna marga meinbugi á þeirri till. sem hér liggur fyrir um gengishagnað af skreið. Það hefur komið fram hér í ræðum annarra þm. Ég álít að hluti af þessu sé vonarpeningur, það sé óvarlegt að áætla þessar birgðir, vegna þess að ef um langan geymslutíma verður að ræða verði líka um mikil afföll að ræða.

Jafnframt gæti svo farið, eins og kom hér fram hjá 1. þm. Reykn., að fyrirtæki, sem fengju gengishagnað ef

þessi vara seldist, fengju þann sama gengishagnað lánaðan á gengistryggðum lánum sem aðstoð. Ég hafði í hyggju að koma hér með brtt. um að fara þarna millileið. (**Forseti:** Þetta er að verða ræða.) Þetta er að verða ræða, já. Ég skal stytta mál mitt. En í öllu samkomulagsleysinu, sem hér ríkir, skal ég til samkomulags styðja þessa till. um 5.5% þó að ég hrópi nú ekki húrra fyrir henni. Ég segi já.

Brtt. 277,2 tekin aftur.
— 342,1—2 teknar aftur.
Frv. samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, ÞJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS.
nei: JS, JBH, KP, MHM, SighB, VG, ÁG.
HBl, JÞ, MB, MÁM, ÓE, SteinG, AG, BÍG, EH, FrS, GeirH, SvH greiddu ekki atkv.
2 þm. (HG, PS) fjarstaddir.
Frv. endursent Ed.

Viðmiðunarkerfi fyrir laun, frv. (þskj. 334). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Áður en ég hef framsögu fyrir þessu frv. vil ég leyfa mér að tilkynna, að ríkisstj. hefur ákveðið samkv. tillögu forsrh. að kjördagur næstu alþingiskosninga verði eigi síðar en 23. apríl 1983.

Það frv. sem hér liggur fyrir er flutt af forsrh. í umboði ráðh. sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Ráðherrar Alþb. standa ekki að frv. og eru andvígir því. Það er rétt að segja hér nokkur orð um form þessa frv., sem hefur orðið nokkurt umræðuefni.

Í 25. gr. stjórnarskrár Íslands segir að forseti lýðveldisins geti látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. Í greinargerð um túlkun á þessu ákvæði í þeirri kennslubók sem um langan aldur hefur verið notuð við lagadeild Háskóla Íslands, Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, segir svo á bls. 259, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. 25. gr. stjórnarskrár getur forseti lýðveldisins látið leggja fyrir Alþingi frv. til l. og annarra samþykkta. Það er ráðh., sem í reyndinni fer með þennan frumkvæðisrétt forseta, þó svo að fá skal formlegt samþykki forseta til framlagningar frumvarpa."

Þetta á við hvort heldur ríkisstj. öll eða einstakir ráðherrar leggja frv. fram. Er frumkvæðisréttur stjórnarinnar að því leyti rýmri en einstakra þm. að hún getur jafnt lagt tillögur sínar fyrir hvora þingdeild sem er svo og Sþ.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki ríkisstjfrv. í venjulegri merkingu þess að öll ríkisstj. standi að því. Það er frv. einstaks ráðh., forsrh., eins og skýlaus heimild er til og skýrt kemur fram í því riti sem ég hér vitnaði til. Ég vil að það komi hér alveg skýrt fram og á ekki að valda neinum misskilningi, að ríkisstj. stendur ekki öll að þessu frv., heldur sjö ráðh., en ráðh. Alþb. eru andvígir því og standa því ekki að frv.

Á undanförnum árum hafa miklar umr. átt sér stað um vísitölukerfið í sambandi við útreikning vísitalna, tengingu launa og annarra þjóðhagsstærða við vísitöluna. Í janúarmánuði 1982 ákvað ríkisstj. samhliða efnahagsaðgerðum að taka viðmiðunarkerfið til gagngerðrar endurskoðunar. Segir svo í skýrslu frá ríkisstj. í þeim mánuði:

„Ríkisstj. mun nú þegar boða til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis, sem nú gildir. M. a. verði reynt að finna leið til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu."

Í kjölfarið skipaði ríkisstj. þriggja manna nefnd til að annast viðræður við aðila vinnumarkaðarins og gera tillögur um nýtt viðmiðunarkerfi. Í nefndinni voru Þórður Friðjónsson formaður, Halldór Ásgrímsson og Þröstur Ólafsson. Bolli Þór Bollason, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, hefur starfað með nefndinni.

Nefndin hóf störf í byrjun febr. 1982. Hún hélt fyrstu viðræðufundi með aðilum vinnumarkaðarins skömmu síðar. Síðar voru haldnir fjölmargir fundir með sömu aðilum. Í þessum viðræðum var farið yfir hugsanlega möguleika til að nálgast það markmið að finna nýtt viðmiðunarkerfi fyrir tengsl launa við verðlag, sem dregið gæti úr víxlhækkunum núverandi kerfis og jafnframt tryggt lífskjör. Það var vitað fyrir fram að verkefnið yrði á engan hátt auðvelt, enda var það staðfest fljótlega í viðræðunum. Margvísleg sjónarmið komu fram hjá viðræðuaðilum og varð fljótt ljóst að mikillar varfærni gætti hjá einstökum aðilum varðandi breytingar. Almennt var þó álitið að núverandi kerfi væri á ýmsan hátt gallað, en viðræðurnar voru þýðingarmikill vegvísir fyrir störf og tillögugerð nefndarinnar.

Í ágústmánuði s. l. voru ákveðnar hugmyndir lagðar af hálfu nefndarinnar fyrir hagsmunasamtökin. Þessar hugmyndir voru fólgnar í eftirfarandi fimm liðum, eins og kemur fram í grg. með þessu frv.:

1. Miðað verði við hinn nýja grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar, sem byggður var á nýrri neyslukönnun.

2. Ný vísitala, lífskjaravísitala, yrði grunnur að nýju viðmiðunarkerfi fyrir laun. Þessi vísitala reiknast út frá vísitölu framfærslukostnaðar, auk þess sem tekið yrði tillit til breytinga á félagslegri þjónustu, útgjöldum til vegamála og tekjusköttum ríkisins á einstaklinga.

3. Búvörufrádráttur og meðferð áfengis- og tóbaksverðsbreytinga við útreikning verðbóta haldist óbreytt. Auk þess verði tekinn upp orkufrádráttur, þar sem breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna verði dregnar frá hækkun eða lækkun framfærsluvísitölu við ákvörðun verðbóta.

4. Meðferð viðskiptakjara við útreikning verðbóta verði óbreytt.

5. Verðbætur greiðist á fjögurra eða sex mánaða fresti. Búvöruverð og fiskverð ákvarðist á sömu dagsetningum.

Í framhaldi af umræðum um ofangreind atriði ákvað ríkisstj. með efnahagsráðstöfunum í ágústmánuði að taka upp nýtt viðmiðunarkerfi með hliðsjón af framangreindum hugmyndum og skyldi það taka gildi við verðbótaútreikning eftir 1. des. 1982. Á þessum grundvelli starfaði nefndin síðan áfram. Hún lauk störfum 6. des. og skilaði niðurstöðum sínum til ríkisstj. Tveir nm., þeir Þórður Friðjónsson og Halldór Ásgrímsson, lögðu fram frv.-drög, sem byggð voru á þessum fyrrgreindu

hugmyndum, sem samkomulag hafði náðst um þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar í ágústmánuði. Einn nm., Þröstur Ólafsson, skilaði séráliti og er greint frá því í grg. frv. í hverju þau frávik voru fólgin.

Við frekari viðræður um þetta mál kom það upp varðandi 2. liðinn, að í stað hinnar svokölluðu lífskjaravísitölu skyldi tekin upp önnur aðferð í staðinn. Það er að breytingar á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum skyldu ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu.

4. febr. s. l., eftir miklar og langar viðræður milli stjórnaraðila um þetta vandasama mál, lagði ég fram tillögu til málamiðlunar í sex liðum. Eftir að það mál hafði verið kannað kom í ljós að Alþb. gæti ekki fallist á þann grundvöll eða þá málamiðlunartillögu. Eftir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í þetta stórmál núna í heilt ár og geysimiklu viðræður og tilraunir til samkomulags hlýt ég að játa að það voru mér mikil vonbrigði að ekki skyldi lánast að ná samstöðu milli stjórnaraðila. Hins vegar er svo mjög búið að kanna og ræða þetta mál og slík nauðsyn að reyna að afnema ýmsa agnúa hins sjálfvirka kerfis og vísitöluskrúfu, eins og ákveðið var að vinna að fyrir ári, að það var ekki unnt að láta svo búið standa og töldu ráðherrar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna að leggja yrði málið fyrir Alþingi og fá þess úrskurð í því. Á ríkisstjórnarfundi í gær, 14. febr., lagði ég fram það frv. sem síðar um daginn var útbýtt á Alþingi og er flutt af forsrh. Ég lét þá í sambandi við það mál gera bókun, sem ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. Þessi bókun var gerð á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun, sem hófst kl. 9 árdegis. Hún er á þessa leið:

„1. Frv. um nýtt viðmiðunarkerfi er samið og flutt í beinu framhaldi af yfirlýsingu ríkisstj. í jan. 1982 og ákvörðun hennar 21. ágúst um að tekið verði upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkv. nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. des. 1982.

2. Frv. er mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni til viðnáms gegn verðbólgu sem er eitt grundvallaratriði stjórnarsáttmálans og stríðir ekki á nokkurn hátt gegn honum. Frv. miðar að því að draga úr hraða verðbólgu og tryggja og treysta kjör launafólks og atvinnuvega.

3. Frv. verður ekki flutt sem ríkisstjórnarfrv., heldur flutt af forsrh. í umboði ráðh. sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í ríkisstj."

Þetta var sú bókun sem ég lagði fram í gær á ríkisstjórnarfundi.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er leitast við að sníða nokkra ágalla af núgildandi vísitölukerfi. Sú kerfisbreyting, sem hér er gerð tillaga um, felur í sér annars vegar viðleitni í þá átt að draga úr víxlgangi launa og verðlags og hins vegar að auka svigrúm stjórnvalda til árangursríkrar hagstjórnar. Kerfisbreytingin er í meginatriðum fjórþætt:

1. Lagt er til að tekin verði upp viðmiðun við nýjan grundvöll framfærsluvísitölu. Með því ættu breytingar á framfærsluvísitölu, sem liggja til grundvallar breytingum á verðbótum, að gefa réttari mynd af raunverulegum breytingum á framfærslukostnaði heimilanna heldur en sá grundvöllur sem notaður hefur verið undanfarin 15 ár.

2. Lagt er til að gerð verði sú grundvallarbreyting á núgildandi verðbótatilhögun, að breytingar á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum hafi ekki áhrif á greiðslu verðbóta á laun. Með þessu væri svigrúm hins opinbera til hagstjórnar aukið að mun frá því sem nú er.

3. Lagt er til að tekinn verði upp sérstakur orkufrádráttur. Þessi tillaga er í samræmi við þá áherslu sem lögð hefur verið á að ráðstafanir til jöfnunar orkukostnaðar og uppbyggingar í orkumálum örvi ekki víxlgang launa og verðlags.

4. Lagt er til að verðbætur greiðist á fjögurra mánaða fresti í stað þriggja. Með þessu verður dregið úr víxlgangi verðlags og launa og meira svigrúm gefst til að beita almennum hagstjórnartækjum á árangursríkan hátt.

Það er rétt að leggja áherslu á, að sú kerfisbreyting, sem hér er gerð tillaga um, felur ekki í sér takmarkanir á verðbótagreiðslum umfram það sem er að finna í núgildandi tilhögun. Þannig vegur orkufrádrátturinn í raun upp á móti minni búvörufrádrætti samkv. nýja framfærslugrundvellinum. Á móti lengingu verðbótatímabilsins kemur minni verðbólga og þar með minni kaupmáttarrýrnun milli útreikningsdaga vísitölunnar. Má ætla að kerfisbreytingin ein leiði til þess að verðbólgan frá upphafi til loka þessa árs verði a. m. k. 5 — 6% lægri en að óbreyttu vísitölukerfi.

Í þessu sambandi er rétt að leggja á það áherslu, að með þessu frv. er í rauninni ekki verið að gera tillögur um skyndibreytingar, sem hafa mikil áhrif í bili, en hins vegar meir til frambúðar lagfæringar á þessu kerfi, afnám ýmissa agnúa. M. ö. o.: tilgangurinn er fyrst og fremst sá að draga úr víxlgenginu, sjálfvirkninni, án þess að það rýri á nokkurn hátt kjör eða kaupmátt fólksins í landinu, ætti þvert á móti að auka hann þegar frá líður.

Á kaupmátt og kjör launafólks í landinu eru oft og tíðum notaðir tveir kvarðar. Annars vegar kaupmáttur kauptaxta og hins vegar kaupmáttur ráðstöfunartekna. Það er auðvitað öllum mönnum ljóst fyrir langalöngu, að það er kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna sem fer miklu nær sanni um raunveruleg kjör fólksins í landinu heldur en kauptaxtarnir sér og einir, enda er það þannig, að oftast nær undanfarin ár hafa ekki aðeins stjórnvöld, heldur með fullu samþykki og samkomulagi við samtök launafólks fyrst og fremst miðað við kaupmátt ráðstöfunartekna, en ekki kauptaxta. Þetta lýsir sér m. a. í því, að ef menn vilja gera umbætur og tryggja kaupmátt fólksins í landinu, t. d. með skattbreytingum svo að maður nefni eitt dæmi, þá segir það auðvitað til sín í kaupmætti ráðstöfunartekna, en ekki í kaupmætti tímakaups.

Í annan stað er það ljóst, að ráðstafanir til að tryggja næga atvinnu í landinu koma ekki fram í kaupmætti taxtakaups, en hins vegar varðandi ráðstöfunartekjurnar. Og vissulega skiptir það nú ekki litlu máli, heldur kannske meginmáli fyrir launamenn að komið sé í veg fyrir atvinnuleysi, að svokallað atvinnustig minnki ekki um of, heldur að nægri atvinnu sé viðhaldið. Þannig má telja upp mörg önnur dæmi, svo sem vaxtamál og annað, sem eru verulegir þættir í útgjöldum launafólksins.

Nú er það löngum viðurkennt af verkalýðssamtökum, að verðbólgan sé mjög mikilvægur þáttur í afkomu fólksins, vaxandi verðbólga fari verst með launafólkið og einkum láglaunafólkið, minnkandi verðbólga sé út af

fyrir sig kjarabót fyrir fólkið. Um þetta standa í rauninni engar deilur lengur, og kemur þetta m. a. fram í samþykktum á ráðstefnum verkalýðssamtaka á undanförnum árum. Ég vil nefna kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands frá 1979 og samþykktir frá þingi Verkamannasambands Íslands frá 1981, þar sem sérstök áhersla er lögð á þessi sjónarmið. Þess vegna er það eitt út af fyrir sig, ef unnt er að koma í veg fyrir að vöxtur verðbólgu verði minni en ella, ég tala nú ekki um ef hægt er að vinna beinlínis að hjöðnun verðbólgu, þá er það út af fyrir sig kjarabót fyrir verkalýðinn og launþega. Þegar menn ræða því um áhrif þessa frv. á kaupmátt launamanna bið ég menn um að hafa þetta í huga, að það má ekki líta á kaupmátt kauptaxtanna eina því að þeir segja ekki fullkomna sögu af þessu, heldur þarf að líta á kaupmátt ráðstöfunartekna.

Ég vil í þessu sambanndi minna á það, að þegar efnahagsráðstafanir voru gerðar um áramótin 1980/1981 var gerð um það áætlun í byrjun ársins eða snemma ársins 1981 af hálfu Þjóðhagsstofnunar hversu báðar þessar aðferðir við kaupmáttarútreikning kæmu út eða mundu koma á því ári. Eftir þessar efnahagsaðgerðir um áramótin er það mat Þjóðhagsstofnunar að kaupmáttur kauptaxta mundi á árinu rýrna um 2.3%. Þegar árið var á enda kom í ljós að rýrnunin hafði ekki orðið 2.3%, heldur 1%. Þetta er varðandi kaupmátt kauptaxtanna.

Varðandi kaupmátt ráðstöfunartekna var það spá Þjóðhagsstofnunar, eins og kemur fram í riti hennar Þjóðarbúskapnum í apríl 1981, að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi eftir þessar efnahagsaðgerðir verða svipaður á árinu 1981 og hann hafði verið á árinu 1980, ekki rýrnun, ekki aukning. Þegar árið var á enda kom í ljós að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafði ekki staðið í stað, heldur hafði hann aukist um 4.3%. Og þegar menn nú spyrja: Hvernig stendur á því að kaupmáttur varð svona að töluverðu leyti á annan veg en þessi stofnun hafði gert ráð fyrir?, þá er svarið væntanlega fyrst og fremst það, að hjöðnun verðbólgunnar á árinu 1981 úr um 60 niður í um 40% hafði í þessum áætlunum verið vanmetin eða áhrif hennar.

Þegar við nú metum áhrif þessara ráðstafana, sem hér er lagt til að gerðar séu, vil ég í fyrsta lagi láta í ljós þá sannfæringu mína, að þessar breytingar mundu verða til mikilla bóta, — nokkurra bóta nú á þessu ári, en meiri í framtíðinni, — með því að draga úr sjálfvirkni og vixlgengi og þar með draga úr verðbólgu. Sú hjöðnun verðbólgu sem af þessu leiddi mundi því, eins og reynslan sýnir m. a. frá árinu 1981 og viðurkennt er af samtökum launþega, verða til þess að auka og treysta kaupmátt ráðstöfunartekna. Og ekki síst mundu þær verða til þess að örva atvinnulífið, draga úr þess örðugleikum, en það er auðvitað forsenda þess að afkoma launþega verði í sem bestu lagi.

Það er ennfremur sannfæring mín, að þessar ráðstafanir samkv. frv. muni á engan hátt draga úr kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna, heldur þegar frá líður verða til að treysta hann og auka.

Herra forseti. Ég læt þessi inngangsorð nægja með þessu frv. og vísa að öðru leyti til ítarlegrar grg. og fskj. með því. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er á ferðinni stjfrv. í skilningi laga, eins og hæstv. forsrh. og forseti Nd. hafa skilmerkilega gert grein fyrir, og þýðir í raun að Alþb. — einn stjórnarflokkanna — ber pólitíska ábyrgð á þessu frv. Þótt yfirlýsingar um fyrirvara vegna efnis frv. hafi komið fram úr þessum ræðustól, bæði frá einstökum hv. þm. Alþb. og hæstv. ráðh., hlýtur Alþb. að bera sína ábyrgð á meðan Alþb. er yfirlýstur stuðningsflokkur ríkisstj. og meiri hl. á Alþingi byggist á þátttöku Alþb. í hæstv. ríkisstj.

Það er ljóst að fulltrúi Alþb. starfaði með þeirri nefnd sem kölluð hefur verið vísitölunefndin eða viðmiðunarnefndin. Á bls. 3 í grg. frv. er sagt í stuttu máli frá því hver séu sjónarmið Þrastar Ólafssonar aðstoðarmanns fjmrh., sem skilaði séráliti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi taldi Þröstur að fresta bæri að koma á fjögurra mánaða kerfi um einn mánuð, þannig að verðbætur greiddust næst 1. mars samkv. gamla kerfinu, en síðan yrði fjögurra mánaða kerfið tekið upp.“

Ég skýt því hér inn í að ágreiningur Alþb. við frv. byggist þess vegna ekki á lengingu verðbótatímabilsins, heldur hvenær slík lenging eigi að taka gildi. Nú vitna ég orðrétt til þess sem segir í grg. með þessu stjfrv.:

„Í öðru lagi lagði hann til, að í stað tilgreindra frádráttarliða kæmi fastur hlutfallslegur frádráttur. Um önnur atriði var í meginatriðum samkomulag í nefndinni.“

Það er ekki heldur ágreiningur um það á milli Alþb. og annarra stjórnaraðila að það skuli vera frádráttarliðir sem gera vísitölukerfið lekt, ef svo má að orði komast. Það er aðeins spurning um hvers konar frádráttarliði þar eigi að vera um að ræða. Þeir sem lýst hafa yfir fylgi við frv. telja að það eigi að samþykkja með þessum frádráttarliðum sem lýst er í sjálfu frv., en fulltrúi Alþb. leggur til að það komi fastur hlutfallslegur frádráttur. Til þess að lýsa einhverju sem er hliðstætt má ímynda sér að ágreiningurinn sé ekki meiri en sá sem er á milli þeirra sem vilja að frádráttarliðir séu í tekjuskattslögum og hinna sem vilja hafa fastan hlutfallslegan frádrátt, eins og er nú hægt að velja um í sambandi við framtöl, svo að ég taki dæmi sem er ákaflega nýlegt.

Þetta frv., sem hér er til umr., er mjög frægt. Það hefur verið milli tanna á mönnum alllengi. Það var sagt strax í haust að beðið væri eftir þessu frv. og þess vegna væri ekki hægt að leggja fram brbl. til staðfestingar, enda dróst það úr hömlu því að hér er á ferðinni eitt af fylgifrv. brbl. Í 1. lið yfirlýsingarinnar sem fylgdi brbl. kemur fram mjög greinilega að gert var ráð fyrir að nýtt viðmiðunarkerfi tæki gildi eftir 1. des. s. l. Það er þess vegna ljóst að Alþb. tók þátt í því samkomulagi í sumar, í ágúst, að samþykkja nýtt viðmiðunarkerfi, þ. á m. að lenging verðbótatímabils tæki gildi eftir 1. des. Svo mega menn hafa mismunandi skoðanir á því, hvað „eftir 1. des.“ þýðir í mæltu íslensku máli.

Efni frv. er í fyrsta lagi nýr vísitölugrundvöllur í stað þess gamla, sem er löngu úreltur orðinn, í öðru lagi lenging verðbótatímabila, í þriðja lagi meiri frádráttur vegna orkukostnaðar og í fjórða lagi það að óbeinir skattar og niðurgreiðslur fari út úr vísitölunni.

Við 1. umr. málsins er ekki eðlilegt að fram fari ítarlegar efnislegar umr. um frv. Málið verður að sjálfsögðu skoðað með eðlilegum hætti í hv. fjh.- og viðskn. Nd., en á það verður að benda, að sá árangur í baráttunni við verðbólguna, sem á að nást með því að

tengja þetta nýja vísitölukerfi, er sá, að hún er talin verða a. m. k. 5—6% lægri en óbreytt vísitölukerfi mundi skila. Sjá menn þá árangurinn þegar til þess er litið að gert er ráð fyrir því samkv. spám Seðlabanka að verðbólga á yfirstandandi ári verði 75% mælt í framfærsluvísitölu frá áramótum til áramóta.

Frv. þetta er byggt á gamalli yfirlýsingu í stjórnarsáttmála ríkisstj., en nú eru liðin rúm þrjú ár frá því að sú ágæta bók var gefin út og gerist nú æ fátíðara að vitnað sé til hennar, enda virðist enginn vilja kannast við það sem í þeirri bók stendur. Samkv. stjórnarsáttmálanum átti þó að vera fullt samkomulag á milli stjórnaraðilanna, beggja stjórnarflokkanna og þeirra sjálfstæðismanna sem sitja í ríkisstj., um það sem varðaði kjaramál og sérstaklega ef um kjaraskerðingar væri að ræða. Slíkt samkomulag hefur verið með miklum ágætum í núv. hæstv. ríkisstj., enda hafa allir aðilar ekki vílað fyrir sér að efna til kjaraskerðingar með lögum, bæði með áframhaldandi beitingu svokallaðra Ólafslaga og með sérstökum skerðingum, sem áttu sér stað fyrst að verulegu leyti snemma á árinu 1981, nánar tiltekið frá 1. mars með brbl. þá og svo síðan með brbl., sem sett voru í sumar, en sú skerðing skilaði 7.7% launaskerðingu launafólks í landinu. Um þessa launaskerðingu og aðrar slíkar hefur ríkt fullt samkomulag innan hæstv. ríkisstj., þótt ekki sé um slíkt að ræða við þá viðbót sem kemur með þessu frv.

Fyrir rúmu ári, þegar hæstv. ríkisstj. gafst upp við að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar og ákvað að fresta öllum aðgerðum til lausnar efnahagsvandanum og dró það úr hömlu — reyndar allt árið fram til ágústmánaðar — að hefjast handa í lausn aðsteðjandi vandamála, gaf hæstv. ríkisstj. út efnahagsskýrslu og í henni segir, með leyfi forseta, um nýtt viðmiðunarkerfi:

„Ríkisstj. mun nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis sem nú gildir. M. a. verður reynt að finna leið til þess að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu. Þá mun ríkisstj. hefja viðræður við aðila að verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu, en tryggt um leið afkomu í greinum þessum."

Hér lýkur tilvitnun í efnahagsskýrslu hæstv. ríkisstj., sem var lögð fram á Alþingi seint í janúarmánuði 1982. Það er full ástæða til að spyrja hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar, hvort eitthvað hafi verið unnið að síðari liðnum, viðræðum við aðila að verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar, og hvernig þeim viðræðum hafi lyktað, hafi þær einhvern tíma hafist. Það er ljóst, að þegar gerðar eru breytingar á borð við þær sem gerðar eru í viðkomandi frv. hlýtur slíkt að hanga saman við hugsanlegar breytingar á verðmyndunarkerfi sjávarútvegsins og landbúnaðarins.

Í 1. umr. er full ástæða til að gagnrýna hvernig að þessu frv. er staðið. Í fyrsta lagi ber að nefna það, að ekkert samráð hefur verið haft við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Að vísu er sagt að haft hafi verið samráð við verkalýshreyfinguna og atvinnurekendur, en sé grg. lesin kemur ekkert fram sem bendir til þess að þar liggi fyrir hugmyndir annars vegar verkalýðshreyfingarinnar og hins vegar atvinnurekenda um þessi mál. En það er ljóst að ekkert samráð hefur verið haft við stjórnarandstöðuna í þessu máli og það þrátt fyrir að hæstv. ríkisstj. væri kunnugt um að hún hefði ekki lengur starfhæfan meiri hl. á hv. Alþingi. Nú má spyrja á móti: Er það eðlilegt að haft sé samráð við stjórnarandstöðuna í máli eins og þessu? – Það kunna að vera ýmsar skoðanir uppi um það, en ég vil minna á að þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar skoðaði verðbólgumálin á sínum tíma var ekki einungis haft samráð við stjórnarandstöðuna, heldur tók stjórnarandstaðan fullan þátt í því starfi sem þá var unnið.

Í öðru lagi ber að gagnrýna hve seint þetta frv. kemur fram á þinginu. Það er ljóst samkv. yfirlýsingum hv. stjórnarsinna á Alþingi að ætlunin var að leggja frv. miklu fyrr fram á þinginu. Nú eru aðeins fáeinir dagar til 1. mars og það er ljóst að ef þetta frv. á að verða að lögum og taka gildi 1. mars verður samþykkt þess að liggja fyrir um miðja næstu viku. Og ég spyr: Er trúverðugt að leggja fram frv. í gær, fylgja því úr hlaði í dag, þegar ljóst er að bullandi ágreiningur er í hæstv. ríkisstj. um málið, og búast við því að fá hraða afgreiðslu á Alþingi, þegar ljóst er að ráðherrar, þ. á m. hæstv. forsrh., eru á leið úr landi? Ég spyr: Er þetta trúverðugt? Það er fyllilega réttmætt að gagnrýna hve frv. kemur seint fram og það seinlæti skrifast auðvitað á ábyrgð hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn viljum að sjálfsögðu að þetta mál fái eðlilega meðferð í þinginu. Þetta er viðkvæmt mál, sem þarf að skoðast vandlega af hv. nefnd. Að slíkri eðlilegri skoðun munum við standa.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Frv. þetta er hingað til Nd. komið með nokkuð undarlegum hætti. Vitað er að mikið ósamkomulag hefur verið ríkjandi í ríkisstj. um nýja vísitöluviðmiðun launa, en yfirlýsing um að slík ný viðmiðun yrði upp tekin fyrir 1. mars n. k. var gefin af ríkisstj. allri í tengslum við setningu brbl. í ágústmánuði s. l. Þegar til átti að taka náðist hins vegar ekki samkomulag um að framfylgja hinni sameiginlegu yfirlýsingu ríkisstj. eins og til stóð. Ítrekaðar viðræður mánuðum saman um sameiginlega niðurstöðu báru ekki árangur, uns forsrh. brá á það ráð að flytja frv. í eigin nafni, en ekki nafni ríkisstj. Er hæstv. ráðh. studdur í málinu af ráðherrum Sjálfstfl. og Framsfl., en ráðh. og þm. Alþb. eru frv.-flutningnum andvígir. Ljóst er því að frv. er ekki stjfrv. í lögformlegum og venjuhelguðum skilningi þess orðs.

Þess eru vissulega dæmi að ráðh. í ríkisstj. flytji í eigin nafni frv., sem ekki er stuðningur við meðal allra ríkisstjórnaraðila. Síðast var það gert árið 1979, þegar páv. forsrh. Ólafur Jóhannesson flutti frv. um stjórn efnahagsmála hér á Alþingi. Einn páv. stjórnarflokka, Alþb., stóð ekki að því frv. Þetta frv. var undanfari laga sem síðan hafa verið kennd við flm. og nefnd Ólafslög. Ég man eftir nokkrum fleiri dæmum um slíkan flutning ráðh. á frv. sem ríkisstj. sem heild stendur ekki að, en í engu því tilviki minnist ég annars en ráðh. hafi þá flutt málið í þeirri þd. sem hann situr í sem þm., en hæstv. forsrh. á, eins og kunnugt er, ekki sæti í Nd., þar sem hann flytur málið, heldur í hv. Ed. Er það raunar auðsætt að svo þurfi að vera, því að til þess að ráðh. geti flutt mál í annarri deild en hann á sæti í þarf atbeina forseta Íslands, þannig að um stjfrv. sé ljóslega að

ræða.

Nú hefur frv. það sem hér er til umr. borið þannig fyrir Nd. að forsrh. hefur lagt frv. fram við deildarforseta hafandi fengið undirritun forseta Íslands á skjal sem gerir frv. að stjfrv., enda hefði hæstv. forsrh. ekki fengið frv. samþykkt sem Nd.-mál með öðrum hætti, heldur orðið að flytja það í þeirri þingdeild sem hann situr í sem þm. Engu að síður er því staðfastlega haldið fram af Alþb. að frv. sé ekki stjfrv. Þarna stendur fullyrðing gegn fullyrðingu. Forsrh. flytur frv. hingað inn í Nd. sem stjfrv. og fær það í krafti þess tekið hér fyrir, en lýsir því þó yfir að frv. njóti ekki stuðnings stjórnarinnar. Hæstv. félmrh. segir frv. ekki geta verið stjfrv., enda standi stjórnin ekki að frv.

Í leikmanns augum virðist a. m. k. líklegra að lagaskýring hæstv. félmrh. sé nær sanni, því hvernig getur mál orðið stjórnarmál ef stjórnin stendur ekki að flutningi þess? Hvar mundi slíkt enda? Hvaða fordæmi er verið að gefa, sé á slíka málsmeðferð fallist? Þess vegna óskaði ég í gær eftir því, að hæstv. forseti léti mér í té upplýsingar um hvort dæmi séu þess að ráðherrar flytji mál sem hluti ríkisstj. hefur opinberlega lýst andstöðu við í annarri deild en hann situr í sem þm. Ég ítreka þessa ósk mína við hæstv. forseta, að ég fái þessa greinargerð í hendur, hvort nokkur fordæmi séu fyrir slíkum málatilbúnaði.

Þá vil ég ennfremur óska eftir svörum við því frá hæstv. forsrh. hvernig á því stendur að hann leggur svo mikla áherslu á að fá flutt mál í Nd., sem hann mætavel hefði sem ráðh. getað flutt í Ed. Mér vitanlega samkv. öllum fordæmum sem til eru úr þingsögunni, – ég fullyrði það með fyrirvara því að ég hef ekki séð annað, – ef þeim hefði verið fylgt, ætti ráðh. að hafa flutt þetta mál í Ed. Ég vildi gjarnan fá á því skýringar frá hæstv. ráðh., hvernig á því stendur að hann vill ekki flytja þetta frv. í þeirri deild sem hann á sæti í sem þm. Ég veit ekki annað en það sé að öðru leyti nokkuð gott samkomulag á milli hæstv. forsrh. og þeirrar deildar sem hann var kjörinn til að sitja í, enda veit ég ekki annað en hæstv. forsrh. hafi verið ljúft að taka þar sæti þegar hann á sínum tíma var þangað kjörinn, en eins og menn muna réði það kjör úrslitum um að hæstv. ráðh. tókst að koma saman þeirri ríkisstj. sem nú situr að völdum. Hins vegar liggur ljóst fyrir að úrskurður hæstv. forseta um að málið skuli skoðast sem stjórnarmál og fá því þá meðferð, sem það nú hlýtur, er endanlegur. Við því getur Nd. út af fyrir sig ekkert gert. Nd. getur ekki breytt þeim úrskurði. Þó að Nd. væri ekki sammála úrskurði forseta getur hún t. d. ekki vísað málinu til Ed., þótt svo það yrði niðurstaða meiri hl. dm. að málið ætti þar heima.

Um sjálft efnisatriði frv. get ég hins vegar verið fáorður að þessu sinni. Meginefni 1. gr. er að tekinn verði í notkun nýr grundvöllur framfærsluvísitölu samkv. niðurstöðum neyslukönnunar, sem gerð var á árunum 1979 og 1980, en fyrri grundvöllur var reistur á neyslusamsetningu samkv. búreikningum 100 fjölskyldna í Reykjavík fyrir tæpum 20 árum. Þessi breyting felur það eitt í sér að gera réttari þann mælikvarða sem notaður er til þess að mæla meðaltalshækkun framfærslukostnaðar í landinu. Um langt skeið hefur sá mælikvarði gefið rangar vísbendingar um raunverulegar breytingar á framfærslukostnaði, því grundvöllurinn, sem byggt var á, hefur lengi verið rangur. Fjölmargar tegundir neysluvarnings og heimilisútgjalda, sem voru óþekktar fyrir 20 árum hjá almennum fjölskyldum, tilheyra nú almennum neysluvenjum. Þessar tegundir neysluvarnings og útgjalda eru fæstar inni í vísitölugrundvellinum sem nú er stuðst við til þess að mæla breytingar á framfærslukostnaði.

Aðrar neysluvörur og útgjaldaliðir, sem fyrir 20 árum vógu létt í grundvellinum, hafa vaxið að mun, en dregið að sama skapi úr útgjöldum sem voru ráðandi í fjölskylduútgjöldum fyrir 20 árum. Sem dæmi um vaxandi útgjaldaliði fjölskyldna á þessu árabili má nefna útgjöld vegna bifreiða, skemmtana, fatakaupa og ferðalaga, sem vega nú miklu þyngra í neysluútgjöldum almennra fjölskyldna en gerðist fyrir 20 árum. En um minnkandi útgjaldaliði í hlutfallslegri neyslu má sem dæmi nefna kaup almennra matvæla.

Löngu er orðið nauðsynlegt að breyta grundvelli framfærsluvísitölunnar með tilliti til breyttrar neyslusamsetningar af þessu tagi. Sú breyting er aðeins til þess gerð að tryggja að mælingin sé rétt til þess að sjá svo um að „hitamælir verðbólgunnar" sé rétt stilltur. Þeirri breytingu er Alþfl. hlynntur. Hann telur einnig þörf á að setja lög um gerð framfærsluvísitölunnar, sem ekki eru nú til, sem tryggi að grundvöllur framfærsluvísitölunnar sé ætíð neyslukönnun sem gerð sé meðal hæfilega fjölmenns úrtaks þjóðarinnar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og með fullkomnustu aðferðum sem tiltækar eru á hverjum tíma. Jafnframt fari fram kannanir um hugsanlega ólíka neyslusamsetningu og misjafnt vægi einstakra útgjaldaliða eftir landshlutum og upplýsingar, sem þannig eru fengnar, gangi sjálfkrafa inn sem breytingar á grundvelli framfærsluvísitölunnar þannig að hún sem „hitamælir verðbólgunnar" mæli ávallt rétta breytingu á framfærslukostnaði hverju sinni. Þessi atriði vill Alþfl. að bundin séu í löggjöf – þau atriði að framfærsluvísitalan mæli ávallt rétt þær breytingar sem verða á framfærsluútgjöldum heimilanna.

Þessi atriði fjalla aðeins – ég endurtek aðeins – um framfærsluvísitöluna sem mælikvarða á framfærslukostnaði heimila og breytingar á honum. Hvernig og hvort tengja eigi þennan mælikvarða á breytingu á framfærslukostnaði við launin í landinu er svo annað mál, sem ekki má rugla saman við það atriði vístitölumálanna að tryggja að framfærsluvísitalan mæli alltaf rétt breytingu á framfærslukostnaði.

Ýmsar aðferðir hafa verið hafðar uppi um tengingu framfærsluvísitölu við laun. Stundum hafa launin verið tengd framfærsluvísitölu með einum eða öðrum hætti, stundum ekki. Þegar um slíka tengingu hefur verið að ræða hefur framfærsluvísitalan ýmist tengst launanum óbreytt eða hún hefur tengst þeim með einhverjum tilteknum skerðingum. Í síðari greinum frv. er fjallað um slíka tengingu framfærsluvísitölunnar við laun. Þar er lagt til að nokkur frávik verði gerð frá þeim viðmiðunum sem nú eru notaðar í sambandi við tengingu framfærsluvísitölu og launa. Sjálfsagt er að skoða áhrif þeirra breytinga og afstöðu aðila til þeirra, og verður það án efa gert í fjh.- og viðskn. þegar hún fær mál þetta til umfjöllunar. Það mál er einnig nú til umr. í Alþfl.

Meginatriði málsins er þó það að mínu viti, að reynslan hefur sýnt okkur að vísitölukerfið í þessum skilningi er orðið gerónýtt. Það tryggir ekki kaupmátt launa. Það tryggir ekki öryggi í efnahagsmálum og það

tryggir ekki stöðugleika í stjórnarfari og hætt er við að breytingar á einstökum atriðum til eða frá innan þessa kerfis skili mjög takmörkuðum árangri, ef nokkrum. Það er skoðun Alþfl., að menn eigi að leita annarrar og nýrrar lausnar í þessum málum en þeirrar sem byggist á vísitölukerfi sem í raun og sannleika er orðin ónýt og haldlaus vörn. Til þess að tryggja kaupmátt launa, til þess að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum og árangur í efnahagsstjórnun ætti frekar að leita eftir samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um mörkun tiltekinnar launamálastefnu til eins eða tveggja ára í senn, sem tryggi í senn lágmarkskaupmátt og lágmarkslífsafkomu og um leið tilteknar forsendur efnahagsstjórnunar svo að ná megi einhverjum tilætluðum árangri.

Þetta þýðir að sjálfsögðu gerbreytingu á þeim vinnubrögðum sem tíðkast hafa í þessu sambandi í okkar landi. Þetta þýðir að aðilar, bæði stjórnvöld og hagsmunaaðilar, verða að taka ákvarðanir til framtíðar í ljósi staðreynda um raunverulegar efnahagsaðstæður á hverjum tíma annars vegar og hins vegar í ljósi staðreynda um hvað er pólitískt framkvæmanlegt á hverri stundu og standa síðan saman hver og einn ábyrgur fyrir þeirri sameiginlegu stefnumótun og ákvörðunum sem þarna ættu sér stað.

Herra forseti. Ég er hér að tala um tillögur okkar Alþfl.-manna frá árinu 1978 um kjarasáttmála þjóðfélagsaflanna og stjórnvalda í stað þeirrar ábyrgðarlitlu hringavitleysu sem felst í því að menn hengja sig aftan í einhvern verðbólguvagn í sinni eilífu endalausu hringferð og halda að það sé einhver vörn gegn vá að menn séu verndaðir af einhverju vísitölukerfi, sem reynslan hefur því miður sýnt að hvorki getur orðið launafólki vörn né tæki til árangursríkrar efnahagsstjórnunar í höndum stjórnvalda. Við Alþfl.-menn teljum að forsenda gerbreyttrar efnahagsstefnu, forsenda gerbreyttrar efnahagsstjórnunar sé að taka upp þessi vinnubrögð, taka upp vinnubrögð í anda þess kjarasáttmála sem við höfum barist fyrir síðan í kosningunum 1978.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þegar það gerist að tveir stjórnaraðilar kjósa að flytja frv. til l. um jafnstórt mál og vísitölumálið í trássi við þann þriðja, þá er eðlilegt að fara rækilega yfir málin og átta sig á því, í hverju sá ágreiningur liggur sem veldur þeirri staðreynd að hæstv. forsrh. hefur hér flutt sérstakt vísitölufrv. Þetta vísitölufrv. er ekki stjfrv. eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. aftur og aftur. Þetta vísitölufrv. er ekki stjfrv. eins og hér hefur verið bent á af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Hér er um að ræða frv. sem forsrh. flytur einn og skýrir svo frá, að hann hafi á bak við það stuðning sjö ráðh. Framsfl. og Sjálfstfl.

Nú hlýt ég að harma það sem einn af aðilum núv. ríkisstj. að ekki skuli hafa tekist samkomulag um jafn veigamikið mál og þetta. Og ekki síst hlýt ég að undirstrika þessar skoðanir mínar þegar þess er gætt, að núverandi stjórnarsamstarf hefur í heildina tekið verið farsælt og árangursríkt, og það hefur skilað mörgum þýðingarmiklum málum í höfn fyrir land okkar og þjóð. Staðreyndin er engu að síður sú, sem við stöndum nú frammi fyrir, að þetta frv. sem hér er rætt varpar skugga á stjórnarsamstarfið og teflir því í tvísýnu. Samþykkt frv. um vísitölu- og kjaramál gegn einum stjórnarflokknum væri tvímælalaust brot á stjórnarsáttmálanum eins og glöggt er þar tíundað, en framlagning frv. um þessi efni af hæstv. forsrh. er ekki með þeim hætti, að menn þurfi að slá því föstu að þetta frv. verði að lögum. Þvert á móti bendir margt til þess að svo verði ekki, m. a. með tilliti til þess að skammt lifir nú af sérkennilegu þinghaldi þessa vetrar.

Þegar þetta frv. lá fyrir í ríkisstj. gerði miðstjórn Alþb. svofellda samþykkt:

„Miðstjórn Alþb. mótmælir harðlega þeim tillögum um breytingar á vísitölukerfinu sem nú liggja fyrir af hálfu annarra aðila í ríkisstj.

Miðstjórnin telur að breyta beri núverandi vísitölukerfi í samræmi við neyslukönnun Hagstofunnar frá 1979–1980 og að gera verði ýmsar breytingar á núverandi viðmiðunarkerfi, enda stuðli þær að því að tryggja betur kaupmátt almennra launa og þá ekki síst hinna lægstu launa.

Fundurinn leggur áherslu á að breytingar á vísitölukerfinu verða hins vegar að eiga sér stað í beinum tengslum við aðrar breytingar á efnahagskerfinu. Alþb. er reiðubúið til samstarfs um að tryggja nauðsynlegar breytingar á stjórn efnahagslífsins og minnir í því sambandi á ákvarðanir ríkisstj. frá s. l. ári um verðlagskerfi sjávarútvegs og landbúnaðar og tillögur Alþb. varðandi sjóðakerfið, innflutningsverslunina og fleiri þætti efnahagsmála. Því miður hafa ákvarðanir ríkisstj. frá s. l. ári í þessum efnum ekki náð fram að ganga, og þess vegna er fráleitt að mati flokksins að slíta vísitölumálið út úr samhengi, eins og tillögur eru nú um innan ríkisstj.

Fundur miðstjórnar Alþb. 12. febr. 1983 telur óhjákvæmilegt að einhliða ákvörðun einstakra stjórnaraðila um flutning frv. um vísitölumálið hljóti að hafa alvarleg áhrif á stjórnarsamstarfið, vegna þess að ákvæði stjórnarsáttmálans kveða á um annað. Flokkurinn hlýtur því að meta slík vinnubrögð í tengslum við framgang annarra mála í stjórnarsamstarfinu og á Alþingi á næstunni."

Þegar þetta mál var tekið fyrir í ríkisstj. í gærmorgun, þá lagði ég fram þessa samþykkt miðstjórnar Alþb. En fleiri aðilar höfðu þá þegar fjallað um þetta mál, þar á meðal miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 10. febr. s. l. segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„1. Í samningaviðræðum á s. l. sumri lýsti Alþýðusambandið sig reiðubúið til þess að semja um að nýr vísitölugrunnur yrði tekinn í notkun við útreikning vísitölu framfærslukostnaðar. Á strandaði að Vinnuveitendasambandið hafnaði nýja grunninum nema nýir frádráttarliðir yrðu jafnhliða teknir upp við verðbótaútreikning. Ekkert bendir til að afstaða verkalýðssamtakanna verði önnur í komandi samningum.

2. Alþýðusambandið hefur ávallt verið reiðubúið til þess að ræða breytt vísitölufyrirkomulag. Afstaða Alþýðusambandsins hefur mótast af því sjónarmiði að nýtt viðmiðunarkerfi yrði að tryggja kaupmátt ekki síður en núverandi kerfi. Rétt er að minna á að samkv. erindisbréfi og sérstakri yfirlýsingu ríkisstj. átti svonefnd vísitölunefnd að hafa þetta sjónarmið að meginmarkmiði. Yfirlýsingar einstakra valdsmanna að undanförnu ganga þvert á ofangreind sjónarmið. Krafist er aukinnar verðbótaskerðingar með nýjum frádráttarliðum og lengingu verðbótatímabila. Miðstjórn ASÍ fordæmir

þessi viðhorf. Ljóst er að efnahagsvandinn verður ekki leystur með síendurteknum kjaraskerðingum. Miðstjórnin bendir á að frá því í des. hefur verkafólk þolað verulega kjaraskerðingu til viðbótar almennri tekjurýrnun á árinu 1982. Í kjölfar þessarar kjaraskerðingar hefur ekki bólað á efnahagsaðgerðum stjórnvalda á öðrum sviðum. Miðstjórn ASÍ varar við skerðingarhótunum einstakra ráðamanna og harmar það úrræðaleysi sem í þeim opinberast."

Það er sem sagt ljóst að þegar frumvarpstillaga sú sem hér er nú til umr. lá fyrir í hæstv. ríkisstj. í gærmorgun lágu þar einnig fyrir í fyrsta lagi mótmæli verkalýðssamtakanna, mjög hörð og eindregin, sem þó á að hafa samráð við samkv. stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., og þar lá einnig fyrir samþykkt eins stjórnarflokksins, Alþb., enda þótt svo sé kveðið á í stjórnarsáttmála ríkisstj. að ekki megi setja lög um kjaramál nema allir stjórnaraðilarnir séu því samþykkir. Það er því eins ljóst og frekast getur verið að samþykkt vísitölufrv. gegn Alþb. væri skýlaust brot á sáttmála núv. ríkisstj. og hlyti að hafa pólitískar afleiðingar í samræmi við það.

Þessi mál hafa verið rædd mjög í þjóðfélaginu núna um nokkurt skeið. Má segja að sú umr. hafi hafist fyrir alvöru í tengslum við efnahagsyfirlýsingu ríkisstj. s. l. sumar og þau brbl. sem þá voru sett og staðfest hér á Alþingi í dag. Þessi brbl. hafa átt sér sögulegan feril eins og kunnugt er og endalokin urðu ljós í dag og í gær, þegar stjórnarandstaðan í Sjálfstfl. ákvað, eftir háværar raddir um að hér væri um að ræða frv. sem væri í öllum atriðum vont og hættulegt, að sitja hjá eftir allt sem á undan var gengið. Í þeirri umr. sem hér hefur farið fram um brbl. var það rætt, einkum eftir að þing kom saman í haust, hvort ríkisstj. hefði meiri hl. til þess að fá brbl. staðfest. Við sem stöndum að ríkisstj. vissum ekki betur, þegar brbl. voru sett, en að þau hefðu þingmeirihluta. Þegar Alþingi kom saman s. l. haust gerðust hins vegar þau tíðindi að einn af stuðningsmönnum ríkisstj. lýsti því yfir, að hann hefði snúist á sveif með stjórnarandstöðunni og þar með væri óvissa um framgang brbl. hér á hv. Alþingi. Þessi yfirlýsing lá fyrir um svipað leyti og Alþingi kom saman og það var þá fyrst með óyggjandi hætti ljóst, að ríkisstj. hafði mjög tæpa stöðu hér í hv. Nd. Í tengslum við þá niðurstöðu ákvað Alþb. að leggja til í ríkisstj. að gripið yrði til sérstakra pólitískra aðgerða. Í fundargerð ríkisstj. 14. okt. s. l. segir svo með leyfi forseta:

„Félmrh. lagði fram svohljóðandi samþykkt þingflokks Alþb.:

Þingflokkur Alþb. telur nauðsynlegt að frv. til staðfestingar á brbl. um efnahagsaðgerðirnar í ágúst s. l. verði lagt fram á Alþingi þegar í stað og meðferð málsins hagað þannig, að sem fyrst fáist niðurstaða í þeirri óvissu sem nú er í stjórnmálum landsins. Félli frv., sem yfirlýsingar formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar benda til, er rétt að rjúfa þing þegar í stað og efna til kosninga svo tímanlega fyrir lok nóvember, að ríkisstj. með skýran þingmeirihluta að baki gæfist tími til að gera þær ráðstafanir sem hún teldi nauðsynlegar fyrir 1. des. n. k. Þingflokkur Alþb. bendir á að sú óvissa, sem nú er um að ræða, getur haft í för með sér að ýmis mál ríkisstj. stöðvist eða tefjist í þinginu. Jafnframt er hætta á að þingstörf verði í heild ekki jafn markviss og skyldi við þessar aðstæður. Með tilliti til framanritaðs leggur þingflokkurinn áherslu á að brbl. verði afgreidd strax."

Á þessum fundi ríkisstj. 14. okt. s. l. kom m. ö. o. fram að Alþb. vildi að þá þegar yrði látið reyna á það hvort þingið samþykkti brbl. eða ekki. Og ef þau yrðu felld, þá yrði efnt til kosninga svo fljótt fyrir 1. des. að ný ríkisstj. gæti gert viðeigandi ráðstafanir í tæka tíð. Því miður báru samstarfsaðilar okkar í ríkisstj. ekki gæfu til að fara að þessum ráðum strax. Ég hygg að allir þeir sem hafa lifað þennan vetur hér og fylgst með málum á Alþingi Íslendinga nú síðustu mánuðina sjái hversu miklu skynsamlegra það hefði verið að bregðast þarna strax við og afgreiða brbl. þegar í stað, til þess að unnt væri að vísa málum til þjóðarinnar ef brbl. hefðu verið felld í Nd. þingsins, eins og þá benti flest til.

Ég hlýt að láta þetta koma fram hér vegna þess að skýringin á þeirri efnahagslegu sjálfheldu sem okkar þjóðarbú er í um þessar mundir birtist ekki í því að menn hafi dregið að leggja fram eitthvert vísitölufrv. Skýringin á sjálfheldunni liggur fyrst og fremst í því að menn voru ekki tilbúnir til að ganga með vandamálin til þjóðarinnar á því augnabliki sem það lá fyrir að slíkt var í rauninni óhjákvæmilegt. Það að ekki tókst að ná samstöðu um þetta í haust er orsök þess hversu komið er og hversu háttar nú til í efnahagsmálum hér í þessu landi.

Ég undirstrika þetta atriði hér, herra forseti, vegna þess að ég tel að það sé óhjákvæmilegt að líta á það sem bakgrunn þeirrar efnahagslegu þróunar sem nú hefur verið að ganga yfir. Það er útilokað fyrir hina stjórnaraðilana að bjarga sér frá þessari staðreynd með því að standa nú að þessu vísitölufrv. Þó ekki væri nema vegna þess, herra forseti, að þetta frv., jafnvel þótt samþykkt yrði, hefði um 5% áhrif á verðbólguna í landinu eða svo á heilu ári í 70% verðbólgu. Ég hygg að sjaldan hafi það gerst að menn hafi ætlast til jafn stórra afreka af jafn litlu frv. og því sem hér liggur fyrir í þessa veru.

Ég fór þess á leit við Þjóðhagsstofnun í gær, að hún gerði athugun á því hvaða áhrif þetta frv. hefði á þjóðarbúið og efnahagslífið á þessu ári. Í minnisblaði frá Hallgrími Snorrasyni, sem mér barst í gærkvöld um þetta efni, segir svo orðrétt með leyfi hæstv. forseta:

„Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar frá 14. 01. 1983 um framreikning framfærsluvísitölu og kauptaxta á árinu 1983 voru helstu niðurstöður þær, að á gefnum forsendum mætti búast við að hækkun framfærsluvísitölu á næstu mánuðum yrði yfirleitt 65—70%, færi yfir 70% um mitt ár, en síðan gæti dregið úr árshækkun vísitölunnar ef ekki kæmu upp sérstök verðbólgutilefni. Hækkunin yrði þó enn á bilinu 60—65% í árslok. Meðalhækkun framfærsluvísitölunnar yrði samkv. þessum reikningi 65—70%, en meðalhækkun kauptaxta 55—60% og kaupmáttur kauptaxta rýrnaði að meðaltali um 7% á árinu.

Framreikningur framfærsluvísitölu og kauptaxta miðað við frv. forsrh. en að öðru leyti á sömu forsendum og framreikningurinn frá 14. 01. 1983 gefur þær niðurstöður að hækkun framfærsluvísitölunnar frá upphafi til loka ársins geti orðið um 5 stigum minni en ella. Þannig yrði hækkun vísitölunnar 57—58% með svipaðri nákvæmni og í fyrri reikningi, meðalhækkunin frá fyrra ári yrði 64—65% og meðalhækkun kauptaxta 51—52%. Samkv. þessu yrði kaupmáttur kauptaxta um 8% lakari að meðaltali á þessu ári en í fyrra. Í sambandi við þessar

tölur verður að hafa í huga að mun meiri óvissa ríkir um framreikning eftir hinum nýja grunni en hinum gamla, m. a. um vægi frádráttarliða o. fl., þótt reynt sé að gera dæmin sem samstæðust. Áhersla skal jafnframt á það lögð að sömu forsendur og fyrirvarar eiga að öllu leyti við um bæði dæmin."

Hér lýkur tilvitnun í minnisblað Þjóðhagsstofnunar sem sýnir ákaflega vel hvaða áhrif þetta frv. hefði á vísitölu og þar með verðbólgu og kaupmátt á þessu ári.

Ég vík nú, herra forseti, að frv. sjálfu og einstökum efnisatriðum þess. Ég vil þá fyrst taka það fram, að þetta frv. hefur verið til meðferðar hjá hæstv. ríkisstj. nú um nokkurt skeið. Málin hafa verið ítarlega rædd, m. a. á fundum vísitölunefndar og á fundum ráðherranefndar sem ég hef átt sæti í, og sömuleiðis hafa þau verið rædd nokkrum sinnum á fundum ríkisstj. sjálfrar.

Ég vil taka það fram hér að gefnu tilefni, að ég tel að hæstv. forsrh. hafi lagt sig mjög fram um að ná samkomulagi um þetta mál á milli stjórnaraðila. Og ég tel raunar að hið sama eigi við um formann Framsfl., hæstv. sjútvrh. (**Forseti:** Ég þykist vita að hv. ræðumaður eigi langt mál eftir.) Já, talsvert. (**Forseti:** Mætti ég vinsamlega fara fram á við hann að gera örstutt hlé á ræðu sinni vegna þess að fundur í Sþ. hafði verið auglýstur kl. 3. En það verður aðeins stutt hlé, ég tek það fram.) Já, það er sjálfsagt. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég minntist á það þegar ég fór úr stólnum hér áðan að þetta mál, vísitölumálið, hefði verið til meðferðar í ríkisstj. nokkuð lengi, bæði á vegum ráðherranefndar, sem ég hef átt sæti í, og á vegum vísitölunefndarinnar svokölluðu. Ég tók það fram að bæði hæstv. forsrh. og hv. formaður Framsfl., sjútvrh., hefðu lagt sig fram um það mestan part að reyna að ná samkomulagi um þetta mál. Ég held að það sé hins vegar svo, að í stuðningsliði beggja hafi verið ýmsir aðilar sem reyndu að pressa það fram að þetta frv. yrði lagt fyrir, jafnvel með ákvæðum sem alltaf hafði legið fyrir að yrðu ekki samþykkt af Alþb. Þar sem um slík viðhorf var að ræða hjá örfáum stuðningsmönnum stjórnarinnar gat auðvitað svo farið sem farið hefur, að lagt yrði fram frv. af forsrh. einum. Framm fyrir þeirri pólitísku staðreynd stöndum við nú.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja að frv. sjálfu og einstökum efnisgreinum þess og þá fyrst að sjálfsögðu að því sem rætt er í 1. gr. frv.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að nýr vísitölugrundvöllur verði lögfestur nú þegar og taki gildi við næsta vísitöluútreikning. Ég er út af fyrir sig almennt séð þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt að miða við sem nýjastar upplýsingar um neyslusamsetningu, þegar teknar eru ákvarðanir um vísitölugrundvöll. Í þessu efni er þó ekkert sjálfgefið frekar en í öðrum og það er ljóst að nýi vísitölugrundvöllurinn, sem svo er kallaður, er allt öðruvísi samsettur en hinn gamli vísitölugrundvöllur. Þannig eru t. d. landbúnaðarvörur mun léttari í nýja vísitölugrundvellinum en þeim gamla og frá sjónarmiði landbúnaðarins og þeirra sem vilja leggja áherslu á sem mesta sölu innlendra landbúnaðarafurða hlýtur að orka tvímælis að taka inn hinn nýja grundvöll gersamlega óbreyttan.

Auk þess eru í hinum nýja vísitölugrundvelli ýmis atriði sem ekki voru til í þeim gamla, eins og t. d. laxveiðar, hey fyrir sporthesta og sólarlandaferðir. Þar voru aftur á móti ferðir fimmta hvert ár með Gullfossi fyrir vísitölufjölskylduna, sem af eðlilegum ástæðum er ekki með í nýja vísitölugrundvellinum.

Mér finnst þessi dæmi sýna það dálítið vel að í rauninni er ekki alveg einboðið að vísitölugrundvöll eigi að taka upp nákvæmlega eins og hann kemur út úr neyslukönnuninni á hverjum tíma. Það er ekki einboðið, segi ég, vegna þess að ef við tökum þennan grundvöll óbreyttan og reiknum verðbætur á laun eftir honum, þá erum við í raun og veru að borga þeim sem lægstar hafa tekjurnar lægri verðbætur en þeir ættu að fá, miðað við eigin neyslusamsetningu, en aftur á móti þeim sem eru með meiri neyslu hærri verðbætur. Þetta sýnir hvað vísitölumælingin sem slík er í raun og veru varhugavert tæki ef menn nota það ekki með fullri aðgát.

Það er einnig nauðsynlegt, herra forseti, þegar ákveðið er að taka upp nýjan vísitölugrundvöll, ef menn vilja miða við neyslusamsetninguna eins og hún er á hverjum tíma, að það sé í raun og veru nýr vísitölugrundvöllur, en ekki þegar nokkurra ára gamall eins og sá sem hér er verið að tala um. Hann er nú kominn nokkuð á fjórða ár að aldri, þessi vísitölugrundvöllur hinn nýi, sem menn eru að tala um að taka hér upp. Ég er þess vegna alveg sammála því sjónarmiði, sem mér heyrðist koma fram hér hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að nauðsynlegt væri að koma á reglulegum neyslukönnunum til þess að vísitölugrundvöllurinn á hverjum tíma samsvaraði sem best þeirri neyslu sem miða á við. Það er í raun og veru mjög einfalt nú orðið að koma við slíkum könnunum reglulega og útreikningi. Ég teldi reyndar að þetta ætti að vera hægt að gera annað hvert ár eða svo, þannig að tekið væri mið af þeirri neyslu sem menn eru með að jafnaði í landinu á hverjum tíma. Þetta er atriði sem mér finnst að Hagstofa Íslands, sem hefur haft með þessi mál að gera, ætti að taka til athugunar. Ég er alveg viss um að verkalýðshreyfingin í landinu hefur áhuga á því að koma slíkri viðmiðun við. Ég held að það ætti að vera einfalt fyrir okkur, hvað svo sem ágreiningi um vísitölumál líður að öðru leyti, að sameinast um það að viðmiðanir séu endurnýjaðar reglulega.

Ég held að það gæti vel komið til greina að koma á nýjum vísitölugrundvelli fljótlega. Það hefur áður verið gert með lögum. En ég minni á að kjarasamningar renna út núna upp úr miðju þessu ári, mig minnir 31. ágúst eða svo, og mér fyndist eðlilegt að samið væri um vísitöluna um leið og kjarasamningarnir eru gerðir. Ég veit að báðir aðilar, verkalýðshreyfing og atvinnurekendur, hafa vissan áhuga á því, þó að fram kæmi á s. l. ári, þegar kjarasamningar voru gerðir, að Vinnuveitendasamband Íslands gerði kröfu um það að teknir yrðu inn fleiri frádráttarliðir í vísitöluna, ef hún ætti að koma til framkvæmda, sú hin nýja, og þess vegna var því hafnað af verkalýðssamtökunum.

Ég held að þetta ákvæði, sem hér er í 1. gr., sé í raun og veru það einfaldasta í þessu frv. Engu að síður ber að leggja á það áherslu að svona ákvörðun á ekki að taka nema í samráði við verkalýðshreyfinguna. Og auðvitað er eðlilegast að nýr vísitölugrundvöllur sé einfaldlega tekinn upp með ákvörðun kauplagsnefndar. Kauplagsnefnd getur tekið slíka ákvörðun. Það er hún sem ákveður við hvað er miðað þegar verðbætur á laun eru reiknaðar út. Þess vegna gæti kauplaganefnd auðvitað, ef hún vildi, með einföldum hætti tekið ákvörðun um

það, hvenær sem henni sýnist, að taka hinn nýja *vísitölugrundvöll í notkun.*

Í 2. gr. frv. er ein veigamesta breyting þess. Þar er kveðið á um breyttar dagsetningar á vísitöluútreikningi. Þar er gert ráð fyrir því að vísitölubætur verði ekki greiddar núna 1. mars heldur 1. apríl og síðan á fjögurra mánaða fresti. Það hefur legið fyrir allan tímann frá því að umr. hófust um þetta mál að Alþb. væri ekki reiðubúið til að fallast á að fresta þessari vísitölugreiðslu til 1. apríl n. k. Við höfum lagt á það áherslu að vísitölubæturnar verði borgaðar út 1. mars. Við teljum að það sé útilokað fyrir fólk að bera dýrtíðina bótalaust einum mánuði, lengur, jafnrík og hún hefur verið nú að undanförnu.

Í þessu frv. eru ákvæði í síðustu og næstsíðustu mgr. um bændur og sjómenn. Ég tel eðlilegt að dagsetningar á fiskverði og búvöruverðshækkunum séu þær sömu og á verðbótum á laun. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að þær brtt. sem hér eru hafi verið bornar undir bændasamtökin eða sjómannasamtökin formlega eða óformlega að undanförnu. Hér er gert ráð fyrir því að fiskverðshækkun, sem menn hafa búist við 1. mars, eigi sér ekki stað fyrr en 1. apríl, undir lok vertíðarinnar, og munar auðvitað mjög verulega á því hvort fiskverðsbreyting kemur til framkvæmda 1. apríl eða 1. mars. Mér er ekki heldur kunnugt um að þessi breyting á búvöruverðinu hafi verið borin undir bændasamtökin sérstaklega. Væntanlega fást um það upplýsingar á síðari stigum þessa máls.

Í 4. gr. frv. er annað veigamesta ákvæði þess, en það gerir ráð fyrir breytingum á svokölluðum frádráttarliðum vísitölunnar. Eins og kunnugt er hafa frádráttarliðir verið inni í vísitölunni um margra ára skeið. Fyrst svokallaður búvörufrádráttur alveg frá um það bil 1950, að mig minnir, og síðan frádráttur vegna verðhækkana á áfengi og tóbaki alveg frá 1974. Þessir frádrættir hafa að vísu verið teknir út af og til. T. d. voru þeir teknir út árið 1981 að fullu ef ég man rétt. En þeir hafa komið inn aftur. M. a. samdi Alþýðusambandið um þessa frádrætti í þeim kjarasamningum sem gerðir voru í lok ársins 1981.

Frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir óbreyttum frádráttarliðum frá því sem um er að ræða í Ólafslögum að öðru leyti en því, að bætt er við nýjum frádráttarlið, tölul. 3, en þar segir að breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna eigi að taka út úr vísitölunni á sama hátt og breytingar á áfengis- og tóbaksverði og breytingar á búvöruverði, sem stafa af breytingum á launalið bóndans. Hér er auðvitað um að ræða grundvallarbreytingu sem hefði vafalaust talsverð áhrif á vísitölu verðbóta á næsta tímabili og framvegis.

Í þessari gr. er einnig annar tölul., tölul. 4, þar sem gert er ráð fyrir því að breytingar á óbeinum sköttum og gjöldum og breytingar á niðurgreiðslum fari líka út úr vísitölunni. Hér er um að ræða mikla grundvallarbreytingu frá því sem verið hefur, og í þessum efnum verða menn auðvitað að átta sig á því, að ef ákvörðun er tekin um að taka óbeina skatta og niðurgreiðslur út úr vísitölunni, þá er ljóst að svigrúm stjórnvalda til ákvörðunar um skattlagningu og áhrif á vísitölu er miklu rýmra eftir þessu en það er nú.

Einnig verða menn að átta sig vel á því, þegar ákvörðun yrði tekin um þetta, hvaða opinber gjöld það eru sem þarna á að fella niður. Í 7. gr. frv. segir: „Forsrh. skal setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara." Og í 4. gr. segir að breytingar á óbeinum sköttum og gjöldum eigi að fara út. Nú er það mín spurning, hvaða gjöld eru þetta? Hvaða óbeinir skattar eru þetta, sem ætlunin er að setja hér inn í reglugerð? Hvernig á að taka óbeina skatta og opinber gjöld út úr verðlagi í öllum tilvikum? Með hvaða hætti verður það gert? Hvernig verður þetta framkvæmt? Það er óhjákvæmilegt að hv. Alþingi fái nákvæmar upplýsingar um þetta meðan málið er hér til meðferðar í þinginu svo að menn geti áttað sig sem gleggst á því hvað hér er á ferðinni.

Ég vil aðeins, herra forseti, koma aftur að 2. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því að fækka verðbótadögum úr fjórum á ári í þrjá á ári. Gert er ráð fyrir að hér verði um að ræða dagsetningar 1. apríl og síðan 1. ágúst að því er varðar búvöruverðið, en að Sexmannanefnd geti síðan breytt þessu að vild ef henni sýnist svo. Mér sýnist að hér sé settur inn í frv. mikill óvissuþáttur sem þarf að athuga nánar.

Þá er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 2. gr. að verðbætur á laun verði greiddar 1. apríl, síðan þá væntanlega 1. júlí og svo aftur 1. nóv. Mér sýnist að hér sé um að ræða dagsetningar sem eru að mörgu leyti mjög óheppilegar. Ég held að heppilegustu dagsetningarnar, ef menn ætla sér að vera með þrjú verðbótatímabil á árinu, væru frekar t. d. 1. jan., 1. maí og 1. sept. Ég held að þessar dagsetningar féllu miklu betur að þeim hreyfingum sem eru í okkar atvinnulífi, bæði í landbúnaðinum og sjávarútveginum, heldur en þær dagsetningar sem settar eru inn í frv. Þess vegna finnst mér að þegar út frá þessari efnislegu ástæðu sé frv. ótímabært og væri miklu eðlilegra að hér yrði við það miðað að nýtt kerfi tæki gildi t. d. frá og með nýjum kjarasamningum í haust í kringum 1. sept.

Þetta voru nokkrar athugasemdir, herra forseti, sem ég vildi gera við frv. sjálft. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, þegar farið er yfir þessi mál, að við gerum okkur sem besta grein fyrir þeirri almennu stöðu sem okkar þjóðarbú er í um þessar mundir og veltum því fyrir okkur, hvort frv. af þessu tagi geti leyst þar nokkuð verulega úr. Ég held að svo sé í rauninni ekki. Ég held að okkar þjóðarbú standi núna frammi fyrir alvarlegri vandamálum en oft áður, það standi á krossgötum. Við höfum um áratuga skeið búið við svo að segja jafnan hagvöxt á ári hverju. Frá því eru ekki margar undantekningar í eftirstríðsárasögunni. Nú stöndum við frammi fyrir tvennu: Í fyrsta lagi ytri alþjóðlegri kreppu, sem birtist okkur í hækkandi verði á innfluttum afurðum, lækkandi verði á okkar afurðum og samdrætti á mörkuðum fyrir okkar eigin vörur. Hins vegar birtast þessar breytingar okkur í því, að við erum komin að endimörkum nýtingar okkar eigin auðlinda. Það er þess vegna ljóst að mínu mati að vandinn á næstu árum í íslensku efnahagslífi horfir allt öðruvísi við en verið hefur um langt skeið.

Það er mikil tíska í stjórnmálaumræðunni þegar eins stendur á og nú í efnahagsmálum, að kenna stjórninni um, stjórn þeirri sem setið hefur á næstu árum á undan, það sé henni að kenna hvað misfarist hefur. Ég held að þarna sé oft um miklar ýkjuumræður að ræða sem gefi mönnum ranga mynd af veruleikanum og gefi mönnum líka falskar vonir um möguleika til að lagfæra hlutina. Ég held að við þurfum að gera okkur það mjög vel ljóst,

að frammi fyrir þeim vandamálum sem uppi eru núna duga engar töfralækningar af neinu tagi frekar en fyrri daginn.

Viðskiptahallinn magnar vandamál efnahagslífsins dag frá degi. Ég er þeirrar skoðunar að viðskiptahallinn sé eitt alvarlegasta efnahagsvandamálið á Íslandi í dag. Fyrst og fremst vegna þess að hann skapar erlendar skuldir sem eru margfaldar í sumum tilvikum á við þær erlendu skuldir sem stofnað er til vegna framkvæmda. Hér í þessum sal setja menn á langar ræður stundum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstj. Menn eru að vonum áhyggjufullir yfir þeim háu tölum um erlent lánsfé sem þar birtast okkur. Engu að síður er það staðreynd, að þær tölur eru í rauninni lágar miðað við þær erlendu skuldir sem hlaðast upp vegna viðskiptahallans, vegna þess að við flytjum meira inn í landið en við ráðum við að borga með okkar eigin framleiðslu. Ég tel að þetta séu í raun og veru alvarlegustu efnahagsvandamálin á Íslandi í dag. Ég tel að þetta frv. hafi í rauninni þar engin áhrif á, eins og það er nú. Ég tel að gagnvart svona stórum vanda beri að grípa til mjög víðtækra efnahagsaðgerða og að okkur beri þá að leggja áherslu á að sameina kraftana í þjóðfélaginu um þær efnahagsaðgerðir, en við eigum ekki við slíkar aðstæður að sundra þeim sem saman eiga.

Núv. ríkisstj. greip til þeirra ráða á s. l. ári að verðbætur á laun voru skertar 1. des. Það var sársaukafull aðgerð, sem kemur við alþýðuheimilin í landinu, hefur í för með sér minni kaupmátt og minni kaupgetu. Þessi aðgerð var einn þátturinn í því að draga úr viðskiptahallanum og erlendum skuldum. En fleira þarf að koma til. Eitt af því sem hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum í núv. hæstv. ríkisstj. er hversu seint hefur gengið að grípa til ýmissa efnahagsaðgerða að auki sem óhjákvæmilegar eru. Ef hinn breiði fjöldi launafólks í landinu á að finna sig í því að taka á sig nokkrar byrðar, þá verður heildin að leggja ekki minna, heldur í sumum tilvikum meira á sig. Ég tel að meginábersluatriði efnahagsmálanna núna á næstunni eigi að vera þrjú. Í fyrsta lagi eigi að grípa til ráðstafana innan okkar efnahagskerfis til þess að takamarka innflutning og spara gjaldeyri. Ég er ekki að tala hér um það sem kallað hefur verið höft. Ég er að tala hér um að gripið verði til aðgerða af ýmsum toga sem draga úr innflutningi og þar með úr gjaldeyriseyðslu. Ég er að tala um aðgerðir sem samrýmast okkar alþjóðlegu fríverslunarsamningum í öllum meginatriðum. Ég tel að með slíku átaki eigi að vera unnt að ná eins og ⅓ af þeim viðskiptahalla sem enn stendur eftir á þessu ári. Annar þriðjungur þessa viðskiptahalla verður svo að nást niður með kerfisbundnum sparnaði í þjóðfélaginu öllu. Hér á ég við ríkisvaldið sjálft, hér á ég við sveitarfélögin, hér á ég við fyrirtækin, hér á ég við það að lagðar verði niður stofnanir, sem um árabil hafa verið starfræktar hér í landinu en ekki hefur fengist pólitísk samstaða um að leggja niður eða breyta í grundvallaratriðum.

Ég get nefnt eina stofnun til marks um það hvað ég á við þegar ég er að tala um stofnanir sem eigi að breyta í grundvallaratriðum, spara og flytja starfsemina til. Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég tel að í þessu alhliða sparnaðarátaki eigi að sameina fyrirtækin. Ég nefni olíufélögin sem dæmi. Ég tel að í þessu allsherjar sparnaðarátaki eigi að draga úr milliliðakostnaði, grípa til ráðstafana þar sem beinlínis fækkar þeim sem fást við innflutningsverslun og tryggja að hún verði sem allra kostnaðarminnst. Ég tel að það eigi að grípa til krónutöluálagningar en ekki prósentuálagningar í innflutningi, eins og núv. ríkisstj. hefur gert fjölmargar samþykktir um en ekki hefur verið sinnt. Ég tel að með þessum hætti mætti ná verulegum árangri til sparnaðar í þjóðfélaginu öllu. Ég er þeirrar skoðunar að það sé meginatriði að þjóðarátak sé gert í þessu skyni, þar sem hvarvetna sé reynt að fara yfir það hvað er hægt að spara, til þess að draga úr þeim mikla viðskiptahalla og erlendu skuldasöfnun sem þjóðin nú horfir á. Ég tel að þessi sparnaður verði að eiga sér stað í atvinnugreinum okkar, í sjávarútveginum, í landbúnaðinum og í iðnaðinum. Ég tel að hann eigi að eiga sér stað í milliliðunum og í versluninni. Hérna þurfi allir að leggjast á eitt. Ég er sannfærður um að með því er unnt að ná hér verulegum efnahagslegum árangri.

Þriðja atriðið, sem ég tel að við eigum að leggja áherslu á nú gagnvart þessum mikla viðskiptahalla, er stóraukin framleiðsla. Ég held að unnt sé að auka framleiðsluna í landinu og verðmæti framleiðslunnar. Ég held að bara með því einu að draga verulega úr skreiðarverkun en flytja í staðinn hráefnið yfir til arðbærari greina í sjávarútveginum, hvort sem það er blokk eða flök, gætum við skapað okkur mjög verulega fjármuni. Ég fyrir mitt leyti er viss um það, að með markvissri, skipulagðri stefnu í sjávarútvegsmálum, þar sem tekið er á veiðum og vinnslu í senn, er unnt að ná hundruðum millj. kr. inn í þjóðarbúið.

Það voru nefndar tölur í tímaritinu Ægi fyrir nokkru um 200 millj. kr. sem væri hægt að ná inn í þjóðarbúið með betri meðferð aflans í fiskvinnslustöðvunum. Ég er þeirrar skoðunar að þessi tala sé allt of lág til þess að sýna þá möguleika sem okkar sjávarútvegur hefur enn. Hérna eigum við geysilega mikla ónotaða möguleika og þá eigum við að sjálfsögðu einnig í okkar iðnaði, þar sem við getum lagt á það aukna áherslu að framleiða fyrir stærri hluta af heimamarkaðinum en við gerum nú. Með þessum hætti, að leggja áherslu á takmörkun innflutnings, alhliða sparnað og aukna framleiðslu, á að vera unnt að vinna viðskiptahallann niður og skapa forsendur til þess að menn geti stöðvað sig í þeirri skriðu erlendrar skuldasöfnunar sem annars er hætta á.

En það þarf fleira að koma til. Þetta dygði að sjálfsögðu ekki vegna þess að núna hafa aðstæður það í för með sér, að örugg atvinna á næstu árum er ekki jafn sjálfgefin og hún hefur verið í sumra augum á síðustu árum. Á síðustu 8 eða 9 árum hafa bæst við á vinnumarkaði á Íslandi 17 þús. atvinnutækifæri. Það hafa bæst við á hverju ári um 1500—1600 atvinnutækifæri, á hverju ári hefur þetta komið til. Nú er því spáð af Þjóðhagsstofnun, að ef þjóðarframleiðslan dregst jafnmikið saman og nú eru horfur á og sumpart er þegar orðið, þá verði atvinnutækifærin sem bætast við ekki 1500—1600 á ári, heldur kannske 100—300 á ári. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að um leið og við setjum okkur það að rífa hér upp framleiðsluna og skapa þannig forsendur fyrir betri lífskjörum í landinu eigum við jafnframt að gera áætlun til nokkurra ára um virka atvinnumálastefnu, þar sem við setjum okkur það að tiltekinn fjöldi manna fái hér störf á næstu árum. Ísland má ekki verða fórnarlamb atvinnuleysisins. En það eru margar aðrar leiðir til en sú sem hv. þm. hér nefndi í

þessu efni. Ég er sannfærður um að ef þarna er vel og markvisst unnið, þá er unnt að benda á mikla möguleika, en ég held — eða óttast það öllu heldur, að á síðustu árum hafi menn vanist við það að líta á fulla atvinnu sem sjálfgefinn og fyrirhafnarlausan hlut. En það er ekki þannig að mínu mati. Ég held að við þurfum þarna að standa miklu betur að en við höfum gert á liðnum árum vegna þess hvaða horfur eru fram undan.

Þetta, herra forseti, tel ég að séu stærstu málin í íslenskum efnahagsmálum um þessar mundir, þ. e. að hægt sé að verjast á þeim krossgötum sem þjóðarbúið nú stendur frammi fyrir, það sé hægt að verjast atvinnuleysinu með markvissum hætti, verja kjörin og tryggja það að hér verði lífskjör almennt ekki lakari en gerist í grannlöndum okkar, svo að við þurfum ekki að missa héðan fólk í stórum stíl vegna þess að það hafi hér ekkert fyrir sig að leggja eins og var á síðustu árum viðreisnarstjórnarinnar.

En hvað kemur þetta allt því máli við sem hér er á dagskrá? Jú, það kemur því þannig við að mínu mati, að ég tel að þegar við ræðum um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun séum við að ræða um mjög mikilvægan þátt kjara- og efnahagsmála í landinu. Það er óhjákvæmilegt að þá sé bent á hver séu í rauninni aðalatriðin í því efnahagsdæmi sem nú er við að glíma.

Ég gæti sýnt fram á það með nokkrum orðum hér í viðbót að á liðnum árum hefur núv. ríkisstj. átt mjög gott samstarf við verkalýðshreyfinguna í landinu. Ríkisstj. hefur gripið til aðgerða sem verkalýðshreyfingin hefur stundum samþykkt og stundum látið ómótmælt. Ég teldi það mikla skammsýni, þegar við stöndum frammi fyrir nýjum kjarasamningum á hausti komanda, að efna til ófriðar við verkalýðshreyfinguna með því að knýja í gegn vísitölufrv. sem hún er í grundvallaratriðum andvíg.

Ágreiningurinn um þetta vísitölufrv. stafar í fyrsta lagi af því að við teljum að það sé gagnslítið, eins og það er hér lagt fyrir, í baráttunni gegn verðbólgu. Í öðru lagi af því að ekkert samráð hefur verið haft við verkalýðshreyfinguna, og því að frv. stofnar stjórnarsamstarfinu í hættu eins og nú er í pottinn búið. Það er í þriðja lagi mín skoðun að eðlilegt sé, þegar við nú horfum fram á kosningar eftir skamman tíma, að miða við það að ný ríkisstj. taki á efnahagsmálunum í heild, bæði vísitölumálum, framleiðsluvandamálum þjóðarbúsins, atvinnumálum og öðrum þáttum. Ég tel ekki eðlilegt að rífa þetta mál út úr samhengi við önnur mál um þessar mundir.

Ég minni á það að ætlunin var að jafnhliða ákvörðun um vísitölumálið yrði tekin ákvörðun um breytingu á verðlagskerfi sjávarútvegsins, það yrði tekin ákvörðun um breytingar á búvöruverðsákvörðunum, það yrði tekin ákvörðun um breytingar á húsnæðislánakerfinu, það yrði tekin ákvörðun um traustari peningamálastefnu og þar fram eftir götunum. Þetta hefur ekki tekist að tryggja. Það er vegna þess að ríkisstj. hefur ekki haft nægilega sterkan meiri hl. á Alþingi til að koma þessum málum fram. Ég tel því að hérna séu menn að taka út úr einn þátt, sem sé í rauninni fráleitt að gera, miðað við allar aðstæður.

Ég vil minna á í þessu sambandi, herra forseti, að fyrir örfáum mánuðum voru umr. um það í þessum sal að nauðsynlegt væri að breyta útreikningi lánskjaravísitölu. Það þyrfti að endurskoða og laga reikning lánskjaravísitölu og tryggja það að þeir sem eru með húsnæðislán þyrftu ekki að bera hækkandi lánskjaravísitölu á tímum lífskjarasamdráttar. Hvað hefur verið gert í sambandi við þetta mál? Það hefur verið gert sorglega lítið. Og ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst það nokkur tilætlunarsemi að á sama tíma og þetta liggur fyrir skuli menn vilja reyna að ná fram máli af þessu tagi, sem sumpart inniheldur hluti sem alltaf hefur verið vitað að við, fulltrúar Alþb., hefðum ekki getað samþykkt. Hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar komu hér upp áðan og héldu ræður og erindi. Þeir höfðu enga skoðun á þessu máli. Það var athyglisvert.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þegar rætt er um það frv. til l. um nýtt viðmiðunarkerfi sem nú er til umr. er ástæða til að rekja í örfáum orðum hvers vegna menn hafa talið nauðsynlegt að hafa slíkt kerfi. Eins og allir hér þekkja hefur vísitölukerfi fyrir laun stöðugt orðið víðtækara hér á landi með hverju ári og reyndar teygt arma sína til langtum fleiri þátta í efnahagslífi okkar en til launa einna. Má reyndar segja að flestallt sé orðið verðtryggt á einn máta eða annan. Verðtrygging launa er út af fyrir sig skiljanleg í verðbólguþjóðfélagi og vitanlega hefur slík verðtrygging vissa kosti. Ætla má að verðtrygging launa stuðli að meira friði á vinnumarkaðinum t. d. Sannarlega er skiljanlegur vilji launþega að verðtryggja sín kjör. Hinu verður þó ekki neitað, að verðtryggingarkerfi eða vísitölukerfi fylgja einnig ýmsir ókostir, sem svo glöggt hafa komið í ljós í okkar efnahagslífi. Verðtryggingarkerfi stuðlar að aukinni víxlverkun og skrúfugangi efnahagslífsins og verðbólgunnar og á örugglega mikinn þátt í þeirri miklu verðbólgu sem við eigum nú við að stríða.

Við Íslendingar erum ekki einir um að nota verðtryggingarkerfi launa og fleiri þátta í efnahagsmálum, en þær þjóðir voru þó langtum fleiri áður sem voru með slík kerfi. Staðreyndin er sú, að mjög víða hefur verðtrygging verið afnumin. Ég vek t. d. athygli á því, að það var gert í Finnlandi 1968 og hefur reyndar verið gert í hverju landinu eftir öðru, m. a. nú fyrir nokkru í Belgíu þar sem verðbólga er einna mest í efnahagsbandalagslöndunum. Menn hafa talið nauðsynlegt að afnema slíka verðbindingu vegna þeirra miklu áhrifa sem hún hefur á víxlverkun verðlags og launa og þar með á verðbólgu og einnig vegna þess að slík tengsl binda mjög hendur stjórnvalda til að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Við framsóknarmenn höfum ekki talið unnt að afnema verðtryggingu launa. Við höfum talið að slíkt mundi leiða til meiri ófarnaðar og óróa á vinnumarkaði, verkfalla og vinnudeilna. Það er skiljanlegt í svo mikilli verðbólgu sem við stríðum við. Við höfum hins vegar talið nauðsynlegt að reyna að draga úr víxlverkun verðlags og launa með breytingum á viðmiðunarkerfi og höfum beitt okkur fyrir því þegar við höfum haft til þess aðstöðu.

Ég vek athygli á efnahagslögunum frá 1979, þar sem gerð er nokkur breyting á viðmiðunarkerfi, m. a. ákveðið að viðskiptakjarafrádráttur skuli tekinn upp og þannig reyndar ráðist að einum oft gagnrýndum þætti þessarar verðtryggingarstefnu, sem oft hefur verið lýst þannig: er kaffi hækkar í Brasilíu hækka laun hér á landi. Með þessu varð þó aðeins lítið skref stigið og

ljóst, þegar það var gert, að lengra þurfi að halda áfram á þeirri braut. Þess vegna lagði Framsfl. áherslu á það í síðustu kosningum og síðan við stjórnarmyndun, að viðmiðunarkerfið væri skoðað og lagfært áfram. Í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstj. hafa efnahagsmálin sérstöðu og er þar m. a. ákveðið að vísitölugrundvöllurinn skuli endurskoðaður. Öllum var ljóst að í tengslum við það hlaut að verða að endurskoða sjálft viðmiðunarkerfið. Þetta er síðan ítrekað í skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum frá því í janúar 1982. Þar segir, með leyfi forseta, um nýtt viðmiðunarkerfi:

„Ríkisstj. mun nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis, sem nú gildir. M. a. verði reynt a finna leið til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu."

Að þessari skýrslu stóðu að sjálfsögðu allir aðilar að ríkisstj. og varð um hana fullt samkomulag, m. a. stóðu Alþb.-menn að þessari ákvörðun og hafa tekið virkan þátt í endurskoðun á viðmiðunarkerfinu í samræmi við þá samþykkt sem gerð var í janúar. Allir aðilar að ríkisstj. hafa tilnefnt fulltrúa í svonefnda vísitölunefnd. Sú nefnd starfaði ötullega á síðasta ári, hélt marga fundi og ræddi við hagsmunaaðila. Ég verð því að segja að mér fannst það nokkuð undarlegt, sem mér heyrðist hæstv. félmrh. fullyrða hér áðan, að ekki hefði verið haft samráð við launþega um þessi mál. Vísitölunefndin hefur að sjálfsögðu hitt fulltrúa þeirra og fjallað við þá um þær breytingar sem hér er um að ræða.

Þessi mál voru einnig mikið til umræðu í ráðherranefnd um efnahagsmál, sem í áttu sæti hæstv. forsrh. og félmrh. auk mín. Ég hef ekki tölu á því hve oft var á þessi mál minnst þar, en það var mjög oft og eftir umr. í þeirri nefnd var ákveðið að vísitölunefnd ríkisstj. legði fram við hagsmunaaðila ákveðnar hugmyndir um breytingu á viðmiðunarkerfi. Frá þessum breytingum hefur verið greint og koma þær fram m. a. í grg. með því frv. sem nú er til umr. Þar segir á 3. síðu, með leyfi forseta:

„Í ágústmánuði voru ákveðnar hugmyndir lagðar fyrir hagsmunasamtökin. Þessar hugmyndir voru í eftirfarandi fimm liðum:

1. Miðað verði við hinn nýja grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar.

2. Ný vísitala, lífskjaravísitala, verði grunnur að nýju viðmiðunarkerfi fyrir laun. Þessi vísitala reiknast út frá vísitölu framfærsluskostnaðar, auk þess sem tekið yrði tillit til breytinga á félagslegri þjónustu, útgjöldum til vegamála og tekjusköttum ríkisins á einstaklinga.

3. Búvörufrádráttur og meðferð áfengis- og tóbaksverðsbreytinga við útreikning verðbóta haldist óbreytt. Auk þess verði tekinn upp orkufrádráttur, þar sem breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna verði dregnar frá hækkun eða lækkun framfærsluvísitölu við ákvörðun verðbóta.

4. Meðferð viðskiptakjara við útreikning verðbóta verði óbreytt.

5. Verðbætur greiðist á fjögurra eða sex mánaða fresti. Búvöruverð og fiskverð ákvarðist af sömu dagsetningum."

Allir aðilar að ríkisstj. eða a. m. k. fulltrúar allra aðila í ráðherranefnd um efnahagsmál voru sammála um að vísitölunefnd ríkisstj. legði þessar hugmyndir fyrir hagsmunasamtökin eins og fram er tekið í grg. Og ég vil gjarnan taka undir þau orð hæstv. félmrh. og það er ljúft, að samstarf í ráðherranefnd um efnahagsmál um þessi atriði var gott. Ég tel að þar hafi allir lagt sig fram við að finna lausn á þessu máli, sem svo lengi hefur verið til umfjöllunar hjá hæstv. ríkisstj., og er hæstv. félmrh. ekki undanskilinn í því sambandi.

Um þessa hugmynd hefur síðan verið rætt í vísitölunefnd. Þar náðist ekki samkomulag eins og hv. alþm. þekkja. Nefndin klofnaði og lagði fram tvö álit. Tveir fulltrúar stóðu að áliti því sem frv. það sem nú er lagt fram byggir á, en einn fulltrúi, fulltrúi Alþb., lagði fram sérálit.

Í því sem ég las áðan kemur fram, að menn höfðu þá í huga, þegar ákveðið var að leggja þessar hugmyndir fyrir hagsmunasamtökin, að taka upp nýja vísitölu, svokallaða lífskjaravísitölu. Lífskjaravísitala er hugsuð þannig, að við útreikning hennar verði tekið annars vegar tillit til þeirra gjalda sem þegnar þjóðfélagsins greiða til hins opinbera og hins vegar til þess sem þeir fá fyrir þessi gjöld, beina og óbeina skatta. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að mér leist vel á þessa hugmynd og fylgdi henni framan af. Við nánari athugun á framkvæmd komu hins vegar í ljós ýmsir annmarkar. Hvernig á t. d. að meta vegagerð, samdrátt eða aukna vegagerð, sem þá gæti leitt til launahækkunar eða lækkunar? Fjölmörg fleiri vafatilfelli urðu augljós og erfiðleikar í útfærslu á lífskjaravísitölu. Við gerð þessa frv. var því ákveðið að fallast á till. minni hl. í vísitölunefndinni, að í stað lífskjaravísitölu yrðu óbeinir skattar og niðurgreiðslur út úr vísitölunni tekin eða eins og í frv. er sagt: breytingar á óbeininum sköttum og gjöldum og breytingar á niðurgreiðslum vöruverðs hafi ekki áhrif á verðbótavísitölu.

Sá liður í þessum hugmyndum, sem fyrir hagsmunasamtökin voru lagðar, sem hins vegar ekki virðist samstaða um, er 5. liðurinn, þar sem segir:

„Verðbætur greiðist á 4 eða 6 mánaða fresti. Búvöruverð og fiskverð ákvarðist af sömu dagsetningum."

Enginn ágreiningur er um það, en hins vegar um verðbótatímabilið, fjóra eða sex mánuði. Við framsóknarmenn gerðum það að okkar tillögu að verðbætur reiknuðust á 6 mánaða fresti. Við teljum að með því dragi enn mjög verulega úr víxlverkun verðlags og launa. Hins vegar var Alþb. því mótfallið og lagði áherslu á styttra verðbótatímabil, 4 mánuði og ekki lengra, og því var þetta orðað eins og ég hef lesið.

Ég er alveg sammála hæstv. félmrh. um að eðlilega ættu tímabilin að hefjast 1. jan. og síðan 1. maí o. s. frv. Við samningu þessa frv. þótti flm., hæstv. forsrh. og okkur öðrum sem að þessu standa, hins vegar rétt að byggja á því sem telja mátti næst viðhorfum hv. Alþb.-manna. Því var ekki stigið lengra skref en að ákveða fjögurra mánaða tímabil nú þrátt fyrir að þá yrðu verðbætur greiddar, ef frv. er samþykkt, 1. apríl, en ekki 1. maí eins og æskilegra væri. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að vissulega orkar þetta tvímælis, en engu að síður taldi ég mjög nauðsynlegt að ganga þannig til móts við þá yfirlýstu skoðun Alþb.-manna að verðbótatímabilið yrði a. m. k. ekki lengt í meira en 4 mánuði í þessum áfanga. Þetta veldur vissum vandræðum gagnvart búvöruverðsákvörðun, sem er eðlilegt að

ákveða 1. sept. ár hvert frekar en 1. ágúst, og má vel vera að það mál þurfi sérstaklegrar athugunar við.

Segja má að þessi vinna í vísitölunefnd hafi að verulegu leyti farið fram á tímabilinu frá því að nefndin var skipuð eftir skýrslu ríkisstj. í jan. í fyrra og þar til efnahagsaðgerðir sáu dagsins ljós 21. ágúst, en þó má segja að í tengslum við efnahagsaðgerðirnar hafi verið hert á þessu máli mjög verulega, bæði með þeim hugmyndum sem lagðar voru fyrir hagsmunasamtökin og ég hef lesið og sömuleiðis með því ákvæði sem fylgir efnahagsaðgerðum og er talið fyrst af 21 atriði sem ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til þess að ná þessum markmiðum hefur ríkisstj. sett brbl. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Aðalefni brbl. er eftirfarandi," sem síðan er rakið í þremur liðum.

Þá segir:

„Auk þeirra aðgerða, sem ákveðnar hafa verið með brbl., hefur ríkisstj. ákveðið"– ég undirstrika það –" ákveðið að standa að eftirfarandi:

1. Að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkv. nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. des. 1982."

Hér er beinlínis vísað í þær hugmyndir sem ég las áðan og fylgja í grg. með þessu frv. Þannig er þetta mál mjög ítarlega samtengt og samtvinnað.

Í öllu því sem ákveðið hefur verið í efnahagsmálum er vísitalan einn og óaðskiljanlegur þáttur af því sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur sett sér og framkvæmt að verulegu leyti í efnahagsmálum. Hún hefur m. a. framkvæmt ýmsa þá þætti sem upp eru taldir í grg. með frv. til l. um efnahagsaðgerðir. M. a. hefur orlof verið lengt, láglaunabætur ákveðnar og t. d. hefur innflutningur fiskiskipa verið stöðvaður í tvö ár. Fleira þess háttar mætti nefna, þótt rétt sé að önnur atriði hafa ekki komið til framkvæmda.

Í þessu sambandi hafa þeir hv. Alþb.-menn ítrekað nefnt að verðlagskerfi sjávarútvegsins hefur ekki verið tekið til endurskoðunar. Það er rétt, að ákvörðun um það var tekin í jan. í fyrra. Ég hef síðan rætt þetta við einstaka fulltrúa hagsmunaaðila og 20. ágúst s. l. lagði ég fram í ríkisstj. till. um nefnd til að endurskoða lög og reglur um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég hafði ekki fengið tilnefningar í þá nefnd þegar segja má að hv. Alþingi hafi tekið fram fyrir hendur okkar með ákvæði til bráðabirgða, sem samþ. var við lög um Olíusjóð o. fl., ákvæði sem ég studdi, þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi kjósi fjóra menn, en sjútvrh. skipi þrjá fulltrúa hagsmunaaðila í nefnd til þess að endurskoða lög og reglur um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ég vil því leyfa mér að fullyrða að þessi þáttur sé á réttri leið. Þetta er viðkvæmt mál, vil ég segja, og ber ekki að rasa um ráð fram. Margir eru mjög efins um að breyta eigi núverandi verðlagskerfi sjávarútvegsins, óttast að það kunni að leiða til ills.

Í þessu sambandi verð ég að vekja athygli á því, að frv. það, sem nú er verið að ræða um, nýtt viðmiðunarkerfi er ekki aðeins launþegum í landi viðkomandi. Að sjálfsögðu hefur það áhrif á alla verðákvörðun, bæði verðákvörðun Sexmannanefndar um búvöruverð, því að launaliður bóndans er ákveðinn þar með hliðsjón af verðbótum á laun, og það er að sjálfsögðu engin launung, þótt ekki sé það tengt saman með ákveðnum ákvæðum laga, að við ákvörðun á fiskverði hefur verið tekið tillit til og satt að segja mjög ákveðin hliðsjón höfð af þeim verðbótum sem ákveðnar hafa verið á laun. Þetta er alls ekki óeðlilegt, því að sjómaðurinn hlýtur að leggja áherslu á að tekjuaukning hans verði svipuð og launþega í landi, þ. e. tekjur hans verði tryggðar með vísitölu eða verðtryggingu á svipaðan máta, þótt svo sé ekki tiltekið í lögum. Ég held satt að segja að enginn geti gert ráð fyrir öðru.

Ég verð í þessu sambandi að lýsa nokkurri undrun minni á því, sem undanfarið hefur komið fram m. a. í fjölmiðlum, m. a. hjá einum hv. þm. Alþb., að í efnahagsmálum hafi samkomulag verið rofið með of mikilli hækkun fiskverðs um síðustu áramót. Með þessu er að sjálfsögðu aðeins verið að segja að sjómenn hafi fengið of mikla hækkun sinna tekna. Ég vil leyfa mér að vísa þessu á bug. Ég hef lagt hér fram á hinu háa Alþingi upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun sem sýna og sanna, að sjómenn hafa orðið fyrir mjög mikilli tekjuskerðingu vegna þess mikla aflabrests sem varð á síðasta ári – aflabrests sem nemur um það bil 16% af verðmæti sjávaraflans. Ef sjómenn áttu að halda svipuðum tekjum og launamenn í landi var ekki um annað að ræða en hækka fiskverð nokkuð meira en verðbætur á laun. Það var gert. Niðurstaða af athugunum Þjóðhagsstofnunar er sú, að tekjur sjómanna, t. d. miðað við tekjur verkamanna, þegar árið 1977 er lagt til grundvallar, eru mjög svipaðar. Nánar tiltekið áætlar Þjóðhagsstofnun að tekjur sjómanna séu nú á ársgrundvelli 101 miðað við 100 1977. En ég vek jafnframt athygli á því, að aflaleysi hefur nú í jan. því miður verið mjög mikið og veldur að sjálfsögðu miklum áhyggjum. Aflaleysi hefur jafnvel verið meira en gert var ráð fyrir í svartsýnustu spám, þannig að ég held satt að segja að enginn þurfi að öfunda sjómenn af tekjum þeirra. Þetta vildi ég láta koma fram í þessu sambandi, því að opinberlega hefur sú ákvörðun, sem gerð var um áramót um fiskverð, verið gagnrýnd.

Ég skal svo fara örfáum orðum um frv. sjálft. Ég þarf þó ekki að fara mörgum orðum um það. Ég tek undir það, sem komið hefur fram, að eðlilegt er að taka í notkun nýjan vísitölugrundvöll. Sá vísitölugrundvöllur, sem nú er byggt á, er orðinn mjög gamall og við getum kallað hann úreltan. Þar eru fjölmörg ákvæði sem alls ekki eiga neina stoð í raunveruleikanum í dag. Ef við erum á annað borð með útreikninga sem þessa er vitanlega rétt að hafa þá sem réttasta, a. m. k. grundvöllinn.

Um 2. gr. hef ég nokkuð rætt, þ. e. um tímabilið, og skal ekki endurtaka það.

4. gr. er í raun og veru viðamesta grein þessa frv. Í 4. gr. felast þær breytingar sem einna mikilvægastar eru. Í 4. gr. er m. a. gert ráð fyrir að við útreikning verðbótavísitölu skuli breyting á framfærsluvísitölu til lækkunar eða hækkunar í samræmi við þau áhrif, er leiðir af liðum sem þar eru eftir taldir, koma til frádráttar. Þar er mikilvægur liður breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna. Þetta er nefnt ítrekað í þeim samþykktum sem ég hef nú rakið, bæði frá því í jan. í fyrra og í þeim hugmyndum sem lagðar voru fyrir hagsmunaaðila. Ástæður fyrir þessu eru raktar í grg. með frv. Eðlilegt

er, þegar þjóðin gerir stórt átak á sviði orkumála, að þjóðin leggi meira eigið fjármagn til slíkra framkvæmda, ef ég má orða það svo, en verið hefur og verður þegar allt slíkt framlag leiðir til meiri verðbólgu í gegnum meiri launahækkanir. En ég vek jafnframt athygli á að nýi vísitölugrundvöllurinn dregur verulega úr áhrifum búvöruverðs eða úr þeim frádrætti sem felst í breytingum á búvöruverði, þannig að samtals verða áhrif búvöruverðs, áfengis- og tóbaksverðs og gjaldskráa raf- og hitaveitna mjög svipuð og eru í núverandi kerfi. Hér er því ekki um viðbótarfrádrátt í heild sinni að ræða. Ákaflega mikilvægt er jafnframt, að gert er ráð fyrir því í 4. gr. að breytingar á óbeinum sköttum og gjöldum og breytingar á niðurgreiðslu vöruverðs hafi ekki áhrif á útreikning verðbótavísitölu.

Ég endurtek: Hér er fylgt þeirri till. sem fram kom hjá fulltrúa Alþb. í vísitölunefndinni og má segja að þjóni svipuðum tilgangi og lífskjaravísitalan. Ég leyfi mér að fullyrða að launþegar séu á engan hátt hlunnfarnir með þessari ákvörðun. Ég held að mönnum hljóti að vera ljóst að skattar og gjöld renna til þjónustu við þegna landsins. Hér er um jöfnun að ræða, sem við viljum hafa um leið og við ákveðum að tryggja öllum þegnum þessa þjóðfélags sem líkust lífskjör með aðgangi að ýmiss konar þjónustu í heilsugæslu, menntun o. fl. Til slíks er þessum sköttum og gjöldum fyrst og fremst varið.

Þá er gert ráð fyrir að viðskiptakjarafrádráttur verði með sama hætti og nú er.

Hæstv. félmrh. rakti nokkuð áhrif þessara breytinga. Ég hef einnig slíka útreikninga frá Þjóðhagsstofnun. Það er rétt, sem hæstv. félmrh. upplýsti, að Þjóðhagsstofnun telur að áhrifin af þessu nýja viðmiðunarkerfi, þessu frv. ef að lögum verður, séu um það bil 5—6 prósentustigum minni verðbólga á ári. Ég geri ekki lítið úr þessum áhrifum. Ég tel allt það sem dregur eitthvað úr verðbólgunni ákaflega mikilvægt.

Það er einnig rétt, að Þjóðhagsstofnun hefur áætlað að kaupmáttarskerðing af þessum áhrifum geti orðið 1%. Ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða, að slíkur útreikningur er ákaflega mörgum fyrirvörum háður satt að segja. T. d. er ljóst að með lengingu verðbótatímabilsins koma hækkanir á t. d. opinberri þjónustu sem ákveðnar eru í lok tímabilsins síðar, og njóta launþegar þess að sjálfsögðu. Ég vil einnig leyfa mér að fullyrða, að það eitt að draga úr verðbólgu sé veruleg kjarabót. Og ég vek athygli á því, að árangursríkar aðgerðir ríkisstj. á árinu 1981 til að draga úr verðbólgu, þegar úr verðbólgu var dregið úr 60% í 40%, leiddu ekki til kaupmáttarskerðingar, þvert á móti, kaupmátturinn jókst, og var það vafalaust að þakka hagkvæmum áhrifum minni verðbólgu.

Ég vil svo segja það, að það veldur mér miklum vonbrigðum að Alþb. hefur ekki séð sér fært að standa að þessu frv., sem haft hefur svo mikla og ítarlega umfjöllun í okkar samstarfi. Ég get sagt að ég gerði mér ákveðnar vonir um að samkomulag næðist. Við framsóknarmenn höfum verið tilbúnir að teygja okkur langt til að svo gæti farið og höfum reyndar gert það t. d. með styttingu verðbótatímabilsins. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu, að hér er um einn þátt í heildarsamkomulagi að ræða og vitanlega útilokað annað en við hann væri staðið. Því var ekki um annað að ræða að okkar mati en láta reyna á það á hinu háa Alþingi hvort slík breyting fæst samþykkt.

Ég skal ekki lengja þessar umr. með langri ræðu um efnahagsmálin. Hæstv. félmrh. kom nokkuð inn á þau og ég get fyrir mitt leyti tekið undir margt sem hann sagði. Ég get t. d. tekið undir að leggja verður mjög mikla áherslu á aukna framleiðslu. Það eru þar margir kostir góðir. Ég get fullyrt að innan sjávarútvegsins, t. d. með betri meðferð afla, betri gæðum og meiri gæðum o. s. frv., má ná verulegri framleiðsluverðmætisaukningu, og ég gæti einnig talið upp ýmsar iðngreinar, bæði orkufrekar og aðrar, sem byggðar eru meira á hugviti, sem áreiðanlega mundu stuðla að auknum hagvexti. Ég get einnig tekið undir það með hæstv. félmrh. að vinna þarf að sparnaði í opinberum rekstri. Sumt af því sem hann nefndi er svo sannarlega íhugunarvert og hefur verið til meðferðar, m. a. er Framkvæmdastofnun til athugunar hjá nefnd sem sett var á laggirnar fyrir alllöngu til að fjalla um hana.

En af því að Framkvæmdastofnun er sérstaklega nefnd vil ég þó leggja á það ríka áherslu að við getum ekki fylgt því að byggðastarfsemi eða starfsemi Framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála verði lögð niður. Ég er sannfærður um að í þeim erfiðleikum sem nú eru munu byggðamálin verða ákaflega nauðsynleg. Ég er sannfærður um að þar má hvergi slaka á ef alvarleg byggðaröskun á ekki að verða. Ég er því á þeirri skoðun að efla þurfi byggðaþátt Framkvæmdastofnunar fremur en leggja stofnunina niður. Ég gæti kannske sagt, að byggðaþáttur þeirrar starfsemi þurfi að verða markvissari en hann hefur verið nú allra síðustu árin. Það hefur margt gott verið gert, en markvissari þarf hann að verða.

En ég vek einnig athygli á því, að um leið og við tölum um sparnað í ríkisrekstri verðum við að gæta okkur á því að þenja ekki út ýmsa þætti hans, sem taka stöðugt til sín meira og meira fjármagn. Ég veit að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur miklar áhyggjur af mikilli útþenslu þess kerfis, þ. e. heilbrigðis- og tryggingakerfisins, og hefur birt ýmsar upplýsingar um það. Áreiðanlega er mjög nauðsynlegt að sporna þar gegn um leið og nauðsynleg þjónusta og trygging er veitt öllum þegnum þessa lands í veikindum og slysatilfellum.

Um þetta allt mætti hafa langt mál, en ég stytti mitt mál. Ég legg á það áherslu að ég er sannfærður um að öll slík viðleitni er nánast til einskis ef okkur tekst ekki að draga úr verðbólgunni. Því miður verður engri hagræðingu svo vel sé komið við eða nýjar atvinnugreinar settar á fót nema mjög takist að draga úr verðbólgu á næstu mánuðum. Því er ég sannfærður um að það hlýtur að verða forgangsverkefni þeirra sem taka við stjórn að draga úr verðbólgu. Ég ætla ekki að kenna einum eða neinum um að okkur hefur ekki tekist að draga meira úr verðbólgu en raun ber vitni. Það er staðreynd að verðbólga er allt of mikil, margt stuðlar að því. Ég vil þó vekja athygli á því, að mjög vel tókst 1981 og ég vil leggja á það áherslu að við áttum að halda áfram á þeirri braut. Ég tel reyndar, að eitt hið alvarlegasta sem nefna má og telja má ástæðu fyrir því að ekki hefur tekist að draga meira úr verðbólgu nú sé sá langi dráttur sem varð á því að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum ráðstöfunum í efnahagsmálum á s. l. ári, eftir að ljóst var hvert stefndi vegna aflabrests og fleira.

Ég er tilbúinn að ræða þau mál síðar og er mjög

nauðsynlegt að þau mál séu rædd, en legg áherslu á að úr verðbólgunni verður að draga, og það frv. sem hér er til meðferðar stuðlar að því og er að því leyti mikilvægt. Hér er ekki um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, heldur varanlega ráðstöfun sem jafnt og þétt mun draga úr víxlverkun verðlags og launa og þar með úr verðbólgunni.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh., sem nú var rétt að ljúka máli sínu, endaði mál sitt á að geta þess, að hann væri sannfærður um það að næsta ríkisstj. yrði að draga úr verðbólgunni. Fyrir tæpum fjórum árum var hann næsta ríkisstj., hafði unnið kosningasigur með þeirri áætlun að ætla sér að draga úr eða banna verðbólgu með lögum. Árangurinn þekkja nú allir því að hann blasir við í dag. Þessi áætlun, sem þá var kölluð niðurtalning og var auðvitað réttnefni fyrir þá áætlun sem gerð var, byggð á þeirri hugsun að telja verðbólguna niður þrep af þrepi með lögum. Niðurstaðan er sú sem við blasir. Nú kemur hæstv. sjútvrh. enn, hann virðist vera þeirrar skoðunar að kosningar séu að koma fyrr en síðar, og segir: Að næstu kosningum liðnum þarf að koma ný ríkisstj. sem bannar verðbólguna með lögum. Það frv. sem hér er til umr. og hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir er einmitt frv. af þessari tegundinni, þar sem þess er freistað að banna verðbólguna með lögum eða draga úr henni með lögum.

En kjarni málsins er held ég sá, og fulltrúar þessara fjögurra stjórnmálaflokka svokallaðra eiga það allir sameiginlegt að þeirra brautir eru rangar að því leytinu til, að það er ekki hægt að ráða niðurlögum þessa fyrirbrigðis með því að lögbanna það. Reynsla undanfarinna ára ætti að hafa kennt okkur að menn eru á rangri leið. Það sem menn verða að fara að gera er að skoða undirstöðurnar sjálfar og það sem þar er augljóslega úr jafnvægi og veldur fyrir vikið jafnvægisleysi. Ég mun koma að því nokkuð síðar.

Áður en lengra er haldið vil ég rifja það upp að þegar hæstv. forsrh. mælti hér fyrir þessu frv. í dag hóf hann ræðu sína á því að tilkynna Alþingi að ákveðið hefði verið að alþingiskosningar færu fram eigi síðar en 23. apríl. Þetta er auðvitað mikil yfirlýsing ef nokkuð er að marka hana. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég er sannfærður um að svona yfirlýsingu gefur hæstv. forsrh. ekki nema hann sé knúinn til þess. Það getur ekki verið vilji þess sem á að standa í fyrirrúmi í þjóðarskútunni að varpa fram svona vitlausri hugmynd og kenningu. Og af hverju er kenningin bæði vitlaus og ábyrgðarlaus? Vegna þess að á þessari stundu höfum við ekki hugmynd um hvernig okkur miðar áleiðis í því að gera breytingar á öðrum þáttum þessa kerfis, nefnilega í stjórnarfarslegum efnum og í skyldum málum, þ. e. kosningamálum.

Að ákveða þessa hluti áður en Alþingi hefur séð eitthvert samkomulagsfrv., sem okkur skilst aðallega í gegnum fjölmiðla að verið sé að vinna að og sé á döfinni og enginn veit hvort er satt eða logið, það er náttúrlega alveg forkastanlegt. Ef frv. kæmi fram og hv. Alþingi sæi að það gæfist hálfur mánuður til viðbótar, þá væri hægt að ganga frá slíku máli. Vitaskuld eiga málin að koma fyrst og ákvörðun um kosningar svo, nema eitthvað annað hangi á spýtunni, nefnilega það að flokkarnir fjórir ætli að hlaupa frá öllu saman, efnahagsmálum annars vegar og stjórnkerfismálum hins vegar, með allt niður um sig og biðja fólkið um að kjósa sig aftur. Er það furða þó að sá grunur hvarfli að mér og einhverjum fleirum, sem eru þó fyrir utan þetta hús og ekki inni í því, að það sé nákvæmlega þetta sem stendur til?

Ég trúi því ekki að hæstv. forsrh., dr. Gunnar Thoroddsen, flytji þinginu erindi af þessu tagi nema einhverjir, sem hugsa á lægri nótum, hafi lagt að honum að gera svo. Vitaskuld hlýtur röðin að vera sú að tillögurnar, sem fyrir þinginu liggja, komi fyrst og ákvörðun um kosningar svo. Því að um eitthvað ætla menn að kjósa væntanlega, nema menn ætli eftir sem áður að kjósa um ekki neitt? En ætli menn um eitthvað að kjósa, þurfa menn þá ekki að vita hvað það er sem hver og einn er að leggja til? En það er eins og hér sitji fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka, fjórflokkanna, og þeir vilji að slík ákvörðun sé ekki tekin, þeir vilji hlaupa frá öllu saman.

Menn verða að huga að því að 23. apríl er ekki ýkjalangt undan. Eigum við ekki að segja að tveir mánuðir séu eðlilegur tími frá þingslitum til kosninga? Það er vika í 23. febr. Á sama tíma er verið að tala um það að formenn fjórflokkanna sitji við og séu að ná allsherjar samkomulagi um eitthvert mál, sem enginn veit hvað er og enginn veit hvort satt er eða logið. Þetta lyktar meira en lítið af pólitísku braski, af pólitískum „spekulationum" eða hvað það er sem hentar þessu sitjandi valdakerfi. Er það furða þó að sá grunur læðist að manni að það sé það og það eitt sem þessu valdi? Því það hlýtur að vera skylda þjóðþingsins í landinu að afgreiða þau mál sem fyrir því liggja fyrst og efna til kosninga svo, nema fjögurra ára tíminn sé liðinn, en hann er ekki liðinn fyrr en í haust eins og menn vita.

Sú yfirlýsing sem hæstv. forsrh. gefur í upphafi síns máls um kjördag byggist m. ö. o. ekki á hagsmunum þjóðarinnar og er væntanlega ekki til þess hugsuð. Hún byggist á hagsmunum einhverra annarra og þeir sitja sennilega flestir hér og ekki annars staðar. Þetta er náttúrlega óhugnanleg ástandslýsing á þjóðkjörinni samkomu sem hér er um að ræða. Ég endurtek það að úr því að hæstv. forsrh. flutti þinginu þessi skilaboð trúi ég því að það geri hann gegn vilja sínum og fyrir orð einhverra annarra, sem hugsa á lægri nótum en hann gerir sjálfur í þessum málum, þó ekki væri nema vegna þess að hann hefur einnig verið formaður stjórnarskrárnefndar.

En engu að síður, þessi boðskapur er fluttur og ég trúi því að þjóðin muni meta hann að verðleikum og eins og til er stofnað. En því skiptir þetta máli að menn verða að fara að átta sig á því, að annars vegar er augljóst misvægi í efnahagsmálum. Þessi mikla verðbólga, þessar miklu skuldir erlendis, hinar stöðugu fjármunatilfærslur, mest bak við byrgða glugga, er auðvitað jafnvægisleysi, þær eru misvægi. Við erum matvælaframleiðendur í hungruðum heimi og við gætum búið við bæði jafnvægi og réttlæti. Við eigum ekki að bera okkur saman við stórar iðnaðarþjóðir sem eiga við annars konar vanda að etja. Engu að síður höfum við þetta gegndarlausa jafnvægisleysi.

Það sem við verðum að fara að skynja er það, að frv. eins og það sem ráðh. mælti fyrir hér í dag, frv. eins og það að fyrirskipa lækkun verðbólgu á þriggja mánaða fresti eða telja hana niður, slík frumvörp eru tómt rugl ef menn eru ekki á undan búnir að leiðrétta skekkjurn-

ar í stjórnkerfinu sjálfu. Og hverjar eru þessar skekkjur? Í fyrsta lagi auðvitað misjafn atkvæðisréttur, þegar atkvæði eru jafnframt ávísanir á peningastofnanir þjóðfélagsins, þ. e. Framkvæmdastofnun, bankaráðin og allar þessar lokuðu stofnanir þar sem fjármagn streymir út fyrir atkvæði á móti. Misjafn og misdreifður atkvæðisréttur verður svo ranglátur sem raun ber vitni þegar menn kaupa sig inn á þing og þaðan inn í sjóðina og greiða til baka með sama hætti. Það er þarna sem skekkjurnar í þjóðfélaginu liggja. Menn þurfa ekki annað en horfa á prófkjörin út um allt land og sjá um hvað þeir eru að berjast innan flokkanna. Ég nefni til hv. þm. Eggert Haukdal, sem hér segir og hefur gert lýðræðinu í landinu þann greiða að gera það opinbert sem aðrir blygðast sín fremur fyrir. Þetta veit auðvitað bæði þingið og þjóðin.

Við horfum á aðrar skekkjur í stjórnkerfinu. Ein er útgáfa brbl., 100 ára gamalt ákvæði, sem vitaskuld er orðið úrelt, þar sem stjórnkerfið misfer með vald í því skyni að skekkja efnahagskerfið. Þriðja er þingrofsrétturinn, sem menn vita að hefur verið sveiflað yfir þinginu núna sem svipu, 100 ára gamalt ákvæði, úrelt fyrir löngu sem gerir það að verkum að hv. Alþingi verður að standa frammi fyrir því annaðhvort að samþykkja frumvörp gegn vilja sínum raunverulega eða fá þingrof yfir sig með dags fyrirvara. Dæmi um úrelt og ónýt ákvæði.

En menn þurfa að ganga lengra. Menn þurfa að jafna atkvæðisréttinn með öðrum hætti. Um það eru uppi tillögur. Menn þurfa að koma í veg fyrir að þeir sem hér eiga að sitja og setja almennar leikreglur séu alla morgna og öll kvöld í peningastofnunum að útvega vinum sínum fríðindi á vildarkjörum, auðvitað pólitískum vinum því að það leitar í þann farveg, manneðlið er alltaf eins að því leytinu til.

Það eru þessi lykilatriði í stjórnkerfinu sem við verðum að leiðrétta. Við getum ekki búið til leiðréttingar í efnahagskerfinu sjálfu fyrr en við erum búnir að átta okkur á þessum lykilatriðum. En vitaskuld vill flokkakerfið ekki láta klippa á sín ósmekklegu völd með þessum hætti. Því vilja þeir láta allt húrra niður um sig og vaða út í kosningar sem allra fyrst, svo að engar breytingar verði. Og raunar alveg sama hverjir þeirra mynda stjórn að kosningum loknum, ef þeir aðeins fá að gera það með óbreyttum hætti, t. d. að fjármagna dagblöðin sín í gegnum þetta sama lokaða kerfi, til að nefna fjögur hallærisfyrirtæki í Reykjavík. Það er þetta sem skiptir máli. Það skiptir máli að menn átti sig á samhengi, á nauðsyn stjórnkerfisbreytinga annars vegar til þess að hægt sé að koma efnahagsfleyinu á réttan kjöl. Það er þetta sem er kjarni málsins. Því eru þeir til, þó fleiri séu þeir væntanlega enn utan þessa húss en innan þess, sem hafa áhyggjur af því að verði stjórnkerfið sjálft ekki lagfært, sem er auðvelt og ætti að taka skamman tíma, þá verða í kjölfarið engar lagfæringar á efnahagsstefnunni. Þegar svo hæstv. sjútvrh. endar mál sitt á sama tuðinu og fyrir fjórum árum, að næsta ríkisstj. þurfi að setjast niður og lögbinda minni verðbólgu, sem er misheppnuð efnahagsaðgerð í 10 ár, þá er sannarlega engin furða þó að mönnum bregði.

Efnislega er hér verið að flytja eitt frv. enn í þessa veru. Ég vil segja það strax að ég er andstæður þessu frv. Ég er ekki andstæður því vegna þess að aðferðin, sem verið er að leggja til, geti ekki verið skynsamleg. Það getur verið skynsamlegt að reikningstímabil verðbóta sé fjórir mánuðir í staðinn fyrir þrjá. En málið er það að slíkt á ekki að lögbinda á Alþingi. Sé slíkt skynsamlegt og hagkvæmt launafólki og fyrirtækjunum, þá eiga auðvitað launamennirnir annars vegar og fyrirtækin hins vegar að semja um það sem frjálsir menn í frjálsum samningum.

Nú er þetta frv. eflaust ekki flutt af illum hvötum hjá hæstv. forsrh. eða öðrum ráðh. í ríkisstj. Þeir segja væntanlega að launþegakerfið annars vegar og fyrirtækjakerfið hins vegar sé ófært um að taka þessa ákvörðun sjálft. Þá verða menn að viðurkenna það og ræða að þar er eitthvað að. Ef þetta eru hagsmunir heildarinnar, eins og sagt er og ég út af fyrir sig dreg ekki í efa að sé, þá verður þessi ákvörðun engu að síður að koma úr frjálsum samningum frjálsra manna, því að með öðrum hætti ráðast ekki þessi mál til lykta þegar til lengri tíma er litið. Þá bara lætur kerfið undan einhvers staðar annars staðar.

Kjarni málsins er sá, grundvallarhugsun um frjálsa samninga í fyrsta lagi um fiskverð, sem er auðvitað grundvallarstærð efnahagslífsins vegna þess að mikið af okkar útflutningi er sú afurð, er sú að þeir fari fram með frjálsum hætti milli þeirra annars vegar sem draga fisk úr sjó og hins vegar vinnslunnar og þeir beri fulla ábyrgð á niðurstöðum samninga. Og á hinn bóginn að samningar um kaup og kjör fari einnig fram með þessum sama hætti.

Ef það er í þágu þjóðfélagsins og þar með launafólksins, sem telur auðvitað langflesta, að verðbólgan verði lækkuð og ef aðferð til þess er að lengja reikningstímabil verðbótanna, þá auðvitað gera launþegarnir það. En það á ekki að fyrirskipa það með lagaboði frá Alþingi, vegna þess að sú leið kemur alltaf ekki bara í bakið á þjóðþinginu heldur á þjóðinni allri og hennar hag. Þetta er svo margsannað að það er auðvitað fáránlegt að vera enn árið 1983 að flytja hugmyndir af þessu tagi. Við getum ekki farið aðra leið en að gera samfélagsgerðina þannig úr garði, að um þessar grundvallarstærðir, verðið á afla sem dreginn er úr sjó, kaup og kjör launþega og verð á landbúnaðarafurðum, sé samið og það verðlagt með frjálsum hætti, það er eina leiðin. Hún tekur auðvitað lengri tíma, hún er meira þolinmæðisverk og oft þurfa menn að fara sér hægar, en menn lögbinda ekki betri lífskjör en samansöfnuð verðmæti bjóða upp á. Það er ekki hægt.

Öll þessi saga, um lögbindingu á niðurtalningu, núna lögbindingu á annars konar vísitölu, sýnir sig að koma í bakið á þeim sem lögin settu. Þetta er kjarni málsins. Af þessari ástæðu er ég andvígur þessu frv. en ekki af hinu, að ég sé þeirrar skoðunar að það þurfi að vera óskynsamlegt. Það er bara ekki málið hvert mitt mat er á því eða annarra þeirra sem löggjafarsamkomuna skipa. Það á að ráðast í frjálsum samningum einstaklinga og samtaka þeirra.

Hér er verið að leggja til í 2. gr. þessa frv., með því að verðbætur komi ekki til útreiknings fyrr en 1. apríl, þær eiga að koma til samkv. núgildandi samningum 1. mars, flutning á verðmætum hjá launafólki til fyrirtækja. Það er auðvitað alveg augljóst og sér hvert barn. Með þessum hætti á löggjafinn ekki að grípa inn í samninga. Ef samtök fyrirtækja eru þeirrar skoðunar að skynsamlegra sé að borga verðbætur á fjögurra mánaða fresti

eða sex mánaða fresti, þá semja þau um það. Þann samningsrétt hafa þau. Þann samningsrétt hefur launafólkið líka. Það verður að skipa sínum málum með þeim hætti sem eðlilegastur er.

Prinsippið um frjálsa samninga og ábyrgð þeirra sem samningana gera verður að vera svarið við þessu ríkisinngripakerfi, sem nánast ævinlega er í þágu þeirra fyrirtækja sem verst eru rekin og þeirra einstaklinga sem ættu að vera að gera eitthvað allt annað en sinna atvinnurekstri. Það er þar sem við þurfum að snúa við blaðinu. Það eru þær undirstöður þessa efnahagskerfis sem við þurfum að styrkja. Þetta er hægt. Útfærslan er í raun og veru sáraeinföld, aðeins ef menn viðurkenna það. En það þýðir auðvitað það, að hv. alþm. eiga ekki að vera í skömmtunarsætunum í Framkvæmdastofnun eða niðri í Útvegsbanka eða í Fiskveiðasjóði eða hvar þeir eru. Það á heldur ekki að vera þeirra hlutverk að vera þar. Þetta er kjarni málsins. Þetta er hægt að laga með þessum hætti.

Herra forseti. Ég hóf mál mitt á því að nefna það, að hæstv. forsrh. hefur framsöguræðu sína fyrir frv. til l. um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl. á því að lýsa kosningadegi. Hér í bakherbergjum er einhvers staðar verið að semja frv. að nýrri stjórnarskrá. Þorri þm. veit sennilega ekkert um það nema það sem þeir lesa í blöðum. Svona á þetta ekki að vera. Að lýsa yfir kjördegi áður en menn vita hvaða frv. þetta er og hvernig það er hugsað er auðvitað furðuleg yfirlýsing og furðulegur dónaskapur við þjóðina sem í hlut á. Setjum svo, sem er að vísu ekki mjög líklegt, að formenn fjórflokkanna búi til nokkuð gott frv. Setjum svo, að þjóðin vilji þetta og a. m. k. einhverjir þm. mætu það svo. Með hvaða rétti eru menn þá að dagsetja kosningar áður en þetta liggur fyrir? Það er ekki í þágu þeirra sem fyrir utan þetta hús eru. Það er í þágu einhverra þröngra hagsmuna hér inni. Það er það sem auðvitað er alvörumál sem þjóðin þarf að fá um að vita. Þannig hóf hæstv. forsrh. þessa ræðu sína. Hann tengdi þessi tvö mál saman. Ég vil þá gera það einnig, því að augljóslega eru þau tengd.

Herra forseti. Að því er efni þessa frv. varðar er ég þeirrar skoðunar að samningar milli einstaklinga eigi að vera frjálsir. Þeir eigi sjálfir að bera ábyrgð á því hvað þeir semja um og með hvaða hætti. Af þeim ástæðum er ég andvígur þessu frv.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 15. febr., kl. 3 síðdegis.

Kosning manns í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins í stað dr. Björns Sigurbjörnssonar, sem hefur sagt af sér vegna starfa erlendis, til 1. júlí 1985, sbr. 6. gr. laga nr. 69/1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki var stungið upp á fleiri nöfnum en menn skyldi kjósa lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

dr. Bjarni Helgason.

Heimilisfræði í grunnskólum, þáltill. (þskj. 135). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggiskröfur til hjólbarða, þáltill. (þskj. 145). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Gjaldskrár þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 259). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting aukaafurða í fiskiðnaði, þáltill. (þskj. 116). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fíkniefnafræðsla, þáltill. (þskj. 312). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lögreglustöð í Mosfellshreppi, þáltill. (þskj. 323). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Vegáætlun 1983—1986, þáltill. (þskj. 329). — Fyrri umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1983—1986. Hér er um lögbundna endurskoðun á vegáætlun þeirri, sem nú er í gildi, að ræða.

Vil ég í upphafi míns máls minna á það, að vorið 1981 samþykkti hið háa Alþingi till. til þál. um langtímaáætlun í vegamálum. Í þeirri þál. var ákveðið að til vegamála skyldi á árinu 1981 varið 2.2% þjóðarframleiðslu og 1983 ætti sá hundraðshluti að vera orðinn

2.4%. Ég nefni þetta í upphafi míns máls og vil undirstrika að þessi vegáætlun er á þessum forsendum byggð.

Í þessari vegáætlun er gert ráð fyrir að verja 2.2% þjóðarframleiðslu til vegamála. Þjóðarframleiðsla er áætluð af Þjóðhagsstofnun og eins og hv. þm. vita er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í þjóðarframleiðslu. Það leiðir að sjálfsögðu til þess að fjármagn til vegagerðar verður í krónutölu nokkru minna en ráð var fyrir gert, t. d. í þeirri till. til þál. sem lögð var fyrir á síðasta Alþingi. Hins vegar er eins og þetta mál liggur nú fyrir gert ráð fyrir að fullnægt verði því ákvæði, sem ég hef margnefnt, að 2.2% þjóðarframleiðslu færi til vegamála.

Áhrif í þessu sambandi hefur að sjálfsögðu verðbólgan. Í þessari till. til þál. er gert ráð fyrir að verðbólga frá miðju síðasta ári til miðs næsta árs verði um 58%. Síðustu spár benda til þess að hún geti orðið nokkru meiri. Að sjálfsögðu hefur það áhrif á framkvæmdamátt þess fjár sem til vega á að verja. Með meiri verðbólgu verða tekjur Vegasjóðs að vísu meiri af bensíngjaldi og öðrum mörkuðum tekjustofnum sem til vegamála renna. Engu að síður er rétt að geta þess strax, að með meiri verðbólgu myndast þarna nokkur vöntun. T. d. má áætla, ef verðbólga yrði 70%, að til þess að ná 2.2% þjóðarframleiðslu til vegamála vanti 21 millj. kr. Þetta nefni ég nánast sem dæmi um áhrif verðbólgunnar á framkvæmdamátt þess fjármagns sem til vegamála og reyndar annarra framkvæmda er áætlað hér á hinu háa Alþingi. En þegar þessi áætlun var gerð spáði Þjóðhagsstofnun 58% verðbólgu og við skulum vona að takist að standa við það, m. a. með samþykkt aðgerða til þess að draga úr verðbólguhraða.

Ég ætla svo að fara yfir meginþætti þessarar till. til þál.

Á fremstu síðu eru að vanda taldir þeir mörkuðu tekjustofnar sem til vegamála renna. Um bensíngjald og þungaskatt þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Í grg. með frv. eru forsendur fyrir þeirri áætlun raktar. Þær byggjast að sjálfsögðu á spá um fjölda bifreiða og um notkun þeirra, eins og þar kemur glöggt fram og er unnið í samvinnu við Þjóðhagsstofnun. Hins vegar er hér í tekjum nýr liður, þ. e. veggjald, og er áætlað að tekjur af veggjaldi 1983 verði 125 millj. kr.

Dreift hefur verið á hinu háa Alþingi frv. til l. um veggjald. Eins og þar kemur fram er hér um að ræða framkvæmd á tillögu nefndar sem ég skipaði fyrir um það bil einu og hálfu ári. Sú nefnd skilaði ítarlegu áliti. Nefndinni var falið að gera tillögur um auknar tekjur til vegamála. Hún gerði það, m. a. tillögur um tilfærslu á tekjum af umferðinni, sem nú renna í ríkissjóð, yfir til beinna framkvæmda í vegagerð. Um þetta varð samkomulag í ríkisstj. Það samkomulag var framkvæmt þannig, að á s. l. ári voru innflutningstollar af bifreiðum lækkaðir. Áætlað er að sú tollalækkun nemi samtals um 120 millj. kr. fyrir bifreiðakaupendur og það fylgdi þá því samkomulagi að svipuð fjárhæð yrði innheimt og rynni þá óskipt til vegamála. Hér er því ekki um auknar álögur á umferðina að ræða, heldur tilfærslu. Því frv., sem ég hef nefnt og hér liggur fyrir, mun hæstv. fjmrh. mæla fyrir mjög fljótlega.

Það vekur að sjálfsögðu athygli á 1. síðu að ríkisframlag er lágt, aðeins 20.4 millj. kr. Í því sambandi er þó rétt að hafa í huga, að ríkissjóður ber mikla vaxta- og afborganabyrði af lánum, sem til vegagerðar hafa verið tekin, þannig að raunverulegt framlag ríkisins til vegamála er töluvert hærra en felst í þessari tölu. Fyrir árin 1984, 1985 og 1986 er ríkisframlagið hins vegar fært hér miklu hærra eða 140 millj. kr. Þar er það uppfært frá þeirri vegáætlun, sem gerð var fyrir tveimur árum, með tilliti til verðlags.

Undir árinu 1983 er talið sérstakt lánsfé til Ó-vega, þ. e. 51 millj. kr. Það er í samræmi við langtímaáætlun í vegagerð. Svonefndir Ó-vegir, hinir þrír sérstöku vegir sem út úr voru dregnir, eru í langtímaáætluninni meðhöndlaðir sérstaklega á árinu 1983.

Samtals er gert ráð fyrir að lánsfjáröflun á árinu 1983 verði 193.6 millj. + 51 eða 244.6 millj. kr. Hér er því um mjög litla aukningu á lánsfé að ræða milli ára, enda er það skoðun mín að stórum æskilegra sé að verja mörkuðum tekjustofnum, eins og hér er gert ráð fyrir, til vegaframkvæmda en lánsfé, sem mjög líklega yrði erlent. Innan þessa ramma lánsfjáröflunar verða lán sem ég geri ráð fyrir að Framkvæmdastofnun muni veita eins og hún hefur gert undanfarin ár m. a. til jaðarbyggða, en einnig til fleiri framkvæmda eins og bundins slitlags. Um það hefur verið lauslega rætt við forstjóra Framkvæmdastofnunar, en stjórn stofnunarinnar hefur ekki gengið frá þeim málum.

Á næstu síðu er fjallað um skiptingu útgjalda. Ég mun minnast þar á örfáa liði, enda er ítarlega gerð grein fyrir þeim í grg. með till.

Ég vil fyrst nefna sumarviðhald, sem er meginliður undir viðhaldi þjóðvega. Á árunum 1975—1981 er talið að til sumarviðhalds hafi verið varið frá 59—71% af metinni þörf. Mér er ljóst að það er alltaf nokkrum vandkvæðum bundið að meta þörf á viðhaldi, en Vegagerðin hefur gert það undanfarin ár eftir ákveðnum grundvallarreglum, sem notaðar eru á Norðurlöndum. Samkv. því var á árinu 1981 t. d. varið 71% þess fjármagns sem þannig áætluð þörf krefst.

Í þessari till. er gert ráð fyrir að auka allverulega fjármagn til sumarviðhalds. Gert er ráð fyrir að náð verði 80% af þörfinni á árinu 1983 og 88% á árinu 1986. Ég vil nefna þetta hér alveg sérstaklega vegna þess að þær raddir eru margar og ákveðnar sem — að mínu mati réttilega — halda því fram að sumarviðhald sé ekki nægilegt á okkar þjóðvegum. Ég tel því að fjármagn til sumarviðhalds þurfi að auka nokkuð hraðar en til vegamála almennt og að því er stefnt með þessari till. Ég hefði gjarnan viljað komast nokkru hærra en gert er ráð fyrir, en til þess er ekki svigrúm eins og nú stendur.

Mér þykir einnig rétt að minnast á vetrarviðhaldið. Vetrarviðhaldi er nokkuð lýst í grg. á bls. 30. Þar eru m. a. upplýsingar um vetrarviðhald á undanförnum árum. Staðreyndin er sú, að vetrarviðhald hefur oft orðið Vegagerðinni þungt og iðulega farið mjög fram úr áætlun. Ekki hefur náðst samstaða um að greiða slíka umframgreiðslu t. d. úr ríkissjóði eða afla tekna til slíkrar umframgreiðslu. Ég harma það. Hér er um mjög óvissan þátt að ræða, sem fyrir bragðið hefur haft áhrif á það fjármagn sem ætlað hefur verið til nýrra framkvæmda. Orðið hefur að draga úr slíkri fjárveitingu til þess að standa undir miklu vetrarviðhaldi. Á þessu hefur vitanlega verið mikil sveifla frá einu ári til annars. T. d. tókst nokkurn veginn á fyrri hluta síðasta árs að slétta þennan reikning. Hins vegar varð mokstur í des. s. l. mjög mikill og virðist stefna langt fram úr því sem

áætlað hefur verið til vetrarviðhalds á árinu 1983, miðað við meðalvetur það sem eftir er þessa vetrar og næsta vetrar á þessu ári. Nú í vetur hefur verið varið um 21 millj. kr. til vetrarviðhalds, þar af um 11 millj. kr. í des. s. l., meira en áætlað var. Við skulum vona að vetur verði léttari hér eftir en verið hefur og þetta jafnist, en mér þykir þó ástæða til að nefna þennan óvissulið.

Stærstu liðir í skiptingu útgjalda til nýrra þjóðvega eru stofnbrautir, þ. e. fjármagn í stofnbrautir almennt. Hér er fylgt hefðbundinni skiptingu stofnbrauta, í stofnbrautir almennt, bundið slitlag og sérstök verkefni. Ó-vegir eru hér til viðbótar og mun ég nefna þá síðar.

Aukning fjármagns til stofnbrauta fylgir þeirri vegáætlun, sem nú er unnið eftir, og þeirri langtímaáætlun í vegagerð, sem einnig hefur verið hér lögð fram og var reyndar sýnd á síðasta þingi. Í þeirri langtímaáætlun er gerð grundvallarbreyting í allri skiptingu fjármagns. Þar er gert ráð fyrir að skipta fjármagni á meginverkefni miðað við þrjú fjögurra ára tímabil og er í þessari áætlun fylgt þeirri skiptingu sem gert var ráð fyrir í langtímaáætluninni. Vegna samdráttar í þjóðarframleiðslu, sem ég minntist á í upphafi míns máls, verður hins vegar nokkur röskun á. Í langtímaáætlun var gert ráð fyrir að 20% fjármagns væri óráðstafað, það væri eins konar stuðpúði í verðbólgunni, sem til mætti grípa þegar fram úr fer vegna meiri kostnaðar en ráð er fyrir gert. Í þessari vegáætlun hér, sem nær til fyrsta fjögurra ára tímabilsins, reyndist nauðsynlegt að draga úr þessu óráðstafaða fjármagni og er aðeins gert ráð fyrir að það sé 8% í staðinn fyrir 20%, en með því móti er hægt að ráða við þau verkefni sem gert er ráð fyrir í núverandi vegáætlun og í samræmi við langtímaáætlun um vegagerð.

2. liðurinn fjallar um bundið slitlag. Bundið slitlag hefur verið aukið verulega hér á undanförnum árum. Bundið slitlag er nú, eins og kemur fram í grg., um 650 km samtals. Á s. l. ári voru lagðir 144 km af bundnu slitlagi, á árinu 1981 142 km og á árinu 1980 90 km, en það ár má segja að sérstakt átak hafi hafist í lagningu bundins slitlags. Þannig hafa 60% alls bundins slitlags sem við njótum nú verið lögð á þremur undanförnum árum.

Með þeirri vegáætlun sem hér er lögð fram er gert ráð fyrir að halda áfram stóru átaki á þessu sviði, sem að vísu dregst nokkuð saman í krónutölum og kílómetratölum, með þeim samdrætti sem verður í þjóðarframleiðslu, þannig að ráð er fyrir því gert að á árinu 1983 verði lagðir um 120—130 km af bundnu slitlagi. En væntanlega aukast framkvæmdir á árunum þar á eftir að nýju og er gert ráð fyrir að á þessum fjórum árum verði lagðir um 500—600 km af bundnu slitlagi. Ég geri mér vonir um að þeir geti orðið nær 600 og þannig staðið að mestu við þá langtímaáætlun sem gert er ráð fyrir. Að vísu er það háð því, eins og þetta er nú byggt upp, að þjóðarframleiðsla aukist að nýju.

Ég tel að það hafi verið mjög heillavænlegt skref, sem stigið var með gildandi vegáætlun fyrst og fremst, að auka svo mjög fjármagn í bundin slitlög. Ég hygg að það finni hver maður sem um þjóðvegina fer og það er áreiðanlega staðreynd, að bundið slitlag dregur mjög úr viðhaldi bifreiða og kemur þannig einnig, auk þess að bjóða upp á betri vegi, mönnum beint til góða sem nota þurfa þjóðvegina mikið. Þetta á ekki síst við um stórar og þungar langferðabifreiðar, sem eru mikið á þjóðvegum. Hjá slíkum aðilum leiðir bundið slitlag til mikils sparnaðar.

Hins vegar vil ég geta þess, að í ljós hefur komið að ýmis undirbúningsvinna við bundið slitlag er meiri en menn hafa gert sér vonir um. Því miður eru margir af okkar gömlu vegum þannig gerðir að skipta verður um undirlag. Það er kostnaðarsamt og hefur af þeim ástæðum sum árin ekki náðst fyllilega það sem gert var ráð fyrir. En mjög nálægt hefur þó verið staðið við áætlun.

Sérstök verkefni sé ég ekki ástæðu til að fjalla um út af fyrir sig. Þau eru eins og annað rakin hér í grg. Þar er um verkefni að ræða sem þm. hinna ýmsu kjördæma hafa raðað í forgangsröðun, eitt sérstakt verkefni í gangi í hverju kjördæmi hverju sinni og sé því haldið innan ramma langtímaáætlunar, að vísu með þeim breytingum sem þar er gert ráð fyrir í þessum sérstaka verkefnaflokki.

Ég gat þess áðan, að Ó-vegir væru teknir út úr 1983. Það er einnig í samræmi við langtímaáætlun. Gert er ráð fyrir 51 millj. kr. í Ó-vegi. Skipting þess fjármagns er að sjálfsögðu ekki endanlega ákveðin, verður rædd í hv. fjvn., en með tilvísun til þess sem áður hefur verið sett á blað er gert ráð fyrir að með þessu fjármagni megi ljúka við Ólafsvíkurenni þannig að sá vegur verði öllum fær og varinn, þannig að ekki komi til skemmda á þeirri miklu framkvæmd og nauðsynlegu, og er talið að til þess þurfi 47 millj. kr. Að sjálfsögðu er þar með ekki að fullu lokið þeirri vegagerð. Talið er að á árinu 1984 þurfi enn að bæta við þar grjótvörn og ganga betur frá og til þess muni þurfa um 20 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir að leggja á þann veg bundið slitlag. Er áætlað að á verðlagi ársins í ár þurfi um 97.5 millj. kr. til að ljúka því verki öllu. Hins vegar bíða aðrir Ó-vegir og nauðsynlegt að dreifa þessu fjármagni eitthvað, þó þannig, eins og ég hef áður undirstrikað, að Ólafsvíkurenni verði orðið öllum vel fært og vel varinn sá vegur.

Gert er ráð fyrir að halda áfram framkvæmdum í Óshlíð. Þar var um byrjunarframkvæmd að ræða á s. l. sumri, tekin fyrir nokkur hundruð metra spilda, vegur færður utar og gerð djúp og breið rás ofan við veg til að taka við grjóthruni og snjóflóðum. Ég held að ég megi segja að reynsla af þessu hafi verið góð. Að vísu er þessi vetur alveg einstakur með snjóflóð og enginn vegur hefur að fullu sloppið við þau mörgu og miklu snjóflóð sem hafa fallið. Einnig hefur þessi vegarspotti teppst. En kunnugir eru sammála um að engu að síður hafi orðið gerbreyting á þessum vegarkafla að þessu leyti. Gert er ráð fyrir að halda áfram í Óshlíðinni með annan kafla og er talið að til þess þurfi að verja a. m. k. 3.5 millj. kr. Það framlag yrði aukið á árunum 1984 og 1985, þegar Ólafsvíkurenni er komið í það ástand að viðunandi sé.

Jafnframt þarf að halda áfram undirbúningi við Ólafsfjarðarmúla. Þar er nokkur rannsóknarskuld, sem þarf að greiða, og sömuleiðis er þess vænst að á árinu 1984 verði hægt að byrja þar á athugunum á berglögum og byrjunarframkvæmdum við op þeirra ganga sem þar verður að leggja.

Þá vil ég geta þess, að undir liðnum Þjóðbrautir er nýr liður sem heitir „Bundin slitlög á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum.“ Eins og hv. alþm. þekkja er gert ráð fyrir að 12.5% markaðra tekjustofna renni í þjóðvegi í þéttbýli. Á þessu var að vísu gerð breyting á

síðasta ári. Þá var með svokölluðum bandormi sett þak á ráðstöfun á þessu fjármagni. Í þessari till. er ekki gert ráð fyrir að 12.5% verði af hinu nýja veggjaldi tekin og er reyndar gert ráð fyrir að þessu ákvæði verði breytt. Í því sambandi vil ég vísa til niðurstöðu þeirrar nefndar sem fjallaði um langtímaáætlun á s. l. ári. Í henni sat einn maður frá hverjum þingflokki. Nefndin gerði það að tillögu sinni sem kemur fram í langtímaáætlun á bls. 10. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi hefur þegar sett þak á framlag ársins 1982, [þ. e. til þjóðvega í þéttbýli] þ. e. 43 millj. kr., en það svarar til um 68 millj. kr. á verðlagi 1983. Í framhaldi af því er eðlilegt að breyta ákvæðum vegalaga um þetta efni. Nefndin hefur rætt þetta og telur eðlilegast að Alþingi ákveði hverju sinni fjárveitingar til þessa viðfangsefnis."

Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að víða um land er ástand vega í þéttbýli sem betur fer orðið mjög gott og sums staðar má segja að lokið sé að leggja bundið slitlag á þá vegi sem fyrir hendi eru nú. Það á t. d. við í stærstu þéttbýlisstöðunum. Megintilgangur þessarar breytingar á sínum tíma, að koma almennt bundnu slitlagi og betri vegum um þéttbýli, hefur því náðst á mörgum stöðum. Þetta ákvæði dregur hins vegar mjög verulega úr því fjármagni sem er til ráðstöfunar fyrir þá staði sem langtum skemmra eru á veg komnir. Því þótti rétt að gera ráð fyrir sérstökum lið og sérstakri fjárveitingu þar með í bundið slitlag á þjóðvegi í kaupstöðum og í kauptúnum. Á árinu 1983 er aðeins gert ráð fyrir 5 millj. kr., sem svo er aukið mjög á næstu árum. Í þessu sambandi er rétt að minnast á áætlun sem gerð hefur verið á vegum hæstv. félmrh. Þar er gert ráð fyrir að koma bundnu slitlagi á þessa vegi á fimm árum. Með þessu framlagi og þeim breytingum, sem ég tel nauðsynlegt að gera á ákvæði vegalaga að þessu leyti, telur Vegagerðin að ná megi umræddu markmiði. Að vísu eru þá aðeins hafðir í huga þeir vegir í þéttbýli sem þekktir eru í dag, enda hygg ég að með því móti sé út af fyrir sig markmiðið hátt sett. Hér er sem sagt verið að reyna að framkvæma þessa ósk frá hinum ýmsu þéttbýlisstöðum, að framkvæmdir á þeirra vegum verði teknar inn í vegáætlun og reyndar leitast við að ljúka þessum framkvæmdum á töluvert skemmri tíma en vegakerfi landsins eða stofnbrautum landsins almennt.

Þá vil ég geta þess, að í nefnd þeirri sem fjallar um langtímaáætlun og ég hef áður getið varð samkomulag um að gera breytingu á skilgreiningu stofnbrauta. Þetta kemur fram í grg. með langtímaáætlun á bls. 10, flokkun vega, sem ég vil, með leyfi forseta, lesa. Þar segir:

„Nefndin telur að breyta þurfi reglunum [um flokkun vega] og hefur miðað vinnu sína við eftirfarandi brtt.:

Aftan við skilgreiningu stofnbrauta í 12. gr. vegalaga komi eftirfarandi viðbót:

Við það stofnbrautakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200 eða 400 íbúa ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu."

Hér er því um að ræða tvær breytingar á vegalögum, sem þarf að gera og mér þótti rétt að nefna nú, en ég mun flytja sérstakt frv. um og það alveg á næstunni. En sú breyting er vitanlega tengd afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1983—1986 og ekki síður og kannske reyndar alveg sérstaklega langtímaáætlun sem verður einnig til meðferðar.

Herra forseti. Um vegáætlun mætti að sjálfsögðu hafa mörg fleiri orð og rekja það sem áunnist hefur á undanförnum árum. Ég hef sérstaklega fjallað um bundið slitlag, sem er nýmæli að því leyti til að það hefur verið aukið meira en flest annað. Hins vegar má einnig minna á að fjölmörgum sérstökum verkefnum hefur miðað vel áfram. En ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að rekja það.

Ég held að öllum mönnum sé ljóst að vegagerð er einn mikilvægasti framkvæmdaþátturinn í efnahagslífi okkar og þjóðlífi. Vegirnir koma öllum við. Þeir eru okkar langsamlega mikilvægasta samgönguæð þótt annað sé mikilvægt einnig. Á vegina þarf að leggja mikla áherslu. Það er mín skoðun að hvergi sé fjármagni betur varið, hvergi sé fjárfesting arðmeiri en í góðum vegum. Nægir kannske í því sambandi að vísa til þess gífurlega fjölda bifreiða sem við Íslendingar eigum. Líklega eru aðeins í einu landi færri íbúar á hverja bifreið. Þá er ekki lítils virði að vegir séu góðir, vegir séu þannig að þessar nýju bifreiðar eyðileggist ekki á skömmum tíma.

Ég hef af þessari ástæðu lagt á það mjög mikla áherslu að ekki verði dregið úr því markmiði sem Alþingi samþykkti vorið 1981 um framlag til vegagerðar, þ. e. það verði 2.2% þjóðarframleiðslu. Ég viðurkenni að miðað við ýmsa erfiðleika í okkar efnahagslífi, miðað við miklar erlendar lántökur, sem úr verður að draga, og miðað við erfiðleika, sem hljóta að leiða til þess að við frestum ýmsum framkvæmdum á meðan við erum að komast frá þeim, kann einhverjum að þykja það ofrausn að halda þessu markmiði í vegagerð. Ég segi að svo sé ekki og endurtek það sem ég sagði áðan um arðsemi vegagerðar.

Ég vek jafnframt athygli á að hér eru framkvæmdir tengdar þjóðarframleiðslu. Ég tel að á móti því verði alls ekki staðið. Hlýtur því fjármagn til vega að dragast nokkuð saman að raungildi þegar þjóðarframleiðslan dregst saman.

Með þessa vegáætlun verður að sjálfsögðu farið eins og þingsköp gera ráð fyrir og þingvenjur. Um hana þarf að fjalla ítarlega á næstu dögum og vikum. Um hana þurfa þm. kjördæmanna að fjalla. Vegagerðin er reiðubúin að hefja fundi sína með þeim strax. Fjvn. hefur að sjálfsögðu forustu um úrvinnslu vegáætlunar, eins og verið hefur. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að tíminn er ekki langur. Nú hefur verið ákveðið, eins og alþjóð veit, að kosningar verði ekki síðar en 23. apríl n. k. Því hlýtur þing að verða rofið fljótlega í marsmánuði, þannig að vinna þarf ötullega að þessu máli. Ég geri mér fastlega vonir um að svo verði gert. Ég hefði gjarnan viljað leggja vegáætlun fyrir þingið fyrr, en vegna þeirra erfiðleika sem eru í efnahagsmálum okkar á ýmsum sviðum tók nokkru lengri tíma að ná saman endum en ég gerði ráð fyrir.

Að þessu mæltu vil ég, herra forseti, leggja til að till. til þál. um vegáætlun verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi láta í ljós ánægju mína yfir því að hæstv. samgrh. skuli hafa lagt vegáætlun fram þó seint sé. Auðvitað hefði verið betra að fá vegáætlunina fyrr til meðferðar, en þó

skammt sé til þingloka er betra að fá hana fram þó seint sé en ekki, og mætti gjarnan verða hæstv. fjmrh. til fyrirmyndar varðandi frv. til lánsfjárlaga, sem hann virðist ætla að þráast við að leggja fram, jafnvel þótt fyrir liggi að þingi ljúki innan nokkurra vikna, innan hálfs mánaðar eða þriggja vikna, sem er náttúrlega dæmalaus framkoma.

Eins og þessi till. ber með sér hafa vonir okkar, þeirra sem bjartsýnastir voru um vegaframkvæmdir, að því leyti ekki ræst að þjóðarframleiðsla hefur dregist saman og af þeim sökum er minna til vegamála en ella mundi. Gjöldum við þarna þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið í atvinnu- og efnahagsmálum. Óstjórnin undanfarin ár kemur líka fram í vegalögunum. Hún kemur hvarvetna fram. Það er ekki aðeins að tekjur heimilanna minnka, það er ekki aðeins að skuldir erlendis aukist, það kemur líka fram í því að minna er til vegamála en ráð hafði verið fyrir gert.

Ég vil í fyrsta lagi segja að það er nokkur galli við þessa vegáætlun að henni skuli fylgja beiðni um nýja skattheimtu í landinu. Það er að sjálfsögðu afleiðing af því að ríkissjóður hefur tekið til sín það fjármagn sem lagt hefur verið á umferðina á undanförnum árum. Eins og fram kemur í grg. till. er ekki einu sinni gert ráð fyrir því í fjárlögum að til vegamála fari sú fjárhæð sem þó hafði verið gert ráð fyrir. Það var skorið við nögl, en í staðinn á að leggja á nýjan skatt til að afla fjár til vegamálanna. Þetta er að sjálfsögðu galli.

Ég skal ekki á þessu stigi fara mörgum orðum um einstök atriði, en ég vil þó segja að hver er sjálfum sér næstur. Við tölum mikið um byggðastefnu hér í sölum Alþingis. Við viljum leggja mikið upp úr því að landið sé allt byggt og mörg orð hafa verið um það sögð hversu mikill styrkur strjálbýlinu sé að því að eitthvert byggðamótvægi skuli vera til á Norðurlandi á móti höfuðborgarsvæðinu. Ég held að enginn strjálbýlismaður gæti hugsað þá hugsun til enda, hvernig atvinnuástandið væri eða hvernig byggðamálin væru ef Eyjafjarðarsvæðið væri þó ekki eins sterkt og það er.

Á sínum tíma þótti það lýsa nokkrum stórhug þegar Alþingi tók þá ákvörðun að leggja hringveg í kringum landið. Þegar sá fyrir endann á því var flutt hér till. til þál. um sérstaka fjáröflun í því skyni að byggður yrði upp vegur og lagt varanlegt slitlag á þjóðveginn milli Akureyrar og Reykjavíkur. Alþingi lýsti vilja sínum í þeim efnum. Ég man það áreiðanlega rétt. Síðan hefur menn skort þrek til að fylgja þessari hugmynd fram.

Nú stendur svo á, að miklar framkvæmdir eiga að verða við Blönduvirkjun á næstu árum. Norðlendingar hafa staðið mjög fast saman um þá framkvæmd og litið svo á að hún væri styrkur fyrir allt Norðurland. Það er ekki aðeins Norðurl. v. heldur líka Norðurl. e. sem hefur lagt áherslu á að sú virkjun risi. Á hinn bóginn er ómögulegt að neita því, að mjög slæmar vegasamgöngur milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar torvelda eðlileg viðskipti og eðlilega þjónustumiðlun á milli einstakra byggðarlaga í Norðurlandi. Það er komið svo nú, að á þeim hluta hringvegarins sem er milli Akureyrar og Reykjavíkur eru sumir verstu kaflarnir í þjóðvegakerfi landsins. Þar á ég annars vegar við veginn um Hörgárdal og Öxnadal og hins vegar veginn upp Norðurárdalinn. Samkv. þeirri langtímaáætlun sem hér liggur fyrir — og ég vil taka það skýrt fram að með ummælum mínum er ég síður en svo að sakast við hæstv. samgrh. og enginn má skilja orð mín svo, ég er almennt að gagnrýna þá stefnu sem hér er lýst og hefur verið mörkuð, — er gert ráð fyrir að í árslok 1986 verði ekki ennþá byrjað á því að lagfæra þjóðbrautina milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar og töluvert í land í Norðurárdalnum. Ef við förum fram til ársins 1990 má segja að þessi leið milli þessara tveggja helstu þéttbýlisstaða sé komin verulega áleiðis, vantar þó herslumuninn. Nú er það reynsla okkar að áætlanir, sem settar séu fram, séu afskaplega bjartsýnar áður en fjármagnið er útvegað. Við munum eftir mjög bjartsýnni vegáætlun forvera núv. hæstv. samgrh., Ragnars Arnalds, meðan hann sat um stutt skeið í sæti samgrh. Þá var hann bjartsýnn og þá taldi hann nóga peninga til. Síðan varð hann fjmrh. og var ekki jafnrausnarlegur á fjármunina eftir að hann bar ábyrgð á ríkissjóðnum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt í tengslum við afgreiðslu langtímaáætlunar í vegamálum nú, að alþm. geri upp hug sinn varðandi þessa leið. Hluti hennar kemur öðrum kjördæmum vitaskuld til góða, eins og vegurinn upp Norðurárdal. Það er ekki bara fyrir Akureyri og það er ekki bara fyrir Sauðárkrók. Það er fyrir aðra landsmenn einnig. Og ég fullyrði að þeir miklu þungaflutningar sem eru á þessari höfuðleið, þessum möndli milli tveggja mestu þéttbýlisstaða landsins, kalla á að vegirnir séu byggðir upp mjög rösklega.

Nú get ég auðvitað skilið að þm. úr öðrum kjördæmum eigi erfitt með að sætta sig við að þessi hluti vegakerfisins hafi nokkurn forgang. Það er að sjálfsögðu skiljanlegt. En við höfum nú orðið að kyngja því um suma aðra staði að þeir hafa haft forgang, þeir hafa gengið á undan í sambandi við vegamálin. Það er ekki nægilegt að mæla eingöngu fjölda bifreiða. Ef við viljum halda uppi eðlilegri byggðaþróun verðum við líka að hugsa um tengsl milli helstu byggðakjarna og átta okkur á því að þeir erfiðleikar, sem nú eru að gera vart við sig úti á landsbyggðinni, verða í verulegum dráttum raktir til þess að samgöngurnar eru ekki nógu góðar. Þetta vil ég segja um einn sérstakan þátt vegáætlunarinnar.

Ég verð því miður að segja samt sem áður, að ég geri mér ekki miklar vonir um að í hinu háa Alþingi sé skilningur á sérstöðu þessarar leiðar, sem ég hef verið að tala um, vegarins milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ég óttast mjög að einstakir þm. vilji ekki setja sig inn í þetta nauðsynjamál. En á það er þó einnig að líta og á það vil ég leggja áherslu, að ef unnt yrði að koma þessum parti leiðarinnar frá yrði rýmri fjárhagur næsta ár á eftir og þá hægt að hraða ýmsum málum öðrum, sem líka þurfa að bíða of lengi, og flýtir ekki fyrir að draga einhverja mikilvægustu vegagerð landsins af því sem eftir er.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Eins og ég sagði ber þessi vegáætlun þess vitni að okkar framleiðsla er að dragast saman. Við eigum við mikla erfiðleika að stríða í okkar efnahagslífi. Það er að sjálfsögðu út í hött að kenna eingöngu útlendingum um það, eins og sumir vilja gera, og ástandinu í öðrum löndum. Það er síður en svo að svo vel hafi verið haldið á málum hér heima, að menn geti hvítþvegið sig. Samviskan er nú ekki alveg hvít, eins og fram kom í ummælum hæstv. félmrh. hér fyrr í dag. En ég vænti þess að Alþingi gefi sér tíma til að ganga frá þessari áætlun áður en þing verður rofið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Langtímaáætlun í vegagerð, þáltill. (þskj. 330). — Fyrri umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vorið 1981 samþykkti hið háa Alþingi till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð. Þykir mér rétt að lesa efni hennar. Þar segir með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkv. vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2.4% innan þriggja ára, og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m. a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.

Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður í þrjú tímabil, 4 ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 tonn) allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á vegi, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið, þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Ennfremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því að bundið slitlag verði lagt á a. m. k. ¼ hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar í vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982."

Eins og ég hef áður greint frá var slík áætlun lögð fyrir Alþingi vorið 1982. Sú áætlun var unnin af Vegagerð ríkisins í samvinnu við samgrn., samgrh. og nefnd, sem í áttu sæti fulltrúar þingflokkanna, eftirtaldir hv. þm.: Guðmundur Bjarnason, Magnús H. Magnússon, Matthías Bjarnason og Skúli Alexandersson. Þessir hv. þm. áttu mjög marga fundi með Vegagerðinni. Vil ég lýsa sérstakri ánægju með það mikla starf sem þeir inntu af hendi, sem var ákaflega mikilvægt til þess að samræma hin ýmsu sjónarmið, sem að sjálfsögðu eru breytileg, kannske ekki svo mikið á milli þingflokka, en fremur innan allra þingflokka milli þéttbýlis og dreifbýlis o. s. frv. Þessir hv. þm. urðu tengiliðir við þingflokkana og er það von mín að m. a. af þeirri ástæðu eigi sú langtímaáætlun, sem ég nú mæli fyrir, greiðan gang í gegnum þingið.

Fljótlega varð ljóst að þetta verkefni er viðamikið. Var því ákveðið að leggja áherslu á stofnbrautir. Stofnbrautir í landinu eru áætlaðar 3 750 km um það bil. Ein ástæðan fyrir því að þetta var gert er sú, að Vegagerð ríkisins hafði þegar á árinu 1978 hafið mjög ítarlega úttekt á stofnbrautum landsins. Því var sá flokkur þjóðvegakerfisins stórum aðgengilegri en þjóðvegakerfið í heild sinni, enda satt að segja um mjög stóran þátt þess að ræða. Í þeirri úttekt sem hófst 1978 var ástand vega metið og hverjum vegarkafla gefin stig. Þyngst á metunum eru þar burðarþol, snjóþyngsli og slys, sem samtals gefa 20 stig af 32 mögulegum. Með þessari úttekt er þá unnt að vinna áætlun um gerð þessara vega eða fullkomnun þessara vega miklu nákvæmar og áreiðanlegar en áður hefur verið gert. M. a. er unnt að tölvuvinna slíka áætlun. En samtímis þessu hefur verið unnið að úttekt á ástandi þjóðbrauta og þörfum þeirra fyrir úrbætur. Í þessari áætlun er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að töluvert verði unnið á þjóðbrautum.

Í áætluninni er framkvæmdum raðað á tímabil. Hafa þm. einstakra kjördæma annast þá röðun innan sinna kjördæma ásamt starfsmönnum Vegagerðarinnar. Má segja að nokkur forvinna sé þegar orðin af þeirri vinnu sem venjulega fer fram hér á Alþingi í sambandi við vegáætlun, sem ég reyndar minntist á áðan. Við vinnu nefndarinnar kom í ljós að nokkrar lagabreytingar eru nauðsynlegar, þ. e. tvær á vegalögum. Ég nefndi þær áðan og skal því ekki lengja tímann með því að fjalla ítarlega um þær. Þar er um að ræða breytingu á ákvæðum vegalaga um fjármagn til þjóðvega í þéttbýli og hins vegar um skilgreiningu á stofnbrautum. Hvort tveggja rakti ég áðan.

Í grg. með langtímaáætlun er að finna margvíslegar upplýsingar, m. a. um ástand stofnbrauta, sem hér er rakið í töflu og byggt er á í þeirri úttekt sem ég nefndi áðan og þeirri stigagjöf sem ég drap lauslega á. Hér kemur einnig fram að kostnaður við úrbætur þær á stofnbrautum sem áætlunin gerir ráð fyrir á verðlagi 1983 er 6 milljarðar 697 millj. kr. Til frádráttar því eru framkvæmdir upp á 784 millj. kr., sem falla innan þessarar langtímaáætlunar, þ. e. eru framkvæmdar eftir þá úttekt sem fór fram á árunum 1978—1979, þannig að sé þetta dregið frá, þá er gert ráð fyrir að ráðstafa hér 5 milljörðum 913 millj. kr. til þess að koma vegakerfi landsins í það horf sem langtímaáætlunin gerir ráð fyrir og byggt er á fyrrnefndri úttekt á vegakerfinu 1978/1979.

Hér er einnig fjallað um arðsemi framkvæmda, sem ég vil segja fyrir mitt leyti að er alltaf nokkrum efasemdum háð. Það er ákaflega erfitt að meta nákvæmlega nauðsyn vegarkafla. Meta má arðsemi eftir umferðarþunga o. s. frv., en vegur kann að vera nauðsynlegur byggð þótt um hann fari örfáar bifreiðar og arðsemin þannig reiknist mjög lítil. Þess vegna fagnaði ég því þegar nefndin varð ásátt um að líta einnig á félagslegar þarfir og vega þær og meta nokkuð í þessari langtímaáætlun, eins og fram kemur.

Í áætluninni er, eins og fyrr segir, öllum framkvæmdum skipt á þrjú tímabil. Þar fá að sjálfsögðu ekki allir sitt á fyrsta ári. Hér er um að ræða mjög vandasamt mat, eins og reyndar kom fram í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals hér áðan. Hv. þm. telur að ákveðinn vegur sé tekinn of seint. En það er nú einu sinni svo að ekki komast allir á fyrsta tímabil, þegar um miklar framkvæmdir er að ræða, og tímabilin eru þrjú. Ég hef ekki

haft afskipti af þessari skiptingu. Eins og fyrr kom fram í mínum orðum hafa þm. kjördæma fjallað um þetta. Í mínu kjördæmi áttum við sannarlega í miklum erfiðleikum með niðurröðun og mér er ljóst að þm. annarra kjördæma hafa átt það ekki síður. Ég vil hins vegar endurtaka að á tiltölulega skömmum tíma, á nokkrum erfiðum fundum komu þm. kjördæma sér saman um þessa niðurröðun framkvæmda, og það er vitanlega ákaflega mikilvægt að hún riðlist ekki. Með þessu eru framkvæmdirnar bundnar og nauðsynlegt að á hverju tímabili sé unnið innan þeirra marka sem þar eru sett.

Hér kom fram áðan í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals við værum vanir því að áætlanir riðlist. Því miður er þetta satt að mörgu leyti og má enn einu sinni kenna þar verðbólgu um. Mönnum hættir til að áætla verðlagsbreytingar minni en þær svo verða. Í þessari langtímaáætlun er reynt að sjá við þessu með því að hafa óráðstafað 20% fjármagn. Gert er ráð fyrir því að þetta verði, eins og ég orðaði áður í sambandi við vegáætlun, stuðpúði gegn verðhækkunum. Og eins og ég vakti einnig athygli á áðan tel ég að í þeirri vegáætlun, sem afgreidd var til nefndar nú, hafi það sýnt sig að þessi stuðpúði er mikilvægur. Að vísu varð að draga úr óráðstöfuðu fjármagni úr 20% í 8%, en á þennan máta telur Vegagerðin að takast megi að standa við þær framkvæmdir sem á áætluninni eru.

Ég vek athygli á því að með þessari áætlun hef ég látið prenta nokkur kort, sem gefa allgóða yfirsýn yfir þær framkvæmdir sem hér um ræðir, í fyrsta lagi um bundið slitlag. Kemur þar fram á mynd 2 að bundið slitlag í árslok 1982 er um það bil 650 km. Jafnframt eru sýndir þar í bláum lit uppbyggðir malarvegir. Ég hygg að mönnum muni satt að segja þykja nokkuð undarlegt hvað bláu strikin eru fá. En staðreyndin er sú, að fullundirbúnir og uppbyggðir malarvegir eru satt að segja mjög af skornum skammti og það m. a. hefur valdið því, að kostnaður við lagningu bundins slitlags hefur reynst meiri en menn hafa gert ráð fyrir. Undirbúningur er meiri. Á mynd 3 kemur fram að í árslok 1986 er áætlað að bundið slitlag verði orðið um 1 140 km. Sömuleiðis hafa uppbyggðir malarvegir þá aukist verulega. Nú vil ég geta þess í framhaldi af því sem ég sagði um uppbyggða malarvegi, að hér er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að þeir fullnægi þá ákvæðum þál. um langtímaáætlun með slitlag, burðarþol o. s. frv. eins og þar kemur fram.

Á mynd 4 er sýnt bundið slitlag í árslok 1990. Þar kemur í ljós að bundið slitlag samkv. þessari áætlun er áætlað 1 750 km og yrði orðið næstum því samfellt í Skagafjörð og síðan samfellt um Norðurland eystra og um Suðurland ásamt verulegum vegaköflum bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem þó eru meira í kringum þéttbýliskjarnana. Loks er sýnt á mynd 5 bundið slitlag á stofnbrautum og þjóðbrautum. Áætlað er að þá verði bundið slitlag orðið 3 140 km. Mynd 1, sem hér er fremst, sýnir hins vegar þessar framkvæmdir í lok tímabilsins á stofnbrautum einum, bæði bundið slitlag 2 520 km og uppbyggða malarvegi, miðað við að náð verði þeim áfanga sem þáltill. gerir ráð fyrir, bæði varðandi bundið slitlag og stofnbrautir að öðru leyti.

Ég tel fyrir mitt leyti að samþykkt Alþingis frá vorinu 1981 marki mjög mikil tímamót í vegagerð. Það hefur sýnt sig að þær stóru framkvæmdir sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum taka lengri tíma en ein vegáætlun og því nauðsynlegt að líta til lengri tíma. Einnig eru kröfur allar um betri vegi stöðugt háværari með meiri bifreiðaeign landsmanna og því eðlilegt að menn vilji sjá hvenær röðin kemur að þeim, ef ég má orða það svo, og það verður vitanlega stórum betur gert í 12 ára áætlun heldur en fjögurra ára áætlun. Ég tel einnig að okkur beri skylda til að koma vegakerfinu í viðunandi horf. Við höfum á ýmsan máta stuðlað að því að bifreiðaeignin er svona mikil. Þeirri miklu eign verður að halda við og það verður best gert með góðum vegum. Ég vil leyfa mér að vona að þessi langtímaáætlun í vegagerð geti fylgt þeirri vegáætlun sem ég mælti fyrir áðan og vísað var til hv. fjvn., þannig að vegamálunum sé þá markaður mjög ákveðinn farvegur á næstu árum, ekki aðeins til fjögurra ára heldur einnig til 12 ára.

Að þessum orðum loknum vil ég leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með það að þessi þáltill. skuli nú fram komin. Hún hefði þó að skaðlausu mátt koma fram fyrr, en vonandi vinnst tími til að afgreiða hana á þessu þingi.

Hér er um afar þýðingarmikið mál að ræða fyrir alla landshluta og alla landsmenn. Auðvitað hefðu margir, eins og fram kom hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, viljað fá hraðari úrlausn sinna áhugamála en þáltill. gerir ráð fyrir. Ég býst reyndar við að svo sé um alla þm. Allir hafa sín forgangsmál í huga. Ég gæti auðvitað minnst á mörg slík.

Ég tel að þessi 12 ára áætlun sé raunhæf og legg mikla áherslu á að ekki verði krukkað í fjáröflunaráætlun hennar eins og því miður gerist á mörgum öðrum sviðum. Ég legg áherslu á að alls ekki verði hvikað frá þeirri áætlun að verja 2.2% í ár, 2.3 á næsta ári og síðan 2.4% af vergri þjóðarframleiðslu til vegagerðar. Við drögum nokkuð úr áætluðum framkvæmdahraða nú vegna minnkandi þjóðarframleiðslu, eins og kom fram hjá hæstv. samgrh., en við skulum vona að Eyjólfur hressist, við skulum vona að þjóðartekjur fari vaxandi.

Herra forseti. Ég lýsi fullum stuðningi Alþfl. við þetta mál og vona að það fái fljóta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Við munum gera það sem í okkar valdi stendur til þess. Ég vil einnig nota tækifærið til þess að lýsa stuðningi við nýframkomið frv. um veggjald, þó að það sé ekki á dagskrá þessa fundar.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir þau orð sem hér hafa verið látin falla um það, að það er út af fyrir sig ánægjulegt að þáltill. um langtímaáætlun í vegagerð skuli hafa verið lögð fyrir Alþingi. Hins vegar er það nokkurt umhugsunarefni að það skuli ekki hafa verið gert fyrr, þegar fyrir liggur að Alþingi á einungis stutt eftir af sínu starfi, og ekki síst vegna þess að í raun var gert ráð fyrir því að afgreiða þessa vegáætlun fyrir einu ári síðan. En það er vissulega líka ástæða til að minnast aðeins á aðdragandann að þessari vegáætlun. Hann var m. a. sá, að Sjálfstfl. lagði fram á árinu 1981 till. um langtímaáætlun í vegagerð og ríkisstj. gerði slíkt hið sama, þannig að hér voru þá til meðferðar tvær

áætlanir um langtímaverkefni í vegagerð.

Sá meginmunur var á þessum tveim áætlunum, að í tillögu okkar sjálfstæðismanna var gert ráð fyrir því að ná tilteknum markmiðum á 10 árum, en í þeirri till. sem ríkisstj. lagði fram var hins vegar framkvæmdatíminn hér um bil helmingi lengri. Þetta skiptir þó ekki meginmáli heldur hitt, að Alþingi varð sammála um að afgreiða þessar tillögur báðar með sameiginlegri ályktun. Og það er einmitt sú ályktun sem hæstv. samgrh. var áðan að vitna til. Þar voru tilgreind sérstaklega fjögur meginmarkmið sem áætlunin ætti að taka til. Í fyrsta lagi er þar kveðið á um að vegir hafi fullt burðarþol, 10 tonn allt árið. Og ég vek þegar í stað athygli hv. alþm. á því, að þetta markmið er ekki einungis bundið við stofnbrautir, heldur vegi almennt séð. Í öðru lagi að vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er. Það markmið er ekki heldur einvörðungu bundið við stofnbrautir. Síðan kemur þriðja atriðið, bundið slitlag, sem er miðað við áætlaðan umferðarþunga er nemi 100 bifreiðum á sólarhring. Og svo að síðustu að tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu veganna. Þetta var það sem Alþingi varð sammála um. Þetta var það sem þm. bæði í stjórn og stjórnarandstöðu komu sér saman um árið 1981.

Þegar nú er fjallað um áætlunina sem slíka og hún tekin hér til afgreiðslu verður að sjálfsögðu ekki komist hjá því að meta hvort þessi markmið, sem Alþingi setti fram 25. maí 1981, séu til staðar í langtímaáætluninni. Að sjálfsögðu gefst kostur á að ræða það mál nánar í fjvn. og þegar málið kemur aftur til umr. hér á hv. Alþingi, en núna við þessa umr. vildi ég þó leyfa mér að benda á nokkur atriði.

Það fyrsta er að áætlunin er nær einvörðungu miðuð við stofnbrautir. Hún tekur nálega ekkert til þjóðbrauta. Í öðru lagi hefur þegar komið fram í máli hæstv. samgrh. að nú er farið að þrengja þau verkefni sem hinn svokallaði stuðpúði, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, átti að leysa í þessari vegáætlun. Nú er einvörðungu talað um að þau 20% af fjármagninu, sem er haldið utan við framkvæmdakostnað, eigi að ganga til þess að mæta verðbólgunni í landinu. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að á það sé minnst hér, þegar fyrir liggur að þegar er búið að ráðstafa fyrir fram vegna framkvæmda síðasta árs stórum hluta af þeim 20% sem voru geymd til ársins í ár.

Annað er það sem ekki heldur má gleymast og í rauninni liggur fyrir án þess að til þeirrar skerðingar á þjóðarframleiðslu hafi komið sem nú er raun á. Í þeim efnum vitna ég m. a. í erindi sem vegamálastjóri og umdæmisverkfræðingur Vegagerðar ríkisins fluttu á fundi sveitarfélaga á Austurlandi á s. l. sumri. Þar var frá því sagt að á þessa áætlun varðandi stofnbrautirnar mætti líta sem verkefni fram undir næstu aldamót. Þá sjáum við að þessi vegaáætlun er farin að bera ærið mikinn keim af þeim markmiðum sem ríkisstj. setti fram í sínum tillöguflutningi veturinn 1981, að þessi verkefni tækju fast að tveimur áratugum.

Ég vil líka minna á það sem fram kom hér við umr. á s. l. ári, m. a. yfirlýsingar hæstv. samgrh. um að hinir svokölluðu Ó-vegir yrðu fjármagnaðir með sérstökum fjárveitingum, en fjármagn til þeirra yrði ekki tekið af þeim verkefnum sem sérstaklega væri fjallað um í vegáætlun. Nú hefur þetta reynst með öðrum hætti. M. a. hefur það leitt til þess að fjármagn hefur færst til á milli kjördæma. Þannig er hlutur Austurlands mun verri en ella hefði verið.

Ég undirstrika það sem kom hér fram í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, þegar rætt var um vegáætlun 1983—1986, að það er ekki nema einn þáttur þessara mála þegar verið er að tala um stofnbrautirnar. Ég minni á það sem kom fram hér á síðasta þingi, m. a. hjá hæstv. samgrh., að áætlun yrði til staðar um þjóðbrautir þegar vegáætlun kæmi nú fyrir Alþingi. Á þær er að vísu minnst í þessari áætlun, en öllu fátæklegra gat það ekki orðið. Ég vek athygli á því að hæstv. samgrh. minntist varla á þjóðbrautirnar. Hann talaði nánast einvörðungu um stofnbrautir. Ég hygg þó að æði margir alþm. hafi áhuga á því að ná fram myndarlegu átaki í uppbyggingu stofnbrauta umhverfis landið án þess þó að þjóðbrautaféð sé dregið til þeirra verkefna. Á bls. 18 kemur fram hvernig áætlað er að þau mál þróist. Þar er frá því sagt að uppbygging þjóðbrautanna muni taka 28 ár, eða helmingi lengri tíma en uppbygging stofnbrautanna, sem reyndar er þó fyrirséð að muni raskast.

Ég ætla ekki að svo komnu máli að fjölyrða frekar um þetta, en legg á það áherslu að Alþingi hlýtur að meta við gerð þessarar áætlunar hvaða samræmi það ætlar að hafa í ákvörðunum sínum, þeim sem það tók 25. maí 1981 og svo þeim sem það tekur væntanlega núna innan fárra vikna. Það hlýtur þá líka að koma skýrt fram, ef víkja á frá þeirri ályktun, hvort það á að koma niður á þjóðbrautunum í landinu. Og þá fæst um leið mikilvægur skilningur Alþingis á því með hvaða hætti eigi að skipa byggðinni í landinu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Um leið og ég lýsi ánægju yfir því að till. til þál. um langtímaáætlun hefur komið hér fram á Alþingi og sömuleiðis vegáætlunin fyrir 1983—1986 vil ég að gefnu tilefni, vegna orða hv. 11. landsk. þm. er hann var að rekja forsögu þessara mála, taka fram að út af fyrir sig hef ég ekkert við hans skýringar að athuga að öðru leyti en því, að ég vil benda honum á að í þessum málum komu fram fleiri þáltill. en þáltill. hv. sjálfstæðismanna og till. ríkisstj. Það var einnig um að ræða þáltill. frá þingflokki Framsfl., sem hann var búinn að endurflytja þing eftir þing, þáltill. um 10 ára áætlun í varanlegri vegagerð. Ég fagna því eins og hv. þm. að takast skyldi allsherjarsamkomulag um langtímaáætlun, sem lögð var fram á síðasta ári hér á hv. Alþingi, nást skyldi sú samstaða sem býr að baki þeirri áætlun. Þetta er ákaflega þýðingarmikið og ég vona svo sannarlega að alþm. haldi áfram þeirri samstöðu sem um þessi mál hefur náðst og haldi fast við það að fylgja fram þeirri áætlun sem unnið hefur verið að og unnið verður að. Ég vil taka undir með hæstv. samgrh. um hina miklu þýðingu sem vegagerð hefur fyrir þjóðlífið í heild. Eins og við höfum oft sagt hér áður er þetta eitt stærsta og þýðingarmesta byggðamál sem við vinnum að. Þar má ekki láta deigan síga. Við verðum að standa saman um að fylgja þessu máli fast eftir.

Í sambandi við það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði hér áðan varðandi veginn norður, Reykjavík-Akureyri, árétta ég að auðvitað hafa allir áhuga fyrir þeirri vegagerð. Ég vil benda honum á það m. a., að það hefur sannarlega verið erfitt fyrir okkur þm. á Vesturlandi að þurfa að beygja okkur fyrir þeirri staðreynd, að við verðum fyrst að láta leggja varanlegt

slitlag á veginn yfir Holtavörðuheiði áður en við förum að eygja von í varanlegu slitlagi á veginn vestur Mýrar, svo að eitthvað sé nefnt. Þetta gerum við vegna þess að við beygjum okkur fyrir þeirri staðreynd, að vegurinn upp Norðurárdal norður yfir Holtavörðuheiði og til Akureyrar er mikilvægur þáttur í heildarvegagerðinni sem verður að hafa vissan forgang. En vissulega þyrfti að skoða það atriði nánar, hvort hægt væri að útvega sérstakt fjármagn í þessa vegagerð, sem léttir á landshlutunum hvað þetta snertir.

Ég ætla ekki, herra forseti, að tefja umr. um þetta mál. En út af því einnig sem hv. 11. landsk. þm. sagði vil ég leggja áherslu á það, að Vegagerðin geti hraðað sem mest úttekt og áætlunum um þjóðbrautirnar. Þær eru, eins og hann réttilega sagði, ákaflega mikilvægur þáttur í vegakerfinu. Við þurfum að fá þjóðbrautirnar inn í myndina á sama hátt og Vegagerðinni hefur tekist að setja stofnbrautir landsins, sem er ákaflega þýðingarmikið atriði.

Ég vil svo að lokum segja að ég tel að Vegagerð ríkisins hafi staðið vel að þessum málum. Það er ákaflega mikilvægt, einmitt í svona mikilvægum framkvæmdaþáttum þjóðarinnar, að vel sé staðið bæði að rannsóknum og undirbúningi verka. Þessi langtímaáætlun, sem ákveðið var að gera í þessu formi, að miða við ákveðna prósentu af þjóðartekjum, gerir það að verkum að Vegagerð ríkisins getur staðið allt öðruvísi að undirbúningi framkvæmda en verið hefur áður. Með því ætti að skapast meira öryggi í framkvæmd vegamála á Íslandi. Að lokum vona ég að menn átti sig á því núna í þessari stöðu að þm. verða að hafa hraðar hendur til þess að það slys hendi okkur ekki að ekki verði búið að afgreiða vegáætlunina áður en Alþingi lýkur störfum fyrir komandi kosningar.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 11. landsk. þm., að lagðar voru fram tvær till. til þál. á þingi 1980—81 um langtímaáætlun í vegagerð. Það er einnig hárrétt, sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni að við framsóknarmenn höfum flutt slíkar tillögur alloft. Reyndar hafa einnig aðrir þm. hér hreyft þessum málum og satt að segja held ég að við kæmumst skammt ef við ætluðum að karpa um það. Ég held að við hljótum að sameinast í áhuganum, sem í þessu kemur fram, og hrinda þeim málum í framkvæmd sem hér er verið að fjalla um.

Það er hins vegar líka alveg rétt, að í þeirri endanlegu ályktun sem samþykkt var voru tekin inn þau markmið sem ég hafði sett í mína áætlun, þ. e. þeir fjórir liðir sem ég las áðan, og lagðir eru til grundvallar við gerð langtímaáætlunar. Hins vegar hækkar nokkuð það lágmark sem leggja á í vegi og styttist tíminn. Ég minni líka á að í minni áætlun gerði ég ráð fyrir því að fyrst yrði unnið að stofnbrautum og síðan að þjóðbrautum. En þegar farið var að vinna að þessu máli kom í ljós að það er hreinlega ekki kleift, því miður, að hrinda á 12 árum í framkvæmd þeim nauðsynlegu lagfæringum sem gera verður á stofnbrautum og þjóðbrautum. Þetta kemur fram í grg. Þar segir: „Fljótlega varð ljóst að verkefni þetta er viðamikið og var því ákveðið að leggja áherslu á stofnbrautir.“ Um þetta varð nefnd þm. sammála. Má segja að í ljós hafi komið að sá tími sem ég gerði ráð fyrir í þessu sambandi í stofnbrautir og þjóðbrautir var raunhæfur.

En það er líka fleira sem þessu veldur. T. d. það að úttekt er ekki lokið á þjóðbrautum. Þess vegna er beinlínis ekki unnt að gera svo vandaða áætlun um kostnað við þjóðbrautir sem unnt er við stofnbrautir. Þessi vinna við stofnbrautir hófst 1978 og hún er nú í gangi fyrir þjóðbrautir. Gert er ráð fyrir því að við endurskoðun á þessari langtímaáætlun verði þjóðbrautum bætt við. Það er því alger misskilningur að hér sé verið að leggja þjóðbrautir til hliðar. Reyndar kemur þetta fram í þeirri sundurliðun sem birtist á ráðstöfun fjármagns. Það má sjá á fremstu síðu og líka sundurliðun í lið 3.1, nýbyggingar stofnbrauta, síðan í lið 3.2, nýbygging þjóðbrauta, og loks í lið 3.4, nýbyggingar brúa.

Hér er sem sagt haldið svipaðri skiptingu eða sömu flokkun vega og gert er í vegáætlun. En vegna þess að vinnan við stofnbrautir er komin lengra er stofnbrautum hins vegar skipt miklu nánar en þjóðbrautum og brúm. En ég vona að menn sjái að allverulegt fjármagn er engu að síður ætlað til þjóðbrauta, t. d. á fyrsta tímabili 343.8 millj. kr. Ég hygg að þetta sé í svipuðu hlutfalli og er í vegáætlun á milli þjóðbrauta og stofnbrauta.

Mér er fyllilega ljóst að mikið verk er óunnið við þjóðbrautir landsins og það þarf að leggja áherslu á að vinna það verk. En hið háa Alþingi hefur nú einu sinni ákveðið að flokka vegi eftir ákveðnum mælikvarða getum við sagt, þ. e. umferðarþunga og fleiru þess háttar, í stofnbrautir og þjóðbrautir, og hefur ákveðið að stofnbrautir væru í eins konar forgangsflokki miðað við mjög mikla umferð og almenna notkun. Um þetta má vitanlega deila og ég minnist þess frá fyrri árum, þegar ég tók nokkurn þátt í svona flokkun, að hún var oft erfið. Hvar er 1. flokks vegur nauðsynlegur strax og hvar ekki? En ég held þó að um þetta hafi nú náðst breið samstaða sem á verður að byggja.

Ég stend fyrst og fremst upp til að undirstrika að það er alls ekki verið að gleyma þjóðbrautum. Það er gert ráð fyrir því að þessu fylgi önnur áætlun, viðbót við þessa áætlun, þar sem við getum sagt að liður 3.2 verði sundurliðaður þegar þessi áætlun er tekin til endurskoðunar. En það er þegar í upphafi gert ráð fyrir fjármagni til þjóðbrauta í svipuðu hlutfalli og er nú.

Ég geri jafnframt ráð fyrir því að þegar bætt verður við þessa áætlun nýjum tímabilum, því að það er ekki búið að ljúka allri vegagerð á Íslandi á þremur tímabilum, þá aukist smám saman hlutur þjóðbrauta eftir því sem stofnbrautum hefur verið sinnt. Menn verða að hafa þetta í huga.

Hv. þm. minntist nokkuð á Ó-vegina, sem eru teknir inn í þessa áætlun, það er rétt. Þetta var niðurstaða í þeirri nefnd sem ég hef vísað til, nefnd þm. Þar var einróma ályktað að taka ætti Ó-vegina inn og ég setti mig ekki á móti því. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að mín tillaga var sú, að Ó-vegir yrðu fjármagnaðir alveg sérstaklega. Aftur á móti í þeirri þáltill. sem til er vísað er talað um lágmarksfjármagn til vegaframkvæmda 2.2% og síðan 2.4%. Þar eru að sjálfsögðu Ó-vegir ekki sérstaklega nefndir og því ekki óeðlileg niðurstaða, sem þarna var komist að, að þeir hlytu að vera innan þess ramma sem hér er ákveðinn sem lágmark.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í umr. um vegamál hljóta það að vera þrjú höfuðatriði sem skipta

máli. Í fyrsta lagi er það upphæð þess fjármagns sem fer til framkvæmdanna, í annan stað hvernig því er skipt og í þriðja lagi hvernig að verki er staðið. Ég ætla ekki að gagnrýna hér þá upphæð sem varið er til vegamála þessi ár sem hér er verið að tala um. Eftir atvikum vil ég einnig una þeirri skiptingu sem lagt er til. En hitt hlýtur að vera umhugsunarefni, hvernig að verki er staðið.

Það voru eðlileg vinnubrögð þegar vegagerð hófst hér á landi að ráða menn í vinnu með haka og skóflu og greiða þeim tímakaup fyrir unnin verk. En það er spurning, hvort það sé yfir höfuð skynsamlegt á okkar dögum að þessi opinbera stofnun, Vegagerð ríkisins, sjái sjálf að stórum hluta bæði um áætlanagerð verka og einnig að framkvæma verkin. Ég hygg að það væri t. d. fróðlegt að fá hér sem fskj. upplýsingar um gjaldskrár áhaldahússins á hinum ýmsu gögnum sem þeir skrifa út á hin ýmsu verk. Ég hefði t. d. gjarnan viljað fá upplýst hjá ráðh. hvað venjulegur áhaldaskúr verður leigður á í sumar, ef hægt væri að fá svör við því.

Það hefur komið í ljós að Vegagerðin og Hafnamálastofnun hafa staðið mjög ólíkt að framkvæmdum ef það er borið saman við t. d. Reykjavíkurborg. Hún hefur miklu meira beitt útboðum. Tvö hliðstæð verk voru unnin af Vegagerðinni annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar. Það voru undirgöng við Rauðavatn, sem Vegagerðin lét vinna, og undirgöng við Elliðaár á móti hesthúsum Fáks sem Reykjavíkurborg lét vinna. Ég hygg að það væri ákaflega fróðlegt að bera saman kostnaðinn við þetta. Það var athyglisvert í sumar að kynnast því hvernig áætlunargerð Hafnamálastofnunar og kostnaður varðandi t. d. Grundarfjörð fór gersamlega úr böndunum og horfa svo á hitt seinna í haust, þegar verið var að bjóða út hafnargerð við Stálvík, að þá kom fram miklu lægra tilboð en hinn áætlaði kostnaður útboðsgjafans, Vita- og hafnamálastofnunar. Ég tel t. d. alveg sjálfgefið að það eigi að bjóða út alla brúarsmíði á Íslandi, enga undantekningu með það. Ég tel það mjög óheillavænlega þróun að Vegagerðin haldi áfram að safna ársráðnum mönnum til starfa sem svo, þegar bestur er framkvæmdatíminn, þurfa að taka sitt sumarfrí eins og aðrir sem eru ráðnir sem ársmenn. Þannig gerðist það á Vestfjörðum í sumar að tekið var vikufrí þegar bestur tími var til framkvæmda vegna veðráttu .

Ég hygg að sú breyting sem ég er hér að tala um hljóti að koma í áföngum til þess að hinir ýmsu aðilar eigi kost á að aðlagast henni, m. a. starfslið Vegagerðarinnar. En ég er sannfærður um að það veldur ekki undir 30% skekkju í nýtingu á fjármagni til vegagerðar og hafnagerðar, hvort við höldum áfram að láta vinna þessi verk eftir tímakaupskerfi eða förum út í útboð á þessum verkum. Ég vil vekja athygli á því að t. d. varðandi sjávarútveginn hefur vinnan í landi hjá hraðfrystihúsunum fyrir löngu tekið þeirri breytingu að ekki er notað einfalt tímakaupsgreiðslukerfi, heldur er greitt fyrir afköst að verulegu leyti. Ég er ekki trúaður á að lífskjör í landinu væru jafngóð og þau eru ef við hefðum þar ekki breytt til.

Flestir hafa ábyggilega gert sér grein fyrir því, að í þeim kjarasamningum sem samþykktir hafa verið á liðnum árum hafa í mörgum tilfellum verið settar fram kröfur um aðbúnað, sem hljóta að vekja þá spurningu hvort ekki væri eðlilegra að greiða mönnum frekar óþægindaálag fyrir það sem á skortir í fullkomnustu aðbúð en spara aftur á móti kostnaðinn sem liggur í því að stjana undir mönnum á þann veg að stundum virðist sem vinnutíminn sjálfur fari til lítils.

Ég veit að þetta er ekki vinsælt umræðuefni og menn hafa gjarnan viljað drepa því á dreif að það eigi að bjóða út verk. Menn hafa komið sé undan því eftir öllum leiðum. En við hljótum að spyrja hvort það sé t. d. eðlilegt að vegavinnuverkstjóra sé falið það vald að ráða til sín mikið af vinnuvélum, sem e. t. v. eru í eigu manna honum mjög náskyldra eða hann er e. t. v. á bak við tjöldin einn af meðeigendunum. Erum við ekki hér að tala um vandamál sem er vissulega til staðar í þessu þjóðfélagi? Ég hygg að það væru heiðarlegri vinnubrögð að gefa út þá stefnuyfirlýsingu að við ætluðum að færa nýframkvæmdir vega yfir í útboð, en halda viðhaldinu aftur á móti innan verksviðs Vegagerðarinnar. Með því móti þyrftum við ekki að fara eins hratt í að fjölga ársmönnum hjá þessari stofnun og mundum tryggja það, að þann tíma sem hagstæðast er að vinna að opinberum framkvæmdum í þessu landi yrði unnið og menn þyrftu ekki að taka hann í sumarfrí.

Ég gæti nefnt hér ótal dæmi um fjárveitingar, sem ég veit að hafa farið í ýmsa afmarkaða kafla í vegum en hafa skilað sáralitlu, vegna þess að flutningurinn á tækjunum og skúrunum var það stór hluti, ásamt skatti til áhaldahúsanna, að þegar upp var staðið varð lítið eftir.

Þetta mál hefur mjög oft verið rætt af sveitarstjórnarmönnum. Ég held að menn þurfi ekki að líta á það sem gagnrýni á þær stofnanir sem ég er hér að tala um, heldur hljóti menn að íhuga hvort ekki sé eðlilegt að við tökum mið af þeim vinnubrögðum sem hafa fært vestrænum þjóðum árangur í verklegum framkvæmdum og eru þar almennt viðhöfð.

Ég óska eftir því við hæstv. samgrh. að hann afhendi gjaldskrá yfir hin ýmsu tæki sem leigð eru út frá áhaldahúsum Vegagerðarinnar.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er alveg ástæðulaust að teygja úr þessari umr., einkum vegna þess að tími fæst til þess síðar að fjalla um þetta mál. Ég vil þó minnast hér á tvö mikilvæg atriði sem komu fram í ræðu hæstv. samgrh.

Hið fyrra var það, að hann talaði um að í vegalögum væri gerður greinarmunur á þjóðbrautum og stofnbrautum og þar væru tilgreind áhersluatriði um þessa tvo mikilvægu verkþætti. Það er ekki það sem verið er að tala um hér núna. Það var ekki það sem ég byggði mál mitt á, heldur var það sú ályktun sem Alþingi samþykkti vorið 1981. Það er hún sem leggur grundvöll að þeirri áætlunargerð sem hér er til umr.

Hitt atriðið, sem ég vil líka benda á og gera athugasemd við, er að hæstv. samgrh. bar fyrir sig þingmannanefndina. Þingmannanefndin hafði það verkefni að fjalla um skiptinguna, og skiptingin í hinum einstöku kjördæmum var að sjálfsögðu skýrð í þingflokki Sjálfstfl., en ekki þær stefnumótandi ákvarðanir sem hæstv. samgrh. ber fyrir sig að þingmannanefndin hafi tekið, þar á meðal um að fjármagna bæri Ó-vegina af þessu heildarfjármagni, þótt það gengi þvert á hans yfirlýsingar. Reyndar hélt hann áfram að lýsa því yfir alveg fram á vor og eftir að þingmannanefndin lauk störfum. Ég vil þó alveg sérstaklega benda á að þingmannanefndina er ekki hægt að bera fyrir niður-

stöðunni um tímalengd þjóðbrautaáformanna, einfaldlega vegna þess að þær tölur voru ekki til staðar þegar sú nefnd var að störfum. Í fyrravor, þegar verið var að fjalla um málið eftir að till. um þetta efni var flutt hér á Alþingi, leitaði ég alveg sérstaklega eftir því við Vegagerðina hver stærð þessa verkefnis væri. Hún var þá alls ekki til staðar. Þingmannanefndin hafði þess vegna enga möguleika á því að tímasetja þjóðbrautaframkvæmdirnar til 28 ára. Hún hefur þá gert það beint út í loftið. Ég vil biðja menn að taka þessum skýringum hæstv. samgrh. með nokkurri varúð, að ekki sé meira sagt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Stundum verður að segja hlutina eins og þeir eru. Þegar þessum tveimur till. var blandað saman hygg ég að það hafi verið í því ansi mikil óskhyggja að útbúa langtímaáætlun bæði fyrir stofnbrautir og þjóðbrautir sem staðið yrði við. Staðreyndin er sú, að einmitt sú áætlun sem ég lagði fram, um 20 ár, var raunhæf. En það varð að gera eitthvað fyrir hv. sjálfstæðismenn og þess vegna var hin talan tekin inn. Það sýndi sig þegar farið var að vinna að málinu að það voru hvorki til upplýsingar né fjármagn til að framkvæma þetta á 12 árum. Því varð að gera þetta eins og hér er lagt til, að taka þjóðbrautirnar inn í eingöngu sem eina tölu. Það er ekki búið að framkvæma úttektina á þjóðbrautunum. Þetta lá algjörlega fyrir 1981 og var upplýst í umr. um málið. Ég margbenti á það í umr. við menn sem voru að vinna að því að sameina þessar till. Þegar þingmannanefndin fór að vinna málið sáu náttúrlega menn úr öllum flokkum að þetta var ekki hægt og þá varð samkomulag um það að einbeita sér fyrst og fremst að stofnbrautunum. Ég hlýt að fagna því, að menn hafa komist niður á jörðina og eru með áætlun sem væntanlega verður hægt að standa við. Það er aðalatriðið. Við höfum gert allt of mikið af því hér í þingsölum að samþykkja áætlanir sem alls ekki hefur verið unnt að standa við. Hér erum við með áætlun sem væntanlega er hægt að standa við og við ættum að sameinast um. Og ég endurtek, það er alls ekki á nokkurn máta verið að sniðganga þjóðbrautirnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, þáltill. (þskj. 128). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar. Hv. flm. eru auk mín þeir Jón Helgason, Jóhann Einvarðsson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Ingólfur Guðnason, Alexander Stefánsson, Sigurgeir Bóasson og Stefán Guðmundsson.

Tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarsvæðis".

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu þýðingarmikið hlutverk símans er í okkar strjálbýla landi. Að sumu leyti er síminn verulega mikilvægari í dreifbýli en í þéttbýli og sannleikurinn er sá, að gott símasamband vegur allverulega upp á móti lélegu vegakerfi — vel á minnst: það er nýrædd vegáætlun hér í þingsölum — og gott símakerfi sparar iðulega kostnaðarsöm ferðalög.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér sögu símans, en saga sjálfvirka símans er orðin allgömul, 50 ára, eða frá 1. des. 1932. Síðan þá, og raunar miklu fyrr, hefur margt verið ritað og rætt um símamál, en ýmislegt hefur verið gert vel í þeim efnum, sem betur fer.

Um símamálin hefur iðulega verið deilt á hinu háa Alþingi, en til marks um samstöðu í þeim málum vil ég ekki síst minnast á lög um lagningu sjálfvirks síma, sem samþykkt voru 18. maí 1981 og urðu fagnaðarefni dreifbýlisfólki.

Í lok liðins árs, eftir því sem fram hefur komið, bjuggu 1834 notendur enn við handvirkt símasamband, en í upphafi þeirrar áætlunar, sem ég gat um og löggjöf var samþykkt um vorið 1981, voru 3 600 notendur að handvirku símasambandi. Þessar framkvæmdir hafa sem sagt gengið vonum fremur, og ég hygg að það sé fagnaðarefni okkar allra.

Sú till., sem hér er til umfjöllunar, þ. e. till. um breytt gjaldskrársvæði símans, felur það í sér fyrst og fremst, eins og raunar er skýrt í tillgr., að í meginatriðum verði komið á sama gjaldflokki innan viðkomandi greinistöðvarsvæðis og/eða athafna- og viðskiptasvæðis. Svo að ég taki dæmi í þessu sambandi er rétt að fara í huganum aðeins upp fyrir Hvalfjörð.

Í Lambhaga hefur nýverið verið sett upp endastöð með um það bil 100 númerum. Innan þessa endastöðvarsvæðis gildir gjaldflokkur 0, en ef notendur þurfa að hringja niður á Akranes, sem er þeirra viðskiptastaður, er hringt á gjaldflokki 1. Það er því verulega dýrara að hringja niður á Akranes en innan viðkomandi svæðis. Till. fjallar, svo að þetta dæmi sé tekið, um það, að innan alls greinistöðvarsvæðisins, Akranesstöðvarinnar, gildi einn gjaldflokkur.

Nú er ekki óeðlilegt að menn spyrji sem svo, hvort sú ráðstöfun sem þessi till. gerir ráð fyrir leiði ekki af sér allverulegan kostnað. Ég hef átt viðræður við forsvarsmenn Póst- og símamálastofnunar um þessi mál og þeir telja að það sé góður möguleiki á að hrinda þessu í framkvæmd á grundvelli 11. gr. laga um póst- og símamál, en 11. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðh. ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þar á meðal fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja".

Síðan segir: „Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

Ráðh. er heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu".

Að því er varðar þessar málsgr. tvær vil ég taka fram að reglugerðir hafa aldrei verið gefnar út í því tilefni.

Varðandi það ákvæði og þá stefnumörkun að sama gjald gildi innan hvers svæðisnúmers eins og um það er rætt í 11. gr. virðist svo sem á því séu bæði fjármunalegir og e. t. v. ekki síður tæknilegir örðugleikar, þannig að það eigi alllangt í land þótt ekki sé meira sagt.

Ég vitna í 11. gr. með tilliti til þess, að sú ráðstöfun, sem felst í till. til þál. sem ég þykist nú vera að gera grein fyrir, þarf ekki að leiða af sér allverulegan kostnað. En í síðustu málsgr. 11. gr. laga um póst- og símamál stendur að að því skuli stefnt að tekjur samkv. gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. málsgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

Auðvitað hlýtur Póst- og símamálastofnun eða yfirmenn hennar að líta til þessarar málsgr. þegar um er að ræða ákvarðanir um gjaldskrá hjá Pósti og síma, þ. e. þegar skal taka gjald fyrir þá þjónustu sem Póstur og sími veitir.

Ég vildi aðeins geta um þetta. Það kann einhver að spyrja sem svo: Af hverju er þetta skref ekki stigið nú þegar, þ. e. að sama gjald gildi innan hvers svæðisnúmers? En ég þykist hafa tekið fram hvað er því til fyrirstöðu. Það mundi fela í sér svo gífurlegan kostnað ásamt því að tæknilegir örðugleikar eru þar á. Þess vegna leggjum við flm. þessarar till. til að þarna verði farinn meðalvegur. Við stígum það skref að þessu sinni að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan hvers greinistöðvarsvæðis og/eða viðskiptasvæðis. Í sumum tilfellum kann að vera að þetta falli ekki saman, en það verður þá til athugunar.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til að þessari till. verði vísað til atvmn. að loknum þessum hluta umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafnaraðstaða í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 146). — Ein umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Guðmundi Karlssyni og Eggert Haukdal að flytja till. til þál. um rannsókn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn.

Till. sem ég fjalla hér um er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, með hverjum hætti hagkvæmast muni að bæta hafnaraðstöðuna í Þorlákshöfn. Sú könnun beinist einkum að:

1) stækkun hafnarinnar til þess að vera stórskipahöfn sem þyldi efnisflutninga að og frá landi í tengslum við stóriðju,
2) dýpkun hafnarinnar og bygging varnargarða eða annarri vörn er komi í veg fyrir sandrek inn í höfnina.

Rannsókn þessari skal hraða svo sem kostur er."

Ég tel ástæðu til að fara örfáum orðum um þessa till., sem hér er til umr., þó að í grg. sé bent á vissa mjög þýðingarmikla þætti sem styðja að því að til þessarar rannsóknar sé efnt.

Eins og fram kemur í till. er þarna aðallega um tvo rannsóknaþætti að ræða. Annars vegar er um að ræða stækkun hafnarinnar. Ég vil í byrjun fara nokkrum orðum um þann hluta till.

Í grg. er bent á að flest orkuver hér á landi eru innan Suðurlandskjördæmis. Það eru þar nú þegar þrjár stórvirkjanir, sem framleiða meginhlutann af raforkunni ásamt eldri virkjunum við Sog, eins og öllum er kunnugt. Samt sem áður hefur ekki enn verið sett þar niður neitt það fyrirtæki sem kallast getur orkufrekt. Uppbyggingin í atvinnulífinu tengist því ekki raforkunni svo teljandi sé þótt stórvirkjanirnar séu þar innanhéraðs. Þó má ætla að það væri hagstætt, bæði fyrir framleiðendur raforkunnar, dreifendur raforkunnar og héraðsbúa skoðað frá sjónarhorni atvinnuuppbyggingarinnar, að fyrirtæki í orkufrekum iðnaði væri reist á Suðurlandi.

Ef þetta er skoðað dálítið nánar kemur í hugann að starfandi hefur verið nefnd til að athuga um staðarval fyrir álver. Það hefur komið út áfangaskýrsla frá þeirri staðarvalsnefnd, og mér þykir ástæða til í þessu sambandi að benda á þann kaflann sem fjallar um Þorlákshöfn og athugun þar.

Um niðurstöður að þessu leyti segir svo í skýrslu staðarvalsnefndar, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt orkar tvímælis þá gert er, segir máltækið, og það á vissulega við um þessa áfangaskýrslu eins og önnur mannanna verk. Að mati höfunda er það miður að ekki hafa verið tök á að framkvæma allar þær rannsóknir sem æskilegar hefðu verið á einstökum stöðum. Er þetta einkum til baga vegna þess að talsvert misræmi ríkir milli staða að þessu leyti. Hlýtur nefndin að gera sérstakan fyrirvara af því tilefni og vísa jafnframt til Ara fróða. Hins vegar hefur nefndin gert sér allt far um að afla þeirra upplýsinga um viðkomandi staði sem tiltækar eru með litlum fyrirvara og með takmörkuðum tilkostnaði... Sjö þeirra tíu staða sem hér hafa verið teknir til athugunar fullnægja vel þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður um meginþættina tvo, annars vegar vinnumarkað og hins vegar hafnarskilyrði í tengslum við landrými. Þrír athugunarstaðir, Árskógsströnd, Þorlákshöfn og Grundartangi, fullnægja þessum skilyrðum ýmist alls ekki eða þá tæplega svo sem nú skal rakið í fáum orðum...

Varðandi Þorlákshöfn gengur staðarvalsnefnd út frá því sem gefnu að brú yrði komin á Ölfusá við Óseyrarnes þegar kæmi að framkvæmdum við byggingu og rekstur álvers... Hafnargerð fyrir stór skip er talin dýr og áhættusöm í Þorlákshöfn. Þróun í gerð óvarinna hafnarmannvirkja kann þó að breyta einhverju þar um og mun staðarvalsnefnd fylgjast með þeim málum eftir föngum. Raunar hefur nefndin lagt slíkt mannvirki til grundvallar mati sínu á hafnargerðarkostnaði í Þorlákshöfn, en það mat og notagildi slíkrar aðstöðu er háð sérstakri óvissu vegna skorts á rannsóknum".

Ég vil benda á og leggja áherslu á ofangreind orð í niðurstöðum staðarvalsnefndar, að það er vegna skorts á rannsóknum sem hún á erfitt með að gera sér fulla grein fyrir því hvort til greina kemur að setja niður stóriðju í Þorlákshöfn eða í tengslum við þá höfn. Ég vil benda á þetta sérstaklega til að undirstrika hversu mikla þýðingu það hefur að gera sér grein fyrir hvort stækkun hafnarinnar getur átt sér stað.

Þá vil ég í annan stað koma að síðari þættinum, sem fjallað er um í tillgr., þar sem um er að ræða sandburð inn í höfnina og dýpkun sem þar þarf til að koma. Það hefur verið vitað nokkurn undangenginn tíma að erfiðleikar hafa verið vegna sandburðar inn í höfnina. 12. apríl 1982 skrifa 24 skipstjórar, sem hafa notað höfnina í Þorlákshöfn að staðaldri, bréf til landshafnarnefndarinnar og kvarta undan þessum erfiðleikum, sem þeir eiga í, og segja þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í dag er höfnin nánast ófær stórum fiskiskipum og meðalstórum flutningaskipum, og hefur hreyfing í höfninni aukist mjög frá því sem áður var sökum þess hve grynnkað hefur."

Ég vil taka það fram að við þessu vandamáli var brugðist á árinu 1982 þannig að dýpkun hefur nú farið þar fram. Útvegað var bráðabirgðalán til að koma dýpkuninni áfram og hefur það tekist vel. En það er skoðun okkar flm. að ástæða sé til að rannsaka hvort ekki sé unnt að fyrirbyggja að sandburður verði inn í höfnina í jafnríkum mæli og verið hefur. Til þess bendir síðari hluti till., sem ég nefndi hér áðan, um dýpkun hafnarinnar.

En um leið og þetta er gert vil ég einnig koma að því, sem minnst er á í grg. með till., að að sjálfsögðu er Þorlákshöfn orðin svo stór fiskibátahöfn, það eru svo margir bátar sem þangað sækja, að fullkomin þörf er á að gera úrbætur að því leyti og laga til fyrir bátana innan hafnarinnar og jafnvel ýtir það undir þá stækkun sem hér er talað um hversu margir bátar sækja þangað. Ég vil minna á að á árinu 1980 var landað í Þorlákshöfn 48 200 tonnum af fiski, árið 1981 45 460 tonnum og árið 1982 48 990. Ef við berum saman það aflamagn sem borist hafði til Þorlákshafnar í janúarmánuði s. l. og það aflamagn sem borist hafði til annarra hafna er Þorlákshöfn sú fjórða í röðinni hvað varðar heildarafla landaðan í janúarmánuði eða með 1 709 tonn. Hvað varðar bátafisk er hún önnur í röðinni af höfnum yfir landið með aflamagn í janúar og hvað snertir togarafisk er hún fimmta í röðinni. Þetta sýnir hversu þýðingarmikil fiskihöfn Þorlákshöfn er orðin. Það er því fullkomin ástæða til að það blandist inn í þessa rannsókn hvort ekki sé hægt með einhverju móti að skipuleggja betur aðstöðu bátanna inni í höfninni. Það rekur og á eftir stækkuninni, sem till. gerir ráð fyrir, hversu þýðingarmikil fiskihöfn hún er.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa öllu fleiri orð um þessa till., sem ég hef hér lagt fram og mælt fyrir fyrir hönd okkar flm. En ég vil leggja á það áherslu, að þessi till. er þess eðlis að nauðsynlegt er að hún fái afgreiðslu og það sem fyrst því hér er um knýjandi mál að ræða.

Ég hef þá ekki að þessu sinni fleiri orð um till., en vil leggja til að henni verði vísað til atvmn. að lokinni þeirri umr. sem hér fer fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknir á laxastofninum, þáltill. (þskj. 127). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um eflingu rannsókna á laxastofninum. Flm. auk mín eru hv. alþm. Páll Pétursson og Guðmundur Bjarnason. Tillgr. er orðuð þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að nú þegar verði rannsóknir á laxastofninum stóreflda vegna aukinnar sjávarveiði Færeyinga á laxi."

Svo sem kunnugt er hófu Færeyingar laxveiði í sjó fyrir 1970. Árleg veiði fyrsta áratuginn var þó óveruleg miðað við það sem síðar varð, en 1978 veiddust yfir 50 tonn. Hin síðari ár hafa Færeyingar stóraukið sjávarveiði á laxi, sbr. aflatölur. 1979 veiddust tæp 200 tonn, 1980 yfir 700 tonn og 1981 yfir 1000 tonn. Veiðikvótinn á síðustu vertíð var 750 tonn og umsaminn kvóti á yfirstandandi vertíð mun vera um 625 tonn.

En samtímis því sem Færeyingar stórauka laxveiðar sínar verður ískyggileg rýrnum veiði í laxveiðiám okkar árin 1980, 1981 og 1982 miðað við fjölda veiddra laxa. Árið 1979 veiddust rúmlega 64 þús. laxar, en 1980 veiddust alls rúmlega 52 þús. laxar að heildarþunga rúmlega 248 tonn eða 19% lakari veiði en meðaltal áranna 1970 til 1979 þegar miðað er við fjölda laxa. Þess ber þó að geta að meðalþyngd á laxi var sú hæsta sem um getur eða 9.6 pund árið 1980, enda var heildarþungi meiri en 1979 eða 225 tonn. Veiðin 1981 var rúmlega 46 þús. laxar að heildarþunga 163 tonn eða u. þ. b. 27% lakari veiði en meðaltal 10 ára þar á undan og meðalþyngd var 7 pund. S. l. sumar var veiðin um 40 þús. laxar eða u. þ. b. 15% lakari veiði en sumarið 1981 og yfir 20% lakari veiði en árlegt meðaltal s. l. 20 ára, en álíka veiði og var 1968. Enda þótt heildarveiðin minnkaði á liðnu sumri komu nokkrar ár betur út en 1981, svo sem Elliðaárnar, Þverá, Norðurá, Langá og Álftá.

Í stuttri ræðu er ekki mögulegt að lýsa í smáatriðum þróun veiða á þeim árum, sem ég hef gert hér að umtalsefni, svo sem vert væri, enda hef ég stiklað á stóru. Þessi þróun blasir við varðandi laxveiðar okkar, en á sama tíma hafa Færeyingar stóraukið laxveiðar í sjó, eins og ég hef áður getið um. Í ljósi þess er ekki óeðlilegt að getum sé að því leitt að þarna sé orsakasamhengi á milli. Enn sem komið er er ekki hægt að segja að gögn séu fyrir hendi sem sanna að svo sé. Hins vegar er til staðar ábending um að íslenskur lax leiti á Færeyjamið, þar sem skilað hefur verið merkjum af þremur íslenskum löxum sem veiðst hafa við Færeyjar. Á hinn bóginn er ekki vitað að hve miklu leyti laxinn fer austur í haf frá Íslandi og er veiddur á umræddum Færeyjamiðum. Það er kunnugt að okkar lax leitar einnig vestur fyrir Grænland og veiðist þar, en sjö íslenskum laxamerkjum hefur verið skilað frá Grænlandi. Ennfremur skal þess getið, að í Laxá í Dölum hefur veiðst lax sem var merktur við Vestur-Grænland.

Orsakir rýrnandi laxveiði hér á landi þrjú síðustu ár eru e. t. v. margar. Í því sambandi ber að nefna að kalt árferði 1979 og lágur sjávarhiti, einkum fyrir Norður- og Austurlandi, eiga hugsanlega sinn þátt í þeirri öfugþróun laxveiða sem ég hef áður lýst. Hið kalda árferði 1979, sem var eitt hið kaldasta frá því veðurfarathuganir hófust hér á landi, er talið hafa valdið tregari göngu laxaseiða til sjávar en áður hafði verið. Þá má telja líklegt að skilyrði í sjó fyrir seiðin hafi verið mjög óhagstæð vegna mikils kulda. Í veiðunum 1980 var mjög lítið af eins árs laxi úr sjó og 1981 af tveggja ára laxi. En hvort tveggja gefur til kynna afar lélega afkomu sjógönguseiða.

Orsakir lakari veiði hérlendis geta verið margar, eins og ég hef raunar þegar vikið að, þ. e. hér heima fyrir, í hafinu og vegna veiða á fjarlægum hafsvæðum. Í þessu efni er að mínum dómi varasamt að vera með fullyrðingar. Hér getur verið um að ræða samspil margra þátta sem okkur ber skylda til að gera okkur sem gleggsta grein fyrir.

Þekking á ferðum laxins um úthafið var mjög af skornum skammti þar til laxveiðar hófust í einhverjum

mæli við Vestur-Grænland fyrir u. þ. b. 20 árum og síðar veiðar í Noregshafi og við Færeyjar. Rannsóknir á laxi við Vestur-Grænland hafa m. a. leitt í ljós að um helmingur laxins, sem þar veiðist, er upprunninn í Ameríku, en hann er að langmestu leyti frá Kanada, og hinn hlutinn frá Evrópu. Um uppruna laxins, sem veiðist við Færeyjar, er minna vitað svo að óyggjandi verði talið. Merkingar á sjógönguseiðum í upprunalöndum laxins og merkingar á laxi veiddum og merktum á Færeyjamiðum hafa hingað til gefið til kynna að langmestur hluti hans sé upprunninn í Noregi, Skotlandi og Írlandi.

Við Íslendingar bönnum með lögum laxveiðar í sjó og er sjávarveiði á laxi því okkur andstæð. Okkar stefna hlýtur því að vera sú, að dregið verði allverulega úr sjávarveiði á laxi og helst að laxveiðar í sjó verði af lagðar. Því er okkur mjög mikilvægt að afla vitneskju um veiðarnar við Færeyjar í mun ríkara mæli en gert hefur verið og reyndar einnig við Vestur-Grænland, en tíu merkjum úr íslenskum löxum, sem veiddir voru á þessum svæðum, hefur verið skilað, eins og áður hefur komið fram. Merkingar sjógönguseiða hafa farið fram hér á landi nokkuð samfellt í þrjá áratugi, en því miður í mjög litlum mæli. Það var ekki fyrr en á liðnu ári að seiðamerkingar voru auknar verulega frá því sem áður var. Um 140 þús. sjógönguseiðum var sleppt í ár og frá hafbeitarstöðum víðs vegar um landið, þar af um helmingur á Norður- og Austurlandi, en álitið er að laxaseiði úr þessum landshlutum gangi fremur austur í Atlantshaf. Auk seiðamerkinga er nauðsynlegt að leita að merktum löxum og taka þátt í alþjóðlegri samvinnu um gagnasöfnun og rannsóknir laxagangna.

Löndin við norðanvert Atlantshaf leggja lax til Færeyjaveiðanna. Því hlýtur að teljast eðlilegt og nauðsynlegt að þau kanni á sameiginlegum vettvangi hversu stóran hlut hvert þeirra leggur til Færeyjaveiðanna svo að hægt verði að gera sér sem gleggsta grein fyrir réttarstöðu hvers þeirra. Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur beitt sér fyrir samvinnu um rannsóknir á laxi, sem veiðist á Norður-Atlantshafi, á hliðstæðan hátt og gert var áður vegna laxveiðanna við Vestur-Grænland. Gert er ráð fyrir að þátttökulöndin í rannsóknunum standi hvert um sig undir kostnaði við framlag sitt til rannsóknanna. Í lok ársins 1981 komu saman í Þórshöfn í Færeyjum fiskifræðingar frá upprunalöndum laxins til að semja áætlun um rannsóknirnar sem ná bæði til gagnasöfnunar og úrvinnslu gagna. Ennfremur var verkefnum skipt á milli þátttökulandanna. Við tökum þátt í þessum rannsóknum og er framlag okkar Íslendinga fólgið í laxaseiðamerkingum, endurheimt merkja og gagnasöfnun um borð í færeyskum laxveiðibátum, svo sem gert var í febrúar á liðnu ári.

Gert hefur verið ráð fyrir að slík ferð verði farin á þessu ári, á sama hátt eða svipaðan og gert var á liðnu ári, til að leita að laxamerkjum á grundvelli þeirrar samvinnu sem áður er getið um.

Í þessu sambandi, þegar rætt er um auknar rannsóknir og fjármagn til þeirra, vil ég leyfa mér að minna á samþykktir aðalfundar Landssambands stangaveiðifélaga, sem haldinn var á haustdögum 1981, en jafnframt aðalfundarsamþykkt frá liðnu hausti. Aðalfundarsamþykktin frá 1981 er þannig, með leyfi forseta, hvað þetta varðar:

„Aðalfundur Landssambands stangaveiðifélaga, haldinn á Hótel Esju 10. og 11. okt. 1981, mótmælir harðlega aukinni laxveiði Færeyinga og annarra þjóða í sjó og krefst þess að stjórnvöld hefji nú þegar viðræður við þær um takmörkun veiðanna. Fundurinn telur að merkingar á laxi í sem flestum ám svo og í sjó við Færeyjar sé forsenda þess að upplýsingar fáist um göngu og lifnaðarhætti hans og hlutdeild íslenska laxins í afla Færeyinga. Því skorar fundurinn á stjórnvöld að stórauka fjárveitingar til rannsókna á íslenska laxastofninum, svo ganga megi úr skugga um hvað veldur þverrandi veiði í íslenskum laxveiðiám."

Ég tel ekki ástæðu til að lesa meira, herra forseti, enda þótt ég hafi vikið að því áðan að ég mundi lesa aðalfundarsamþykktina frá liðnu hausti, en hún gengur mjög í sömu átt og sú aðalfundarsamþykkt sem ég nú hef lesið. Landssamband stangaveiðifélaga leggur sem sagt meginhersluna á rannsóknir í þessu sambandi.

Herra forseti. Það er ljóst að skynsamleg nýting og ræktun laxastofnsins er allveruleg tekjulind hér á landi og stoð margra byggðarlaga. Það er skoðun okkar flm. þessarar till. til þál. að allar rannsóknir þurfi að efla. Niðurstöður laxarannsókna munu reynast okkur haldbestu rökin þegar samið er um að draga úr eða stöðva laxveiðar utan upprunalanda laxins. Því þarf að auka fjárframlög til þeirra rannsókna.

Herra forseti. Ég legg til að loknum þessum hluta umr. að till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 52. fundur.

Miðvikudaginn 16. febr., kl. 1 miðdegis.

Vegáætlun 1983—1986, þáltill. (þskj. 329). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Langtímaáætlun í vegagerð, þáltill. (þskj. 330). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, þáltill. (þskj. 128). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hafnaraðstaða í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 146). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsóknir á laxastofninum, þáltill. (þskj. 127). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Á föstudaginn var óskaði þingflokkur sjálfstæðismanna eftir umr. utan dagskrár, en tilefnið var að þeir hæstv. fjmrh. og iðnrh. höfðu haldið þá fyrr um daginn blaðamannafund og tilkynnt þar um mikilvægar ákvarðanir í þeirri deilu sem að undanförnu hefur staðið milli hæstv. ríkisstj. og Alusuisse. Þessari umr. var hafnað og urðu um það hér allharðar deilur, eins og mönnum er e. t. v. í minni og ég skal ekki rifja upp hér.

Þá neitaði hæstv. iðnrh. að skýra Alþingi efnislega frá ákvörðunum sínum og hæstv. fjmrh. um einhliða skattlagningu á ÍSAL. Þm. hafa nú átt þess kost að kynna sér efnislega það sem í þessum ákvörðunum fólst. Við höfum átt þess kost að lesa um það í blöðum og hlýða á það í fjölmiðlum. Hæstv. ráðh. kusu þann kost að skýra Alþingi frá þessu í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Það er reyndar sérstaklega háttur hæstv. iðnrh. að nota fjölmiðla í þessu skyni og ekki eingöngu til að ræða við hv. Alþingi, heldur einnig til að semja í álmálinu.

Vegna þess að við höfum átt kost á að athuga á þeim dögum sem liðnir eru hvað efnislega fólst í þessum ákvörðunum er möguleiki nú að fjalla nokkuð efnislega um ákvarðanir hæstv. ráðh. Þessi ákvörðun felur í sér að endurreiknað er einhliða framleiðslugjald á ÍSAL fyrir árin 1976—1980, en í upphafi fréttatilkynningar fjmrn. um þetta mál segir svo, með leyfi forseta:

„Fjmrn. hefur skuldfært Íslenska álfélagið hf., ÍSAL, um samtals 6 millj. 660 þús. Bandaríkjadali eða 127 millj. ísl. kr. vegna endurákvörðunar á framleiðslugjaldi félagsins 1976—1980. Að þessari skuldfærslu lokinni er skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði ekki lengur til staðar. Þess í stað á ríkissjóður inneign hjá ÍSAL sem nemur 1 827 853 Bandaríkjadölum miðað við árslok 1980, og jafngildir þessi upphæð 35 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Ekki eru þá meðtaldir vextir af inneigninni frá upphafi árs 1981."

Þetta var upphaf fréttatilkynningar fjmrn. um þær aðgerðir sem fjmrn., og væntanlega með stuðningi iðnrn., hefur gripið til. Með þessu er augsýnilega hafinn nýr kafli í deilunum við Alusuisse í því stríði, sem hófst í des. 1980, þegar hæstv. iðnrh. hóf miklar árásir á Alusuisse vegna vangreidds framleiðslugjalds.

Nú vil ég leggja sérstaka áherslu á það, sem reyndar bæði ég og aðrir talsmenn Sjálfstfl. í þessu máli hafa haldið fram frá upphafi, að auðvitað ber ÍSAL eða Íslenska álfélaginu að greiða rétta skatta og auðvitað ber þeim að skila réttum skýrslum um sínar tekjur og gjöld. Um þetta er enginn ágreiningur. Þetta er alveg ágreiningslaust hér á hv. Alþingi. Allir eru sammála um það og hljóta allir að vera sammála um það, að þessu fyrirtæki ber að greiða skatta í samræmi við samninga. Þannig ber á þessu máli að halda.

Gagnrýni okkar á hæstv. iðnrh. hefur hins vegar beinst að því, að hann hefur ávallt kosið að gera þetta atriði, deiluna um skattamálin, að aðalatriði málsins í þeim deilum sem við höfum staðið í við Alusuisse. Að okkar mati hafa þetta verið rangar áherslur og þær hafa spillt fyrir að við næðum árangri í því máli sem mest er um vert, þ. e. deilunni um rafmagnsverðið.

Nú er enn einn kafli þessarar deilu að hefjast og enn með skattamálin sem aðalatriði. Meðferð hæstv. iðnrh. á þessu máli hefur að mínu mati stórspillt fyrir samningum um aðalatriði málsins, þ. e. hækkað rafmagnsverð. Við getum aðeins nefnt dæmi um tölulegt hagsmunamat í þessum efnum. Sú skuldfærsla, sem hér er um að ræða, er um 6.6 millj. dollara, en hækkun rafmagnsverðs um helming mundi á einu ári færa okkur í tekjur 7.2 millj. dollara og síðan að sjálfsögðu á ári hverju. Aðeins með því að líta á þessar tölur er hægt að sjá hvar okkar stóru hagsmunir liggja í þessu máli. Þess vegna hefur það verið ákaflega ámælisvert að halda þannig á þessari deilu frá upphafi að gera þessi skattamál að aðalmálinu og nota þau til að spilla fyrir öllu andrúmslofti í okkar samningaviðræðum um þetta mál.

Þann 20. okt. fór fram hér á hv. Alþingi umr. um álmálið. Ég mælti þá fyrir till., sem þingflokkur sjálfstæðismanna stóð að, um sérstaka viðræðunefnd Alþingis við Alusuisse um lausn á þessu máli. Ég rakti þá ítarlega gang málsins alveg til þess tíma og skal ekki endurtaka neitt af því hér, en mér þykir nauðsynlegt að rifja aðeins upp nokkur atriði úr þessu máli, sem gerst hafa síðan.

Þann 10. nóv. s. l. ritaði Alusuisse bréf til iðnrn. með ósk um að opna viðræður að nýju. Hæstv. iðnrh. hafði siglt umræðunum í strand, sem fram fóru í maí, og hafði síðan ekki haft neitt frumkvæði að því að taka málið upp að nýju. Það er ekki fyrr en Alusuisse sendi bréf þann 10. nóv. að einhver vonarglæta virtist um að hægt væri að ganga til samninga um þetta mál af heilum hug af beggja hálfu.

Helstu atriðin í bréfi Alusuisse voru tvíþætt: Í fyrsta lagi um lausn á ágreiningi sem uppi hefur verið um skattamálin, um fortíðina, og hins vegar hvernig ganga ætti til samninga um framtíðina.

Varðandi skattamálin lögðu þeir til að aðilar kæmu sér saman um tvo gerðardóma. Annars vegar skyldu aðilar skipa gerðardóm þriggja lögfræðinga, sem létu í ljós álit sitt á því, hvernig túlka bæri ákvæði aðalsamnings um verð á milli óskyldra aðila með sérstöku tilliti til ákvæða aðstoðarsamnings um að Alusuisse beiti sér fyrir því að ÍSAL njóti bestu kjara í kaupum á hráefnum. Þetta er grundvallaratriði í skattadeilunni. Um þetta er lögfræðilegur ágreiningur. Um þetta hafa komið fram mismunandi álit hinna færustu lögfræðinga. Auðvitað stöndum við á okkar fyllsta rétti í þessu máli og túlkum þessa samninga okkur í hag í öllum þeim málatilbúnaði sem við komum til með að hafa á hendur Alusuisse. Og á okkar hagstæðustu túlkun er niður-

staða Coopers & Lybrand byggð. Hins vegar komumst við ekki fram hjá því, að um þetta er efnislegur ágreiningur sem einhverja lausn verður að fá á. Alusuisse á samkv. samningum rétt á gerðardómsmeðferð varðandi þennan ágreining og á það atriði verðum við að líta af fullu raunsæi.

Annað atriði, sem þessi gerðardómur átti að fjalla um, var réttur íslenskra stjórnvalda til að leggja á skatta fyrir árið 1980. Ástæðan fyrir því að um þetta er ágreiningur er sú, að hæstv. iðnrh., og reyndar forveri hans í ráðherrastól, lét undir höfuð leggjast að nota rétt okkar til árlegrar endurskoðunar á framleiðslugjaldi ÍSALs, þannig að við erum nú komin í þá stöðu að þurfa að leggja á eða endurreikna mörg ár aftur í tímann. Það liggur fyrir álit íslenskra lögfræðinga, að íslenskum yfirvöldum sé þetta heimilt. Auðvitað höldum við okkur við þá túlkun hinna íslensku lögfræðinga, sem látið hafa í ljós álit sitt á þessu. Um þetta kann hins vegar einnig að vera lögfræðilegur ágreiningur.

Í öðru lagi lagði Alusuisse til að skipaður yrði gerðardómur íslenskra lögfræðinga til að fjalla um afskriftarreglur þær sem ÍSAL hefur notað. Álit ofangreindra gerðardóma átti að vera bindandi og á grundvelli þessara lögfræðiálita var lagt til að alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtæki yrði falið að meta skattálagninguna og að hin tölulega niðurstaða yrði ekki vefengd.

Hinn aðalþátturinn í bréfi Alusuisse frá 10. nóv. var að fjalla um framtíðarsamskiptin. Þar segir að þegar aðilar hafi komið sér saman um málsmeðferð sé Alusuisse reiðubúið að taka þegar í stað upp viðræður um fjögur meginatriði: Í fyrsta lagi endurskoðun rafmagnssamnings, þar sem tekið verði til hliðsjónar orkuverð áliðnaðar í Evrópu og Bandaríkjunum og að auki samkeppnisaðstaða Íslands á þessu sviði. Í öðru lagi endurskoðun skattareglna. Í þriðja lagi stækkun álversins, hugsanlega með þátttöku þriðja aðila. Og í fjórða lagi heimild ríkisstj. til að gerast eignaraðili. Síðan var upp á því stungið að samningum um málsmeðferð yrði lokið fyrir lok desember, en samningnum um efnisatriði fyrir 1. apríl.

Það vakti að sjálfsögðu athygli þegar slíkt skeyti kom frá Alusuisse og vissulega var nokkur nýr tónn í þessu bréfi. Ég er alveg sannfærður um að þennan nýja tón og þetta nýja viðhorf hefðum við átt að nota okkur út í ystu æsar. Hins vegar voru eftir það haldnir tveir fundir sem voru árangurslausir. Hæstv. iðnrh. setti fram gagntillögur sem gerðu að verkum að efnislegar umr. um þetta mál fóru aldrei í gang. Þetta vakti mikla óánægju í álviðræðunefndinni, sem skipuð var bæði aðilum stjórnar og stjórnarandstöðu, og mönnum er í fersku minni að einn aðili úr álviðræðunefndinni, hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, sá ástæðu til að segja sig úr nefndinni til að mótmæla vinnubrögðum hæstv. ráðh. í þessu efni. Hæstv. ráðh. kaus hvað eftir annað að sniðganga álviðræðunefndina. Hann kaus hvað eftir annað að slá á útrétta hönd stjórnarandstöðu, sem hefur oft boðið samvinnu í þessu máli í því skyni að Íslendingar gætu samstíga gengið fram í baráttunni fyrir hagsmunum okkar í álmálinu. Hæstv. ráðh. hefur hins vegar kosið að einangra sig í þessu máli í þröngum hópi vina og flokksbræðra.

Það er einnig athyglisvert, að þrátt fyrir að Landsvirkjun, sem er formlegur aðili að rafmagnssamningnum við ÍSAL, — það er ekki ríkisstj. eða Alþingi, heldur er Landsvirkjun formlegur aðili að þessum samningum, — hafi hvað eftir annað óskað að mega taka þátt í undirbúningi þessara samningaviðræðna og í viðræðunum sjálfum hefur hæstv. ráðh. jafnoft hafnað því. Hæstv. ráðh. hefur hafnað því að Landsvirkjun, sem selur ÍSAL rafmagnið, fái að taka þátt í þessum samningum.

Það hefur að vísu verið látið að því liggja að hæstv. ráðh. hafi verið reiðubúinn að kveðja einstaka starfsmenn Landsvirkjunar til faglegs ráðuneytis þegar honum hefur dottið í hug, en það er auðvitað ekki það sama og að verða við margítrekuðum óskum stjórnar Landsvirkjunar um að mega taka þátt í þessum viðræðum. Það ber því allt að sama brunni um þetta efni. Hæstv. ráðh. kaus að einangra sig í fámennum hópi vina og flokksbræðra í þessu mikilvæga máli. Og það er alvarleg staðreynd. Það er málsmeðferð sem er gerólík þeirri sem áður hefur verið viðhöfð í sambandi við samninga okkar um stóriðju, þegar allir flokkar stjórnar og stjórnarandstöðu hafa verið með frá upphafi og tekið þátt í undirbúningi og samningaviðræðum um þessi mál.

Raunverulegar samningaviðræður hafa aldrei farið í gang. Hæstv. ráðh. hefur ekki verið tilbúinn að láta reyna á samninga hvað þá meir. Hann hefur alltaf sett ný og ný skilyrði fyrir því að samningaviðræður gætu hafist. Það kann vel að vera að ráðh. hafi í upphafi talið að með þeim aðferðum sem hann beitti, þ. e. þegar hann hóf sína sókn í des. 1980, væri hann að sýna snjalla samningaaðferð. En hafi hann haldið það hlýtur hann að hafa orðið fyrir jafnmiklum vonbrigðum því að meiri klaufaskap en hæstv. ráðh. hefur sýnt í þessu máli er ekki hægt að hugsa sér.

Það kann vel að vera, eins og ég segi, að hæstv. ráðh. hafi í upphafi viljað semja og talið sig geta sýnt af sér snjalla samningsaðferð, en ég er hins vegar jafnsannfærður um það núna upp á síðkastið að hæstv. ráðh. vill ekki semja í þessu máli. Hverjum eru allar tafir í þessu máli í hag? Auðvitað Alusuisse sem hefur áfram sama rafmagnsverðið og var. Öflugasti bandamaður Alusuisse í þessu máli er hæstv. iðnrh., sem hefur ekki viljað ganga til neinna samninga við Alusuisse um þetta mál. Og hvers vegna skyldi það vera? Ástæðan er einfaldlega sú, og hún liggur æ meir og meir í augum uppi, að Alþb. hefur hugsað sér að nota þetta sem kosningamál, hefur hugsað sér að nota þetta mikla lífshagsmunamál þjóðarinnar sem flokkshagsmunamál. Hæstv. ráðh. er hræddur um að ef honum tækist að gera samninga um þetta mál hefði hann misst glæpinn. Þá væri ekki heldur hægt að halda uppi árásum hér innanlands á þá sem á sínum tíma stóðu fyrir þessum samningum og þá væri ekki hægt að efna til stöðugs ófriðar innanlands um þetta mál, eins og hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir frá upphafi. Þetta er ljót saga, en því miður hefur reynslan sýnt og það sem gerst hefur í þessu máli síðustu vikur og mánuði að þetta er sönn saga. Þannig horfir þetta mál einfaldlega við.

En hvað þýða í raun þær aðgerðir sem nú hafa verið samþykktar, þ. e. þær aðgerðir sem hæstv. fjmrh. og iðnrh. hafa samþykkt varðandi einhliða skattlagningu?

Í fyrsta lagi er rétt að hafa í huga að þessar aðgerðir hafa enga þýðingu um endanlega lausn deilunnar um skattana. Það var enginn réttur af okkar hálfu í hættu. Fyrir lágu skýrslur Coopers & Lybrand byggðar á því lögfræðiáliti, sem ég gat hér um áðan, og það var engin

sú tímasetning eða dagsetning nú á ferðinni, sem setti okkar rétt á neinn hátt í hættu. Þessi aðgerð er því fyrst og fremst gerð í áróðursskyni. Þessi aðgerð er liður í þeirri kosningabaráttu sem Alþb. er nú að hefja. Þessi aðgerð minnir óneitanlega á aðgerð hæstv. iðnrh. þegar hann fór út úr ríkisstjórn þeirri sem hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson veitti forsæti á sínum tíma, þegar hann daginn sem hann fór út úr rn. skrifaði undir bréf þess efnis að hefja ætti framkvæmdir við Bessastaðaárvirkjun. Það var hans síðasta aðgerð áður en hann fór úr rn. þá. Það var ósköp saklaus aðgerð í sjálfu sér miðað við þá sem nú er verið að fremja, en maður sér óneitanlega að hér er sami hugsunarhátturinn að baki, það er sama handbragðið á þeim aðgerðum sem nú eru á ferðinni í Alusuissemálinu og þeirri sem var á ferðinni daginn sem hæstv. iðnrh. fór út úr rn. í sinni fyrri iðnrh.-tíð.

En í öðru lagi, ef við hugum að þýðingu þessara aðgerða, og það er að sjálfsögðu ennþá verra, þá spillir þetta enn fyrir samkomulagi okkar um aðalmálið. Enn er skattadeilan notuð til að spilla málstað okkar í aðalkröfunni, þ. e. um hækkað rafmagnsverð.

Í þriðja lagi skulum við átta okkur á því, hvaða afleiðingar þessi aðgerð hefur og það er enn alvarlegri afleiðing. Við áttum kost á að leysa a. m. k. hluta þessarar deilu samkv. beinu tilboði frá Alusuisse með íslenskum gerðardóm, með því að leggja hluta af þessari deilu í alíslenskan gerðardóm. Ég sé ekki annað en nú hafi þeim dyrum verið skellt og aðgerð hæstv. ráðh. þröngvi þessari deilu inn í alþjóðlegan gerðardóm. Ég sé ekki annað en þessi aðgerð hafi þessi áhrif og það er að sjálfsögðu alvarlegt og með því er íslenskum málstað enn stórspillt.

Ég vil rifja það upp, að hér liggur fyrir Alþingi till. frá þingflokki sjálfstæðismanna um sérstaka álviðræðunefnd, um að Alþingi kjósi sérstaka viðræðunefnd til að fara með þetta mál. Sú till. liggur fyrir hv. atvmn. Sþ. og ég vonast til þess að nefndin fjalli um þá deilu, því að ég sé ekki betur en nú beri brýna nauðsyn til að taka þetta mál úr höndunum á hæstv. iðnrh., og því fyrr sem þetta mál fer úr höndum þessa klaufalega ráðh., því betra.

Ég vil líka rifja upp að fyrir ríkisstj. liggur till. frá hæstv. sjútvrh. Steingrími Hermannssyni, sem hann skýrði frá í mjög ítarlegu viðtali við dagblaðið Tímann þann 5. febr. 1983. Þar gerir hann grein fyrir þeim tillögum og hugmyndum sem hann hafi um lausn þessa máls. Ég vil aðeins leyfa mér að vitna í þetta viðtal í grófum dráttum.

Fyrsti liðurinn í till. hæstv. ráðh. er að sett verði á fót ráðherranefnd, sem komi sér saman um meðferð málsins. Hann vitnar í að slíkar ráðherranefndir hafi gefist vel við lausn á fjölmörgum vandasömum málum innan hæstv. ríkisstj.

Í öðru lagi leggur hann til að ný álviðræðunefnd verði skipuð og hver stjórnmálaflokkanna fjögurra eigi einn fulltrúa, forsrh. eigi einn fulltrúa og Landsvirkjun eigi einn fulltrúa. Þessi till. liggur fyrir hjá ríkisstj., eftir því sem fjölmiðlar hafa fullyrt, og við vitum ekki hvaða afgreiðslu hún hefur fengið. Ég hefði satt að segja haft áhuga á að spyrja hæstv. sjútvrh., sem ekki er hér í salnum nú, hvað líði afgreiðslu þessarar till. og hvaða líkur hann telji á því að hún fáist afgreidd. Um eldri deilumálin segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í þessu blaðaviðtali:

„Ég legg til að deilumál um verð á súráli og rafskautum og um skatta verði með samkomulagi sett í gerðardóm. Ég tel vel koma til greina að bakfæra þessa skatta einhliða og þá eiga Svisslendingar leikinn og geta vísað þessu í þennan alþjóðlega gerðardóm, sem samninguriinn gerir ráð fyrir. Hins vegar í tilboði þeirra frá 10. nóv. s. l. felst það, að þeir eru tilbúnir að leggja þessi deilumál í íslenskan gerðardóm, og það tel ég vera miklu betra fyrir okkur og okkar hag á allan hátt. Það yrðu þá tveir gerðardómar sem mundu fjalla um mismunandi þætti málsins, annar með íslenskum lögfræðingum eingöngu og hinn yrði með manni tilnefndum af okkur, manni tilnefndum af þeim og síðan yrði formaðurinn tilnefndur sameiginlega, en eflaust yrði hann Íslendingur. Að koma þessum málum inn í slíkan gerðardóm væri okkur mjög í hag, og ég tel það alrangt að vera að hnýta þessi deilumál saman við hið langtum mikilvægara mál, sem er hækkun raforkuverðsins. Ég gerði aths. við tilboð iðnrh. til Alusuisse frá 21. des., en þar var þetta allt hnýtt saman og gert að kröfu að samið yrði um allt í einu. Það held ég að hafi alltaf verið vonlaust frá upphafi að slíkt tækist."

Þetta kom fram í viðtalinu við hæstv. sjútvrh. 5. febr. 1983.

Hann segir ennfremur í þessu viðtali:

„Ég harma það mjög að svona hefur farið, og því miður tel ég að svona hafi farið fyrir klaufaskap. Ég er alveg sammála kröfum iðnrh. um hækkun raforkuverðs og leiðréttingu á sköttum, verði á súráli og rafskautum og ég vil láta endurskoða skattaákvæði samningsins, þannig að málefnalega er ekki ágreiningur hjá okkur. Hins vegar verð ég því miður að segja, að ég hef sjaldan séð haldið á málum á jafnvafasaman og vonlausan hátt og iðnrh. hefur gert á þessu máli.

Þetta er álit samráðh. hæstv. iðnrh., þ. e. Steingríms Hermannssonar hæstv. sjútvrh., á vinnubrögðum iðnrh. í þessu máli.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og iðnrh. hvernig þessi ákvörðun hafi verið tekin, hvort þetta sé ákvörðun ríkisstj. allrar og jafnframt hvort einhver viðbrögð hafi borist frá Alusuisse við þessari ákvörðun og þá ennfremur hvert sé framhald á meðferð þessa máls á næstunni. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvernig hann hafi átt aðild að þessari ákvörðun, hvort hæstv. ráðh. hafi vitað af henni fyrir fram og hvort hann sé sammála þeirri ákvörðun sem tilkynnt var fréttamönnum um hádegi s. l. föstudag.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson spyrst hér fyrir um þá ákvörðun fjmrh. að skuldfæra Íslenska álfélagið, ÍSAL, um samtals rúmlega 6.6 millj. Bandaríkjadala eða 127 millj. ísl. kr. vegna endurákvörðunar á framleiðslugjaldi félagsins fyrir árið 1976—1980. Ég skal gera nánari grein fyrir þessu máli og um leið leitast við að svara spurningum hv. þm.

Hann spurði um hver hefði tekið þessa ákvörðun og hvort ríkisstj. hefði staðið að henni. Fjmrn. tók þessa ákvörðun og það hefur fjallað um fyrri mál af þessu tagi. Málið heyrir undir fjmrn. og þar var ákvörðunin tekin.

Hann spurði um hvort borist hefðu einhver viðbrögð frá ÍSAL í þessu máli. Ég get einfaldlega svarað því

þannig, að engin formleg viðbrögð hafa borist. Menn hafa vafalaust séð einhver viðbrögð forustumanna ÍSALs í fjölmiðlum, en ekki er ljóst hvernig fyrirtækið hyggst bregðast við.

Fjmrn. tilkynnti Íslenska álfélaginu þessa ákvörðun með bréfi 10. febr. 1983, þar sem gerð var grein fyrir að framleiðslugjaldið fyrir árið 1977, 1978 og 1979 hefði verið endurákvarðað á grundvelli skýrslna breska endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrand og gjaldið hækkað um 2 824 645 Bandaríkjadali vegna væntanlegs hagnaðar félagsins á þessum árum. Áður hafði framleiðslugjald félagsins vegna áranna 1976 og 1980 verið endurákvarðað. Framleiðslugjaldið fyrir árið 1980 var endurákvarðað í sept. 1981 og var ÍSAL tilkynnt með bréfi 7. sept. 1981 að skattinneign félagsins hjá ríkissjóði hefði verið lækkuð um 2 654 000 Bandaríkjadali vegna vangoldins framleiðslugjalds það ár. Framleiðslugjald vegna ársins 1976 var endurákvarðað alveg nýlega eða í des. 1982 og var ÍSAL tilkynnt í bréfi dags. 27. des. 1982 að skattinneign félagsins hjá ríkissjóði hefði verið lækkuð um 498 309 Bandaríkjadali.

Ég gerði grein fyrir því á blaðamannafundi s. l. föstudag, að forvitnilegt yrði að sjá hvort ÍSAL mundi kæra þessa skattálagningu til gerðardóms. Ég benti á að við fyrri endurákvarðanir framleiðslugjalds, sem teknar voru á nákvæmlega sama hátt og þessi ákvörðun og enginn gerði þá aths. við hér innanlands svo að mér sé kunnugt um, var þeim ákvörðunum einungis mótmælt, en þær voru ekki kærðar til gerðardóms og hafa enn ekki verið kærðar til gerðardóms. Því miður gerði sjónvarpið og raunar fleiri fjölmiðlar ranga grein fyrir þessum ummælum mínum á þann veg, að sagt var í sjónvarpi að ÍSAL hefði ekki mótmælt þessari ákvörðun. Forstjóri ÍSALs kom í sjónvarpið og sagði að þetta væri rangt. Jú, vissulega hefðu þeir mótmælt. En það var alls ekki það sem ég sagði. Ég sagði að þeir hefðu ekki skotið málinu til gerðardóms. Það hafa þeir ekki gert, en vissulega hafa þeir mótmælt.

En það er sem sagt mjög stórt atriði í málinu eins og það liggur fyrir nú, að þetta er ekki í fyrsta sinn sem slík ákvörðun er tekin, heldur í þriðja sinn. Það voru eigi litlar fjárhæðir sem ákvarðanir voru teknar um í fyrri tvö skiptin, en þessar ákvarðanir voru þá ekki gagnrýndar í blöðum. Enginn spurði þá um hvort gerð hefði verið formleg ríkisstjórnarsamþykkt um málið og ákvörðun var þá ekki kærð til gerðardóms.

Að þessari seinustu skuldfærslu lokinni er skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði ekki lengur til staðar. Þess í stað á ríkissjóður inneign hjá ÍSAL sem nemur 1 827 853 Bandaríkjadölum miðað við árslok 1980. Eins og fram hefur komið jafngildir þessi upphæð 35 millj. ísl. kr. á núverandi gengi, en þá eru vextir af inneigninni frá upphafi ársins 1981 ekki meðtaldir.

Eins og ég gerði grein fyrir áðan er endurreikningur framleiðslugjaldsins fyrir umrædd ár gerður á grundvelli niðurstöðu sérstakrar endurskoðunar Coopers & Lybrand á verðlagningu súráls og rafskauta til ÍSALs árið 1976—1979 og endurskoðun sömu aðila á ársreikningum félagsins fyrir árið 1980. Jafnframt er stuðst við álit álviðræðunefndar, sem sett var fram í bréfi til iðnrh., dags. 21. nóvember 1982, en í álviðræðunefnd áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna til þessa einróma álits álviðræðunefndar, en þar sagði:

„Það er skoðun álviðræðunefndar að niðurstöður Coopers & Lybrand sé haldbærasta matið á verðlagningu Alusuisse á þessum mikilvægu hráefnum til ÍSALs með hliðsjón af ákvæðum í grein 27.03 í aðalsamningi um viðskipti óháðra aðila og ákvæði í grein 2.03(c) í aðstoðarsamningi um rekstur, er kveður á um að Alusuisse skuli aðstoða ÍSAL við að útvega þau á „bestu fáanlegu kjörum".“

Yfirverð á aðföngum ÍSALs 1975—1981 reyndist samkv. niðurstöðu Coopers & Lybrand nema samtals 31.4 millj. Bandaríkjadala eða sem nemur tæpum 600 millj. ísl. kr. miðað við gengi 10. febr. 1983 og voru í fréttatilkynningu, sem send var frá fjmrn. s. l. föstudag, gefnar sundurliðaðar upplýsingar um hvernig þessar upphæðir skiptast á einstök ár.

Við endurskoðun á ársreikningum fyrir árið 1980 og 1981 voru reikningar ÍSALs ennfremur leiðréttir vegna afskrifta um samtals 4.4 millj. Bandaríkjadala eða um 84 millj. ísl. kr. miðað við gengi 10. febr. 1983.

Eins og þegar hefur komið fram hefur því hagnaður ÍSALs á tímabilinu 1975—1981 reynst samtals um 35.8 millj. Bandaríkjadala hærri en ársreikningar félagsins gáfu til kynna. Þessi upphæð jafngildir hvorki meira né minna en 683 millj. ísl. kr. á gengi hinn 10. febr. s. l.

Það er rétt að benda hv. þm. á það, að fyrir liggur lögfræðileg álitsgerð Benedikts Sigurjónssonar fyrrv. hæstaréttardómara og Ragnars Aðalsteinssonar hrl., dags. 13. okt. 1982, um álagningu framleiðslugjalds á Íslenska álfélagið hf. Meginniðurstöður álitsgerðarinnar eru þessar:

1. Ein af almennum grundvallarreglum skattaréttar, sem orðuð er í íslenskum skattalögum nr. 75/1981, er að endurákvarða megi skatt á skattaðila, ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatta af öllum tekjum sínum og eignum, og skiptir þá ekki máli hvort um refsiverða háttsemi er að ræða eða ekki.

2. Réttur stjórnvalda til að endurákvarða skatt á skattaðila sætir þeim takmörkunum í íslenskum skattalögum að endurákvörðun getur aðeins náð til skatts vegna tekna og eigna á síðustu sex árum á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

Eðlilegt er því talið að þessi regla eigi við um framleiðslugjald ÍSALs og megi endurákvarða framleiðslugjald vegna ársins 1976 og síðari ára. Einmitt með þetta í huga var framleiðslugjaldið fyrir árið 1976 endurákvarðað nú fyrir árslok og það ár tekið sérstaklega út úr.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson vakti athygli á því, að skattadeilan við ÍSAL væri ekki stærsta málið í þessu sambandi. Þetta er alveg rétt. Hækkun raforkuverðsins er enn stærra mál, varðar miklu stærri fjárhæðir. En getur nokkur haldið því fram að hér verði um eitthvert smámál að ræða eða smáupphæðir, þegar um er að ræða endurákvörðun skatta sem nema fjárhæðum á borð við þær sem hér hafa verið nefndar?

Ég held að nokkuð augljóst sé að skattamálið er líka mjög stórt mál. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. að því hvort, eigi að skilja orð hans svo, að þetta mál sé svo smátt í sniðum að það megi bara liggja óafgreitt — eða átti að skilja hv. þm. svo, að hann sé á móti þessari ákvörðun?

Ég vek athygli þm. á því, að það var engin leið að greina á máli hans hvort hann væri eindregið mótfallinn þessari ákvörðun eða hvort hann notaði bara ákvörð-

unina sem tilefni til að ræða málið almennt. Ég verð að játa að það er orðið mjög erfitt oft og tíðum að átta sig á hvaða afstöðu hv. þm. Sjálfstfl. taka til einstakra mála, og þeir hafa nýlega setið hjá í stærsta máli sem þingið hefur afgreitt, en ég á ekki von á að það verði gert að meginreglu hjá hv. þm. Sjálfstfl. og hlýt því að spyrja: Hver er afstaða hv. þm. til þessarar ákvörðunar? Er hann með henni eða er hann á móti henni eða ætlar hann að sveipa sig í einhverja skýjahulu, einhvern þokuhjúp, og taka enga afstöðu?

Ég tel að það sé afskaplega léttvæg afstaða, sem kom fram hjá honum hér áðan, að benda á að hinn erlendi auðhringur eigi gerðardómsrétt, eins og hann nefndi. Auðvitað vitum við að hugsanlegt er að auðhringurinn reyni að skjóta málinu til gerðardóms, en það er ekkert innlegg í málið. Ef Alusuisse og ÍSAL vilja vísa þessu máli til gerðardóms er það þeirra mál. En ég hélt að það væri frumskylda okkar Íslendinga að hugsa fyrst og fremst um rétt okkar Íslendinga. Það var gert þegar þessi ákvörðun var tekin.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú vikið hér að því sem lýtur að endurákvörðunum skatta, framleiðslugjalds á ÍSAL og svarað þeim fsp. sem þar að lúta svo að ég þarf ekki að fara yfir það talnalega séð eða hvað ákvarðanir snertir sérstaklega. Hér er þó ýmsu að svara úr máli hv. 6. þm. Reykv. varðandi þær ásakanir sem hann hafði hér uppi í minn garð. Hlýt ég að taka á þeim málum og víkja að nokkrum þáttum þessarar endurákvörðunar skatta á Íslenska álfélagið hf. sem nú liggja fyrir.

Ég vil í upphafi endurtaka það, sem fram kom hér s. l. föstudag, að mér er ánægja að ræða þessi mál hér á hv. Alþingi þó að ég teldi ekki aðstæður til þess eðlilegar á föstudaginn var. Ég fagna þeirri umr. sem hér fer fram um þessi efni og er reiðubúinn að ræða þessi mál hér hvenær sem hv. alþm. telja að henti og tími þingsins leyfir með eðlilegum hætti.

Það vekur athygli og hefur gert það þegar þessi mál hefur borið á góma hér á hv. Alþingi á undanförnum árum, er óhætt að segja, að þar standa upp fulltrúar stjórnarandstöðunnar, því að þeir hafa lengst af haft forustu um gagnrýni í minn garð í sambandi við þetta mál og beina þungum ásökunum að iðnrn. og mér sem iðnrh. fyrir þetta efni, en þeir eiga engin orð af svipuðu tagi, engin gagnrýnisorð að flytja þeim aðila sem Island stendur í deilu við í þessu efni, eiganda álversins í Straumsvík, Alusuisse. Menn tóku eftir því að þetta sama gerðist hér áðan hjá hv. 6. þm. Reykv. Um leið og hann hafði uppi hinar hörðustu ádeilur í minn garð fyrir málsmeðferð í þessu máli og efnistök sá hann ekki ástæðu til að hafa uppi gagnrýni eða beina sóknar- og hvatningarorðum gagnvart þeim aðila sem Ísland á nú í harðri deilu við í sambandi við réttlætismál.

Ég hlýt einnig að rifja það upp að hv. 6. þm. Reykv., sem stóð hér að tillöguflutningi um sérstaka viðræðunefnd vegna mála Alusuisse á Alþingi í haust, segir þar í grg. að ekki hafi verið notað sóknarfæri til þess að knýja fram hækkað raforkuverð til álversins í Straumsvík á árinu 1980. Ég hef ítrekað svarað þessum málflutningi hv. þm. og rifjað það upp fyrir honum og skorað á hann að standa fyrir máli sínu í því, hvar voru kröfur hans á árinu 1980 um að knýja fram hækkað raforkuverð til álversins í Straumsvík, hvar voru kröfur Sjálfstfl. í þá átt á þeim tíma? Ég hef beðið hann um að koma hér og rifja það upp fyrir hv. Alþingi hvar þær kröfur er að finna. Og ég hef bent honum á að hann megi gjarnan fara aftur á árið 1981 og jafnvel aftur á árið 1982. Það er þá fyrst sem fer að örla á því að undirtektir fáist frá því varnarliði Alusuisse, sem hefur staðið hér í ræðustól á Alþingi æ ofan í æ til þess að beina spjótum sínum inn á við gagnvart þeim aðilum íslenskum, sem eru að sækja okkar rétt í þessu máli og vilja benda á ráð til þess að ná okkar rétti, benda á ráð sem engin voru hjá þeim á sama tíma og þeir hafa streist við að hlífa gagnaðilanum og verja þann samning frá viðreisnarárunum, sem Sjálfstfl. og Alþfl. bera ábyrgð á þó að fleiri hafi einnig komið þar við sögu.

Vegna þess sem hv. þm. sagði hér áðan, að ég hefði notað tækifærið til þess á undanförnum árum og vildi halda þeim möguleika opnum að ráðast að þeim aðilum sem gerðu þennan endemissamning á sínum tíma, vísa ég þeim ásökunum á bug. Ég hef ekki verið frumkvæðisaðili að því að halda hér uppi árásum og gagnrýni á fortíðina. Ég hef þvert á móti hvatt menn til samstöðu í þessu máli og til að láta deiluatriði varðandi fortíðina hvíla á meðan við reynum að ná saman um rétt okkar.

En það hafa verið aðrir, sem hafa haft frumkvæði að því ótilkvaddir að streitast við að verja þennan endemissamning, sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. stóð að á sínum tíma og sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. stóð að endurskoðun á 1975/1976. Hv. þm. hóf sína árás áðan með því að víkja að því að ég hefði sett skattamálið á oddinn og gert það að aðalatriði og spillt með því fyrir möguleikum okkar að ná fram hækkuðu raforkuverði. Já, það er eðlilegt að hv. þm. taki á þessu atriði. En hverjar hafa áherslur Sjálfstfl. verið í þeim efnum? Það er vert að rifja upp það sem stendur í bréfi sem þingflokkur Sjálfstfl. ritaði til mín 20. júlí 1981. Þar sem segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkurinn telur að fyrsta skrefið sé að ljúka alhliða athugun málsins (þ. e. skattamálsins) þannig að í ljós komi hvort Íslendingar hafi orðið fyrir tjóni á skattgreiðslum eða með öðrum hætti. Vegna breyttra aðstæðna frá því að endurskoðun álsamningsins fór fram árið 1975 verði síðan teknar upp viðræður við Alusuisse m. a. um hækkun raforkuverðs og skattgreiðslu fyrirtækisins."

Ég vek sérstaka athygli á þessari áherslu í bréfi þingflokks Sjálfstfl. frá júlímánuði 1981. Þar er það nánast gert að skilyrði fyrir hugsanlegri samstöðu og samstarfi um þetta mál, sem ég hafði óskað eftir á þeim tíma við alla þingflokka, að fyrst verði tekið á skattamálinu til að fá greitt úr því og síðan verði teknar upp viðræður við Alusuisse m. a. um hækkun raforkuverðs. Svipaðar áherslur er að finna í bréfi, sem þingflokkur Sjálfstfl. ritaði mér 5. maí s. l. og birt er í grg. með till. til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse, sem hv. 6. þm. Reykv. er 1. flm. að. Það er einmitt lögð áhersla á þetta sama. Þetta er málflutningur í lagi. Hv. þm. hafði um það stór orð að hefði ég einhvern tíma haft áhuga á að ná samningum við Alusuisse um þessi ágreiningsefni væri sá áhugi örugglega ekki til staðar lengur. Hann vill skrifa á minn reikning tafir í þessu máli, ég hafi ekki viljað semja, ég hafi viljað gera þetta að kosningamáli, ég hafi kallað til þröngan hóp flokksmanna o. s. frv. Ég vísa þessum ásökunum á bug. Ég vísa til þeirra sáttatilrauna sem átt hafa sér stað til þess að ná fram

sanngirniskröfum okkar í þessum efnum, sáttatilraunum sem bornar voru fram æ ofan í æ án þess að viðbrögð kæmu frá Alusuisse til þess að verða við sanngjörnum kröfum okkar um lágmarksleiðréttingu, um nettóleiðréttingu á gildandi samningum.

Hv. þm. vék sérstaklega að Landsvirkjun í þessu efni. Ég minni á að við Landsvirkjun hefur iðnrn. ítrekað haft samráð við undirbúning mála og tekið það skýrt fram að ef samningsgrundvöllur fáist til að hefja efnislegar viðræður um endurskoðun raforkuverðs við Alusuisse verði að sjálfsögðu haft eðlilegt samstarf við Landsvirkjun um það mál. Það er því algerlega rangt, sem hv. þm. segir, að við höfum haft áhuga á því að halda Landsvirkjun með óeðlilegum hætti utan við þessi mál. En hér er um mál að ræða sem varða ekki bara Landsvirkjun heldur þjóðarhagsmuni í heild, þ. á m. skattatekjur íslenska ríkisins af álverinu í Straumsvík og þeirri starfsemi sem þar fer fram. Það er það heildardæmi sem ríkisstjórn Íslands og íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja að litið sé til þegar leitað er samningsgrundvallar í þessu máli. Og þannig hefur verið að þessu staðið.

Það eru uppi ásakanir í minn garð um að hafa ekki leitað eftir samstarfi við aðra aðila innan þingsins um þessi mál. Ég vísa til þess frumkvæðis sem ég hafði um þetta efni í júlí 1981 þegar Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, að því er virtist nauðugur, gerðist þó þátttakandi í álviðræðunefnd þar sem sátu fulltrúar allra þingflokka og stjórnaraðila ásamt sérfræðingum og báru saman bækur sínar. En stjórnarandstaða Sjálfstfl. elti fullrúa Framsfl. þegar hann stökk út úr álviðræðunefnd með frægum hætti 6. des. s. l. Þá lýstu fulltrúar Sjálfstfl. því yfir í umr. hér á hv. Alþingi að þeir teldu að sá samstarfsvettvangur væri ekki lengur fyrir hendi af þeirra hálfu.

Og þegar talað er um að unnið hafi verið að þessu máli í þröngum hópi flokksbræðra minna minni ég á þá lögfræðilegu álitsgerð sem fyrir liggur og gerð hefur verið opinber, m. a. frá Benedikt Sigurjónssyni fyrrv. hæstaréttardómara. Skyldi hann vera einhver flokksgæðingur Alþb. sem dreginn hafi verið til verka í þessu máli? Ég minni á ríkisendurskoðanda sem átt hefur hlut að þessu máli á vegum rn. alla tíð. Skyldi hann vera úr hópi flokksgæðinga Alþb. í þessu máli? Ég get talið upp þannig fjölda manna innlendra, sem að þessu máli hafa komið, þ. á m. endurskoðanda Seðlabankans, Stefán Svavarsson, og aðra menn í fremstu röð með sérfræðiþekkingu sem um þessi mál hafa fjallað af alúð og trúmennsku.

Ég vísa einnig til þeirra erlendu sérfræðinga sem fengnir hafa verið til að styrkja íslenskan málstað í þessum efnum. Þeir hafa ekki verið sóttir til einhverra þeirra stofnana eða aðila erlendra sem hv. 6. þm. Reykv. mundi telja að væru í einhverjum tengslum við Alþb. Þeir sérfræðingar hafa verið valdir eftir efnisástæðum úr fremstu röð manna á heimsmælikvarða, sem þekkja til áliðnaðar, og sérstaklega manna vestan hafs, sem hafa veitt okkur ómetanlega aðstoð í þessu máli, jafnt skattamálum og deilum þar að lútandi, lögfræðilega aðstoð eins og frá Charles Lipton, efnislega aðstoð eins og frá Samuel Moment, sem er einhver þekktasti sérfræðingur á sviði áliðnaðar í heiminum, og til manna eins og Carlos M. Varsavsky, sem einnig er í röð fremstu manna sem sérfræðingur og er í tengslum við stofnun Sameinuðu þjóðanna, sem er ráðgjafi ríkisstj. um samskipti við fjölþjóðahringa.

Málflutningi af því tagi sem hv. 6. þm. Reykv. hafði hér uppi um þröng vinnubrögð í þessu máli vísa ég á bug. Ég gæti fært fram fjöldamörg önnur rök máli mínu til stuðnings, sem gera hans karp að ómerkilegu þrasi til að reyna að skyggja á aðalatriði þessa máls og frammistöðu hans og flokksmanna hans margra hverra í þessu máli hingað til.

Hv. 6. þm. Reykv. höfðar nú mjög til hæstv. sjútvrh. sem vænlegs bandamanns í þessu máli. Og hann hefur vitnað til hv. 12. þm. Reykv. og hans frammistöðu sem hann virðist telja mjög til fyrirmyndar. Ég verð því miður að segja að hann hefur fengið stuðning úr þeirri átt, stuðning sem ég vonaði að ekki kæmi til frá þeim aðilum sem staðið hafa að þessu máli innan ríkisstj. og sem reynt hefur verið að hafa sem best samstarf við.

Hv. 6. þm. Reykv. vísar til þess að unnið hafi verið að þessum málum með öðrum hætti en áður. Öllum eru kunnar ásakanir hans og annarra aðila á opinberum vettvangi, þ. á m. úr röðum Framsfl., þar sem nú upp á síðkastið er klifað á því af mönnum úr forustu flokksins, eins og hv. 12. þm. Reykv., eins og af hæstv. sjútvrh., eins og af flokksmálgagni þeirra Tímanum, og þar sem nú er leikin plata í málgögnum þess flokks allt í kringum landið til þess að taka undir þann málflutning að ástæðan fyrir því að ekki hefur tekist að ná fram kröfum okkar í sambandi við raforkuverð gagnvart ÍSAL sé sú, að haldið hafi verið illa á samningum og ekki fylgt eftir rétti Íslands. Nægir að vísa til ummæla í blöðunum um þetta. Ég vil taka hér eitt dæmi til viðbótar sem lesa má í aðalflokksmálgagni Framsfl. á Norðurlandi. Það er viðtal við hv. 5. þm. Norðurl. e. 3. febrúar í Degi. Þar segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Það getur hver maður séð að seinagangur í samningum við álverið um hækkun raforkuverðs veldur okkur stórkostlegu tjóni. Og því miður er samningsstaðan mun verri nú en fyrir tveimur árum. Ennþá hefði að líkindum verið hægt að ná viðunandi samningum. Það má því segja að seinagangur í samningum við álverið um hækkun raforkuverðs standi nú í veginum fyrir því að hægt sé að jafna húshitunarkostnað landsmanna."

Þetta er orðrétt tilvitnun í ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e. úr flokksmálgagni Framsfl. á Norðurlandi. Ég hef heyrt svipaðan tón úr málgögnum flokksins á Austurlandi og kemur ekki á óvart þótt lesa megi þau víðar nú upp á síðkastið þó ég hafi ekki kynnt mér það sérstaklega. Ég tel það með nokkrum ólíkindum að samstarfsaðili Alþb. að ríkisstj. skuli hafa slíkan málflutning uppi og feta þar með í fótspor Morgunblaðsins og stjórnarandstöðunnar, sérstaklega talsmanna Sjálfstfl., sem borið hafa mig þungum sökum í þessu máli.

Ég hlýt vegna þessa varnarliðs Alusuisse, sem heyrist í hér á hv. Alþingi, að rifja upp hvernig staðið var að málum meðan þessir aðilar komu hér við sögu sem forustuaðilar í sambandi við endurskoðun samninga, þegar tókst að knýja fram endurskoðun samninga við Alusuisse 1975 og 1976. Ég hef ekki talið ástæðu til að flíka þeim málum á meðan ég hafði von um að hægt væri að stilla menn saman í þessu stóra máli. Ég taldi það ekki þjóna okkar hagsmunum að vera að því. En þegar ég er borinn hér á hv. Alþingi þyngstu ásökunum um að spilla fyrir íslenskum málstað, og það af ásettu

ráði eins og heyra mátti hér frá hv. 6. þm. Reykv., hlýt ég að minna þennan hv. þm. á það, og einnig hv. framsóknarmenn sem kasta í sömu átt að mér, hvernig háttað var endurskoðun samninga 1975 þegar m. a. formaður Framsfl., hæstv. núv. sjútvrh., var meðal aðaltrúnaðarmanna ríkisstj. við endurskoðun þeirra samninga ásamt Ingólfi Jónssyni þáv. hv. alþm. og Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra.

Í ljósi svonefndra tillagna hæstv. sjútvrh. og hv. 12. þm. Reykv., sem mjög er undir tekið af hv. 6. þm. Reykv. er vert að rifja upp til hvers samningarnir 1975 leiddu, samningar sem Alusuisse hefur túlkað af sinni hálfu sem slétt skipti en ýmsir hafa gumað af hér innanlands og vitnað til að undanförnu. Það er full ástæða að líta á það, þegar hér eru aðilar á hv. Alþingi sem mæla með því að við föllumst án skilyrða á kröfur Alusuisse um stækkun álversins í Straumsvík og um að fá að taka inn nýjan eignaraðila að hálfu, sér til hagsbóta. Þessir sömu menn, sem mæla með því nánast að gefa Alusuisse sérstaka forgjöf, ásaka mig fyrir drátt á samningum. Ég tel rétt að upplýsa hv. Alþingi og þjóðina um hvað við höfum haft upp úr endurskoðun samninganna frá 1975, sem eiga að vera eins konar fordæmi fyrir þá samningabraut sem þeir aðilar sem ég hef hér nefnt vilja knýja íslensk stjórnvöld inn á.

Þessi endurskoðun samninga 1975 fól fyrst og fremst í sér þrjá þætti:

1. Breytingar á framleiðslugjaldi ÍSALs Alusuisse í vil.

2. Nokkra leiðréttingu á raforkuverði til ÍSALs Íslandi í vil, a. m. k. á pappírnum.

3. Stækkun álversins í Straumsvík sem nam 20 mw. að afli, fyrst og fremst Alusuisse í vil.

Þess utan fékk Alusuisse skattinneign, sem umdeilt var hverjum ætti að reikna, í sinn hlut á hæstu vöxtum. Það er sú skattinneign sem ríkissjóður nú hefur sléttað *með hækkun og endurákvörðun framleiðslugjalds til* ÍSALs og auk þess gert kröfu á ÍSAL um umtalsverðar fjárhæðir í sambandi við framleiðslugjaldið. Fyrir utan þetta var um að ræða á samningaborði þeirra aðila sem undirbúa áttu endurskoðun samninganna 1975 yfirverð að mati Coopers & Lybrand og umtalsverða upphæð sem eðlilegt hefði verið að endurákvarða þá í sambandi við framleiðslugjald.

Hver skyldi, hv. alþm., og ég bið ykkur að taka eftir, hver skyldi hafa orðið töluleg útkoma þessara breytinga á umræddu tímabili 1975—1980? Við skulum fyrst líta á framleiðslugjaldið. Ef ekki hefði verið fallist á breytingar á skattaformúlum og þar með framleiðslugjaldinu 1975 og með lögfestingu hér á hv. Alþingi 1976, þá hefði innheimt framleiðslugjald, eins og það var ákvarðað samkv. ársreikningum vel að merkja á þeim tíma, verið 25 616 631 dalir. Þetta hefði verið það sem komið hefði í ríkissjóð að óbreyttum samningum. Hvað innheimtist í reynd á sama tímabili, eftir að fallist hafði verið á og lögfestar breytingar á skattaformúlunni? Takið eftir, ekki 25 millj. Bandaríkjadala heldur 8 056 759 dalir. Mismunurinn, sem þarna hallar á í sambandi við framleiðslugjaldið, er 17 559 872 Bandaríkjadalir. Þetta er niðurstaðan varðandi framleiðslugjaldið á þessu tímabili. Er það ekki glæsileg niðurstaða eða hitt þó heldur? Hvað um annan þátt þessa máls, raforkuverðið? Án breytinga hefði Landsvirkjun fengið á þessu tímabili fyrir raforku árin 1975—1980 13 968 000 Bandaríkjadali, en með breytingunni hefur þessi upphæð reynst samkv. upplýsingum frá Landsvirkjun 32 636 000 Bandaríkjadalir. Mismunurinn til hækkunar, Íslandi í hag, er 18 660 000 Bandaríkjadalir á meðan hin upphæðin sem ég rakti hér áðan, sem reiknuð var Íslandi en tekin var til baka í sambandi við framleiðslugjaldið var nálægt því sama upphæð, 17 559 872 dalir.

Í ljósi þessarar útkomu er kannske ekki að furða að Alusuisse talar um skipti á sléttu, „give and take", sem munstur fyrir samninga sem þeir séu reiðubúnir að taka þátt í. Það eru samningar af þessu tagi sem virðist vera áhugaefni margra hér á hv. Alþingi að endurtaka. Og er þó ekki allt talið því að fyrir utan það sem hér liggur fyrir, nánast skipti á sléttu, nánast núllútkoma fyrir Ísland út úr þessari endurskoðun samninga, fékk Alusuisse viðurkennda til sín þá skattinneign sem stóð inni þegar gengið var frá samningunum í des. 1975. Sú skattinneign var síðan sett á hæstu vexti og hefur hlaðið utan á sig frá þeim tíma. En það var algerlega ófrágengið mál áður hverjum hún skyldi reiknuð og íslenskir lögfræðingar, sem ráðlögðu íslenskum samningaaðilum, þ. á m. hæstv. sjútvrh., töldu eðlilegt að þessi skattinneign yrði reiknuð íslenska ríkinu til tekna. Fyrir svo utan þetta lá það fyrir bréflega frá Coopers & Lybrand til íslensku samningamannanna að vantalinn hagnaður ÍSALs vegna hráefna, vegna aðfanga á árinu 1974 næmi 3 160 432 Bandaríkjadölum, og eðlilegt væri að mati Coopers & Lybrand að gera kröfu um hækkun skatta, endurákvörðun framleiðslugjalds sem næmi 549 849 Bandaríkjadölum eða sem svarar 10.5 millj. ísl. kr. á núvirði.

En hvað skyldi nú hafa orðið um þessa kröfu? Ætli hún hafi ekki verið endurákvörðuð og reiknuð íslenska ríkinu til tekna ? Nei. Svo undarlegt sem það er þá var það m. a. s. aldrei upplýst opinberlega, ekki einu sinni gagnvart hv. Alþingi, að þessi bellibrögð hefðu verið viðhöfð af fyrirtækinu á árinu 1974, og þess sér hvergi stað að þessi vantaldi hagnaður Alusuisse eða ÍSALs á þessum tíma hafi gagnað íslenskum samningamönnum hið minnsta. Ein meginkrafa og eðlileg krafa af Íslands hálfu í þessum samningum var m. a. það að fá inn endurskoðunarákvæði í samningana. Sú krafa fékk engan hljómgrunn, undir þá kröfu var ekki tekið, og það var gengið frá samningunum óbreyttum að þessu leyti.

Ég tel, hv. alþm., að nauðsynlegt hafi verið að greina hér frá þessari stöðu mála nú, þegar fyrir liggur að ýmsir hv. alþm. og jafnvel ráðh. í ríkisstjórn Íslands hvetja til þess að farið sé út á viðlíka samningabraut og gert var við Alusuisse 1975 með þeim hörmulegu niðurstöðum sem þarna liggja fyrir. Ég held að það sé líka umhugsunarefni þegar um það er gerð till. af hæstv. sjútvrh., sem hér var rifjuð upp áðan, að farið verði að setja upp sérstaka álviðræðunefnd, sem Framsfl. hafði engan áhuga á að starfaði áfram í byrjun des. og neitaði að endurskipa fulltrúa í þá nefnd með sérstakri þingflokkssamþykkt. En svo tveimur mánuðum síðar kemur formaður flokksins og virðist sýna iðrunarmerki í þeim efnum og vill fara að endurreisa þessa nefnd til þess að taka á málum með þeim hætti sem hann hefur lýst í sínu flokksmálgagni. Þar kemur hann m. a. að því og hefur sérstakan áhuga á því að Landsvirkjun eigi fulltrúa í þeirri nefnd. Nú er mér ekki kunnugt um hvort

Landsvirkjun sem slík átti nokkurn fulltrúa í samninganefndinni 1975, sem tók á þessum málum fyrir hönd stjórnvalda og lagði á öll ráð. Mér er ekki kunnugt um með hvaða hætti stjórn Landsvirkjunar fjallaði um þessi efni. En ég vil benda hv. alþm. á það í sambandi við niðurstöður endurskoðunar samninga 1975, sem hér hafa verið rifjaðar upp og greint frá í fyrsta skipti hvernig líta út í reynd, að þá gerðist það að Landsvirkjun krafðist vissrar leiðréttingar á sínu dæmi og náði fram breytingum á raforkuverði til þess að bæta sinn hag að nokkru, en sama upphæð, nokkurn veginn sama upphæð var flutt úr ríkissjóði, var tekin úr ríkissjóði á þessum tíma með breytingum á reglum um framleiðslugjaldið, um skattana, og færð yfir til Landsvirkjunar. Svo hælast menn um að hafa náð fram leiðréttingum mála fyrir Íslands hönd.

Það er fyllsta ástæða til að mæla hér viðvörunarorð til þeirra manna sem vilja standa þannig að málum, að leggja allt í sölurnar að því er virðist til þess að setjast til málamynda að samningaborði við Alusuisse, án þess að hafa hina minnstu tryggingu fyrir því að nokkur nettóleiðrétting okkar mála fáist, án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því fyrir fram, en vilja kaupa það því verði að fá að setjast að slíku samningaborði, sem ekki ber slíkt nafn með réttu, að byrja á því að gefa Alusuisse í forgjöf þær kröfur sem fyrirtækið ber fram og sem fyrst og fremst eru til þess fallin að skapa okkur viðspyrnu í þessu máli. Ég hef ekki áhuga á slíku. Ég hef ekki áhuga á að standa fyrir endurskoðun samninga upp á þau býti sem hér voru rakin áðan. Ég hef aðeins áhuga á því að sá fráleiti samningur sem hér var gerður 1966 fáist leiðréttur í reynd Íslandi til hagsbóta. En það gerist ekki með því að hv. alþm. standi með spjótin úti hver gegn öðrum hér á hv. Alþingi Íslendinga og skemmti þeim herramönnum sem hirða arðinn af íslenskum orkulindum og verki íslenskra handa og sitja með sínar aðalstöðvar suður í Zürich. Þannig náum við ekki fram rétti okkar. Honum náum við aðeins með því að átta okkur á aðalatriðum máls, stilla saman og fylkja saman um íslenska hagsmuni. Enn er til þess tími, enn er ráðrúm til þess að sjá að sér fyrir þá sem horft hafa í ranga átt í þessu máli. Ég skora á hv. alþm. að endurskoða og endurmeta afstöðu sína, þá menn sem sjá það sem sitt erindi fremst að kasta hnútum að mér fyrir málsmeðferð í þessum efnum en láta þann aðila sem við eigum við að fást og ætti að vera hinum megin við borðið skemmta sér á meðan.

Ástæðan fyrir því að nú hefur verið endurákvarðað framleiðslugjald á ÍSAL í samræmi við niðurstöður Coopers & Lybrand er að sjálfsögðu sú, að reynt hefur verið til þrautar að ná þeim samningsgrundvelli fyrir Ísland sem geti veitt okkur vonir um að fá leiðréttingu okkar mála. Þar eru lokuð sund. Þar höfum við fengið nei á nei ofan. Þar hefur því verið lýst yfir í símskeytum frá Alusuisse að það sé óhugsandi að þeir fallist á einhverja leiðréttingu mála að óbreyttum samningum að öðru leyti, einhverja nettóleiðréttingu mála okkur til handa. Þetta hefur verið ítrekað nógu oft til þess að þeir sem á annað borð vilja skilja hvernig málin liggja ættu að vera farnir að átta sig til hlítar. En eftir þeim málflutningi sem hér er viðhafður virðist enn því miður sem svo sé ekki orðið, þessi vísa sé ekki enn nógu oft kveðin. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég vil að endingu segja það, að vilji Íslendingar tryggja sér eðlilega leiðréttingu mála í viðskiptum við það fyrirtæki sem hér hefur aðstöðu til rekstrar í okkar landi og flutt hefur arðinn frá íslenskum auðlindum og vinnu íslenskra handa til útlanda á liðnum árum, vilji menn ná fram slíkri leiðréttingu verður það aðeins tryggt með því að hér verði samstaða á hv. Alþingi um að sækja okkar hlut af einurð og með því að beita okkar rétti. Við höfum nú sett punktinn aftan við deilur fortíðarinnar. Sjálfstfl. hv. í stjórnarandstöðu ætti ekki að þurfa að kvarta undan því að þeim málum sé ekki lokið. Hann ætti að geta farið að taka á raforkuverðsmálunum með okkur þess vegna. Úr þeirri leiðréttingu sem nú er fram komin með endurákvörðun framleiðslugjalds hefur verið gert lítið hér af hv. talsmönnum Sjálfstfl., **(Gripið fram í:** nei.) hv. 6. þm. Reykv. fremstur í flokki, en hún svarar þó til árstekna af raforkusölu til ÍSALs og hún svarar til þess að við höfum hækkað framleiðslugjaldið sem innheimt hefur verið á þessu tímabili úr því að vera 8 278 000 Bandaríkjadalir um 6 660 000 dali eða um 80.5%. Það er sú hækkun á skatttekjum íslenska ríkisins á þessum tíma sem nú hefur verið ákvörðuð. Menn geta kallað hana smáræði ef þeir vilja.

Herra forseti. Það mætti margt fleira segja um þetta mál að gefnu tilefni hér í dag, en ég læt máli mínu lokið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín nokkrum spurningum.

Hann spurði í fyrsta lagi hvort ríkisstj. hefði fjallað um þá ákvörðun fjmrh. að bakfæra skatta hjá Íslenska álfélaginu. Svarið við því er nei.

Hann spurði einnig að því, hvort ég hefði fyrir fram vitað um þetta. Svarið við því er einnig neitandi. Ég vissi það ekki.

En hann spurði í þriðja lagi um afstöðu mína í þessu máli. Líklega verð ég að viðhafa nokkur fleiri orð í því svari.

Segja má að þetta mál hafi hafist í des. 1980 þegar hæstv. iðnrh. lagði fram upplýsingar, sem hann hafði aflað, um verðlagningu á súráli. Ég var þá að vísu staddur erlendis og var ekki á þeim ríkisstjórnarfundi, en skömmu eftir það var tilnefnd ráðherranefnd til að vera hæstv. iðnrh. til aðstoðar í málinu, eins og þessi ríkisstj. hefur gert í fjölmörgum erfiðum málum. Þessi ráðherranefnd starfaði nokkuð framan af árinu 1981 og undirbjó m. a. ákveðnar tillögur sem hæstv. iðnrh. lagði fyrir Alusuisse sem grundvöll að viðræðum og samningum á þessu sviði. Þessi sama ráðherranefnd átti einn fund með hæstv. iðnrh. og dr. Müller frá Alusuisse. En ég held ég megi segja að síðan hafi þessi nefnd ráðh. mjög lítið fjallað um málið. Hæstv. iðnrh. hefur ekki lagt málin fyrir þessa ráðherranefnd, eins og venja hefur verið með fjölmörg önnur mál þar sem ráðherranefndir hafa starfað. Hann hefur m. ö. o. kosið að hafa þetta mál hjá sér, sem hann hefur vitanlega fullan rétt til. Ég hef litið svo á, að ráðherranefndina hafi, við skulum segja, dagað uppi á vormánuðum 1981.

Í þessu máli kom fram upphaflega, samkv. þeim upplýsingum sem hæstv. iðnrh. hafði aflað sér, verulegur munur á súrálsverði því sem ÍSAL var gert að greiða og því sem heimildarmenn hæstv. ráðh. töldu eðlilegt súrálsverð. Munaði þar, ef ég man rétt,

um 48 millj. kr. Þessi niðurstaða fór til erlends endurskoðunarfyrirtækis, Coopers & Lybrand, eins og allir þekkja. Það fyrirtæki fór mjög vandlega í þær upplýsingar allar og komst að þeirri niðurstöðu að þarna væri á nokkrum árum um u. þ. b. 16 millj. dollara mun að ræða. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, eins og ég hef oft látið í ljós, að ég tel að það mál hafi verið vandlega endurskoðað og ég sé enga ástæðu til þess að vefengja niðurstöðu Coopers & Lybrand. Þetta er alþjóðlegt fyrirtæki og hefur getið sér ágætisorð. Hitt er svo sjálfsagt að hafa í huga, að Alusuisse hefur mótmælt þessu og látið aðra alþjóðlega endurskoðendur fara í gegnum málið. Þeir hafa komist að allt annarri niðurstöðu. Málið mun í eðli sínu vera allflókið, því viðskipti með súrál eru oft þrílíða — ef ekki fleiri líða — *viðskipti þar sem önnur framleiðsla og milliliðir* eru. En ég hef fyrir mitt leyti ætíð talið rétt að byggja á niðurstöðu Coopers & Lybrand. Um þetta hefur því ekki verið nein deila á milli mín og hæstv. iðnrh. og ég talið eðlilega með þennan þátt málsins farið. Að vísu má segja að þess hafi ekki verið gætt í nokkur ár að krefjast endurskoðunar á réttum tíma, eins og samningurinn gerir ráð fyrir.

Þegar þessar upplýsingar birtust á sínum tíma, í des. 1980, var að mínu mati hins vegar dálítið óvarlega farið um þær orðum. Talað var um að um sviksamlegt athæfi væri að ræða. Athugasemd var gerð við það á ríkisstjórnarfundi og átti að strika það orðalag út í þeim gögnum sem fyrir lágu, en það mun ekki hafa orðið eins og til var ætlast. Þetta olli, eins og menn vita, mjög miklum úlfaþyt. Ég harma þetta því ég er fyrir mitt leyti þeirrar skoðunar, að ákaflega erfitt sé að setjast niður og semja við svikara eða hvaða öðru slíku nafni menn vilja kalla mótaðilann. Ég er sannfærður um að þessi mistök, sem ég vil kalla svo, urðu til þess að Alusuisse gat með nokkrum rétti krafist þess að vera hreinsað af þessum áburði áður en sest væri niður til alvarlegra samninga.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að Alusuisse hefur notað þau tækifæri sem hafa gefist til að tefja fyrir samningum. Menn geta sagt: Þetta er ekki heiðarleg framkoma. Ég skal ekkert um það segja, en fyrirtækið vill eflaust, eins og allir aðrir sem njóta ódýrrar raforku, njóta slíks sem lengst. Ég held að menn verði þá að setja sig í þeirra fótspor. Þeir hafa áreiðanlega notað þau tækifæri sem þeir hafa fengið til að tefja málið. Mín gagnrýni á meðferð málsins beinist fyrst og fremst að þessu. Mér finnst að Alusuisse hafi verið veitt allt of mörg tækifæri til að draga að setjast niður til alvöruviðræðna um raforkuverð.

Raforkuverðið er langsamlega mikilvægasta atriðið fyrir okkur í þessu máli. Raforkuverð til ÍSALs er orðið lágt á heimsmælikvarða, getum við sagt, til álbræðslna, 6.5 mill eða 6.5 þúsundustu úr dollara, og má segja að það sé kannske þriðjungur af raforkuverði til álbræðslna víða um heim. Að vísu eru fjölmörg dæmi um lægra verð, en í öllum nýlegum samningum er verð til slíks iðnaðar a. m. k. þrefalt þetta. Því er það langsamlega mikilvægasta atriðið, eins og kom fram í þeim ræðum sem hv. fyrirspyrjandi og hæstv. iðnrh. fluttu, að fá hækkun á raforkuverðinu sem allra fyrst.

Til greina kom fljótlega hvort bakfæra ætti þessa vangoldnu skatta, sem stafa af súrálsverði og — samkv. síðari athugun — verði rafskauta, og svo vegna deilna um afskriftir. Allt hefur þetta verið rakið. Ég fer ekki út í það í smáatriðum. Þetta var vandlega athugað, og ég tel að hæstv. iðnrh. hafi unnið vel að þeim málum. Hann fékk lærða lögfræðinga til að skoða þau mál. Niðurstöðurnar liggja fyrir, eins og hér hefur verið rakið. Samkv. íslenskum skattalögum er vafalaust að bakfæra má þessa skatta. Ég hef látið í ljós, a. m. k. við *hæstv. iðnrh., að ég teldi vel koma til greina að bakfæra* skattana einhliða.

Ég verð hins vegar að segja það, svo ég hlaupi nokkuð fram í tímann, að mér þóttu verða mikil þáttaskil með því tilboði sem Alusuisse gerði 10. nóv. s. l. Þá bauðst fyrirtækið til að leggja deiluna um súrálsverðið, rafskautin og afskriftirnar og þær afleiðingar, sem annað mat á þessu hefur á skatta, í tvo íslenska gerðardóma — a. m. k. annan þeirra skipaðan íslenskum lögfræðingum og hinn þannig tilnefndan að einn væri frá hvorum aðila og samkomulag verði um oddamann. Menn verða að athuga að einhliða bakfærsla á þessum sköttum getur að sjálfsögðu leitt til þess að Alusuisse kæri slíkt til þess alþjóðlega gerðardóms sem gert er ráð fyrir í samningnum. Nú skal ég ekkert um það segja hvort fyrirtækið gerir það. Þá er, ef ég má orða það svo, vel af stað farið. Þá er málið þar með unnið. Ef fyrirtækið vísar þessu hins vegar til alþjóðlegs gerðardóms tel ég það langtum verri kost en þá gerðardóma sem Alusuisse bauð upp á með tilboði sínu frá 10. nóv. Ég hef ekkert sérstakt við þessa gerð fjmrh. að athuga, nema það þá, að eftir að tilboðið kom fram 10. nóv. tel ég að átt hafi að fallast á það og vísa deilum í innlendu gerðardómana og losna við þessi deilumál úr vegi þess stóra máls sem er hækkun á raforkuverði.

Vitnað hefur verið til þess sem ég hef sagt í dagblöðum og til þeirrar till. sem ég flutti í ríkisstj. nýlega um þetta mál.

Ég sagði áðan, að ég tel að með því tilboði sem kom 10. nóv. hafi orðið þáttaskil. Ég er þeirrar skoðunar, að það tilboð hefði þurft að skoða miklu betur og með því móti hefði verið unnt að hefja viðræður um hið mikilvæga raforkuverð. Ég gagnrýni það, eins og komið hefur fram, að ekki var gengið að tilboði Svisslendinganna um að koma öðrum deilumálum í gerð og hreinsa þannig borðið, ef orða má það svo. Ég tel jafnframt — hef gagnrýnt það í viðræðum við iðnrh. og víðar — eðlilegt að fallast á að ræða um stækkun álversins í tengslum við raforkuverðshækkun, sem við erum sáttir við. Ég legg áherslu á „í tengslum við." Mér finnst ekki koma til greina, eins og mátti skilja á sumum orðsendingum Svisslendinganna, að þeir fái fyrst samþykki fyrir stækkun. Það verður að vera í tengslum við viðunandi raforkuverðshækkun. Af hverju tel ég þetta rétt? Ég tel þetta rétt vegna þess að óumdeilanlega er þetta álver orðið nokkuð gamalt og nokkuð úrelt. Orðið hafa miklar tæknibreytingar á þessu sviði með hækkandi orkuverði og ýmsar nýjungar verið innleiddar, sem leiða til meiri orkusparnaðar. Þetta álver er því orðið að þessu leyti óhagkvæmt í rekstri. Ég lít svo á að það sé ákaflega æskilegt fyrir okkur ekkert síður en Svisslendingana, því hér er þó um fyrirtæki í landinu að ræða sem við viljum halda gangandi, að það sé rekið á hagkvæman hátt. Ég held einnig, að vel kunni að vera að sá kostur sé okkur hagkvæmur í orkunýtingu að álverið verði stækkað. Ég hef því talið að á þetta ætti að fallast í tengslum við viðunandi hækkun á raforku og

tel að samþykki hefði verulega losað um allar viðræður í því sambandi.

Þá hafa Svisslendingarnir lengi farið fram á að mega taka inn annan hluthafa með 50% hlutdeild í stað 49, sem þeir hafa leyfi til. Ég hef ekki séð neitt athugavert við það. Vel kann slíkt að styrkja allan rekstrargrundvöll álversins, t. d. markaðslega. Ég vek athygli á að hæstv. iðnrh. hefur staðið í svipuðum viðræðum við japanskt fyrirtæki um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði af sömu ástæðu, að reyna að styrkja markaðsforsendur og rekstrargrundvöll. Ég sé ekki að þetta saki okkur að nokkru leyti og væri eðlilegt að fallast á þetta a. m. k. strax og alvöruviðræður um raforkuverðið eru hafnar og, „nota bene" önnur atriði samningsins sem þarf að endurskoða því þau eru fleiri en bara raforkuverðið. Segja má að þetta séu þau atriði sem skipta mestu, þ. e. meðferð deilumála og svo að reyna að opna fyrir viðræður með því að fallast á stækkun og fallast á annan hluthafa.

Í þeim till. sem ég lagði fram í ríkisstj. gerði ég í fyrsta lagi ráð fyrir að ráðherranefnd yrði endurskipuð og henni falið að koma sér saman um meðferð málsins. Þessari ríkisstj. hafa reynst þeir starfshættir mjög vel og fjölmörg erfið mál hafa verið leyst þannig, og gæti ég út af fyrir sig nefnt ýmis hér. Ég harma því að ráðherranefnd var ekki höfð með í ráðum lengur en ég gat um áðan.

Í öðru lagi tel ég að það eigi að endurskipuleggja álviðræðunefnd. Ég lagði til að í henni væri einn fulltrúi frá hverjum þingflokki, fulltrúi frá forsrh. og hans mönnum og svo einn frá Landsvirkjun. Ég held að svona álviðræðunefnd eigi ekki að vera of fjölmenn. Ég tel mjög vafasamt að hæstv. ráðh. standi sjálfur í svona viðræðum. Ég vek athygli á að sá háttur var ekki fyrr á hafður. Ég held að betra sé að aðrir séu þar, þó að sjálfsögðu sé það allt í fullu samráði við viðkomandi ráðh. Ég tel nauðsynlegt að Landsvirkjun sé með. Ég held að það hafi reynst jákvætt í fyrri viðræðum. Því lagði ég til að fulltrúi frá Landsvirkjun væri í þessari nefnd. Að sjálfsögðu myndi hæstv. iðnrh. skipa formann í svona viðræðunefnd.

Þá gerði ég í þriðja lagi ráð fyrir að sett yrði það skilyrði að einhver upphafleg raforkuverðshækkun fengist. Ég hef ekki sett fram ákveðna tölu því mér finnst slíkt þyrfti að ræða nánar. Ástæðan fyrir þessu er sú, að þetta hefur því miður dregist svo mjög á langinn að ég tel að því verði ekki neitað af Svisslendinganna hálfu. Einhver raforkuverðshækkun er fyrir löngu orðin ekki bara réttlætanleg heldur sjálfsögð. Mér sýnist að viðurkenning á því með nokkurri hækkun væri nokkurs virði.

Þá tel ég að viðræður yrðu að hefjast án tafar og lagði til að fyrir þær viðræður féllumst við á stækkun álversins í tengslum við viðunandi raforkuverðshækkun í fyrsta lagi og í öðru lagi á að þeir tækju inn nýjan hluthafa sem við samþykktum. Mér finnst að hann eigi að vera háður okkar samþykki og sé ekki að það ætti að valda neinum erfiðleikum.

Þetta voru í meginatriðum þær tillögur sem ég lagði til á þeim fundi þar sem hæstv. iðnrh. lagði fram hugmyndir sínar um einhliða aðgerðir í raforkumálum álversins, þ. e. einhliða hækkun á raforkuverði.

Það er að sjálfsögðu eðlileg spurning: Hvers vegna er lagst gegn einhliða hækkun? Ég vil segja það, að ég leggst alls ekki gegn slíkum aðgerðum um alla eilífð. Ég held hins vegar að menn verði að athuga mjög vel slíkt skref áður en tekið er. T. d. er ljóst að samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegum gerðardómi. Vitanlega yrði einhliða hækkun kærð til slíks gerðardóms. Menn hljóta að spyrja sjálfa sig að því, hvort allur undirbúningur málsins og meðferð málsins fyrir slíka hækkun sé þess eðlis að mundi njóta stuðnings í alþjóðlegum gerðardómi. Ég hef mínar efasemdir um það og þær mjög sterkar.

Ég verð einnig að segja það, að ég fékk tækifæri til að hitta þennan lögfræðing, sem hæstv. iðnrh. minntist á, mr. Lipton. Það var mjög fróðlegt, en mér þótti undarleg sú fullyrðing þessa lögfræðings að ríkisstj. væri ekki bundin af samningi, hún væri yfir það hafin. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta samræmist ekki minni réttarvitund. Þetta kann að vera svo í sumum frumstæðari ríkjum, þar sem þingræði hefur ekki lengi verið, en ég tel að ríkisvaldið, og ekki síst Alþingi, sé bundið af samningi sem það hefur sjálft lögbundið og á ákaflega erfitt með að samþykkja að ríkisstjórn og Alþingi sé þá frjálst að breyta slíkum samningi einhliða. Ég held að það hljóti þá að verða að gerast í nauðvörn, sem þarf miklu sterkari rökstuðning en mér finnst nú vera kominn fram. Því þrátt fyrir þau meðmæli sem þessi ágætis lögfræðingur hefur verið með þóttu mér rök hans ekki sannfærandi að þessu leyti.

En svo verða menn einnig að spyrja sjálfa sig að því: Ef við hækkum raforkuverðið einhliða hvaða útgönguleið kann eigandi álversins að hafa? Mér sýnist líklegt án þess að ég hafi nokkra fullvissu um það, að hann segði sem svo: Samningurinn er rofinn og við erum óbundnir af öðrum ákvæðum samningsins. Í samningnum eru mjög mikilvæg ákvæði, eins og t. d. um 85% kaupskyldu á raforku. Þeir geta sagt að þetta gildir þá ekki lengur og þeir séu ekki skyldugir til að kaupa raforkuna. Nú er þannig ástatt í álbræðsluheiminum að lokað hefur verið fjölmörgum álverum, jafnvel hagkvæmari verum en þetta er, sem er orðið nokkuð gamalt, a. m. k. eru þau sum hver stærri. Mér þætti ekkert ólíklegt þótt þeir, sem hafa lokað sínum álverum t. d. nálægt markaðnum í Bandaríkjunum, í Tenessee og víðar, eða reka þau með mjög litlu álagi, gripu til þess ráðs að loka álverinu hér, sem þýddi að upp yrði sagt nálægt 700 manns. Til hvers grípum við þá? Ég vil ekki standa frammi fyrir slíku. Ég fæ ekki séð að við gætum með nokkru móti tekið við rekstri álversins og hef sagt að þá þyrfti líklega að opna ríkissjóð æðivel. Hver á að borga hallann og hvert á að selja framleiðsluna o. s. frv.? M. ö. o. hef ég ekki getað, að þessum málum athuguðum, stutt að farið verði út í einhliða aðgerðir á þessari stundu. Ég tel að það eigi að gera ítrekaða tilraun til að fá samninga og mér finnst að á grundvelli þessa tilboðs, sem kom 10. nóv., sé það hægt. Ég legg áherslu á það.

Um áliðnaðinn almennt mætti fara mörgum orðum. Hann er í miklum erfiðleikum og þetta mál ber að á heldur erfiðum tíma að því leyti. Því verður víst ekki neitað. Eins og ég hef þegar nefnt hefur álverum verið lokað mjög víða um heim. Það er líka staðreynd, að aðrar þjóðir hafa brugðist við þessum erfiðleikum nú með því að bjóða lágt raforkuverð, eins og t. d. Kanadamenn munu hafa gert nýlega. Þá hefur norska ríkisstjórnin breytt fyrri áætlunum. Þar voru uppi áætlanir um að

hækka skatta á raforku og þar með raforkuverð til stóriðju, en nú hefur ríkisstjórn Noregs lagt fram frv. í Stórþinginu þar sem gert er ráð fyrir að raforkuverð til álvera sem byggð voru fyrir 1970 verði óbreytt. Þannig eru ýmsar blikur á lofti, því verður ekki neitað, þótt það breyti því ekki að orkuverðið hér er töluvert lægra en t. d. hjá þessum álverum í Noregi. Hér er það 6.5 mill, en í Noregi nálægt 11—12, svo þarna er ennþá mikill munur á engu að síður. En þetta nefni ég aðeins sem dæmi um þær þrengingar sem að steðja.

Nú hefur aðeins birt til, að því er manni skilst, og einhver hækkun orðið á álverði. Ég hef nýlega séð spár sem byggjast á upplýsingum sem Alþjóðabankinn gefur, þar sem því er spáð að á næstu tveimur, þremur árum muni mjög birta til á þessu sviði og þá raforkuverð til álbræðslna fara hækkandi með álverði. Ég held þess vegna að það sé ákaflega mikilvægt að koma þessu nú á skrið, semja þá um þriðja kerskálann í sambandi við verulega hækkun á raforkuverði. Ég held að aðeins bjartara sé fram undan og vil því nota tækifærið og hvetja mjög eindregið til þess að efnt verði til fundar hið bráðasta um þetta mál með Svisslendingunum og þá reynt að fara þá leið sem ég hef lagt til og nú rakið.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að biðja um orðið til að koma á framfæri talnalegri leiðréttingu, sem varðar það mál sem ég flutti áðan. Ég las hér upp gögn sem ráðuneytisstjóri minn útvegaði mér í morgun og þar á meðal frá Landsvirkjun. Þar hefur orðið villa á í sambandi við raforkuverð annars vegar miðað við samninginn eins og hann var og þær tekjur sem hann hafði skilað í raforku og hins vegar í sambandi við þær tekjur sem inn hafa komið. Ég bið ekki síst þá sem hér eru frá fjölmiðlum að gefa þessu gaum. Fyrri talan, þ. e. rauntekjurnar sem hafa fengist á árunum 1975 — 1980, er eins og ég greindi frá 32 millj. 636 þús. dalir, en samkv. eldri samningi hefðu þær orðið ekki 13 millj. 968 þús. dalir, heldur 16 millj. 828 þús. og mismunurinn á þessu tvennu þannig 15 millj. 808 þús. Bandaríkjadalir. Þetta er sem sagt endurskoðuninni í óhag frá því sem ég greindi frá áðan. Framleiðslugjaldstalan sem skertist er 17 millj. 559 þús. 872 dalir og mismunurinn á þessum tölum þannig 1 millj. 750 þús. dalir sem samkv. þessu hafa tapast við þessa endurskoðun og samanburð á framleiðslugjaldi og raforku. Dæmið er því enn svartara en ég greindi frá áðan.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur hér gefið um hver hafi orðið útkoman úr endurskoðun samningsákvæðanna árið 1975. Útkoman samkv. því sem hann hefur hér upplýst er sú, að samanlagður ávinningur af hækkun raforku og breytingu á framleiðslugjaldi sé negatívur um 1.7 millj. dollara. Ég held að það hafi legið ljóst fyrir, þegar þessir samningar voru gerðir á sínum tíma, að í þeim fólst hækkun raforkuverðs, en það væri á kostnað skattlagningar. Ég var á þessum tíma fulltrúi ríkisstjórnarinnar í stjórn ÍSALs og ég sendi fjmrn. einmitt greinargerð um þetta atriði og benti á hversu mjög skatttekjur mundu skerðast við þann samning sem þá var verið að gera. Inntakið í því sem ég sendi fjmrn. þá birtist síðar í grein árið 1980. Og ég minni á að við 1. umr. um það mál, sem hér er nú til umfjöllunar, fyrir tveimur árum stóð hæstv. forsrh. upp og talaði mjög mikið um þann ávinning sem við hefðum haft af samningsbreytingunni árið 1975 í hækkun raforkuverðs, en þá lét ég einnig þetta viðhorf koma fram, að það væru tvær hliðar á því máli, nefnilega að skatttekjur hefðu skerst. Auðvitað var ekki hægt að gera þetta dæmi endanlega upp fyrir fram. Það var ekki vitað hvernig afkoma fyrirtækisins yrði og þar fram eftir götunum. En nú liggur reynslan fyrir og ég held að það hafi verið hollt og gott að fá þessar upplýsingar. Hitt fer ekki milli mála, að málfutningur hæstv. iðnrh. að því er þetta varðar er æðiharður dómur yfir þáv. hæstv. iðnrh., sem stóð fyrir þeim samningum, en nú er hæstv. forsrh.

Hæstv. iðnrh. talaði um það áðan að það væri mikið mál og meginatriði að menn áttuðu sig á aðalatriðum þessa máls og stilltu saman strengina. Ég held að það sé alveg rétt. En það sem hefur verið að er að þeir tónar, sem hæstv. iðnrh. hefur slegið, hafa verið heldur falskir og hafa ekki skilað neinum árangri. Ég tel að það stafi af því, að hæstv. ráðh. hafi ekki áttað sig nógu vel á einmitt því sem hann er að biðja menn um að átta sig á, — nefnilega aðalatriðum þessa máls.

Hæstv. iðnrh. ber sig upp undan því, að því sé haldið fram að það sé vegna þess að hann hafi ekki haldið nægilega vel á þessu máli sem ekki hafi náðst árangur. Mér finnst ákaflega auðvelt að segja ævinlega: Ef það næst ekki árangur er það bara einhverjum öðrum að kenna. — Ég held að það dugi ekki sem skýring, en það er í rauninni inntakið í því sem hæstv. iðnrh. er að segja. Auðvitað eigum við allt undir okkur sjálfum komið í þessu máli. Það fer eftir því hvernig við höldum á málinu hvort við náum árangri, og hafi ekki náðst árangur er það vegna þess að ekki hefur verið haldið nægilega vel á málinu, ekki nægilega vel til þess að árangur næðist. Þetta er vitaskuld sannleikurinn í þessu máli.

Í ræðu sinni áðan talaði hæstv. iðnrh. mjög illa um þann samning sem var gerður við Alusuisse á sínum tíma um rekstur bræðslunnar ÍSAL, taldi honum allt til foráttu og sagði að hann væri ómögulegur. Ég hef áður látið það koma fram að ég tel ákvæðin um rafmagnsverð ákaflega misheppnuð. En þessi samningur er nú ekki verri en það, að það er á einni setningu í honum sem öll sú skattakrafa byggist sem hæstv. iðnrh. stendur nú að að gerð verði skuldfærsla fyrir og hæstv. fjmrh. hefur gert. Í skýrslu Coopers og Lybrand kemur fram, að verð á t. d. súráli hjá ÍSAL sé mjög hliðstætt við það sem er í Vestur-Evrópu. En samningurinn er svo strangur að það er gerð krafa til þess að súrálið sé útvegað á bestu mögulegu kjörum, sem er þá lægra verð en það verð, sem viðgekkst í Vestur-Evrópu á þessu tímabili, og á því byggist skattakrafan. Ég held að það sé ákaflega varasamt að fleygja þessum samningi fyrir róða. Ég held að það hafi einmitt sannast í þessu máli að í öllum greinum nema einni er samningurinn mjög sterkur og vandaður. Og einmitt um þessar mundir, þegar hæstv. ráðh. iðnaðar- og fjármála hafa ákveðið þessa skuldfærslu, væri síst ástæða til þess að ráðast að þessum samningi, sem er þó grundvöllur þeirrar skuldfærslu sem þeir hafa ákveðið.

Það kom líka fram í máli hæstv. fjmrh., að svokölluð álviðræðunefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu að það væri heimilt að leggja á skatta samkv. niðurstöðum Coopers & Lybrand þetta mörg ár aftur í tímann. Þetta er heldur stuttaralegur útdráttur úr niðurstöðu álviðræðunefndar. Það væri ástæða til að dreifa áliti álviðræðunefndar í sambandi við þessar umr. svo að það þurfi ekki að fara að hártoga neitt hvað þar var samþykkt. Álviðræðunefnd sagði sem svo:

„Við höfum fengið lögfræðinga til þess að líta á lögfræðilega hlið þessa máls. Samkv. áliti þeirra eru lagalegar heimildir til þess að fara svona að, og við teljum að haldbærasta matið sem fyrir hendi er sé sú niðurstaða sem Coopers & Lybrand hefur fengið." En hún bætti við: „Nefndin telur hins vegar að rétt sé að haga meðferð þessa máls í ljósi bréfs frá Alusuisse 10. nóv. til ríkisstj. og nefndin telur því ekki rétt að grípa til aðgerða í skattamálum við núverandi aðstæður."

Þetta var álit álviðræðunefndar. Þó lagalegar forsendur væru fyrir hendi, reikningsleg niðurstaða væri fengin, taldi nefndin ekki rétt við þessar aðstæður og í ljósi þess tilboðs sem kom frá Alusuisse að grípa til aðgerða í skattamálum. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér fram, svo oft sem hæstv. ráðherrar hafa vitnað í álit þessarar álviðræðunefndar, því að þessi hlið málsins, sem var niðurstaða nefndarinnar varðandi þetta hefur ekki verið upplýst af þeirra hálfu og ég sé ekki annað en að sú upplýsing eigi a. m. k. jafnmikinn rétt á sér í þeirri umr. sem nú fer fram og aðrar upplýsingar úr áliti þessarar nefndar.

Ég hef orðið var við að sumir eiga erfitt með að átta sig á því, hvernig þessi skattinneign hjá Alusuisse hafi orðið til. Og það er kannske rétt að skjóta því þá aðeins inn, svo að menn velkist ekki í neinum vafa um það, með hvaða hætti skattinneign verður til hjá Alusuisse. Eins og kunnugt er greiðir Alusuisse framleiðslugjald sem er eiginlega óháð afkomu fyrirtækisins. Það er staðgreiðsla á skattinum. Ef það kemur í ljós við ársuppgjör eftir á að of mikið hafi verið greitt er ekki endurgreitt til ÍSALs, heldur leggst það sem umfram er inn á skattinneignarreikning. Ef of mikið hefur verið staðgreitt safnast fé á þennan skattinneignarreikning. Þannig hefur skattinneignin orðið til. En þetta þýðir það vitaskuld líka, að sú skuldfærsla, sem nú hefur verið ákveðið að gera, skilar ekki krónu í ríkissjóð, heldur er einungis bókhaldsaðgerð. ÍSAL er þegar búið að greiða þessa skatta. Það kemur engin króna á þessu ári út úr því að flytja til tölur í bókhaldi.

Annað, sem vekur athygli í sambandi við þá skuldfærslu sem nú er gerð, er það, að samkv. hinu lögfræðilega áliti lögfræðinganna Benedikts Sigurjónssonar og Ragnars Aðalsteinssonar er leyfilegt að leggja á skatta af þessu tagi eða skuldfæra fyrir þeim sjö ár aftur í tímann, ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** Sex ár.) Sex ár aftur í tímann, fyrnist á sjöunda ári, það er rétt. — Það þýðir að það er ekkert sem knýr á einmitt núna að gera þessa skuldfærslu. Rétturinn tapast eitt ár í einu um hver áramót, en það eru ekki áramót núna. Ef brýnt var og rétt að grípa til aðgerða hefði átt að gera það um s. l. áramót og þá var reyndar álviðræðunefnd búin að skila áliti sínu og allar þessar niðurstöður lágu fyrir. Ef ekki var ástæða til þess þá er ekki ástæða til þess núna og ekki fyrr en um næstu áramót. Það glatast enginn réttur núna þó að menn láti málið kyrrt liggja. — Og þetta vekur vitaskuld spurninguna um hvað það sé sem hafi knúð á um að gera þessa bókhaldsfærslu einmitt núna. Það þarf þá aðrar skýringar en þær, að við höfum verið á leiðinni að glata einhverjum rétti. Ég skal víkja að því síðar hverjar kunni að vera skýringarnar á því.

Ég sagði áðan að málsmeðferð iðnrh. á þessu hefði ekki skilað neinum árangri. Það muna allir að þetta mál hófst með háum hvelli. Þegar við þá umr. fyrir tveimur árum vöruðum við talsmenn Alþfl. við vindhöggum, að hér yrði að halda vandlega á málum og mætti ekki greiða vindhögg því að þau gætu komið okkur illa síðar. En ég fæ ekki annað séð en nú sé verið að greiða hvert vindhöggið á fætur öðru, því miður, einmitt í þessu máli. Í tvö ár hefur sem sagt enginn árangur náðst.

Ég held að allt frá upphafi þessa máls hafi verið ljóst hver markmiðin væru. Það var annars vegar að fá hærra raforkuverð og í öðru lagi að sjá til þess að skattar væru rétt greiddir. Ég tel að við Alþfl.-menn höfum stutt iðnrh. í viðleitni til að ná fram þessum markmiðum, og við höfum leitast við að benda honum á hverju sinni hvernig við teldum skynsamlegast að halda á málum. Það er meira en ár síðan það kom fram í ræðum hjá okkur Alþfl.-mönnum hér á Alþingi hversu miklu mikilvægara væri að fá hækkun á raforkuverðinu en standa í stappinu um skattana. Þá þegar bentum við á að menn væru ekki nema 4—6 mánuði að vinna upp hugsanlega skattinneign, miðað við þá hækkun á raforkuverði sem telja mætti eðlilega og gögn lágu fyrir um að eðlilega ætti að gera kröfu til. Tíminn hefur verið okkur mjög dýr í þessu máli. Við höfum eiginlega á þessu tveggja ára tímabili tapað ferfaldri þeirri upphæð — eða meira — sem hér er verið að tala um að hafi svo djarflega verið færð til í bókun hjá fjmrn. Þetta er auðvitað eitt af aðalatriðum þessa máls.

En þegar litið er til baka og málatilbúnaðurinn skoðaður verður ekki komist hjá því að veita því athygli hversu kúnstugur hann hefur verið á köflum. Fyrir um það bil ári fór hæstv. iðnrh. á flot með að við yrðum bara að þjóðnýta álverið í Straumi úr því að þetta gengi ekki neitt. Við bentum á það þá, að það væri einkennileg aðferð við að hegna mönnum sem ekki hefðu staðið í skilum með skattana sína eða fengjust ekki til að greiða eðlilegt verð fyrir raforku að kaupa bara af þeim eignina. Sem betur fór áttaði hæstv. iðnrh. sig á því að þetta var ekki mjög snjallt og hefur ekki haft það mjög í flimtingum hina seinni mánuði. En það sem var kannske enn merkilegra var það, að eitt af því sem hæstv. iðnrh. taldi mjög óaðgengilegt í hugmyndum Alusuisse frá 10. nóv. var að þeir höfðu áhuga á að selja hluta af eign sinni þarna. Þá var það orðið óaðgengilegt sem átti að vera bjargráð í þessu máli fyrir ári. Þetta verður að teljast einkennilegur málatilbúnaður og ekki traustvekjandi.

Ég skal rekja annað dæmi. Í desembermánuði s. l. stóðu yfir samningafundir milli hæstv. iðnrh. og forstjóra Alusuisse. Þegar þeim fundum lauk tók hæstv. iðnrh. það mjög skýrt fram í viðtölum í fjölmiðlum, bæði ríkisfjölmiðlunum og eins í blöðum, að það hefði alls ekki slitnað upp úr samningum, þeim yrði auðvitað haldið áfram. Ég held að það hafi verið daginn eftir sem fulltrúi Framsfl. í álviðræðunefnd sagði af sér störfum á þeim vettvangi með miklu braki og hávaða. Það var ekki liðinn nema rúmur sólarhringur, fáeinir dagar, tveir eða þrír trúi ég að þeir hafi verið, frá því að ráðh.

sagði: Það hefur alls ekki slitnað upp úr samningaumleitunum, þangað til hann, eftir útgöngu fulltrúa Framsfl., sagði: Ég er að undirbúa einhliða aðgerðir. Hvernig lítur þetta út, hv. alþm.? Jú, forsendan fyrir því að undirbúa einhliða aðgerðir er sú, að fulltrúi Framsfl. sagði sig úr nefnd uppi á Íslandi. Ég er hræddur um að þetta sé lélegur undirbúningur mála í svo stóru máli sem einhliða aðgerðir eru, að það skuli verða forsenda fyrir undirbúningi einhliða aðgerða að einhver maður segi sig úr nefnd á Íslandi. Þetta líka verður að teljast heldur kúnstugt.

Svo hófust miklar skeytasendingar frá ráðh. til Alusuisse og frá Alusuisse til ráðh. og þegar þær voru búnar að standa nægilega lengi var farinn að harðna í þeim tónninn og ráðh. farinn að gefa yfirlýsingar um að ekki væri til neins að standa í þessu. Manni sýnist allur aðdragandi þessara seinustu aðgerða ákaflega einkennilegur. Þetta ber keim af því, að það sé ástandið í innanlandsmálum sem ráði gerðum iðnrh., en ekki *málefnið sjálft. Upphlaupið með undirbúning* aðgerða eftir að samningaumleitanir höfðu ekki slitnað var vegna þess að eitthvað gerðist á stjórnarheimilinu, að einhver fór úr álviðræðunefnd. Það er innanlandspólitíkin sem ræður gerðum ráðh., en ekki hin málefnalega staða. Og þetta virðist enn vera að endurtaka sig. Þá kem ég að síðustu aðgerð ráðherrans, sem ég spurði um áðan hvert tilefni gæti verið til úr því að það var ekki spurningin um að halda rétti sínum.

Jú, þá hafði það aftur gerst að það hafði orðið árekstur á stjórnarheimilinu. Framsóknarmenn undir forustu hæstv. sjútvrh. höfðu leyft sér að hafa aðra skoðun á því hvernig halda ætti á þessu máli en hæstv. iðnrh. og höfðu gert um það tillögu að sérstök nefnd yrði skipuð í málið. Síðan varð ágreiningur í ríkisstj. um vísitölumál, sem var heldur harðvítugur. Þá kemur það allt í einu eins og skrattinn úr sauðarleggnum að nú megi til að grípa til þeirrar aðgerðar að skuldfæra fyrirtækið um skattinneign. Líka á þessum punkti virðist forsendan fyrir hverju skrefi ráðh. vera ástand í innanlandspólitík, einhvers konar innanlandsskák, ástandið á stjórnarheimilinu, en alls ekki málatilbúnaðurinn.

Með þessu er ég alls ekki að afneita því að Íslendingar kunna að þurfa að grípa til einhliða aðgerða, hvort heldur er í skattamálum eða að því er varðar rafmagnsverð, en aðdragandi málsins verður að vera með eðlilegum hætti og undirbúningur málsins verður að vera með eðlilegum hætti. Í rauninni eigum við aðeins tvær mögulegar leiðir að því er varðar hækkun á raforkuverði. Önnur er samningaleiðin og hin er einhliða hækkun. Og menn hljóta að spyrja sig fyrir hvert skref sem stigið er: Mun það sem gert er spilla fyrir árangri, hvora leiðina sem við veljum, hvora leiðina sem við verðum að fara? Mér sýnist að ýmislegt í þessum málatilbúnaði gefi einmitt tilefni til að ætla að það sé verið að spilla fyrir, hvor leiðin sem væri heldur farin. Það sé sífellt verið að gera erfiðara að vinna að samningaleiðinni og það sé verið að veikja undirstöðurnar undir því að grípa til einhliða aðgerða. Það er þetta sem er alvarlegt, en það er þetta, hæstv. iðnrh., sem ég tel að sé aðalatriði málsins.

Ég sagði áðan að við Alþfl.-menn hefðu leitast við að styðja iðnrh. í þeirri viðleitni að ná fram tveimur meginmarkmiðum: annars vegar hækkun á raforkuverði og hins vegar innheimtu á sköttum. Við höfum ítrekað ályktað um þetta efni. Það var ályktað um þetta í fyrra í flokksstjórn Alþfl., þar sem línurnar voru dregnar. Það var ályktað um þetta í desembermánuði í þingflokki Alþfl., þar sem línurnar voru dregnar og m. a. gerð till. um að sérstök nefnd tæki málið að sér og þá undir forustu aðila sem ríkisstj. öll treysti fyrir málinu. Ef þá hefði verið farið að þeirri till. stæðum við ekki í þeim sporum nú, að ráðherrarnir stæðu í spjótalögum og hnútukasti, eins og raun ber vitni. Ef menn hefðu borið gæfu til að fara eftir þessum tillögum okkar í desembermánuði væru kannske allir flokkar sameinaðir í því hvernig ætti að halda á þessu máli og hefðu náð niðurstöðu um skref fyrir skref og kannske væri kominn einhver árangur. En enn rennur tíminn án þess að árangur hefði náðst.

Menn hljóta að spyrja sig, eftir þessa aðgerð iðnrh. og fjmrh.: Hvert á næsta skrefið að vera? Er næsta skrefið, eins og iðnrh. hefur boðað að hann sé að undirbúa, einhliða hækkun á raforkuverði? Hvernig er það mál undirbúið? Hvernig erum við undir slíkt búin, ekki bara samkv. einhverju lögfræðiáliti heldur miðað við hugsanleg viðbrögð af hálfu gagnaðilans, því að einhliða aðgerð þýðir í raun að þeim samningi, sem kröfugerð okkar byggist á, t. d. í skattamálunum, er sagt upp? Við göngum á ákvæði hans í einni grein og þá verður því varla haldið fram að hann sé bindandi í öðrum greinum fyrir gagnaðilann. Ef viðbrögð ÍSALs eða eigandans, Alusuisse, verða sú að hætta að kaupa raforku, ætlum við þá að yfirtaka fyrirtækið? Hvernig erum við í stakk búin til þess? Hefur það mál verið undirbúið? Hvaða sambönd höfum við til að koma þá framleiðslunni hugsanlega á markað og hversu gott svigrúm höfum við í peningamálum til að yfirtaka þetta fyrirtæki — eða munum við láta okkur lynda að 700 manns verði bara send heim og standi hér atvinnulaus til viðbótar við alla þá sem nú þegar hafa misst atvinnuna? Ég held að það væri nær að hyggja betur að því, áður en hvert skref er stigið, hvert það leiðir og hver hin næstu skref kunna að þurfa að verða.

Ég ítreka að það hlýtur að vera markmið okkar að ná árangri í hækkun raforkuverðs og sjá til þess að réttir skattar séu greiddir. Og ég ítreka að það þarf að halda á þessu máli af festu. Ég get ekki séð að sú málsmeðferð, sem hér hefur verið tíðkuð af hæstv. iðnrh. og sem ekki verður annað séð en stjórnist fyrst og fremst af innanlandspólitík, sé líkleg til að skila okkur árangri í þessum efnum. En ég ætla að vona að enn sé ekki búið að eyðileggja málatilbúnað okkar í þessu máli.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. flutti ákaflega undarlega ræðu hér áðan um hið svokallaða álmál. Ræður ráðh. bera nú orðið flestar sama keim. Iðnrh. er nefnilega Íslendingur og það mætti skilja á ræðu hans að hann væri sá eini í þessu landi. Hann er Íslendingur að berjast við óvinveitta útlendinga og allir, sem ekki eru sammála honum, eru nánast þjóðníðingar eða föðurlandssvikarar. Til þess að finna þessum orðum sínum stoð hikar ráðh. ekki við að halla réttu máli eða beita rangfærslum með slíkum endemum að a. m. k. síðan ég fór að fylgjast með stjórnmálum minnist ég þess ekki að nokkur íslenskur ráðh. hafi orðið uppvís að ósannindum í sama mæli á

Alþingi Íslendinga og iðnrh. hefur orðið. Ég held að það væri hreinlega ástæða til að velta þessum málflutningi svolítið fyrir sér. Halda menn að það sé líklegt að staðan sé sú eftir tveggja ára þóf í þessari deilu, að þrír stjórnmálaflokkar á Íslandi séu hallir undir erlendan auðhring og vilji ganga helst í fangið á honum, á móti iðnrh. sem sé að gæta hagsmuna Íslendinga? Halda menn virkilega að staðan sé þannig? Ég er ansi hræddur um að það sé öðruvísi sem þetta mál snýr.

Iðnrh. sagði hér áðan að hann hefði gert sér vonir um það að hægt væri að stilla menn saman í þessu máli, stilla menn saman, Íslendingar stæðu saman í þessu máli gegn erlendu óvinveittu auðafli. Og hvernig gerist það? Jú, hér eru fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka á Alþingi með yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, sem allir eru sammála um það að reyna til þrautar samningaleið. Á móti þeim stendur iðnrh. einn með sinn flokk með kannske 14—16% atkvæða hjá íslensku þjóðinni. Hann leyfir sér að standa einn á móti fulltrúum allra hinna flokkanna um málsmeðferð. Og undir hvaða baráttuorði? Hann er að reyna að stilla menn saman til átaks í þessu máli. Finnst mönnum þetta trúverðugur málflutningur? Hvernig fer nú iðnrh. að því að stilla menn saman í átaki í þessu hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar? Á sama tíma og fyrir liggur í ríkisstjórn Íslands till. frá formanni Framsfl. um ákveðna málsmeðferð, um það að fallist verði á að leggja eldri deilumálin í gerð gegn því að hefja samningaviðræður nú þegar um endurskoðun orkusamningsins, á sama tíma og slík till. liggur fyrir í ríkisstj. og vitað er að hún hefur samþykki ráðh. Framsfl. og þeirra ráðh. sjálfstæðismanna sem eru í ríkisstj., hvað gerir iðnrh. þá til að stilla menn saman, sem er hans aðalbaráttumál? Hann grípur til einhliða aðgerða, einhliða bakfærslu á þessum sköttum án þess svo mikið sem að hinir ráðherrarnir viti hvað er að ske.

Svo stendur iðnrh. hér upp á Alþingi og segir: Það eru mér vonbrigði að ekki hefur tekist að stilla menn saman í þessu máli. Einn maður er að hlaupa út undan sér og taka einhliða ákvarðanir hingað og þangað, en iðnrh., þetta sameiningartákn okkar í þessu máli, sem er að berjast fyrir því að ná samstöðu og stilla menn saman, vinnur á þennan hátt. Þannig mætti lengi rekja mál.

Iðnrh. sleit einhliða viðræðum við Alusuisse í júní árið 1982 með talsvert miklum yfirlýsingum. Það var gert án þess að álviðræðunefnd, sem var skipuð til að standa í þessum viðræðum, vissi um það, án þess að henni væri tjáð það. Af hverju gerði iðnrh. það einhliða án þess að bera sig saman við álviðræðunefndina? Af því að hann var að reyna að stilla menn saman væntanlega. Þannig mætti lengi rekja.

Eftir að svissneski álhringurinn sendi þó bréf 10. nóv. og bauð upp á samningaviðræður á þann hátt að það var enginn vandi fyrir hina íslensku þjóð að ganga til samningaviðræðna á þeim grundvelli, til hvers sem þær hefðu svo leitt, og meiri hl. álviðræðunefndar var þeirrar skoðunar að slíka leið ætti að reyna sagði iðnrh. nei. Hann kom í sjónvarpið og sagði: Það er enginn árangur af viðræðum við þessa menn. Og af hverju sagði hann nei, þó að meiri hl. álviðræðunefndarinnar og meiri hluti fulltrúa hinna stjórnmálaflokkanna væri þeirrar skoðunar að sjálfsagt væri að reyna ákveðna leið í þessu efni? Ætli það hafi ekki verið af því að hann væri að reyna að stilla menn saman í þessu máli?

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta til þess að öllum verði ljóst að iðnrh. hefur reynt að leika einleik í þessu máli á allan hátt. Hann hefur hunsað skoðanir annarra stjórnmálaflokka og annarra fulltrúa, en í hvert skipti sem þeir hafa leitað samstöðu eða mótmælt, þá hafa þeir verið að berjast gegn hagsmunum Íslendinga, hvorki meira né minna. Hérna stendur iðnrh. sem hinn eini sanni Íslendingur í stöðugri baráttu fyrir hagsmunum Íslendinga, bókstaflega á móti öllum hinum. Meira að segja flokksbræður hans ganga hér hljóðir um ganga á meðan þessar umr. fara fram.

En það er ekki bara þessi samstilling hæstv. ráðh. sem hefur farið fram á þennan hátt, heldur hefur málflutningurinn verið þannig, ekki síst í ræðu hans hér áðan, að með algerum eindæmum er. Hann vitnaði hér áðan til þeirra manna sem vilja leggja allt í sölurnar til þess að setjast að málamyndasamningaborði með Alusuisse, gefa Alusuisse forgjöf. Hvaða menn á iðnrh. við? Hvað er hann að meina? Til hvers er svona málflutningi beitt? Hvaða Íslendingur er það, sem á að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar, sem er tilbúinn að gefa allt, láta allt í sölurnar til þess að setjast að málamyndasamningaborði? Hvers konar málflutningur er það sem hér er um að ræða? Þessir menn, segir iðnrh., vilja fallast á stækkun álversins án nokkurra skilyrða. Hvernig getur iðnrh. fundið þessum orðum sínum stað? Hann er horfinn hér úr þd. nú. Vegna hvers? Vegna þess að honum finnst erfitt að hlusta á sannleikann. Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Ég held að honum væri sæmra að vera hér inni undir þessum umr.

Það er of langt mál að rekja hér hvernig málflutningur iðnrh. og Þjóðviljans hefur verið í þessum málum. Hann er með algerum eindæmum. Þar hefur ekki verið hikað við að snúa staðreyndum gersamlega við. Ég hef oft sagt að þeir menn sem á þannig málflutningi þurfa að halda búi ekki yfir góðum málstað. Það segir sína sögu.

Það er rétt að nú hefur einhliða verið bakfærður nokkur hluti af þeim sköttum sem Coopers & Lybrand telja að Alusuisse eða ÍSAL eigi að greiða hér á landi. Skyldi það nú vera svo, að við hinir höfum verið algerlega á móti því að taka harkalega á álhringnum varðandi þessar skattagreiðslur? Ég man ekki betur en ég hafi fyrstur hreyft þeirri hugmynd í álviðræðunefnd að bakfæra þessa skatta ef engir samningar næðust. Þá var iðnrh. og hans menn þeirrar skoðunar að þeir þyrftu sjálfir að leita eftir gerðardómi til þess að slíkt væri hægt. Mér fannst þá eðlilegra, ef engir samningar næðust, að við bakfærðum þessa skatta og það yrði svissneski álhringurinn sem yrði að leita gerðardóms í málinu. Ég held að sú hugmynd hafi fyrst komið fram hjá mér og ég man eftir ýmsum fulltrúum Alþb. í álviðræðunefnd sem voru mjög efins yfir þeirri málstúlkun þá. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar eftir það bréf, sem kom 10. nóv. frá Alusuisse og samningstilboð, að það væri rangt að gera það í þeirri stöðu, enda lægi ekkert á og sjálfsagt væri að leita þessara samninga til þrautar.

Það er auðvitað líka rangt að slá því upp að nú hafi iðnrh. bakfært skatta á Alusuisse eða ÍSAL sem svari 6.6 millj. dollara. Fjmrh. greindi réttilega frá því hér

áðan, að það eru aðeins um 2.7 eða 2.8 millj. dollara sem nú er um að ræða, fyrir árin 1977, 1978 og 1979. Árið 1980 hafði verið bakfært áður og árið 1976 líka. Fjmrh. hélt því fram að þar sem tvær slíkar ákvarðanir hefðu áður verið teknar, þá væri ekki mikið að taka þá þriðju. En þær ákvarðanir voru allt annars eðlis, vegna þess að endurskoðunin fyrir 1980 fór fram nákvæmlega í samræmi við samninginn, eins og hann liggur fyrir, og að mínu viti þess vegna eðlilegt að bakfæra skattana beint þá, enda var það gert og það strax og fyrir löngu síðan. Bakfærslan fyrir árið 1976 var hins vegar þess eðlis, að menn töldu að með því væri verið að bjarga ákveðnum rétti, að árið 1976 fyrntist ekki. Árin 1977, 1978 og 1979 voru hins vegar engan veginn í þeirri stöðu og í ljósi þess, að tilboð hafði komið frá gagnaðila um samningaviðræður og ákveðna málsmeðferð, þá var engin ástæða til að gripa til þessa nú, nema menn hafi beinlínis áhuga á því að samningaviðræðum verði ekki komið á.

Það hefur talsvert verið rætt að ég skyldi segja mig úr álviðræðunefnd á sínum tíma. Ég gerði það eftir að hafa starfað í nefndinni nær því tvö ár. Ég gerði það vegna þess að ég vildi mótmæla þeirri vinnuaðferð sem þar var viðhöfð og vegna þess að ég óttaðist að meðferð ráðh. mundi meira skaða okkar málstað en verða honum að gagni. Það var hreinlega mitt mat. Ég segi það alveg hreint út. Ég hef oft fengist við ýmsa samninga og það er mitt mat að iðnrh., svo að ég segi þau fleygu orð enn einu sinni, annaðhvort geti ekki samið eða vilji það ekki, nema hvort tveggja sé. Ég byggi það bara hreinlega á biturri reynslu. Ég er ekkert að búa það til, langt í frá. Menn geta ábyggilega gert sér grein fyrir því að til slíkra aðgerða greip ég ekki fyrr en ég taldi þrautreynt. (**Forseti:** Fundartíma er rétt að ljúka. Vill ég biðja ræðumann að stytta mál sitt.) Er það ekki rétt skilið hjá mér, forseti, að fundur sé til kl. 4? (**Forseti:** Jú.) Það er þá stundarfjórðungur eftir.

Ég vil jafnframt benda mönnum á að þegar iðnrh. talar um þá menn sem vilji hlaupa í fang Alusuisse til þess að setjast að einhverju málamyndasamningaborði, þá verða menn að gera sér grein fyrir hvað um er að ræða. Það bréf sem frá Alusuisse kom fjallaði um það í fyrsta lagi að eldri deilumál yrðu sett í gerð. Það er ekkert vandamál fyrir Íslendinga að setja þessi mál í gerð, allra síst ef þeir trúa á sinn málstað. Sá gerðardómur sem þar var bent á er nokkru einfaldari en hinn alþjóðlegi gerðardómur, sem samningurinn gerir ráð fyrir, jafnframt því sem nánast engu er að tapa vegna þess að gagnaðilinn á samkv. samningi kröfu á því að málið sé sett í gerð ef hann vill. Þess vegna var engu við það að tapa þó að málið væri sett í gerð. En gagnaðilinn bauð jafnframt upp á það, að eftir slíka málsmeðferð yrði sest þegar að samningaborði um endurskoðun orkusamningisins, þar sem við endurskoðun orkuverðsins yrði tekið mið af því orkuverði sem álver greiða í Evrópu og Ameríku og samkeppnisaðstöðu ÍSALs. Ég fullyrði það, að það er enginn vandi fyrir Íslendinga að setjast niður til að ræða endurskoðun orkusamningsins á þeim kjörum. Menn þurfa ekkert að vera hræddir við það. Hitt er síðan annað, hvort út úr því kemur það sem við vildum sætta okkur við. En vilji menn á endanum grípa til nauðvarnar, sem ég vil kalla svo þar sem um er að ræða einhliða hækkun á orkuverði, þá held ég að menn verði að geta sannfært bæði sjálfa sig og aðra um það, að aðrar leiðir hafi verið reyndar til þrautar.

Í þessu bréfi Alusuisse var jafnframt tekið fram að þegar í stað skyldu endurskoðuð ákvæði varðandi skattgreiðslu fyrirtækisins, með það fyrir augum að hindra að slíkar deilur gætu endurtekið sig eins og nú hafa komið upp og til þess að þessi ákvæði yrðu ekki til að gera samskipti íslensku ríkisstj. og fyrirtækisins erfiðari en þegar er orðið. Jafnframt vildu þeir ræða stækkun álversins, enda næðust um það samningar sem báðir aðilar væru sáttir við. Síðan leyfir iðnrh. sér hér á Alþingi að standa upp og segja að þeir sem ekki séu sammála honum vilji stækka álverið í Straumsvík án nokkurra skilyrða, þegar öllum slíkum umræðum hefur fylgt þessi fyrirvari: enda náist um það samningar sem báðir aðilar geti sætt sig við. Hvaða samningar eru það sem Íslendingar geta sætt sig við í því sambandi? Auðvitað þeir að stækkun fari fram með þeim hætti, að orkunýting við stækkun álversins sé hagstæðari en aðrir orkunýtingarkostir sem Íslendingar eiga völ á. Nú telur iðnrh. það nánast glæpsamlegt að geta fallist á að Alusuisse fái að taka annan hluthafa inn í ÍSAL. Það er ekkert ákaflega langt síðan iðnrh. barðist fyrir því sjálfur að nýr hluthafi kæmi inn í ÍSAL og taldi það einmitt til þess fallið að auka möguleika á eftirliti okkar með fyrirtækinu. Nú hefur málflutningurinn gersamlega snúist við. Þannig er það því miður of mikið í þeim málflutningi sem iðnrh. hefur viðhaft.

Ég hef haldið því fram að þrátt fyrir marga möguleika á að opna samningaviðræður — og ég gæti skýrt þá nánar, ef hér væri tími til, eftir að hafa setið nær tvö ár í þessu máli — hafi iðnrh. lokað þeim hverjum á fætur öðrum nánast ýmist með þrjósku eða klaufaskap. Á þessum tíma hefur íslenska þjóðin tapað um 1 millj. dollara á mánuði einungis miðað við það að orkuverðið væri hækkað í sem svaraði 15 mill, sem engum mundi þó þykja of mikið.

Ég ætla að fara að óskum forseta og stytta mál mitt. Ég vil þó segja það að endingu, að æskilegra hefði verið að reyna að opna samningaviðræður með því að setja í gerð þennan hluta af deilumálinu um skattana, sem iðnrh. tók einhliða afstöðu nú um að bakfæra þrátt fyrir till. í ríkisstj. um allt annað, að því er virðist af hans málflutningi til þess að stilla menn saman, án þess að samstarfsmenn hans vissu um það í ríkisstj. Það hefði verið æskilegra að fallast á að leggja það í gerð til þess að opna samningaviðræður. Til þess þá, ef samningaviðræður ekki leiða til þeirrar niðurstöðu sem við viljum, að undirbyggja frekar möguleika okkar til einhliða aðgerða, til þeirrar nauðvarnar, ef til þess þarf að koma. Íslendingar hafa oft hælt sér af því að eiga elsta löggjafarþing veraldarinnar. Það ætti þess vegna ekki að vera neinn vandi fyrir þá að reyna að fara að samningum í þessu máli, svo lengi sem unnt er, og reyna a. m. k. að sannfæra sjálfa sig og aðra um það að önnur leið hafi ekki verið fær, ef til þeirrar leiðar þurfi að grípa. Í því sambandi vil ég líka sérstaklega minna á það, að Íslendingar hafa hvað eftir annað — og ekki síst sú ríkisstj. sem nú situr — bent á það, að helstu möguleikar til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar í framtíðinni sé aukin orkunýting. Orka íslensku þjóðarinnar er mikil, bæði í fallvötnum og jarðhita. Íslendingar eiga kannske meiri orku ónotaða á íbúa en nokkur

önnur þjóð veraldarinnar. Það er mikið átak að nýta þessa orku. Það er enginn vafi á því að það gerum við ekki einir og án samstarfs við erlenda aðila. Við munum verða að leita samvinnu við erlenda aðila, bæði um tækniþekkingu og markaðsmál, til að nýta þessar orkulindir. Með tilliti til þeirra samninga og þeirrar framtíðar er það auðvitað mikið mál hvernig á þessu er haldið. Það er mikið mál fyrir þá aðila, sem í framtíðinni munu ganga til samninga við Íslendinga um nýtingu slíkra orkulinda, að þeir séu sannfærðir um það að Íslendingar rjúfi ekki samninga einhliða fyrr en aðrar leiðir séu ekki færar, fyrr en sú leið sé nauðvörn og öllum sé ljóst að íslenska þjóðin eigi ekki aðra leið. Þess vegna er það mikið mál hvernig á þessu er haldið.

Ég vil leggja megináherslu á að það sem skiptir máli nú er auðvitað árangur en ekki áróður. Það er ekki meginmálið núna að Þjóðviljinn fái aðstöðu til þess fyrir kosningarnar að birta sem flestar forsíðufyrirsagnir með heimsstyrjaldarletri. Það er ekki meginmálið. Það er meginmálið að á þessu máli sé haldið þannig, að íslenska þjóðin fái út úr því eins mikið og unnt er hið fyrsta, og jafnframt að á því sé haldið þannig, að í samningaviðræðum um framtíðarnýtingu orkulindanna verði það okkur ekki þrándur í götu.

Ég vil sérstaklega að endingu biðja menn að íhuga orð iðnrh. sjálfs, hvernig hann fer að því að stilla saman menn og krafta íslensku þjóðarinnar til átaks í þessu máli. Það er öllum ljóst að hann stendur hér einn á móti sameinaðri skoðun annarra þingflokka, á móti sameinaðri skoðun fulltrúa mikils meiri hluta íslensku þjóðarinnar. Í stað þess að leita samkomulags á svipuðum grundvelli og mikill meiri hluti vill leyfir iðnrh. sér að standa hér í þessum ræðustól frammi fyrir þjóðinni og segir það, að hann sé að reyna að stilla menn saman í þessu máli. Og hvernig? Með því að gera einn það sem honum sýnist og ætlast til þess að allir aðrir séu því sammála, hvernig sem hann að því stendur.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér hafa mörg orð fallið frá því að ég lauk máli mínu áðan. Þyrfti drjúgan tíma til þess að víkja að því, ef gera ætti því skil, svara þeim sjónarmiðum sem svaraverð eru og leiðrétta ýmsar rangfærslur. Lítill tími er því miður til þess.

Hv. 12. þm. Reykv. tel ég út af fyrir sig ekki mikla þörf á að eiga langar orðræður við. Við höfum þegar gert okkar mál upp í orði nokkuð skýrt og þjóðin getur dæmt um okkar málstað. Ég vek þó athygli á því að þessi hv. þm., sem er að reikna það fyrir sjálfan sig og inn í dagblöð að það kosti milljón á mánuði að ég skuli sinna þessu máli, það væri hægt að fá millj. á mánuði meir með 15 mill í orkuverð, sami hv. þm. vill setjast að samningaborði skilyrðislaust við Alusuisse. Hann segir það hér alveg ákveðið að það sé auðvitað algerlega óvíst um hvaða niðurstaða yrði. Það sé svo langt frá því að það sé þrautreynt með samninga að hans mati. Hann hefur nógan tíma til þess að þæfa þetta mál ef hann fengi að ráða og þá geta menn haldið áfram að gera reikningsdæmi hv. þm. upp.

Ég vil nefna það vegna orða hæstv. sjútvrh. hér áðan, að ákvörðun um uppgjör skatta, endurákvörðun framleiðslugjalds hafi komið ríkisstj. á óvart eða í opna skjöldu, að það getur ekki verið. Á ríkisstjórnarfundi þann 3. febr., ríkisstjórnarfundinum þar sem hæstv. sjútvrh. og aðrir ráðh. Framsfl. höfnuðu tillögum mínum um einhliða aðgerðir með lagasetningu hér á Alþingi til hækkunar á raforkuverði, á þeim sama fundi greindi ég frá því að ég teldi eðlilegt og sjálfsagt, í þeirri stöðu sem málið væri nú, að skattar yrðu endurákvarðaðir varðandi þau ár sem óuppgerð væru og ég mundi gera tillögur þar að lútandi, sem ég síðan gerði með bréfi til fjmrn., sem tók málið til ákvörðunar með þeim hætti sem hér hefur verið greint frá.

Í þessum umr. hefur það komið mjög skýrt fram, hversu ólíkt mat þeirra sem hér hafa talað er á málinu og stöðu okkar Íslendinga. Það hefur t. d. komið fram hjá hæstv. sjútvrh. og hv. 12. þm. Reykv. að þeir vilji bara ganga beint inn á þann grundvöll sem Alusuisse lagði hér fyrir íslensk stjórnvöld 10. nóv. s. l. Það er ekkert annað. Þeir eru bara reiðubúnir til að ganga inn á þennan grundvöll. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Því hafa þeir lýst hér æ ofan í æ í þessum umr. að það séu þeir reiðubúnir til að gera. Það hljóta að vakna hjá hv. alþm. spurningar um það, hvernig þessi grundvöllur Alusuisse sé til orðinn.

Ég vil líka minna á það, af því að hæstv. sjútvrh. talaði um að ekki hefði verið ráðherranefnd starfandi nema fram á vor 1981, að við ráðh., forsrh., sjútvrh. og ég, bárum okkur oft og ítrekað saman um þetta mál á liðnum mánuðum, í nóvembermánuði, í desembermánuði 1982, í janúarmánuði 1983, en hæstv. sjútvrh. metur það ekki vera ráðherranefnd nema hann fái að tala öðrum tungum en ég í beinum viðræðum við Alusuisse. Það er hins vegar ekki vænleg málsmeðferð og með henni hef ég ekki mælt.

Ég vil svo segja það að lokum, herra forseti, að hér er hafður uppi hræðsluáróður Alusuisse í vil til þess að styrkja stöðu Alusuisse, hræðsluáróður um það hvað gerast mundi ef íslensk stjórnvöld, ef íslenskt löggjafarvald mundi sækja sinn rétt gagnvart fyrirtækinu. Það er verið að mála upp myndir af því hvað muni gerast. Þeir muni lýsa sig óbundna af samningum. Þeir muni jafnvel loka álverinu, 700 manns muni missa atvinnuna. Ég held að það sé kannske ekki þörf á því fyrir mig að taka það fram hér, en ég geri það samt, að til slíks mundi að sjálfsögðu aldrei verða látið koma. Viðbrögð af því tagi sem hæstv. ráðh. og aðrir talsmenn sýndu hér, þ. á m. hv. 2. þm. Reykn., og ég get út af fyrir sig skilið áhyggjur hans, þau sjónarmið eru ástæðulaus vegna þess að iðnrn. hefur að sjálfsögðu tekið þessi mál til athugunar við undirbúning sinn um einhliða ákvarðanir, einnig varðandi raforkuverð, og hefur tryggingu fyrir því að hvorki þarf að koma til stöðvunar á rekstri álversins né menn þar að missa atvinnu, né heldur Íslendingar að verða fyrir tjóni af því, þó að sá rekstur yrði á okkar hendi á meðan verið er að gera málin upp. Þetta tel ég rétt að hér komi fram vegna þess sem menn hafa sagt í þessa átt.

Ég læt, herra forseti, þetta nægja. Hér hefur margt mjög athyglisvert komið fram. Eflaust verður tækifæri til að ræða það nánar hér á hv. Alþingi. Ég tel að sú ákvörðun sem nú hefur verið tekin af fjmrn. um endurákvörðun framleiðslugjalds, hækkun þess um 80.5% miðað við tímabilið 1975—1980, hafi verið eðlilegt skref, skref til þess fallið að styrkja stöðu Íslands í málinu, enda tekið að fengnum ráðum færustu

manna á þessu sviði, innlendra manna og erlendra ráðgjafa, sem meta það svo, að þetta skref sé eðlilegt þegar það liggur fyrir að Alusuisse hefur ekki áhuga á því að verða við sanngirniskröfum Íslendinga.

Efri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 16. febr., kl. 2.30 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 204, n. 344, 345). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Til allshn. Ed. var vísað frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, 154. máli, og samkv. 1. gr. þess frv., sem vísað var til nefndarinnar, var gert ráð fyrir að 17 einstaklingar öðluðust íslenskan ríkisborgararétt. Allshn. fjallaði um þetta mál með hefðbundnum hætti samkvæmt þeirri venju, sem hér hefur skapast í þinginu, þ. e. að allshn. beggja deilda tilnefndu sína tvo fulltrúana hvor, sem fóru yfir allar umsóknir, sem fyrir lágu, ásamt skrifstofustjóra þingsins, og raunar hafði nefndin einnig að hluta samráð við ráðuneytisstjóra dómsmrn. Svo sem venja er höfðu allmargar umsóknir borist til viðbótar þeim sem taldar eru upp í 1. gr. frv. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að flytja brtt. við frv. Allt er þetta samkvæmt þeim venjum sem hér hafa tíðkast. Á þeirri brtt. sem er á þskj. 345 eru samtals 33 nöfn, þ. e. 16 ný nöfn hafa bæst við. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að lesa upp þessi nöfn, þar sem þm. hafa þskj. á borðum sínum. En allshn. mælir með því að brtt., sem fyrir liggur á þskj. 345, verði samþykkt eins og hún þar er.

ATKVGR.

Brtt. 345 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 347). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Það er meginefni þessa frv. að lagt er á gjald, sem greiða skal árlega, svokallað veggjald, og rennur það óskipt til vegagerðar. Gjaldið er lagt á allar bifreiðar og bifhjól. Gjaldið nemur 1 kr. af hverju kg eigin þyngdar bifreiðar.

Í 1. gr. frv. er heimild til að hækka gjaldið í réttu hlutfalli við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar. Gjaldtaka þessi er í fullu samræmi við þá vegáætlun sem lögð hefur verið fram á hv. Alþingi.

Mér er kunnugt um að samgrh. hefur kynnt þetta mál fyrir stjórnarandstöðuþm. Alþfl. hefur þegar lýst yfir fylgi sínu við þetta mál og málið mun hafa verið rætt í hópi þm. Sjálfstfl. Afstaða hefur enn ekki komið fram, en óhætt mun að segja að málinu hefur ekki verið andmælt enn sem komið er. Er því von til þess að hér geti verið um samkomulagsmál að ræða.

Tekjur þær sem gjaldið gefur nema um 120 millj. kr. á verðlagi ársins 1983. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að fjmrn. hefur tvívegis lækkað verulega innflutningsgjöld af litlum sparneytnum bifreiðum og raunar lækkað gjöld af öllum innfluttum bifreiðum í síðara sinnið. Mun láta nærri að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á innflutningsgjöldum, nemi um 120 millj. kr. á verðlagi þessa árs. Er þá miðað við 8 000 bíla innflutning, en innflutningur undanfarin ár hefur verið á bilinu 7 500 bifreiðar og upp í 11 500 bifreiðar á seinasta ári, árinu 1982, eða að meðaltali 9 500 bifreiðar. Sé miðað við 8 000 bifreiðar er þarna um tekjumissi að ræða sem nemur nokkurn veginn sömu upphæð og þessu gjaldi er ætlað að gefa.

Þessi breyting, sem hér er verið að gera, er í fullu samræmi við álit og niðurstöður starfshóps um fjáröflun til vegaframkvæmda, sem birt var í nóv. 1981. Þar var einmitt lagt til að innflutningsgjald af bifreiðum yrði lækkað, en í þess stað tekið upp gjald það sem hér um ræðir.

Í röksemdum starfshópsins fyrir þessu nýja gjaldi kom m. a. fram, að með því væri skattlagning færð frá bifreiðakaupum yfir á eignarhald bifreiða og ætti það að auðvelda almenningi kaup og endurnýjun bifreiða.

Með þessari tilfærslu eru gjöld bifreiðaeigenda jafnframt færð frá ríkissjóði í Vegasjóð og því til framkvæmda á sviði vegamála. Einnig benti starfshópurinn á, að með því að tengja þetta gjald þyngd bifreiða samrýmdist þessi tillaga orkusparnaðarsjónarmiðum.

Rétt er að benda á að með þessu frv. er einnig lagt til að eitt gjald sé lagt niður, en það er gúmmígjald sem lagt er á innflutta hjólbarða. Er það gert á þeim forsendum að ekki sé rétt að leggja háa sérskatta á rekstrarvöru sem hefur mikil áhrif á umferðaröryggi.

Fjármagn, sem fæst með þessari gjaldtöku, verður fyrst og fremst notað til að auka lagningu bundins slitlags á vegi á næstu árum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál frekar. Ég tel það mjög mikið ánægjuefni ef svo til tekst að samstaða verður hér í þinginu um afgreiðslu þessa máls og afgreiðslu vegáætlunar. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að þm. Alþfl. hafa í meginatriðum lýst stuðningi við þetta frv. Þó hygg ég að einstakir þm. hafi áskilið sér rétt til að flytja ef til vill einhverjar brtt., ef því væri að skipta, en í meginatriðum hafa menn lýst stuðningi við þetta mál.

Meginatriði hér er auðvitað það, að hér er verið að tryggja tekjur til vegamála. Það má ef til vill segja sem svo, að lækkun aðflutningsgjaldanna hafi reynst bifreiðaeigendum skammgóður vermir, en á hitt er og að líta að þessi skattur, sem hér er gert ráð fyrir, rennur beint til framkvæmda í vegamálum og þá einkum til bundins slitlags, og ég geri frekar ráð fyrir að ýmsar aðrar kvaðir þyki bifreiðaeigendum lakara að bera en þessa, þó hún valdi ekki neinni sérstakri ánægju.

Ég fagna því, að í þessu frv. skuli vera gert ráð fyrir að leggja svo kallað gúmmígjald niður, og ég vil aðeins

geta þess hér, að í þáltill., sem ég hef flutt í Sþ. um að settar verði reglur um þær öryggiskröfur sem gera skuli og gera þarf til hjólbarða, er einnig gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld af hjólbörðum skuli lækkuð. Þar er einmitt beitt sömu röksemdafærslu og hér, að ekki sé rétt að leggja háa sérskatta á rekstrarvöru sem hefur mikil áhrif á umferðaröryggi. Hins vegar er það svo, að þetta gúmmígjald er ekki hátt og ekki stór tekjuliður í ríkissjóðinn. En auðvitað ber að fagna því að það skuli lagt niður. Ég held hins vegar að lækka þurfi aðflutningsgjöld af hjólbörðum enn frekar í ljósi þess hve mikilvæg öryggistæki hjólbarðar eru og þá ekki síður að setja reglur um að hingað séu ekki fluttir og settir undir bíla hjólbarðar sem eru þannig merktir að þeir eru eingöngu ætlaðir undir hesta-, uxa- og asnakerrur. En ekki fleiri orð um það.

Eitt efnisatriði í þessu frv. vildi ég gera athugasemd við. Á síðustu árum hefur fjölgað hér mjög svonefndum dráttarbílum, það sem í umferðarlögunum er kallað festivagnar, þ. e. vagnar með hjólum að aftan, en framendi vagnsins leggst niður á sérstakan sleða á dráttarbílnum. Þessir bílar eru notaðir til ýmiss konar þungaflutninga og efnisflutninga og eru sjálfsagt frekar í eigu verktakafyrirtækja og flutningsfyrirtækja. Það er minna um að slíkir bílar séu í eigu einstaklinga, þó að töluvert sé um það. Mér sýnist að þessi skattlagning taki þá aðeins til bílanna, en ekki til festivagnanna, sem þeir draga að jafnaði á eftir sér og notaðir eru til flutninga á vörum, möl, sandi og öllu slíku. Mér sýnist að gagnvart þeim sem eiga vörubíla og reka vörubíla sé þetta ekki alveg sanngjarnt. Ég held að ekki væri óeðlilegt að þetta væri athugað sérstaklega með. Þessir dráttarbílar eru kannske að eigin þyngd svona 8—9 tonn og vagnarnir, sem þeir draga, alla jafna helmingur af þeirri þyngd kannske. Þetta er lauslega ágiskað.

Um áramótin 1981/1982 voru milli 7 og 800 tengi- og festivagnar skráðir hér. Það er ekki gerður munur á því í skráningu Bifreiðaeftirlitsins hvort um er að ræða tengieða festivagn, en tengivagn er vagn sem tengdur er við bílinn með beisli og er á hjólum bæði að aftan og framan.

Ef til vill mætti leiðrétta þennan mun með því að hafa hér ákvæði um að þessir dráttarbílar skyldu greiða nokkru hærri skatt af hverju kílói. Ég held að það sé í rauninni sanngjarnt, ef litið er til notkunar þessara bíla, og ég óska eftir því, að sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, taki þetta atriði til athugunar. Ég hef e. t. v. í hyggju, ef nefndin ekki tekur þessi sjónarmið til athugunar, að flytja, hugsanlega við síðari umr. málsins, sérstaka brtt. um þetta efni, vegna þess að ég held að þetta sé réttlætismál.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í efnislegar umr. um þetta mál nú við 1. umr. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið til athugunar, og við munum að sjálfsögðu vinna vel og dyggilega í því að kanna það ofan í kjölinn.

Það er nefnilega ekki svo, að við þm. höfum ekki áður heyrt talað um ýmiss konar gjöld, sem eiga að renna óskipt til vegagerðar. Það hefur verið nokkuð árvisst að slíkt væri ákveðið. Reynslan hefur reyndar orðið sú, að skattar af umferðinni hafa aukist og fé til vegagerðar hlutfallslega minnkað, því miður. Þetta höfum við raunar látið reikna út einmitt, fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn.; og munum leggja fram fólki til glöggvunar og þá auðvitað ekki síst hv. alþm. Ég er ekki að segja að það sé ekki ætlun bæði hæstv. fjmrh. og samgrh. að þetta veggjald, sem nú er svo nefnt, skuli renna óskipt til vegagerðar á þessu ári t. d., en reynslan hefur orðið sú með bensíngjöld og ýmislegt, að þó að bensínverð hafi hækkað gífurlega hefur ríkið stöðugt aukið sína hlutdeild í þeirri skattheimtu. Sama má segja um olíu, jöfnunargjald o. s. frv. Hér er því um að ræða nýjan skatt. Að vísu er gert ráð fyrir að eitthvað sé linað á öðrum gjöldum á móti, en skattlagning á umferðina á Íslandi er gífurleg og veldur kannske meira um þá kjaraskerðingu sem fólk hefur þurft að þola á undanförnum misserum en flest annað því bíllinn er nú einu sinni orðinn nauðsynjatæki.

Hitt er jafnnauðsynlegt að hafa eitthvert fjármagn til að halda áfram vegagerðinni, og er raunar sorglegt hve hægt hefur gengið að koma á fullbyggðum vegum, þ. e. vegum með bundnu slitlagi og sæmandi vegum. Þess vegna hefur það alltaf verið venjan, síðan ég kom hér inn á Alþingi, að þingflokkarnir hafa leitast við að sameinast um að tryggja eins mikið fjármagn í þessu efni og nokkur vegur hefur verið miðað við aðstæður hverju sinni og meiri samstaða ríkt um það en flestar fjáraflanir aðrar og fjárnotkun líka raunar og alltaf ríkt um það gott samstarf. Af okkar hálfu verður gott samstarf, hvort sem við svo föllumst á að gjöld á umferðina sé hægt að hækka, eins og ástand er nú og þegar fyrirsjáanlegt er að kjör eiga jafnvel enn eftir að versna og menn hafa bundið sér mjög þunga skuldabagga og mikill bifreiðainnflutningur verið, og er ekkert nema gott um það að segja að fleiri og fleiri hafa getað notað sér af þessum sjálfsögðu lífsþægindum og nauðsynjatæki í okkar landi þar sem ekki er um aðrar samgöngur að ræða til vinnu o. s. frv.

En ég ætla ekki að orðlengja þetta. Við gerum grein fyrir okkar sjónarmiðum þegar nefnd skilar áliti.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir þau orð, sem hv. 5. landsk. þm. lét hér falla, að það hlýtur að fara fram umfjöllun um þetta mál og þá með jákvæðu hugarfari af hendi okkar sjálfstæðismanna. Ástæðan er einvörðungu sú, að okkar flokkur hefur haft mikinn áhuga, eins og reyndar aðrir stjórnmálaflokkar líka og kannske allir aðrir stjórnmálaflokkar, á umbótum í vegagerð og vegamálum hér á þessu landi.

Ég hef séð mörg þingskjöl sem mér hafa þótt miklu ógeðfelldari en það frv. sem hér er til umr. En það fer ekki hjá því, að það hlýtur að vera eðlilegt að öll þessi mál séu skoðuð í nokkru samhengi og þá m. a., eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að á það sé litið hvernig þeim tekjum er ráðstafað sem umferðin gefur, t. d. bensíngjaldinu, og hvernig þau mál hafa þróast á síðustu árum. Það hlýtur að verða alveg óhagganlegur fyrirvari í sambandi við afgreiðslu þessa máls að þó sé tryggt að tekjur af þessum skattstofni fari örugglega til vegagerðarinnar.

Ég undirstrika þó alveg sérstaklega það, sem ég sagði hér áðan, að það hlýtur að vera eðlilegt að líta á afgreiðslu þessa máls í samhengi við afgreiðslu á vegáætlun og langtímaáætlun í vegagerð. Það er alveg útilokað annað en langtímaáætlunin eins og hún er fram sett sé okkur sjálfstæðismönnum mikil vonbrigði. Það var okkar grundvallarstefna og markmið að sá árangur í

vegagerð, sem langtímaáætlunin gerir ráð fyrir, næðist á 10 árum. Það varð hins vegar samkomulag um að þar yrði miðað við 12 ár. Nú liggur í rauninni fyrir sú yfirlýsing frá hæstv. samgrh., sem hann lét falla hér í Sþ. í gær, að í rauninni væri eðlilegt að líta á þetta sem 20 ára plan. Í vegáætluninni er gert ráð fyrir að ljúka uppbyggingu þjóðbrauta í þessu landi á 28 næstu árum. Og það er athyglisvert að í till. um langtímaáætlun er framlagið til þjóðbrauta minna en vetrarviðhaldið, svo dæmi sé nefnt, og ekki nema sáralítill hluti af því fjármagni sem á að fara í stofnbrautirnar. Á öll þessi mál verða menn því að líta í heild. Ég vil líka vekja athygli á því, að það er meira að segja gert ráð fyrir bundnu slitlagi á hluta af þjóðbrautunum og hvar haldið þið að þær þjóðbrautir á Íslandi verði sem á að fara að byggja upp eftir 28 ár, eftir þrjá áratugi.

Ég vil undirstrika það, að þegar skattlagning fer fram af þessu tagi verður að líta á það í samhengi við afgreiðslu vegamála í heild.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða miklu meira um þetta, en ég vil aðeins vekja athygli á því, að það fjármagn sem gengur inn í þessa nýju vegáætlun er ekki miklu meira og það er kannske ekki meira en nemur kostnaðinum við þekjuna sjálfa. Og því er það, að til þess að hægt sé að byggja upp vegina til þess að þeir séu til staðar til að leggja á þá þekju þarf að draga fjármagn meðal annars úr þjóðbrautunum undir varanlega slitlagið. Það hefur verið alveg skýr stefna hjá okkur sjálfstæðismönnum, og ég hygg ekki bundin frekar við okkur en aðra hv. alþm. sem hafa svipuð sjónarmið í byggðamálum og við landsbyggðarþm. höfum, að varanlegt bundið slitlag á stofnbrautir hringinn í kringum landið ætti ekki að verða á kostnað annarra vegaframkvæmda í þessu landi.

Það fer að sjálfsögðu fram ítarleg umfjöllun um frv. í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Ég undirstrika að það hlýtur að verða gert með mjög jákvæðu hugarfari, en ég segi líka hitt, að það verður að gera ýmislegt annað en rétta að okkur skatta í sambandi við vegamál. Hæstv. samgrh. orðaði það þannig í Sþ. í gær, að það hefði orðið að gera eitthvað fyrir hv. sjálfstæðismenn til að gera þá ánægða í sambandi við afgreiðslu á þál. sem var samhljóða afgreidd á Alþingi vorið 1981. En það þýðir ekki að koma einvörðungu til móts við okkur í einu þskj. Það verða að standa þau fyrirheit og það samkomulag sem þá var gert. Og þá segi ég fyrir mig að ekki skal standa á að ég fylgi nauðsynlegri tekjuöflun til þess að þau markmið náist.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. er frv. þetta byggt á tillögum nefndar sem skilaði áliti í nóv. 1981. Ég skipaði þá nefnd fulltrúum frá m. a. fjmrn., samgrn., vegagerð o. fl. Nefndin varð sammála um að leggja til að tilfærsla yrði frá ríkissjóði í það sem við höfum nú venjulega nefnt Vegasjóð, sem að vísu er ekki til á lögum, sem sagt beint í vegagerð. Um þetta náðist samkomulag og varð til þess, að á s. l. ári voru tollar lækkaðir, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., í tvígang á bifreiðum. Nú er hér lögð til tekjuöflun í fullu samræmi við það, þ. e. að sama upphæð, 120 millj. kr., eins og segir í 1. gr., á að renna óskipt til vegagerðar. Ég stóð fyrst og fremst upp til að undirstrika það.

Það kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. að oft hefði slíku verið lofað, en ekki alltaf staðið við það. Skal ég út af fyrir sig ekkert um það segja. En ég vona að í 1. gr. sé það dyggilega frá þessum málum gengið að það verði ekki rofið, hverjir sem verða við stjórnvöl. Ég vildi sem sagt standa hér upp til að undirstrika að þetta fjármagn á að renna óskipt til vegagerðar. Það var fullt samkomulag um það við hæstv. fjmrh. og í ríkisstj. að standa þannig að tilfærslu á tekjum ríkissjóðs til vegagerðar.

Nú vil ég segja það út af því sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að ég tel að hann hafi gefið réttmætar ábendingar og nauðsynlegt sé að nefndin skoði þær. Ég vil leggja til að nefndin kveðji til sín þá menn sem hafa nú unnið mest í þessu máli og sátu í þeirri nefnd sem hér hefur verið tilgreind. Ég veit að þm. fengu í fyrra skýrslur nefndarinnar, en ég get að sjálfsögðu útvegað þær að nýju. Ég held að það væri æskilegt að ræða um svona atriði við þá menn. Þetta eru tæknimenn á þessu sviði.

Ég skal ekki fara að eiga orðaskipti hér aftur við hv. 11. landsk. þm. Við ræddum þessi mál í gær í Sþ. Ég vil hins vegar lýsa furðu minni á því þegar hann segir að ég hafi sagt að langtímaáætlun í vegagerð væri í raun og veru 20 ára áætlun. Það er ekki. Það er 12 ára áætlun. Ég nefndi það í gær að bæði nefndin og aðrir sem að þessari langtímaáætlun unnu voru sammála um að því yrði ekki komið við að ljúka framkvæmdum við stofnbrautir og þjóðbrautir á 10—12 árum, eins og menn kannske gerðu sér vonir um á sínum tíma, nema með miklu meiri fjáröflun. Undirbúningi undir slíka áætlanagerð fyrir þjóðbrautirnar er ekki heldur það langt á veg komið, því miður. Það er allt annað með stofnbrautir. Úttekt á stofnbrautum hófst 1978 og var unnið að henni 1978, 1979 og árin þar á eftir. Þess vegna er unnt að leggja fram langtímaáætlun um stofnbrautir. Úttekt fyrir þjóðbrautir er nú í gangi, en er því miður miklu skemmra á veg komin. Þar eru kílómetrarnir miklu fleiri og þar eru vegir lakari og langtum erfiðara að áætla, eins og gert er með stofnbrautirnar, án þess að afla betri upplýsinga á staðnum. Ég held að menn verði að skilja þetta.

Það stendur ekki á mér að auka enn meira fjármagn til vegagerðar. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að 2.2% þjóðarframleiðslu nú, 2.3% á árinu 1984 og svo 2.4% eru ekki lítið þegar litið er á það sem farið hefur til vegagerðar í tíð ýmissa ríkisstjórna á undanförnum áratugum. T. d. var meðaltalið á 10 árum fram til 1982 1.85% þjóðarframleiðslu. Hæst komst þessi tala þegar brúin yfir Skeiðará og vegurinn yfir sandana voru gerð. Þá komst hlutfallið upp í 2.35% af þjóðarframleiðslu, en það var aðeins eitt ár og meðaltalið samt ekki hærra en 1.85%. Og ég ætla ekkert að fara að kenna einni ríkisstjórn eða annarri um. Þetta fór niður í 1.55% af þjóðarframleiðslu. Hv. þm. mætti athuga hverjir voru þá við stjórn.

Hér er verið að gera myndarlegt átak, sem menn hafa orðið sammála um, og ég fullyrði að þjóðbrautir eru alls ekki látnar verða út undan. Það er kafli í langtímaáætluninni um þjóðbrautir, ekki sundurliðaður eins og stofnbrautir af því að það er beinlínis ekki hægt, en þar kemur fram að ætlað er að verja verulegu fjármagni í þjóðbrautirnar.

Það var undarlegt, sem ég heyrði áðan, að það stríði

gegn byggðastefnunni að gera stofnbrautirnar góðar. Óvíða a. m. k. eru lengri stofnbrautir en í Austfjarðakjördæmi og ég vænti þess að þeir sem það kjördæmi byggja noti þær brautir allmikið. Ég verð a. m. k. að segja það fyrir mitt leyti að ég fagna því að í mínu kjördæmi fá stofnbrautir þá meðferð sem langtímaáætlunin gerir ráð fyrir. Ég benti líka á það í gær, að Alþingi hefur sjálft ákveðið í gegnum árin að stofnbrautir skuli hafa vissan forgang af því að umferðin er þar meiri.

Af því að þetta bar á góma þykir mér rétt að taka fram, að ég tel að með langtímaáætlun sé lagt til að Alþingi staðfesti raunhæfa áætlun sem hægt er að standa við, en ekki áætlun byggða á draumsýn eða kannske fagurri hugsjón.

Ef hv. þm. vill hins vegar leggja til að auka þetta veggjald og afla meiri tekna hugsa ég að ég mundi greiða því atkvæði. Ég vil gjarnan leggja meira í vegi.

Egill Jónsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. komst svo að orði, að ég hefði haft um það hér orð að það væri andstætt byggðastefnunni að byggja upp stofnbrautirnar. Það er ekki furða þótt ýmislegt snúi á haus í þessari vegáætlun ef menn meta staðreyndir með þessum hætti. Það sem ég sagði var það, að það stríddi gegn byggðastefnunni að byggja upp þjóðbrautir í þessu landi á næstu þremur áratugum.

Ráðherrann sagði líka, að hér væri verið að tala um áætlun til 12 ára. Hann sagði líka að það væri sérstakur kafli um þjóðbrautir í þessari vegáætlun. Það er alveg hárrétt. Ef við tökum þetta 12 ára markmið, sem reyndar er orðið 14 ára núna, og ef við tökum svo markmiðið um þjóðbrautirnar, sem er upp á 28 ár, og ef við leggjum þetta saman, þá koma samtals út 40 ár. Ef deilt er í þetta með tveimur fer það ekki mjög langt frá tveimur áratugum. Þá er það nokkuð augljóst, eins og hæstv. ráðh. sagði sjálfur í gær, að það væri raunhæft að vinna þetta verk á tveimur áratugum. Þannig er aðeins eitt í ósamræmi í þessum efnum við hans skoðanir og það er fyrirsögnin á þessari þál. Annað er allt í samræmi við að þetta sé 20 ára áætlun.

Ég tek undir það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að auðvitað verða þessi mál rædd á Alþingi og í nefndum og ég tek undir það, sem hæstv. ráðh. sagði líka áðan, að óþarfi er að fara að endurtaka umr. frá því í gær. En ég undirstrika það, sem ég hef sagt hér áður, að ýmislegt þarf að gera annað en kalla eftir stuðningi frá okkur sjálfstæðismönnum í sambandi við skatta og það þarf að gera ýmislegt annað en komast að samkomulagi við okkur um afgreiðslu á langtímaáætlun, eins og gert var árið 1981. Það verður að sjálfsögðu að standa sem gert er samkomulag um. Ef svo er ekki getur verið svolítið erfitt að kalla eftir stuðningi við skatta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Miðvikudaginn 16. febr., kl. 2.30 síðdegis.

Viðmiðunarkerfi fyrir laun, frv. (þskj. 334). — Frh. 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í umr. um formsatriði þessa máls. Í raun og veru skipta þau sáralitlu máli. Það er aðalatriðið hvernig móttökur og meðferð þetta fær hér á Alþingi og hver verður niðurstaða málsins. Ef nægilega margir þm. telja málið jákvætt og til nytsemdar er hægur vandi að koma því í gegnum þingið. Til þess er nægur tími. Ég er ekki þeirrar skoðunar, eins og hér hefur komið fram í umr. um málið, að með því að leggja það fram sé um að ræða brot á stjórnarsáttmálanum. Þvert á móti álít ég að þetta mál sé einmitt liður í því að framkvæma eitt þeirra ákvæða í stjórnarsáttmálanum sem voru í raun og veru meginákvæði og áttu að vera kjarni þessa stjórnarsamstarfs, þ. e. að gera ráðstafanir til þess að hefta verðbólgu og færa hana niður, og það er ekkert smáræði eins og kunnugt er. Hins vegar álít ég að það að Alþb. hefur skorist úr leik í þessu máli sé brot á stjórnarsamningnum, það sé brot á því samkomulagi sem gert var og lýst yfir fyrir þjóðinni 21. ágúst s. l. Sannleikurinn er sá, að það hefur reynst erfitt að fá Alþb. til að fallast á grundvallaraðgerðir til lækkunar verðbólgu. Ég skal ekki, vegna þess að ég vil ekki tala of lengi um málið, fara að rifja upp þá sögu.

Með ráðstöfunum sem gerðar voru um áramótin 1980/1981 var lagður grundvöllur að því starfi. Þá var stigið fyrsta skynsamlegt skref í þá átt að lækka verðbólgu. Þær aðgerðir höfðu mjög jákvæð áhrif, kannske jákvæðari áhrif en maður hefði getað haldið í fljótu bragði. Skilyrðin voru hagstæð því að verðbólga var komin niður í 40% í ágústmánuði 1981. Um það var ekki deilt af neinum þá. Ástandið í peningamálum hafði gerbreyst til batnaðar. Það var miklu meira ráðstöfunarfé handbært hjá lánastofnunum í landinu en verið hafði um langa hríð, gjaldeyrisstaðan hafði stórlega batnað og það var yfir höfuð bati í efnahagskerfinu. Það sem gerðist þá, því miður, var að ekki tókst samkomulag um að fylgja þessum ráðstöfunum eftir. Síðan hefur sigið á ógæfuhlið í efnahagsmálum. Til viðbótar hafa svo komið mjög óhagstæð ytri skilyrði. Skal ég ekki rifja þá sögu upp hér nú. Um hana hefur verið rætt og ritað af ýmsum og við ýmis tækifæri.

Sú skoðun á áreiðanlega vaxandi fylgi að fagna með þjóðinni að verðbólgan náist aldrei niður á viðunandi stig nema með því að gerbreyta því vísitölukerfi sem við búum við, gera róttækar breytingar á kerfinu, vegna þess að ef ekkert er gert af því tagi verður auðvitað engin breyting á framvindu efnahagsmála. Það er kannske mergurinn málsins. Það er tiltölulega auðvelt að sýna fram á þá rökleysu að laun allra Íslendinga eigi að hækka ef sykur, kaffi eða olía hækkar í verði á heimsmarkaði. Eða ef öll þjóðin vill gera átak til uppbyggingar og lagðir eru á óbeinir skattar til að gera það mögulegt, þá skuli öll laun í landinu hækka. Ef nauðsynlegt reynist að hækka gjaldskrá hitaveitna, rafmagnsveitna og ríkisútvarps, svo dæmi séu tekin, hækki laun allra landsmanna. Því skyldu laun hækka ef þessi almenningsfyrirtæki verða að fá viðbótartekjur til að geta starfað eðlilega og veitt betri þjónustu? Auðvitað greiða menn meira til að tryggja nauðsynlega og bætta þjónustu. Svo má nefna ótal dæmi um það hve fráleitt núverandi vísitölukerfi er að mörgu leyti og hve

mikil nauðsyn er að gera breytingar á því. En höfuðgalli vísitölukerfisins er fólginn í því hversu verðbólguhvetjandi það er. Það viðheldur víxlgangi kaupgjalds og verðlags og eykur á verðbólgu.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé unnt að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar svo í lagi sé að óbreyttu vísitölukerfinu. Og þá verða að koma til auk breytinga á verðbótum launa breytingar á verðbótum skatta og verðbótum fjármagns. Verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar verður einnig að endurskoða. M. ö. o., það verður að gera róttæka breytingu á okkar efnahagskerfi til að við getum vænst þess að breyting verði á þróun efnahagsmála.

Ég er ekki einn um þá skoðun að þetta þurfi að gera. Margir vísir menn hafa verið sama sinnis. Ég get t. d. vitnað til ummæla Lúðvíks Jósepssonar fyrrv. ráðh. Hann sagði um þetta í þingræðu sumarið 1974 — (**Gripið fram í:** Það er oft búið að vitna í hann.) Það er oft búið að vitna í hann, en það er sjálfsagt að gera það þegar þessi mál eru rædd. Hann sagði þetta orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Sá vísitölugrundvöllur sem við búum við í dag er í eðli sínu ósanngjarn og hann er auk þess stórhættulegur efnahagskerfinu.“ Þetta sagði Lúðvík Jósepsson 1974 og það er nákvæmlega sama kerfi sem er við lýði í dag eins og var þá. Og hann sagði fleira. Hann sagði ennfremur orðrétt, með leyfi forseta: „Ég tel að það sé launþegasamtökunum í landinu nauðsynlegt og einnig gagnlegt fyrir vinnumarkaðinn almennt séð að hafa vissa vísitölutryggingu á launum, en það þarf að miða þá tryggingu við allt annað en vísitalan er miðuð við í dag.“ Þarna er hann að ræða um þetta kerfi og gera grein fyrir því hversu gallað það sé. Hann flutti um þetta langa ræðu og mætti að sjálfsögðu vitna í hana miklu meira en þetta, en ég gríp þarna niður í ummæli sem hann hafði um málið í þeim umræðum sem þá fóru fram.

Ég skal ekki endurtaka margt af því sem kom fram hjá hæstv. forsrh. og sjútvrh. um þetta mál í gær. Það var gerð glögg grein fyrir málinu og engin ástæða til að endurtaka í hverju það er fólgið. En ég vildi koma nokkuð inn á það hvaða kaupmáttaráhrif þetta frv. er líklegt að hafa. Álitið er að ef þetta frv. verður að lögum muni verðbólga lækka þess vegna á þessu ári um a. m. k. 5—6%. Það er kannske ekki mikið, en það er eigi að síður viðnám gegn því verðbólguflóði sem við búum við. (**Gripið fram í:** Hvað er þá reiknað með að rafmagnsverðið hækki?) Lækkun verðbólgu er hiklaust kjarabót fyrir alla og styrkir atvinnulífið í landinu og treystir atvinnuöryggi, sem er nú kannske hvað þýðingarmest. Í þeirri miklu verðbólgu sem hér ríkir nú óttast fólk í vaxandi mæli um atvinnuöryggi sitt. Ég álít að þetta frv., þó að það sé í sjálfu sér ekki sá áfangi sem ég hefði kosið eða minn flokkur, sé skref í þá átt að styrkja atvinnulífið, treysta atvinnuöryggið. En þýðing þess að halda atvinnu verður ekki metin í fáeinum prósentum, það er miklu meira í húfi.

Eins og kunnugt er eiga fjölmargir í miklum erfiðleikum með að greiða vexti og verðbætur af lánum sínum í þessari miklu verðbólgu. Lækkun verðbólgu leiðir til lækkunar vaxta og þar með lægri greiðslna af lánum en ella hefði orðið að óbreyttu kerfi. Húsbyggjendur og þeir sem skulda munu hagnast á þeirri lækkun verðbólgu sem leiðir af lögfestingu frv. Talið er að rýrnun kaupmáttar sem leiðir af þessu frv. muni nema um ½—1%. (**Gripið fram í:** Heldur þú að við fáum það skriflegt?) Ég geri ráð fyrir því. Þetta er talið, hv. þm., og ég sé enga ástæðu til að rengja það. Það er náttúrlega ekkert atriði fyrir fólk þó það fái fleiri krónur í sitt launaumslag ef það getur ekki keypt meira fyrir þá fúlgu en hina, sem væri lægri ef verðbólgan yrði minni.

Þetta frv. er liður í ráðstöfunum sem hafa verið gerðar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. frá 21. ágúst á s. l. sumri um aðgerðir í efnahagsmálum. Helstu ráðstafanir samkv. þessari yfirlýsingu voru í fyrsta lagi brbl. ríkisstj., sem verið er að samþykkja hér á hv. Alþingi og hafa fengið sögulegri meðferð á þingi en flestöll mál sem mig rekur minni til, kannske jafnvel í þingsögunni, a. m. k. seinni ára. (**Gripið fram í:** Sammála.) Mjög sögulega meðferð. Það voru brbl. sem var verið að samþykkja í Nd. í gær. Í öðru lagi láglaunabætur, sem eiga að koma láglaunamönnum til góða, þótt missmíði í lagasetningunni hafi því miður haft önnur áhrif í sumum tilvikum. Í þriðja lagi lenging orlofs sem þegar hefur verið lögfest. Í fjórða lagi ráðstafanir í húshitunarmálum sem eru einhver alvarlegustu mál sem nú er við að fást. Frekari ráðstafanir um jöfnun húshitunarkostnaðar þola enga bið, eins og ég veit að hv. alþm. er vel kunnugt um. Í fimmta lagi að hægja á fjárfestingu í landinu til að draga úr þenslu í efnahagskerfinu og draga úr erlendri skuldasöfnun.

Að lokum vil ég svo nefna það að reynt hefur verið að framkvæma aðhaldsstefnu í peningamálum og fjármálum ríkisins og gengismálum, að svo miklu leyti sem atvinnulífið framast þolir. Við hinn mikla lánsfjárskort og takmarkað ráðstöfunarfé þarf að beina fjármagni til undirstöðuatvinnuveganna. Það hefur verið framkvæmd stórfelldari lenging lána í sjávarútvegi en dæmi eru til, sem væntanlega kemur að nokkrum notum. Fleiri atriði mætti nefna í þessu sambandi. Þetta mál er einn liður í ráðstöfnunum sem ríkisstj. lýsti yfir á s. l. sumri að hún mundi framkvæma. Það er búið að framkvæma flest af þeim málum sem þar eru upp talin, a. m. k. þýðingarmestu málum, svo að það er sannarlega kominn tími til að þetta mál fylgi með. Ég verð að segja fyrir mína parta að ég hefði aldrei samþykkt sumt af því sem þar er á blaði nema í þeirri trú að það yrði allt framkvæmt sem þar var sett á blað. Ég trúði því þá að samkomulag væri um þessi mál. Ég trúði því og þess vegna hefur það valdið mér miklum vonbrigðum og auðvitað mörgum fleiri hve mikill dráttur hefur orðið á að framkvæma þennan þátt þess samkomulags og þeirrar yfirlýsingar.

Það er auðvitað erfitt að ræða þetta mál án þess að huga jafnframt að ástandi efnahagsmála. Því er spáð að verðbólga verði á árinu rúm 60% frá upphafi til loka ársins. Þjóðhagsstofnun spáir því í sinni spá frá 14. jan. s. l. Verðbólga hefur verið á bilinu 26—60% í heilan áratug eða allt frá því að fyrri olíukreppan skall á. Þetta er auðvitað stórhættulegt atvinnulífinu í landinu og veldur því að segja má að rekstur margra undirstöðuatvinnufyrirtækja, sem eru undirstaða atvinnu í heilum héruðum, hangi á bláþræði. Verðbólgan á sinn þátt í þessu þó að fleira komi til, eins og t. d. aflabrestur og erfiðleikar í efnahagsmálum. Ég álít að brbl. sem verið er að samþykkja hér og þetta frv. ásamt samdrætti og aðhaldi á mörgum sviðum efnahagsmála veiti viðnám gegn verðbólgu og það sé þess vegna ábyrgðarleysi að

fella þetta mál. Sjálfstæðismenn hafa sagt og líklega Alþfl.-menn líka, ég hef ekki tekið eftir því, að það skipti eiginlega engu máli hvort verðbólga er rúmlega 60% frá upphafi til loka árs eða 70 eða hvað það nú er. Ég held að það skipti allt máli í þessu efni, og ég er sannfærður um að ef brbl. hefðu ekki verið sett og ef þessi ráðstöfun og fleiri væru ekki samþykktar væri verðbólgan miklu meiri en hún er. (**Gripið fram í:** Hún verður miklu meiri ef stjórnin situr áfram.) Ég skal ekkert um það segja. Það fer m. a. eftir því hvort þetta mál verður samþykkt eða ekki, vegna þess að þetta mál veitir viðnám gegn verðbólgu og ég vonast til þess að það sé kannske fyrsti áfangi af miklu fleiri, sem þurfa að koma til til þess að ná verðbólgunni niður á stig sem hægt er að segja að sé viðunandi.

Það er auðvitað mjög margt í þessum málum öllum sem ástæða væri til að gera að umræðuefni. Ég skal þó ekki lengja mál mitt vegna þess að ég hef mikinn áhuga á því að þetta mál fari í gegnum þingið og hef þá skoðun að það muni hjálpa til. Ég viðurkenni að sjálfsögðu að hér er ekki um að ræða stóran áfanga, en það er um nokkurn áfanga að ræða, áfanga sem veitir viðnám gegn verðbólgu og stuðlar að því að treysta undirstöðuatvinnuvegina. Það sem okkur er langháskasamlegast að mínu mati nú, sem ég vil endurtaka, er ef atvinnuöryggið brestur. Ég óttast mjög að svo geti farið ef svo fer fram sem verið hefur að við stöndum frammi fyrir því að rekstur býsna margra fyrirtækja, sem eru undirstaða atvinnu víða um landið, dragist saman og jafnvel í sumum tilfellum hætti um sinn ef ekki verður veitt viðnám. Það álít ég að sé mergurinn málsins og miklu, miklu stærra mál en að prátta um kaupmátt sem er á bilinu 1% til eða frá.

Ég vonast til þess, þó að Alþb. hafi því miður snúist gegn málinu, að það muni ekki feta í fótspor sjálfstæðismanna, sem þeir gerðu lengi í sambandi við brbl., að fara að beita málþófi hér á Alþingi til að koma í veg fyrir að málið verði afgreitt, ef — ég segi ef þingmeirihluti er fyrir því. Ég skal ekkert um það fullyrða hvort þingmeirihluti er fyrir því, ég veit ekkert um það. Það hafa ekki komið fram neinar yfirlýsingar þar að lútandi, en ég hef tekið eftir því að þm. Sjálfstfl. og Alþfl. hafa talað varlega í þessu máli. Ég vona að það boði það að þeir muni ekki vilja setja fótinn fyrir málið. Og eins og ég sagði áður, ef nægilega margir þm. eru þeirrar skoðunar að þetta mál sé jákvætt, þá er nægur tími til þess að afgreiða það gegnum þingið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál núna við 1. umr. og ætla ekki að fara efnislega að ráði út í einstakar greinar eða útfærslu er varðar það nýja viðmiðunarkerfi sem upp á að taka samkv. þessu frv. Það er ekkert nýtt að þegar uppi eru ráðagerðir um efnahagsúrræði til að ná tökum á verðbólgunni sé það meginþátturinn í öllum efnahagsúrræðum, sem til framkvæmda hafa komið, að einblína á launin og skerða þau með einum eða öðrum hætti, án þess að á sama tíma sé leitast við með samræmdum aðgerðum á öllum sviðum efnahagslífsins að beita úrræðum, sem skila varanlegum árangri til lausnar þeim verðbólguvanda sem við er að glíma. Það sem nú gerist er einmitt einkennandi fyrir efnahagsúrræði síðari ára, að það er einmitt rétt fyrir útreikning verðbóta á laun sem stjórnvöld vakna upp og gera sér ljóst að það þurfi að leggja fram efnahagsúrræði við vandanum. Úrræðin miðast síðan við að skerða launin. Stundum fylgja með önnur skammtímaúrræði, sem engan vanda leysa, og síðan fylgir iðulega með þessum aðgerðum orðsending um að á næstunni skuli stefnt að hinu og þessu til að ná varanlegum tökum á efnahagsmálunum og verðbólgunni, treysta lífskjörin og byggja upp heilbrigt efnahagslíf. En efndirnar eru engar, eins og allir þekkja. Við vitum vel hver reynslan er, hver framkvæmdin hefur verið, hverjar efndir stjórnvalda hafa verið þegar til kastanna kemur að standa við yfirlýsingar og markmið. Öllu er velt á undan sér. Öllum ákvörðunum, er snerta uppskurð á efnahagskerfinu og uppbyggingu atvinnuveganna, er slegið á frest. Það eina sem ekki er slegið á frest er að skerða launin í landinu með einum eða öðrum hætti.

Hverjar eru svo afleiðingarnar? Þær blasa alls staðar við hjá atvinnuvegunum. Þarf ekki að fara nánar út í það hér hvernig mörg fyrirtæki ramba á barmi gjaldþrots og atvinnuöryggi launþega er stefnt í mikla tvísýnu. Og ekki eru afleiðingarnar síður alvarlegar fyrir mörg heimilin í landinu, sem berjast í bökkum, þar sem launin hrökkva ekki fyrir brýnustu nauðsynjum.

Þegar litið er til þess hvernig málsvari launafólks að eigin sögn, Alþb., hefur leikið með í þessum hringdansi í stjórnarsamstarfinu og staðið að hverri kjaraskerðingunni á fætur annarri, án þess að með fylgdu önnur úrræði sem máli skipta til að uppræta verðbólgudrauginn, er afstaða og málflutningur þeirra til þess frv. sem við hér ræðum afar einkennilegur. Innihald málflutnings Alþb. nú er að ekki komi til greina að samþykkja slíka kjaraskerðingu á launafólk þegar stjórnvöld gangi ekki á undan með góðu fordæmi og geri samhliða aðra nauðsynlega uppstokkun á efnahagskerfinu og hefji nýja framfarasókn í atvinnuuppbyggingunni.

Það var síðast í gær sem þessir málsvarar launafólks réttu upp hönd til að staðfesta þá kjaraskerðingu sem þeir stóðu að með brbl. í ágúst, sem ekkert fylgdi nema skattahækkanir og loforðaumbúðir um að gera hitt og þetta á sviði efnahags- og atvinnumála, sem ekki hefur verið staðið við. Þessir sömu menn hafa haft á fjórða ár til að beita sér fyrir uppstokkun á efnahagslífinu og framþróun í atvinnuuppbyggingunni. Og hver er árangurinn? Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens stendur einn eftir sem minnisvarði þessarar ríkisstj. um það sem gera átti en ekki var gert. Stjórnarsáttmálinn er minnisvarði um loforðin. Lýsinguna og minnismerkið í hnotskurn um efndirnar má svo sjá í hrikalegri skuldasöfnun og slæmri stöðu atvinnuveganna með þeim afleiðingum að atvinnuöryggi er í stórfelldri hættu og lífskjörin hafa dregist saman hjá launafólki og heimilunum í landinu. En þessa dagana klæðast Alþb.-menn kosningaskrúðanum og reyna að draga dulu yfir fyrri gerðir. Þá er það bannorð í þeirra herbúðum að tala um einhliða skerðingu á laun fólksins í landinu án annarra aðgerða. Nú ganga þeir um vinnustaði og tala um að Tómas hafi svikið þetta, Steingrímur hitt og Gunnar annað.

Svona er málflutningur þessara manna nú, sem staðið hafa að hverri kjaraskerðingunni á fætur annarri og á fjórða ár hafa haft gullið tækifæri til að koma á gerbreyttri efnahagsstefnu, ekki síst vegna þess að launafólk hefur sýnt þessari ríkisstj. takmarkalausa

þolinmæði og lagt sitt af mörkum til að leggja lið í baráttunni við verðbólguna. Engu að síður hefur þessi ríkisstj. með Alþb.-menn í broddi fylkingar níðst á þolinmæði og fórnum launafólks og ekki haft uppi neina tilburði í þrjú ár til að efna loforðin og koma á samræmdum efnahagsaðgerðum sem skili árangri og verði til þess að launafólk sjái árangur fórna sinna. Þegar þessi ríkisstj. setti brbl. í ágústmánuði s. l. var sagt við launafólk: Ef þið færið ekki þessar fórnir verður verðbólgan á næsta ári 70% í stað 50%. En hver er árangurinn nokkrum vikum eftir að launafólk færði fórnina? Verðbólgan er ekki 50%, eins og ríkisstj. sagði í ágúst, heldur nálægt 70% og stefnir hærra. Árangurinn er auðvitað strax uppétinn af því að ríkisstj. hafði ekki þá fremur en áður áræði eða þor til að gera aðrar nauðsynlegar samræmdar ráðstafanir á sviði efnahags- og atvinnumála. Þetta er sami hringdansinn á þriggja mánaða fresti ár eftir ár. En samt er haldið áfram.

Það frv. sem við fjöllum um nú, um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun og fleiri ákvæði sem því fylgja, er sami hringdansinn. Hæstv. viðskrh. sagði hér áðan að þetta væri fyrsta skrefið, fyrsti áfanginn. Hversu oft höfum við ekki heyrt það, hversu oft hefur launafólk ekki heyrt það, þegar verið er að skerða launin, að þetta sé fyrsta skrefið, meira eigi að koma. Hver er reynslan? Það verður aldrei nema þetta fyrsta skref og við stöndum áfram í sömu hjólförunum.

Það frv. sem við fjöllum um nú, um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun og fleiri ákvæði sem því fylgja, er því sami hringdansinn. Frv. felur í sér aðgerðir sem miðast við að taka eingöngu af launanum og er algerlega slitið úr samhengi við aðrar nauðsynlegar efnahagsaðgerðir og þá uppstokkun á efnahagskerfinu sem er orðin lífsnauðsyn. Ég er ekki með þessum orðum að andmæla því eða draga úr því að leiðrétta þarf vísitölugrunninn og koma í veg fyrir víxlgang kaupgjalds og verðlags. En sú aðferð dugar ekki ein sér í baráttunni við verðbólguna, slitin úr samhengi við aðrar nauðsynlegar efnahagsaðgerðir. Það er löngu orðið tímabært að efnahagsúrræðin, sem hér fara frá hv. Alþingi og sem ríkisstjórnir standa að, miðist ekki nær eingöngu við það að launþegar séu látnir færa fórnir og heimilin í landinu séu látin bera byrðarnar af rangri stefnu í efnahags- og atvinnumálum.

Ég er sannfærð um það, að launafólk og verkalýðshreyfingin mundu skoða þetta frv. með mjög jákvæðu hugarfari, ef við samhliða værum hér að ræða aðrar aðgerðir í efnahagsmálum, sem tryggðu að fórnir launþega skiluðu varanlegum árangri og tryggðu til frambúðar betri lífskjör. Þetta frv. eitt sér, ef að lögum verður, gefur launafólki enga tryggingu fyrir því að það sjái árangur þeirra fórna sem ákvæði frv. fela í sér. Auðvitað eru launafólk og verkalýðshreyfingin treg til, svo að ekki sé meira sagt, að samþykkja einhverjar breytingar á verðbótaákvæðum, jafnvel þó því sé vel kunnugt um stórfellda galla þeirra, þegar það sér hvergi neina vörn eða neitt skjól fyrir þeim sífelldu verðlagshækkunum á vöru og þjónustu sem sífellt dynja yfir og sem verðbótaákvæði launa halda hvergi nærri í við. Ég vil t. d., með leyfi hæstv. forseta, lesa það sem fram kemur um 4. gr. þessa frv. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í þessari grein er að finna þá grundvallarbreytingu á núgildandi verðbótatilhögun, að lagt er til að breytingar á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum hafi ekki áhrif á greiðslu verðbóta á laun. Sem dæmi um slíka óbeina skatta og gjöld má nefna söluskatt, aðflutningsgjöld, innflutningsgjöld og vörugjöld, en gert er ráð fyrir að um nánari framkvæmd þessara ákvæða verði kveðið á í reglugerð."

Hvaða áhrif hefur þetta á verðlagsþróunina? Það er allt í óvissu um hvaða áhrif þetta hefur á afkomu heimilanna. Heimilin verða enn frekar en nú varnarlaus gagnvart þeim hækkunum sem dynja yfir, ef stjórnvöldum þóknast að gera breytingar á óbeinum sköttum svo sem vörugjaldi eða söluskatti, sem ekki munu hafa áhrif á launin. Ennfremur er vert að benda á það, sem kemur fram í 4. gr. einnig, að gert er ráð fyrir að um nánari framkvæmd þessara ákvæða verði kveðið á í reglugerð. Og í 7. gr. segir: „Forsrh. skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga."

Að þessu leyti er frv. auðvitað meingallað. Forsrh. eru gefnar frjálsar hendur um hvernig að framkvæmd þessa ákvæðis skuli staðið. Þau úrræði sem felast í frv. ein sér eru eins og áður ekki liður í samræmdum aðgerðum, þar sem tekið er á öllum þáttum efnahagsmála, eins og Alþfl. hefur margoft lagt til undanfarin ár að gert verði og hvað eftir annað lagt fram tillögur um að gera. Þó að ýmis mál þar að lútandi liggi nú fyrir Alþingi sér Alþingi enga ástæðu til að líta nánar á, hvað þá heldur að afgreiða þau mál.

Það er samt athyglisvert að nú á síðustu mánuðum þessa stjórnarsamstarfs skýtur það upp kollinum af og til, bæði hjá ríkisstj. í loforðalista hennar og í ályktunum og samþykktum miðstjórna ríkisstj.-flokkanna, að hitt og þetta þurfi nú bráðnauðsynlega að gera. Er þar einmitt oft bent á ýmis atriði, bæði á sviði efnahags- og atvinnumála, sem Alþfl. hefur margoft undanfarin ár ítrekað og flutt frv. um að gera þyrfti í efnahags- og atvinnumálum. Skal ég ekki, herra forseti, eyða tíma þingsins til að rifja það upp þótt freistandi væri.

Tafarlaus framkvæmd samræmdra efnahagsúrræða er auðvitað forsenda þess að réttlætanlegt sé að stjórnvöld grípi inn í verðbætur launa vegna þrenginga í efnahags- eða atvinnumálum. Þessu hefur Alþfl. marghamrað á og margsinnis látið koma fram að einhliða krukk stjórnvalda í laun, úr samhengi við aðrar aðgerðir, skili engum árangri. Þetta frv. eitt og sér er því algerlega úr takt við þá stefnu sem Alþfl. vill fylgja, hefur barist fyrir og lagt fram tillögur um — og það sem meira er, verið sjálfum sér samkvæmur í. Það þarf ekki að rifja upp mörgum orðum hér að Alþfl. neitaði 1979, þegar hann rauf stjórnarsamstarf við ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, að fylgja stefnu sem var í engu samræmi við stefnu flokksins og tillögur um árangur í efnahags- og atvinnumálum og varaði við afleiðingum þess að fetað yrði áfram á þeirri braut, braut skammtímaráðstafana sem eingöngu miðast við að skerða launin, og vildi breyta því að stjórnvöld rumski aðeins rétt fyrir útreikning verðbótavísitölu, eins og ævinlega er gert og eins og nú á að fara að gera.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Það er ljóst að þetta frv. er ekki liður í samræmdum efnahagsaðgerðum og því andstætt þeirri stefnu sem Alþfl. boðar og sýndi með eftirminnilegum hætti 1979 að honum er fullkomin alvara að framfylgja. Ég vil lýsa því hér yfir að ég tel óráð og vægast sagt mjög hæpið, svo að ekki sé meira sagt, að fylgja því frv. sem hér er til

umr. Ég lýsi andstöðu minni við það í þeim búningi sem það er, slitið úr samhengi við meiri háttar efnahagsaðgerðir sem gætu tryggt að fórnir launþega skili þeim árangri sem látið er í veðri vaka að þær geri.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það er öllum hv. alþm. fullkunnugt að verðbólgan hefur verið höfuðmeinsemd í íslensku efnahagslífi í æðimörg ár. Allir eru sammála um að það þarf að vinna að hjöðnun hennar og helst að útrýma henni að fullu og öllu. Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að ráða niðurlögum hennar. Flestar hafa þær misheppnast. En þó erum við allir sammála um það að eitthvað verður að gera, eitthvað verður að hamla gegn þessum vágesti.

Nú liggur hér fyrir frv. til laga um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl. Ég er ekkert hissa þó að menn líti þetta frv. misjöfnum augum. Sínum augum lítur hver á silfrið. En mér er kunnugt um að þetta mál hefur verið æðilengi á dagskrá hjá ráðamönnum þjóðarinnar og þetta frv. er vandlega unnið og undirbúið. Þegar frv. kemur fram af þessu tagi, þurfum við líka að gera aðeins meira en skiptast á skoðunum um efni þess og hvaða tökum við tökum það. Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að þjóðin fylgist með því sem gerist hér á hv. Alþingi. Að mínum dómi er Alþingi nú í æðimikilli lægð í augum þjóðarinnar. Þetta þurfum við að hafa í huga og taka þess vegna hvert alvarlegt viðfangsefni, sem okkur berst á borð, með nokkuð mikilli alvöru þó að við ræðum það gaumgæfilega. Við þurfum að minnast þess að við megum ekki verða þess valdandi að hér verði „hrafnaþing kolsvart í holti fyrir haukþing á bergi." Ég held að við getum öll verið sammála um þetta. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. efnislega. Það munu aðrir gera og hafa gert. Ég ætla aðeins að beina þeim tilmælum til hv. alþm. úr öllum flokkum að þeir leggi sig fram um að þetta frv. fái greiða þinglega meðferð, að því verði sem fyrst vísað til n. þar sem það verður athugað vandlega. Síðan getum við séð hver örlög þess verða. Þessum tilmælum vildi ég koma á framfæri við hv. alþm. í fullri alvöru.

Umr. frestað.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 311). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, sem hér liggur fyrir, felur í sér breytingar á fjórum greinum laganna. Er í aths. með frv. gerð nokkur grein fyrir hverju þessara ákvæða fyrir sig. Tel ég ekki þörf að rekja efni þeirra allra hér, en vil þó fara nokkrum orðum um tvö ákvæðanna, þeirra sem eru í 2. og 3. gr. frv.

Með fyrra ákvæðinu, sem er í 2. gr., er lagt til að þeim sem af trúarástæðum geta ekki sótt kjörfund á kjördegi verði heimilað að greiða atkv. utan kjörfundar. Miðað við ákvæði 62. gr. laganna er þetta eigi gild ástæða til að greiða atkv. utan kjörfundar. Fyrir sveitarstjórnarkosningar á síðasta vori kom í ljós að sumir kjósendur, sem teljast til Sjöunda dags aðventista, töldu það ekki samrýmast sinni trúarskoðun að neyta kosningarréttar síns á laugardegi, en þá var kjördagur í fyrsta sinn á þeim degi. Gildir þetta um laugardaginn fram til sólseturs.

Heimild til að greiða atkv. utan kjörfundar er samkv. 62. gr. laganna bundin við tilteknar ástæður, þ. e. fyrirhugaða fjarveru á kjördegi, ráðgerða sjúkrahúsvist og barnshafandi konur sem ætla má að verði hindraðar í að sækja kjörfund á kjördegi. Aðrar ástæður heimila eigi atkvgr. utan kjörfundar. Hér er þess að geta, að kjósanda ber að greina kjörstjóra frá ástæðu þess að hann vill kjósa utan kjörfundar og gera grein fyrir hvar hann muni verða staddur á kjördegi, og skal færa þessar upplýsingar í þar til ætlaða bók, sem umboðsmenn lista hafa aðgang að. Reynist þessar ástæður ekki fyrir hendi á kjördegi er kjósanda skylt að tilkynna nærveru sína áður en atkvgr. lýkur að viðlagðri refsiábyrgð. Vegna þessa ákvæðis töldu kjörstjórar eigi heimilt að leyfa utankjörfundaratkvgr. af trúarástæðum, einkum við sveitarstjórnarkosningarnar á síðasta ári. Til að koma til móts við þessa kjósendur er lagt til að kveðið verði ótvírætt á um það í 62. gr. kosningalaganna að þeim sé heimil kosning utan kjörfundar ef þeir af þessum ástæðum geta eigi sótt kjörfund á kjördegi.

Þótt ekki sé það lagt til nú tel ég ástæðu til að það verði tekið til athugunar hvort ástæða sé til að kanna jafnrækilega og nú er ástæður þess að kjósandi vill kjósa utan kjörfundar. Mætti ætla að kjósanda megi treysta til að meta það sjálfur, hvort hann hafi ástæður til að greiða atkv. utan kjörfundar og ekki séu efni til að láta skipta máli þótt þær ástæður reynist ekki fyrir hendi þegar kjördagur rennur upp. Er rétt að minna á, að fyrir alþingiskosningar í des. 1979 var heimilað að kjósa utan kjörfundar, þótt þær ástæður sem í lögum eru tilgreindar ættu ekki við, ef kjósandi hafði ástæðu til að ætla að veður eða færð mundi hamla honum kjörsókn á kjördegi.

Síðara ákvæðið varðar notkun stimpla við utankjörfundaratkvgr. Það mál var tvívegis til meðferðar á hv. Alþingi á s. l. þingi. Í samræmi við lög frá því þingi voru stimplar útbúnir til notkunar við sveitarstjórnarkosningar á síðasta ári. Voru stimplar notaðir hjá 51 kjörstjóra, þ. e. við borgarfógetaembættið í Reykjavík, hjá embættum sýslumanna og bæjarfógeta, í sendiráðum og hjá nokkrum hreppstjórum. Að kosningum loknum leitaði dómsmrn. upplýsinga frá kjörstjórum og yfirkjörstjórnum í kaupstöðum um reynslu af notkun stimplanna. Hefur verið gert sérstakt yfirlit með þeim upplýsingum, sem þar koma fram, og er þar bæði lýst kostum og göllum í sambandi við notkun stimplanna.

Ekki tel ég ástæðu til að lesa hér upp það yfirlit sem gert var. Með frv. þessu er hins vegar lagt til að fengin verði frekari reynsla af stimplanotkun áður en endanlega verður kveðið á um að einungis skuli notaðir stimplar við utankjörfundaatkvgr.

Herra forseti. Ég tel eigi ástæðu til að rekja efni frv. frekar en gert hefur verið og legg til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og

verslunarhúsnæði. Frv. þetta hefur verið afgreitt frá Ed. og kemur nú í síðari deild.

Þessi skattur var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Skatturinn hefur síðan verið lagður á árlega samkv. sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Á síðasta ári var skatturinn lagður á samkv. lögum nr. 19/1982 og er áætlað að tekjur af honum hafi orðið um 32 millj. kr. Í frv. til fjárl. fyrir 1983 var gert ráð fyrir þessari skattlagningu áframhaldandi og var frv. samþ. með þeirri till. Af þeim sökum ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til að frv. þetta verði afgreitt.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða um frv. þetta, sem er shlj. frv. um sama efni sem flutt hafa verið og samþykkt á undanförnum þingum, en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengislög, frv. (þskj. 335). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á áfengislögum, er eins konar fylgifrv. frv. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit á þskj. 121, sem flutt hefur verið af fjmrh. og er til meðferðar í þessari þd. Er þar gert ráð fyrir breyttum reglum um meðferð varnings sem er í skipi eða öðrum farkosti sem kemur til landsins. Til þess að ákvæðið nái tilgangi sínum þarf jafnframt að breyta tilsvarandi ákvæði í áfengislögum og er frv. þetta flutt til að samræmis gæti að þessu leyti. Jafnframt er með frv. lagt til að landhelgi samkv. áfengislögum verði framvegis hin sama og almenn landhelgi, þ. e. 12 sjómílur. Er það einnig til samræmis við áðurnefnt frv., sem gerir ráð fyrir að tollalögsagan verði 12 sjómílur.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sektarmörk nokkurra laga, frv. (þskj. 249). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, sem hingað er komið óbreytt frá hv. Ed., fjallar um sektarviðurlagaákvæði í 74 lögum sem hafa að geyma ákvæði þar sem sektin er tiltekin krónutala. Frv. þetta er framhald þeirrar endurskoðunar, sem hófst með framlagningu og samþykkt frv. á síðasta þingi, þar sem breytt var sams konar ákvæðum 52 laga. Með þessu frv. má telja að tæmd séu þau lagaákvæði sem hafa tiltekna krónutölu sektar og ástæða er til að ætla að hafi raunhæft gildi. Skrá sú, sem hegningarlaganefnd lét taka saman um slík lagaákvæði, hafði upphaflega að geyma um 200 ákvæði. Við athugun ráðuneytanna á ákvæðum þessum voru allmörg þeirra talin úrelt eða þýðingarlaus, þannig að eftir standa 126 ákvæði og þar af hefur 52 þegar verið breytt.

Tilgangurinn með þessari breytingu á sektarákvæðunum er að færa sektarupphæðina undir ramma almennra hegningarlaga og nægir því að breyta sektarfjárhæðinni í 50. gr. hegningarlaganna til að sektarviðurlög fylgi verðlagsþróuninni. Hámark sekta er nú 1 millj. kr., en því hámarki þarf væntanlega að breyta þegar tímar líða.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Grunnskólar, frv. (þskj. 119, n. 292). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. Nd. um frv. til l. um breyt. á lögum um grunnskóla, sem liggur hér fyrir á 119. þskj., 116. mál þingsins.

Þetta frv. var borið fram á síðasta vorþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, og málið er nú endurflutt. Með þessu frv. er lagt til að tekin séu inn í gildandi grunnskólalög ákvæði varðandi fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna. Ákvæði um þessa fræðslu er hvergi að finna í grunnskólalögunum sjálfum, en eigi að síður er skólanum gert skylt að annast þá fræðslu.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ég leyfi mér hins vegar, herra forseti, vegna þess að hæstv. dómsmrh. er staddur hér, að minna á, að við þóttumst rekast á það í nefndinni að það er talað um — og síðast áðan í máli hæstv. dómsmrh. — áfengislög frá 1969, sem eru endurskoðuð löggjöf frá 1954. Við fengum hins vegar ekki betur séð — og biðjum um að það verði athugað — en löggjöfin frá 1954 hafi aldrei verið úr gildi felld. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðh. hvort hægt sé að fella fjölmargar breytingar á löggjöf inní lög frá 1954 og kalla það lög frá 1969 án þess að eldri flokkurinn sé úr gildi felldur. Ég þekki hreinlega ekki nógu vel til til þess að fullyrða um þetta, en ég sá ekki betur en svona væri. Ég veit ekki betur en t. d. núgildandi reglugerð eigi stoð í lögum frá 1954. — En þetta er nú tækniatriði sem ég vil nota tækifærið til að minna hér á.

Hv. menntmn. Nd. var einhuga um að mæla með samþykkt frv. þess sem hér er á dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 254, n. 313). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 313 um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum. Hér er um að ræða þá breytingu á sveitarstjórnarlögum, að aftan við 94. gr. laganna bætist svohljóðandi mgr.:

„Þegar ákveðið hefur verið að sameina tvö eða fleiri sveitarfélög, getur félmrh. ákveðið að tala sýslunefndarmanna verði sú sama og fyrir sameininguna, enda óski fráfarandi hreppsnefndir eftir að svo verði gert."

Þessi lagabreyting er fyrst og fremst gerð vegna eindreginna óska sveitarstjórna Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, en samþykkt

var við almenna atkvgr., sem fram fór 14. nóv. 1982 í Dyrhóla- og Hvammshreppum, að þessir hreppar yrðu sameinaðir í einn hrepp.

Ríkisstj. hafði fjallað um beiðni félmrh. um þetta mál á sínum tíma og var meðmælt umræddri lagabreytingu.

Nefndin ræddi frv. og athugaði málið frá ýmsum hliðum og mælir með því að það verði samþ. óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og hv. þm. Eggert Haukdal.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vestfjarðaskip, frv. (þskj. 331). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 331 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og Sighvati Björgvinssyni að flytja frv. til l. um smíði eða kaup og rekstur sérstaks Vestfjarðaskips. Þetta er tiltölulega stutt og einfalt mál, aðeins fjórar greinar.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilað að hefja undirbúning að smíði eða kaupum á sérstöku Vestfjarðaskipi og að það skip skuli bæði byggt fyrir fólks- og vöruflutninga.

2. gr. gerir ráð fyrir á hvaða leið þetta skip skuli vera rekið, þ. e. Vestfjarðahafnir — Reykjavík, og að heimahöfn skipsins skuli vera Ísafjörður.

3. gr. gerir ráð fyrir að til framkvæmdar þessarar sé ríkisstj. heimilt að taka lán, svo sem þurfa þykir, til að tryggja framgang málsins.

Það þarf ekki ýkjamörgum orðum um þetta mál að fara. Efnislega er hér um að ræða mál sem hefur áður komið upp hér á hv. Alþingi. Það mun a. m. k. þrívegis áður hafa verið flutt frv. til l. um slíkt skip og a. m. k. ein þáltill. mun hafa verið flutt efnislega um svipað og hér er gert ráð fyrir.

Að því er varðar Vestfirði og samgöngur þarf engum getum að því að leiða að það er sá landshluti sem er langsamlega einangraðastur samgöngulega séð af öllum landshlutum hér á landi, hvort sem litið er til samgangna á sjó, í lofti eða á landi. Enda þótt það hafi breyst nokkuð og til hins betra að því er varðar samgöngur á landi er eigi að síður staðreyndin sú, að Vestfirðir eru einangraðir frá öðrum landshlutum í samgöngum á landi a. m. k. 5, 6 eða 7 mánuði á hverju ári.

Öllum er ljóst hversu miklum annmörkum flugsamgöngur við Vestfirði eru háðar og þá ekki hvað síst við norðurhluta Vestfjarða. Það kemur æðioft fyrir að í blíðskaparveðri, sumarveðri, og þó að blakti varla hár á höfði er ófært á Ísafjarðarflugvelli t. d., og er auðvitað augljóst af slíku að lítil samgönguleg trygging felst í flugsamgöngunum þarna.

Sjósamgöngur, og það skal viðurkennt, hafa batnað frá því sem var á tímabili, en eigi að síður er brýn nauðsyn á því að þessi þáttur samgangna, bæði innan Vestfjarðasvæðisins sjálfs og einnig að því og frá, sé tryggður.

Ég hygg að öllum muni hafa verið það ljóst, að ekki síst eftir það ástand sem ríkt hefur á þessu svæði á yfirstandandi vetri, að við svo búið má ekki standa lengur. Það hefur gerst núna allt frá áramótum, að Vestfirðir hafa verið einangraðir bæði frá öðrum landshlutum og innan héraðs svo vikum skiptir vegna óveðurs. Slíkt er auðvitað ekki bjóðandi fólki nú til dags.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, er þáttur í því að hreyfa þessu máli a. m. k., vekja menn til umhugsunar um nauðsyn þess að hér sé ráðin bót á og undinn bráður bugur að því að þessum einangraða landshluta sé sinnt meira en verið hefur að því er varðar samgöngur til og frá svæðinu og innan þess.

Það hefur margoft verið á það bent af Vestfirðingum, bæði sveitarstjórnum, fjórðungssambandi Vestfirðinga, o. fl., hversu nauðsynlegt það er að tryggja svo sem verða má samgöngur á sjó að og frá þessu svæði og innan þess, og það er í ljósi þeirrar brýnu nauðsynjar, sem hér er um að ræða og sem hefur sannast hvað best á yfirstandandi vetri, sem þetta mál er nú flutt hér aftur og í trausti þess að augu meiri hluta þingmanna hafi opnast, það vel að þeir sjái til þess ástæðu að veita þessu máli brautargengi. Það er í ljósi þessara brýnu hagsmuna, nauðsynjar á úrbótum í samgöngum, sem við leyfum okkur hér að flytja þetta mál.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð. Málið er ljóst, nauðsynin er brýn og krafan er sú að það nái sem allra fyrst fram að ganga.

Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hefði nú talið að þetta væri samgöngumál og vekur því nokkra undrun að það eigi að fara til fjh.- og viðskn., en látum það gott heita.

Vissulega er það rétt að Vestfirðir eru einangraðir og búa við hvað erfiðastar samgöngur á Íslandi. Ég hygg að á seinustu árum hafi þó orðið jákvæðastar framfarir varðandi samgöngur á sjó með tilkomu þeirrar uppbyggingar sem orðið hefur hjá Skipaútgerð ríkisins. Margt bendir til þess, að ef við lítum svo á að Vestfirðir eigi ekki aðeins að hafa viðskiptaleg tengsl við Reykjavík, heldur einnig við Norðurland, hljóti að vera hagkvæmara að halda uppi heildarsamgöngukerfi fyrir landið allt með ströndum fram og standa þannig að því verki að Skipaútgerð ríkisins verði efld svo að hún geti sinnt sínu hlutverki eins og best verður á kosið.

Ég vil vekja athygli á því, að ef Vestfjarðaskip færi frá Ísafirði og svo á Vestfjarðahafnirnar til Reykjavíkur yrði t. d. ein höfn skilin eftir, sem er viðkomustaður í dag, þ. e. í Norðurfirði á Ströndum.

Mér sýnist að við þurfum í þeirri stöðu sem þetta mál er í að athuga fyrst og fremst hvort sú stefna hafi verið raunhæf að farþegaflutningar með skipunum eru nánast úr sögunni, því að það er vissulega rétt, sem hér kemur fram hjá flm., að þessi vetur hefur verið það harður og illviðrasamur að sú samgönguleið, sem mest hefur verið notuð á umliðnum vetrum varðandi farþegaflutninga, þ. e. flugið, hefur átt mjög í vök að verjast. Aftur á móti varð sú breyting gerð á flutningum Skipaútgerðarinnar að farþegaflutningar eru þar nánast úr sögunni. Ég hygg, þó að ég sé ekki sammála flm. um að skynsamlegt sé að taka Vestfirðina eina út úr hvað þetta snertir, að ekki fari milli mála, og ég er sammála því markmiði sem hér kemur fram, að það sé brýn nauðsyn að halda áfram að efla samgöngur við Vestfirði.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði.

Mér sýnist að það sé eðlilegt til hvaða nefndar málið

fer. Ég bar mig saman við hæstv. forseta um til hvaða nefndar væri eðlilegast þinglega séð að vísa málinu. Það var fjh.- og viðskn. því að hér er vissulega um fjárhagsmál að ræða, peningamál, það er ekki spurning um það. — Það er ekki í fyrsta skiptið sem hæstv. forseta og skrifara hans greinir á í málum.

Varðandi annað það sem kom fram hjá hv. þm.

Ég túlka hans mál svo, að hann sé hlynntur meginefni þessa umrædda máls. Menn getur greint á um hvort það á að vera sérstakt skip eða leysa málið í öðru formi, en eigi að síður undirstrikaði hann þörfina á því að hér ættu úrbætur sér stað.

Það er nú svo um jákvæðar samgöngur á sjó með *tilkomu Skipaútgerðar ríkisins*. Það er vissulega afmarkað hversu jákvætt það er að því er varðar farþegaflutninga. Það eru svo til engin farþegarými til flutninga á farþegum með Skipaútgerð ríkisins. Það hefur sannast hvað best á yfirstandandi vetri hversu brýn nauðsyn er að það sé í ferðum skip sem jafnframt getur tekið farþega eins og vörur.

Að því er varðar Skipaútgerð ríkisins skal það viðurkennt að þar hefur lagast ástand frá því sem áður var, enda mátti það vissulega gera það. Eins og málum var komið hjá Skipaútgerð ríkisins og varðandi flutninga á Vestfjarðahafnir t. d. liðu allt upp í þrjár vikur milli ferða. Það sér hver maður að slíkt ástand var óþolandi.

En ég veit ekki hvers vegna hv. þm. hefur komist að þeirri niðurstöðu að með sérstöku Vestfjarðaskipi verði Norðurfjörður á Ströndum skilinn eftir. Það er a. m. k. ekki í mínum huga að sú höfn yrði eftir skilin, hvort sem um væri að ræða sérstakt Vestfjarðaskip eða málið yrði leyst með einhverjum öðrum hætti. Hún er vissulega í mínum huga innan þess ramma, sem hér er verið um að tala, og ætti kannske síst allra staða að vera skilinn eftir eins og þar háttar til um aðstæður allar.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um málið. Ég ítreka þetta: Þó að hv. þm. hafi ekki viljað vera meðflm. að þessu frv. skil ég hans afstöðu til málsins jákvæða. Hann hefði þó kannske viljað fara aðra leið en hér er lagt til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Fimmtudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Hljóðvarpsskilyrði eystra, fsp. (þskj. 260). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 260 hef ég borið fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvað veldur þeim afleitu hljóðvarpsskilyrðum, sem hvað tilfinnanlegust eru á suðurfjörðum Austfjarða? Hverjar úrbætur eru fyrirhugaðar í þessum efnum og hvenær er þeirra að vænta?“

Þetta mál er býsna einfalt og kannske ekki ástæða til að flytja það hér inn í þingsali þó að margir vildu gjarnan heyra það hvað þessu ylli, en einmitt á ferðalögum eystra í byrjun þessa árs var mjög um þetta spurt og sjálfur heyrði ég það glögglega að það var ekki að ástæðulausu sem menn spurðu um þetta. FM-bylgjan var hreinlega með öllu óhæf á stundum til allrar hlustunar. Menn höfðu að vísu spurst fyrir um þetta hjá þeim aðila sem þarna er framkvæmdaaðili, þ. e. Pósti og síma, en þær skýringar sem þar hafa fengist eru tæpast haldbærar, svo að ekki sé meira sagt. Miðað við svör þaðan og sögusagnir einnig um það, að þarna væri kannske eitthvert smáræði sem á stæði til að þessu yrði kippt í lag, taldi ég best að fá hæstv. menntmrh., æðsta yfirmann hljóðvarpsins til beinna svara um það, hvað væri *til úrbóta og hvort ekki mætti vænta þeirra alveg á* næstunni.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal reyna að svara þessari fsp. eftir því sem ég hef getað kynnt mér þetta efni í samtölum við Ríkisútvarpið. Eins og ég veit að hv. fyrirspyrjandi veit og alkunna er eru slæm hlustunarskilyrði fyrir langbylgjusendingar vandamál víða á landinu og líklega hvergi verri en einmitt á Austfjörðum. Þessi erfiðu skilyrði til móttöku langbylgjusendinga koma fram í því fyrst og fremst að sterkar erlendar stöðvar trufla veikar langbylgjuútsendingar frá Eiðum. Þessar sterku útlendu stöðvar yfirgnæfa Eiðastöðina sem hefur náttúrlega alltaf verið of veik vafalaust.

Á seinni árum hefur hins vegar verið stefnt að því að gera hlutstendur sem óháðasta langbylgjunni með því að koma upp FM-dreifikerfi. Ef við horfum til Suðurfjarðanna og til Suðausturlandsins, þá eru komnar núna FM-stöðvar á Djúpavogi og í Álftafirði, í Lóni, á Almannaskarði, Höfn í Hornafirði og á Borgarhöfn í Suðursveit. Þetta eru þær FM-stöðvar sem þegar eru komnar upp þarna á Suðurfjörðum og á Suðausturlandinu. Ég vil líka upplýsa að í næsta mánuði, þ. e. í marsmánuði, er ákveðið að setja upp tvær nýjar FM-stöðvar á syðri fjörðunum á Austfjörðum, þ. e. á Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð og í Staðarborg í Breiðdal.

Hv. fyrirspyrjandi ræddi hér um FM-kerfið. Það er náttúrlega illt ef svo er að FM-kerfið hafi ekki nýst. Á því hef ég í rauninni ekki fengið neinar frekari skýringar en komið hafa fram í viðtölum hv. fyrirspyrjanda við Ríkisútvarpið eða þá menn sem sjá um framkvæmd þessara mála. Ég held þó að það sé mjög brýnt að útvarpsnotendum lærist að nota FM-kerfið, þ. e. að eiga viðtæki sem hæfa. Sums staðar mun það mjög nauðsynlegt að nota útiloftnet við móttöku FM-útvarps, eins og tíðkast um móttöku á sjónvarpi. Það er því náttúrlega margs að gæta, skilst mér, í þessu sambandi þó að ekki sé ég tæknifróður maður. Það skiptir ákaflega miklu máli að hafa allan útbúnað fyrir móttöku á FM-útvarpi í sem bestu lagi.

Eftir því sem mér skilst mun í þessu tilfelli fyrst og fremst hafa verið um það að ræða að langbylgjan hafi brugðist eins og oft áður og FM-sendingar ekki nýst af einhverjum orsökum, annaðhvort af því að FM-stöðvarnar hafi ekki verið nógu margar eða nærri þeim stöðum þar sem truflananna gætti, ellegar þá hitt að viðtökubúnaður fyrir FM-sendingar er ekki nógu góður. Sem sagt, viðtækin séu ekki nógu góð eða loftnetin ekki nógu vel úr garði gerð.

Það er auðvitað ljóst að Ríkisútvarpinu ber að tryggja hlustendum sem best hlustunarskilyrði með nothæfu dreifingarkerfi. Ég legg að sjálfsögðu mikla áherslu á það við forráðamenn Ríkisútvarpsins að fylgjast sem best með veilum á útsendingarkerfinu og haga uppbyggingu þess svo að úr þeim verði bætt. Hins vegar verður ekki hjá því komist að brýna fyrir útvarpsnotendum að gera ráðstafanir að sínu leyti sem tryggi að þeir fái notið þeirra endurbóta sem komnar eru eða unnið er að á dreifikerfinu.

En sem sagt, svar af þessu tagi er vafalaust ekki alfullkomið, það skal ég fúslega viðurkenna, en þetta er niðurstaðan af því sem ég hef að upplýsa eftir að hafa ráðfært mig við starfsmenn Ríkisútvarpsins, þá sem um þetta fjalla. Og kannske er meginatriðið í þessu svari að skýra frá því að í marsmánuði, í næsta mánuði verða settar upp tvær nýjar FM- stöðvar á suðurfjörðum Austfjarða, þ. e. á Staðarborg og á Hafnarnesi.

Ég vona, herra forseti, að þetta svar geti dugað, a. m. k. í bili.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. þessi svör. Þau eru býsna skýr, skýrari en menn hafa fengið þar um slóðir um að þetta stæði til alveg á næstunni og yrði þá úr bætt að fullu, þ. e. eins og hæstv. ráðh. kom inn á, að á þeim stöðum þar sem mest hefur verið kvartað, svæðinu frá Fáskrúðsfirði til Breiðdalsvíkur verði bætt úr þessum vandræðum í næsta mánuði, í marsmánuði, með FM-stöðvum bæði á Hafnarnesi og í Staðarborg. Þá er þetta mál vitanlega leyst að svo miklu leyti sem af hálfu Ríkisútvarpsins getur verið um það að ræða. Ég fagna því svo sannarlega og einnig því að ýmislegt sem maður heyrði um þetta austur þar er greinilega rangt og úr þessu verður að fullu bætt í mars.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki eyða löngum tíma í aths. mína og síst vil ég liggja núv. hæstv. menntmrh. á hálsi fyrir það hvernig ástatt er um hlustunarskilyrði á Austurlandi og Norðausturlandi, í kjördæminu mínu og kjördæminu hans, og meðal frænda okkar beggja á Austurlandi.

Mér er það minnisstætt að fyrir 25 árum gengu á fund þáv. menntmrh. þrír þm. Austurlands og ekki af léttari sortinni, þeir hv. þáv. þm. Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósepsson og Einar Sigurðsson, og inntu fyrst menntmrh. og síðan útvarpsstjóra — eftir að hafa fengið nokkuð óljós svör frá þáv. menntmrh. — eftir því, hvort ekki væri unnt með einhverjum tæknilegum brögðum að bæta hlustunarskilyrði á Austurlandi, þannig að Austfirðingar heyrðu þó mælt mál, og eins þeir á Norðausturlandi. Þá fengu þeir eftirfarandi svör hjá þáv. útvarpsstjóra: „Það hefur aldrei verið í sjálfu sér stefna Ríkisútvarpsins að heyrast út um hvippinn og hvappinn."

Á allra síðustu árum hefur Ríkisútvarpinu tekist með dyggilegri aðstoð Landssímans að koma upp sjónvarpskerfi, sem nær um svo til allt landið, og síðan á afmæli Ríkisútvarpsins var byrjað stereóútvarp frá Reykjavík, á meðan vesalings Austfirðingarnir okkar — ja, því miður, stundum bæti ég við sem betur fer, — geta ekki einu sinni heyrt mælt mál í Ríkisútvarpinu og þetta dregst ár eftir ár. (**Gripið fram í:** Er það hvippinn og hvappinn?) Þeir virðast vera aðalráðunautar æðstu stjórnar Ríkisútvarpsins í þessu máli.

Sameinað þing, 54. fundur.

Fimmtudaginn 17. febr., að loknum 53. fundi.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 314). — Fyrri umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd ríkisstj. fyrir þáltill. um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

Þetta er í annað sinn sem flutt er þáltill. um þetta efni. Vorið 1979 fluttu þm., sem áttu sæti í Rannsóknaráði ríkisins þá, kosnir af Alþingi till. um að beina því til ríkisstj. að mörkuð yrði langtímastefna á þessu sviði og að langtímaáætlun Rannsóknaráðs, sem þá hafði nýlega verið kynnt, skyldi lögð til grundvallar þessari langtímastefnu. Alþingi samþykkti umrædda þáltill. með öllum greiddum atkv. og í framhaldi af því fjallaði ríkisstj. um málið. Með hliðsjón af því, að hér er um mjög margþætt mál að ræða, sem snertir hagsmuni margra aðila, atvinnuvega og samtaka atvinnulífsins, ráðuneyta og stofnana, fól ríkisstj. Rannsóknaráði ríkisins að samræma eftir föngum sjónarmið þessara aðila og leita skynsamlegra leiða til að bæta umfjöllun um málefni rannsókna og þróunarstarfsemi í landinu, ekki síst ákvarðanir um fjárveitingar og mannahald rannsóknastofnana við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Jafnframt var Rannsóknaráði falið að endurskoða áætlunina reglulega í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Nú liggur fyrir endurskoðuð langtímaáætlun Rannsóknaráðs um rannsóknir í þágu atvinnuveganna fyrir tímabilið 1982—1987 og hafa allir hv. alþm. fengið eintak af áætluninni fyrir nokkru, en ágrip af henni fylgir í grg. Rannsóknaráðs ríkisins, sem prentuð er hér í þessu þskj.

Eins og fram kemur í þskj. 314 og áætluninni sem fylgir á langtímaáætlunin sér nokkuð langan aðdraganda eða allt frá því að gerð var úttekt á stöðu vísinda- og rannsóknastarfsemi á Íslandi við byrjun síðasta áratugar. Á þeim tíma var deilt hart um stöðu og skipan rannsóknamála, þar sem mjög skiptar skoðanir voru um lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965 og hlutverk og starfshætti Rannsóknaráðs innan þeirra laga. Niðurstaða úttektarinnar, sem gerð var af sérfræðingum á vegum vísindanefndar OECD, varð þó sú, að skipulagi og lögum um rannsóknastarfsemina væri í litlu áfátt, en hins vegar væri mikil þörf á að bæta stjórnun, verkefnaval og starfshætti stofnananna og efla rannsóknastarfsemina með auknu fjármagni og starfsliði. Þetta varð til þess, að hugmyndir um skipulagsbreytingar voru lagðar á hilluna í bili, en þess í stað reynt að bæta starfsemina verklega að ráðum þeirra OECD-manna.

Mikilvægur þáttur í því starfi var gerð langtímaáætlunar, sem hafist var handa um þegar árið 1973 eða fyrir nærri 10 árum. Sú áætlanagerð mætti í fyrstu nokkurri tortryggni um afskiptasemi Rannsóknaráðs ríkisins af málefnum stofnananna og það tók fimm ár að ljúka henni. Undirbúningurinn hafði þó hins vegar sín áhrif.

Nauðsynlegt var að gera spár um þróunarhorfur í öllum megingreinum atvinnulífsins, sem stofnanirnar þjóna og þær voru kynntar og ræddar opinberlega. Sumar þeirra komu af stað miklum umræðum um málefni atvinnuveganna og hafa átt þátt í skoðanamótun og þá stefnumótun á síðari árum. Þá var tekið upp verkefnaskipulag á mörgum stofnunum og samhliða því bætt starfs- og fjárhagsáætlunargerð, sem hefur verulega lagfært stjórnun og samskiptamál innan stofnana. Endurskoðun langtímaáætlunarinnar nú hefur svo gengið mun auðveldar með góðri samvinnu við stofnanirnar.

Tilgangurinn með gerð langtímaáætlunarinnar er að auka virkni rannsóknastarfseminnar og það gagn sem má hafa af vísindalegri þekkingu og vinnubrögðum til að efla atvinnuvegina og búa landsmönnum betri lífsskilyrði í landinu. Þetta gerist með margvíslegum hætti í áætluninni.

Í fyrsta lagi er reynt að tengja rannsóknir sem best við ríkjandi þjóðfélagsmarkmið, reynt að skilgreina sem best þau viðfangsefni sem rannsóknarstarfsemi þarf að fást við, þau vandamál og þau tækifæri sem upp á er að bjóða, og það er reynt að leggja grundvöll að efnislegri athugun fjárveitingavaldsins á tillögum rannsóknastofnananna um fjárveitingar þannig að ákvarðanir byggist á efnislegum forsendum eftir föngum. Þá er leitast við að bæta nýtingu fjármagns og starfsliðs með betri tengslum starfs við sjálf markmiðin, betri skilgreiningu verkefnanna og skýrara mati á árangri þess sem við er fengist. Reynt er að efla og auka rannsóknir fyrst og fremst á þeim sviðum sem talin eru þjóðfélagslega hagkvæmust. Reynt er að bæta stjórnunaraðferðir innan rannsóknastarfseminnar og auka samstarf innan stofnana og milli stofnana. Loks er með þessari áætlun stuðlað að bættu upplýsingastreymi milli rannsóknastarfseminnar og þeirra sem um málefni hennar fjalla eða eiga að njóta ávaxta hennar, þ. e. atvinnuvega þjóðarinnar.

Enginn vafi er á að mikilvægur árangur hefur náðst nú þegar í þessum efnum. Auk þeirra umbóta í innri málefnum stofnananna, sem áður er getið um, hefur tekist gott samstarf með fjvn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun í fjmrn. annars vegar, Rannsóknaráði, stofnununum og viðkomandi nefnd hins vegar. Rannsóknastarfsemin hefur verið aukin nokkuð umfram þjóðarframleiðslu á tímabili 1976—1981 eða rúmlega 5% á ári, hvort sem miðað er við fjármagn eða starfslið. Stofnanirnar hafa verið hvattar til að auka eigin tekjur sínar eftir öðrum leiðum en opinberum fjárveitingum og fengið meira svigrúm til að ráða starfsmenn til verkefna, sem fjármagnast utan fjárlaga, t. d. með framlögum fyrirtækja eða stofnana til ákveðinna verkefna eða af sölu á þjónustu og ráðgjöf.

Sú langtímaáætlun, sem hér er kynnt, byggir á reynslu af fyrri áætlun og stefnir að áframhaldandi uppbyggingu og eflingu rannsóknastarfseminnar í landinu. Áætlunin náði áður eingöngu til þeirra stofnana sem féllu undir lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965, en þessi áætlun, sem hér liggur fyrir, tekur til mun fleiri stofnana, svo sem Orkustofnunar, Tilraunastöðvarinnar á Keldum, Veiðimálastofnunar, auk Iðntæknistofnunar Íslands, og nær þannig yfir meginþorra hagnýtra rannsókna í landinu.

Við undirbúning áætlunarinnar hefur verið vandað vel til verka og haft víðtækt samráð um greiningu á forsendum og markmiðum áætlunargerðarinnar og leitað umsagnar allra helstu hagsmunaaðila um sjálfa áætlunina áður en henni var endanlega lokið. Starfshópar gerðu úttekt á þróunarhorfum hvers atvinnuvegar og síðan voru haldnar ráðstefnur um niðurstöður þeirra til að tryggja sem best jafnvægi í mati á aðstæðum.

Áætlunin er svo unnin undir sérstakri stjórn ráðgjafarnefndar sem framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs fékk til verksins. Í nefndinni sátu átta menn sérfróðir um málefni atvinnuveganna, efnahagsmál og rannsóknastarfsemi. Þetta voru þeir dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor sem var formaður nefndarinnar, Árni Benediktsson framkvæmdastjóri, Björn Björnsson viðskiptafræðingur hjá ASÍ, Gunnar S. Björnsson framkvæmdastjóri, Guðmundur Sigþórsson deildarstjóri í landbrn., dr. Ingjaldur Hannibalsson iðnverkfræðingur, Jakob Gíslason fyrrv. orkumálastjóri og Jónas Haralz bankastjóri. Ritari ráðgjafarnefndarinnar og milligöngumaður við rannsóknastofnanirnar og aðra aðila, sem leitað var til, var dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Við undirbúning áætlunarinnar fór fram víðtæk athugun á stöðu rannsóknastarfseminnar í landinu. Vísindanefnd OECD var enn beðin að aðstoða við mat á skipulagi og stöðu íslenskrar rannsóknastarfsemi. Sérfróðir menn þaðan komu hingað til lands á árunum 1981 og reyndar 1980 og sömdu álitsgerð, sem síðan var kynnt og rædd á sérstökum fundi vísindanefndar OECD, sem haldinn var á Hótel Loftleiðum haustið 1981 að viðstöddu fjölmenni innlendra og erlendra fulltrúa úr ýmsum áttum. Ég tel niðurstöður þessarar úttektar vera þess eðlis, að rétt sé að drepa á nokkrar þeirra.

Í áliti sérfræðinga OECD kemur fram, að íslenska rannsóknakerfið er talið svara vel til hagnýtra þarfa lítillar þjóðar, og takmarkað fjármagn og starfslið virðist hafa verið allvel nýtt og hvergi um bruðl að ræða. Íslendingar verja hins vegar hlutfallslega of litlu fé og mannafla til rannsókna miðað við aðrar þjóðir. Þannig verja Íslendingar um 0.8% af þjóðarframleiðslu til rannsókna þegar flestar nágrannaþjóðirnar verja 1.5—2%. Eigi að síður höfum við nálgast aðrar þjóðir á allra síðustu árum, þar sem hlutfallið var um 0.4% við byrjun 7. áratugarins. Bilið gæti þó aftur breikkað með aukinni áherslu sem nú er lögð á vísindi og tækni annars staðar. Mörg helstu vandamál rannsóknastarfseminnar starfa af þeirri takmörkun sem smæð og skortur á nauðsynlegri sérþekkingu á ýmsum sviðum veldur.

Í álitinu er talin veruleg hætta á að skammtímaþarfir núverandi aðalatvinnuvega yfirgnæfi viðleitni til þróunar með langtímamarkmið að leiðarljósi. Aðaláherslan í rannsóknum varðar frumgreinar atvinnulífsins eða landbúnað, fiskveiðar og orkuvinnslu, en í mun minna mæli iðnað og þjónustu, sem þó hafa meiri vaxtarmöguleika.

Bent er á að ekki verði séð að Íslendingar leitist við að búa sig tæknilega undir nýtingu orkulindanna, sem fyrirsjáanlega verði undirstaða efnahagslegra framfara á komandi árum. Spurt er hvort nægilega sé tekið tillit til þessa í opinberri áætlanagerð, þar á meðal langtímaáætlun Rannsóknaráðs.

Þá er bent á, að fjármögnun rannsóknastarfseminnar sé einhæf, fyrst og fremst með beinum fjárveitingum,

og bent er á að fjölþættari leiðir til fjármögnunar-rannsókna gætu myndað mótvægi við þau skammtíma-sjónarmið sem svo miklu ráða við núverandi aðstæður.

Þá sé æskilegt að auka hlut atvinnuveganna við fjármögnun rannsókna. Sá hlutur er nú um 13% af fjármagninu, en er að jafnaði um 50% hjá öðrum þjóðum.

Fjármögnun háskólarannsókna er talin allsendis ófull-nægjandi. Hún tengist ekki verkefnum og fjármagnið sem til þeirra er ætlað er of lítið. Starfslið Háskólans nýtist ekki eins og skyldi til rannsókna.

Lögð er áhersla á að komið verði á skynsamlegri og faglegri gagnrýni á val verkefna og vinnubrögð innan rannsóknastarfseminnar með þátttöku erlendra um-sagnaraðila, þar sem nauðsyn þykir bera til. Látnar eru í ljós efasemdir um að Íslendingar gæti nægilega vel að langtímauppbyggingu tækniþekkingar til að geta sjálfir stýrt þeirri tækniþróun sem nýting orkulindanna byggir á.

Rafeindaiðnaður og annar þekkingariðnaður virðist í fæðingu á Íslandi, en þó hefur þessu sviði verið of lítill gaumur gefinn hingað til að mati sérfræðinganna frá OECD.

Bent er á nauðsyn þess að sjá fyrir fjármögnun á þýðingarmiklum, en áhættusömum þróunarverkefnum, sem séu utan við núverandi heimildir og getu íslenskra banka og sjóða. Í þessu efni verði Íslendingar að fylgja fordæmi annarra eða missa ella af mikilvægum tækifær-um sem í þessari tækni felast.

Ég hygg, herra forseti, að þessi lýsing á stöðu íslenskrar rannsóknastarfsemi sé í flestu rétt, og hefur verið tekið tillit til hennar við gerð langtímaáætlunar-innar. Þannig er í áætluninni boðuð stefna sem miðar að breytingum á ýmsum þeim atriðum sem bent er á í skýrslu OECD. Stefnuatriði þessi koma fram á bls. 5 í þskj. 314, og leyfi ég mér að lesa þau og fara um þau örfáum orðum:

„1. Rannsóknastofnanir leiti í auknum mæli eftir eigin tekjum utan fjárlaga til að fjármagna starfsemi sína án þess að fjárveitingar verði rýrðar. Komið verði upp rannsóknasjóði til að styrkja einstök verkefni.

2. Atvinnufyrirtæki taki aukinn þátt í framkvæmd og fjármögnun rannsókna. Umbótasjóðir atvinnuveganna verði efldir til að styðja og hvetja fyrirtækin í þessu efni.

3. Tengsl rannsóknastofnana við atvinnuvegi og at-vinnufyrirtæki verði efld.

4. Sjálfstæði og ábyrgð stofnananna í rekstrarlegum efnum verði aukið, m. a. í ráðningu starfsliðs, og stefnt verði að því að gera nokkrar rannsóknastofnananna að sjálfseignarstofnunum undir sameiginlegri stjórn ríkis og samtaka atvinnuveganna.

5. Aukin verði áhrif og virkni stjórna stofnananna í stefnumótun og í því að bæta tengsl við atvinnuvegi og ráðuneyti.

6. Meiri gaumur verði gefinn að öllum grundvallar-þekkingar og hæfni vegna framtíðarþarfa.

7. Vaxandi áhersla verði lögð á rannsóknir í þágu úrvinnslugreina atvinnulífsins."

Svo sem áður segir er einn helsti annmarkinn á skipulagi íslenskrar rannsóknastarfsemi, samanborið við það sem tíðkast í öðrum löndum, sá, að mikill meiri hluti rannsókna er kostaður með fjárveitingum á fjár-lögum án þess að fram fari mat á verkefnum og án þess að áhrif frá notendum rannsóknaniðurstöðunnar komi nægilega vel til greina. Fyrstu þrjú stefnuatriðin lúta að því að breyta þessu. Í áætlun Rannsóknaráðs er lagt til að þetta verði gert með eftirgreindum hætti:

„1. Atvinnufyrirtæki verði hvött til að leggja meira til rannsókna og þróunar, bæði á eigin vegum og með því að kosta verkefni sem unnin eru á opinberum stofnun-um eða taka þátt í þeim með öðrum hætti, m. a. með skattaívilnunum og stefnu um innkaup fyrir hið opin-bera.

2. Efldir verði opinberir sjóðir sem styrkt geti einstök rannsóknaverkefni í samræmi við mat á gagnsemi og faglegum forsendum þeirra. Um þrenns konar sjóði verði að ræða:

Vísindasjóður er styrki grundvallarrannsóknir og byggi mat sitt á vísindalegu gildi og eðli verkefna, hæfni rannsóknamanna og mikilvægi verkefna fyrir þekking-aröflum í landinu og líkindum fyrir árangri.

Rannsóknasjóður (tæknisjóður), sem styrki hagnýt rannsóknaverkefni og þróunarstarf og byggi mat sitt á gagnsemi verkefnis, gildi fyrir framvindu tækniþekking-ar og möguleika á hagkvæmri nýtingu á niðurstöðum, auk hæfni rannsóknamanna og líkindum fyrir árangri.

Atvinnuvegasjóðir (Iðnrekstrarsjóður, Iðnþróunar-sjóður, Fiskimálasjóður og Framleiðnisjóður landbún-aðarins), sem fyrst og fremst styrki þróunarverkefni og umbótastarf í atvinnuvegunum innan einstakra fyrir-tækja eða greina og byggi mat sitt á hagkvæmni og líkindum fyrir meiri og betri framleiðslu eða sterkari samkeppnisaðstöðu.

Með þessum hætti gætu fjármögnunarleiðir rannsókna og þróunarstarfsemi færst í auknum mæli yfir á styrki og samninga um einstök verkefni, en opinberar fjárveitingar gætu þá greitt almennan rekstrarkostnað, yfirstjórn og grunnfjárfestingu og eigin þekkingaröflun stofnananna."

Í áætlun Rannsóknaráðs er bent á, að aukinn hlutur eigin tekna hafi á hinn bóginn í för með sér ný vandamál fyrir rekstur stofnananna, bæði vegna sveiflna í eftir-spurn eftir þjónustu þeirra og vegna breytinga á fjár-magnsflæði þeirra þar sem greiðslur fyrir unnin verk innheimtast ekki eins reglubundið og fjárveiting úr ríkissjóði. Ekki er talið heldur ráðlegt að hlutur eigin tekna fari almennt mikið yfir 40—45% af rekstrarkostn-aði stofnananna, en bæði Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eru nú við þetta mark; í kringum 40—45% af rekstrarkostnaði þessara stofnana koma af þeim tekjum.

Með fyrri langtímaáætlun var lögð mikil áhersla á að bæta stjórnun og starfshætti rannsóknastarfseminnar og þá tekin upp ný vinnubrögð af hálfu fjárveitingavaldsins við umfjöllun um málefni þeirra. Eins og áður sagði hefur þessi stefna þegar borið verulegan árangur, þótt langt sé frá því að nýir starfshættir séu orðnir rótgrónir eða fullmótaðir. Einn af þeim þáttum, sem enn ber að styrkja, er hlutverk stjórna og ráðgjafanefnda stofnan-anna, sem oft hafa ekki verið eins virkar og efni standa til. Leggja þarf áherslu á að stjórnir beri ábyrgð á heildarstefnumótun stofnana, samþykki endanlegt verkefnaval og fjárhags- og starfsáætlanir ásamt reikn-ingum stofnananna, en ráðgjafanefndir geri tillögur um verkefni og láti í ljós álit sitt á verkefnum sem eru í undirbúningi og fjalli um niðurstöður meiri háttar verkefna sem lokið er. Með þessum hætti mætti bæta tengsl stofnananna við atvinnuvegi og ráðuneyti og

samræma stefnu í rannsóknarmálum við stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum í hverri grein.

Rannsóknastarfsemi á Íslandi hefur hingað til fyrst og fremst beinst að aðkallandi vandamálum, sem atvinnuvegirnir hafa átt við að glíma á hverjum tíma. Hafa rannsóknir þessar ásamt aðhæfingu á innfluttri tækni gert kleift að nýta innlendar náttúruauðlindir og stuðlað að miklum efnahagsframförum og stórbættum lífskjörum á undanförnum áratugum. Líklegt er að á komandi árum verði skjóttekinn fengur af nýtingu auðlinda ekki eins sterkur þáttur í efnahagsvexti og verið hefur, en þáttur hugvits, þekkingar og mannlegrar færni verði mikilvægari. Því er nauðsynlegt að unnið verði markvissara en verið hefur að öflun færni og vaxandi starfshæfni á ýmsum sviðum, sem þörf er fyrir í framtíðinni. Af þeim tæknisviðum sem í áætlun Rannsóknaráðs eru talin líkleg til að verða mikilvæg má m. a. nefna: raf- og rafeindatækni, tölvu- og upplýsingatækni, orkunýtingartækni, lífefnatækni, vatns- og sjávareldistækni og fóður- og matvælatækni.

Rannsóknaráð hefur raunar þegar látið fara fram könnun á þróun raf- og rafeindaiðnaðar og gert tillögur til iðnrn. um stefnumótun á því sviði, sem nú er ötullega fylgt eftir af fyrirtækjum og stofnunum. Þá standa yfir athuganir á fóðuriðnaði, matvælaiðnaði og vatns- og sjávareldi, og önnur svið mun ráðið að líkindum taka til athugunar á næstu árum.

Við gerð þessarar langtímaáætlunar hafa markmið þjóðfélagsins verið skilgreind með eftirgreindum hætti:

Heildarmarkmið þjóðfélagsstarfseminnar er að auka farsæld og hagsæld með þjóðinni og möguleika hennar til lífsfyllingar. Í hugtökunum farsæld og hagsæld eiga að rúmast öll þau tækifæri til að njóta efnislegra, félagslegra og huglægra gæða sem einstaklingarnir kunna að óska sér. Þessar einstaklingsbundnu óskir má síðan setja fram sem markmið fyrir þjóðfélagið að vinna að, og má orða þau eitthvað á þessa leið:

1. Styrkja efnahag þjóðarinnar, en í því felst m. a. að auka þjóðartekjur og neyslu á mann, tryggja fullnægjandi atvinnutækifæri, fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og jafnvægi í efnahagsmálum og tryggja sambærilega hagsæld við það sem gerist í nágrannalöndum. 2. Stuðla að jafnvægi í þróun byggðar og búsetu í landinu með því að fjölga tækifærum til arðbærrar atvinnu, bæta samgöngur og efla þjónustu sem víðast og sporna gegn óeðlilegri röskun og misvægi á högum fólks í efnahagslegu, félagslegu eða menningarlegu tilliti. 3. Bæta sambúð lands og þjóðar með verndun og viðhaldi óspillts náttúrlegs umhverfis, fegrun þess umhverfis sem maðurinn sjálfur mótar og fjölþættri og skipulegri nýtingu íslenskra auðlinda. 4. Efla félagslega samhjálp og jafnrétti til viðbúnaðar gegn hvers konar áföllum og erfiðleikum, til aukinnar heilbrigðisgæslu og bættrar menntunar og til jafnræðis meðal þjóðfélagsþegna. 5. Auka og efla almennt menningarlíf í landinu með varðveislu íslenskrar tungu, ástundun lista, vísinda og mennta og þátttöku í alþjóðlegum menningarsamskiptum. 6. Vernda sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar með þátttöku í alþjóðaviðskiptum og alþjóðasamstarfi á grundvelli viðskiptafrelsis, alþjóðlegrar verkaskiptingar, þjóðlegs fullveldis og fullra yfirráða yfir loft- og landhelgi og auðlindalögsögu í sjó.

Svo sem vænta má eru þessi þjóðfélagslegu markmið ekki alltaf samræmanleg. Þannig getur sókn að hagvexti ef til vill rekist á markmið byggðaeflingar, umhverfisverndar eða aukinnar félagslegrar þjónustu. Óhjákvæmilega hlýtur að koma til mat á innbyrðis mikilvægi markmiða á hverjum tíma. Bæði hér og erlendis hefur farið fram umræða, sem annars vegar mótast af eindregnum óskum um örar efnahagsframfarir og bætt lífskjör, en hins vegar af breyttum hugmyndum um gildismat og forsendur lífsfyllingar og lífshamingju. Hér á landi, þar sem ókostir tæknivædds iðnaðarsamfélags hafa lítil áhrif haft á lífsskilyrði fólksins, virðast hin hagrænu sjónarmið sitja í fyrirrúmi.

Það er álit Rannsóknaráðs og kemur fram í þessari skýrslu, sem fylgir þáltill., að megináherslan á næstu árum verði lögð á að styrkja efnahag þjóðarinnar, en einnig verði jafnvægi í byggðaþróun og aukin félagsleg þjónusta og jafnrétti til að njóta hennar ofarlega á baugi.

Í áætlun ráðsins er gerð ítarleg grein fyrir þeim aðstæðum sem móta þróunarhorfur hjá hverjum atvinnuvegi um sig. Ég fer ekki nánar út í þau atriði, enda flest vel kunn, held ég. Líklega eru flestir sammála þeirri meginniðurstöðu, að nú geti horft til verulegra breytinga í atvinnulífi hjá okkur. Takmarkanir á auðlindum sjávar, markaðsvandi landbúnaðar og hörð alþjóðleg samkeppni í iðnaðarframleiðslu leiðir óhjákvæmilega til leitar að nýjum leiðum til að tryggja landsmönnum áframhaldandi hagsæld og farsæld. Í því efni eigum við sem betur fer ýmsa kosti. Orkulindir okkar eru ekki nema að litlu leyti nýttar enn. Fram undan eru stór átök að beisla vatnsföll og jarðhitasvæði, ekki síst háhitasvæðin. Á síðari árum höfum við verið að tileinka okkur nýja þekkingu og reynslu á ýmsum sviðum, ekki síst í markaðsmálum, iðnhönnun, alþjóðlegum flutningum og fleira, sem munu koma okkur til góða á næstu árum. Fjöldi sérmenntaðs fólks í stjórnunarstörfum hjá atvinnuvegunum og aukin tækniþekking þeirra, sem framleiðslunni stjórna, opna margvíslega möguleika til vaxtar í nýjum greinum, þótt e. t. v. þrengist hjá þeim eldri. Með aukinni þekkingu og flóknari og fullkomnari tækni á öllum sviðum verða rannsóknir og þróunarstarfsemi æ ríkari þáttur í þeirri aðlögun og endurnýjun sem sífellt þarf að vera til að atvinnuvegirnir haldi samkeppnisstöðu sinni.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til þessara viðhorfa innan þeirra marka sem mögulegt er að vænta á fimm ára tímabili. Heildarfjöldi ársverka, sem unnin voru á þeim stofnunum sem áætlunin nær til, var um 537 árið 1982. Reiknað er með því að starfsliði fjölgi í 676 eða um 26% fram til 1987 eða 4.7% að jafnaði á ári. Þetta er svipuð aukning og varð í reynd á fyrra áætlunartímabilinu, sem náði yfir árin 1976—1982. Í þeirri áætlun hafði hins vegar verið gert ráð fyrir um 50% fjölgun starfsliðs á tímabilinu eða tvöfalt meiri en reyndin varð. Þannig er nú tekið mið af fyrri reynslu og áformum um ný verkefni stillt í hóf, en hins vegar lögð áhersla á að aukinn starfskraftur komi í mikilvægustu nýju verkefnin sem takast þarf á hendur. Jafnframt er í mörgum tilvikum gert ráð fyrir endurskipulagningu á núverandi starfsemi til að einbeita henni að verkefnum sem aðkallandi eru vegna breyttra aðstæðna í atvinnuvegunum.

Fjármagn til rannsókna vex nokkuð í hlutfalli við starfslið að frátöldu því fjármagni sem ætlað er til rannsókna á háhitasvæðum samkv. till. Orkustofnunar.

Þar er um mjög dýrar rannsóknir að ræða, sem innifela boranir á háhitasvæðunum. Ljóst er að ekki verður ráðist í þær án undangenginnar sérstakrar umfjöllunar Alþingis og ríkisstj.

Samkv. áætluninni verður hlutfallslega mestur vöxtur hjá stofnunum, sem þjóna úrvinnslugreinum, þ. e. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Hægari vöxtur er fyrirhugaður hjá stofnunum, sem þjóna frumframleiðslugreinum, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Tilraunastöð Háskólans á Keldum og Orkustofnun. Áherslumunurinn er þó ekki meiri en svo, að enn verður veruleg aukning hjá frumvinnslugreinunum eftir sem áður, og kann að þykja álitamál þar sem mikil þörf er á að auka rannsóknir og skylda starfsemi í þágu úrvinnslugreinanna. Rannsóknaráð telur að úr þessu megi að nokkru leyti bæta með eflingu rannsókna á vegum Háskólans, svo og auknum rannsóknum fyrirtækjanna sjálfra.

Það er ljóst að fjárveitingar og aukning starfsliðs mótast af ákvörðunum sem teknar eru að mestu við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Með þáltill. þessari er ekki ætlast til þess að Alþingi geri bindandi samþykkt um fjármagn og starfslið viðkomandi stofnana, en hins vegar er vonast til að gott samstarf takist milli fjárveitingavalds, rannsóknavalds og viðkomandi stofnana um að fylgja áætluninni eftir og skapa forsendur til að ná markmiðum hennar.

Áætlunin hefur, eins og áður sagði, verið send til umsagnar margra aðila og fengið jákvæðar viðtökur. Rannsóknaráð ríkisins fjallaði um þessa áætlun á fundi sínum 5. nóv. s. l. 1982 og gerði um hana þannig ályktun til ríkisstjórnar Íslands:

„Rannsóknaráð ríkisins samþykkir meðfylgjandi langtímaáætlun um rannsóknir á þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna fyrir tímabilið 1982—1987. Jafnframt mælir Rannsóknaráð ríkisins með því að ríkisstjórn Íslands staðfesti áætlunina og leggi hana til grundvallar við ákvarðanir um málefni rannsóknastarfseminnar á næstu árum, m. a. um fjárveitingar og starfsmannahald.

Ráðið telur mikilvægt að haldið verði þeirri stefnu um aukningu á rannsóknastarfsemi, sem fram kemur í áætluninni og þeirri áherslu sem lögð er á rannsóknir í þágu úrvinnslugreina.

Rannsóknaráð telur nauðsynlegt að atvinnufyrirtæki taki aukinn þátt í framkvæmd og fjármögnun rannsóknaverkefna. Stuðlað verði að því m. a. með eftirgreindum hætti:

1. Rannsóknastofnanir auki eigin tekjur sínar með verkefnum sem viðskiptavinir greiði fyrir, enda verði framlög í fjárlögum ekki rýrð að sama skapi.

2. Með auknum eigin tekjum fái stofnanirnar aukið sjálfstæði og ábyrgð í rekstrarlegum efnum, m. a. í ráðningu starfsliðs.

3. Mótuð verði starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina er hvetji til nýjunga og umbóta í atvinnulífinu.

4. Aukinn verði fjárhagslegur stuðningur opinberra sjóða við rannsóknir, vöru- og aðferðaþróun á vegum fyrirtækja og stofnana.

Ráðið vekur athygli á því, að knýjandi nauðsyn er að leggja grundvöll að nýjum vaxtarskilyrðum fyrir atvinnu- og efnahagsframfarir og jafnframt aðlaga eldri atvinnugreinar breyttum skilyrðum. Meginhlutverk rannsóknastarfseminnar er að greiða götu slíkra umbóta og leggur ráðið því áherslu á að mikilvægi starfseminnar fari vaxandi þegar erfiðleikar steðji að í þjóðarbúskapnum."

Þannig endar ályktun Rannsóknaráðs um langtímaáætlunina eins og hún var samþykkt til ríkisstj. á fundi ráðsins 5. nóv. s. l.

Svo sem eðlilegt er spyrja menn gjarnan að því, hvaða arður og gagn fáist af því fé sem lagt er til hinna ýmsu og sífjölgandi málaflokka, sem krafist er að samfélagið haldi uppi. Rannsóknir og þróunarstarfsemi eru einn af þeim flokkum sem reynist erfitt að meta vegna þess að árangur og arður af tilteknu rannsóknarverkefni kemur oft ekki fram fyrr en eftir langan tíma og gjarnan eftir óbeinum leiðum. Því hafa margar og ítarlegar athuganir verið gerðar á því, hvernig rannsóknir og þróunarstarfsemi leiði til umbóta og hvaða aðstæður þurfa að vera fyrir hendi til þess að sem bestur árangur náist. Öllum athugunum ber saman um að mjög stóran hlut efnahagslegra og félagslegra framfara megi rekja beint og óbeint til tækninýjunga og aukinnar þekkingar, sem er ávöxtur rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Í frægri skýrslu OECD, sem kom út árið 1980, er fjallað um vísindi og tækni í ljósi hinna nýju viðhorfa sem sköpuðust í efnahags- og þjóðfélagsmálum OECD-landanna á 8. áratugnum. Í niðurstöðum skýrslunnar segir, að vanda iðnríkja megi rekja til margvíslegra breytinga á félagslegum og efnahagslegum forsendum, sem einungis verði hægt að bregðast við með árangri þannig að lagt verði kapp á rannsóknir og þróun hvers kyns nýjunga sem geti hjálpað til að aðlaga hina gömlu atvinnuvegi og skapa nýja. Lönd eins og Japan, sem hafa gert sér grein fyrir þessu og lagt mikla áherslu á rannsóknir, hafa haldið stöðugum hagvexti þegar á heildina er litið þrátt fyrir að fáar þjóðir hafi orðið meira fyrir barðinu á hækkuðu olíuverði en Japanir. Hafa Japanir orðið að leggja niður ýmsar orkufrekar iðngreinar, en hafa lagt þeim mun meira kapp á iðnað, sem byggist á þekkingu og háþróaðri tækni, og þannig meira en vegið upp áhrif hækkaðs olíuverðs í innflutningi til landsins með auknum útflutningi á tæknivörum.

Í sömu skýrslu er ítarlega fjallað um rannsóknir í þágu félagslegra markmiða á sviði heilbrigðismála, umhverfismála og þjónustugreina og sýnt fram á nauðsyn þess að gefa gaum að afleiðingum nýrrar tækni til að forðast margvísleg félagsleg og hagræn vandamál, sem fylgt geta í kjölfar breytinga.

Í mars 1981 var haldinn ráðherrafundur vísindanefndar OECD, sem íslensk sendinefnd sótti undir forustu iðnrh., en dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor var sérstakur fulltrúi Íslands á þessari ráðstefnu auk framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins, dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar, og Þórðar Friðjónssonar hagfræðings, sem var fulltrúi forsrn. Á þessum fundi var staðfest yfirlýsing um framtíðarstefnu á sviði vísinda og tækni, sem endurspeglar skilning forustumanna á gildi þessarar starfsemi fyrir framþróun mannkynsins. Yfirlýsing þessi birtist í íslenskri þýðingu sem viðauki við langtímaáætlun Rannsóknaráðs, sem er bók sem allir þm. hafa fengið senda.

Í þessari yfirlýsingu segir m. a., að nauðsynlegt sé að samhæfa stefnumótun á sviði vísinda og tækni öðrum

þáttum í opinberri stefnumótun, sérstaklega á sviði efnahags- og félagsmála, iðnaðar- og orkumála, mennta- og atvinnumála. Er síðan rakið í hverju slík samhæfing sé fólgin.

Ályktunin byggist á þeirri almennu skoðun, að vísinda- og tæknistefna eigi að vera órjúfanlegur þáttur í stefnumörkun á öðrum sviðum þjóðmála. Þar verði hins vegar að gæta að hagsmunum til lengri tíma, ekki síður en leita að skammtímaávinningi. Líklega þekkjum við Íslendingar best nauðsyn slíkrar samþáttunar, þar sem vísindaleg stjórnun fiskveiða er hornsteinn íslensks efnahagskerfis.

Þá er hlutur háskólarannsókna í uppbyggingu þekkingar til langs tíma undirstrikaður í ályktuninni og bent á nauðsyn þess að taka tillit til félagslegra og hagrænna, menningarlegra og stjórnmálalegra afleiðinga tæknibreytinga.

Að lokum er lögð rík áhersla á alþjóðlegt samstarf á sviði vísinda til að stuðla að útbreiðslu þekkingar og tækni til að nýta sem best mannlega hæfileika, dýra rannsóknaaðstöðu og til að bæta grundvöll opinbers eftirlits og aðgerða á sviði heilbrigðismála og öryggis- og umhverfismála.

Á Norðurlöndum hefur vísindasamstarf verið sérstaklega mikið til umfjöllunar á síðari árum. Á fundi hér í Reykjavík 1978 samþykktu forsrh. Norðurlanda að beina þeirri ósk til ráðherranefndar Norðurlandaráðs að nefndin gengist fyrir auknu samstarfi landanna í rannsóknum, bæði í grundvallarrannsóknum og hagnýtum rannsóknum. Þessi ósk hefur leitt til margvíslegra athugana á möguleikum til aukins samstarfs á ýmsum sviðum vísinda.

Nú í lok þessarar viku kemur saman til fyrsta fundar síns norrænt rannsóknaráð, sem samþykkt var að stofna á fundi Norðurlandaráðs í Helsingfors á síðasta ári. Er þessu ráði ætlað að hafa frumkvæði um og samræma aukið norrænt samstarf í vísindum. Norrænt rannsóknasamstarf er þó engan veginn nýtilkomið, því að rannsóknaráðin og vísindaakademíurnar á Norðurlöndum stofnuðu þegar árið 1947 með sér samtök, sem kölluð eru Nordforsk, sem staðið hafa fyrir umfangsmiklum rannsóknarverkefnum í samskiptum vísinda- og tæknimanna í áratugi. Norræni iðnaðarsjóðurinn eða Nordisk industrifond, sem stofnaður var 1973, hefur stutt samvinnu um tækni- og iðnþróun á Norðurlöndum með vaxandi umsvifum og árangri á síðari árum. Á sviði náttúruvísinda og ekki síst í landbúnaðarvísindum hefur einnig verið mikil samvinna um alllangt skeið, þannig að alþjóðlegt vísindastarf er mikilvægur þáttur í stefnumótun þeirri sem hér er fjallað um.

Mörkun vísindastefnu er enn nýlegt viðfangsefni íslenskrar stjórnsýslu og enn er ekki almennur skilningur á þeim forsendum sem ráða árangri rannsókna og þróunarstarfsemi. Allir skilja að vísu gildi fiskileitar og jarðhitaleitar, en ekki skilja menn eins auðveldlega nauðsyn þeirra rannsókna sem fela í sér leit að nýrri vitneskju, þekkingu á náttúrunni og lögmálum hennar án tillits til notagildis. Í hagnýtum rannsóknum skilja fáir nauðsyn þess, að náið samband þurfi að vera milli þess sem rannsakar og þess sem á að njóta niðurstöðunnar. Ekki er öllum heldur ljóst að það getur haft mikil áhrif á gang rannsókna, afköst rannsóknastarfseminnar og gæði niðurstöðunnar hvaða aðferð er viðhöfð til að veita fé til rannsóknaverkefnis.

Vísindastefna fjallar um markmið og skipulag, starfshætti, verkefnaval og fjármögnun rannsókna og þróunarstarfsemi með hliðsjón af þörfum þjóðfélagsins. Rannsóknaráð ríkisins hefur með margvíslegum hætti reynt að varpa ljósi á stöðu okkar og stefnu í þessum málum, m. a. með yfirgripsmiklum ársskýrslum um rannsóknastarfsemina, ítarlegum athugunum á fjármagni og mannafla eftir greinum og þjóðfélagsmarkmiðum, ársfundum þar sem mikilvæg verkefni í rannsóknum eru kynnt og úttekt á einstökum viðfangsefnum þar sem rannsóknir þarf að efla.

Langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins er tilraun til að skýra þetta heildarsamhengi fyrir rannsóknir í þágu atvinnuveganna og skapa grundvöll til að byggja starfsemina upp með samræmdum hætti, sérstaklega þátt opinberra rannsóknastofnana í því efni. Þá er drepið á mikilvægi þróunarstarfsemi á vegum fyrirtækja eða þátttöku þeirra í rannsóknum opinberra stofnana. Hvatt er til opinbers stuðnings við fyrirtæki í þessu efni og að rannsóknastofnanirnar leitist við að koma sem nánustu sambandi á við fyrirtæki. Í undirbúningi er áætlun um rannsóknir í Háskóla Íslands á sviði verkfræði og raunvísinda og verður þá væntanlega fjallað um þátt grundvallarrannsókna. Þar með væri fengin allgóð heildaryfirsýn yfir tækni og náttúruvísindi í landinu.

Herra forseti. Ríkisstj. vill nú staðfesta vilja sinn til þess að fylgja þessu starfi eftir með því að leggja þá till. til þál. fram sem hér er til umr. Ég sé ekki ástæðu til að lesa till. í heild, en með þessari till. er annars vegar staðfestur vilji ríkisstj. til að efla rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna í þeim fjórþætta tilgangi sem í till. greinir og hins vegar til að leggja langtímaáætlun Rannsóknaráðs til grundvallar langtímastefnu í því efni. Þetta þýðir að í öllum megindráttum styður ríkisstj. markmið langtímaáætlunarinnar og þær leiðir sem gert er ráð fyrir að stofnanirnar þróist eftir. Einstök atriði, þ. á m. árlegar fjárveitingar, koma til kasta stjórnvalda og metast þá eftir aðstæðum hverju sinni, en nauðsynlegt er að skilningur ríki um að leitast við að fylgja markaðri stefnu.

Ég vil varpa því fram hér, hvort ekki sé tímabært að taka málefni vísinda og tækni til sérstakrar meðferðar á Alþingi með þá heildarsýn í huga sem hér hefur verið lýst. Víða um lönd starfa sérstakar nefndir á vegum þjóðþinganna, sem fjalla um málefni vísinda, tækni og rannsókna. Hugsanlega mætti fá fulltrúum Alþingis í Rannsóknaráði ríkisins þetta hlutverk með formlegum hætti og styrkja þannig þau samskipti sem um er að ræða milli Alþingis og vísindastarfseminnar í landinu. Það er ekki ólíklegt að Rannsóknaráð ríkisins í núverandi skipan yrði þar með virkari aðili en verið hefur frá setningu rannsóknaráðslaganna árið 1965 til þessa.

Í stefnutill. langtímaáætlunarinnar eru boðaðar tillögur um breyttar fjármögnunarleiðir, þar á meðal stofnun tæknisjóðs eða rannsóknasjóðs og eflingu Vísindasjóðs. Ennfremur er lagt til að stofnanirnar fái aukið sjálfstæði og um leið ábyrgð á eigin málum. Þessi stefna þykir hafa gefist vel víða, t. d. í Danmörku þar sem slíku kerfi var komið á fyrir rúmlega 10 árum. Norðmenn og Finnar eru nú að fikra sig áfram í þessa sömu átt. Ég tel að við þurfum vissulega að kanna þetta mál nánar.

Hjá menntmrn. eru nú til athugunar tillögur nefnda

sem endurskoðað hafa lögin um Vísindasjóð og um Rannsóknaráð ríkisins. Frv.-drög þessi verða til sérstakrar umræðu á næsta fundi Rannsóknaráðs ríkisins í marsmánuði næstkomandi.

Eitt af þeim málum, sem oft er rætt meðal vísindamanna og Rannsóknaráð hefur vakið athygli á, eru hin háu aðflutningsgjöld af vísindatækjum hérlendis. Í sáttmála UNESCO um menningar-, vísinda- og menntamál frá árinu 1950, svokölluðum Flórens-sáttmála, er kveðið á um niðurfellingu aðflutningsgjalda og frjáls viðskipti með vörur til menningar-, vísinda- og menntamála, þ. á m. tæki og búnað til vísindarannsókna. Ísland er eitt örfárra landa sem ekki hafa staðfest þennan sáttmála, sem nú er orðinn 33 ára gamall, og er það varla vansalaust, ekki síst þar sem engin sérstök rök eru fyrir því að leggja þessi gjöld á, en þau eru í reynd veruleg hindrun fyrir eðlilegri uppbyggingu nauðsynlegs tækjabúnaðar hjá íslenskum vísindastofnunum. Menntmrn. hefur alloft, bæði í minni tíð og fyrr á árum, hreyft þessu við fjmrn., en málið hefur ekki verið leitt til lykta.

Að lokum, herra forseti, vil ég láta í ljós þá von, að þáltill. sú, sem hér hefur verið kynnt, verði eitt þeirra mála sem þm. geti sameinast um með þeim skilningi sem ég hef verið að reyna að boða hér. Með því yrði stigið mikilvægt spor til mörkunar á íslenskri vísindastefnu er ég vona að sé til heilla fyrir atvinnuvegi landsmanna á næstu árum. Jafnframt yrði það hvatning til frekari viðleitni af hálfu íslenskra vísindastofnana til að skýra áform sín og hugmyndir fyrir almenningi og stjórnvöldum í von um að fá skilning og samkomulag um framkvæmdir.

Herra forseti. Þetta er orðið alllangt mál, en hér er einnig um mjög víðtækt mál að ræða og að ýmsu leyti erfitt að útskýra nema í alllöngu og viðamiklu máli. Ég hef kosið þann háttinn að hafa þessa framsöguræðu allítarlega, en ég vænti þess að eftir að umr. er lokið hér í dag verði umr. frestað og málinu vísað til fjvn. Ég held að það sé heppileg till. í þessu sambandi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur í ítarlegri ræðu lýst þeirri þáltill. sem birt er á þskj. 314 og er 186. mál þingsins. Það er þess vegna óþarfi að lýsa því máli frekar. Þetta er þáltill. sem kemur frá hæstv. ríkisstj. Þó get ég ekki stillt mig um að benda á örfá atriði sérstaklega sem koma fram í grg. með till. Þar er bent á, eins og rækilega kom fram hjá hæstv. ráðh., að það starf sem liggur til grundvallar þessari þáltill. er m. a. úttekt, sem gerð var í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnun Evrópu fyrir fáeinum árum, en á vegum þeirrar stofnunar eru sérfræðingar sem unnið hafa sams konar starf meðal ýmissa aðildarþjóða.

Í öðru lagi tel ég ástæðu til að benda á þá stefnu sem kemur fram í áætluninni og lýst er á bls. 5 í grg., en hana las hæstv. ráðh. orðrétt. Í þeirri stefnu kemur m. a. fram að á næstu árum, á þeim árum sem langtímaáætlunin tekur til, þurfi að breyta nokkuð forgangsröðun, áherslu sem leggja beri á innan ramma rannsóknar- og þróunarstarfseminnar og flytja meira fjármagn og vinnukraft yfir til rannsókna- og þróunarstarfs á sviði iðnaðar og úrvinnslugreina.

Í þriðja lagi er ástæða til að benda á ályktun Rannsóknaráðs ríkisins, sem samþykkt var á fundi ráðsins og birt er í grg. á bls. 13, en þar koma fram þau viðhorf að afla þurfi fjár til rannsóknarstarfseminnar með öðrum og víðtækari hætti en tíðkast hefur frá öndverðu í þessum málum hér á landi. Það er auðvitað eðlilegt að hv. Alþingi reyni að átta sig á þýðingu rannsóknar- og þróunarstarfseminnar í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Og það er vissulega gott þegar hv. Alþingi gefst tækifæri til að ræða langtímaáætlun sem mikil vinna hefur verið lögð í. Það er almennt viðurkennt með öðrum þjóðum að rekja megi talsvert stórt hlutfall hagvaxtarins beint til rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þeim löndum. Til eru ýmsar rannsóknir á því sviði sérstaklega, t. d. bæði í Bandaríkjunum og Kanada, en einmitt í Vesturheimi hefur verið lögð mikil rækt við rannsóknir og þróunarstarfsemi af ýmsum toga. Sömu sögu er að segja frá Japan, en einmitt þar er að finna það hagkerfi sem best hefur staðið af sér þær kreppur sem riðið hafa yfir á undanförnum árum og áratugum. Það er ákaflega þýðingarmikið, eins og hæstv. ráðh. benti réttilega á, að árangur verði sem mestur í starfsemi sem lýtur að rannsóknum og þróun. Til þess að slíkt geti orðið þarf að bæta hæfni stofnananna sem fyrir eru í landinu og atvinnufyrirtækjanna til að taka á móti gagnkvæmum upplýsingum og ýta undir samráð, samvinnu, samspil þeirra á milli. Hæstv. ráðh. ræddi jafnframt í sinni ræðu nokkuð um forsendur fyrir því að slíkt geti gerst, eða eins og hann orðaði það, að virkni fengist í rannsóknarstarfsemina. Það eru nokkur atriði sem ég vildi gjarnan fá tækifæri til að nefna í því sambandi, sem ég tel að séu forsendur fyrir því að eitthvert vit sé í stefnu í þessum efnum.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að það er bráðnauðsynlegt að starfsskilyrði og aðbúnaður atvinnuveganna sé með þeim hætti að þá sé unnt að reka eðlilega og þeir þurfi ekki að hanga á horriminni, eins og oft vill verða þegar t. d. fylgt er svokallaðri núllstefnu, þeirri stefnu að ekki megi byggja upp ágóða eða gróða hjá fyrirtækjunum, þeim fyrirtækjum sem vel eru rekin.

Í öðru lagi er það alls staðar í hinum vestræna heimi viðurkennt að nýta beri markaðslögmálið. Það er kannske sérstök ástæða til að gera átak á þessu sviði hér á landi, ekki bara með því að auka frelsi í viðskiptum innanlands, heldur einnig með sölu- og markaðsátaki gagnvart öðrum þjóðum. Þar getur hið opinbera auðvitað átt hlutverki að gegna og ýtt undir samstarf einkaaðila, ráðuneyta og stofnana. Í þessu sambandi er skemmst að minnast ágætra greina sem birtust fyrir skömmu m. a. í Morgunblaðinu og þeir skrifuðu Ragnar Kjartansson forstjóri og Víglundur Þorsteinsson. Þar bentu þeir á nokkur atriði í þessu sambandi og að nauðsynlegt væri fyrir okkur að gera átak á þessum sviðum. Af hálfu hins opinbera mætti hugsa sér að fram færi umr. um hugsanlega sameiningu viðskrn. og utanrrn. Þá á ég að sjálfsögðu við þann þátt viðskiptamálanna sem lýtur að viðskiptum við önnur lönd. Slíkt gæti komi að miklum notum því að eins og allir vita er tilgangslaust að framleiða og framleiða þegar ekki fæst nægilega gott verð fyrir þá vöru sem framleidd er innanlands. Íslendingar byggja eins og allir vita mikið á innflutnings- og útflutningsverslun og þess vegna hljóta markaðsmálin að leika stórt hlutverk á þessu sviði.

Í þriðja lagi finnst mér ástæða til að nefna sem forsendu fyrir virkni slíkrar langtímaáætlunar að auka þarf samstarf og verkaskiptingu milli stofnana og at-

vinnufyrirtækja. Það þarf að virkja atvinnufyrirtækin miklu meira en gert er. Það er hægt að gera með því að láta vissan hluta rannsóknarstarfseminnar fara fram innan fyrirtækjanna og efla samvinnu fyrirtækja á þessu sviði. Mætti að sjálfsögðu gera það í samráði við núverandi rannsóknarstofnanir.

Í fjórða lagi er ekki nóg að auka opinber fjárframlög til rannsóknarstarfseminnar heldur þarf að gera fjárframlögin verkefnabundnari og hnitmiðaðri en nú er. Inn á þessar brautir hafa ýmsar aðrar þjóðir farið, sér í lagi í Bandaríkjunum en einnig síðar í Vestur-Evrópu. Auðvitað er hugsanlegt að styrkja frekar sjóði, eins og hæstv. ráðh. kom inn á og er góðra gjalda vert, en ennfremur þarf að vinna að því, eins og reyndar hæstv. ráðh. drap á í sínu máli, að fyrirtækin hafi frumkvæði í þessum efnum. Í hv. Nd. liggur nú frv. til breytinga á skattalögunum sem gerir ráð fyrir því að fyrirtækin geti með skattfrjálsum hætti lagt fjármuni í rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Í fimmta lagi vil ég leggja áherslu á sjálfstæði rannsóknastofnana og sjálfsábyrgð þeirra. Í því sambandi má benda á starfsemi sem fram fer í Danmörku hjá Teknologisk styrelse. Starfsemi þess fyrirtækis er á þá leið að ríkisvaldið tryggir ákveðið grunnframlag til að halda starfseminni gangandi, nauðsynlegustu þáttum hennar. Síðan er lagt fram af hálfu fjárveitingavaldsins ákveðið fjárframlag, sem fer til ákveðinna verkefna, og loks mega rannsóknastofnanirnar starfa á markaðsgrundvelli og versla þannig með sína þjónustu við sjóði og fyrirtæki, félagasamtök og jafnvel ríkisvaldið. Þetta gæti verið fyrirmynd að íslensku stofnununum í framtíðinni.

Í sjötta lagi tel ég ástæðu til að benda á að bæta þarf vinnubrögð og stjórnun íslensku rannsóknastofnananna. Þegar ég nefni rannsóknastofnun á ég auðvitað fyrst og fremst við svokallaðar rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Dæmi um þetta er nýtt lagafrv. sem er nú til meðferðar á Alþingi og fjallar um breytingar á lögum um Hafrannsóknastofnunina. Í grg. með því frv. eru skilgreind störf stjórnar og ráðgjafarnefndar og hvernig stjórn stofnunarinnar og starfsmenn vinna saman.

En rannsóknir eru auðvitað annað og meira en aðeins í þágu atvinnuveganna, sem oft eru kallaðar hagnýtar rannsóknir og langtímaáætlun nær aðallega til. Við verðum að hafa í huga að það er varla hægt að hugsa sér sjálfstætt ríki án þess að einhverjar grundvallarrannsóknir eigi sér stað, rannsóknir sem eru hafnar upp yfir dægurmálin og hin venjulegu efnahagsvandamál, sem allar ríkisstjórnir þurfa við að glíma, hafnar upp yfir þrýstihópa, sem stundum ráða meira en góðu hófi gegnir um stefnuna í þessum málum, eða landshlutahagsmuni, svo eitthvað sé nefnt, rannsóknir sem þurfa að taka til miklu lengri tíma, þar sem langtímahorfur eru í fyrirrúmi. Þá á ég auðvitað fyrst og fremst við Háskóla Íslands, en honum er samkvæmt lögum ætlað það hlutverk að stunda slíkar rannsóknir. Þær rannsóknir hafa auðvitað þýðingu fyrir hagnýtar rannsóknir og í mörgum tilvikum beina þýðingu fyrir atvinnufyrirtækin í landinu. Ég tel ákaflega þýðingarmikið — og ég veit að hæstv. ráðh. er mér sammála um það — að sjá í samfellu í heild, grundvallarrannsóknirnar, hagnýtu rannsóknirnar og fyrirtækin sjálf, sem þurfa að koma nýrri þekkingu og nýjungum fyrir í atvinnulífinu til þess að auka hagsæld íslensku þjóðarinnar. Þetta þarf að sjást í samfellu og við verðum að hafa skilning á því að enginn einn þáttur getur án hinna verið.

Hæstv. ráðh. minntist í þessu sambandi á hugsanlega aðild Íslands að Flórens-sáttmálanum. Það kann að fara svo að okkur takist jafnvel á yfirstandandi Alþingi að leggja fram þáltill. sem fæli ríkisstj. að kanna hvort við gætum orðið aðilar að Flórens-sáttmálanum. Það getur gerst með ýmsum hætti, m. a. með því að gerast aðilar að upprunalega sáttmálanum án þess að taka inn í myndina þær viðbætur sem gerðar hafa verið síðan og eru um miklu víðtækari tollaniðurfellingar en upphaflegi samningurinn gerði ráð fyrir.

Það er einmitt ágætt að minnast á Flórens-sáttmálann því að ljóst er að tollar á ýmsum rannsóknartækjum hafa staðið háskólastarfseminni fyrir þrifum, eins og nýleg dæmi sanna, og jafnframt gert það að verkum að mjög erfitt er fyrir sjálfstæða rannsóknaraðila að stunda rannsóknarstarfsemi hér á landi. Oft er gripið til þess ráðs af hv. fjvn. að leggja til í 6. gr. fjárlaga að fella niður tolla og aðflutningsgjöld önnur, sölugjald jafnvel líka af slíkum tækjum, en sú aðferð er heldur slæm. Miklu betra væri að við gerðumst eins og allar aðrar Norðurlandaþjóðir og fleştallar þjóðir í Vestur-Evrópu aðilar að Flórens-sáttmálanum, en það þykir sjálfsagt mál meðal flestra þjóða.

Það er auðvitað spurning hvert sé hlutverk Alþingis í stefnumótun eins og þeirri sem hér er til umræðu. Vissulega hlýtur Alþingi að hafa þar ákveðið hlutverk. Það er ekki nóg að einstökum þm. detti í hug að flytja þáltill. um rannsóknarmál, þótt það sé góðra gjalda vert, eða þá að við sem störfum á hv. Alþingi tökum um þetta ákvörðun eingöngu með fjárveitingum þegar fjárlagafrv. er til afgreiðslu. Það er nauðsynlegt að hér fari fram í þinginu umr. um þessi mál eins og tíðkast hjá nálægum þjóðum. Sá er auðvitað hængur á, að víðast eru til sérstök vísindaráðuneyti. Það höfum við ekki hér, hér heyrir þetta undir menntmrn. og ekki ástæða til að klípa það í sundur, enda hefur íslenska þjóðin ekki efni á að hafa ráðuneyti með sömu fjölbreytni og tíðkast annars staðar. En það er vissulega þess virði að um þessi mál sé fjallað á hv. Alþingi, eins og við gerum þegar fjallað er um vegáætlun, svo nefnt sé dæmi sem allir hv. þm. þekkja og tekið er fyrir einu sinni á ári. Um áætlun í rannsóknar- og þróunarstarfsemi þarf auðvitað ekki að ræða á hverju einasta þingi, en Alþingi þarf að bera ábyrgð á meginstefnunni sem fylgja skal um 5 eða 10 ára skeið. Í þessu sambandi má margt læra af öðrum. Ég get getið þess að nýlega var lögð fram á norska Stórþinginu skýrsla um þessi mál. Þar kemur fram sú stefnubreyting að rannsóknarstofnanirnar eru losaðar frá einstökum ráðuneytum og gerðar sjálfstæðari, frjálsari og sveigjanlegri í verkefnavali sínu. Mér finnst koma til álita að fyrirkomulagið sem frændur okkar Norðmenn nota verði haft til hliðsjónar þegar farið verður ofan í þessi mál hér.

Að lokum, herra forseti, vil ég fagna fram kominni till. hæstv. ríkisstj. sem hæstv. menntmrh. hefur talað fyrir fyrr á þessum fundi. Ég sit í hv. fjvn. og fæ þar tækifæri til að fjalla frekar um málið. Ég vonast til þess að þær umr. sem um þetta mál hafa orðið verði til þess að efla skilning á nauðsyn ákveðinnar stefnu í rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir þau orð sem hann lét hér falla um þessa þáltill. Hann er vel kunnugur þessum málum vegna setu sinnar í Rannsóknaráði ríkisins og í framkvæmdanefnd ráðsins og þess vegna eðlilegt að hann taki þátt í þessum umr. og leggi þar gott til. Ég sé einnig ástæðu til að þakka Rannsóknaráði ríkisins, sem ég er reyndar vegna stöðu minnar formaður í, og ekki síst framkvæmdanefnd þess fyrir ákaflega gott samstarf við mig og mitt rn. um þessi mál. Ég hygg að óhætt sé að segja að af hálfu ráðsins og þeirra manna sem þar vinna daglega að málum sé reynt að kynna sem allra best hlutverk og starfsemi ráðsins og ég efa ekki að náðst hefur mjög mikill árangur í þeim efnum.

Hitt er annað mál, að það kann að vera að enn sé erfitt að vekja almennan áhuga alþm. á þessum málum, eins og sjá má af því hversu fámennt er hér nú í hv. þingi. En hvað sem því líður er hér um mikið mál að ræða og ég vil endurtaka það, herra forseti, að mér þætti ákaflega miklu varða að þetta mál fengi lausn á þessu þingi, þ. e. að þessi þáltill. yrði í öllum meginatriðum samþykkt nú, áður en kemur til þingloka, því hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Ég minni enn á það að þetta er í raun og veru framhald af starfi, sem hófst fyrir um það bil 10 árum og hefur eiginlega verið markvisst unnið að síðan, þ. e. að marka það sem við köllum langtímastefnu, þó að það sé reyndar um 5 ára áætlun hverju sinni að ræða, og það væri mjög mikilvægt ef Alþingi gæti lokið þessu máli.

En það sem ég vildi sérstaklega minnast á að nýju er þetta stóra mál sem varðar Flórens-sáttmálann svonefnda, sem fjallar um það að fella niður aðflutningsgjöld og tolla af tækjum til vísinda- og rannsóknarstarfsemi. Þetta er mjög mikilvægt mál og eins og ég gat um í örfáum orðum í ræðu minni er Flórens-sáttmálinn orðinn 33 ára gamall og hefur mjög víða verið staðfestur. Íslendingar hafa þó ekki tekið þátt í því og að því er virðist hefur verið mjög erfitt að ná samstöðu milli ráðuneyta og í ríkisstjórn um þetta mál. Vafalaust er hér um eitthvert fjárhagsmálefni að ræða fyrir ríkissjóð ef þannig er á litið. Hins vegar er alveg jafnljóst að þetta yrði til þess að efla vísindarannsóknir stórlega og að því leyti mundi það draga úr þörf fyrir stórhækkandi fjárveitingar til rannsóknastarfseminnar beint á fjárlögum. Ég vil líka undirstrika það, ég vona reyndar að það hafi komið nógu skýrt fram í minni ræðu hér, að það sem hvað merkast er eða athyglisverðast í sambandi við þá ályktun sem hér er til umr., langtímaáætlun og hugmyndir um hana, er einmitt það að gera rannsóknarstarfsemina óháðari opinberum framlögum en verið hefur og leggja megináhersluna á það að tekjur til rannsóknarstarfseminnar komi frá einkaaðilum og fyrirtækjum. Þarna er um mjög mikilvæga stefnumörkun að ræða, sem ég hygg að sé ástæða til að vekja sérstaka athygli á, enda er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Ég vil svo að lokum þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir hans góðu undirtektir undir þetta mál og vænti enn, herra forseti, að málið fái greiðan gang í gegnum þingið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hagnýting surtarbrands, þáltill. (þskj. 70, n. 336). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. atvmn. varðandi þál. um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum. Nefndin hefur tekið til meðferðar þáltill. og mælir með því að hún verði samþykkt óbreytt. Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Það er í sjálfu sér ekki þörf á að hafa hér mörg orð um. Þessi till. er sjálfsögð og fyrir liggur að Orkustofnun hefur ákveðið að hefja rannsóknir á surtarbrandi. Samþykkt þessarar till. yrði til að hnykkja enn betur á þeirri ákvörðun og jafnframt beina þeirri rannsókn til þess svæðis á Íslandi þar sem orkuskortur er hvað mestur. Eins og sagt er hér gæti þetta e. t. v. — og vonandi orðið til þess að upphitunarkostnaður á Vestfjörðum gæti lækkað. M. a. yrði þetta mjög álitlegur orkugjafi fyrir kyndistöðvar, en Orkubú Vestfjarða hefur þegar komið upp nokkrum kyndistöðvum á stærstu stöðunum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en vænti þess að þingið samþykki þessa þáltill.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. atvmn. fyrir afgreiðslu hennar á þeirri þáltill. sem við nú ræðum.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. n. er hér um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Till. samhljóða þessari var flutt af okkur þm. Vestfjarða á síðasta þingi, nokkuð síðla á þingi, þannig að málið náði þá ekki afgreiðslu. Í framhaldi af því hóf Orkustofnun þegar í stað aðgerðir í þessu máli. En samkv. till. er mælt svo fyrir m. a. að Orkustofnun fjalli um þau efni sem þar er gert ráð fyrir, eða sinni rannsóknum sem varða hagnýtingu surtarbrandsins. Það er þess vegna, eins og hv. frsm. n. vék að, þýðingarmikið að einmitt núna verði engin töf á afgreiðslu Alþingis á þessu máli. Og ætla verður að svo verði ekki þegar atvmn. hefur nú einróma samþykkt að mæla með samþykkt till.

Ég ætla ekki hér að fara að ræða mikilvægi þessa máls. Það hef ég ítarlega gert áður. Ég vil aðeins undirstrika það, að hér er um mál að ræða sem gæti haft ákaflega mikla þjóðhagslega þýðingu, auk þess sem þetta mál gæti skipt sköpum í byggðaþróun Vestfjarða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 364). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frv. (þskj. 315, n. 365). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. samgrh. grein fyrir efni þess og tel ég því ekki ástæðu til að rekja það ítarlega, en í grg. kemur fram að megintilgangur þessara laga er að stuðla að sem bestum og hagkvæmustum fólksflutningum með fólksbifreiðum, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli.

Á fund nefndarinnar komu Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri samgrn. og ennfremur fulltrúar sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa. Gerðu þeir grein fyrir viðhorfum sínum og starfi í þeirri nefnd sem vann að undirbúningi að endurskoðun laganna. Í nefndinni hafði náðst samkomulag um hvernig með þessi mál skyldi farið og niðurstaðan kemur fram í þessu frv.

Samgn. var sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Lárus Jónsson og Stefán Jónsson.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það sem ég vildi um þetta mál segja hefði kannske átt að koma fram strax við 1. umr. Ég reikna ekki með að gera við það neinar veigamiklar athugasemdir, en eigi að síður koma hér með örfá orð til íhugunar og nokkurrar aðvörunar um leið gagnvart þessu máli. Það er ekki að ástæðulausu því að fyrir rúmu ári áttum við Austfirðingar í miklum vanda vegna okkar sérleyfishafa. Þeir hættu þá akstri um sinn þar sem þeim þótti sinn hlutur ekki nægilega góður við úthlutun leyfa á svæðinu og í samgöngum við svæðið, að vísu innan fjórðungsins allsæmilegur, en milli landshuta hvergi nærri sá sem þeir vildu og töldu eðlilegan sem rétt heimamanna.

Þessi mál leystust á farsælan hátt í fyrra, m. a. í ljósi þess að ný löggjöf væri í undirbúningi um skipulag slíkra fólksflutninga. Það fór ekki á milli mála að Austfirðingar fundu glögglega hve mikið gildi þessara samgangna er þegar þær duttu niður þó að óneitanlega hafi svo farið þar eins og annars staðar að menn nota einkabílinn óhóflega mikið og til bifreiða sérleyfishafanna sé gripið eingöngu þegar samgöngur eru sem allra verstar. Þrátt fyrir allt kvein manna um bensínverð og okur á umferðinni vilja menn t. d. frá ýmsum stöðum á Austurlandi frekar skjótast með einn farþega á einkabíl upp á Egilsstaðaflugvöll með ærnum kostnaði en ferðast gegn mjög hóflegu gjaldi með sérleyfihöfum. Ég óttast það svolítið að með þeim ákvæðum sem nú er í þessu frv. sé í raun og veru ennþá þrengt að og í raun og veru gert ennþá erfiðara fyrir heimamenn að nýta sér sitt svæði. Ég er ekki viss um að það sé ætlunin, en ég er býsna hræddur um að svo verði í reynd. Ég held líka að sú hætta fari vaxandi að þeir stærri og kröftugri í þessum hópi verði alls ráðandi og þeir smærri hætti þá um leið. Afleiðingin af því verði svo minni þjónusta á þessum svæðum.

Ég tek sem dæmi 7. gr. frv. með sínum tvöföldu tryggingum fyrir því að þeir sitji fyrir sem áður hafa verið með þessi sérleyfi. Vissulega kunna að vera full rök fyrir því, en þarna eru í raun og veru tvöföld höft á sett. Annars vegar af meiri hl. sveitarstjórnarinnar tryggilega og síðan aftur sérstaklega varðandi endurveitinguna. Ég sem sagt óttast nokkuð að þarna sé verið að setja þröskuld um of og geri við það vissa athugasemd. Ég hefði t. d. viljað sjá það beint inni í þessum lögum — kannske er of seint að segja það nú þegar nefnd hefur fjallað um þetta — að heimamenn hefðu forgang að þessum sérleyfum inn og út úr sínum byggðarlögum ef þeir að öllum öðrum skilyrðum uppfylltum sjá sér fært að gera þetta. Sveitarstjórnirnar geta gripið inn í samkv. 7. gr., en á það eru þó settar vissar skorður.

Ég sé líka að kvaðirnar eru í 6. gr. um kaupskyldu þess sem við tekur. Það er reyndar ekkert nýtt. Þetta ákvæði hefur verið áður svipað í lögum. En ég er svolítið hræddur við kaupskyldu af þessu tagi. Viðkomandi ráðh. er ekkert öfundsverður af þeim vanda sem hann er þar settur í, þó að vissulega sé þess kostur, í lokin að kveðja til dómkvadda menn til að meta þetta. Þar getur maður hlaupið frá rekstri síns sérleyfis með við skulum segja bílakost sem er vægast sagt orðinn lélegur. Engu að síður er hinum nýja sérleyfishafa gert skylt að kaupa þær eignir af þeim sem áður var með sérleyfið, ef hann vill fá það.

Ég get ekki neitað því að mér sýnist þetta um of samið í anda þeirra stóru aðila sem fyrir eru og grónir standa í faginu. Það er ekkert nema gott um það að segja að þeir séu a. m. k. jafn réttháir hinum. En mér finnst hagsmunir einstakra aðila, sem gegna mikilvægu þjónustuhlutverki eða geta gegnt í heimahéraði, nokkuð fyrir borð bornir í frv.

Ég sé líka í hendi mér — það hefur reyndar verið áður og þetta frv. þess vegna engin breyting þar á, að það er auðvitað unnt að braska með sérleyfi þrátt fyrir allt. Það er unnt að gera bara hreinlega með því að selja fyrirtækið sem hefur sérleyfið. Vitanlega er unnt að koma því þannig fyrir. Það er ekkert nýtt heldur, en vissulega hefði verið gott að fá reistar við því meiri skorður en eru. Ég sé a. m. k. enga hindrun þess að þetta geti átt sér stað, það sé bara hægt að selja fyrirtækið, sem hefur tiltekið sérleyfi, og það haldi síðan áfram sínum rekstri. Ég sé ekki hindrun þess.

Einni fyrirspurn vildi ég beina til hv. frsm. Ég hef kannske ekki lesið þetta alveg nægilega vel, en í gömlu sérleyfislögunum var að finna skylduákvæði um póstflutninga. Það ákvæði finn ég ekki þarna lengur. Ég veit að margir sérleyfishafar hafa kvartað undan því að vera bundnir því skylduákvæði, en þá spyr maður sjálfan sig: Hver annar gæti þá í raun og veru annast þessa

póstflutninga ef sérleyfishafarnir neituðu alfarið að gegna þeim? Ég sé ekki í fljótu bragði hvernig á að koma pósti skaplega á milli, ef þetta skylduákvæði er afnumið, sem ég kem ekki auga á þarna.

En aðalatriðið, sem ég vildi benda hér á að fenginni reynslu í fyrra austan að, er að ég tel að réttur heimamanna á hverjum stað sé hvergi nærri tryggður sem skyldi. Mér finnst einhvern veginn að svo kunni að fara, jafnvel þó ætlunin sé önnur samkv. grg., að þetta leiði til þess að hagur þeirra þrengist enn.

Menn munu sjálfsagt segja að þessar almennu athugasemdir hefðu átt að koma fram við 1. umr. og að þeim hefði átt að fylgja eftir með vissum brtt. við frv., sem tryggðu betur rétt heimamanna en raun ber vitni. Ég hef hins vegar ekki séð á því beinan flöt. Um þetta mál hefur orðið samkomulag í þeirri nefnd sem um það hefur fjallað og ég sé ekki beinan tilgang í því að hreyfa við málinu á þessu stigi. Það er kannske rétt fyrst og fremst að láta á það reyna hvernig þessi lög koma til með að nýtast í framtíðinni, hvort þau verða til þrengingar, sem ég er hræddur um, eða hvort þau þjóna því markmiði sem hæstv. samgrh. lýsti, að þarna væri í raun og veru verið að auka möguleikana fyrir heimamenn og aðra þá sem vildu notfæra sér þennan rétt og um leið að bæta þjónustuna.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram hér. Það sem gerðist hjá okkur í fyrra fyrir austan leiddi til ástands sem var illt undir að búa og þó það mál leystist þá farsællega m. a. fyrir sameiginlega milligöngu okkar þm. og annarra sem að þessum málum komu, þá urðu út af þessu mikil leiðindi, mikil vandræði og hefðu getað orðið enn frekari. Þessi mál geta alltaf þróast á þann veg að samgöngur stöðvist. Og vissulega er vá fyrir dyrum í þessum dreifðu byggðum ef sérleyfishafar af einhverjum ástæðum eru svo óánægðir að þeir telja sig ekki geta starfað við þær aðstæður sem þeim er boðið upp á.

Aðeins þetta, hér við 2. umr. þessa máls. Ég veit ekki hvað n. hefur skoðað þetta grannt núna á þeim stutta tíma sem hún hefur haft málið til meðferðar. Ég efast ekki um að það er meining allra hér að ekki verði þröngvað kosti þeirra aðila heima fyrir sem eru kannske ekki mikils megnugir heldur þvert á móti, en þá þurfa menn kannske að átta sig örlítið betur á því hvernig það verður betur tryggt en þarna er gert.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. fjallaði um þetta mál á tveimur fundum og fékk þá aðila sem ég gat um til viðræðu. Mér er ekki fyllilega ljóst á hvern hátt þetta þrengir hag heimamanna. Það getur vel verið að hv. 2. þm. Austurl. hafi þar lög að mæla, að slíkt geti átt sér stað, en ég held að þetta eins og margt fleira fari eftir því hvernig framkvæmdin verður og erfitt að ganga þannig frá í lögum að komið verði í veg fyrir slíkt. Þó virðist að við það að bæta inn fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í skipulagsnefnd fólksflutninga ætti heldur betur að vera auðveldara fyrir sveitarfélögin að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Hitt er annað, að forgangsréttur sveitarfélaga er kannske ekki mjög einfalt mál vegna þess að nú er orðið hægt að keyra hringinn í kringum á landinu og sum sérleyfi liggja í gegnum mörg héruð. Það er vafasamt að heppilegt væri að búta þau niður í smáeiningar. A. m. k. hefur reynsla undanfarinna áratuga orðið sú, að sérleyfishöfunum hefur fækkað mikið frá því sem áður var vegna þess að óhagkvæmt er að það séu mjög margir aðilar sem keyra sömu leiðina.

Atriðið um kaupskyldu á hinum gömlu bifreiðum, ef skipt er um sérleyfishafa, var nokkuð rætt í nefndinni. Mönnum fannst að e.t. v. væri þarna um atriði að ræða sem nú mætti falla út þar sem vitanlega eru breyttar aðstæður frá því sem áður var. En það var mat okkar nefndarmanna að eins og það hefur orðið minni þýðingu, þá væri jafnframt minni hætta í því fólgin, þ. e. að því yrði beitt í óhag þeim sem við tekur. Enda á að fara fram mat á eignum og þetta á því aðeins að vera mögulegt að þær eignir, sem um er að ræða, séu nothæfar.

Ennfremur var rætt hvort hægt væri að framselja sérleyfin. En vegna gildandi hlutafjárlaga er vitanlega ekki hægt að koma í veg fyrir að eignaskipti verði á hlutabréfum, ef það er hlutafélag sem er sérleyfishafinn. Það er held ég eini möguleikinn þar sem um væri að ræða eignaskipti án þess að sérleyfi væri auglýst.

Ég held að atriðið um póstflutningana hafi ekki verið rætt sérstaklega í n. og get því miður ekki gefið fyllri svör um það án þess að afla mér þá betri upplýsinga.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Suðurl. að það er vissulega til bóta að fá fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í skipulagsnefndina þó að hann hljóti auðvitað að vera minnihluta maður þar. Ég tel hins vegar að skipulagsnefnd fólksflutninga fái í raun og veru of mikið vald, sérstaklega í sambandi við að veita leyfi aftur, því að þar er mjög erfitt inn í að brjótast. Það er kannske ósköp eðlilegt að menn hafi nokkra tryggingu fyrir því að fá þessi sérleyfi sín aftur. En ef einhverjir nýir aðilar koma þarna inn í, t. d. heimaaðilar sem vilja koma beint inn í ákveðnar leiðir, þá komast þeir það naumast samkv. þessum lögum. Það er varla kleift af þeirri einföldu ástæðu að fyrri sérleyfishafi þarf hreinlega að hafa brotið stórlega af sér til þess að fá það ekki aftur.

Þetta hefur t. d. verið þannig hjá okkur eystra, að við vorum lengst af með samgöngur við Norðurland að austan, og ég vissi til þess að Norðlendingar höfðu ekki nema allt gott um það að segja út af fyrir sig. Síðan féll þetta niður um skeið og snerist svo aftur við. Samgöngur við Austurland eru nú eingöngu á vegum sérleyfishafa á Akureyri. Síðan er það sama sagan sunnan að. Það er fyrirtæki á Suðurlandi, Austurleið með lögheimili á Hvolsvelli, sem er svo aftur með samgöngur að sunnan og austur. Þar gegnir að vísu nokkuð öðru máli vegna þess að bílstjóri frá þeim Austurleiðarmönnum er búsettur á Höfn í Hornafirði.

Nú hafa Austfirðingar viljað fá nokkra hlutdeild í þessum akstri yfir sumarið. Það hefur ekki tekist að fá neina hlutdeild í þessum akstri yfir sumarið, þ. e. þeim akstri sem eitthvað er ábatasamur, en sannleikurinn er auðvitað sá, að sá sérleyfishafi sem stundar þennan akstur á sumrin frá Akureyri og austur hefur engar skyldur yfir vetrartímann. Hann er laus allra mála frá því einhvern tíma í sept. og þangað til í júní þannig að hann hefur eingöngu ábatann af þessu. Austfirðingar sjá hins vegar um þær leiðir sem þeir eru með innan fjórðungsins allt árið og þurfa að sinna þeim yfir þá erfiðustu tíma sem eru hvað dýrastir fyrir rekstur þeirra. Það er þess vegna engin furða þó að þeir hafi

verið og séu býsna óánægðir. Ég þykist vita að þeim þyki sem þarna sé ekki gengið nægilega til móts við þeirra sjónarmið, heimamannasjónarmið.

Við skulum þó vona að sveitarfélagafulltrúinn í þessari skipulagsnefnd beri sigurorð af Félagi sérleyfishafa, því að sannleikurinn er auðvitað sá, án þess að ég ætli að tala nokkuð um það félag út af fyrir sig, það hefur ekki málsvara hér, að Félag sérleyfishafa er þannig upp byggt að í þeim félagsskap ráða hinir fáu og stóru nær öllu, það er ekkert leyndarmál. Menn vita mætavel að þar ráða þeir. Og þeir eru meira að segja með sína menn þarna inni, sem eiga beinna hagsmuna að gæta og skipta sér af þessum málum og úthluta þessum sérleyfum.

Ég ætla sem sagt ekki að flytja brtt. við þetta frv., en bendi aðeins á það, að þetta frv. réttir a. m. k. ekki að mínu viti hlut heimamanna, sem við vorum að berjast fyrir í fyrra varðandi þann þátt samgöngumála sem þá leiddi til vandræða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 47. fundur.

Mánudaginn 21. febr., að loknum 46. fundi.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frv. (þskj. 315). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. undraðist það mjög að ekki skyldi vera skyldu-ákvæði í þessu frv. til l. varðandi póstflutninga. Slík skylda var á herðar lögð sérleyfishöfum áður á tíð. Ég hygg að meginástæðan hafi verið sú, að umferðarmáladeildin, sem nú heyrir undir samgrn., tilheyrði Póst- og símamálastofnun upphaflega. Þarna var síðar skilið á milli og umferðarmáladeildin sett undir samgrn. En meðan sú deild tilheyrði og var undir stjórn Póst- og símamálastofnunar hefur vafalaust þótt mjög eðlilegt að skylda þessa aðila til póstflutninga.

Ég vildi aðeins koma þessu að til skýringar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 42. fundur.

Mánudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:4 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18:3 atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 254, n. 313). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 311). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. (þskj. 335). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 119, n. 292). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Vestfjarðaskip, frv. (þskj. 331). Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sektarmörk nokkurra laga, frv. (þskj. 249). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Viðmiðunarkerfi fyrir laun, frv. (þskj. 334). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er svo að sjá að hv. þm. séu búnir að fá nóg af að tala um það mál, sem hér er nú á dagskrá, því að hæstv. ráðh. falla frá orðinu.

Það frv. sem hér um ræðir má segja að sé með nokkuð einkennilegum hætti hingað komið og á einkennilegum tíma. Umr. um verðbætur á laun og það vísitölukerfi, sem við höfum búið við alllengi, hafa verið miklar og mönnum hefur sýnst sitthvað um ágæti þess kerfis sem við nú búum við. Það er þó ljóst, að a. m. k. verkalýðshreyfingin, Alþýðusamband Íslands, hefur marglýst yfir vilja sínum til samstarfs um að taka upp nýjan vísitölugrunn við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar. Síðast á árinu 1982, í þeim samningum sem þá voru gerðir, var þetta mál til umræðu og Alþýðusambandið lýsti þá vilja sínum til að taka upp umræður um nýjan útreikningsgrunn. Það sem strandaði á þá var að Vinnuveitendasambandið hafnaði slíku nema því aðeins að nýir frádráttarliðir yrðu teknir upp í þann grunn. Verkalýðshreyfingin hefur verið reiðubúin að ræða þessi mál og í afstöðu hennar hefur ætíð legið fyrir að ætti að taka upp nýjan útreikningsgrunn fyrir verðbætur á laun yrði sá grunnur að tryggja ekki lakari kaupmátt en sá grunnur sem við nú búum við.

Núverandi kerfi er þannig, að launþegar fá aðeins um 85% í verðbætur vegna vöruverðshækkana. 15% af öllum hækkunum bera launþegar bótalaust. Og það er ljóst, að þó að ekkert hefði verið breytt frá því útreikningskerfi sem nú er í gildi hefur þróun mála verið sú og verður á yfirstandandi ári, eftir spám þeirra aðila í þjóðfélaginu sem gleggst ættu um þessi mál að vita, að hrein kaupmáttarrýrnun frá upphafi til loka þessa árs yrði um 10%. Þetta kemur til viðbótar minnkandi kaupmætti á árinu 1982. Það er því ljóst, að í kjölfar þeirrar kjaraskerðingar sem fólst í brbl., sem gefin voru út í ágúst s. l. og gildi tóku að því er varðaði kaup 1. des. s. l., hefur orðið æðihrikaleg kaupmáttarrýrnun og kjaraskerðing í landinu á árinu 1982 og eins er slíku spáð á yfirstandandi ári.

Nú er það einkennilegt hvernig þetta mál ber að á þingi. Eins og menn vita fylgdu brbl. margumtöluðu yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. um æðimörg mál og verkefni, óskalisti nokkurs konar. Eitt af þeim atriðum, sem á þeim óskalista var, var að setja á fót nefnd til að kanna a. m. k. og gera tillögur um breytt fyrirkomulag í sambandi við vísitölumál. Þessi nefnd hefur starfað í umboði ríkisstj. allt frá því að hún var sett á laggirnar. Það kemur því nokkuð spánskt fyrir sjónir, þegar þetta mál kemur hér inn á Alþingi, að hv. þm. Alþb., stjórnarsinnarnir sjálfir, sem hafa átt aðild að vinnslu málsins frá upphafi, þyrla upp moðreyk og moldviðri hér um afstöðu sína til málsins. Það verður ekki litið öðruvísi á en svo, að Alþb. sem aðili að ríkisstj., þátttakandi í nefndarstarfinu frá upphafi til loka, beri ábyrgð að verulegu leyti á allri þeirri vinnu. Ég sé ekki betur en eini munurinn á afstöðu fulltrúa Alþb. í þessari margumtöluðu vísitölunefnd og hinna aðilanna sé í raun og veru sá, að því er virðist á áliti Þrastar Ólafssonar, fulltrúa Alþb. í nefndinni, að í hans tillögum megi nokkurn veginn glöggva sig á hver frádráttur yrði í hinum nýja útreikningsgrundvelli, en eins og frv. er lagt fram er ekki hægt að sjá hvað kemur til með að skerðast frá því sem er og hversu mikið. Ljóst er að það verður skerðing, en ekki hversu mikil skerðing kann að verða vegna þeirra nýju frádráttarliða sem á að taka upp í hinn nýja grundvöll til útreiknings. Það er ljóst að Alþb. ber ábyrgð á allri þessari vinnu. Það var innifalið í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstj. við útgáfu brbl. um að þessi vinna skyldi innt af höndum, nefnd sett í málið. Allt frá upphafi til enda var fulltrúi Alþb. aðili að málinu. Það má því segja að það sem nm. greinir á, annars vegar Þröst Ólafsson og hins vegar meiri hl. n., sé að samkv. frv. er ótiltekin kjaraskerðing í hinum nýja grundvelli, en hefði verið farið að till. Þrastar mátti þó átta sig á hversu mikil kjaraskerðingin væri.

Ef við lítum aðeins á efnisatriði þessa frv. er í raun og veru um að ræða fimm meginatriði og breytingar. Það er í fyrsta lagi að vísitölu framfærslukostnaðar skal reikna út frá neyslukönnuninni sem gerð var á árunum 1979—80 í stað þess að reikna hana út frá eldri könnun, sem gerð var á árunum 1964—65. Um þetta greinir menn ekki á. Ég hygg að almennt vilji menn nota réttan mælikvarða í þessum efnum — mælikvarða sem mælir í raun og veru rétt það sem hér er um að ræða.

Í öðru lagi á að reikna framfærsluvísitölu þrisvar á ári, í byrjun mánaðanna mars, júlí og nóvember, í stað þess að hún er núna reiknuð út fjórum sinnum á ári, í byrjun mánaðanna febr., maí, ágúst og nóv. Að því er þennan þátt málsins varðar hefur launafólki almennt talað, og ekki síst þeim sem verst eru settir, þótt nógu erfitt að lifa af þriðja mánuðinn í núverandi kerfi þó að ekki sé bætt við hinum fjórða til að gera dæmið enn verra, og er enn ólíklegra að launafólk nái saman endum að því er þennan þátt launakjaranna varðar.

Einnig er bætt inn í hið fyrirhugaða kerfi frádráttarliðum, sem koma til með að verka til skerðingar á verðbótaþætti launa hjá launafólki. Þarna er um að ræða þrjá liði. Það eru í fyrsta lagi breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna, í öðru lagi breytingar á óbeinum sköttum og gjöldum og í þriðja lagi breytingar á niðurgreiðslu vöruverðs. Það er ljóst, að verði samþykkt það frv., sem hér liggur fyrir, með þessum nýju frádráttarliðum að því er varðar útreikning og verðbætur á laun, þá þýðir það enn verulega skertari verðbætur frá því sem nú er, en eins og ég sagði áðan eru það a. m. k. 15% verðhækkana sem launafólk ber bótalaust við núverandi kerfi, og verður enn frekar gengið á rétt þess ef upp á að taka það kerfi sem það frv. sem hér um ræðir gerir ráð fyrir.

Þá er gert ráð fyrir samkv. frv. að forsrh. setji nánari reglur um alla framkvæmd útreikninga. Þetta er furðulegt, að mínu viti, að gera ráð fyrir að einhverjum kontórista, hvort sem hann er hjá forsrh. eða einhverjum öðrum, sé falið það vald að fjalla um alla útreikninga á verðbótum á laun samkv. hinum nýja vísitöluútreikningi. Hér er því um það að ræða að forsrh. á hverjum tíma, verði þetta frv. að lögum, er fengið mjög víðtækt vald, sem í raun og veru gerir það að verkum að kauplagsnefnd, sem séð hefur um þennan þátt mála og sér um eftir núverandi kerfi, mun nánast verða óþörf. Hennar verkefni er þá búið en einhver kontóristi í rn. fær það verkefni sem þessi nefnd hefur hingað til sinnt og gerir enn.

Hvað þýða svo þessar fyrirhuguðu breytingar, eftir því sem næst er hægt að komast í frv. og því sem fram

kemur í grg. með því? Ég vil í fyrsta lagi segja að þó svo að almennt væru menn sammála um efnisatriði frv. og á þennan veg ætti að breyta er þetta einhver vitlausasti tími sem hægt er að hugsa sér til að gera slíkar breytingar. Með því að leggja frv. fram nú og ætla að keyra það í gegnum Alþingi er verið að stofna til stríðsástands á vinnumarkaðnum. Það er augljóst mál að verkalýðshreyfingin hefur lýst yfir vilja sínum til samstarfs um að leysa þetta mál, en hún tekur því ekki þegjandi að stjórnvöld kasti stríðshanskanum að því er varðar þennan þátt launa- og kjarabaráttunnar. Hér er því beinlínis stefnt í stríðsástand á vinnumarkaðnum, ef keyra á þetta mál í gegnum þingið. Ég hygg að stjórnendur þjóðfélagsins hefðu átt að athuga betur sinn gang í ljósi þess efnahagsástands, þeirrar upplausnar á svo til öllum sviðum, sem er í þjóðfélaginu, þó að ekki sé bætt við slíku, sem hér er gert ráð fyrir, til að kóróna sköpunarverkið, ef svo má að orði komast. Og burtséð frá öllum pólitískum sjónarmiðum og skoðunum er þjóðfélaginu, eins og ástandið er í því í dag, ekki gert verra með neinu en að haga aðgerðum, málflutningi og framkomu af hálfu stjórnvalda með þessum hætti í garð launafólks.

Ein af meginröksemdunum hjá hæstv. forsrh. og þeim aðilum innan ríkisstj. sem þetta mál styðja og flytja er sú, að það þýði minnkandi verðbólgu á árinu í ár. Það var vikið að því í umr. fyrr um þetta mál, að Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að ef þetta frv. yrði að lögum þýddi það um 5% minni verðbólgu á árinu í ár en að óbreyttu kerfi. Það er því ekki eftir miklu að slægjast að því er varðar verðbólgu í þjóðfélaginu þó að þetta frv. yrði samþykkt. Þetta frv. hefur fyrst og fremst í för með sér að efnt er til átaka, og það harðra átaka, á vinnumarkaðinum, ef löggjafinn ætlar að fara fram með þeim hætti sem hér er lagt til og ráð fyrir gert.

Í nýlegu fréttabréfi frá Alþýðusambandi Íslands, sem verið er að senda út um þessar mundir, er vikið að þessu máli sérstaklega. Ég tel rétt, með leyfi forseta, að koma á framfæri í umr. viðhorfum Alþýðusambandsins við því hvað þessar breytingar kunna að þýða, verði af þeim. Um þetta segir, með leyfi forseta.

Fyrirsögnin er: „Hvað þýða þessar breytingar?"

„Það að taka upp nýju neyslukönnunina til viðmiðunar er eitt sér rökrétt og hefur af hálfu samninganefndar ASÍ og miðstjórnar ávallt verið fullur vilji fyrir. Við það breytist hins vegar vægi einstakra frádráttarliða og þess vegna náðist ekki samkomulag við Vinnuveitendasamband Íslands um að taka upp nýja grunninn í samningunum á s. l. ári. Á undanförnum mánuðum hefur búvöru-, áfengis- og tóbaksfrádrátturinn leitt til þess að tæplega 90% af verðlagshækkunum hafa verið bættar. Viðskiptakjaraáhrifin geta verið til beggja átta, en hafa oftast verið til frádráttar. Búvörufrádrátturinn mun verða minni í nýja grunninum og lítilleg breyting á vægi áfengis og tóbaks ásamt hinum nýja orkufrádrætti leiðir til að vægi þessara frádráttarliða vex sem nemur a. m. k. 1%.

Til viðbótar eru svo tveir liðir, annars vegar breytingar á niðurgreiðslum, sem hægt er að afnema og minnka þannig verulega kaupmátt án þess að það hafi áhrif á laun, og hins vegar breytingar á óbeinum sköttum. Eftir orðanna hljóðan í frv. gæti þetta þýtt að einungis væri bætt um 70% af verðhækkun, en meining flm. mun vera sú, að þessir liðir komi ekki beinlínis til frádráttar, heldur hafi þeir ekki áhrif á verðbótavísitölu ef lagðir eru á nýir skattar eða dregið úr niðurgreiðslum. Á þessu stigi málsins er ekki hægt að fullyrða hvort eða hvernig þessum sköttum eða niðurgreiðslum verður breytt, en þetta opnar möguleika stjórnvalda til margs konar aðgerða, t. d. að auka söluskatt, verja honum til að greiða niður vaxtakostnað eða aðföng í landbúnaði, sem þýddi lækkun á landbúnaðarafurðum til neytenda. Niðurstaðan af þessu tvennu gæti verið sú, að framfærslukostnaður launþega væri sá sami, en kaup hækkaði mun minna en ella og um leið minnkaði kaupmáttur.

Fyrirsjáanlegt er, miðað við grg. sem fylgir frv., að ætlun stjórnvalda er að hækka orkuverð mjög verulega umfram almennar verðhækkanir og þess vegna verður vægi þessa liðar mun meira í framtíðinni, ef þetta frv. verður samþykkt. Að öllu óbreyttu mun kaupmáttur kauptaxta verkafólks rýrna um 8% á árinu 1983. Þessu til viðbótar er nú gert ráð fyrir auknum frádráttarliðum og aukinni skerðingu með því að lengja bótaútreikningstímabilið.

Eins og hér hefur komið fram á undan er erfitt að segja fyrir um hvernig stjórnvöld munu breyta niðurgreiðslum, óbeinum sköttum og orkuverði, en þótt þar verði ekki miklar breytingar á er samt sem áður ljóst, að ef frv. verður að lögum og ekki verða gerðir nýir kjarasamningar, þá mun kaupmáttur kauptaxta verkafólks rýrna um a. m. k. 10% á þessu ári."

Þetta er ekki fögur lýsing á stjórnkænsku hæstv. núv. ríkisstj. að því er varðar efnahagsmál. Síðasta kjaraskerðing sem framkvæmd var með brbl. var rétt innan við 8%, 1. des. s. l. Því til viðbótar á kaupmáttarrýrnun að verða a. m. k. 10% á árinu 1983, þó svo ekkert annað kæmi til af hálfu stjórnvalda að því er varðar kaupskerðingu og kjararýrnun. Það kemur í ljós við athugun á kaupmætti og kaupmáttarstöðu allt frá árinu 1971—1983 — að vísu er spá fyrir árið 1983 — að gert er ráð fyrir að kaupmáttur á árinu 1983 verði svipaður og hann var á árinu 1976. Þá töldu menn þau stjórnvöld sem voru við lýði í landinu vera hin verstu sem snúið hefðu að verkalýðshreyfingu og launafólki. Þessi saga segir okkur að núv. hæstv. ríkisstj. er komin á sama bát og sú versta í landinu frá 1974, að mati launafólks, þó ekki sé lengra farið aftur í tímann. 1978 var kaupmáttur kauptaxta landverkafólks innan Alþýðusambandsins 110.3, en spáin fyrir árið 1983 er 95. Á árinu 1978 töldu ýmsir áhrifamenn í þjóðfélaginu innan verkalýðshreyfingarinnar sig knúna til að beita bæði löglegum og ólöglegum aðgerðum til að koma þáv. stjórnvöldum frá. Þá var kaupmátturinn 110.3. Hvað telja þessir aðilar í þjóðfélaginu að þurfi að gera nú, þegar kaupmátturinn er kominn niður í 95? Hvað finnst nú hinum sömu forustumönnum innan t. d. verkalýðshreyfingarinnar og BSRB? Þegar þetta þurfti til 1978, hvað þarf þá núna? Hafa menn heyrt eitthvað orðað um slíkt í hinum sömu herbúðum? Nei. Það má í raun og veru segja að þessir hinir sömu einstaklingar og forustulið Alþb. innan verkalýðshreyfingarinnar kyssi nú á þann vönd sem þeir töldu þess virði þá að beita bæði löglegum sem ólöglegum aðgerðum til þess að losna við. Vissulega verða þetta að teljast breytt viðhorf. Kannske vara þessi breyttu viðhorf ekki lengur en lífdagar núv. hæstv. ríkisstj. með Alþb. innanborðs. Það er raunar líklegasta ástæðan fyrir því hversu þessir

sömu einstaklingar innan verkalýðshreyfingarinnar hafa skipt um ham að því er varðar kjaramálin, kjarabaráttuna og stöðu launþega almennt í landinu.

Ég held því að þetta frv., eins og það er til komið eitt og sér og það sem það hefur inni að halda sé vægast sagt tímaskekkja eins og frá því er gengið og ætlast er til að það verði afgreitt hér á Alþingi. Ég held að það þurfi enginn að gera því skóna að launafólk t. d. innan Alþýðusambands Íslands taki slíkri sendingu með þögninni einni saman. Það er í raun og veru hrein vanvirða við launafólk og verkalýðshreyfinguna í landinu að slengja þessu frv. fram nú í kjölfar 8% beinnar kjaraskerðingar af hálfu hæstv. ríkisstj. með brbl. í des.

Það er ljóst, eins og að hefur verið vikið áður, að þó að frv. yrði samþykkt hefur það lítil sem engin áhrif á verðbólgustigið í landinu til hins betra. Hins vegar er ljóst og er búið að vera lengi, að yfirgnæfandi meiri hluti atvinnufyrirtækja í landinu er við það að fara á uppboð vegna slæmrar stöðu fjárhagslega. Menn getur greint á um hverjum slíkt ástand sé að kenna. En menn greinir ekki á um að staðan er slík. Það hefði horft allt öðruvísi við ef hæstv. ríkisstj. eða sá hluti hennar sem að þessu máli stendur hefði haft þá víðsýni til að bera að leggja fram heilsteypta efnahagsstefnu, tillögur til langs tíma um hvernig komast mætti út úr þeim vítahring efnahagsöngþveitis sem við höfum þurft við að búa undangengin ár.

Alþfl. hefur lengi lýst því yfir, að það þurfi breytta heildarstefnu á öllum þáttum efnahagslífsins, ef það eigi að gera sér vonir um að ná árangri í baráttunni við verðbólguna og koma efnahagslífinu almennt talað á traustan grundvöll. Fyrir slíkri stefnu hefur Alþfl. barist og hann mun halda áfram að berjast fyrir þeirri stefnu. Hann telur að hún sé rétt, ástandið í þjóðfélaginu hafi sýnt og sannað að Alþfl. hafði rétt fyrir sér og hefur rétt fyrir sér. Skammtímaúrræði, ef úrræði skyldi kalla, sem gera ekkert annað en það hugsanlega í besta tilfelli að halda þjóðarskútunni á floti í 2—3 mánuði í hvert skipti til viðbótar, eru ekki til þess fallin að almennt geti launafólk fengið traust á aðilum sem beita þeim.

Eitt meginatriðið í þeirri breyttu efnahagsstefnu, sem Alþfl. hefur boðað og boðar enn, er kjarasáttmáli, afkomutrygging fyrst og fremst fyrir það launafólk sem verst er sett. Ég held að því fyrr sem forustumenn þjóðfélagsins gera sér grein fyrir að málin verða ekki leyst öðruvísi en í samstarfi við verkalýðshreyfinguna, því betra.

Eina leiðin til þess að komast út úr því efnahagsöngþveiti sem við nú erum í er að ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman og beinlínis semji um það í tiltekinn tíma, 9, 12, 15 mánuði eða eitthvað slíkt, hver þróun efnahagsstefnunnar og kjaramálanna á að vera. Og ég er handviss um það, og það hefur legið fyrir af hálfu launafólks, að fólk er fúst til þess að taka á sig tímabundnar byrðar vegna slæmrar stöðu efnahagslífsins, ef það sér fram á að þeim byrðum er réttlátlega skipt og að þær komi til með að leysa einhvern vanda þannig að menn standi ekki uppi eins settir, ef ekki verr, eftir tiltölulega stuttan tíma.

Ég er um það viss að hægt er, sé fyrir því vilji við ríkjandi aðstæður í þjóðfélaginu, að fá launafólk til samstarfs við vinveitt ríkisvald til að leysa m. a. þann þátt þessa máls sem við hér erum að ræða, þ. e. í sambandi við vísitölumálin. Auðvitað á það að vera verksvið stjórnvalda á hverjum tíma, séu þau þeim vanda vaxin sem þau hafa að sér tekið, að skapa slíka samstöðu, slíkan grundvöll, til að komast út úr þeim vítahring vitleysunnar, ef svo má orða það, sem við nú búum við. Með þessu frv. er enn einu sinni farin leið gömlu íhaldsúrræðanna að vega einvörðungu og alltaf að kaupi launafólks einu og sér. Þeir sem þessar gömlu íhaldsleiðir velja og vilja fara eru vitandi eða óafvitandi að festa í sessi þá röksemd, röksemd sem alltof víða heyrist, að launin séu orsök þeirrar vitlausu efnahagsstefnu sem hér hefur ríkt. Mér sýnist að þeir aðilar, sem að þessu frv. standa og það styðja, og einnig hinir, sem tekið hafa þátt í vinnslu málsins allt frá upphafi, þó þeir hafi heltst úr lestinni að hluta til á síðasta sprettinum, telji að launin hjá hinum almenna launamanni séu orsök alls þess vanda sem í þjóðfélaginu er. Þetta hefur heyrst æðioft og víða. En ég fullyrði að sú er ekki hin raunverulega ástæða þess ástands sem við búum við í efnahagsmálum. Orsökin er allt önnur og raunar fleira en eitt sem þar kemur til. Það eru samverkandi margir þættir sem hafa orðið þess valdandi hvernig efnahagsþróun á Íslandi hefur orðið undangengin ár.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Ég á ekki von á að það nái afgreiðslu hér á Alþingi, hversu mikla áherslu sem þeir aðilar, sem að því standa, á það leggja. En ég ítreka, að verði þetta frv. að lögum er þar með kastað stríðshanskanum að því er launafólk og verkalýðshreyfingu varðar. Þeirra ábyrgð, sem þeim hanska kasta, er mikil miðað við þær kringumstæður sem í þjóðfélaginu eru í dag, og hefði að mínu viti verið skynsamlegra að halda með öðrum hætti á því máli, sem hér er til umr., svo og öðrum málum, sem snúa að efnahagsstjórn í þjóðfélagi okkar.

Ég vil svo ítreka það, að Alþfl. mun áfram berjast gegn skammtímaráðstöfunum í efnahagsmálum og þar með þessu frv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það hefur vakið nokkurn úlfaþyt að Alþb. tók mjög eindregna afstöðu gegn frv. sem hér er á dagskrá. Ég vil leyfa mér strax í upphafi máls míns að benda á 1. ákvæði í 2. lið um efnahagsmál í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., en hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. mun leita eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um niðurstöður í kjarasamningum, sem geta samrýmst baráttunni gegn verðbólgu og þeirri stefnu stjórnarinnar að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu. Ríkisstj. mun hins vegar ekki setja lög um almenn laun nema allir aðilar að ríkisstj. séu um það sammála, enda sé haft samráð við samtök launafólks."

Þetta er sem sé ákvæði í stjórnarsáttmála. Þá held ég að hljóti að vera nokkuð ljóst hvers vegna lítil ástæða sýnist úr þessu að telja sig til stuðningsmanna þeirrar ríkisstj. sem þannig fer með þá sáttmála sem hún gerir.

Það frv., sem hér um ræðir og stjórnarsáttmálinn er svo brotinn með, fjallar þess utan um einmitt það sem ríkisstj. lofaði að gera ekki. Það fjallar einmitt um skerðingu á launum almennra launþega. Megininntak þessa frv. er kjaraskerðing. Það liggur ljóst fyrir, að þetta frv. gerir sáralítið eða ekki neitt til að draga úr verðbólgu. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði áðan, að hér er auðvitað enn einu sinni höggvið í sama knérunn, gripið til sömu íhaldsaðgerð-

anna, enda ekkert einkennilegt. Það er nú einu sinni íhald sem veitir þessari ríkisstj. forstöðu og af einhverjum ástæðum hafa menn gleymt því öðru hverju.

Það hefur ekki sætt andstöðu að nýr vísitölugrunnur verði tekinn upp, hvorki verkalýðshreyfingarinnar né Alþb. En hingað til hefur það strandað á afstöðu atvinnurekenda, sem vilja nýja og aukna kjaraskerðingu. Þetta frv. tekur í því efni einmitt upp sjónarmið Vinnuveitendasambandsins. Hér er gert ráð fyrir að í nýju vísitölukerfi verði skerðingar verulega auknar frá því sem nú er, þar sem óbeinir skattar og orkuverð eru nú tekin út úr vísitölu og þar af leiðandi ekki bætt með launahækkunum. Ofan á allt annað er lagt til að lenging verði á verðbótatímabili úr þremur mánuðum í fjóra. Það gæti auðvitað komið til greina ef annað fylgdi í kjölfarið. En ofan á það skal nú þegar 1. mars skerða vísitöluhækkanir á laun og ég hlýt að spyrja: Hafa hinir lægst launuðu í þessu landi efni á að missa þá launahækkun nú um mánaðamótin? Hafa einstæðar mæður, sem verða einar að vinna fyrir fjölskyldum sínum, efni á því? Ég segi nei. Almennt launafólk, sem ekkert hefur nema hin raunverulegu laun, og ég skal koma ofurlítið að því síðar því að annað viðgengst auðvitað líka, hefur ekki efni á þessari launaskerðingu núna.

Verðbólgan er nú um 5% á mánuði. Það hljóta allir að sjá að það verður dýrt fyrir launafólk að lengja biðtímann eftir verðbótum um einn mánuð. Nægir að nefna t. d. fólk sem nú þarf að standa skil á afborgunum af íbúðum sínum. Það liggur alveg ljóst fyrir að almenn laun skerðast um 8% á milli áranna 1982 og 1983. Þannig mætti lengi telja um efnisatriði þessa frv., sem eru auðvitað eins og ég sagði áðan ekkert annað en það að vaða enn einu sinni ofan í vasa launafólks. Ofan á allt annað er verið að tala um að þetta sé liður í efnahagsaðgerðum. Hvers konar efnahagsaðgerðir eru það að ganga alltaf að launum landsmanna, án þess að gera nokkurn skapaðan hlut jafnframt?

Um árabil hafa fjölmargir aðilar í þessu landi bent á að það er ótal margt annað sem þarf að gera. Við þekkjum svo sem öll þann söng, en ég ætla samt að leyfa mér að fara ofan í nokkur efnisatriði þess rétt eina ferðina.

Allt okkar þjóðfélag er rekið sem þensluþjóðfélag. Fjárfesting er hér óhófleg og ekkert gert til þess að spyrna þar við fæti. Menn virðast geta, bæði einstaklingar og atvinnurekendur, vaðið hér í bankana, fengið þar hömlulaus lán án þess að nokkuð liggi fyrir um að möguleiki sé að að greiða þessi lán til baka. Þannig hafa Íslendingar lært smám saman — auðvitað er það afleiðing óöryggis í efnahagsmálum — að fleyta sér áfram á lánum. Allt þjóðfélagið hjálpar til við þetta. Sí og æ eru fundnar nýjar leiðir til að leyfa fólki að eyða meira en það aflar. Há prósenta allra bankalána er lán sem verslunareigendur fá til að lána fólki svo að það geti keypt hluti sem það á ekki fyrir. Verslunarvíxlar eru orðinn verulegur hluti af því sem fólk notar sem gjaldmiðil í verslunum. Síðan kom ný snilli til, sem eru kreditkort. Þar geta menn líka fengið ofurlítið lánað svo að þeir geti örugglega keypt meira en þeir hafa efni á. Að þessu er stutt. Auglýsingar hvetja fólk til að kaupa og kaupa og eyða og eyða. Ríkisfjölmiðillinn, sjónvarpið/útvarpið, hjálpar til við þetta. Fólk er ruglað í ríminu þangað til það er búið að gleyma þeirri einföldu hagfræði, sem hver einasta miðlungs húsmóðir hefur um ára- og aldabil orðið að horfast í augu við, að við verðum að eyða eftir efnum. Enginn í þessu þjóðfélagi gerir það lengur.

Hv. alþm. ræða hér eins og ævinlega mjög — hvað á ég að leyfa mér að segja — afstrakt um þessi efni. Menn ryðja hér út úr sér vísitöluhugleiðingum, en allar eru þessar umr. óralangt frá þeim veruleika sem við fólki í þessu landi blasir. Menn ræða hér spaklega um neyslukönnun og að miða skuli vísitölu við neyslukönnun. Í landi þar sem verðlagseftirlit er svo til ekkert. Ég vil leyfa mér að taka svo djúpt í árinni án þess að lasta þar með starfsmenn verðlagsstjóra sem eru lítill hópur og ráða engan veginn við það hlutverk sem þeim er falið.

Þá hlýt ég að spyrja: Hvernig verðlag er miðað við þegar neyslukönnun er gerð? Ég geri ráð fyrir að við þrjár kvenpersónur sem hér teljumst til þm. gætum sagt öðrum hv. þm. hvernig er að versla á Íslandi. Vita t. d. hv. þm. að einn haus af blaðsalati, sem er nauðsynlegur næringarforði fyrir börn landsins, kostar frá 80 kr., og ég endurtek 80 kr., og allt upp í 160 kr.? Ég uppgötvaði í síðustu viku þessi tvö verð, sem hvoru tveggja eru með öllu ósæmileg, og hringdi í verðlagsstjóra og spurði hverju þetta sætti. Hér er um tollfrjálsa vöru að ræða, innflutta. Jú, hann viðurkenndi að hann væri nýbúinn að láta gera samanburð á verðlagi á ávöxtum og grænmeti í Kaupmannahöfn og Reykjavík og komst að sjálfsögðu að því, að mismunurinn er ýmist fimmfaldur eða tífaldur. Með allri sanngirni, þegar hugsað er til flutningskostnaðar og rýrnunar, nær þetta auðvitað ekki nokkurri átt. Einhver í þjóðfélaginu græðir mikla peninga á þessum innflutningi. Og eitt get ég sagt ykkur, hv. þm. Einstætt foreldri með meðallaun, sem á að sjá börnum sínum farborða, kaupir hvorki ávexti né grænmeti handa þessum börnum. Það er töluvert alvarlegt mál, vegna þess að íslenskt fólk, og íslensk börn ekki síst, þarf á þessari vöru að halda.

Ég gæti talið upp fyrir hv. þm. svona dæmi. Sex appelsínur kosta 67 kr. — Ég sé að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson brosir, en ég bið hann um að spyrja konuna sína í kvöld hvort þetta muni ekki vera rétt. — Sex appelsínur kosta 67 kr. Í Kaupmannahöfn kostar appelsína af svipaðri stærð 1 kr. Þetta er íslenskur veruleiki. Svo geta menn rausað hér um efnahagsaðgerðir. Fyrir hvern? Handa hverjum? Þetta frv. til l. um nýtt viðmiðunarkerfi eru engar efnahagsaðgerðir handa fólkinu í landinu. Það er áreiðanlega handa einhverjum öðrum.

Það er nákvæmlega sama hvar við grípum niður. Allt venjulegt launafólk í landinu veit líka að núv. ríkisstj. hefur ekki lyft litla fingri til að leiðrétta það hróplega óréttlæti sem á sér stað í skattgreiðslum landsmanna. Auðvitað er þetta nýja frv. enn ein skerðingin á launum þess fólks sem ber þetta þjóðfélag uppi. Þeir sem raunverulega eiga fjármagnið eða hafa það að láni, — innistæður lífeyrisþeganna og sparsams fólks í landinu, sem gegnum árin hefur reynt að leggja til hliðar þó ekki væri nema fyrir útförinni sinni, — það eru ekki þeir sem greiða skatta í þessu þjóðfélagi. Það erum við hin, launþegarnir í landinu, sem önnumst það eingöngu. Við höfum gert tilraun með skattaeftirlit. Það er augljóst mál hversu mikill áhugi er á þeirri stofnun. Hún er auðvitað illa haldin með mannskap. Eftir því sem skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur tjáð mér hafa þeir fundið dæmi um stófelld skattsvik allt upp í 300 þús.

Bandaríkjadollara. Slíku má er vísað til ríkissaksóknara að sjálfsögðu. Þar sofnar það í kerfinu um árabil, en sá sem ásakaður er um þessi skattsvik heldur áfram að reka svona viðskipti sín, ef hægt er að kalla það svo, og þannig gengur þetta koll af kolli.

Ég get ekki stillt mig um að segja hv. alþm. smágamansögu úr hversdagslífinu. Hér birtist í blöðum bæjarins sneinma í síðustu viku frétt um að Landsbanki Íslands hefði orðið að kaupa á uppboði flugvélargarm, sem vafasamt væri að gæti yfir höfuð komist á loft, og lagði út fyrir henni 120 þús. kr. Og það veitti ekki af því því að á henni hvíldu 4.8 millj. — Heyrðu menn þessar tölur? Hæstv. fjmrh. líka? Viðskrh. er víst ekki viðstaddur. — Það skal tekið fram, sem var til að kóróna endemin, að fyrrv. framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem flugvélina átti situr í bankaráði Landsbankans. (**HBl:** Er hann í Alþb.?) Nei, svo er nú guði fyrir að þakka, herra skrifari.

Þann sama dag kom það fyrir undirritaðan auman alþm. að hafa skrifað ávísanir fyrir nokkrum hundruðum meira en launin gáfu tilefni til og fékk þá samstundis grænan miða og 67 kr. sekt af hverjum hundraðkalli. Umræddur alþm. hafði satt að segja ekki voðalegar áhyggur af þessu, þar sem laun eru nú væntanleg mjög fljótlega. En tveim dögum seinna var hringt og sagt að nú væri komið að lokun á heftinu. Umræddur alþm. hefur skipt við þennan sama banka í 15 ár, lagt þar inn hvern einasta eyri sem inn hefur komið, en það átti að fara að loka heftinu. Mér skal ekki vera launung á því, að ég hringdi í umræddan bankastjóra og sagði: Það skalt þú gera ef þú þorir.

Þetta grín viðgengst í landinu, herra bankaráðsmaður, hv. þm. Albert Guðmundsson, sem ég sé að gengur í salinn. Seta þingmanna í bankaráðum er ófyrirgefanleg. Þannig vinnur bankakerfið á Íslandi. Og maður hlýtur að spyrja: Fyrir hvern er bankakerfið? Er bankakerfið bara fyrir spekúlanta sem fá lánaða peninga til að fara illa með, eins og þeir gera flestir, eða eiga íslenskir bankar að veita mér og öðrum þegnum þessa þjóðfélags einhverja þjónustu? (**Gripið fram í:** Annar bankaráðsmaður er í forsetastól.) Herra forseti hlýðir á mál mitt með athygli, sé ég.

Við getum haldið svona áfram endalaust. Ég er hrædd um að ávísanaheftinu mínu og annarra launþega þessa lands yrði lokað fyrr en hefti mannsins sem getið er í nýlegri grein í einu af vikublöðum bæjarins. Það stóð: „Ávísanahefti mannsins var lokað þegar skuldin var 700 þús.“ Er furða þó að maður spyrji: Hvers konar efnahagslíf er þetta? En það eru auðvitað þessir sömu menn sem borga ekki skatta. Það gerum við hin.

Stjórnmálamenn eru snillingar í að þvæla málum fyrir landsmönnum þangað til enginn botnar neitt í neinu. Einhvers staðar heyrði ég um daginn einhvern hér segja, að með því að ná niður vísitölunni minnkuðu vextir fólks sem skuldaði mikið vegna húsbygginga. Ef ég er ekki þeim mun verri í reikningi, og ég vænti þá þess að einhver leiðrétti mig, er stór hluti skulda manna vegna íbúðabygginga ýmist verðtryggður samkv. lánskjaravísitölu eða byggingarvísitölu. Nú vill svo til að lánskjaravísitala er að ⅔ byggð á framfærsluvísitölu, að ⅓ á byggingarvísitölu. Framfærsluvísitala er reiknuð eftir veruleika dagsins. Hvað kostar að reka fjölskyldu? Byggingarvísitala hækkar jafnt og þétt eftir því sem byggingarvörur hækka. Það þýðir auðvitað að lánskjaravísitala og byggingarvísitala hækka stöðugt og það er ekkert gert í því að lækka þær. Ef kaupgjaldsvísitala er hins vegar lækkuð sé ég ekki annað en að bilið lengist enn milli skulda manna og tekna. (**AG:** Vond er ríkisstjórnin.) Ja, vond er ríkisstj., segir stuðningsmaður hennar Albert Guðmundsson. Undir það skal ég fúslega taka. Hún er ekki nógu góð. En ég heyri á honum að hann hefur ekkert við þennan útreikning að athuga. En þetta eru tiltölulega einfaldar staðreyndir, sem er enginn vandi að segja fólki. (**AG:** Ég er ekki aðili að málefnasamningnum.) Þögn er stundum sama og samþykki, hv. þm. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Það er einn í ræðustól.) Já, það er kórrétt.

Nei, hv. þm. Það er svo ótal margt sem hér mætti ræða. Fyrr í vetur gerði ég að umtalsefni byggingarmál Seðlabanka Íslands. Á sama tíma og menn ætla að vaða ofan í vasana á launþegum, sem margir hverjir eiga fullt í fangi með að sjá sér farborða, er haldið áfram með fullum hraða að byggja hér höll yfir Seðlabanka Íslands, sem var, eins og einhver minntist á hér í þingsölum ekki alls fyrir löngu, einu sinni lítil deild uppi á lofti í Landsbankanum. Hvenær eru landsmenn spurðir? Til hvers er ráðist í svona byggingu? Hvað verður betra þegar hún er risin? Hvar finna þeir muninn sem borga þetta, sem eru auðvitað, þegar öllu er á botninn hvolft, enn launþegar? Hverjum líður betur? Hvað fá menn betur afgreitt. Hvað fá þeir fyrir peningana sína? (**Gripið fram í:** Spurðu Guðmund Hjartarson). Ég hugsa að svarið stæði jafnt í Guðmundi Hjartarsyni sem öðrum, vegna þess að það er ekkert svar við þessu. Það er engin nauðsyn á þessari byggingu.

Það var heldur engin nauðsyn á að byggja stórhýsi yfir Framkvæmdastofnun ríkisins, sem löngu ætti að vera búið að leggja niður. Ég vil þó a. m. k. leyfa mér að spyrja: Hvað batnaði þegar sú bygging var tekin í notkun? Hvernig finna landsmenn fyrir því að þessi stóra og glæsilega bygging er orðin til? Sá landsmaður, sem vill koma til mín og segja mér það, er velkominn. En ég er hrædd um að það standi í flestum. Það er nefnilega ágæt regla þeirra, sem hafa kjörist til að fara með fé landsmanna, að þeir athugi stundum, ekki bara í nefndunum sínum og ráðunum sínum heldur út frá brjóstvitinu einu saman, en að hafa það ætti að vera eina skilyrðið til þess að menn gefi kost á sér í framboð: Handa hverjum er þetta? Til hvers? En öll slík afgreiðsla er einhvern veginn svo órafjarri fólkinu í landinu.

Ég vil enn minna menn á fsp., sem ég gerði hér í þinginu fyrir einu eða tveimur árum, um hvers vegna engir reikningar væru sjáanlegir í ársreikningi Seðlabankans vegna stórhýsis sem risið er í Einholti 4 og hýsir eitthvert glæsilegasta bókasafn á landinu — bókasafn sem er engum opið, erfitt er að komast inn í, engin bókaskrá er til um, enginn veit hver ákveður og til hvers er til á sama tíma og almenningsbókasöfn landsins eru fjársvelt þannig að til vansa er. Enginn hefur séð ástæðu til þess að krefjast þess að rekstrarreikningur þessarar stofnunar verði birtur. Þarna er um milljónaverðmæti að ræða, sem blygðunarlaust hafa verið tekin af sparifé landsmanna án þess að nokkur maður sé spurður. Og ég er sannfærð um að einungis 10% alþm. vissu að þessi stofnun er til. (**Gripið fram í:** Hvaða bókasafn er það?) Bókasafn Seðlabankans, hv. þm.

Það er ekki svo hægt að ljúka þessu máli að fara ekki

ofurlítið í saumana á hlutverki verkalýðssamtakanna í landinu. Öllum er okkur auðvitað ljóst að verkalýðshreyfingin hefur unnið mikið starf í þessu þjóðfélagi, en hún hefur eins og aðrir misst sjónar á mörgum þeim meginmarkmiðum sem henni voru sett í baráttunni fyrir bættum launakjörum. Vissulega hefur henni orðið þar mikið ágengt. En einhvers staðar á leiðinni hefur afskaplega margt farið úrskeiðis. Það getur vel verið að fara verði alla leið inn í þjóðarsálina til að finna skýringu á því. En aliavega er það orðið svo nú, að innan verkalýðshreyfingarinnar er einn hópurinn á móti öðrum. Menn bítast um bitann í staðinn fyrir að vinna sameiginlega að markmiðum, sem verkalýðshreyfingin hefur sett sér, þ. e. að allir landsmenn búi við þokkaleg launakjör. Í stað þess að krefjast manneskjulegra kjarabóta, svo sem sæmilegra launa fyrir sæmilegan vinnudag, þannig að fólk gæti unnið þann vinnudag sem eðlilegur má teljast og síðan átt einhverjar frístundir og tíma til að sinna öðru því sem fólkið í landinu hefur tekið að sér, svo sem eins og að annast uppeldi barna sinna, hafa laun verið þanin til hins ítrasta, ekki með heiðarlegum dagvinnulaunum heldur með því að finna alls konar hliðaraðferðir, bónus, sem margir hér eru mjög hrifnir af, einnig í mínum flokki, og skal ég ekki draga dul á það, hvers kyns álag og að ég nú ekki tali um eftir- og næturvinnu, þannig að fólk hefur unnið 14 og 16 tíma á sólarhring og þénað töluverða peninga á kostnað heilsu sinnar, á kostnað lífshamingju sinnar, á kostnað barna sinna. Þetta er auðvitað engin verkalýðsbarátta. Þetta er löngu komið út í eintóma vitleysu, enda er nú komið svo að flest það sem sagt er um launamál í landinu eru ósannindi, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom inn á í ræðu sinni á dögunum. Fjölmörg einkafyrirtæki í þessu landi láta sig ekki lengur dreyma um að ráða fólk á launum samkv. taxta verkalýðsfélaga. Menn fá engan almennilegan starfskraft á þeim launum. Það er alvitað að ef einkafyrirtæki vantar duglega skrifstofustúlku borgar það henni miklu hærra kaup en gerist t. d. hjá því opinbera og býður henni jafnvel að gefa það ekki allt upp til skatts. Það liggur við að ég skilji þetta mætavel. Hver maður sem reka vill gott fyrirtæki reynir auðvitað að tryggja sér almennilegt starfsfólk. Vitaskuld kjósa margir heldur að vinna hjá einkafyrirtækjum en því opinbera þegar slíkur launamismunur er í boði. En þetta hefnir sín allt saman. Óánægðir launþegar með léleg laun og lítinn sýnilegan áhuga á að störf þeirra séu metin að verðleikum verða að sjálfsögðu vondur starfskraftur, sem þýðir fleiri starfsmenn, stærri stofnanir, útþenslu báknsins, sem hæglega væri hægt að reka miklu skynsamlegar og miklu betur með því að launa fólk almennilega.

Hvers kyns félagsleg þjónusta hefur orðið út undan, þó ekki að öllu leyti, svo að ég kveði nú ekki of sterkt að orði. Hér á árum áður barðist verkalýðshreyfingin fyrir úrlausn í húsnæðismálum, og var það vissulega vel, en síðan hefur baráttan færst í það horf, að hvenær sem þarf að leiðrétta allra lægstu laun þarf slík launahækkun að fara allar leiðir upp í gegnum kerfið, jafnvel þó að laun séu í raun og veru reiknuð á allt annan hátt en venjuleg tímalaun, og nægir þar að nefna uppmælingu og annað þess háttar. Vitaskuld ætti það að vera þannig í þessu landi, að menn fái mannsæmandi laun fyrir mannsæmandi vinnudag svo að fólk geti lifað einhverju fjölskyldulífi, haft einhverjar frístundir. Við sem höfum unnið í sjúkraþjónustunni eða heilbrigðiskerfinu vitum mætavel hvernig fólk er á sig komið um miðjan aldur sem hefur unnið í akkorði árum saman. Það væri þegar upp er staðið gaman að reikna út hvað greiða verður í almannatryggingabætur vegna óhóflegs vinnutíma í þessu landi og vinnuþrælkunar.

Hér hefur áður komið fram, að flest það sem lagt er fyrir okkur þm. um fjárhagsstöðu fyrirtækja, t. d. í sjávarútveginum, eru staðlausir stafir. Það hefur ekki enn orðið ljóst hér í þinginu, hvernig stóð á því að áætlaður gengismunur vegna síðustu gengislækkunar varð ýmist 80 millj. eða 280 millj. Ég hygg að enginn viti enn hve miklar þær birgðir eru sem þessi gengismunur var reiknaður út frá. Í könnun sem gerð var á vegum nefndar, sem sjútvrn. skipaði, var 200 útgerðarfyrirtækjum skrifað og beðið um nákvæmar upplýsingar um afkomu fyrirtækjanna. 50 svöruðu. Virðing fyrir sjóðum landsmanna er ekki meiri en svo, að menn nenna ekki einu sinni að svara svo sjálfsögðum hlutum eins og að styrkjagreiðendur fengju einhverjar upplýsingar um afkomu fyrirtækjanna. En þeir vita að þetta gengur fyrir sig eftirlitslaust. Ef afkoma fyrirtækja skánar ofurlítið eitt árið frá öðru er ráðist í hömlulausar fjárfestingar, sem enginn endir er fyrirséður á, og síðan auðvitað komið og sagt: Nú er atvinnuleysi yfirvofandi. — Og hvað gerum við? Við borgum án þess að æmta. Þetta getur ekki gengið svona.

Herra forseti. Ég hygg að ég ljúki nú máli mínu, en lýsi yfir eindreginni andstöðu við þetta frv., sem er ekkert annað en hjákátlegt yfirklór vegna m. a. slæmrar stjórnar efnahagsmála í landinu. Ég ætla að minnast hér á, herra forsrh., þau orð, sem við vorum borin fyrir í Danmörku nú í vikunni, að við Íslendingar viljum samstarf við NATO. Við hefðum sömu stefnu og Danir. Ég vil leiðrétta það hér með. Hana hafa ekki allir Íslendingar og telja sig Íslendinga þó. En við sumir Íslendingar, hr. forsrh., teljum ekki að þetta frv. um nýtt viðmiðunarkerfi hefði átt að leggjast fram með hreinu broti á stjórnarsáttmála. Það eru drengir góðir sem halda þá sáttmála sem þeir gera. Við mótmælum þessu frv. og teljum að það muni ekki hafa minnstu áhrif á efnahagslega afkomu landsmanna að öðru leyti en því, að þeir lægst launuðu og launamenn í landinu verða ofurlítið fátækari. Það teljum við ekki góðar efnahagsaðgerðir.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það hefur áður komið fram að við Alþb.-menn erum andvígir þessu frv. og munum beita okkur fyrir því eins og við framast getum að það nái ekki fram að ganga.

Það er kjarni þessa máls, að frv. þetta er ekki flutt af ríkisstj. Það er ekki samkomulag um efni þessa máls í ríkisstj. og því hefur þetta frv. komið fram á vegum forsrh. persónulega, en nýtur ekki stuðnings stjórnaraðila. Við munum sem sagt beita öllu afli okkar til að koma í veg fyrir að frv. þetta nái fram að ganga og ég hygg að svo muni verða um fleiri sem sæti eiga hér á hv. Alþingi. Ég held að það hafi verið að koma æ betur á daginn seinustu dagana, að frv. þetta nýtur ekki þingfylgis, nýtur ekki fylgis meiri hl. þingsins, og er því óeðlilegt að þetta mál verði til að tefja störf þingsins um of nú á næstu dögum. Ég hygg reyndar líka, að frv. þetta sé fram komið meira til kynningar en það hafi

verið raunveruleg von þeirra sem að því standa að það yrði samþykkt hér á hv. Alþingi. Þeir sem að því standa hafa, eins og stundum vill verða, viljað láta það liggja ljóst fyrir hver væri stefna þeirra í þessum umdeildu og umræddu vísitölumálum og því hafa þeir flutt þetta frv. En ég á bágt með að trúa því, að nokkur hafi gert sér von um eða ímyndað sér að frv. þetta gæti haft áhrif á vísitölugreiðslur eða verðbætur á laun um n. k. mánaðamót.

Eins og mörgum er kunnugt verður að reikna út verðbætur á laun með nokkrum fyrirvara fyrir hver mánaðamót til þess að unnt sé að koma greiðslum til viðtakenda í tæka tíð. Þannig stendur á hjá ríkissjóði, að það verður að hefja tölvukeyrslu á launum fyrir hver mánaðamót með a. m. k. einnar viku fyrirvara. Nú stendur svo á, að mánuðurinn sem er að líða er óvenjulega stuttur, 28 dagar, og það er því þegar ljóst og getur ekki verið nokkur minnsti vafi á því, að verðbætur á laun verði ekki reiknaðar 1. mars eftir því kerfi sem hér er gerð tillaga um. Málið er enn til 1. umr. hér á Alþingi. Það á eftir að fara til nefndar. Nefndin á eftir að leita umsagnar um það og fjalla um það með formlegum hætti. Síðan á það eftir að koma hér til 2. og 3. umr. og mjög margir þurfa að segja álit sitt á því. Þar á eftir á málið að fara til Ed. og fá þar umfjöllun, ef það fengi afgreiðslu hér í hv. Nd. En ríkissjóður verður að keyra út sín laun þegar á morgun og getur ekki dregið það deginum lengur. Hefði raunar þurft að hefja útreikning á vísitölubótum og launaútreikningi þegar í dag, ef niðurstaða kauplagsnefndar hefði legið fyrir. Því miður liggur niðurstaða kauplagsnefndar ekki enn fyrir og því er ekki hægt að hefja keyrslu launanna í tölvum Skýrsluvéla fyrr en á morgun, en lengur má það ekki dragast ef laun eiga að greiðast á réttum tíma og í samræmi við gerða samninga. Jafnvel þótt þetta mál væri hér til 3. umr., en ekki 1. umr., væri það alveg jafnvonlaust hvað snertir launaútreikninga um næstu mánaðamót þegar af þessari ástæðu. Málið er sem sagt allt of seint á ferðinni.

Það hefur legið lengi fyrir, að ekki væri samkomulag við Alþb. um þá tillögugerð sem felst í þessu frv. Við sögðum það alveg skýrt og ákveðið þegar á haustmánuðum að við værum ekki reiðubúnir að fallast á þær tillögur sem felast í þessu frv. Þess vegna hefði auðvitað verið hægt að láta reyna á það hér í þinginu löngu fyrr hvort þingheimur væri inni á því að afgreiða málið eða ekki. Það hafa hins vegar farið fram samkomulagsumleitanir um málið og dregist hefur að frá því væri gengið. Það er sem sagt löngu orðið ljóst að frv. getur ekki haft áhrif á launaútreikning 1. mars n. k.

Ég nefndi það hér, að viðræður og samkomulagsumleitanir hefðu farið fram um þetta mál á vegum ríkisstj. um alllangt skeið. Ástæðan fyrir því er auðvitað einfaldlega sú, að það er skoðun allra stjórnaraðila að eðlilegt sé að gera breytingar á núverandi vísitölukerfi. Við Alþb.-menn höfum ekki dregið dul á að við værum alveg reiðubúnir til samkomulags við aðra flokka um breytingar á því kerfi sem í gildi er. En við erum ekki tilbúnir að samþykkja hvað sem er. Við látum ekki segja okkur hvað við séum tilbúnir að samþykkja. Við höfum því haldið fast fram okkar stefnumálum, okkar skoðunum í þessu efni, og höfðum ekki trúað öðru en að samstarfsaðilar okkar í ríkisstj. mundu gera það að niðurstöðu þessa máls sem allir þrír stjórnaraðilar gætu verið sammála um. Það eru auðvitað ekki eðlileg vinnubrögð að knýja einn stjórnaraðila til að samþykkja eitthvað sem hann getur ekki fallist á. Því gat aldrei náðst samkomulag um þær tillögur, sem hér liggja fyrir, og skal ég víkja nánar að því á eftir.

Þetta vísitölumál er býsna sögulegt mál og hefur verið hér til umr. um áratuga skeið, hefur nánast verið aðalumræðuefni í stjórnmálum seinustu 30 árin, og það hefur verið eitt mesta ágreiningsefnið sem finnanlegt hefur verið í íslenskum stjórnmálum. Það eru ófá verkföllin sem háð hafa verið vegna verðtryggingarmála og vísitölumála, vegna viðleitni stjórnvalda til að skammta launafólki minni verðbætur en það hefur átt rétt á.

Ég minnist þess, að það var eitt fyrsta verkið sem viðreisnarstjórnin sáluga, sem kom hér til valda haustið 1959, framkvæmdi að taka verðbætur á laun algerlega út úr kerfinu og vísitöluna algerlega úr sambandi. Þannig var þetta ástand um nokkurra ára skeið. En eftir að reynslan hafði kennt þáv. ríkisstj. að hyggilegt væri að vera í sæmilega góðu samstarfi við verkalýðshreyfinguna varð það ofan á með samþykki þeirrar stjórnar að taka upp verðtryggingu launa á nýjan leik.

Í ríkisstjórninni sem hv. þm. Sjálfstfl. Geir Hallgrímsson myndaði 1974 og Framsfl. og Sjálfstfl. áttu aðild að var einnig reynt að afnema verðtryggingu á laun. Afleiðingin af því varð engin önnur en sú, að kjarasamningar voru gerðir til mjög skamms tíma í einu, stundum ekki nema til þriggja mánaða, stundum fjögurra mánaða. Það voru því endalausar samningalotur, sem ríkisstj. og aðilar vinnumarkaðarins þurftu að heyja, og menn fundu að ef ekkert verðtryggingarkerfi væri væru menn í staðinn fyrir útreikning vísitölu á þriggja mánaða fresti að bjóða upp á kjarasamninga á þriggja mánaða fresti með viðeigandi hættu á verkföllum og vinnudeilum og tapi í undirstöðuatvinnuvegunum vegna þeirrar röskunar sem af því leiddi. Menn sáu því þegar fram liðu stundir, að við svo búið gat ekki staðið, og þó að menn væru ekki ásáttir við verðtryggingu launa fannst mönnum þó skömminni til skárra að semja um það mál og geta þá gert kjarasamninga til a. m. k. hálfs eða eins árs í senn. Þetta varð niðurstaðan.

Staðreyndin er sú, að verðbólga hefur alls ekki verið neitt minni hér á landi þegar vísitala hefur verið tekin úr sambandi en þegar vísitala hefur verið látin mæla til hagsbóta fyrir launafólk í landinu. Það er engin leið að færa rök að því að á þeim árum þegar verðtrygging launa var afnumin með lögum hafi stjórnvöldum gengið eitthvað betur í baráttunni við verðbólguna. Því miður sýnir reynslan það alls ekki. Menn munu áreiðanlega minnast þess, að einmitt í kjölfar þess að verðtrygging launa var afnumin á árinu 1974 var hér gífurleg verðbólga á árunum 1975 og 1976. Það eina sem gerðist var ósköp einfaldlega það, að launafólkið í landinu dróst verulega aftur úr þeirri verðþróun sem átti sér stað á sama tíma. Kaupmáttur launa féll verulega á árunum 1975 og 1976. Þá lækkaði kaupmáttur um u. þ. b. 20% og á vissu skeiði allt að 25%. Og hvernig átti öðruvísi að fara þegar verðlag æddi áfram vegna ríkjandi aðstæðna og lítill hemill var hafður á því, en það eina sem ekki mátti mæla var sú vísitöluuppbót, sú verðtrygging, sem launafólk átti kröfu á að fá á sín laun? Þá hlaut afleiðingin að verða sú, að launafólkið drægist aftur úr,

jafnvel þótt forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hefðu sig alla við að reyna að halda kaupmættinum uppi með því að gera kjarasamninga til eins stutts tíma í einu og nokkur kostur var. Það færðust sem sagt mikil illindi í kjarabaráttuna og það var ekki fyrr en á árinu 1977 sem kaupmátturinn treystist á nýjan leik og samið var á nýjan leik um vísitölukerfi.

Nú má að vísu til sanns vegar færa að hér er ekki verið að afnema verðtryggingu launa. Ekki skal því haldið fram að það felist í þeirri till. sem hér liggur fyrir í frv.-formi. En mergurinn málsins er sá, að hér er um svo viðkvæmt mál að ræða, mál sem snertir svo hag alls almennings í landinu, að það er útilokað að frá því sé gengið nema aðilar vinnumarkaðarins komi þar við sögu og samþykki þá breytingu sem tillögur eru uppi um að gera.

Ég hef nefnt það þegar og vil ítreka það, að ég er alls ekki sáttur við vísitölukerfið eins og það er nú. Ég gæti gert ýmsar tillögur um bætt vísitölukerfi. Ég er í fyrsta lagi mjög eindregið samþykkur því, að nýr vísitölugrundvöllur sé tekinn upp. Satt best að segja kynni það að verða niðurstaðan af umr. um þetta vísitölumál hér í þinginu að samstaða tækist milli meiri hluta þm. um að taka upp nýjan vísitölugrundvöll, taka það upp úr þessu frv. sem nýtilegt er og gagnlegt, en sleppa því sem grundvallarágreiningur er um og engin samstaða um að verði hér afgreitt á þeim fáu dögum sem eftir eru til þingloka. Ég held að það sé ófært með öllu að láta núverandi vísitölugrundvöll standa öllu lengur. Hann er úreltur, hann er mjög gamaldags og satt að segja mesta furða það langlundargeð sem verkalýðshreyfingin hefur sýnt að krefjast ekki breytinga á vísitölugrundvellinum fyrir langa löngu.

Annað atriði, sem ég mundi vilja benda sérstaklega á en er nú alls ekki í þessu frv., er sú spurning, hvort á að greiða hlutfallslegar verðbætur á öll laun. Það er gamalt og ég vil segja gott deilumál vegna þess að það vantar mikið á að vakin sé nægilega athygli á því í þessum umr. að það kæmi svo sannarlega til greina að breyta þar einhverju. Er eðlilegt þegar kartöflur hækka í verði, við skulum segja að þær tvöfaldist í verði og vísitala hækkar af þeim sökum um ákveðna prósentu, — er þá eðlilegt að hálaunamaðurinn, sem hefur fjórum sinnum þær tekjur sem vísitölufjölskyldan hefur, fái fjórfalda vísitöluuppbót vegna þessarar hækkunar á kartöflunum? Engum dettur í hug að hann ætli sér og hans fjölskylda að borða fjórfaldan kartöfluskammt á við vísitölufjölskylduna eða verkamannafjölskylduna, en staðreyndin er nú samt sú, að vegna slíkrar hækkunar á kartöflum fengi sá maður, sem hefur t. d. fjórfaldar verkamannatekjur, fjórfaldar bætur vegna þessarar breytingar á kartöfluverðinu.

Á hinn bóginn eru ákveðin atriði sem mæla með því að allir fengju ákveðnar lágmarksbætur þegar verðtrygging launa er útreiknuð. Það mætti sem sagt hugsa sér, að það væri bæði sett gólf og þak á vísitöluna og í vísitöluna, þannig að allir fengju ákveðið lágmark, sem væri vísitölubætur á laun, sem væru dálítið yfir lægstu launum, og á hinn bóginn mætti hugsa sér að það væri sett þak á vísitölugreiðslur þannig að enginn fengi hærri krónutölu en sem næmi ákveðnu hámarki. Því miður er það hins vegar svo, að það hefur nú ekki tekist samkomulag um að haga þessu á þennan veg, enda þótt ýmsir telji að svo ætti að vera, og ég vek sérstaklega athygli á að Verkamannasamband Íslands hefur margsinnis verið með tillögugerð í þá átt að hafa bæði gólf og þak á vísitölunni, en það hefur fyrst og fremst strandað á vinnuveitendum, að þeir samþykktu að fallast á slíkt fyrirkomulag. Það er Vinnuveitendasamband Íslands sem fyrst og fremst hefur staðið gegn því að takmörk væru sett upp á við á vísitölugreiðslur. Ég vil vekja á því athygli í þessu sambandi, að í tilboði, sem fjmrn. sendi BSRB í maímánuði 1980, í fyrstu kjarasamningunum sem ég átti aðild að við opinbera starfsmenn, þá gerðum við þeim einmitt tilboð um að í vísitölunni væri ákveðið gólf, þannig að þeir lægst launuðu fengju meiri vísitölubætur en þeir ættu kannske rétt á, ef hlutfallslega væri reiknað, og á hinn bóginn fengi enginn meiri vísitölubætur en sem næmi hlutfalli verðtryggingar á meðallaun eða á laun sem væru í efri kanti meðallauna.

Herra forseti. Ég hef vakið hér athygli á því, að margt er hér að skoða, sem þetta mál varðar, og ég hef þegar nefnt tvennt, sem væri alveg sérstök ástæða til að ræða í þessu samhengi. En ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð neitt óhóflega mörg eða ræðu mína óeðlilega langa. Ég hef vakið athygli á því, að það er útilokað með öllu að mál þetta geti komið til framkvæmda 1. mars þegar af þeirri ástæðu að það verður að hefja útreikning launanna helst í dag, en ef ekki í dag, þá á morgun. Það var löngu fyrir fram vitað. En ef ræða á málið að öðru leyti, hvað á að gera í sambandi við breytingar á vísitölu, getur svo margt annað komið til greina en það sem nefnt er í þessu frv. sérstaklega. Félmrh., formaður Alþb., Svavar Gestsson, gerði hins vegar að umtalsefni alla meginþætti þessa frv. og afstöðu okkar til þess og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða þá um málið að svo stöddu, en áskil mér að sjálfsögðu rétt til að taka frekari þátt í þessum umr. á síðara stigi, ef mér sýnist svo. En ég vildi sérstaklega koma þeim sjónarmiðum á framfæri sem ég hef nú gert að umtalsefni.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl., virðist í fljótu bragði geta verið nokkuð meinlaust á að líta, en aftur á móti, þegar dýpra er kafað, virðist mér ýmislegt í því meira en lítið vafasamt og hættulegt fyrir almennt launafólk. Í fyrsta lagi dreg ég mjög í efa gagnsemi þessa frv., sem hér er fram lagt, og dreg jafnframt mjög í efa þær tölur sem gefnar eru upp og eiga að sýna að dragi úr verðbólgu. Og ef það dregur úr verðbólgu um 5—6%, hver er þá kjaraskerðingin, sem um er talað, sem í því felst?

Það er ýmislegt ærið tortryggilegt í þessu. Annað er nokkuð skýrt og segir sig nokkuð sjálft. Það er í sambandi við nýjan vísitölugrundvöll, sem lengi hefur verið rætt um og er talinn að ýmsu leyti eðlilegri og réttari. Þar er byggt á neyslukönnun frá 1979 og 1980, en sá sem nú er stuðst við byggist á neyslukönnun frá 1964 og 1965 og sér í lagi 1964. Vissulega hafa orðið stórfelldar breytingar á almennri neyslu og lifnaðarháttum landsmanna og gæti þar af leiðandi verið eðlilegt að slíkur grunnur verði tekinn upp. Skemmst er frá því að segja, að í samningum s. l. sumar bauð Alþýðusambandið að ræða þennan vísitölugrundvöll sem grunn fyrir samningum. Að vísu eru þarna nokkur atriði, sem mundu nú hafa ýmsar afleiðingar í för með sér, sem ég er ekki viss á að allir sjái fyrir. T. d. mundu landbúnað-

arafurðir vega mun minna í þessum vísitölugrundvelli en í hinum fyrri. Matvæli vega í núverandi grundvelli um 20%. Ef niðurgreiðslur eru ekki teknar með kemur í ljós nokkuð fljótlega að sala á landbúnaðarafurðum í vísitölugrundvellinum mundi dragast verulega saman. Ég held ég megi fullyrða að það yrði hrein bylting í neyslu ýmissa landbúnaðarafurða. Það er hægt að koma með skýr dæmi sem sýna fram á það t. d. að neysla á nautakjöti hefur meira en tvöfaldast. Þó er það lítið sem ekkert niðurgreitt á móti dilkakjöti. Þetta mundi á örskömmum tíma draga verulega úr neyslu á dilkakjöti. Neysla á kjúklingum hefur fjórfaldast, ef ég man rétt. Ég er ekki alveg viss á því að hæstv. landbrh. knýi á þetta frv., hann sjái fyrir allar afleiðingar af þessu. Við samningamenn Alþýðusambandsins vildum nú, þó við værum reiðubúnir að semja um þennan grundvöll, athuga nánar ýmsa þætti eins og landbúnaðarvörur. En nóg um það.

Í þessu frv. er lagt til að frádráttarliðir í vísitölunni haldi sér. Breytingar á búvöruverði verða hins vegar nokkru minni vegna þess að landbúnaðarvörur vega minna í vísitölunni. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði halda áfram að vera frádráttarliður, sem eru náttúrlega gömul svik við samninga, vegna þess að enginn féllst á sínum tíma á að taka áfengi og tóbak út úr vísitölunni. Verkalýðshreyfingin ætlaðist aldrei til að áfengis- og tóbaksverð yrði frádráttarliður í vísitölunni. Er náttúrlega hreint fals á núverandi vísitölu að hafa það inni í grundvellinum alltaf á núlli svo það skekki þann grundvöll.

Breytingum á gjaldskrá raf- og hitaveitna er bætt þarna inn í. Fannst nú ýmsum nóg um frádráttarliði, sem fyrir voru, sem eru einhvers staðar á milli 11 og 12%. Verðlag á raforku hvað Landsvirkjun snertir hefur hækkað einhvers staðar á milli 130 og 140% og það er jafnvel gert ráð fyrir 200% hækkun á þessu ári. Þá er náttúrlega ákaflega praktískt að taka orkuverð út úr, þegar það er sá liður sem fer út úr vísitölugrundvellinum og fyrirsjáanleg er á stórfelld hækkun.

Það sem þó er kannske það hættulegasta í sambandi við breytingar á vísitölunni er að óbeinir skattar og tollar eru teknir út úr vísitölunni. Það er sagt með réttu, að þetta sé gífurlegt hagstjórnartæki. Vissulega er það rétt. Þetta er mikið hagstjórnartæki. En að draga þetta út úr vísitölu skapar um leið ákaflega miklar hættur. Það skapar þær hættur, að með hvers kyns niðurgreiðslum og hvers kyns ævintýrum er hægt að færa til verðlag. Það er hægt að hækka verðlag á ákveðnum hlutum svo að verulegu magni nemi án þess að það komi fram í vísitölu. Það er hægt á þennan hátt að skerða vísitöluna þannig að hún verði aðeins svipur hjá sjón.

Það sem ýtir nú undir tortryggni varðandi þetta er 7. gr. frv., þar sem segir: „Forsrh. skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga.“ Nú er ég ekki að segja hér að það sé ætlun eða vilji núv. forsrh. að falsa þetta sem allra mest og ásetningurinn sé sá og sá einn að falsa vísitölu eða hagræða vísitölu. Ég vil ekki bera þær sakir á hæstv. forsrh. En um þetta hefur kauplagsnefnd fjallað. Kauplagsnefnd er þannig saman sett, að í henni er fulltrúi frá Alþýðusambandinu, frá Vinnuveitendasambandinu og einn tilnefndur af Hæstarétti. Um störf þessarar nefndar er það að segja, að ég minnist þess ekki að hún hafi skilað áliti klofin. Ég held að hún hafi alltaf skilað einróma áliti og ég held að aldrei hafi verið vefengdir hennar úrskurðir.

Nú leitar á mann: Af hverju er skyndilega farið að rýra störf þessarar nefndar, sem hefur sér til ráðuneytis og trausts og halds einn vandaðasta embættismann á landinu, sem er hagstofustjóri, og leitar álits hans í þessum málum? Af hverju er verið að færa þetta yfir til forsrh.? Ég endurtek að ég er ekkert fyrir það að brigsla eða ásaka núv. hæstv. forsrh. um að hann sé að útbúa mikil svik, mikla fölsun á vísitölu o. s. frv., en það geta nú komið aðrir forsrh. Sannleikurinn er sá, að eftir að svona lagagr. er komin til framkvæmda fer náttúrlega ákaflega mikið eftir því hvaða vilji er hjá viðkomandi forsrh. til slíkra verka.

Það má lengi vitna í að nauðsynlegt sé að ríkissjóður ráðist í þessar og þessar framkvæmdir án þess að komi fram í vísitölunni, og má nefna ýmis dæmi í því sambandi. Ég skal ekki vera að halda uppi neinu málþófi hér, en ég vil aðeins segja, að reynsla okkar af öllu slíku í gegnum árin hefur verið ákaflega slæm og ég sé ekki betur en með því að taka þessa liði svona út úr, afhenda túlkunina hæstv. forsrh., sé verið að kippa ýmsum meginstoðum undan vísitölunni, a. m. k. ef vilji er fyrir hendi.

Ég vil líka minna á að í þeim erfiðleikum sem þessi þjóð á óneitanlega við að stríða í sambandi við verðfall á afurðum, í sambandi við lokun markaða o. s. frv., þá hefur þetta líka sagt til sín. 1981 var vísitalan skert. Kaupmáttur var sá sami og 1980, 104.9. Hins vegar er áætlað að hann fari niður í röska 103 fyrir 1982. Nú spá vísustu menn, t. d. hagdeild Alþýðusambandsins, að að óbreyttu muni kaupmáttur tímakaups falla niður í 95 eða verði um það bil sá sem hann var 1976. Kaupmáttur að óbreyttum aðstæðum er því kominn býsna neðarlega. Hann er kominn niður fyrir ákveðin hættumörk. Hér er vissulega við erfiðleika að glíma og menn eiga ekki að vera að neita þeim. En okkur virðist þarna nokkuð einhliða tekið á málum. Þarna sýnist okkur gerðar einhliða ráðstafanir sem skerða kaupmátt launafólks. Og jafnframt, ekki vegna aðgerða ríkisstj., heldur vegna þess að markaðir hafa brugðist, afli hefur verið verðminni og halli á viðskiptum, þá hefur atvinna dregist saman, þannig að ráðstöfunartekjur verða minni og stefna í að verða minni þannig að það verður ekki, eins og verið hefur hægt undanfarin ár, hægt að benda á þetta.

Ég sé að tíminn er að verða útrunninn og hefði nú margt verið hægt um þetta að segja fleira. En ég harma að ekki skuli hafa náðst betri grundvöllur. Það hefði vel komið til greina að breyta ýmsum — herra forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu — liðum þessarar vísitölu. Við stöndum frammi fyrir ákveðnum vanda og þar er ekki hæstv. forsrh. um að saka. Við stöndum frammi fyrir þeim vanda, að ef við hækkum laun almenns launafólks í landinu um 5% fara þau 5% upp í efstu taxta sem til eru í landinu. Og ekki nóg með það, heldur líka í hæstu útselda vinnu sérfræðinga sem til eru í landinu. Þetta sjálfvirka kerfi malar slíkt inn. Við erum reiðubúnir að ræða ýmsa slíka þætti. (**Forseti:** Fundartíminn er nú búinn.) Herra forseti. Ég skal lofa að hlíta þeim tímamörkum. Ég vil aðeins taka fram og ítreka, að ég vil ekki vera að fullyrða hér og nú að það sé ásetningur núv. forsrh. að falsa þetta allt saman eins og mögulegt er, en það eru opnaðir möguleikar fyrir því. Það eru í þessu bein skerðingarákvæði, þegar kaupmáttur tíma-

kaups er orðinn mjög lítill. Þess vegna get ég ekki stutt þetta frv.

Umr. frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 80, n. 361). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Fyrir hv. Nd. liggur frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, á þskj. 80. Að 1. umr. lokinni var vísað til fjh.- og viðskn. Nefndin hefur fjallað um málið og leitað umsagnar fjmrn. Frv. þetta gerir ráð fyrir að heimilt sé að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Í umsögn rn. kemur fram, að þrátt fyrir að framkvæmd heimildarinnar hljóti að verða ýmsum annmörkum háð telji rn. ekki rétt að mæla gegn því að frv. nái fram að ganga.

Á ýmsum tímum og í ýmsum tilvikum hefur það verið gagnrýnt hér á hv. Alþingi að ríkissjóður geri sér erfiðleika fólks að fjáröflun. Slík gagnrýni hefur löngum komið fram þegar rætt hefur verið um greiðslu söluskatts af ýmiss konar kostnaði sem stafar af erfiðleikum, svo sem eins og með snjómokstur. Eins og alkunna er eru héruð og byggðarlög hér á landi misjafnlega snjóþung og því hlýtur kostnaður við snjómokstur að vera misjafn í hinum ýmsu byggðarlögum. Þá leiðir það einnig af sjálfu sér að þar sem vegagerð hefur dregist aftur úr kostar snjómokstur að öðru jöfnu meira en þar sem samfélagið hefur lagt meira fé til vegagerðar.

Með tilliti til þess, sem ég hef sagt, og fleiri atriða varð niðurstaða fjh.- og viðskn. í umfjöllun um málið, sem segir í nál. á þskj. 361, að nefndin telur að hér sé um sanngirnismál að ræða og leggur til að frv. verði samþykkt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Matthías Bjarnason, en undir álitið skrifa Halldór Ásgrímsson, Ingólfur Guðnason, Matthías Á. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Albert Guðmundsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Herra forseti. Að þessari umr. lokinni óska ég eftir að málinu verði vísað til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðmiðunarkerfi fyrir laun, frv. (þskj. 334). — Frh. 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Við umr. bæði í dag og áður hefur ýmislegt komið fram sem þarfnast frekari skýringa í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir og borið er fram af hæstv. forsrh. Það vakti þannig mikla athygli hér í þingsalnum í dag þegar hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að aldrei hefði staðið til að frv. þetta yrði afgreitt fyrir 1. mars, þess vegna hefði það verið lagt svo seint fram og orð sem hnigið hefðu í þá átt væru meir til þess að sýnast en að til hefði staðið að standa við það. Af þessu tilefni tel ég nauðsynlegt að spyrja hæstv. forsrh. hver sé skoðun hans á þessu atriði, hvort það hafi fyrir honum vakað, þegar hann lagði frv. fram, að það yrði afgreitt svo snemma að unnt yrði að taka tillit til þess við ákvörðun kaupgjaldsvísitölunnar 1. mars eða hvort það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að það hafi aldrei staðið til að þessar breytingar tækju gildi við útreikning kaupgjaldsvísitölunnar þá. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram. Við höfum orðið vör við það hér í þessari hv. deild að þetta frv. er notað sem einhvers konar átylla fyrir einstaka ráðh. til að bera sakir hver á annan. Þetta virðist vera orðið að einhvers konar uppgjörsmáli innan ríkisstj. og af þeim sökum er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. segi hug sinn í þessum efnum.

Um þetta mál hafa margar og mjög ítarlegar ræður verið haldnar af einstökum ráðh. Ég skal ekki rifja hér upp þau brigslyrði sem frá þeim hafa fallið né heldur dóma stuðningsmanna ríkisstj., eins og t. d. hv. 8. landsk. þm., um stefnu og störf ríkisstj. að öðru leyti en því að minna á að hún telur að minnkandi kaupmáttur, aukin verðbólga og versnandi lífskjör eigi fyrst og fremst rætur sínar að rekja til óstjórnar í efnahagsmálum, eins og hún komst að orði, en utanaðkomandi aðstæður hafi vegið þar miklu minna. Þetta var að sjálfsögðu mjög athyglisvert og lýsir hvaða hug hún ber til þess stjórnarsamstarfs sem hér hefur ráðið ríkjum um skeið.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að sá maður í stuðningsliði ríkisstj. sem áhrifamestur er innan launþegasamtakanna, hv. 7. þm. Reykv., hefur með mjög ákveðnum hætti fært rök fyrir því að þetta frv. sé hættulegt fyrir launafólk, og færði hann fyrir því margvísleg rök, sem raunar eru í samræmi við fréttabréf frá Alþýðusambandi Íslands frá 18. febr. s. l., þar sem efni þessa frv. er nákvæmlega rakið og gerð grein fyrir þeim hættum sem í því felast fyrir launafólk.

Það er svo, að við búum nú við 70% verðbólgu eða svo. Helstu talsmenn þessa frv. gera ráð fyrir að það muni kannske verka til lækkunar á verðbólgu sem nemur 0.3% eða 0.4% á mánuði. Meira er það ekki. Það eru öll ósköpin. Þegar maður hefur þetta í huga og svo hitt, hversu illa ýmsir forustumenn launþegasamtakanna hafa tekið frv., hlýtur að vakna sú spurning, hvort ekki sé lagt í fullmikla áhættu með því að samþykkja frv., hvort verkalýðshreyfingin muni ekki líta svo á að með því sé verið að kasta stríðshanskanum framan í hana og muni taka hann upp og efna til vinnustöðvana, ólöglegra verkfalla og óróa á vinnumarkaði, eins og hér hefur stundum hent áður, síðast 1978, þegar núv. hæstv. forsrh. var í ríkisstjórn og stóð að mjög umdeildri löggjöf til skerðingar á kaupgjaldsvísitölunni.

Ég hef áður vikið að því í mínum ræðum, þegar kjaramálin hefur borið á góma, hversu þolinmóð og róleg verkalýðshreyfingin hefur verið þrátt fyrir síendurtekna skerðingu á gildandi kjarasamningum og versnandi kjör í mesta góðæri sem yfir landið hefur gengið. Það á sér þá eðlilegu skýringu, að þeir menn sem voru í meiri hl. í verkalýðshreyfingunni vildu gefa ríkisstj. tækifæri til þess að færa efnahagsmálin til betri vegar. Ef við lítum á mjög hófsamlega kjarasamninga á síðustu misserum sjáum við að viðleitni verkalýðshreyfingarinnar hefur eingöngu verið sú að reyna að viðhalda kaupmættinum. Verkalýðshreyfingin hefur meira að segja gengið svo langt að semja um nokkra grunnkaupshækkun og sérstaka skerðingu hennar tveim mánuðum síðar til þess að reyna ekki um of á getu ríkisstj. til að koma efnahagsmálunum í þær skorður sem hún hafði heitið.

Við munum það líka frá s. l. sumri, þegar brbl. voru

sett, að það atriði sem verkalýðshreyfingin lagði mest upp úr var það, að brbl. ættu að tryggja að verðbólgan héldist a. m. k. í svipuðu eða sama horfi, verðbólguvöxturinn yrði ekki meiri en áður frá 1. nóv. til 1. mars. Og ég man það áreiðanlega rétt að hæstv. forsrh. bryndi okkur Sjálfstfl.-menn mjög á því að ef við stæðum gegn þeirri skerðingu mættum við eiga það á hættu að verðbólgan hlypi upp í 70—80%.

Nú tók verkalýðshreyfingin þá ákvörðun að láta kyrrt liggja. Launafólk í landinu þrýsti ekki á forustumenn sína að taka upp aðgerðir gegn ríkisstj. þrátt fyrir að kaupið var skert um helming 1. des. s. l. Við vitum að kaupið hefur oft verið skert, en því hafa hjá góðum ríkisstjórnum fylgt alhliða ráðstafanir, sem hafa miðað að því annars vegar að koma í veg fyrir víxlverkunaráhrif verðhækkana og kaupgjalds og um leið hefur svigrúmið verið notað til að koma nýjum stoðum undir atvinnureksturinn, draga úr greiðslubyrði af hallarekstri eða með öðrum hætti blása nýju lífi í atvinnureksturinn. Ekkert af þessu var gert í tengslum við kjaraskerðinguna 1. des. Þvert á móti hefur krónan verið lækkuð tvívegis síðan og hefur verið látin síga í þokkabót. Ofan í 7—8% lögbundna skerðingu til viðbótar skerðingu Ólafslaga hefur verðbólgan nú þotið upp í 70—80%.

Ég tók svo eftir að hv. 8. landsk. þm., sem er stuðningsmaður ríkisstj. og ætti þess vegna ekki að mála myndina svartari en hún er, talaði um að verðbólgan væri ekki minni nú en 5—6% á mánuði. Menn geta svo reiknað út hvað það er. Þetta kemur ofan í fórn launþeganna. Hvað átti hækkun launa vegna hærri kaupgjaldsvísitölu að bæta mönnum 1. des.? Sú kaupuppbót átti ekki að koma til að bæta mönnum verðhækkanir sem yrðu á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. febr. á þessu ári. Launin voru skert að þeim hluta sem átti að bæta hækkanirnar sem voru á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóv. Það voru þær gömlu hækkanir sem launþegar urðu að bera óbættar. Síðan hafa enn meiri hækkanir dunið yfir. Og hver eru viðbrögð stjórnvalda nú eða þess hluta ríkisstj. sem stendur að því frv. sem hér er til umr.? Viðbrögð þessara ráðh. eru þau að nú eigi launamenn allan marsmánuð að bera til viðbótar óbættar allar hækkanir sem yfir hafa dunið frá 1. nóv., hækkanir af völdum tveggja gengisfellinga, hækkanir af völdum einhliða hækkana hjá ýmsum opinberum aðilum o. s. frv. Það er síður en svo, að opinberar stofnanir, ríkið sjálft, hafi haldið að sér höndum varðandi hækkanir á þessum tíma. Allt þetta eiga launþegar að bera óbætt allan marsmánuð eftir því frv. sem hér liggur fyrir. Hvað skyldu það vera mörg prósent í kaupmætti í mars? Það væri fróðlegt að fá það upplýst. Auðvitað er skerðing kaupmáttarins af völdum þessa frv. miklu meiri fyrst í stað en stuðningsmenn þess vilja láta uppi og láta reikna út sérstaklega.

Það hefur löngum verið stefna Sjálfstfl., og ég held að ég megi segja að undanfarna áratugi hafi það einnig verið skoðun hæstv. forsrh., að aðilar vinnumarkaðarins eigi að bera ábyrgð á sínum samningum og ríkisvaldið eigi að reyna að stuðla að því að frjálsir samningar takist um þau atriði er mestu skipta varðandi kjarasamninga hverju sinni. Nú liggur það fyrir, og var staðfest af forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hér áðan, að það hefur alls ekki verið unnið nægilega vel að því af hæstv. ríkisstj. að ná samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um nýjan verðgrundvöll vísitölunnar. Út af fyrir sig er enginn ágreiningur um það, hvorki hjá stjórnarandstöðu né ríkisstj., vinnuveitendum né launþegum, að nauðsyn sé á slíku. En þessi nýi verðgrunnur verður að koma inn í samningum aðila vinnumarkaðarins. Verðgrunnurinn og þau áhrif, sem hann hefur á verðbætur, er auðvitað gífurlegur hluti af launakjörunum í landinu, ekki síst þegar verðbólgan er í þvílíkum hæðum sem 70%. Jafnvel af helstu sérfræðingum ríkisstj. er ekki nefnd lægri tala á þessu ári en einhvers staðar yfir 60%. Í slíkri verðbólgu hafa verðbæturnar auðvitað úrslitaáhrif á kjörin.

Nú getum við sagt að launakjörin hér á landi séu allt of góð, að Dagsbrúnarmaðurinn beri allt of mikið úr býtum, að hinn almenni launamaður eigi mikinn afgang þegar hann hefur greitt fyrir helstu lífsnauðsynjar. Við getum auðvitað haldið því fram. En ég er hræddur um að fáir menn fyrir utan þennan sal mundu leggja mikinn trúnað á slíkt eða treysta slíku. Það er meira að segja svo komið, að formaður Verkamannasambandsins hefur beðist afsökunar á sjálfum sér hér í þessum sal út af þeirri útreið sem lægst launaða fólkið hefur orðið að þola og sér ástæðu til að minna á að hann sé enn þá þeirrar skoðunar að brýnasta málið sé þrátt fyrir allt að lyfta örlítið undir þá sem verst eru settir.

Nei, það er alveg áreiðanlega víst að hin almennu laun í þessu landi eru ekki sá bölvaldur sem við getum kennt um 70% verðbólgu nú. Það er alveg öruggt mál, og það er líka öruggt mál að það er mikill ábyrgðarhluti að höggva í þennan knérunn aftur núna, þar sem er kaupgjaldsvísitalan. Ef við rifjum aðeins upp hvaða áhrif þeir skerðingarliðir, sem nú eru á kaupgjaldsvísitölunni, hafa haft á síðustu mánuðum, kemur í ljós samkv. útreikningum Alþýðusambandsins að tæplega 90% af verðlagshækkunum síðustu mánaða hafa verið bætt. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að auka skerðingarákvæðin enn og hér er talað um breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna. Formaður Verkamannasambands Íslands upplýsti áðan að í hyggju væri að hækka þessa tvo liði um 200% á þessu ári. Það er ekki svo lítið þegar við höfum það í huga að raforkuverðið hefur hækkað kringum 100% núna a. m. k. tvö s. l. ár. Nú er sem sagt meiningin að hækka um 200%, segir formaður Verkamannasambands Íslands, sem er innsti koppur í búri hjá ríkisstj. og veit gerst um hennar áætlanir.

Það er talað um breytingar á óbeinum sköttum og gjöldum — nú hefur hæstv. ríkisstj. hækkað skattana jafnt og þétt — og breytingar á niðurgreiðslum og vöruverði. Þetta eru þeir þrír liðir sem Alþýðusambandið talar sérstaklega um og kemst að þeirri niðurstöðu, eins og segir í bréfi Alþýðusambands Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir orðanna hljóðan í frv. gæti þetta þýtt að einungis væri bætt um 70% af verðhækkunum, en meining flm. mun vera sú, að þessir liðir komi ekki beinlínis til frádráttar, heldur hafi þeir ekki áhrif á verðbótavísitölu, ef lagðir eru á nýir skattar eða dregið úr niðurgreiðslum."

Það er eftir orðanna hljóðan sem lögin eru túlkuð. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessum skilningi Alþýðusambandsins, sem ég hef hér lýst.

Það var eftirtektarvert að heyra lýsingar hv. 8. landsk. þm. á því ástandi sem hefur skapast hér á landi og viðgengist, dafnað vel og blómstrað í tíð núv. hæstv.

ríkisstj. Umtalsverð skattsvik. Mér skildist að undir stjórn hæstv. fjmrh. drægist árum saman að úrskurða um kærur á mjög alvarlegum skattsvikum, sem næmu verulegum fjárhæðum í erlendum gjaldeyri, og er svo að skilja sem skattyfirvöld hafi sofnað á verðinum. Hv. þm. lýsti hér hversu gagnslaust verðlagseftirlitið væri. Þær tölur, sem vísitala væri reiknuð út frá, segðu engan sannleika, — kannske hálfan sannleika, en lýstu alls ekki hinum raunverulega kaupmætti í landinu. Hv. þm. spurði á hverju hinir lægst launuðu ættu að lifa og komst að þeirri niðurstöðu, að barnmargar fjölskyldur hefðu ekki ráð á því að gefa börnum sínum hollan mat. Á þessum tónum talaði þessi hv. þm. lengi vel áðan og komst eðlilega að þeirri niðurstöðu að samvisku sinnar vegna gæti hún undir engum kringumstæðum lengur talist stuðningsmaður þessarar hæstv. ríkisstj. Þessa niðurstöðu í orðum hennar skildi ég mjög vel.

Það hefði kannske verið ástæða til að ræða nokkuð við ráðh. Alþb. Þeir eru ekki hér í húsinu og ég veit ekki hvort ég á nokkuð að vera að biðja um að þeir ómaki sig hingað niður eftir. Sá hefur verið háttur þeirra á síðustu fundum að koma hér upp í ræðustól, gefa digrar yfirlýsingar um að þeir séu hálfvegis að hugsa um að hverfa úr ríkisstj., þeir hafa gefið í skyn að stjórnarsamstarfinu ljúki á sömu stundu og þetta frv. verði að lögum o. s. frv. Ummæli þeirra, bæði í samhengi við mál þeirra í heild og skoðuð sérstaklega, sýna að þeir eru hálfgerðir bandingjar í ríkisstj. eins og nú er komið. Þá langar í burtu og þeir vita að stuðningsmenn þeirra ætlast til þess að þeir fari í burtu.

A. m. k. tveir þm. úr þingliði Alþb., formaður Verkamannasambandsins, hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, og hv. 8. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir, sem líka hefur unnið mikið í launþegasamtökunum, báðir þessir þm. hafa ýmist nauðugir greitt atkv. með stjfrv., lýst yfir fullri andstöðu við ríkisstj. eða fellt tillögur ráðherra með því að slást í hóp stjórnarandstæðinga. Hvorugur þessara þm. mun nokkru sinni leggja annað eins á sig og hann hefur gert fram að þessu til að halda lífi í þessari ríkisstj. Og af hverju ekki? Vegna þess að báðir þessir þm. fóru í framboð sem sérstakir fulltrúar launþega í landinu. Þeir töldu sig hingað komna til að reyna að passa kjörin. Þeir töldu sig geta slegið skjaldborg um laun hinna lægst launuðu, a. m. k. færu þau ekki versnandi frá því sem áður var, en þeir hafa ekki haft erindi sem erfiði. Af þessum sökum hafa báðir þessir þm. í rauninni lýst sig stjórnarandstæðinga.

Það er alveg rétt að skoðanakönnun Dagblaðsins, sem ég veit ekki hvernig er unnin, en við skulum segja að það sé allt saman vel gert og samviskusamlega, sýnir að ríkisstj. hefur traust meiri hluta þeirra sem svöruðu. Þeir menn fylgjast bara ekki eins vel með og þeir sem sitja inni í þessu húsi á hverjum degi og eru í brennipunktinum í þjóðfélaginu. Það er inni í þessum sölum sem ríkisstj. hefur misst afgerandi stuðning, þannig að hún getur undir engum kringumstæðum í dag kallast meirihlutaríkisstjórn. Ég virði það við hv. 8. landsk. þm. að standa við sín orð hér um daginn, lýsa því yfir að hún geri það nauðug viljug, en hún vilji standa við sín orð og sín fyrirheit úr því að hún á annað borð gaf þau. Ég virði þann heiðarleika. En í þessari afstöðu fólst líka að hún yrði jafnheiðarleg við sjálfa sig framvegis og jafnvel heiðarlegri og mundi ekki aftur láta þröngva sér til að greiða atkv. á móti sinni raunverulegu sannfæringu, eins og hún hefur því miður látið henda sig allt of oft á s. l. þrem árum.

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er lagt fram af hæstv. forsrh. í því skyni að það verki á kaupgjald í landinu 1. mars n. k. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að þetta sé misskilningur, það hafi aldrei staðið til að frv. yrði samþykkt fyrir þann tíma. Þetta lýsir í hnotskurn tvískinnungnum sem kominn er upp í ríkisstj., sýndarleiknum sem þar er leikinn, uppgerðinni og síðast en ekki síst þessum vettlingatökum sem m. a. formaður Framsfl. hefur sagt þrásinnis úr þessum ræðustól að séu frumorsök þess hversu illa sé komið fyrir okkur núna. Þá á formaður Framsfl. við það, að ríkisstj. hefði betur farið að vilja sjálfstæðismanna í ágústmánuði, kallað þing saman þá strax, látið á það reyna hvort meiri hluti Alþingis hefði trú á þeim efnahagsráðstöfunum, sem þá voru gerðar, og ef svo var ekki yrði efnt til nýrra kosninga og ný ríkisstj. gæti tekið við, sem vildi og hefði kraft til að taka á málunum. Undir þetta sama hefur formaður Alþb. tekið. Hann hefur viðurkennt að villa þessarar ríkisstj. sé sú, að hún hafi tekið vettlingatökum á efnahagsmálunum, viðurkennt að hann brást á s. l. vori. Og hvaða ályktun dregur hann svo af ástandinu núna? Þá að þörf sé á fjögurra ára neyðarráðstöfunum til að draga okkur upp úr svaðinu. Fjögurra ára neyðarráðstöfunum, segir hæstv. ráðh., og varar um leið við því að vegna eyðsluskulda erlendis, viðskiptahalla, sé nú svo komið að Ísland nálgist að vera jafn skuldunum vafið og Pólland, að pólskt ástand skapist á Íslandi.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í framsöguræðu minni fyrir þessu frv. s. l. þriðjudag gerði ég allítarlega grein fyrir því og tel því ekki ástæðu til að endurtaka það, sem þá var sagt. Það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið í umr., sem ég vildi aðeins víkja að.

Því er haldið fram af sumum hv. þm. að þetta frv. um nýtt viðmiðunarkerfi sé brot á stjórnarsáttmála. Er þá vitnað í það ákvæði, að ríkisstj. muni ekki setja lög um almenn laun í landinu. Þessi kenning fær ekki staðist. Þetta frv. brýtur á engan hátt í bága við ákvæði stjórnarsáttmálans. Það er ekki ríkisstj. sem flytur þetta frv. Það er forsrh. sem flytur það og er skýrt tekið fram af hans hálfu, bókað í ríkisstj. og lýst yfir á Alþingi að þetta sé ekki frv. ríkisstj., heldur frv. forsrh. Skýrt er tekið fram að þrír ráðh. í ríkisstj. séu frv. andvígir. Hér er því ekki um að ræða ríkisstjórnarfrv. eins og stjórnarsáttmálinn talar um.

Í öðru lagi er hér ekki verið að leggja til að sett séu lög um almenn laun í landinu, heldur er verið að lagfæra nokkra helstu agnúa á þeirri vísitöluskrúfu og sjálfvirkni sem allir eru í rauninni í hjarta sínu sammála um og hafa lengi verið að þyrfti að lagfæra. M. a. felst í því að lengja hið þriggja mánaða verðbótatímabil úr 3 upp í 4 mánuði. Ég vil taka það skýrt fram að lengingin úr 3 upp í 4 mánuði er ekki ágreiningsefni við Alþb. Ágreiningsefni varðandi það mál er eingöngu um það, hvort tímabilið frá 1. des. s. l. skuli verða 3 mánuðir eða 4, þ. e. hvort fjögurra mánaða tímabilið skuli koma til framkvæmda eftir 1. mars.

Á hinn bóginn er verið með þessu frv. að leggja fram mikilvægan þátt í því meginmarkmiði ríkisstj. að reyna

eftir föngum að hamla gegn verðbólgu. Þetta frv., eins og ég gat um, heggur ekki á verðbólguna að marki í bili, en þetta mun segja til sín þegar frá líður og draga úr helstu agnúum þessa sjálfvirka kerfis.

Til viðbótar þessu má geta þess, að í jan. 1982 var um það samið og yfirlýst af hálfu ríkisstj. að hefja þá þegar endurskoðun á þessu viðmiðunarkerfi og reyna að finna nýtt kerfi til að afnema helstu annmarkana og agnúanna á því kerfi sem nú er. Það er rúmt ár síðan þessi vinna hófst og hefur verið lögð í þetta mál mikil vinna. Í ágústmánuði var í yfirlýsingu stjórnarinnar beinlínis tekið fram, að ákveðið væri að leggja fram frv. um þetta efni með hliðsjón af þeim tillögum sem þá lágu fyrir og sem nánar er allt skýrt í grg. Því fer þess vegna fjarri að flutningur þessa frv. brjóti á nokkurn hátt gegn stjórnarsáttmála. Þvert á móti er það flutt til að vinna að því að fullnægja einu meginmarkmiði stjónarsáttmálans og yfirlýsingum ríkisstj. síðan.

Því er haldið fram í annan stað að frv. feli í sér kjaraskerðingu, kaupmáttarskerðingu. Ég rakti það mál nokkuð hér í minni framsöguræðu og minnti á það sem menn því miður stundum rugla saman. Það er eins og sumir menn haldi að sérhvert inngrip í þessa sjálfvirkni í þjóðfélaginu þýði um leið kjaraskerðingu. Þetta er rangt. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að breytingar á þessu sjálfvirka kerfi geta orðið til þess að draga úr hraða verðbólgunnar og um leið til þess að bæta kjörin og auka kaupmáttinn. Ég nefndi í minni framsöguræðu glöggt dæmi um þetta, sem ekki hefur verið hrakið.

Á árinu 1981, þegar ákveðið er um áramótin að taka vissa tölu vísitölustiga út eða 7 stig, var því spáð af sumum að þessi breyting þýddi kjaraskerðingu. Það liggur fyrir að þegar árið var á enda og kannað var hvernig kaupmáttur hafði breyst á árinu hafði hann ekki minnkað. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hafði ekki minnkað, heldur hafði hann aukist um rúm 4%. M. a. stafaði þessi aukning kaupmáttar af því að verðbólgan lækkaði á því ári úr 60 niður í 40%. En það er auðvitað staðreynd, eins og ýmsum ágætum forustumönnum verkalýðssamtakanna er manna ljósast og hefur komið fram m. a. í samþykktum Verkamannasambands Íslands og mjög skýrri framsetningu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar á sinni tíð, að verðbólgan þýðir alltaf kjaraskerðingu fyrir launamenn, mest fyrir láglaunafólkið, og að hjöðnun verðbólgu er því út af fyrir sig einnig kjarabót. Og við höfum þetta glögga dæmi frá árinu 1981, þegar það sem virtist í fyrstu vera kjaraskerðing, þ. e. breyting á þessu sjálfvirka kerfi, reyndist vera kjarabót. Ég held því alveg ákveðið fram að þau ákvæði, sem þetta frv. felur í sér, verði til bóta, muni draga úr verðbólgu nokkuð í ár og einnig þegar frá líður og þar með verða launþegum einnig til bóta þannig að af völdum þessa frv. muni kaupmáttur ráðstöfunartekna ekki minnka, heldur fremur aukast.

Hér hefur verið af tveim hv. þm., Guðrúnu Helgadóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni, auk fjmrh., minnst á þann mikla galla á verðbótakerfinu að greiddar eru verðbætur sem nema sömu hundraðstölu fyrir öll laun hærri sem lægri. Ég er þessum hv. þm. algerlega sammála í gagnrýni þeirra í þessu efni. Ég tel ástæðulaust og ranglátt að láta þá sem hærri eða hæstu hafa launin fá sömu prósentu, þ. e. margfaldar upphæðir í krónutölu, til þess að bæta upp dýrtíðina. Það er vafalaust rétt, að Vinnuveitendasambandið hefur lagst gegn breytingum á þessu og vill halda þessari hlutfallsreglu. En ég hygg að hitt sé líka rétt, að samtök launþeganna eða a. m. k. sterk öfl hjá þeim eru andvíg lagfæringu þeirri sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Guðmundur J. Guðmundsson hér hafa haldið fram og sem ég tek undir. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því þegar hann lagði fram tillögur til samninga við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja 1980, þar sem gert var ráð fyrir þaki, en því var hafnað af þeim alþýðusamtökum. Okkur er öllum kunnugt að í Alþýðusambandi Íslands eru sterk samtök sem hafa komið í veg fyrir og eru andvíg breytingu í þessa átt, þannig að ef við viljum líta alveg raunsætt á það mál eru það ekki eingöngu vinnuveitendur eða þeirra samtök sem hér hafa beitt sér á móti, heldur einnig allsterk samtök launþeganna sjálfra.

Ég vil undirstrika það, að ég er eindregið fylgjandi því að hér verði breytt til, að verðbætur verði ekki greiddar þannig að sama prósenta haldi áfram upp úr, heldur sé það þjóðfélagslegt réttlætismál að það fólk sem er lægra launað eða með meðallaun fái hlutfallslega meiri uppbætur en þeir sem hærri hafa launin og þurfa síður á því að halda.

Hér hefur borið á góma nýr vísitölugrundvöllur og í umr. hefur komið fram aths. við þennan nýja neyslugrunn, sem ætlunin er að lögleiða með þessu frv. Ég er alveg sammála því, að vissulega væri æskilegt að breyta ýmsu í þessum nýja vísitölugrunni, þessari neyslukönnun. Það er margt þar, eins og nefnt hefur verið, laxveiði, hestamennska, sólarlandaferðir o. fl. o. fl., sem kannske er óeðlilegt að hafa þarna inni í sem grundvöll að viðmiðun launa við landbúnað. En í því sambandi vil ég taka það fram, að í þessum löngu viðræðum á s. l. ári um þetta mál og um hinn nýja vísitölugrunn hefur verið lögð á það höfuðáhersla af fulltrúum launþegasamtakanna í landinu að þessi neyslugrunnur, sem Hagstofan lét vinna nú nýlega, væri tekinn upp óbreyttur og í engu raskað. Þó menn viðurkenndu vissa annmarka á honum var ekki hróflað við þeirri neyslukönnun, sem fram fór.

Hv. 7. landsk. þm. Halldór Blöndal spurði hvort fyrir mér hefði vakað við framlagningu frv. að það yrði afgreitt í tæka tíð fyrir 1. mars. Svarið er já. Það var ljóst að stjórnaraðilar voru ósammála um þetta mál. Það var lagt fram engu að síður vegna þess að þeir sjö ráðherrar sem styðja frv. töldu það óhjákvæmilega nauðsyn. Ég hafði búist við því, að flokksbræður mínir í stjórnarandstöðu mundu taka þessu frv. jákvætt og veita því stuðning. Margt mælti með því. Það hefur verið baráttumál Sjálfstfl. árum saman að draga úr þessari sjálfvirkni, draga úr þessari vísitöluskrúfu á margvíslegan hátt, og hefur verið lögð á það höfuðáhersla í samþykktum landsfunda við stjórnarmyndanir ella. Því hefði mátt gera ráð fyrir að frv. eins og þetta mætti þar stuðningi og skilningi. Við upphaf 1. umr. á þriðjudaginn var talaði hv. þm. Friðrik Sophusson af skilningi og háttvísi um þetta mál og gaf það vissulega nokkrar vonir um að svo mundi verða.

Hins vegar gerist það svo s. l. laugardag, að formaður Sjálfstfl. á viðtal við blað sitt, Morgunblaðið, þar sem viðhorfin eru gersamlega neikvæð, og væntanlega verður að gera ráð fyrir að hann tali þar í umboði

þingflokksins. Náttúrlega væri æskilegt ef svo væri ekki, en þessi neikvæða afstaða boðar ekki gott. Þess vegna virðist svo nú, eftir þessum ummælum formanns Sjálfstfl. að dæma, að hann muni ætla sér að koma í veg fyrir að þm. Sjálfstfl. styðji þetta mál, sem þeir ættu auðvitað að gera af efnislegum ástæðum, fyrir utan nú hitt atriðið að nota nú tækifærið til að sameina alla þm. Sjálfstfl. um eitt mikilvægt mál.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka undir síðustu orð hæstv. forsrh. Það stendur ekki á okkur að bjóða hann velkominn í hópinn, ef hann fullnægir því lágmarksskilyrði að segja af sér sem forsrh. Veri hann velkominn. Þá getum við sameinað Sjálfstfl. að nýju, og ekki skal standa á okkur að taka brosandi á móti honum (**ÓÞÞ:** Er þetta í umboði þingflokksins?) þó hann yrði hv. í staðinn fyrir hæstv. í þeim svifum sem hann gengi inn um dyrnar á flokksherberginu.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að hann hefði vænst þess að þm. Sjálfstfl. mundu greiða — það var efnislega — veg þessa frv. í gegnum Nd. Nú minnist ég þess ekki að hæstv. forsrh. hafi gengið á fund flokksbræðra sinna. Hann er enn í þingflokki Sjálfstfl. og sá er nú háttur okkar, ef við viljum vænta stuðnings hver annars, að bera mál þar upp, og hefur m. a. hæstv. dómsmrh. gert það og atkvgr. bera með sér að við höfum oft brugðist vel við hans málaleitan. Það má fletta upp þingtíðindum og sjá að við höfum ráðið úrslitum um að mál hans hafa náð fram að ganga hér á Alþingi þrátt fyrir klofning stjórnarliða um þau og ágreining, þannig að hann hefur góða reynslu af því. En hins vegar minnist ég þess ekki að hæstv. forsrh. hafi komið niður í þingflokksherbergi og kynnt fyrir okkur þetta mál áður en hann lagði það fram. Nú má vel vera að það hafi verið boðaður einhver fundur án minnar vitundar með hæstv. forsrh., það hafi ekki náðst í mig, og hann hafi samt sem áður setið fund með þingflokki Sjálfstfl. Það má vera, en ég hef ekki frétt af því. En það væri náttúrlega kurteisi, ef hann ætlaðist til stuðnings okkar, að leyfa okkur að fylgjast með og kannske hafa einhver áhrif á efni frv., eins og t. d. að taka laxveiðarnar út úr verðbótaþættinum, fyrst þær eiga þar ekki heima að hans mati. En það kom ekki til þess, þannig að það var ekki við því að búast að við gætum gefið hæstv. forsrh. holl ráð í sambandi við þennan frv.-flutning.

Nú er hæstv. fjmrh. kominn í salinn og eiginlega synd að hann skyldi ekki hafa komið ögn fyrr. Ég ætlaði að fara að segja, að það hefði vakið athygli mína að hæstv. forsrh. skyldi hafa gripið tækifærið til að segja að framlagning frv. væri ekki brot á stjórnarsáttmálanum þegar enginn ráðh. Alþb. var staddur hér í Nd. Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh., fyrst hann er kominn í salinn, hvort hann hafi sama skilning og hæstv. forsrh., að framlagning frv. sé ekki brot á stjórnarsáttmálanum. Það væri fróðlegt að fá svar hæstv. fjmrh. á því.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að það kveður við nýjan tón nú hjá hæstv. forsrh., það minnir mig í það minnsta, þegar hann segir að þetta frv. sé ekki stjfrv., heldur flutt af forsrh. einum. Mig minnir að hann hafi sagt hér áður í deildinni að meiri hl. ríkisstj. stæði að þessu frv., allir ráðherrar nema þrír, og í þeim skilningi væri það stjfrv. Nú þarf ég að fletta þessu upp til að vera viss um að ég muni þetta rétt. En hitt liggur fyrir, að forseti Nd. hefur lýst því yfir að þetta sé stjfrv. og hæstv. forsrh. mótmælti ekki þeim úrskurði forsetans þegar hann var gefinn. Nú er sá forseti ekki við í deildinni svo að hann getur ekki áréttað sinn fyrri úrskurð, en fróðlegt væri að vita hvað hæstv. varaforseti segir um það, hvort hann sé sammála fyrsta forseta um að þetta sé stjfrv. eða ekki eða hvort hann sé ósammála hæstv. forsrh. um að þetta sé ekki stjfrv., án þess að það skipti nú neinu meginmáli satt að segja.

Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um að vaxandi verðbólga bitnar á launafólki og bitnar á lífskjörunum. Auðvitað er það öldungis rétt hjá hæstv. forsrh., og þetta skyldi hann hafa í huga nú, þegar verðbólgan er komin upp í nýjar hæðir. Ég veit ekki hvort sú kjaraskerðing, sem felst í hækkun verðbólgunnar, hefur verið metin sérstaklega, en hún er veruleg, ekki síst ef tekið er í reikninginn að skuldbindingar hins almenna borgara eru verðtryggðar núna gagnstætt því sem áður var. Af þeim sökum verður kjararýrnunin miklu meiri en áður, eins og vanskilin í bönkunum sýna okkur ljóslega. Ég hygg að kaupmáttarskerðingin sé mun meiri en opinberar tölur gefa til kynna, einfaldlega af þeirri ástæðu að verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki tekin inn í kaupmáttarútreikninginn. Þess vegna eru þessar síðustu tölur um stöðu kaupmáttarins rangar og gefa til kynna hærri kaupmátt en hann raunverulega er. Um þetta veit ég að við hæstv. forsrh. erum sammála.

Það er aðeins smáatriði í viðbót. Hæstv. forsrh. segir að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi verið svo og svo mikill á árinu 1981 borið saman við næsta ár á undan. Ég man ekki betur en veruleg grunnkaupshækkun hafi orðið á ofanverðu ári 1980, um mánaðamótin okt./nóv., fyrir það alþýðusambandsþing sem þá var haldið. Og ég hygg að það sé líka rétt hjá mér, að þeir kaupmáttarútreikningar sem lagðir voru fram á því alþýðusambandsþingi gáfu til kynna mun hærri kaupmátt en hann síðar varð, þó svo að árið 1981 hefði verið besta ár sem yfir þjóðina hefur gengið. Það er þess vegna öldungis víst að kaupmátturinn á því herrans ári var mun minni en búist hafði verið við og ætla mátti í ársbyrjun. Það er öldungis víst. Kjaraskerðingin 1. mars var í rauninni ekkert annað en að þurrka út þá kauphækkun sem samið hafði verið um nokkrum mánuðum áður. Það skakkaði ekki miklu. (Gripið fram í.) Ef ég má svara formanni Verkamannasambandsins. Mig minnir að það hafi verið gefin út brbl. 31. des. 1980, sem fólu í sér skerðingu verðbótavísitölu 1. mars 1981, og að Alþingi hafi lagt blessun sína yfir þá kjaraskerðingu undir páska um veturinn eða nokkrum vikum eftir að kjaraskerðingin tók gildi. Það hefur m. ö. o. komið fyrir formann Verkamannasambandsins tvívegis að rétta upp hendina á Alþingi með verulegri kjaraskerðingu sem ákveðin var með brbl. algerlega að nauðsynjalausu af því að Alþingi kom saman í bæði skiptin nægilega snemma til þess að svigrúm hefði gefist til að afgreiða lög með venjulegum hætti.

Ég tek svo undir það, sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að það er ekki ágreiningur um það út af fyrir sig að lengja verðbótatímabilin frá 3 mánuðum í 4. Það er hvorki ágreiningur milli einstakra stjórnmálaflokka, Alþýðusambands né Vinnuveitendasambands um þá hugsun út af fyrir sig. Um hitt er ágreiningur, hvernig að því skuli farið, með hvaða hætti það skuli gert. Það

er talin veruleg ástæða til þess eftir að frv. var lagt fram að þessi mál verði skoðuð miklu betur.

Svo síðast þetta: Auðvitað er það rétt hjá hæstv. forsrh. að fórnir launþega til þess að styðja að atvinnurekstrinum geta borgað sig síðar. En það skilyrði hefur verið sett af verkalýðshreyfingunni fyrir kjaraskerðingu í bili að ríkisstj. hafi á prjónunum alhliða efnahagsráðstafanir til að taka á öðrum þáttum efnahagskerfisins en bara launaþættinum. Nú hefur hæstv. forsrh. lagt fram frv. sem skerðir launaþáttinn. Þá er eðlilegt að maður spyrji: Hvað er hann með meira í pokanum? Hvað er í pokanum? Er hæstv. forsrh. með eitthvað fleira í huga? Hyggst ríkisstj. áður en þingi lýkur leggja fram nýtt efnahagsfrv., sem feli í sér víðtækar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgunni, sem taki á öðrum þáttum en launaþættinum? Það er um þetta sem við erum að spyrja. Við erum tregir til að taka launaþáttinn einan út úr. Við trúum því ekki að of háum launum sé einum um að kenna hvernig komið er. Við erum sannfærðir um að það þurfi að taka á öðrum þáttum líka, og þess vegna spyrjum við: Hyggst ríkisstj. flytja frv. um alhliða efnahagsráðstafanir eða ekki? Á að láta sitja við launaþáttinn einan eða á að taka annað inn í myndina líka?

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja hér langt mál, enda hef ég talað áður í þessari umr. stuttlega um það frv. sem hér er til umr., en kemst vart hjá því að segja örfá orð eftir að hæstv. forsrh. hefur talað í lok 1. umr. málsins.

Það var reyndar athygli vert, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að það er hans skilningur, og hann sýndi fram á það í sinni ræðu, að það væri ekki brot á stjórnarsáttmálanum að leggja fram þetta frv., þvert ofan í það sem hv. Alþb.-menn hér á þingi hafa haldið fram. En þá kemur sú áleitna spurning upp í hugann: Hvers vegna var þetta ekki gert miklu fyrr?

Það kom jafnframt fram hjá hæstv. forsrh., að í raun sé ágreiningurinn afar lítill á milli Alþb. annars vegar og annarra stjórnarparta hins vegar. Þetta ræddi ég nokkuð í minni fyrri ræðu, enda má glöggt sjá á minnihlutaáliti Þrastar Ólafssonar að þar er bitamunur en ekki fjár.

Síðan fjallaði hæstv. forsrh. með athyglisverðum hætti um verðbólguna, kjaraskerðingu ellegar launaskerðingar og samband verðbólgunnar við kjör manna í landinu. Hann hélt því fram, og vitnaði þar til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, sem hann taldi sér sammála um það atriði, að í raun og veru hefði með 7% launaskerðingu í upphafi ársins 1981 náðst fram 4% kjarabót þegar á árið var litið. Þetta er frægt mál, því að þegar Alþb. gleypti við þessari launaskerðingu í upphafi árs 1981 skrifaði formaður Alþb., hæstv. félmrh., yfirmaður kjaramála á Íslandi, í Þjóðviljann og kallaði þetta „slétt skipti". Það er án efa rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. þegar hann vitnaði til ummæla hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, að hjöðnun verðbólgu með verðbótaskerðingum er kjarabót. M. ö. o.: verðbólgan felur í sér kjararýrnun. En sé rétt til vitnað til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar spyr maður þeirrar spurningar: Af hverju voru þær verðbætur ekki skertar meir og af hverju er þeim leik ekki haldið áfram, fyrst það gefur a. m. k. „slétt skipti" og kannske betri kjör? Út á það ganga þessi rök. Og hvernig í ósköpunum stendur á því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson getur verið á móti því að bæta kjörin í landinu? Ef hæstv. forsrh. vitnar rétt til hans ummæla upplýsist það hér, að hæstv. forsrh. heldur því fram að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sé á móti því að lækka verðbólguna og þess vegna á móti því að bæta kjör í landinu. Þetta er mjög eðlileg rökfærsla út frá því sem hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu.

Ég held að hann hafi dálítið til síns máls. Ég skil ekki hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson að láta þetta tækifæri frá sér sleppa. Hæstv. forsrh. sagði jafnframt, að hann væri sammála þeim hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur annars vegar og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni hins vegar um að það væri ákaflega slæmt að greiddar séu jafnmiklar verðbætur á bæði há laun og lág og í framhaldi af því að það væri ákaflega slæmt þegar verðbótaskerðing væri jafnmikil á lág laun og há. Ég get borið saman tvö tilvik.

Annars vegar tek ég sem dæmi brbl. sem sett voru seint í ágúst í sumar, þar sem kjaraskerðingin var jafnmikil á há laun og lág, en reynt var síðan að breyta þessu með þeim hætti að greiða 50 millj., pínulítinn part af skattahækkuninni, til baka til þeirra lægst launuðu með svokölluðum láglaunabótum, sem reyndust vera eins konar vísitölubætur á laun sem menn höfðu haft árið áður. Mér er sagt að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi staðið að þessu. Það er skjalfest í pappírum frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og haft eftir fulltrúum fjmrn. að svo hafi verið. En ég ætla að rifja það upp fyrir hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að í febr. 1978, þegar hæstv. forsrh. var iðnrh. í stjórn Geirs Hallgrímssonar, gerðust þau tíðindi að efnt var til efnahagsráðstafana og þá var farið öðruvísi að. Þá voru ekki, ég undirstrika, þá voru ekki skertar verðbætur á lægstu laun. Með þeim ráðstöfunum, sem þá voru framkvæmdar, fengu laun að upphæð 88 þús. gkr. á mánuði fullar verðbætur. Eftir það voru verðbætur skertar þar til hálfar verðbætur voru greiddar á laun að upphæð í gkr. 140 þús. og eftir það. Ef fært er til verðlags dagsins í dag, — það skal ég gera með ánægju, það hef ég látið gera fyrir mig — þýða 88 þús. kr. laun á þessum tíma sama, þarna er um vegið meðaltal að ræða, og 6184 nýkr. og 140 þús. 9 843. Þessu var síðan breytt með brbl. í maí og bilið varð þá frá 8 102 kr. — Það var gólfið — upp í 16 603. Á því tímabili, frá 8 þús. upp í 16.5 þús., gerðist það að ekki komu til greina fullar verðbótaskerðingar. M. ö. o.: í febr. 1978 gerðist það að farið var að þeim hugmyndum sem þeir hæstv. forsrh. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að sögn hæstv. forsrh. eru sammála um að ætti að fara.

Hvað gerði hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson þá? Fór hann ekki niður á Lækjartorg og hrópaði húrra? Var ekki skrúðganga hjá Verkamannasambandinu, þar sem var haldið upp í Stjórnarráð og sagt: Þetta var fín verðbótaskerðing, miklu betri en þær sem hafa farið fram áður, og svona ætlum við að haga okkur í framtíðinni. Nei, það getur verið að mig misminni, en ég man ekki betur en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson efndi til einhvers konar útflutningsbanns. Það voru hans húrrahróp 1978. Og hann lét prenta seðla og dreifði á ýmsa vinnustaði í landinu: Við kjósum ekki kaupránsflokkana. Við viljum samningana í gildi. Kosningar eru kjarabarátta. — Hljómar þetta ekki kunnuglega, hv. þm.?

Svo gerðist það, að út á þessi loforð var hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kjörinn á Alþingi. Í næstu kosningum þar á eftir, sem voru aðeins ári síðar, haustið 1979, ég vona að hv. þm. viðurkenni það þó. (Gripið fram í.) Jæja, enn frekar, ef það er rétt. Og hvað ætli hv. þm. hafi gert þá, þegar hæstv. ríkisstj. sem hann studdi fór að skerða verðbætur á laun? Notaði hann ekki aðferðina sem hann hafði lagt til sjálfur? Ég læt öðrum eftir að svara þessum spurningum.

En svo kemur hv. þm. og segir: Er hægt að bjóða mönnum upp á kjaraskerðingar á borð við þessa, sem hér er til staðar? Og hver skyldi ágreiningurinn vera? Hæstv. forsrh. upplýsir hér að ágreiningur við Alþb. um þetta sé smávægilegur. Það er spurning, hvenær verðbótatímabilslengingin á að taka gildi, hvort þetta fjögurra mánaða tímabil á að taka gildi 1. des. eða 1. mars. Og í stað þess að taka orkufrádráttinn út úr vill Þröstur Ólafsson taka hlutfallslegan frádrátt — eða eru kannske ekki skoðanir Þrastar Ólafssonar og um leið hæstv. fjmrh. um leið skoðanir hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar?

Nei, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson segir: Það má bara alls ekki blanda sér í almenna frjálsa kjarasamninga, þ. e. í þeim tilvikum þegar hann hagnast ekki á því. Hins vegar má gera það þegar á að setja orlofslög og breyta þannig kjarasamningum, því að þá telur hann sig hagnast á því. Er þetta ekki tvískinnungur? Ef ekki, hvað er þetta þá? Ég hef aldrei setið undir ræðu eins og þeirri, sem hæstv. forsrh. hélt hér áðan, að hann skyldi gera svona gífurlegt grín að einum af þeim mönnum sem hefur stutt ríkisstj. hæstv. forsrh. En ég efaðist hreinlega um að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skildi þetta grín fyrr en ég væri búinn að útskýra það fyrir hv. þm., eins og ég hef verið að reyna að gera núna.

Hæstv. forsrh. sagðist hafa átt von á stuðningi frá sjálfstæðismönnum í stjórnarandstöðu, og ég þakka honum að sjálfsögðu hlý orð í minn garð þar sem hann lýsti minni ræðu. En ég spyr á móti: Af hverju kom ekki þetta frv. fyrr fram? Ég minnist þess, því var haldið fram þegar brbl. voru ekki lögð fram á Alþingi í upphafi þings, að þá var sagt víða og því héldu ýmsir ráðherrar fram, ég man ekki hvort það var hæstv. forsrh., en það kom fram t. d. hjá hv. þm. Framsfl., að það væri ekki hægt að leggja frv. fram, það vantaði fylgifrv., þar á meðal þetta frv. Þannig lá í því. Og hvers vegna skyldi hæstv. forsrh. hafa lagt frv. fram? Það var vegna þess að hv. þm. Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., lét að því liggja að það kæmi til greina að semja um þetta mál. Þetta er staðreynd sem er hægt að fletta upp í blöðum. Það græddu ekki margir á því því að Alþfl. klofnaði, og má lengi kljúfa eldspýtur í þessu landi.

Það er auðvitað erfitt fyrir sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu, ef þeir tækju nú þá afstöðu að styðja frv., að styðja frv. sem er tæknilega dautt. Það kom allt of seint fram. Við höfum ekki lagt stein í götu frv., þvert á móti hafa fulltrúar Sjálfstfl. mætt á nefndarfundum þrátt fyrir mótmæli annars stjórnarflokksins um að nefndarfundir væru haldnir í fjh.- og viðskn. Nd. Sjálfstæðismenn létu sig hafa það, því að þeir vildu að málið fengi þinglega meðferð.

Þegar formaður Sjálfstfl., hv. þm. Geir Hallgrímsson, sagði frá því í Morgunblaðinu á laugardaginn, sama dag og hæstv. forsrh. kom úr opinberri heimsókn frá Danmörku, að flokkurinn mundi ekki styðja frv. þá lá fyrir að ekki var hægt, vegna þess að Alþb.-menn höfðu ákveðið að tefja þetta mál, að afgreiða það í tíma, því að í fyrramálið kemur saman kauplagsnefnd til að reikna út hver eigi að vera verðbótavísitala. — Það er kannske kaldhæðni örlaganna, en kemur ekki þessu máli við, að samkv. gildandi brbl. ber að skerða þá vísitölu að hálfu. Það er alveg örugg lagaskýring, enda má gagnálykta, og þetta veit hæstv. forsrh., fyrrv. prófessor í lögum út frá þeirri breytingu sem gerð var í Ed., þar sem gert er ráð fyrir að það þurfi að taka inn í frv. þá brtt. að kjaraskerðingin gildi aðeins til 1. mars. Það er ekki í brbl., en er núna í því frv. til staðfestingar á brbl. sem liggur fyrir Alþingi. Kannske er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að tefja vísitölumálið vegna þess að á meðan verður hæstv. forsrh. að sitja í Nd., getur ekki staðið að afgreiðslu mála í Ed., og hv. þm. Helgi Seljan, flokksbróðir hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, neitar að taka brbl. á dagskrá í Ed. af því að þeir eru að bíða eftir því að hægt sé að skerða laun núna um 7.5% til viðbótar af þeirri einföldu ástæðu, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að þeir væru sammála, hæstv. forsrh. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, um að besta kjarabótin væri að lækna verðbólguna með verðbótaskerðingu. En óskaplega sveigir eru þeir í hugsunarhættinum, ef þetta reynist rétt.

Það var ljóst á laugardaginn, það verða allir að vita, að hv. þm. Halldór Ásgrímsson færi úr landi á Norðurlandaráðsfund. Sá hv. þm. er formaður fjh.- og viðskn. Varaformaðurinn er enginn annar en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Og hver trúir því að hv. þm., eins og hann hefur talað í þessari umr., muni gera það fyrir hæstv. forsrh. að hraða málinu í gegn, nema þá að þetta sé allt allsherjar samsæri. Frá mínum bæjardyrum er þetta grín. Þetta er eitthvert hið mesta grín sem ég nokkurn tíma hef heyrt eða séð á ævinni.

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að það er ekki hægt, jafnvel þótt menn vildu, að styðja þetta frv. fyrir stjórnarandstöðuna er af mörgum toga spunnin.

Í fyrsta lagi hefur þetta mál verið á ferðinni í heilt ár, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. Í heilt ár hefur það verið á ferðinni í stjórnarherbúðunum og stjórnarandstaðan hefur aldrei fengið að sjá frv. né heldur þá vinnu sem farið hefur fram á vegum stjórnarflokkanna og stjórnarpartanna um þetta mál.

Í öðru lagi er frv. allt of seint fram komið. Hins vegar get ég sagt það, að við sjálfstæðismenn erum tilbúnir nú eins og ætíð endranær að skoða það með ábyrgum hætti, ásamt þeim sem sitja í hæstv. ríkisstj., ásamt verkalýðsforustunni og ásamt forustu Vinnuveitendasambandsins, með hverjum hætti, ekki bara í því sem snýr að vísitölunni heldur í öðrum málum, er hægt að koma lagi á hlutina. Ein alvarlegasta uppástunga okkar í þessum efnum var þegar við báðum um að Alþingi yrði kallað saman í sept. á s. l. ári til þess að hægt væri að ræða þetta mál, fá fram kosningar, skýrari línur, festu og ábyrgð í íslenskri pólitík, en því var hafnað. Og enn stóðu þeir saman hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og hæstv. forsrh.

Að lokum, herra forseti, er það ljóst að Alþb. ber ábyrgð á þessu frv. Fyrirvarinn sem þeir gera er æðilítill málefnalega. Það er þess vegna alveg út í bláinn þegar hv. þm. koma hér upp og myndast við að reyna að

halda því fram, að þeir séu á móti, eins og þeir kalla, kjaraskerðingunni sem kemur fram í þessu frv.

Þetta taldi ég nauðsynlegt vegna ágætrar ræðu hæstv. forsrh. að kæmi fram áður en 1. umr. málsins væri lokið. En ég efast um að þetta mál komist úr nefnd.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði raunar áður látið í það skína að ég mundi ekki tala við þessa umr., enda get ég ekki fundið nokkurn tilgang í því að vera að hefja hér málþóf, hvorki í þessu máli né öðrum. Við Alþb.-menn erum nú búnir að gefa okkar yfirlýsingar varðandi þetta mál og hafi hæstv. forsrh. áhuga á að við yfirgefum þessa skútu 100 metra frá skerjunum er það auðvitað hans mál. Hún er hvort sem er að fara sinn veg eins og allar ríkisstjórnarskútur hafa gert, að vísu með misjöfnum endalokum, en því miður með allt of svipuðum árangri.

Ræða hv. þm. Friðriks Sophussonar var bráðsnjöll eins og venjulega, og þegar ég kom hér inn og hlustaði á hans mál gat ég alls ekki heyrt um hvaða málefni hann var að fjalla. Hann sagði helst ekkert annað en Guðmundur J. Guðmundsson og Guðrún Helgadóttir og það til skiptis, bæði í réttri og öfugri röð. En það má hv. þm. eiga að hann er mjög skemmtilegur og orðheppinn, og ekki sakar að gömlu Heimdallarbrandararnir koma sér nú vel einu sinni enn.

Það er dálítið einkennilegt þegar maður heyrir það æ ofan í æ að þegar ágætur maður, duglegur og samviskusamur úti í bæ, Þröstur Ólafsson, sendir frá sér álit sé það sjálfgefið að þar séu jafnframt komnar skoðanir mínar og Guðmundar J. Guðmundssonar. Ég skil það bara ekki að menn skuli tyggja það hér hver ofan í annan í allri þessari umr. (**Gripið fram í:** Hvaða maður er þetta?) Ég get ekki skilið að þó að við séum flokksbræður höfum við nákvæmlega sömu skoðanir á öllu. Það er auðvitað alveg út í hött. Þetta er bara sagt til að geta teygt lopann, enda er hv. þm. vanur að tala lengi um lítið efni. Þó maður vilji reyna að punkta niður sitthvað af því sem hv. þm. segir, oft á skemmtilegan hátt, þegar hann fjallar um mál, vill oft verða lítið eftir á blaðinu, því að það er meiningarlaust og innihaldslaust þvaður. Fæst af því á sér nokkra stoð í raunveruleikanum, eins og t. d. að bera það á Alþb. að það beri ábyrgð á frv. hæstv. forsrh., sem er flutt í hans eigin persónu hér inni í þinginu þó merkilegt sé, þó hann sé forsrh. dugmikillar ríkisstj. Alþb. mótmælti framlagningu frv. og ber enga ábyrgð á því. Og þegar hv. þm. Friðrik Sophusson og margir aðrir, sem hér hafa talað, leyfa sér að segja að það sé aðeins smávægilegur munur á skoðunum Þrastar Ólafssonar, eins og þeir nefna það, þ. e. sérálíti Þrastar Ólafssonar í málinu, sem starfaði í vinnunefnd við að fjalla um þetta mál, það sé aðeins smávægilegur munur á því og á frv. eins og það lítur út, þá eru menn að reyna að blekkja okkur hérna inni, sem er auðvitað vonlaust af því að við kunnum þetta mál aftur á bak og áfram. Kannske á Friðrik Sophusson sér einhverja von í einhverjum atkv. þeirra sem hlusta uppi á pöllum. Hafi þær vonir verið fyrir kl. 8 í kvöld eru þær áreiðanlega að engu orðnar nú. Menn eiga ekki að leyfa sér að tala svona. Þegar menn standa upp við hátíðleg tækifæri og reyna að segja eitthvað sniðugt eiga þeir að tala til að skemmta sér og skrattanum, en ekki þykjast vera að tala í alvöru um hápólitísk og erfið mál. En munurinn er nefnilega mikill. Það er mikill munur á því, hvort um fastan frádrátt er að ræða, eins og Friðrik var að tala um hérna áðan, eða það sem í frv. stendur. Það sér auðvitað hver maður.

Hv. þm. Karvel Pálmason hefur sífellt verið að koma hér upp í stólinn allar götur frá því að þetta var lagt fram. En ég hef bara ekki heyrt hann segja neitt annað en það, að Alþb. beri ábyrgð á þessu og það sé enginn munur á okkar skoðunum og hæstv. forsrh. En það tekur auðvitað enginn mark á krötunum og það er sýnilegt að þjóðin gerir það ekki heldur (Gripið fram í.) Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir gáfulega aths.

Það er talað um að ekki muni miklu hvort vísitölubæturnar verða greiddar 1. mars eða 1. apríl. Ég er auðvitað alveg á sama máli, það munar ekki miklu. En það liggur heldur ekkert á vegna þess að með því að gera þetta svona, eins og hæstv. forsrh. hefur leyft sér að gera nú, er verið að egna til ófriðar.

Ég tel að það hafi verið hrapað að þessu máli. Stjórnarandstæðingar hafa sagt að þeir hafi ekki fengið að sjá frv. Ekki ég heldur. Aldrei sá ég t. d. sérálit Þrastar Ólafssonar sýnt á þingflokksfundi hjá okkur, aldrei nokkurn tíma, þannig að það eru fleiri sem eru heldur vankunnandi í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Hvaða tíðindi sagði Þröstur?) Ég er ekki ráðinn til þess að passa upp á neina þresti yfirleitt. En allt veit þessi piltur, hvað er verið að spyrja um. Það er bar tilefni skemmtilegheita. — En ég hefði talið að það hefði átt að vinna miklu meira í þessu máli hér í þinginu og kynna það betur, og ég er sannfærður um að hvað svo sem menn hafa sagt með eða móti þessu máli hefði verið unnt að ná einhverju landi í sambandi við vísitöluna. Ég geri ekki ráð fyrir að nokkur maður geti staðið hér upp og hrósað þessu vísitölukerfi og sjálfvirka kerfi í efnahagslífinu, sem við höfum búið við um áratuga skeið og orðið hefur okkur að mörgu leyti til mikillar bölvunar. Það er auðvitað alveg ljóst. Þess vegna má ekki hrapa að svona málum. Það verður að vinna þau í samvinnu. Það breytir auðvitað engu þó að dagsetningu hefði verið breytt í 1. apríl í staðinn fyrir 1. mars. Það munar ekki um einn kepp í sláturtíðinni, því að verðbólgan ku nú vera einhvers staðar á milli 70—80%. Þetta frv. á víst, að því er sagt er, sem ég er ekkert viss um að sé rétt, að bera þann árangur að það verði um 5% lækkun óðaverðbólgunni. Það segir ekki neitt.

En það er auðvitað alveg ljóst að ríkisstj., sem stjórnar landi eins og þessu sem við lifum í, þar sem tekjur einstaklinga eru mjög sveiflukenndar, tekjur þjóðarbúsins líka mjög sveiflukenndar og ytri aðstæður ekki síður sveiflukenndar, verður að athuga sinn gang. Eftir þessu öllu höfum við tekið og við þessi vandamál höfum við þurft að glíma að undanförnu. Þess vegna dugar ekki fullkomin sjálfvirkni í efnahagskerfinu sem við búum við. Það þarf að vera hægt að grípa til ákveðinna hagstjórnartækja. Ég trúi því ekki að þeir menn, þm. og aðrir, sem hafa hugleitt þessi mál, sjái ekki að það er auðvitað þörf á þeim. Hins vegar er það auðvitað deginum ljósara, að þó að heildarlaunasumman í landinu sé býsna stór tala í búskapnum er ekki eina lausnin á vandamálum líðandi stundar og undanfarandi ára fólgin í því að hreyfa aðeins við kaupinu. Það getur bara ekki verið. Til þess eru auðvitað margar leiðir. Og það þarf að grípa til samræmdra aðgerða til að ráða eitthvað við verðbólguna sem við búum við. Verðbólgan hefur auðvitað sínar

orsakir. Hún er auðvitað ekkert náttúrulögmál. Meginástæðan fyrir óðaverðbólgu af því tagi sem við búum við nú er auðvitað engin önnur en sú, að það eru alltaf fleiri og fleiri seðlar fyrir síminnkandi afla. Við gætum alveg eins kallað gjaldmiðilinn okkar þorskpund eða eitthvað slíkt. Við lifum öll á fiski. Meira að segja Heimdellingarnir hér í salnum eru farnir að skilja það.

Við fiskuðum 50% minna á s. l. ári en á árinu þar áður. Það munar bara helming. Að vísu ekki í verðmæti. En það sér hver maður að þegar tekjur þjóðarbúsins dragast svona heiftarlega saman á stuttum tíma eftir mörg uppgangsár hlýtur það að koma þannig niður að fólkið í landinu hafi minna milli handanna. Og þegar menn eru að tala um kaupskerðingar af þessum eða hinum stjórnvaldsaðgerðunum er auðvitað hægt að grípa til slíkra ráðstafana að um umframkaupskerðingu sé að ræða fram yfir það sem þyrfti, en auðvitað hlýtur hlutur hvers og eins að minnka þegar heildartekjur þjóðarbúsins dragast saman. Það getur verið ágætt fyrir einstaka stjórnmálamenn að reyna að plata náungann, en þeir eiga þó fyrir alla muni að hafa vit á því að vera ekki að plata sjálfa sig.

Herra forseti. Ég lofaði að tala stutt og þarf auðvitað alls ekki að hafa þetta lengra. En ég er viss um það, að í fyrsta lagi hafi hæstv. forsrh. verið heldur of fljótur á sér með þetta frv. Það hefði verið hægt að glíma við þetta mál fyrr og betur í þinginu eða meðal þingflokkanna og þm. og koma því hér þá inn í þingið á haustdögum í staðinn fyrir nokkrum dögum fyrir þingrof. Ég get ekki ímyndað mér að það sé nokkur möguleiki, eins og þetta mál er í pottinn búið, til að ljúka við það á svo stuttum tíma sem eftir er. Það er tæknilega ómögulegt. Hæstv. forsrh. þarf ekki að vera mjög óánægður þó að það takist ekki, því að það er ekki hægt.

Herra forseti. Ég verð að segja það, að því miður er það of oft hér í þessum ræðustóli sem menn tala um stærstu alvörumál þjóðfélagsins eins og þau séu eitthvert grín, það sé verið að leika einhverja pólitíska leiki. Þannig mega alþm. ekki haga sér. Sem betur fer fylgist þjóðin ennþá sæmilega vel með því sem hér gerist og hin margumtalaða virðing Alþingis hlýtur að minnka ef menn leyfa sér að tala ógætilega um mál af þessu tagi. Þetta er alvörumál sem þjóðin stendur frammi fyrir. Þetta vísitölumál er aðeins örlítið brot af því. Hv. alþm. ættu að sjá sóma sinn í því að halda ekki uppi slíkum málflutningi.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki í hyggju að vera hér með málatilbúnað öllu meiri, en ef á annað borð á að taka efnislega eitthvað fyrir þá hv. þm. Halldór Blöndal og hv. þm. Friðrik Sophusson er nokkuð illt að sitja lengi og láta það undir höfuð leggjast. En ég skal taka undir það með hv. síðasta þm. að mjög orkar tvímælis hvort slíkt eigi að gera.

Fyrst örstutt aths. við ræðu hæstv. forsrh. Hann segir: Það er ekki ágreiningur við Alþb. um hvort verðbótatímabilið eigi að vera 3 eða 4 mánuðir. Það er nú svo. Í tillögum Þrastar Ólafssonar er gert ráð fyrir föstum frádrætti vísitölu. Eitt af því sem orsakar það að launþegar tapa á verðbólgu er að hún mælir 87—88%, í besta tilfelli 89, af þeim verðhækkunum sem verða, svo að við sleppum því að hægt er að greiða kartöflur niður um 4 millj. og spara launakostnað um tæpar 100 millj. á því og allt það. Í tillögum Þrastar Ólafssonar var: Þarna er búvörufrádráttur, þarna er frádráttur út af áfengi og tóbaki. Hann var nú aldrei með frádrætti út af orkumálum, ef ég man rétt, en hann lagði til að áðurnefndir frádráttarliðir yrðu hækkaðir, þannig að þeir yrðu í fyrsta lagi bættir 90%. Ég held að hann hafi byrjað á 89 og farið svo í 91, ég þori ekki að fara nákvæmlega þarna með tölur. En frádráttarliðir vísitölunnar voru færðir saman í einn fastan frádrátt. Sá frádráttur var minni og hefði þess vegna vegið upp á móti því að vísitölutímabilið lengdist í 4 mánuði. Þarna er efniságreiningur. Hvort það er hæstv. forsrh. sem gerir þennan ágreining, hvort hann er í hjarta sínu inni á því eða þetta hefur orðið að samkomulagi meiri hl. stjórnarliðs skal ég ekki um segja. En Þröstur Ólafsson, hver svo sem Þröstur er, þetta er einn ágætasti maður Alþb., hélt sig mjög við það að ef vísitölutímabilið yrði 4 mánuðir yrði skerðing vísitölunnar minnkuð. Það var nokkuð einfalt reikningsdæmi í allri þessari flækju, sem þetta mál raunverulega er og aðeins lítill hluti af þjóðinni áttar sig á.

1981, þegar sett voru brbl. sem skertu kaup um sjö vísitölustig eins og hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á, fylgdi það að verðlag var nokkuð njörvað niður og eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., minnkaði verðbólgan. Á sama tíma umturnuðust menn hér vegna þess að verðhækkanir voru ekki leyfðar hlutfallslega. (Forseti hringir.) Nú, er farið að hringja á mig strax? Ég skal hraða máli mínu. — Vegna þess að verðhækkanir voru ekki leyfðar varð verðbólgan minni og vegna þessara frádráttarliða. Vísitala kauptaxta segir ekki allt. En svona til skýringar: Kaupmáttur kauptaxta er 1980 eftir viðurkenndum reikningsreglum nákvæmlega 104.9% 1981 er hann 104.9%. Síðan er áætlað að hann hrapi niður í 103 1982. Það sem skeður er það, að verðlagi var haldið nokkuð föstu, en núna hafa hins vegar dunið yfir gengislækkanir með viðeigandi óðaverðbólgu. Hæstv. sjútvrh. gengur jafnvel lengra en Seðlabankinn og framkvæmir hærri gengislækkun. Þess vegna verða vísitölubætur núna að öllum líkindum milli 14 og 15 stig. (Gripið fram í.) Já, a. m. k. 14 stig að áætlað er.

Ég hef ekki tíma hér til þess að fara í þau atriði sem ég vildi fara í og skal ekki bregðast trausti forseta. Ég tel að ríkisstj. hafi vel gert og forsrh., þó að við séum ekki alveg sammála eða í miklum takt þessa dagana, að afstýra atvinnuleysi. Það er meira en nágrannar okkar hafa getað. Ríkisstj. hefur lagt sig fram í því. Það hefur verið eitt hennar helsta afrek, að meðan kreppan og atvinnuleysið hafa dunið yfir allt í kringum okkar höfum við haft næga vinnu. (**HBl:** Er næg vinna núna?) Nei, nú hefur hins vegar nokkuð hallað á og nú er ég hræddur um að ráðstöfunartekjur verði ekki hlutfallslega eins og verið hefur. Atvinnuleysinu veldur að vísu veðurfar að nokkru, en nokkrir efnahagserfiðleikar hafa komið fram hjá atvinnurekendum.

Að endingu aðeins þetta, og verð ég nú að sleppa besta efninu. Ég næ ekki samhenginu hjá Friðrik Sophussyni þegar hann er að tala um kjaraskerðingarnar og harmar þær voðalega og harmaði svo orlofslenginguna og sagði að fyrirtækin þyldu hana ekki. Þetta á ekki vel saman. Ég er ekki viss á því að laxveiði vegi þungt í vísitölu, því að laxveiði er komin í svo stórum stíl í hendur útlendinga að hún vegur ákaflega lítið held ég og nær ekkert. Hins vegar eru hrossin, hv. 9. þm.

Reykv. Friðrik Sophusson. Þau koma þarna inn í. En það var verið að snúa út úr og gera okkur hæstv. forsrh. að bandamönnum. Það má gera okkur að bandamönnum á ýmsum sviðum, mig og hæstv. forsrh. En ég viðurkenni ekki það lögmál, að ef verkamaður kaupir 4 lítra af mjólk á dag eigi maður sem hefur fjórum sinnum hærri laun að fá greiddar verðbætur eins og hann kaupi 16 lítra af mjólk á dag. Þetta er hagfræði sem ég viðurkenni ekki.

Ég vil ekki bregðast trausti forseta og þess nýtur hv. þm. Friðrik Sophusson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 274, n. 359). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. í síðari deild um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nánar tiltekið afurðum sem unnar eru úr kolmunna til manneldis. Ástæðan til þess að þetta frv. er flutt og í því felst að ekki eigi að innheimta útflutningsgjald af kolmunnaafurðum til manneldis er sú, að nú hafa menn tekið upp á því að beina loðnuskipi og kannske skipum á kolmunnaveiðar og vinna aflann um borð. Þetta frv. er flutt til þess að létta undir með þeim sem eru að reyna að bjarga sér með veiðar með þessum hætti.

Hér er um samkomulagsmál að ræða milli allra flokka. Sjútvn. Nd. leggur til að frv. verði afgreitt eins og það kom frá Ed. og menn geta séð á þskj. 274.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 253). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef ásamt sjö öðrum hv. þm. Sjálfstfl. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eins og þau líta út með síðari breytingum. Þessi brtt. lætur ekki mikið yfir sér. Hún er við 2. gr. laganna, en þar er lagt til að við bætist 3. mgr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lögin taka ekki til þjónustu sveitarfélaga, sem greidd er niður með beinum framlögum úr sveitarsjóði."

Þar með er bætt við þriðja ákvæðinu í 2. gr., sem er eins konar undantekningargrein í þessum lögum.

Lögin voru upphaflega samin og samþykkt vorið 1978 á valdatíma ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Síðan var verðlagslögunum breytt haustið 1978, þegar ný stjórn tók við völdum og viðskrh. var hæstv. núv. félmrh. Svavar Gestsson. Þá var frestað gildistökuákvæði 8. gr. frv., sem skipti auðvitað mestu máli. Við sjálfstæðismenn höfum á hverju þingi frá þeim tíma flutt brtt. við þetta frv., sem hafa gert ráð fyrir að færa frv. til upphaflegs forms. Ennfremur flutti Sigurgeir Sigurðsson, sem þá sat á þingi sem varaþm. Reykn., frv. um að lögin næðu ekki til þjónustustarfsemi sveitarfélaga, en ég var þá meðflm. að því frv. Það var till. um að bæta 5. lið við 8. gr. Hins vegar gerist það nú, að við höfum ákveðið, nokkrir hv. þm. sjálfstæðismanna, að flytja brtt. sem aðeins tekur til þeirrar þjónustu sveitarfélaga sem er niðurgreidd með beinum framlögum úr sveitarsjóði.

Það þarf ekki að taka fram hvert tilefnið er. Það kemur fram í grg. að tilefnið er það, að nýlega settu verðlagsyfirvöld lögbann á hækkun sem tilkynnt hafði verið til verðlagsráðs á fargjöldum Strætisvagna Reykjavíkur. Enginn veit enn hvað kemur út úr því máli, sem þá var höfðað í framhaldi af lögbannsaðgerðinni, en til þess að taka af allan vafa þótti okkur rétt að flytja þetta frv. í þeirri von að það gæti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Á landsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var haustið 1981, var ályktað um sveitarstjórnar- og byggðamál. Í forsendu fyrir stefnunni var lögð áhersla á að sjálfstæði sveitarfélaganna sé einn af hornsteinum lýðræðis í landinu, fækka beri sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga, þegar ekki fer saman fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð, og bættar samgöngur séu ein meginforsenda þess að byggð þróist eðlilega. Síðan var því lýst í 10 liðum hvað flokkurinn vildi gera til að dreifa valdi og auka sjálfræði einstaklinganna í málum sem snerta þá, fjölskyldu þeirra og nánasta umhverfi. Meðal þeirra atriða, sem þar komu fram, var það, að öll bein skattheimta ætti að renna til sveitarfélaga. Í öðru lagi verði þjónustufyrirtæki rekin á ábyrgð sveitarfélaga án afskipta ríkisins af gjaldskrám, eins og nú tíðkast, en um þetta fjallar þetta frv. að hluta. Í þriðja lagi að samvinna sveitarfélaga mótist af frjálsum samningum og samtökum þeirra verði falin staðbundin verkefni. Og loks í fjórða lagi að standa beri gegn tilhneigingu ríkisvaldsins til að beina verkefnum til sveitarfélaga án þess að flytja tekjustofna á móti til að standa straum af kostnaði, en það má segja að það sé verið að gera með þessum hætti, þegar það virðist vera orðin stefna verðlagsyfirvalda að láta greiða þær upphæðir sem verðlagsyfirvöld velja með þjónustustarfsemi á borð við strætisvagna.

Ég þarf ekki að orðlengja það, að á síðasta Alþingi var flutt till. af hv. Alþfl.-mönnum sem gekk mjög í sömu átt og stefna Sjálfstfl., enda sameinuðust sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn í allshn. Sþ. um þáltill. Einn liðurinn í þeirri till. var einmitt sá, að sveitarfélögin tækju yfir verkefni frá ríkinu og fengju óskorað vald til að ákveða gjaldskrá fyrir veitta þjónustu án afskipta ríkisvaldsins.

Það hefði verið full ástæða til þess, herra forseti, ef hæstv. viðskrh. hefði verið viðstaddur, en hann er ekki hér í salnum, að fjalla frekar um gjaldskrármál sveitarstjórna, þ. e. þjónustustofnananna, ekki síst Hitaveitu Reykjavíkur. Það er að sjálfsögðu stefna Hitaveitunnar að reksturinn standi undir útgjöldum og kostnaði við starfsemina, en vegna þess hve Hitaveitan er sterk í vísitölunni hefur það gerst æ ofan í æ að forráðamönnum Hitaveitunnar og borgaryfirvöldum í Reykjavík er beint á lánamarkaði þar sem vextir eru, miðað við íslensku krónuna, langt yfir 100% á ári miðað við s. l. ár, en Hitaveitu Reykjavíkur er bent á að taka lán þar til þess að standa straum af rekstri og kostnaði fyrirtækisins.

Þegar ákveðið var að flytja þetta frv. vildum við ekki flækja þessi mál með því að taka stærri mál og þau mál, sem eflaust hefði verið full ástæða til að taka til við

flutning málsins, eins og t. d. fyrri tillögur sjálfstæðismanna til breytinga á verðlagslögunum. Við ákváðum að taka fyrst og fremst þetta mál í þeirri vissu að Alþingi treysti sér til þess að samþykkja þetta lagafrv. fyrir þinglok.

Það er ljóst, að þrátt fyrir þá 46.5% hækkun, sem Strætisvagnar Reykjavíkur fóru fram á í upphafi ársins, hefði orðið að greiða með rekstri strætisvagnanna 30% af hreinum rekstrarkostnaði. Það hlýtur, þegar tekið er tillit til þess að tapið verður einungis greitt með útsvari, sem er bundið við lög, að vera í fyllsta máta óeðlilegt að verðlagsyfirvöld geti komið í veg fyrir að pólitískt ábyrgir yfirstjórnendur Reykjavíkurborgar geti ráðið því sjálfir að hve miklu leyti þeir niðurgreiða þessa þjónustu. Verði ekki þessi óheillaþróun stöðvuð má að sjálfsögðu búast við að þjónusta sveitarfélaganna dragist saman í verulegum atriðum, en það getur varla verið ætlun löggjafans í þessum efnum.

Herra forseti. Í trausti þess að þetta mál eigi hér víðtækan stuðning á hv. Alþingi leyfi ég mér að óska eftir að það verði sent fjh.- og viðskn. til frekari afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmdasjóður Suðurnesja, frv. (þskj. 167). — 1. umr.

Flm. (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Á þskj. 167 hef ég leyft mér að leggja fram frv. til l. um Framkvæmdasjóð Suðurnesja. Meginverkefni og tilgangur sjóðsins kemur fram í 2. gr. frv., en þar segir:

„Verkefni sjóðsins eru þessi:

a. Að veita lán til einstaklinga og félaga á Suðurnesjum til atvinnuuppbyggingar og þá fyrst og fremst í sjávarútvegi og iðnaði.

b. Að veita lán til framkvæmda sveitarfélaganna á Suðurnesjum."

En tekjur sjóðsins skulu vera eins og segir í 3. gr. frv.:

„a. 2% af veltu Aðalverktaka og annarra verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli af starfrækslu þeirra á Suðurnesjum.

b. ⅓ af aðstöðugjöldum, sem nú eru greidd af starfsemi á Keflavíkurflugvelli til viðkomandi sveitarfélaga.

c. 4% af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

d. 2% af veltu flughafnarinnar.

e. Vextir."

Frv. þetta var upphaflega lagt fram af Gunnar Sveinssyni árið 1974, á 96. löggjafarþinginu, og er nú endurflutt lítið breytt. Frv. fylgdi þá grg., sem hefur verið endurskoðuð að hluta.

Það sem felst í því frv. sem hér er lagt fram er í stuttu máli að stofnaður verði sjóður til stuðnings atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. Lagt er til að tekjur sjóðsins séu skattur af verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, hluti af aðstöðugjöldum sveitarfélaga á sama stað og gjald af ríkisfyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli, sem nú eru skattfrjáls.

Á Suðurnesjum eru sjö sveitarfélög, en Suðurnes tel ég byggðina sunnan Hafnarfjarðar. Með þessum sveitarfélögum hefur á síðustu árum tekist gott samstarf um þjónustustarfsemi og framkvæmdir er varða öll sveitarfélögin á svæðinu. Hafa sveitarfélögin nú stofnað formlegt samband sín á milli, þ. e. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, og því gengið úr Samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi (SASÍR). Sem dæmi um sameiginlegar stofnanir sveitarfélaganna má nefna: Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, Heilsugæslustöð Suðurnesja, Hitaveitu Suðurnesja, Dvalarheimili aldraðra, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, og í undirbúningi er frv. til l. um Orkubú Suðurnesja. Verður því að telja eðlilegt að sveitarfélögin ráði þessum sjóði og lánveitingum úr honum samkv. markmiðum hans.

Margir munu e. t. v. segja að ekki sé ástæða fyrir Suðurnesjamenn að fara fram á slíka stofnun sem hér er stungið upp á, þeir hafi flugvöllinn og varnarstöðina og þaðan streymi fé og skatttekjur. Ástæðan fyrir þessum hugsanagangi, sem við Suðurnesjamenn verðum oft varir við, er sú, að fjölmargir álíta að allt það fólk, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, sé Suðurnesjamenn. Svo er þó ekki. Stór hluti þess er Reykvíkingar og aðrir aðkomumenn. Það er að vísu satt og rétt, að Suðurnesjamenn hafa á margan hátt atvinnulega séð notið góðs af staðsetningu flugvallarins og varnarstöðvarinnar. Þó er það í mun minna mæli en margur heldur.

Atvinnulíf og þá sérstaklega frumatvinnuvegur okkar Suðurnesjamanna, útgerð og fiskvinnsla, hefur og átt í harðri samkeppni við flugvöllinn og varnarstöðina um vinnuaflið á Suðurnesjum. Þessi samkeppni hefur að mörgu leyti skapað óeðlilegt ástand varðandi rekstur þessa atvinnuvegar, enda liggur ljóst fyrir, að þrátt fyrir að rekstrarstaða útgerðar og fiskvinnslu sé mjög erfið víða á landinu, þá mun staða þessarar atvinnugreinar hvað verst á Suðurnesjum.

Staðreynd er, að bæjar- og sveitarfélögin á Suðurnesjum fá óverulegar skatttekjur af þeim rekstri og umsvifum er fara fram á Keflavíkurflugvelli. Á s. l. ári munu tekjur þessar hafa numið 1.6 millj. kr. í aðstöðugjöldum til allra sveitarfélaganna, en mjög misjafnlega mikið til hvers þeirra, eftir því hvar fyrirtækin voru staðsett á flugvellinum. Því eru sveitarfélögin ekki vel í stakk búin til þess að styðja nægilega vel að atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum, enda rekstrarfjárstaða margra þeirra erfið um þessar mundir. Verður því að telja fullkomlega eðlilegt að sú stóriðja, ef svo má segja um þá starfrækslu er fram fer á Keflavíkurflugvelli, leggi meira af mörkum til Suðurnesjasamfélagsins í heild en nú er, bæði að því er varðar þjónustu og uppbyggingu atvinnuveganna.

Allir flokkar hafa lýst því yfir, að hér eigi ekki að vera her á friðartímum. Menn greinir aftur á móti á um hvenær þeir tímar séu. Vonandi eru þeir ekki langt undan. Suðurnesjamenn geta hvorki né eiga að treysta á að varnarstöð verði um eilífð einhver afgerandi liður í atvinnuuppbyggingu þeirra, heldur verða þeir að treysta á innlendan atvinnurekstur í framtíðinni eins og hingað til. En því aðeins verður það hægt að undirstöðuatvinnuvegirnir verði ekki afskiptir með uppbyggingu og framfarir. Við verðum að gera okkur ljóst að aðstæður bæði hér og erlendis geta breyst á mjög skömmum tíma, og við verðum að vera við því búnir.

Við minnumst þess, að þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru staðsettar á Siglufirði, en þær voru raunverulega fyrsta stóriðjan á Íslandi, voru þær að mestu skatt- og útsvarsfrjálsar. En fljótlega sáu menn að hér hafði

verið rangt farið að. Sérstaklega sáu menn þetta eftir að síldin hvarf. Siglufjarðarbær var ekki undir það búinn að taka á sig þær breytingar í atvinnumálum sem hvarf síldarinnar hafði í för með sér, að nokkru vegna þess að aðalatvinnutækið hafði verið skattfrjálst og eins vegna hins, að ekki hafði verið stutt við bakið á annarri atvinnustarfsemi svo sem hefði þurft að vera.

Suðurnesin hafa átt í erfiðleikum með endurnýjun bátaflotans, aðallega vegna lánsfjárskorts. Má í því sambandi benda á, að meðalaldur báta hér á landi mun vera hæstur á Suðurnesjum eða um eða yfir 18 ár. Er því endurnýjun flotans mjög brýn. Að þessu leyti eru því Suðurnesin sambærilegri við sjávarplássin úti á landi en t. d. Reykjavík. Stundum hefur beinlínis oltið á Byggðasjóði hvort af skipakaupum gæti orðið á Suðurnesjum, en fjárhagsstaða Byggðasjóðs er slík, að hann hefur ekki getað annað þörfinni.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs Suðurnesja tel ég að verið sé að koma til móts við Suðurnesjamenn í sambandi við endurnýjun fiskiskipa þeirra og uppbyggingu atvinnurekstrar, þótt það fé, sem myndast í sjóðnum árlega, sé ekki mikið. Lauslega áætlað ætti það að geta orðið um 13 millj. kr. á ári og mundi að einhverju leyti a. m. k. losa Byggðasjóð undan þeirri ásókn, sem nú er í lán frá honum til uppbyggingar sjávarútvegs á Suðurnesjum, og stuðla að því að Suðurnesjamenn gætu orðið sjálfum sér nógir á þessu takmarkaða sviði. Hér er um fé að ræða sem myndast á svæðinu sjálfu og tilheyrir sveitarfélögunum öllum. Það er því eðlilegt að þau ráði því sjálf.

Stór hluti af Suðurnesjamönnum er aðfluttur til Suðurnesja utan af landi. Þeir og aðrir Suðurnesjamenn gleðjast yfir þeim framförum er þar hafa átt sér stað á undanförnum árum. Þeir munu fagna þeim auknu möguleikum, er Byggðasjóður hefur til að auka framfarir og uppbyggingu á landsbyggðinni með eflingu sjóðsins, og vilja síður en svo leggja stein í götu þeirra framfara, er með því geta átt sér stað. En þeir viðurkenna jafnframt þá sérstöðu, er Suðurnesin hafa í þessu máli.

Sumir munu e. t. v. líta svo á, að með stofnun þessa sjóðs sé verið að skapa hættulegt fordæmi, varhugavert geti verið að leyfa svo afmörkuðu svæði að hafa eigin framkvæmdasjóð. En því fer fjarri. Fram komu á sínum tíma hugmyndir um að byggja Byggðasjóð upp á þennan hátt, þ. e. honum verði skipt eftir fjórðungum eða kjördæmum. Væri fyllilega athugandi hvort sú tillaga á ekki enn rétt á sér.

Samkv. stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er ákveði um „að undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum". Forsrh. skipaði nefnd þriggja manna til að vinna að þessu. Nefnd sú hefur farið víða um svæðið og rætt við atvinnumálanefndir, sveitarstjórnir og fleiri um þessi mál. Meginniðurstaða allra þessara aðila er sú, að til allrar slíkrar uppbyggingar, hvort heldur er verið að styrkja núverandi atvinnufyrirtæki eða stofna ný, þurfi fjármagn, en það hefur ekki legið á lausu og því er þetta frv. endurflutt til þess m. a. að greiða fyrir lausn þessara mála, a. m. k. að hluta.

Leitað hefur verið álits nokkurra aðila á frv. og vil ég hér geta nokkurra þeirra. Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps tók þetta frv. til athugunar á fundi sínum 10. jan. s. l. Var þetta frv. þá rætt. Lýsti hreppsnefndin sig fylgjandi frv. og vænti þess að málið næði fram að ganga.

Þrír bæjarfulltrúar í Keflavík hafa sent mér álit sitt á þessu máli. Fulltrúi Alþfl., Ólafur Björnsson, er meðmæltur frv., en gerir nokkrar aths. við það, og mun ég afhenda þær aths. þeirri n. er mun fjalla um málið á sínum tíma. Sama er að segja um Guðjón Stefánsson og Hilmar Pétursson bæjarfulltrúa Framsfl. í Keflavík. Þeir hafa mælt með samþykkt frv.

Þá vil ég geta um nokkur atriði sem fram hafa komið í aths. sem bæjarstjórinn í Keflavík hefur sent mér varðandi þetta frv. Það eru að vísu hans einkaskoðanir, en segja þó sína sögu. Hann sendi mér sem sagt þessar þrjár umsagnir og segir síðan m. a.:

Þó ekki hafi borist fleiri umsagnir um frv., þá get ég fullyrt að allir bæjarfulltrúar í Keflavík hafi áhuga á að útvegað verði fjármagn til, eins og þú segir, að undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Það er mitt álit eins og þitt að mjög slæmt sé að stórir atvinnurekendur á flugvellinum greiði engin gjöld til sveitarfélaganna á meðan allur atvinnurekstur í sveitarfélögunum sjálfum verður að greiða aðstöðugjöld af sínum rekstri, en aðstöðugjöld eru, a. m. k. eins og er, þó nokkuð stór hluti af skatttekjum flestra sveitarfélaganna.

Tekjur pr. íbúa á Reykjanessvæðinu af aðstöðugjöldum árið 1982 voru 789 kr. og var það lægst á landinu öllu. Hér í Keflavík var þessi tala nokkurn veginn sú sama eða 800 kr. Landsmeðaltalið var 1380 kr., en í Reykjavík voru tekjurnar mestar af aðstöðugjöldum, og var upphæðin 2068 kr. pr. íbúa, þannig að það er augljóst mál að sveitarfélögin búa mjög misjafnt að þessum skatttekjum, og væri þess vegna ekki óeðlilegt að slíkar tekjur, sem myndast á Keflavíkurflugvelli, rynnu til sveitarfélaganna.

Þá hefur nokkuð verið rætt um það, að mikill fjöldi manna úr Keflavík og af Suðurnesjum vinni á Keflavíkurflugvelli, og hafa menn almennt talað um að allur fjöldinn sem þar ynni væri búsettur á Suðurnesjum. Svo er þó ekki. Það munu vera liðlega 70% starfsmanna uppi á velli sem búa á Suðurnesjum, en um eða tæplega 30% búa á Reykjavíkursvæðinu. Þessum tölum er kannske nærri því óhætt að snúa við, ef á að tala um launatekjur þessara manna, því að þeir hærra launuðu hafa í miklum meiri hluta búið hér á innsvæðunum, en ekki suðurfrá, þannig að skatttekjur sveitarfélaganna hafa verið hlutfallslega miklu minni heldur en höfðatalan segir til um.

Að lokinni þeirri umr. sem um frv. þetta fór fram árið 1974 á 96. löggjafarþinginu var því vísað til ríkisstj. Tvær ástæður voru fyrst og fremst til þess. Önnur var sú, að íslenska lánakerfið væri orðið svo flókið, enda þá a. m. k. 125 fjárfestingarlánasjóðir, og ekki væri ástæða talin þá til þess að fjölga þeim frekar. Þetta eru rök út af fyrir sig. En ég held að á þeim árum sem liðin eru síðan hafi þessum sjóðum ekki fækkað, miklu frekar fjölgað.

Hin ástæðan var sú, að réttara væri að lögð væri áhersla á, eins og frsm. n. sagði þá, að með því að vísa málinu til ríkisstj. frekar en að fella það væri það vísbending um að ástæða væri til þess að taka málefni Suðurnesja til sérstakrar athugunar að því er varðar afstöðu fjárfestingarlánasjóða til lánveitinga á svæðið. Þetta er út af fyrir sig rétt, og hefur þessa breytta hugarfars gætt að nokkru hjá lánasjóðum og ber að

þakka það. En staða flestra fjárfestingarlánasjóða er þannig núna að útvega verður fjármagn til þessa verkefnis svo að núverandi atvinnufyrirtæki stöðvist ekki og það reynist ekki unnt að stuðla að stofnun nýrra atvinnufyrirtækja. Því er þetta frv. flutt aftur í dag.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í umr. um þetta mál og í grg. má hverjum ljóst verða að Suðurnes hafa á margan hátt mikla sérstöðu og margt mundi mæla með því að þau væru t. d. sjálfstætt kjördæmi. En ég ætla ekki að ræða málið út frá því sjónarhorni, heldur hinu, að það er vissulega rétt, sem kemur fram hjá flm., að margt væri öðruvísi í þessu landi ef upprunalega hefðu verið stofnaðir sjóðir í tengslum við hvern fjórðung og þannig hefði verið skipt upp hinum ýmsu framkvæmdasjóðum þessa lands og þeir látnir lúta stjórn heimamanna hver á sínu svæði.

Hins vegar hlýtur það að koma upp í huga hvers og eins þegar hann sér frv. sem þetta: Á það svæði sem ég er fulltrúi fyrir möguleika á því að fara út í sjóðsstofnun til stuðnings þeim atvinnuvegi sem þar er og hvaða tekjur væri eðlilegast að ráðast á? Ef við lítum t. d. á Suðurlandið hlýtur sú spurning að vakna: Væri ekki sanngjarnt að þeir fengju vissar prósentur af raforkusölunni, sem kemur frá Þjórsá, til uppbyggingar á sjóði fyrir Suðurland? Væri óeðlilegt að Vestfirðingar fengju vissan skammt af þeim þorski sem veiðist á miðunum út af Vestfjörðum til að byggja upp sjóð fyrir Vestfirði? Þannig getum við haldið áfram hringinn. Auðvitað yrði í slíku plani að horfa á heildarniðurstöðu dæmisins, hvernig það gæti gengið upp ef þessi stefna yrði ofan á.

En hitt vil ég taka undir, að að því leyti hafa Suðurnesin mikla sérstöðu að vegna starfsemi varnarliðsins búa þau á margan hátt við mikið óöryggi. Og það er hárrétt, sem fram hefur komið, að í stefnuskrá ríkisstj. undir Utanríkismál er ákvæði um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Það hefur ekki verið framkvæmt. Mér finnst miður að slíkt ákvæði sé sett inn og ekkert gert með það. Ég skil því vel hugsun flm., að með þessu móti sé hugsanlegt að ná í land einhverju af því sem ekki hefur fengist vegna vanefnda í stjórnarsáttmála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Brunabótafélag Íslands, frv. (þskj. 271). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram á þskj. 271 frv. til l. um breytingu á lögum nr. 9 frá 1955, um Brunabótafélag Íslands. Samtímis þessu frv. flytur flm. tvö önnur frv. Annars vegar frv. til l. um breyt. á lögum um brunavarnir og brunamál og hins vegar frv. til l. um breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna.

Þær meginbreytingar sem frv. þetta felur í sér á lögunum um Brunabótafélag Íslands eru eftirfarandi:

Numin eru brott úr lögunum í fyrsta lagi öll ákvæði er lúta að einkarétti Brunabótafélags Íslands á brunatryggingum húsa, sem eru veruleg einkaréttindi í reynd, þó að ekki séu kannske bein í lögunum, en afleiðing af þeim. Í öðru lagi ákvæði um forráðarétt sveitarfélags á brunatryggingum allra fasteigna í hverju sveitarfélagi. Í þriðja lagi ákvæði um meðferð á vanskilum iðgjalda og skylduábyrgð vátryggingarfélags. Í fjórða lagi ákvæði um brunabótamat og hvernig það skuli gert og hverjir skuli meta hús. Í fimmta lagi öll ákvæði er lúta að almennum brunavörnum í landinu og ráðgjöf fyrir ríkisstj.

Megintilgangur þessa lagafrv. er að losa um þær viðjar sem brunatryggingar húsa í landinu eru nú í. Hér er um tvenns konar bindingu að ræða. Annars vegar hafa sveitarstjórnir forræði á því hvar hús í umdæminu eru brunatryggð og hins vegar nýtur Brunabótafélag Íslands nokkurs konar einokunarréttar á þessum tryggingum. Þá eru felld niður ákvæði í lögunum um Brunabótafélag Íslands, sem úrelt eru orðin, og önnur sem komin eru annars staðar inn í nýrri lögum.

Lögin um Brunabótafélag Íslands eru að stofni til frá árinu 1917. Enginn vafi er að þau bættu á sínum tíma úr brýnni þörf þegar ekkert tryggingafélag var starfandi á Íslandi. Segja má að við höfum þá fylgt fordæmi nágrannaþjóða okkar með því að fá sveitarstjórnum forræði brunatrygginga húsa. Með þróun í tryggingamálum og fjölgun tryggingafélaga hefur þetta forræði sveitarfélaga verið afnumið svo til alls staðar nema hér á landi. Það hlýtur að teljast þáttur í eðlilegri þróun vátrygginga að leysa brunatryggingar húsa úr fyrrnefndum viðjum.

Svo sem fyrr segir hafa nágrannalönd okkar í flestum tilvikum horfið frá forræði sveitarfélaga í brunatryggingum húsa. Hér á landi hafa frjálsar vátryggingar verið að þróast og batna á undanförnum árum, en húsatryggingar sitja eftir vegna ákvæða í lögum.

Samkv. þeim upplýsingum sem flm. hefur aflað sér geta einstaklingar í eftirtöldum löndum brunatryggt hús sín hjá hvaða tryggingafélagi sem þeir sjálfir velja, án afskipta sveitarfélags eða ríkisvalds: Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Bretlandi, Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Austurríki, Ítalíu, Spáni og Portúgal. Forræði sveitarfélags um brunatryggingar húsa er hins vegar enn í nokkrum ríkjum Vestur-Þýskalands og í Sviss.

Svo sem fyrr segir hafa brunatryggingar húsa ekki þróast á Íslandi sem önnur vátryggingarstarfsemi vegna þessa lögboðna kerfis. Fjöldinn treystir á hið lögboðna kerfi án þess að kynna sér hvers eðlis það er. Tryggingartakinn á litla aðild að tryggingartökunni og viðhaldi tryggingar. Segja má að þessum viðskiptum hafi verið ofstýrt með lögum, frjálst val fólksins heft. Afleiðingin er lakari þjónusta en í nágrannaríkjunum.

Einkaréttur í viðskiptum sem þessum heldur öllum framförum í fjötrum. Til þessa einkaréttar má rekja að lítið hefur verið gert til þess að brunatryggingar húsa séu raunveruleg vátryggingarvernd. Raunin hefur hins vegar orðið sú, að menn hafa misst eignir sínar verulega vantryggðar í brunatjónum.

Á undanförnum árum hefur orðið veruleg breyting á brunaáhættu húsa á Íslandi. Breyting sem þessi ætti að leiða jafnharðan til endurskoðunar á verðlagi brunatrygginga og mundi án efa gera það ef brunatryggingar húsa væru frjálsar og samkeppni ríkti á markaðnum.

Varðandi breytingar á brunaáhættu húsa má nefna: a) Stóraukin notkun jarðhita til húshitunar hefur minnkað líkur á bruna. b) Bættur og öruggari búnaður rafkerfa í húsum hefur minnkað líkur á bruna. c) Bættar eldvarnir, bæði opinberar og einkabrunavarnir, auka

öryggi. d) Eldþolnari byggingarefni minnka líkur á tjóni.

Erlendis hafa brunatryggingar húsa þróast mikið á síðustu árum eins og aðrar vátryggingar. Brunatryggingar húsa eru í eðli sínu ekki frábrugðnar öðrum tryggingum. Fólkið á að hafa frjálst val um tryggingarfélag. Samkeppni tryggingarfélaganna ætti að tryggja eðlilega þróun og besta verð. Í frv. þessu er lagt til að Brunabótafélag Íslands verði ekki lengur sérstakt brunatryggingafélag, heldur taki að sér alhliða vátryggingaþjónustu.

Í frv. þessu eru ákvæði um skyldu til brunatrygginga fasteigna numin brott úr lögum um Brunabótafélag Íslands, en felld inn í lög um brunavarnir og brunamál samkv. frv. sem flutt er jafnhliða þessu. Áfram verður því skylda að brunatryggja fasteignir, sbr. skýringar með því frv.

Felld eru úr lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um brunabótamat og hversu það skuli framkvæmt. Samkv. öðru frv., sem flutt er jafnhliða þessu, er gert ráð fyrir að brunabótamat verði eftirleiðis framkvæmt af Fasteignamati ríkisins.

Þá eru felld niður úr lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um ábyrgð vátryggingarfélags þrátt fyrir vanskil á greiðslu iðgjalds af brunatryggingu á húsi og ákvæði um lögveðsrétt fyrir iðgjaldi sem í vanskilum er. Þessi ákvæði eru almenns eðlis um brunatryggingar á fasteignum og eðlilegt að þau séu í lögum sem gilda almennt um brunatryggingar, svo sem lögum um brunavarnir og brunamál. Með frv., sem flutt er jafnhliða þessu, eru þau ákvæði tekin inn í lögin um brunavarnir og brunamál. Þá eru felld niður úr lögunum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um refsingar og viðurlög, enda kveðið á um þau í almennum lögum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Með því eru sérstakar skýringar með hverri grein. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. að lokinni umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. flm. talaði mikið um einkarétt Brunabótafélags Íslands. Hann er enginn og hefur ekki verið síðan 1955. Hann var frá 1917—1955, eftir það er hann enginn. Hvert einasta sveitarfélag í landinu er frjálst að því að tryggja eða sjá um tryggingar á fasteignum innan sinna vébanda hvar sem er, hjá hvaða tryggingarfélagi sem er, eða búa sjálft til tryggingarfélag eins og Reykjavík hefur gert. Það er ekki um að ræða neinn einkarétt.

Hitt er svo rétt, að sveitarfélögin hafa forráðarétt, og hafa reyndar haft með þetta að gera alveg frá því að Ísland byggðist. Fyrstu verkefni hreppanna voru brunatryggingar, að koma náunganum til hjálpar ef brann og bæta honum tjónið. Það og fátækraframfærsla voru fyrstu verkefni hreppanna. Þetta hefur því mjög langan sögulegan aðdraganda. Þarna er spurning um það, hvort eigi að taka af sveitarfélögunum forráðarétt yfir þessu. Það er ekki spurning um einkarétt Brunabótafélagsins, því hann er enginn. Sveitarfélögin tryggja hjá öðrum félögum og hafa fullkomlega rétt til þess hvenær sem þeim sýnist svo.

Það er talað um skort á samkeppni. Hún er veruleg á þessu sviði. Það er talað um minnkandi brunaáhættu. Það er rétt, enda hafa brunabótaiðgjöld lækkað mjög verulega seinni árin. Fyrir nokkrum árum, þegar Viðlagatrygging Íslands var stofnuð, voru iðgjöld til þeirra u. þ. b. fjórðungur af brunatryggingariðgjöldum fasteigna. Núna er brunatryggingin í flestum tilfellum orðin lægri en skattur til Viðlagatryggingar. Viðlagatrygging er 0.25‰, en brunatryggingariðgjald, þar sem er hitaveita, er komið ofan í 0.24‰. Það er nú sambærilegt, var fjórum sinnum hærra fyrir nokkrum árum. Hvað eftir annað hefur það verið lækkað mjög verulega og lækkað miklu, miklu meira en allar brunatryggingar í hinum svokallaða frjálsa geira, innbústryggingar og því um líkt. Ekkert af því hefur lækkað neitt svipað brunatryggingu húsa, og ég þori að fullyrða að brunatryggingar húsa eru hvergi í veröldinni lægri en á Íslandi.

Varðandi lélega þjónustu að öðru leyti, þá er um það að ræða að matið sé of lágt. Menn hafa lengi rifist um slíkt mat, hvort sem er fasteignamat eða brunabótamat. Lengi vel varð þetta mat alltaf of lágt vegna verðbólgu þó það væri rétt þegar það fór fram. Nú er það hækkað með byggingarvísitölu fjórum sinnum á ári. Það getur vel verið of lágt eftir sem áður. Það er endurskoðað á nokkurra ára fresti í öllum sveitarfélögum landsins og hver einasti maður á landinu getur hvenær sem er látið endurskoða sitt mat. Það geta allir séð um þetta. Það var mikið talað um þetta í sambandi við eldgosið í Eyjum. Nokkrum vikum fyrir eldgosið var húsamat endurskoðað, það auglýst í öllum blöðum og farið fram á það að þeir sem óskuðu sérstaklega eftir endurmati bæðu um það. Það komu nokkuð margir sem óskuðu eftir endurmati til lækkunar, enginn til hækkunar. Þá beitti Húseigendafélag Vestmannaeyja sér fyrir því að fá húsmatið lækkað til að draga úr iðgjöldunum.

Hingað til hefur brunabótamatið verið miklu betra en fasteignamatið, enda fara bankar og aðrar slíkar stofnanir eftir brunabótamati fremur en fasteignamati, jafnvel þó að lög segi þeim að gera annað. Hitt er rétt, og ég get alveg verið sammála hv. flm. um það, að það er fyrir neðan allar hellur að meta þetta á tveimur stöðum. Ég lagði það til í þáltill. fyrir tveimur árum, ef ég man rétt, að fasteignamatið yrði lagt niður og þeim félögum sem brunatryggja fasteignir, Brunabótafélaginu, Samvinnutryggingum og Húseigendatryggingum Reykjavíkur falið að annast matið. Þá var ég að hugsa um sparnað. Ef það er hugmyndin að Fasteignamat ríkisins starfi áfram sé ég ekkert því til fyrirstöðu að það yfirtaki brunabótamatið, síður en svo. Ég var bara að hugsa um að spara og ég hélt að því yrði ódýrast fyrir komið hjá tryggingafélögunum, en ríkisfyrirtækjum hættir alltaf til að verða að feikna báknum, eins og ég er hræddur um að Fasteignamat ríkisins sé á góðri leið með að verða.

En það er eitt sem mér finnst þó taka út yfir allan þjófabálk í þessu frv. og sýnir það, að hv. flm. veit ekki afskaplega mikið hvað hann er að tala um. Hann talar um að leggja fulltrúaráð sveitarfélaganna niður og talar um að stjórnin fari yfir til félmrh. eins og á hverju öðru ríkisfyrirtæki. Brunabótafélag Íslands hefur aldrei verið ríkisfyrirtæki. Ríkið hefur aldrei lagt fimmeyring til félagsins. Í byrjun lagði það fram nokkra ábyrgð sem það þurfti aldrei að standa við. Það eru sveitarfélögin í landinu sem eiga Brunabótafélagið og spurningin er um það, hvort sveitarfélögin megi tryggja hjá sínu eigin félagi.

Allir varasjóðir Brunabótafélagsins eru í útlánum til

sveitarfélaganna og það eru margfalt hærri upphæðir en verið er að tala um með þessum 5% skatti. Það eru praktískt talað allir varasjóðir félagsins í útlánum hjá sveitarfélögunum, til slökkvitækjakaupa, til vatnsveitna, til hitaveitna og margra annarra þarfa sveitarfélaganna. Á síðasta ári var meðalkaupstað gjarnan lánað einhvers staðar á bilinu 1—2 millj. kr., sem var þá viðbót við það sem þeim hafði áður verið lánað.

Ég endurtek það hér og áskil mér rétt til þess að ræða það betur seinna að þarna er verið að taka fyrirtæki af sveitarfélögunum, sem þau eiga með húð og hári og stjórna, og sem á feiknamiklar eignir, og yfirfæra á einu bretti til ríkisins. Það finnst mér vera einum of hraustlega gert, það verð ég að segja. Ég get ekki ímyndað mér það, að sveitarfélögin geti fallist á eitthvað því um líkt. Það má gera tillögur um það að þau missi sinn forráðarétt og annað því um líkt, en að taka af þeim svona stóra eign, sem þau eiga ein og alfarið, og afhenda ríkinu, það finnst mér aldeilis fráleitt. Auk þess get ég ekki betur séð en þetta heyri undir heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar en ekki félmn., því þarna er um að ræða tryggingamál en ekki félagsmál í venjulegum skilningi.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir þau orð sem hann lét falla í þessari umr., enda er hann glettilega kunnugur því máli sem hér er um að ræða, þó að við séum ekki sammála um nokkur grundvallaratriði. Ég tel að einkaréttur Brunabótafélags Íslands sé nokkuð verulegur í reynd, þó að rétt sé hjá hv. 5. þm. Suðurl. að á honum hafi nokkuð verið slakað með lagabreytingu líklega 1955. Sannleikurinn er sá, að uppsagnarréttur sveitarfélags er það langur og málið svo þungt í vöfum, að í reynd er einkaréttur Brunabótafélagsins verulegur. Ég hjó líka sérstaklega eftir því, sem ég hygg að forstjóri Almennra trygginga hafi sagt í viðtali við Morgunblaðið um þetta mál, að ef sveitarfélag sinnir ekki þessum rétti, sem það hefur samkv. lögum, forráðarétti, þá er tryggingin sjálfkrafa hjá Brunabótafélagi Íslands. Það er auðvitað út af fyrir sig nokkur einkaréttur. Í reynd er þarna um einkarétt að ræða þó að hann sé það kannske ekki strangt tekið samkv. skilningi laganna.

Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Suðurl. að meginmálið í þessu frv. er að taka þennan forráðarétt af sveitarfélaginu og færa til einstaklingsins, að einstaklingurinn ráði því sjálfur hvar hann tryggir sitt hús, alveg eins og aðrar eignir sem hann á og tryggir, en það sé ekki sérstaklega í höndum sveitarfélagsins, enda hafa mjög mörg ríki, nánast öll ríki hér í kringum okkur breytt þessu fyrirkomulagi og reynt að þróa upp frjálsa vátryggingarstarfsemi. Ég er ekki í neinum vafa um, enda bendir margt til þess, að þróunin í brunatryggingum hafi einmitt dregist aftur úr hjá okkur vegna þess forráðaréttar og einkaréttar sem þarna er.

Hv. 5. þm Suðurl. talaði sérstaklega um að iðgjald væri glettilega lágt hjá okkur á brunatryggingum. Ég hygg að það sé rétt hjá honum. En þar kemur margt til. Í fyrsta lagi mun það vera óalgengt í þeim löndum sem hann vitnar til að upphitun fari fram á jafn öruggan hátt og með heita vatninu hjá okkur og eldhætta þar af leiðandi meiri víða, þar sem er olíuhitun, heldur en er hjá okkur. Annað er það sem snertir þetta mál og hv. 5. þm. Suðurl. þyrfti sérstaklega að huga að, að í löndunum í kringum okkur eru timburhús miklu algengari en hjá okkur. Yfirgnæfandi meiri hluti húsa hér er byggður úr mjög eldtraustum efnum, aðallega steinsteypu, en erlendis eru timburhús víða mjög algeng, jafnvel í heilum hverfum. Þetta hefur áhrif.

Varðandi iðgjöldin er líka þess að geta, að iðgjöld hafa verið nokkuð mismunandi á hinum ýmsu svæðum í landinu, jafnvel eftir því hvar tryggt hefur verið. Það er rétt, að Brunabótafélagið hefur fært sitt iðgjald nokkuð niður, ég hygg eftir að Samvinnutryggingar riðu á vaðið með slíka lækkun iðgjalda, en iðgjöld í Reykjavík, t. d. hjá Húsatryggingum Reykjavíkur, hafa verið talsvert miklu hærri en hjá Brunabótafélaginu. Það er fyrst núna, hygg ég, við álagningu þessa árs að Reykvíkingar njóta svipaðs iðgjalds og er hér í kringum okkur.

Varðandi mötin vil ég taka undir það sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði. Þau þarf auðvitað að samræma. Og þó að nokkuð hafi batnað, þá verður því ekki neitað að samræmi er ekki milli einstakra svæða. Ég hygg að hv. þm. hafi orðið áþreifanlega var við það einmitt varðandi gosið í Vestmannaeyjum, sem hann nefndi. Þar varð að ráða verkfræðistofu til að fara sérstaklega yfir bætur og vinna í því mánuðum ef ekki árum saman að endurmeta, enda þótt brunabótamöt lægju fyrir, sem eru mjög mismunandi og engan veginn nægilega góð.

Brunabótafélagið er ekki ríkisfyrirtæki. Það er alfarið eign sveitarfélaganna, sagði hv. 5. þm. Suðurl. Þau eiga Brunabótafélagið með húð og hári og hér er um að ræða frv. þar sem verið er að færa eignir sveitarfélaganna að verulegu leyti yfir til ríkisins. Ég verð hreinlega að játa að ég hef dálítið spurst fyrir um það hver eigi Brunabótafélagið og hvers konar fyrirtæki það sé. En ég hef ekki getað fengið svör við því. Hins vegar vil ég benda hv. 5. þm. Suðurl. á að Brunabótafélagið er á fjárlögum sem ríkisstofnun, kemur þar sérstaklega fram og hefur verið fært um áraraðir sem ríkisstofnun í B-hluta fjárlaga. Mér þykir skrýtið að fyrirtæki, sem að mati 5. þm. Suðurl. er alfarið eign sveitarfélaganna og þau eiga með húð og hári og samkv. þessu kemur þá ríkinu ekkert við, skuli vera sérstaklega á fjárlögum Íslendinga ár eftir ár. Og beinn ráðstöfunarréttur er þar nokkur hjá ráðh. Það er auðvitað spurning hvernig þetta fyrirtæki á að reka áfram, en ef forráðaréttur sveitarfélaganna yfir brunatryggingunum er ekki til staðar, þá fannst flm. ekki eðlilegt að sveitarfélögin sem slík hefðu sérstaka stjórn yfir þessu fyrirtæki, enda skal það hreinlega játað að flm. taldi að fyrirtækið væri ríkisfyrirtæki, þar sem það er hreinlega fært á fjárlögum undir B-hluta fyrirtæki.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Örfá orð. Það að Brunabótafélagið verði sjálfkrafa inni ef sveitarfélögin segja ekki upp tryggingum, það er rétt. Það er gerður samningur á fimm ára fresti, en Samvinnutryggingar minna nú sveitarfélögin aldeilis á það með bréfaskriftum og heimsóknum og símhringingum alveg lon og don heilu árin, áður en kemur að uppsagnarfresti, og lofa þeim gulli og grænum skógum. Það hefur nú ekki gengið betur en svo, að Samvinnutryggingar hafa frekar tapað sveitarfélögum yfir til Brunabótafélagsins heldur en hitt. Það vantar ekkert á að þetta sé rætt í sveitarfélögunum og mikill áróður rekinn fyrir því að þau hætti hjá Brunabótafélaginu.

En ég vil minna á annað. „Stokkurinn" hjá Bruna-

bótafélaginu er það stór að lítið sem ekkert þarf að endurtryggja. Endurtryggingin er mjög lítil. Ef einhver önnur félög, minni, tækju þetta að sér yrðu þau að endurtryggja — og það erlendis miklu meira en nú er gert. Það er ekkert félag á landinu sem getur gert þetta jafn vel og Brunabótafélagið nema þá Samvinnutryggingar. Það eru einu félögin sem geta ráðið við svona stórar tryggingar án þess að fara með þetta allt meira og minna í endurtryggingu og þá oftast til útlanda. Hústryggingar Reykjavíkur byggja á Brunabótafélaginu líka vegna þess að Brunabótafélagið sér um allar endurtryggingar fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur. Þegar ég tala um lágt iðgjald á ég ekki bara við að það sé lágt í heildina. Ég segi fyrir mitt leyti, mér finnst það alveg fáránlega lítið að ég skuli aðeins borga 300 kr. á ári í brunabótaiðgjald af 155 m² hér um bil nýju einbýlishúsi. Mér finnst það alveg fáránlega lítið. Ég borga talsvert meira í viðlagatryggingarskatt, að ekki sé talað um söluskatt og annað því um líkt. Ég átti við það að iðgjald af sömu áhættu, steinhús með olíukyndingu, timburhús og hvað eina, ef borið er saman við útlönd, þá erum við langt fyrir neðan á öllum sviðum.

Samkeppnin hefur verið talsvert mikil á milli Brunabótafélagsins og Samvinnutrygginga. Brunabótafélagið lækkaði iðgjöld í tvígang um 30% í hvort skipti og fékk miklar skammir fyrir frá Húsatryggingum Reykjavíkur af því að þær töpuðu verulegum tekjum. Samvinnutryggingar komu á eftir. Síðan hafa Samvinnutryggingar aftur á móti farið niður fyrir Brunabótafélagið að því leytinu til, að matið er hækkað fjórum sinnum á ári eftir vísitölu. Það stóð alltaf til að Brunabótafélagið hækkaði iðgjald að sama skapi, en Samvinnutryggingar gerðu það ekki. Hvorugt félagið gerir það nú. Það má því segja að þau hafi verið að þessu leytinu til í hörkusamkeppni, boðið niður hvort fyrir öðru. Ég var búinn að segja það að ég er alls ekki ósammála flm. hv. um það, að við getum komið matinu miklu betur fyrir en nú er og enginn ágreiningur um það.

Síðan er það með stjórnina og eignirnar. Það er rétt að félagið er í B-lið fjárlaga og það hef ég aldrei skilið. Það getur vel verið að það sé frá því í gamla daga, það er hvorki eyrir þar út né inn frá ríkinu og hefur aldrei verið. Hið eina sem eftir er af tengslum Brunabótafélagsins við ríkissjóð — fyrir utan þetta að vera á fjárlögum, út og inn sömu tölur — er það, að heilbr.- og trmrh. skipar forstjórann. Það eru eftirstöðvar af lögunum frá 1917, þegar ríkið var svona að nafninu til í ábyrgð, og sveitarstjórnarmenn eru mjög óánægðir með það. Fulltrúaráð sveitarfélaganna kýs framkvæmdastjórn fjórða hvert ár. Hún stjórnar í umboði sveitarfélaganna og allt fjármagnið eins og það leggur sig er notað í þágu sveitarfélaganna, allir varasjóðir og allt fjármagn félagsins. Ég endurtek það, að félagið er eign sveitarfélaganna og á að vera það, hvað sem líður einkarétti, ímynduðum eða ekki ímynduðum, og forræði sveitarfélaganna sjálfra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 272). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal leitast við að stytta mál mitt. Á þskj. 272 mæli ég fyrir frv. um breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna. Frv. þetta er flutt samtímis tveim öðrum frv., annars vegar frv. til l. um breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands og hins vegar frv. til l. um breytingar á lögum um brunavarnir og brunamál.

Aðalinntak frv. þessa er að færa mat á húseignum til brunabótaverðs frá hinum dómkvöddu matsmönnum í sérhverju sveitarfélagi, eins og nú er, til Fasteignamats ríkisins. Fasteignamat er nú unnið upp úr svokölluðu grunnmati sem Fasteignamat ríkisins leggur á allar fasteignir í landinu. Lagt er til að Fasteignamat ríkisins vinni brunabótamat upp úr þessu grunnmati eftir að upplýsingar til grunnmats hafa borist frá byggingarfulltrúum viðkomandi byggðarlags. Er ljóst að Fasteignamat ríkisins er miklu betur til þess fallið með þeirri sérþekkingu, sem það ræður yfir, en hinir lögskipuðu virðingarmenn að koma á samræmingu í brunabótamati í landinu, en verulega hefur á skort að svo væri.

Rétt þykir að tryggja að allar húseignir verði skyldutryggðar þannig að fokheldisvottorð verði ekki afhent húsbyggjendum nema húseignin hafi áður verið tryggð gegn bruna. Þá er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að brunabótamat sé bundið byggingarvísitölu Hagstofu Íslands, en þó þannig að það taki breytingum á þriggja mánaða fresti, við útreikning nýrrar vísitölu.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til hv. félmn. að lokinni umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 273). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Á þskj. 273 hef ég lagt fram frv. til l. um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál. Frv. þetta er flutt samtímis tveim öðrum frv., þ. e. frv. til breytinga á lögum um Brunabótafélag Íslands og frv. til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna. Flutningur frv. þessara miðar að því að gefa brunatryggingar húsa frjálsar, þ. e. leysa þær undan forræði sveitarfélaga og afnema einkarétt Brunabótafélags Íslands.

Þetta frv. er flutt vegna þess að flm. telur nauðsynlegt að ákvæði um skyldutryggingar húsa séu færð úr lögum um Brunabótafélag Íslands í þessi lög og samræmd séu ákvæði um tryggingaskyldu, rétt sveitarfélaga, þegar brunar verða, og meðferð vanskila á iðgjöldum. Er með frv. þessu og hliðarfrv. þeim sem fyrr er getið verið að færa þessi mál til nútímalegri vegar, en þessi ákvæði hafa verið lítt breytt í 25 ár.

Samkv. lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982, ber sveitarfélögum að halda uppi eldvörnum í byggðarlögunum og kosta þær. Mikið álag er á öllum tekjustofnum sveitarfélaga, sem leiðir til þess, að sveitarfélögin verða að raða verkefnum sínum í forgangsröð.

Tæknilegar framfarir á sviði eldvarna hafa verið miklar á s. l. árum. Vaxandi möguleikar eru á að veita stærri hluta landsbyggðarinnar viðunandi eldvarnir með betri samgöngum. Kaup á brunavarnatækjum (slökkvibílum o. fl.) hafa ekki verið ofarlega á framkvæmdalista sveitarfélaga. Af þessum ástæðum hefur ekki verið sú

áhersla á brunamálum sem æskilegt væri, og mörg sveitarfélög þyrftu að gera betur í þeim efnum.

Af ofanrituðum ástæðum er nú gerð till. um að sveitarfélögum verði skapaður sérstakur tekjustofn til að mæta skyldum sínum á sviði brunamála. Óheimilt verði að nota þennan tekjustofn til annarra hluta.

Drög hafa nú verið gerð að reglugerð um lágmarksbúnað slökkvibíla. Er hér um mjög þarfar reglur að ræða og því nauðsynlegt að framfylgja þeim. Sem dæmi um þetta má nefna að mörg fjölmenn sveitarfélög hafa ekki yfir að ráða nothæfum reykköfunartækjum. Slökkvilið þessara staða geta því ekki gert leit að fólki í húsum sem ófær eru orðin af völdum reyks. Ekki þarf fleiri orð um það ástand sem nú ríkir í þeim þætti brunamála hér á landi sem að tækjakosti slökkviliða lýtur.

Með umræddu frv. er lagt til að opinbert gjald verði innheimt samhliða brunatryggingariðgjöldum og gjald þetta myndi sjálfstæðan sjóð innan Lánasjóðs sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjármagni þessu verði varið til kaupa á tækjum til opinberra eldvarna í landinu, með lánveitingum eða framlögum, eftir því sem samtök sveitarfélaganna ákveði og nánar verði kveðið á um í reglugerð. Í frv. er gert ráð fyrir að 5% gjald verði lagt á brunatryggingariðgjöldin í landinu. Gera má ráð fyrir að brunatryggingariðgjöld ársins 1982 nemi um 140 — 145 millj. kr. Tekjustofn þessi hefði því numið á því ári um 7 millj. kr. Er hér um umtalsverða hjálp að ræða málaflokki til handa sem vill gleymast í dagsins önn.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Með því eru skýringar með hverri grein. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. að umr. lokinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 355). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 355 leyfi ég mér að flytja frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, svohljóðandi:

„1. gr. Á eftir 76. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo:

Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga fasteignamatsverð íbúðarhúsnæðis, sem eigandi notar til eigin íbúðar, þó eigi hærri upphæð en 900 þús. kr. miðað við fasteignamat 31. des. 1982. Hámarksupphæð þessi skal breytast árlega samkvæmt meðaltali framreikningsstuðla fyrir skráð fasteignamatsverð íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts á árinu 1984 vegna eigna í árslok 1983."

Í grg. segir: „Árlega fjölgar þeim sem tekst að eignast þak yfir höfuðið fyrir sig og fjölskyldu sína. Íbúðarkaup eða íbúðarbygging er mörgum fjárhagslega erfið og gengur nærri fjölmörgum fjölskyldum efnalega um langan tíma. Það tekur menn oft mörg ár að jafna sig eftir að hafa eignast þak yfir höfuðið.

Fasteignamatsverð íbúða, sem lagt er til grundvallar eignarskatti, hækkar nú árlega um eða yfir 50% og eignarskattur hækkar jafnhliða. Nemur nú eignarskattur af skuldlausri ca. 125 m^2 íbúð verulegri upphæð og hækkar árlega eftir því sem fasteignamatsverð hækkar í krónum, án tillits til þess hvort íbúðareigandi hefur aukið greiðslugetu sína að sama skapi.

Þeir sem hafa komið sér upp íbúð hafa greitt skatta og skyldur af því fé sem í íbúðina hefur verið lagt. Er því ekki nema sanngjarnt að verðmæti íbúðar af hóflegri stærð í góðu fjölbýlishúsi sé frádráttarbært frá eignarskatti. Þeir sem búa í stærra og dýrara húsnæði en skattfrádrættinum nemur greiða eignarskatt af mismuninum.

Húsnæðismál verða m. a. leyst með því að hvetja fólk til að koma sér upp eigin íbúðum. Eignarskattsfrádráttur sá sem hér um ræðir ætti að stuðla að auknum átökum einstaklinga til eigin íbúðarkaupa eða íbúðarbyggingar."

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda, frv. (þskj. 258). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Við hv. þm. Albert Guðmundsson höfum lagt fram frv. til l. um þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda. Þetta er endurflutt mál.

Það hefur gerst á undanförnum árum og áratugum að fyrirtækin í landinu hafa verið gerð að innheimtuaðilum fyrir ríkissjóð, án þess að nokkuð hafi komið í staðinn af hálfu ríkisins til þess að mæta þeim útlagða kostnaði sem verður af slíkri innheimtu. Á sama tíma gerist það æ ofan í æ að ríkisvaldið tekur til sín fjármuni úr atvinnulífinu og dreifir þeim síðan aftur til launþega í stað þess að leyfa fyrirtækjunum að koma þannig til móts við launþega. Sá sem stendur hér í stólnum þekkir af eigin raun hve erfitt getur verið oft og tíðum að leika innheimtumann ríkissjóðs gagnvart launþegum og hvernig slíkt getur orðið til þess að valda misklíð milli launþega og atvinnurekenda.

Með þessu frv. er lagt til að atvinnurekendur fái að halda eftir 3% af innheimtufé fyrir ríkissjóð. Sú upphæð getur komið til móts við þann útlagða kostnað sem verður vegna þeirrar umsýslu. Hvort innheimtuþóknunin verður 3% eða einhver önnur hlutfallstala skiptir ekki aðalmáli, heldur sú viðurkenning sem felst í því ef löggjafinn samþykkir reglur á borð við þessar. Það skal tekið fram að ekki er ætlunin að tekið sé innheimtufé fyrir aðra fjármuni en þá sem þegar hafa verið staðin skil á.

Þegar til umr. var hér á hv. Alþingi á 104. löggjafarþinginu 1981 frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda var gert ráð fyrir því að innheimtuaðilar tækju 3% til sín fyrir það innheimtustarf sem þeir áttu að inna af hendi. Með það í huga m. a. var þessi prósentutala fundin út.

Þetta er ekki í fyrsta skipti, herra forseti, sem mönnum hefur dottið í hug að koma þyrfti til móts við útlagðan kostnað fyrirtækjanna sökum vaxandi innheimtustarfsemi, því að árið 1968 flutti Skúli Guðmundsson þáv. alþm. lagafrv. um þetta efni. Var þá

aðeins átt við söluskattinn, sem atvinnurekendur innheimtu af þeim sem nutu þjónustu eða keyptu vörur af fyrirtækjunum.

Á bls. 2 í grg. frv. eru talin upp nokkur gjöld sem atvinnurekendur verða að heimta af launþegum, eða viðskiptavinum sínum. Auk þeirra 13 gjalda sem þar eru talin má minnast á ýmis sérstök innheimtugjöld, sem t. d. leggjast á veitingarekstur, eins og skemmtanaskatt og menningarsjóðsgjald og ennfremur álögð gjöld á fyrirtæki eins og eftirlitsgjald með vínveitingahúsum og Stefgjald, svo nokkuð sé nefnt af því sem atvinnureksturinn þarf að annast innheimtu á.

Ekki er ástæða til að hafa mörg orð um þetta frv. Í því felst einungis viðurkenning á því að atvinnureksturinn stendur að stórkostlegri innheimtu fyrir ríkissjóð. Það er ekki óeðlilegt að hann njóti þess í einhverjum mæli að standa skil á þessum fjármunum og standa í þessari umsýslu. Þess má geta að innheimtuaðilar ríkissjóðs, sem eingöngu hafa slíkt starf með höndum í sumum tilvikum, taka ákveðið hlutfall af þeirri innheimtu til sín.

Að lokinni þessari umr. er þess óskað að hv. fjh.- og viðskn. fái málið til afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 43. fundur.

Þriðjudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Viðmiðunarkerfi fyrir laun, frv. (þskj. 334). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 80, n. 361). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 274, n. 359). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 253). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður Suðurnesja, frv. (þskj. 167). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 1. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Brunabótafélag Íslands, frv. (þskj. 271). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Öll mál sem varða tryggingar og tryggingarfélög hér á landi heyra undir heilbr.- og trmrn. og heilbr. og trn. þessarar hv. deildar. Því legg ég til að frv. verði vísað til hennar.

Forseti (Alexander Stefánsson): Hv. þm. hafa heyrt aths. þm. Þetta er í sjálfu sér kannske álitamál, því að brunavarnir heyra undir félagsmál, en ef því er ekki andmælt (Gripið fram í.) skulum við taka til greina þessa aths. hv. 5. þm. Suðurl. Ég mun þá leita eftir því að frv. verði sent til hv. heilbr.- og trn.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 272). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 273). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 355). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda, frv. (þskj. 258). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Ég vil leyfa mér að spyrja, herra forseti, þar sem nú er skammt til þingloka, ef að líkum lætur, hvers vegna ekki er hér á dagskrá í dag til 3. umr. frv., sem er 116. mál þingsins, frv. um breytingu á lögum um grunnskóla, sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir og fleiri fluttu. Ég hefði talið að það hefði mátt koma því máli út úr deildinni í dag.

Forseti (Alexander Stefánsson): Þannig stendur á með það frv. að ekki náðist að afgreiða það í gærkvöld á kvöldfundi. Það verður tekið fyrir á fundi á morgun. Ég vona að þessi skýring nægi.

Ég þakka hv. þdm. fyrir samvinnuna um þessi mál.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 22. febr., að loknum 43. fundi í Nd.

Sykurverksmiðja, fsp. (þskj. 339). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. til iðnrh. um sykurverksmiðju, sem hljóðar þannig:

„Hvað veldur því, að frv. um sykurverksmiðju í Hveragerði, sem lagt var fram í lok síðasta þings, en hlaut ekki afgreiðslu þá, hefur ekki verið lagt fram á þessu þingi?

2. Hefur verið unnið áfram að athugunum á hagkvæmni sykurvinnslu í Hveragerði, og hvað hefur komið í ljós í þeim athugunum?“

Þar sem stjfrv. um sykurverksmiðju var lagt fram á síðasta þingi, en fékkst ekki afgreitt á því þingi, þá vildi ég heyra hver þróun hefur verið í þessu máli eða hvað hafi verið unnið að athugun á sykurverksmiðjumálinu. Hér er um að ræða verulegt atvinnuspursmál, sem sykuráhugamenn vilja gjarnan vita hvernig hefur þróast hjá rn. eða hvað hefur verið unnið að því að koma þessari hugmynd til framkvæmda og hvers vegna þetta frv. hefur ekki komið nú á borð þm., sem var þó búið að ræða í 1. umr. á síðasta þingi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Frv. um sykurverksmiðju í Hveragerði var lagt fram í lok þings vorið 1982, eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl. Það fól í sér heimild til handa ríkisstj. að taka þátt í hlutafélagi, er reisi og reki sykurverksmiðju í Hveragerði, og að leggja fram í því skyni 40% af hlutafé til slíkrar verksmiðju, enda verði hlutafé félagsins 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Einnig var í frv. þessu heimild til ríkisábyrgðar á hluta af stofnlánum og fleiri atriði.

Stofnkostnaður sykurverksmiðju, miðað við núverandi gengi, er um 400 millj. kr. Hér er því um stóra framkvæmd að ræða og vissulega nauðsynlegt að vanda vel ákvarðanatöku. Umfangsmiklar athuganir höfðu farið fram á þessu máli áður en frv. var flutt hér á síðasta þingi. En þegar frv. var hér til umr. komu fram skiptar skoðanir um ýmsa þætti málsins, m. a. varðandi framtíðarþróun á sykurverði, notkun nýrra sætiefna, sem svo eru kölluð, í stað sykurs og varðandi sölumöguleika á afgangsmelassamjöli eða restmelassamjöli, eins og það hefur líka verið kallað, til fóðurnota fyrir kvikfé. Meðal aðila sem leitað var umsagnar hjá um þetta mál var Félag ísl. iðnrekenda. Það lagði til að óvilhallir sérfræðingar yrðu fengnir til að kanna þetta mál nánar og málið hlaut ekki afgreiðslu í hv. iðnn. Nd. á síðasta þingi.

Vegna þeirra aths. og ábendinga, sem fram höfðu komið um málið, taldi iðnrn. rétt að beita sér fyrir frekari skoðun mála og skrifaði 23. ágúst bréf til Iðnþróunarsjóðs og fór þess á leit við sjóðinn að hann gengist fyrir sjálfstæðri úttekt á fyrirhugaðri sykurverksmiðju. Stjórn Iðnþróunarsjóðs samþykkti að verða við þessari beiðni og samdi um það við sænskan verkfræðing með sérþekkingu á þessum málum, að nafni Arne Gabrielsson, að hann tæki saman greinargerð um þróun sykurverðs og verð á melassa. Verkfræðingur þessi kom í heimsókn til Íslands í nóv. s. l. eftir að hafa unnið að málinu og átti hér viðræður við ýmsa aðila. Ítarleg skýrsla lá fyrir frá honum um málið í byrjun jan. s. l. og hafa fulltrúar frá Iðntæknistofnun, Iðnþróunarsjóði, og iðnrn. yfir hana farið. Í byrjun þessa mánaðar voru þessum sænska aðila sendar nokkrar fsp. og aths. vegna þessarar skýrslu, sem frá honum var komin, og er svars að vænta alveg á næstunni við þessum fsp. Verður þá hægt að fá skýrari mynd varðandi hagkvæmni sykurverksmiðju í Hveragerði. Þær fsp. hef ég með höndum. Að ég best veit var um þetta mál haft samráð við frumkvæðisaðila þessa máls, Áhugafélag um sykuriðnað, þ. e. sykurverksmiðju, í Hveragerði.

Það var einnig óskað eftir áliti frá Búnaðarfélagi Íslands varðandi notkun á hinum svokallaða restmelassa eða afgangsmelassa til fóðurs. Með bréfi, dags. 7. jan. 1983, til Iðnþróunarsjóðs sendi Búnaðarfélagið greinargerð frá Jóni Árnasyni fóðurráðunaut um þetta atriði. Ég leyfi mér að vitna hér í niðurlag greinargerðar þessa sérfræðings, og tek fram að það er orðrétt tilvitnun, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Innlend blöndum á nautgripafóðri er um það bil 20 þús. tonn, þannig að í þessar blöndur ætti að vera hægt að koma 4 þús. tonnum af restmelassamjöli. Sauðfé ætti auk þess að geta tekið við töluverðu magni af mjölinu, því það ætti að geta verið gott fóður með lélegum

heyjum, ef það á annað borð ést", eins og þetta er orðað. „Ekki er gott að gera sér glögga grein fyrir því magni sem sauðfé gæti torgað, en það ættu þó að geta verið um það bil 3500 tonn á ári. Nokkurt magn af restmelassamjöli ætti einnig að geta nýst í fóðri svína og hrossa. Þessar tölur um nýtingu restmelassamjöls eru allar byggðar á þeim forsendum, að ekki séu nein vandkvæði að koma fóðrinu í skepnurnar. Það er samtímis rétt að undirstrika, að þekking á þessu fóðri er mjög lítil og að þörf er á að fóðrunarvirði þess verði betur kannað hið bráðasta. Fyrst þegar verulegar meiri rannsóknir hafa farið fram er hægt sð segja nokkuð með vissu um notkun melassamjöls sem fóðurs."

Þetta er orðrétt tilvitnun í hluta úr greinargerð Jóns Árnasonar fóðurráðunauts.

Í þeim athugunum sem nú liggja fyrir er talið að verð á hrásykri muni haldast lágt til ársins 1985 a. m. k. Gerir það vissulega hagkvæmni sykurverksmiðju óvissari en áður var talið. Heildarniðurstöður vegna þessa máls munu liggja fyrir innan hálfs mánaðar, að ég best veit, og verða þær þá aðgengilegar fyrir hv. fyrirspyrjanda. *Ég tel eðlilegt að þær verði þá sendar hv. iðnn.* Nd., sem fjallaði um frv. til l. um sykurverksmiðju á síðasta þingi.

Það er rétt að undirstrika að ríkið hefur ekki haft forgöngu um þetta verkefni, hefur ekki ætlað sér að vera þar meirihlutaaðili, þó að það hafi stutt mjög að athugun málsins og ríkisstj. borið fram frv. til að afla heimilda til að leggja fram fé til slíkrar verksmiðju, ef ákvörðun yrði um hana tekin, og þá sem minnihlutaaðili. Frumkvæðið í þessu máli hefur verið í höndum Áhugafélags um sykuriðnað. Áhugafélag þetta hefur átt þess kost að fylgjast með vinnu að málinu frá því að það lá fyrir hér í frv.-formi s. l. vor, og að ég best veit er formaður þessa félags hv. fyrirspyrjandi, sem hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga og ber það mjög fyrir brjósti. Ég vænti að þessi svör veiti nokkra úrlausn varðandi hans fsp.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans varðandi sykuriðnað hér á landi, sem er verulegur áhugi fyrir í Suðurlandskjördæmi og þá sérstaklega í Hveragerði, þar sem við höfum mikla ónotaða orku fyrir sykurverksmiðju. Þetta er, eins og ég áðan minntist á, ákaflega þýðingarmikið. Þarna gæti verið hægt að nýta innlenda orku til að auka atvinnu innanlands og draga úr gjaldeyrisnotkun. Staðreynd er að hægt er með þeim hugmyndum sem lagðar hafa verið fram um fullvinnslu sykurs hér á landi að gera þetta. Sérstaklega er það hagstætt af því að við eigum ódýra orku sem við ekki nýtum.

Það kom fram í svari ráðh. að skýrsla, athuganir og hugmyndir, sem lágu hér fyrir á síðasta þingi, hafi verið sendar sænskum verkfræðingi og hann hafi gefið skýrslu um málið, en óskað hafi verið eftir ennþá frekari skýringum á einstökum liðum hennar, eins og fram kom hjá ráðh. Ekki er því fullkannað ennþá, hvernig þetta mál stendur. En ég legg sérstaka áherslu á að rannsóknum þessum verði hraðað svo sem hægt er. Málið er búið að vera lengi í athugun hjá hv. Alþingi og iðnrn. og mér finnst alltof lengi dragast að komast að niðurstöðum. Það er ekki mín meining að bygging sykurverksmiðju verði drifin í gegn ef það reynist óhagstætt, en þar sem allar líkur hafa bent til þess að þetta sé mjög hagstætt og gott mál finnst mér að óeðlilega seint gangi. Þess vegna hvet ég mjög til þess að niðurstöðum rannsókna, sem væntanlega liggja fyrir áður en langt líður, verði komið til Áhugafélags um sykuriðnað og síðan verði gengið í að fá þetta frv. sem allra fyrst fram á Alþingi.

Ég held að næsta stig málsins sé að þetta geti gengið sem fyrst fyrir sig, vegna þess að þarna er bæði um að ræða verulegan gjaldeyrissparnað og atvinnu fyrir landsmenn, auk þess sem ég held því fram, og hef gert það áður, að ekki yrði hættа á ferðum þó að sykurverð breyttist verulega, því að verð melassans, sem unnið yrði úr í þessari verksmiðju, breytist í samræmi við sykurverð í heiminum og mundi þess vegna lækka eða hækka til samræmis við sykurverðið á hverjum tíma og sveiflast ákaflega líkt.

Ég legg mikla áherslu á að málinu verði hraðað eins og hægt er.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það var ljóst af máli hæstv. iðnrh. að frv. um sykurverksmiðju var lagt fram á síðasta þingi til þess eins að draga athygli Sunnlendinga og almennings frá þeirri valdníðslu sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. beittu Sunnlendinga á síðasta þingi með því að ákveða steinullarverksmiðju stað á Sauðárkróki en ekki í Þorlákshöfn, þrátt fyrir að allir hagkvæmnisútreikningar sýndu að Þorlákshöfn væri hagkvæmari. Nú virðist ekkert liggja á. Nú mega árin líða og ekkert er gert.

Það er auðvitað hægt að sýna fram á að það sé ekki í augnablikinu hagkvæmt að framleiða sykur vegna þess hve hann er mikið niðurgreiddur úti. Við kaupum hann frá Danmörku á fob-verði á finnskt 1½ mark pr. kíló, en þá eru Danir búnir að borga hann niður um 1.9 mark. Vill hæstv. ráðh. þá meina það, að ef einhverjum dettur í hug að niðurgreiða einhverja vöru eigum við ekki að koma nálægt því að framleiða hana og ekkert að hugsa um það meira? Ég held að ef við hugsum þannig sé hvorki kísilmálmverksmiðja á Austurlandi né neinar aðrar nýjar verksmiðjur inni í myndinni.

Við eigum í Hveragerði líklega ódýrustu orku veraldar, þar eð hún blæs ónotuð út í loftið áratug eftir áratug. Það er varla vansalaust. Ég skora á hæstv. iðnrh. að flýta þeirri athugun sem hann var að lýsa.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er nú aðeins vegna orða hv. fyrirspyrjanda og hv. 5 þm. Suðurl. sem ég vil bæta örlitlu við.

Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að þær athuganir, sem fram hafa farið síðan þetta mál lá hér fyrir hv. Alþingi á síðasta þingi, hafa ekki verið gerðar til þess að tefja þetta mál. heldur til að varpa ljósi á óvissuþætti sem fram komu við meðferð málsins hér í þinginu og í þingnefnd. Ég held að þegar þær niðurstöður liggja fyrir, sem mér hafa verið gefnar vonir um að yrði innan skamms, innan fárra daga, niðurstöður sem Iðnþróunarsjóður hefur haft forgöngu um að afla, liggi þetta mál ljósar fyrir og hægt sé að taka á því til ákvörðunar.

Ég heyrði á hv. fyrirspyrjanda, að hann vildi að það lægi fyrir hvort þetta fyrirtæki væri líklegt til að vera arðbært eður ei og því aðeins bæri að fara í það að það væri þjóðhagslega hagkvæmt. Inn í þjóðhagslega hagkvæmni getur fleira komið en beinar arðsemistölur á viðkomandi tíma. Það eru fleiri þættir sem þar geta

komið við sögu og ber vissulega að líta á.

Ég vil sérstaklega andmæla þeim orðum hv. 5. þm. Suðurl. að flutningur þessa máls hér inn á þingið s. l. vor eða seint á síðasta þingi hafi tengst ákvörðunum um steinullarverksmiðju af hálfu ríkisstj. Þetta mál var unnið algerlega óháð því og er ennþá unnið að skoðun þess algerlega óháð því hvar steinullarverksmiðja eða aðrar verksviðjur yrðu reistar. Saga þessa máls ber þess vitni. Það er sérstaks eðlis. Það hefur tengst nýtingu jarðhita í Hveragerði og verið lengi á döfinni, og ég tel að ríkisvaldið hafi hlaupið með eðlilegum hætti undir bagga við athuganir málsins með þeim áhugaaðilum sem hafa þar forgöngu og frumkvæði. Ég held að það verði aðeins til þess að greiða fyrir málinu að sá sjóður, Iðnþróunarsjóður, sem væntanlega þyrfti að leggja til lánsfé í fyrirtækið, hafi komið að athugun málsins með þeim hætti sem unnið hefur verið að undanförið hálft ár.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við þá óvissuþætti sem hæstv. ráðh. minntist á.

Ég vil að málið verði sem best rannsakað og það sé sem mest öryggi og við stofnun gott fyrirtæki. Það hef ég alltaf talið og mun gera uns annað kemur í ljós. Ég vil í því sambandi upplýsa, að gert var ráð fyrir því í upphaflegum till. að við flyttum 25 tonn af melassa til landsins og ynnum úr honum 10 þús. tonn af sykri. Nú er komið í ljós að hægt er að vinna mun meira af hreinum sykri úr þessum melassa en gert var ráð fyrir í upphafi, en þá var ætlað að afgangurinn yrði um 10—11 þús. tonn til að nota til fóðurs á búpeningi landsmanna, en afgangsmelassi er talinn heppilegt fóður fyrir búfé. Nú hefur komið í ljós að hægt mun vera að vinna mun meiri sykur úr hráefninu, 50% melassa, og skila með því ennþá minni úrgangs- eða restmelassa. Það væri því hugsanlegt að flytja inn 21 þús. tonn af 50% melassa og mun minna yrði eftir að vinnslu lokinni eða ekki nema 7 þús. tonn af restmelassa, sem við þyrftum að selja sem fóður í landinu, en samkv. skýrslu Jóns Árnasonar hefur komið í ljós að afgangsmelassa er hægt að nota í fóður. Eitt af því sem var talið óhagstætt fyrir þessa verksmiðju var hvort mætti nýta afgangsmelassann í landinu.

Endurskoðun tollskrárlaga, fsp. (þskj. 133). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson). Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 133 að leggja fram til hæstv. fjmrh. fsp. varðandi endurskoðun tollskrárlaganna. Ástæður fyrir þessari fsp. eru ýmsar, en þessar vil ég þó nefna helstar í þeim fáu orðum sem ég læt fylgja þessari fsp., sem skýrir sig að flestu leyti sjálf:

Síðan ég kom inn á þing fyrir u. þ. b. þremur árum hef ég stundum fengið hugmyndir og ábendingar um að það væru ýmis atriði í tollskránni sem vert væri að endurskoða og jafnvel leiðrétta. Svarið hefur jafnan verið, þegar ég hef snúið sér til rn. og/eða annarra aðila sem málið er skylt, að tollskráin sé í endurskoðun í heild og ástæðulaust sé að taka þessi mál upp á Alþingi þar sem mjög líklegt sé að þær góðu ábendingar sem stundum eru uppi verði teknar með í dæmið við endurskoðunina. Þetta hefur verið þannig yfirleitt.

Ég held að staðreyndin sé sú, að tollskráin sé orðin úrelt að ýmsu leyti. Það eru breyttir tímar og breytt viðhorf og mönnum verður starsýnt á ýmis atriði í tollskránni sem ekki eru til verulega góðrar eftirbreytni eða til samanburðar, lengi var það dæmi notað mjög að bera saman álagningu á barnamat og álagningu á hunda- og kattamat, sem að vísu hefur nú verið leiðrétt að verulegu leyti. Sama ná segja um varahluti bæði til útvegsins og fiskiðnaðarins og fleiri nauðsynlegra undirstöðuatvinnufyrirtækja þjóðarinnar, sem hafa verið mjög hátt tollaðir og miklu hærra en eðlilegt má telja. Jafnvel verður að túlka þannig að hér sé fyrst og fremst um tekjuöflun hjá ríkissjóði að ræða en ekki til samræmis við aðrar vörur.

Ég tel að ekki sé hægt ár eftir ár að svara réttmætum ábendingum um leiðréttingar með því að málið sé í heildarendurskoðun og slá þannig málinu á frest.

Ég tek að sjálfsögðu undir að nauðsynlegt er að fram fari heildarendurskoðun á tollskránni, en ef það á að dragast í mörg ár verður að taka málið fyrir í áföngum.

Ég vil svo að lokum ítreka fsp. mína til hæstv. fjmrh., en þær eru þessar eins og kemur fram á þskj.:

1. Hvenær hófst endurskoðun tollskrárlaganna?
2. Hvenær má búast við að endurskoðun ljúki?
3. Hverjir vinna að endurskoðuninni?"

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á árinu 1980 skipaði ég sérstaka nefnd til að endurskoða lög og reglur sem gilda um álagningu og innheimtu gjalda af innflutningi og innlendri vöruframleiðslu. Í nefndina voru skipaðir: Björn Hermannsson tollstjóri, Lúðvík Jósepsson fyrrv. alþm., Jafet Ólafsson deildarstjóri í iðnrn., Valgeir Ársælsson deildarstjóri í viðskrn. og Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri í fjmrn. Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri í viðskrn. tók síðar við störfum í nefndinni af Valgeiri Ársælssyni. Þetta er eitt af atriðum fsp., hverjir væru í þessari ágætu nefnd.

Skipun þessarar nefndar átti sér stað í framhaldi af tímamótum þeim sem þá voru með tilliti til fríverslunarsamstarfs Íslands við aðildalönd EFTA og Efnahagsbandalagið. Eins og þm. er kunnugt lauk aðlögunartímanum, sem um var samið vegna tollalækkunarákvæða samninga Íslands við EFTA og EBE, í upphafi árs 1980 og komu þá að fullu til framkvæmda tollfrelsisákvæði þessara samninga vegna innflutnings á svonefndum verndarvörum. Á aðlögunartímabilinu voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að tryggja samkeppnisstöðu þeirra iðnfyrirtækja sem á aölögunartímabilinu urðu fyrir aukinni samkeppni á heimamarkaði. Þannig voru m. a. tollar og söluskattur felldir niður í áföngum af vélum, tækjum og varahlutum og tollur jafnframt felldur niður af efnivörum til framleiðslu verndarvara, auk helstu fjárfestingarvara til bygginga.

Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna hinna samningsbundnu tollalækkana og ýmissa annarra ráðstafana í ríkisfjármálum á þessum tíma reyndist nauðsynlegt að hækka söluskatt, auk þess sem lögð voru á í sama tilgangi ýmis ný gjöld, m. a. sérstakt tímabundið vörugjald. Er nú svo komið, að við innflutning á vörum ber að innheimta a. m. k. 16 mismunandi gjöld, og eru allt að fimm gjöld lögð á sömu vöruna við tollafgreiðslu. Þau gjöld sem hér um ræðir eru m. a. tollar, byggingariðnaðarsjóðsgjald, sementsgjald, gúmmí-

gjald, bensíngjald, gjald af gas- og brennsluolíu, vörugjald, sérstakt tímabundið vörugjald, jöfnunargjald, eftirlitsgjald af fóðurvörum, sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum og rafmagnseftirlitsgjald.

Verkefni þeirrar nefndar sem ég skipaði á árinu 1980 var, eins og áður er vikið að, að endurskoða þessa gjaldtöku í heild með það að markmiði að fækka tekjustofnum og samræma gjaldtöku ríkissjóðs, bæði af innflutningi og framleiðslu, og gera með þeim hætti álagningu og innheimtu gjalda einfaldari og hagkvæmari. Jafnframt var gert ráð fyrir að við mótun nýrra álagningarreglna yrði við það miðað að gjöld af vörum til svipaðra eða sams konar nota yrðu hin sömu. Við heildarendurskoðunina voru nefndinni sett þau takmörk að því er tekjuöflun til ríkissjóðs varðaði, að breytt tekjuöflunarkerfi innflutnings- og vörugjalds skilaði ríkissjóði sem næst óbreyttu hlutfalli af tekjum ríkissjóðs eins og það hlutfall er í dag.

Frá því að nefndin var skipuð hefur verið unnið að öflun ýmissa tölulegra upplýsinga varðandi einstök gjöld sem falla undir verksvið nefndarinnar, auk þess sem unnið hefur verið að endurskoðun sjálfra tollskrárlaganna, bæði tollskránni og einstakra greina laganna. Störf nefndarinnar hafa einkum beinst að því að kanna leiðir til niðurfellingar gjalda almennt af aðföngum atvinnuveganna, þ. e. hráefnum, efnivörum, vélum og öðrum fjárfestingarvörum, með það fyrir augum að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna í gjaldalegu tilliti. Samhliða slíkri alhliða stefnumótun telur nefndin óhjákvæmilegt að hæstu tollar verði verulega lækkaðir til þess að draga sem mest úr óæskilegum áhrifum á neysluval manna og innflutningsmynstur. Til þess að framangreindum markmiðum verði náð er ljóst að gera verður verulegar breytingar á núverandi kerfi og færa gjaldbyrðina og jafna milli einstakra vöruflokka, m. a. á óvaranlegar og varanlegar neysluvörur. Slíkar breytingar verða hins vegar ekki gerðar án þess að það hafi áhrif á vísitölukerfið, miðað við þann vísitölugrundvöll sem notast er við í dag.

Hér erum við einmitt komin að þætti sem snertir margrætt mál þessa dagana. Þetta er ein af mörgum ástæðum þess að nauðsynlegt er að taka upp nýjan vísitölugrundvöll. Nýr vísitölugrundvöllur er raunverulega forsenda fyrir því að hægt sé að gera róttækar breytingar á núverandi tollakerfi. Athuganir hafa leitt í ljós að verulegar tollalækkanir á ýmsum vörum, m. a. til heimilishalds, og sanngjörn dreifing þeirra gjalda, sem hugmyndir eru um að taka upp í stað núvernadi gjaldakerfis, mundi hins vegar leiða til hækkana á verðbótavísitölu þrátt fyrir að gera mætti ráð fyrir að skattbyrði manna mundi ekki aukast. Forsenda raunhæfra breytinga á innflutnings- og vörugjöldum er því sú, eins og ég hef þegar sagt, að nýr viðmiðunargrunnur framfærsluvísitölunnar fáist samþykktur. Að undanförnu hefur af þessum sökum verið beðið átekta eftir ákvörðun í svonefndu vísitölumáli, þannig að nefndin gæti mótað endanlegar hugmyndir sínar um nýtt innflutningsgjalda- og vörugjaldskerfi og gert tillögur þar að lútandi þegar fyrir lægi að nýr vísitölugrundvöllur hefði verið tekinn upp. Hverjar sem lyktir vísitölumálsins verða mun nefndin á næstu mánuðum vinna að gerð frv. eða frv. er byggð verða á þeim meginsjónarmiðum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, og er ráðgert að störfum hennar ljúki á sumri komanda þannig að hægt verði að leggja frv. um þessi efni fram á Alþingi á komandi vetri.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans greiðu og skýru svör við fyrirspurnum mínum. Ég legg hins vegar á það ríka áherslu, að þessu verki verið haldið áfram af fullum krafti og það standi, sem hann endaði ræðu sína á, að þessu ljúki næsta sumar þannig að unnt verði að leggja frv. að nýrri tollskrá fyrir næsta þing. Ég held að þetta mál sé orðið svo brýnt að ekki megi dragast öllu lengur að því verði kippt í liðinn.

Ég vil hins vegar benda honum á það, sem ég held að honum ætti að vera manna best kunnugt um, að lækkun þeirra háu gjalda á ýmsum vörutegundum, sem hefur verið framkvæmd við innflutning á undanförnum árum, hefur ekki alltaf leitt til þess að tekjutap hafi orðið fyrir ríkissjóð. Í því sambandi má minna á verulega lækkun á tollum af úrum fyrir nokkrum árum, sem hafði þau áhrif að ferðamenn keyptu gjarnan mun minna af þeim erlendis og innflutningur jókst að verulegum mun. Ég fullyrði að tekjur ríkissjóðs héldust þar í hendur, ef ekki jukust. Þannig mætti örugglega taka upp fleiri vörutegundir. Ég vil í því sambandi nefna eitt dæmi, sem maður verður óneitanlega var við þegar ferðast er til útlanda í hóp manna, en það eru hljómplötur. Ég held að fáir Íslendingar fari til útlanda án þess að koma heim með í töskunni eða í plastpoka a. m. k. nokkur stykki af hljómplötum. Mér er nær að halda, að ef þau háu gjöld sem nú eru á hljómplötum og kassettum yrðu lækkuð til samræmis við það sem er erlendis þyrftu tekjur ríkissjóðs ekki að dragast svo mjög saman.

Ég ítreka svo þakkir mínar til ráðh. fyrir svör hans við fyrirspurnum mínum og vænti þess að hann reyni að sjá til þess að verkinu ljúki svo sem hann boðar á næsta sumri.

Sameinað þing, 56. fundur.

Þriðjudaginn 22. febr., að loknum 55. fundi.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 314). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Hagnýting surtarbrands, þáltill. (þskj. 70, n. 336). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 374).

Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla, þáltill. (þskj. 362). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Perlusteinsiðnaður, þáltill. (þskj. 55). -- Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um perlusteinsiðnað á þskj. 55. Flm. till. auk mín eru hv. alþm. Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Jósef H. Þorgeirsson og Friðjón Þórðarson, þ. e. allir þm. Vesturlands. Tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samvinnu við áhugaaðila að hlutast til um athugun á hagkvæmni perlusteinsiðnaðar."

Ég mun í minni framsögu fara nokkrum orðum um ýmis atriði í þróun þessa máls á undanförnum árum og stikla á stóru í alllangri sögu perlusteinsathugana hér á landi.

Eins og kunnugt er hefur perlusteinn fundist á nokkrum stöðum hérlendis, víðast hvar í óverulegu magni nema í Loðmundarfirði og Prestahnjúk við Langjökul. Perlusteinn fannst í Loðmundarfirði 1948 en í Prestahnjúk 1954. Í Loðmundarfirði hefur ekki verið talið nægjanlegt magn af nýtanlegu efni til þess að réttlæta frekari aðgerðir. Öðru máli gegnir um Prestahnjúk. Talið er að um 17—18 millj. m^3 af vinnanlegum perlusteini séu í fjallinu samkvæmt síðari rannsóknum.

Árið 1957 var stofnað fyrirtæki, Perlita hf., til að annast perlusteinsvinnslu úr Prestahnjúki. Sýni voru tekin og send til Bandaríkjanna. Úr frekari framkvæmdum varð þó ekki. Lágu rannsóknir að mestu leyti niðri um skeið, en fyrirtækið Johns-Manville sendi hingað sérfræðing og unnið var að rannsóknum og töku sýna árin 1968 og 1969. Einnig fóru fram víðtækar rannsóknir og söfnun sýna árið 1971 að tilhlutan iðnrn. og sérfræðinga Johns-Manville. Niðurstöður þeirra rannsókna voru fremur í óhag íslenska perlusteininum. En þær niðurstöður voru jafnframt gagnrýndar af íslenskum sérfræðingum sem töldu að þær gæfu ekki raunhæfa mynd af eiginleikum perlusteinsins.

Árið 1972 setti iðnrn. á fót nefnd til að kanna notagildi íslenskra gosefna, svokallaða gosefnanefnd: Eitt af verkefnum hennar var að kanna möguleika á nýtingu perlusteins úr Prestahnjúki bæði til innanlandsnota og útflutnings. Nefndin vann að þessum athugunum á árunum 1972—1978. Verkefnið skiptist í eftirfarandi meginþætti:

1. Athugun á jarðsvæði Prestahnjúks og nýtanlegu magni perlusteins þar.
2. Rannsóknir á gæðum og eiginleikum perlusteinsins.
3. Athugun á notkunarsviðum fyrir perlustein hérlendis og erlendis svo og markaðsathuganir.
4. Hagkvæmnisathuganir á vinnslu perlusteins á innanlandsmarkað og til útflutnings.

Samkvæmt þeim athugunum sem gerðar voru á Prestahnjúk er talið að þar séu um 17—18 millj. m^3 af nýtanlegum perlusteini eins og ég hef þegar tekið fram. Rétt er að geta þess að perlusteinn er súrt gosberg með efnasamsetningu sem líkist mjög líparíti og hrafntinnu. Hann hefur þann eiginleika að þenjast allt að 20-falt út við hitun upp í 880—900°C. Algengt er að þaninn perlusteinn vegi 50—150 kg hver m^3.

Gerðar voru tilraunir á rannsóknastofu sem gáfu til kynna að rétt væri að fara út í meiri háttar tilraunir. Í fyrstu var leitað til erlendra sérfræðinga. Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna veitti málinu bæði sérfræðilegan og fjárhagslegan stuðning. Árið 1976 var ákveðið að koma á fót rannsóknaaðstöðu með nægjanlega stórum þensluofni þannig að ekki yrði farið í neinar grafgötur um eiginleika perlusteinsins. Það sama ár var gerður samningur við Sementsverksmiðju ríkisins um að koma fyrir búnaði til þess að þurrka og flokka óþaninn perlustein og einnig að setja upp þensluofn þann sem ég gat um áður og fenginn hafði verið frá Ungverjalandi. Sementsverksmiðjan í Álaborg tók jafnframt þátt í þessum tilraunum, en rannsóknarverkefnið var að hluta fjármagnað af Norræna iðnþróunarsjóðnum.

Óhætt er að fullyrða að nokkuð ítarlegar rannsóknir hafi farið fram 1976—1978. Sýni voru send bæði til innlendra og erlendra notenda og ekki verður annað sagt en niðurstöður tilraunanna hafi í mörgum atriðum reynst jákvæðar, þ. e. íslenskur perlusteinn stæðist kröfur á flestum notkunarsviðum perlusteins. Erlendir aðilar, sem fengu stærri sendingar af þöndum perlusteini, svo sem norsku sementsverksmiðjurnar töldu hann alls ekkert síðri en gríska perlusteininn bæði til þenslu og til nota í byggingarplötur.

Rétt er að geta þess að perlusteinn er notaður á fjölmörgum sviðum, svo sem til einangrunar húsa og einnig í múrblöndur og léttsteypu. Hann er notaður í klæðingarplötur ýmiss konar, sem fyllingarefni t. d. í málningu og einnig sem síuefni fyrir efnaiðnað, svo eitthvað sé nefnt.

Gerð var nokkuð ítarleg markaðsathugun fyrir þaninn perlustein á Norðurlöndunum, ekki síst vegna samstarfsverkefnisins við sementsverksmiðjuna í Álaborg. Einnig var hugað að markaði víðar í Evrópu og á austurströnd Bandaríkjanna. Ýmsir erlendir aðilar sýndu málinu áhuga á grundvelli eigin athugana á íslenska perlusteininum. Töluvert magn af perlusteini var framleitt á innanlandsmarkað til nota á mörgum þeim sviðum sem ég nefndi áðan. Talið er að hann hafi reynst vel í flestum tilvikum, enda þótt segja megi að tilraunirnar hafi náð fremur skammt og væru ekki nægjanlega marktækar af þeim sökum.

Fyrstu hagkvæmniútreikningar leiddu í ljós jákvæðar niðurstöður af útflutningi perlusteins í miklu magni eða allt að 100 þús. tonnum árlega. Óvissuþættirnir voru þó einkum tveir, þ. e. flutningur perlusteinsins til strandar og ónógar markaðsathuganir erlendis. Til þess að þær athuganir séu vel marktækar þyrfti að senda utan allverulegt magn af perlusteini, en slíkt kostar töluverð fjárútlát með tilliti til allra aðstæðna. M. a. af þeim sökum beindist athygli manna fremur að markaði innanlands. Í framhaldi af tilraunavinnslunni var kannaður áhugi innlendra aðila á perlusteinsvinnslu fyrir markað hérlendis með möguleika á útflutningi síðar meir í huga. M. a. sýndu forráðamenn Sementsverksmiðju ríkisins málinu áhuga og gerði stjórn verksmiðjunnar um það samþykkt. Niðurstaðan var þó sú, að stofnuð voru fjögur hlutafélög sem höfðu það að markmiði að vinna og nýta perlustein úr Prestahnjúk. Þessi fyrirtæki voru Perla hf., sem átti að sjá um þenslu á perlusteini, Prestahnjúkur hf. og Ylfell hf., sem

skyldu annast vöruþróun og framleiðslu, og Perlusteinsvinnslan hf. sem var sameign áðurnefndra fyrirtækja og átti að sjá um vinnslu hráperlusteins og leita leiða til útflutnings. Þessi fyrirtæki störfuðu töluvert 1978 og jafnvel 1979, en lítið sem ekkert síðar.

Gerðar voru áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað verksmiðju til þurrkunar, flokkunar og þenslu perlusteins. Áætlanir um byggingu og rekstur verksmiðju, sem framleiddi um 17 000 m^3 af þöndum perlusteini á ári, sem birtar eru með þessari þáltill., eru á aprílverðlagi liðins árs. Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu ber að taka þessar áætlanir með öllum fyrirvara, ekki síst vegna þess að þær eru ekki nýjar af nálinni. Að mínum dómi gefa þær þó ákveðna vísbendingu. Fram kemur m. a. að perlusteinn til einangrunar á vissum sviðum er samkeppnisfær við frauðplast. Um hagkvæmni í framleiðslu og notkun perlusteins til hinna fjölmörgu þátta sem ég gat um áður í minni ræðu er erfiðara að dæma. En ekki er óeðlilegt að ætla að hagkvæmari rekstur leiði af fjölþættari framleiðslu á samkeppnisfæru verði.

Herra forseti. Miðað við forsögu þessa máls verður að telja eðlilegt að lokaúttekt sé gerð á því hvort perlusteinsiðnaður í einhverri mynd eigi framtíð fyrir sér hér á landi og/eða útflutningur. Eins og vikið er að í grg. og ég hef jafnframt ítrekað í minni framsögu er ýmsum spurningum ósvarað varðandi perlusteinsiðnað hér á landi, ekki síst vegna markaðar. Með flutningi þessarar till. og þeirri athugun sem hún felur í sér vonast ég til að komist verði að endanlegri niðurstöðu, sem e. t. v. verður á þann veg að perlusteinsiðnaður eigi framtíð fyrir sér hér á landi.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði vísað til atvmn. að loknum þessum hluta umræðunnar.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Sú þáltill. sem hv. 3. þm. Vesturl. er 1. flm. að og hefur mælt hér fyrir er í hópi þáltill. sem fram eru komnar vegna áhuga á því að skjóta fótum undir nýjan atvinnurekstur hérlendis. Vissulega er ástæða til að þakka allan áhuga þar að lútandi. Ég tel hins vegar rétt að mæla hér nokkur orð vegna umr. um þessa till. til þess að draga fram helstu þætti sem opinberir aðilar hafa sinnt í sambandi við þetta mál á fyrri stigum og kom þó sumt af því fram í máli hv. frummælanda. Ég held að æskilegt sé að sú þingnefnd sem væntanlega fær málið til meðferðar hafi vitneskju um þetta og geti þá metið hvort ástæða er til að samþykkja þessa till. í núverandi formi. Það er skoðun mín að þegar hafi farið fram þær athuganir að meginhluta sem lagt er til að gerðar verði með flutningi þessarar till. Má vissulega lengi fram halda slíkum athugunum mála og ekkert á móti því að svo sé gert í einhverjum mæli. Þá þurfa menn að byggja á því sem gert hefur verið.

Hv. flm. vék að því réttilega að það eru fyrst og fremst tveir staðir á landinu sem áhugi hefur beinst að varðandi nýtingu á perlusteini. Það er náma í Loðmundarfirði eystra og í Prestahnjúk við Langjökul, skammt frá Kaldadal. Náman í Prestahnjúk virðist vera meiri að vöxtum og aðgengilegri en það efni sem er að finna í Loðmundarfirði eystra. Vil ég þó ekki kveða upp neinn endanlegan dóm varðandi nýtingarmöguleika á síðartalda staðnum.

Markmiðin með athugun á nýtingarmöguleikum perlusteins frá Prestahnjúki hafa verið tvíþætt. Annars vegar hugsanleg innlend iðnaðarframleiðsla úr perlusteini og hins vegar stórútflutningur á flokkuðum perlusteini sem hráefni til úrvinnslu erlendis.

Eins og fram kemur í grg. með þáltill. er langt síðan farið var að kanna möguleika á nýtingu perlusteins. Ég tel rétt að lýsa hér stöðu málsins eins og hún var seinni hluta árs 1978 og draga síðan fram meginatriði úr vinnu þeirrar nefndar sem ég skipaði til að kanna möguleika á stórútflutningi perlusteins.

Síðari hluta árs 1978 var staða mála þannig:

1. Fullnægjandi jarðfræði- og efnisrannsóknum miðað við innlendan markað var þá talið lokið og niðurstöður þeirra athugana jákvæðar. Varðandi hugsanlegan stórútflutning á perlusteini var talið þurfa að gera frekari rannsóknir á vinnsluaðstöðu og eðliseiginleikum efnis í námunni í Prestahnjúk.

2. Tilraunaþensluofn hafði þá verið rekinn hjá Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi í tvö ár. Þar var unnið að margháttuðum tilraunum og í tengslum við það að markaðsathugunum innanlands. Innlendar vöruþróunartilraunir beindust aðallega að einangrunarefnum, efni í pússningu og í trefjaplötugerð. Niðurstöður þessara tilrauna voru yfirleitt jákvæðar. Fyrirtækið Perla hf. hafði um nokkurt skeið rekið þensluofninn í Sementsverksmiðjunni á Akranesi.

3. Stór og smá sýni af flokkuðum óþöndum perlusteini höfðu verið send erlendum fyrirtækjum til prófana. Niðurstöður af þeim prófunum höfðu sýnt að gæði íslenska perlusteinsins eru hliðstæð gæðum perlusteins sem boðinn er á mörkuðum erlendis.

4. Markaðsathuganir erlendis hafa farið fram m. a. í samvinnu við danska fyrirtækið Aalborg Portland og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Sala á litlu magni til erlendra aðila hefur átt sér stað. Niðurstöður af þessum markaðsathugunum voru þær að unnt ætti að vera að selja íslenskan perlustein til Evrópu og Bandaríkjanna, væri hann á samkeppnishæfu verði, sem talið var vera á bilinu 40—60 dollarar cif, komið í erlenda höfn. Þess má geta að í Evrópu ráða nokkrir stórir aðilar stærstum hluta markaðarins.

5. Varðandi stöðuna 1978 í athugunum á perlusteinsvinnslu má svo geta þess að ákveðin innlend fyrirtæki höfðu þá verið stofnuð og lýst áhuga sínum á afmörkuðum þáttum perlusteinsvinnslu.

Hv. 3. þm. Vesturl. gat hér áðan um þessi fyrirtæki, þ. e. Perlusteinsvinnsluna hf. í Borgarnesi, Ylfell hf., Perlu hf. á Akranesi og Prestahnjúk hf. Þrjú síðasttöldu félögin voru hluthafar í hinu fjórða, Perlusteinsvinnslunni, sem flutti út um 100 tonn af perlusteini. Félagið Perla hf. fékkst við tilraunavinnslu eins og áður er getið og Ylfell gerði hagkvæmniathugun á perlusteinsvinnslu, en fyrirtækið Prestahnjúkur aðhafðist lítið að ég best veit.

Iðnrn. ákvað að mig minnir á árinu 1979 að beita sér fyrir könnun á möguleikum á stórútflutningi á perlusteini sem talinn var koma til greina. Skipuð var nefnd 26. júlí 1979 til þess að hafa umsjón með athugun á vinnslu perlusteins með stórútflutning í huga og einnig til að kanna með hvaða hætti mætti hvetja til flokkunar og þenslu á perlusteini fyrir innanlandsmarkað og framleiðslu á vörum úr perlusteini. Þessi nefnd átti viðræður við fjölmarga erlenda aðila. Sérstaklega var rætt við norska fyrirtækið Norsem og komu fulltrúar þess m. a. hingað til lands í sept. 1979 og könnuðu hér

allar aðstæður. Einnig var rætt við innlenda áhugaaðila. Nefndin skilaði áliti upp úr miðju ári 1980 og varð niðurstaða hennar þessi orðrétt með leyfi hæstv. forseta:

„Það er mat nefndarinnar að ekki séu forsendur fyrir hendi til framhaldandi athugunar á útflutningi perlusteins frá Íslandi. Nefndin leggur til að málið verði afhent Iðntæknistofnun og henni falið að fylgjast með framvindu mála, ef ske kynni að forsendur breyttust.

Enn eru ókannaðir möguleikar til framleiðslu á vörum hér á landi úr innlendum perlusteini. Nefndin telur rétt að að þeim athugunum verði unnið og telur jafnframt að hún sé ekki réttur aðili til slíkra athugana. Leggur nefndin á sama hátt til að Iðntæknistofnun Íslands verði falið að annast þær athuganir."

Síðan þetta gerðist hefur Iðntæknistofnun fylgst með málinu, aflað upplýsinga um verð á þöndum perlusteini, fylgst með nýjungum um notkunarmöguleika perlusteins og skoðað fleiri þætti þessa máls.

Forsendur fyrir útflutningi á perlusteini hafa ekki breyst að því er talið er. M. a. hefur byggingariðnaður í Evrópu verið í lægð að segja má undanfarin fjögur ár. Verð á perlusteini hefur haldist nokkurn veginn óbreytt, en notkunin dregist saman.

Hlutafélögin, sem áður voru nefnd, hafa ekki mikið aðhafst. Perlusteinsvinnslan, sem er eins konar sameignarfélag þriggja af þessum hlutafélögum, gerði þó stofnkostnaðar- og rekstraráætlun fyrir verksmiðju sem gert var ráð fyrir að ynni um 10 þús. tonn á ári af hráperlusteini til útflutnings. Viðræður fóru fram af hálfu þessa hlutafélags við erlenda aðila. Sótt var til iðnrn. um stuðning vegna þeirra viðræðna og ferðar í tengslum við þær. Var Perlusteinsvinnslunni hf. veittur 20 þús. kr. styrkur í þessu skyni. Fyrirtækið mun hafa rætt við fimm erlenda aðila, sem höfðu sýnt áhuga á málinu, en einhverra hluta vegna var því ekki fram haldið og ekkert hefur orðið úr ráðagerðum fyrirtækisins.

Eins og sjá má af því sem ég hef hér greint hefur verulegt starf verið unnið á vegum opinberra aðila til að kanna nýtingarmöguleika á perlusteini og styðja innlenda aðila sem sýnt hafa þessu máli áhuga. Iðntæknistofnun hefur af iðnrn. verið falið að fylgjast með þróun þessara mála til þess m. a. að geta veitt fyrirtækjum, sem til staðar eru eða stofnuð kunna að verða, tiltækar upplýsingar með það að markmiði að nýta innlendan perlustein. Málið er þannig í höndum Iðntæknistofnunar og þau gögn og sú þekking sem aflað hefur verið á liðnum árum. Ég tel því að í rauninni hafi það verk verið unnið í meginatriðum sem gert er ráð fyrir í þessari till., sem er orðuð þannig, herra forseti:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samvinnu við áhugaaðila að hlutast til um athugun á hagkvæmni perlusteinsiðnaðar."

Ég held að menn hljóti að viðurkenna að slík athugun hefur farið fram og henni hefur verið sinnt alveg fram undir þennan dag. Þróunardeild Iðntæknistofnunar hefur það verkefni með höndum að fylgjast með þróun mála með það að markmiði að geta veitt upplýsingar þeim sem áhuga hafa í þessu efni. Athugun á stórútflutningi perlusteins gat beinst að því að ríkið yrði aðili að slíku fyrirtæki, en engar ákvarðanir höfðu að sjálfsögðu verið um það teknar, þar sem um var að ræða könnun á hagkvæmni þess, sem ekki reyndist vera til staðar að mati þeirrar nefndar sem að þessu máli vann undir formennsku Þorsteins Ólafssonar viðskiptafræðings og skilaði áliti 1980.

Mér virðist að möguleikar á úrvinnslu úr perlusteini séu eins og nú horfir kannske sérstaklega bundnir við minni framleiðslu, sem tengist innlendum markaði, þó að sjálfsagt sé að hafa auga á athugunum er varða útflutning á perlusteini og afurðum perlusteins. En það verður auðvitað að teljast æskilegt að það sé áhugi og fylgni á bak við þau félög sem stofnuð eru í því skyni að vinna að þessu máli. Þau eru ekki færri en fjögur talsins, eins og hér hefur komið fram, og ríkið hefur stutt við hagkvæmniathuganir í þágu þessara fyrirtækja. En einhver aðili verður að vera til staðar til að framkvæma hlutina, ef niðurstöður reynast jákvæðar, en það hefur sem sagt ekki orðið á grundvelli þessa. Ríkið hefur ekki talið sér henta að gerast þarna forgönguaðili, m. a. vegna þess að hlutafélög hafa verið til staðar með heimili í viðkomandi landshluta, sem hafa ætlað sér hlut að þessu máli. Það mætti spyrja hvort ekki séu fleiri aðilar sem hefðu áhuga á nýtingu þessa steinefnis, sem víða er notað erlendis til ýmissa hluta. Mætti t. d. nefna steypustöðvar í því skyni, sem hugsanlega gætu notað þetta efni í sinni framleiðslu.

Eins og hér kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. hefur innlendur perlusteinn verið notaður til einangrunar í vissum tilvikum. Nokkur hús á Akranesi hafa verið einangruð með perlusteini, og bygging slysadeildar Borgarspítalans var einnig einangruð með perlusteini eða þak þeirrar byggingar, svo dæmi séu nefnd. Með byggingu steinullarverksmiðju hérlendis virðast hins vegar minnka notkunarmöguleikar perlusteins hér innanlands til einangrunar húsa, miðað við þann markað sem áhugaaðilar og framkvæmdaaðilar væntanlegrar steinullarverksmiðju hafa ætlað þeirri framleiðslu, og ekki ólíklegt að það loki fyrir mikinn markað til slíkra þátta.

Þess má geta að tiltekinn aðili hefur sótt um einkaleyfi til perlusteinsnáms í Prestahnjúki ekki alls fyrir löngu og hafði sýnt áhuga á að stofna félag til námavinnslu þar og var ekki illa undir mál hans tekið. Það eru sem sagt áþreifingar á kreiki í sambandi við þetta, sem er vissulega góðra gjalda vert, og ég tel að opinberir aðilar eigi að hlúa að slíkum áhuga. En umfangsmiklar athuganir liggja fyrir í þessu máli og þá verður auðvitað að vera matsatriði viðkomandi þingnefndar og þingsins hvort ástæða sé til að fara að beina sérstöku erindi til ríkisstj. varðandi frekari athuganir á hagkvæmni perlusteinsiðnaðar, miðað við þær miklu athuganir sem fram hafa farið og þá þekkingu sem varðveitt er hjá Iðntæknistofnun Íslands, sem er reiðubúin að veita áhugaaðilum upplýsingar og aðstoð í þessu efni. Iðntæknistofnun hefur raunar stutt að vöruþróun m. a. á þilplötugerð úr perlusteini.

Ég bið hv. 3. þm. Vesturl. að misskilja ekki mín orð þannig að ég virði ekki áhuga hans í þessu efni. Og ég vil alls ekki leggja stein í götu þessa máls ef þingið telur ástæðu til að herða á með samþykkt sérstakrar þáltill.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að taka þátt í þessari umr. og þær upplýsingar sem hann veitti. Það virðist ljóst að allnokkurt framhald hefur orðið á því starfi sem í

upphafi var hrundið af stað varðandi athuganir á möguleikum á perlusteinsvinnslu. Hins vegar held ég þrátt fyrir allt að heppilegt væri, vegna þeirra möguleika sem hugsanlega búa í þessum iðnaði, að rækilega væri safnað saman í stutt og aðgengilegt rit þeim upplýsingum sem þegar eru fyrir hendi um þetta mál. Ég veit til þess að sumir þeirra áhugaaðila sem unnið hafa að málinu á undanförnum árum telja að ekki hafi verið nóg gert að rannsóknum og athugunum hafi ekki verið nægjanlega vel fylgt eftir. Þetta er þeirra mat, ég hef ekki næga þekkingu þar á. Ég teldi mjög eðlilegt að þingnefnd féllist á að þessi till. yrði samþykkt. Tilgangurinn með till. er ekki síst í því fólginn að ýta á eftir málum. Hitt er ljóst, að möguleika perlusteinsiðnaðar verður að meta í ljósi aðstæðna á hverjum tíma og ekki síst með tilliti til þess verðs sem hugsanlegt er að fá fyrir framleiðsluna.

Ég er sammála hæstv. iðnrh. í því að hyggilegt væri að menn beindu kröftum sínum að því að kanna með hvaða hætti væri hægt að stofna til perlusteinsiðnaðar í minna mæli, þ. e. að láta um stundarsakir af frekari athugunum á stórútflutningi og snúa sér fremur að því sem okkur er nær. Ég er sammála þeim sjónarmiðum hæstv. iðnrh. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um þetta. Ég vonast til þess að till. fái þinglega meðferð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Röðun jarða til tölvuvinnslu, þáltill. (þskj. 67, n. 346). — Frh. einnar umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun. Nefndin aflaði sér upplýsinga og átti viðtöl við ýmsar stofnanir sem þetta mál varðar. Varð það niðurstaða þeirrar umr. að þetta mál skyldi ganga fram með þeirri breytingu sem n. kom sér saman um að gera á till. og er að finna á þskj. 346. Á því þskj. sést að hv. þm. Páll Pétursson var valinn frsm. n., en hann er erlendis og getur því ekki sinnt því að þessu sinni og hef ég því verið fenginn til að kynna málið fyrir hv. Sþ.

Við höfum rætt þetta í n. á allmörgum fundum, og eins og ég sagði áðan, haft samband við ýmsar stofnanir varðandi þetta mál. Sú breyting sem n. hefur komið sér saman um er, eins og ég sagði, á þskj. 346 og er um það að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig betur mætti haga tölvuvæddri upplýsingaöflun og nýtingu upplýsinga varðandi bújarðir, bústofn og framleiðslu landbúnaðarins. Nefndin skal skipuð þremur mönnum: einum tilnefndum af Hagstofu Íslands, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands og Framleiðsluráði og einum tilnefndum af Fasteignamati ríkisins."

Gerð er till. um að fyrirsögn till. orðist svo:

„Till. til þál. um könnun á tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun varðandi landbúnaðinn."

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa öllu fleiri orð fyrir því nál. sem hér er birt. Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með þessari breytingu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Langtímaáætlun um þróunarsamvinnu, þáltill. (þskj. 98). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Þetta þinghald fer nú að verða með allsérkennilegum hætti. Nú er ekki einn einasti ráðh. hér í sal, en ég ætla að leyfa mér að tala fyrir þessari till. Ég vil minna á að þm. Alþfl. hafa áður flutt till. af sömu gerð um langtímaáætlun um þróunarsamvinnu. Það vill svo undarlega til, að þessi virðulega stofnun talar oft fjálglega um það að Íslendingar séu aflögufærir til að aðstoða þróunarlönd. Þó er það svo, að við virðumst ekki alltaf heyra hungurgrát deyjandi barna á fjarlægum ströndum, því í hvert sinn sem þessi mál koma hér til umr. fá þau nánast enga umfjöllun og á þeim virðist vera sáralítill áhugi. Kannske er áhuginn minnstur hjá þeim sem hafa stærstu orðin um eigin gæsku og lundarfar í anda kristinna manna og sefa kannske samviskuna með því að láta stofnanir eins og kirkjuna og Rauða kross Íslands sjá fyrir söfnunum sem þessar stofnanir hafa gert ósvikið og gert vel. En þessi stofnun hér stendur hvergi nærri við samþykktir Sameinuðu þjóðanna um aðstoð við þróunarlöndin. Ég vil bara minna á það að eitt hið nauðsynlegasta sem gera þarf í þessum heimi er að jafna kjör þróunarlanda og hins iðnvædda heims. Því ég tel að hinum iðnvæddu og „siðuðu þjóðum" beri að greiða aftur það sem þær hafa arðrænt um aldir.

Herra forseti. Í þessari till. er gert ráð fyrir því að ríkisstj. láti Þróunarsamvinnustofnun Íslands gera fimm ára áætlun um aukinn stuðning Íslendinga við þau ríki sem skemmst eru á veg komin á þróunarbrautinni. Þetta er ákaflega mikilvægt verkefni. Fjárhagslegar forsendur þessarar áætlunar verði fyrst og fremst þær að framlög hins opinbera til þróunaraðstoðar nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar í lok áætlunartímabilsins, jafnhliða því sem stuðlað verði að því að frjáls framlög almennings verði 0.3% og að við náum því 1% marki sem samþykkt hefur verið í sölum hinna Sameinuðu þjóða og ýmsar þjóðir í nágrenni okkar hafa náð.

Það kemur fram í grg. með þessari till. að hér á landi sé langt frá því að framlög til þessa málaflokks séu sambærileg við þann stuðning sem önnur Norðurlönd veita þróunarlöndunum og þar er tekið fram að yfirlýst markmið Sameinuðu þjóðanna sé að þetta nái 1% þjóðartekna. Þegar þessi þáltill. var skrifuð og frá henni gengið var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. fyrir það ár sem nú er hafið að framlög til þróunarmála yrðu röskar 26 millj. kr. eða 0.065% af þjóðartekjum. Við erum svona langt frá því að ná 1% markinu. Þessar tölur voru hækkaðar örlítið við meðferð fjárlaga en þær nálgast ekkert það sem siðsamlegt gæti talist af hinu háa Alþingi. Í fjárlagafrv. fyrir þetta ár var gert ráð fyrir því að þessi framlög hækkuðu um 33% í 70% verðbólgu og geta menn þá séð hvernig farið er með þessi framlög. Það kemur greinilega fram í þessari þáltill. að vegna þess að Íslendingar greiða framlög sín í dollurum hafa framlögin lækkað stórlega að raungildi frá árinu 1982.

Ég vil geta þess að með þáltill. fylgir stutt grg. frá utanrrn. sem segir kannske meiri sögu um þetta mál en þó ég flytti langa ræðu. Þetta er bréf sem utanrrn. skrifar fjvn. 9. nóv. s. l. Þar segir hið háa ráðuneyti með leyfi forseta:

„Ráðuneytið leyfir sér hér með að leita atbeina hæstv. fjvn. vegna framlaga á fjárlögum 1983 er varða aðstoð Íslands við þróunarlönd.

Við frumundirbúning fjárlagafrv. lagði utanrrn. fram áætlun um framlög til þróunaraðstoðar á árinu 1983 samtals að fjárhæð 64.7 millj. kr., sbr. hjálagt fskj. Var þar stefnt að því að heildarframlög Íslands til þróunarmála nemi 0.16% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Við gerð fjárlaga 1982 var átak gert til að auka framlög til þróunaraðstoðar og var það af hálfu utanrrn. túlkað sem fyrsta skref að því marki að framlög hins opinbera verði 0.7% af þjóðarframleiðslu. Á árinu 1982 er áætlað að framlögin verði 0.07% af þjóðarframleiðslu, en gætu orðið 0.11%, ef með er talið 10 millj. kr. framlag til niðurskurðar á sauðfé, sem rætt er um að gefa til Póllands og Líbanon."

Herra forseti. Hér verð ég nú að gera stuttan stans, því ef við ætlum að einhverju leyti að fara að leysa útflutningsuppbótavanda þjóðarinnar með því að leggja kjöt fram sem þróunaraðstoð þá er ég ekki alveg með á nótunum, vegna þess að það eru fyrst og fremst fátækustu löndin, þar sem raunverulegt hungur steðjar að, sem við þurfum að sinna. Það kemur mjög skýrt fram. Ég er ekkert að hafa á móti gjöfum af þessu tagi, en ég minnist þess að hæstv. landbrh. talaði um það í sjónvarpi fyrir ekki löngu að það mætti reikna þessar kjötgjafir inn í þróunaraðstoðina. Áfram segir í bréfi utanrrn. til fjvn.:

„Í fjárlagafrv. 1983 er gert ráð fyrir að framlög til þróunarmála nemi 26.6 millj. kr. eða um 0.065% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Ljóst er að þar með lækka framlög þessi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu frá því sem nú er.

Ráðuneytinu er vel ljós alvarleg staða þjóðarbúsins og að nú eru e. t. v. ekki aðstæður til að stíga stórt skref til aukningar á framlögum til þróunaraðstoðar. Hins vegar verður að telja lágmark að haldið verði í horfinu og að framlögin lækki ekki."

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi að með þessari till. okkar væri stefnt að því að gera áætlun um stuðning Íslendinga við þróunarlöndin, sem næði til nokkurra ára og beindist að því að við næðum þessu svokallaða 1% marki, sem samanstendur af 0.7% af þjóðarframleiðslu, sem ríkið sæi um, og 0.3% sem yrðu frjáls framlög almennings. Mér finnst það ekki vansalaust fyrir íslenska þjóð, sem hlutfallslega hefur haft hærri tekjur á hvern einstakling en flestar aðrar þjóðir Vestur-Evrópu á undanförnum árum, að hún skuli ekki sjá sér fært að seðja fleiri munna deyjandi barna í Afríku og Asíu. Af þeirri ástæðu höfum við flutt og endurflutt þessa till. og gert kröfu um að framlög til þróunaraðstoðar verði aukin og að við tökum frekar á okkar herðar en nú er þá ábyrgð sem í því felst að vera íbúi og að vera manneskja í hinum stóra heimi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég fagna þessari framkomnu till. til þál. og vil taka heils hugar undir hana. Það er með öllu ósæmandi að við skulum ekki hafa haft manndóm í okkur til þess að láta gera einhverja framtíðaráætlun um hlut Íslands í þróunarmálum. Það þarf ekki að segja hv. þm. það að auðvitað er það hagur okkar allra að við gerum þær þjóðir sem eru nú ófærar um að brauðfæða þegna sína efnahagslega sjálfstæðar, þannig að við getum lifað með þeim í þessum heimi á svipuðum forsendum öll saman. Það hefur einnig sýnt sig hvað eftir annað að ef hagur betur staddra þjóða þriðja heimsins versnar verulega kemur það niður á heiminum öllum og þarf ekki að fjölyrða um það.

Það er hins vegar eitt atriði sem ég vildi kannske minnast á hér. Sú hv. n. sem fengi málið til meðferðar ætti e. t. v. að bæta í þessa till. ákvæði um að einnig yrði gerð áætlun um til hvers þetta fé yrði notað. Sannleikurinn er sá, að það hefur verið með ýmsu móti hvernig sú þróunarhjálp, sem veitt hefur verið, hefur nýst.

Hér er á bls. 3 í grg. minnst á aðstoð Þróunarsamvinnustofnunar Íslands t. d. við Cabo Verde. Ég hef heyrt raddir þaðan um að sú aðstoð hafi kannske ekki verið nógu vel skipulögð svo að hún hafi nýst eins og best væri, og hef þar þá fyrir mér þá Íslendinga sem við hana hafa unnið. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að í staðinn fyrir matargjafir í einu eða öðru formi — og vil taka þar undir með hv. flm. — ég held að við eigum ekki að eyða þessu fé í matargjafir nema þegar allt um þrýtur og það er eina lausnin, ég hygg að miklu þýðingarmeira sé að reyna að aðstoða þessar þjóðir við að koma á fót eigin atvinnurekstri, í hvaða formi sem hann annars er, til þess að þessar þjóðir geti komist á það stig sem mannsæmandi getur talist á okkar tímum.

Ég er ekki nógu vel að mér um hvernig gangur þessara mála hefur verið t. d. varðandi Norðurlöndin. Þó hef ég lesið talsvert um hvernig þróunaraðstoð Norðurlandaþjóða hefur nýst. M. a. má nefna þar bók Finns Gustafssonar sem vann við hana á sínum tíma. En allt um það, hvað sem við nú tölum hér og rífumst daga og mér liggur við að segja nætur þessar síðustu vikur um kjör Íslendinga, sem eru harla lítið sambærileg því sem hér er verið að tala um, þar sem — eins og hv. flm. sagði — tugþúsundir barna hrynja niður úr hungri í heiminum daglega, er það auðvitað engan veginn sæmandi að þjóð, sem býr við þau kjör sem Íslendingar búa við, láti það fram hjá sér fara eins og ekkert sé. Ég vil því heils hugar taka undir þessa till. til þál. og legg á það mikla áherslu að sú n. sem fær hana til meðferðar reyni að hraða framgangi hennar. En ég ítreka ábendingu mína um að eitthvert ákvæði verði í till. um að jafnhliða verði gerð áætlun um í hvaða formi hentugast væri að Íslendingar veittu þessa aðstoð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Könnun á högum og aðstöðu öryrkja, þáltill. (þskj. 252). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 252 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að bera fram svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram sérstaka könnun á högum og allri aðstöðu þeirra öryrkja sem við alvarlegasta fötlun búa.

Skal sérstaklega kanna hversu bætur almannatrygginga og önnur aðstoð hins opinbera dugi þessum þjóðfélagshóp sem vegna sérstöðu sinnar á erfiðara með að afla sér lífsviðurværis og skapa sér viðunandi aðstöðu á borð við aðra þjóðfélagsþegna."

Í grg. segir svo:

„Ekki fer á milli mála að miklir áfangar og stórir hafi náðst í baráttunni fyrir réttindamálum fatlaðra, og er frv., sem nú liggur fyrir þingi um heildarlöggjöf, þar hvað mikilvægast þegar lögfest hefur verið.

En ástæður þessa till.-flutnings eru þó auðsæjar þegar grannt er skoðað hversu mismunandi aðstæður eru fyrir hendi hjá öryrkjum, og þó að ný löggjöf muni úr bæta til lengri tíma litið er þó ljóst að visst sérátak þarf gagnvart þeim lakast settu. Öryrkjasamtökin hafa oft ályktað um nauðsyn náinnar sérathugunar þessa máls, þar sem hin mikla sérstaða öryrkja hefur verið rækilega undirstrikuð.

Vissulega hafa þessi mál verið könnuð af hálfu stjórnvalda, og vafalítið liggur fyrir mikið af upplýsingum, m. a. frá ári fatlaðra, sem auðveldað gætu mönnum að komast að nokkurri niðurstöðu.

Meginmálið er það, að samtenging ellilífeyris og örorkulífeyris veldur því, að hæpið er, vægast sagt, að sérþarfir og séraðstaða þeirra öryrkja, sem við erfiðasta fötlun búa, séu teknar til greina sem skyldi. Aðeins skal það nefnt, að þrátt fyrir það, að ekki búi allir aldraðir við of góð kjör, hefur þó mestur hluti þeirra lífeyrisréttindi sem æ fleiri öðlast og sífellt verða þýðingarmeiri afkomuþáttur og til öflugri stuðnings þeim sem á þurfa að halda. Flestir aldraðir hafa komið sér upp húsnæðisaðstöðu og margir lagt nokkuð til hliðar til efri ára.

Hið sama gildir eða svipað um mikinn hluta öryrkja, einkum þeirra er orðið hafa öryrkjar á efri hluta aldursskeiðs. Engan veginn vilja þó flm. gera of mikið úr kjörum og aðbúnaði þessa fólks, og mjög er þar misskipt gæðum.

En rækilega þarf að kanna hvort ekki er allstór, e. t. v. allt of stór hópur öryrkja sem er án allrar eigin aðstöðu, án allra tekjumöguleika, án allra áunninna lífeyrisréttinda og með örorkubæturnar einar, að vísu með tekjutryggingu og uppbótum öllum, til allra sinna lífsþarfa, sem eðlilega eru t. d. aðrar og oft meiri og fjölþættari en aldraðs fólks.

Í samvinnu við samtök öryrkja þarf að kanna þetta mál ítarlega og vinna markvisst að úrbótum þeim til handa er sannarlega eiga fullan rétt til þeirra úrbóta. Um leið þarf í heild að endurskoða réttmæti þess að tengja svo saman sem gert er bætur vegna elli og örorku.“

Nokkur áhersluatriði til viðbótar þessari grg.:

Í fyrsta lagi ber vissulega að leggja ríka áherslu á það, hve öll þessi mál hafa þokast fram bæði í framkvæmdum sem og tekju- og aðstöðulegum úrbótum á ýmsan veg. Raungildi heildarfjármagns til framkvæmda frá þeim sjóðum sem fjármagna allar þær framkvæmdir er ólíkt því sem var fyrir t. d. fimm árum, og sé litið til s. l. 12 ára hefur þróunin verið þessum þjóðfélagshópum hagstæð. Mönnum gleymist gjarnan hversu ástand þessara mála var fyrir tíma tekjutryggingar, meðan lífeyrisréttindi voru aðeins fárra sérréttindi, þegar engin sérákvæði giltu um undanþágu varðandi síma og útvarp og svo mætti áfram telja. Á það leggjum við flm. ríka áherslu að ekki er þessi upprifjun til þess að mikla hlut þessara þjóðfélagshópa eða dásama, heldur miklu frekar, að þó enn sé margt ógert hefur staðreyndin verið sú, að við höfum yfirleitt verið á réttri leið, og því má ekki gleyma. Sömuleiðis skal minnt á hversu ástand þessara mála var í raun ótrúlega afleitt fyrir 12—13 árum, fyrir daga þeirrar byltingar sem tekjutryggingin var.

Í öðru lagi og í beinu framhaldi af þessu: Mönnum hættir í dag gjarnan til að gleyma hlutverki og aðaltilgangi tekjutryggingarinnar, þ. e. jöfnunarhlutverkinu, því að rétta fyrst og fremst hag þeirra sem minnst hafa og höfðu.

Vissulega hafa tekjumörk verið rýmkuð, svo að fleiri njóta nú en í upphafi eða nokkru hærra hlutfall elli- og örorkuþega, og réttlætanlegt er það sannarlega, en fyrst og síðast á þó tekjutryggingin að hafa þann tilgang að rétta hlut þeirra sem annars hafa lakasta aðstöðu. Þá er í raun komið að grunni þessarar till. Hún má ekki skiljast á þann veg, að um neina allsherjaruttekt verði að ræða, þó eflaust væri þörf á því. Við höfum í huga fyrst og síðast nokkuð afmarkaðan hóp öryrkja, sem búa við svo alvarlega fötlun, annaðhvort frá fæðingu eða unga aldri, að þetta fólk hefur aldrei átt kost neinna annarra tekjumöguleika en frá tryggingakerfinu, aldrei náð að ávinna sér nokkur önnur réttindi, svo sem til lífeyris, og enn síður skapað sér aðstöðu til menntunar eða sérþekkingar, hvað þá alla heimilisaðstöðu, er í raun ófært um að bjarga sér á nokkurn hátt, varla að frumþörfum hafi verið sinnt nægilega. Í þessu sambandi skal þó ekki gleymt þeirri margvíslegu aðstöðu sem margir njóta sem betur fer í húsnæði öryrkjasamtaka og víðar, en í fæstum tilvikum er það þeirra eigin aðstaða. Eins skal því ekki gleymt, hversu margir njóta lengi umönnunar og aðstöðu heima hjá foreldrum og jafnvel öðrum ættingjum, en það gerir hlut samfélagsins engu betri og rýrir í engu tilgang úrbóta á þessu sviði. Þjóðfélagsaðstæður allar valda því, að æ færri njóta þess, einfaldlega af því að enginn er heima til að sjá um líðan og velferð fólks sem býr við svo alvarlega fötlun.

Í þriðja lagi er tilgangur svo einangraðrar könnunar fyrst og fremst að leiða í ljós hrikalega mismunun, sem við flm. erum fullvissir að viðgengst enn þrátt fyrir öll átök á þessu sviði.

Lífsgæðakröfur okkar sem þjóðar eru orðnar miklar, lífsstíll okkar flestra þannig, að hann kallar á sífellt fleiri þarfir eða öllu fremur gerviþarfir, því mikill hluti þeirra krafna, sem ýmsir hópar bera fram í dag, einmitt þeir betur settu, betur launuðu, eru fram bornar til að mæta æ fleiri gerviþörfum hins glansandi lífsstíls tómleikans sem æ fleiri sækjast eftir. Ég sagði tómleikans, því innihaldslaus og verðmætasnauður er hann oftast þegar betur er að gáð. En það er önnur saga og þó snertir hún þetta mál, ef staðreynd kynni að vera að sumir þegnar þessa þjóðfélags séu ófærir um að ná rétti sínum til raunþarfa á sviði lágmarksaðstöðu til húsnæðis, eðlilegrar tómstundaiðkunar, þokkalegs menningarlífs, einhverrar menntunar og jafnvel tæpast til þess sem algert lágmark er, fæðis og klæða. Ég þekki vel til fjöldamargra sem ýmist eru hér á mörkunum eða neðan við þau eðlilegu mörk sem ég veit að allir hér vilja setja sem lágmark. Ég veit um erfiðleika þeirra til að afla sér klæðnaðar sem í einhverju nálgast það sem menn telja viðunandi í dag. Ég veit hversu torvelt þeim er að njóta allra skemmtana, ekki aðeins vegna fötlunar sinnar, heldur og vegna kostnaðarhliðarinnar, og hennar oft fyrst og fremst, og þó er rétt að minna enn á að hlutfall lífeyris þessa fólks er í dag betra en áður miðað við almennt kaupgjald í landinu, en kröfurnar hafa aukist hjá þessu fólki ekki síður en öðrum — réttmætar og eðlilegar — og öflun viðbótarfjár, svo sem fólk almennt gerir með lengri vinnudegi og ýmsu öðru, er þessu fólki

ómöguleg. Ég sé ekki ástæðu til að rekja náið eða nánar tilgang könnunar sem þessarar, en ég óttast að niðurstöður hennar sýni í enn skýrara ljósi en mér hefur tekist hér að lýsa ágalla sem brýnt er úr að bæta, ástand talsverðs hóps sem óviðunandi má teljast.

Í greinargerð er varpað fram veigamikilli spurningu, sem ekki snertir þetta sérstaka mál beint, en er verð allrar umhugsunar. Það er sú samtenging ellilífeyris og örorkulífeyris sem nú viðgengst. Inn í það fléttast svo ótalmörg atriði, en lífeyrisréttindin þó fyrst og fremst og fyrri möguleikar til aðstöðusköpunar einnig. Og enn erum við flm. að tala um varanlega öryrkja, frá fæðingu eða frá unga aldri eða við skulum segja öryrkja frá þrítugu og yngri til að setja einhver mörk. Það er ljóst, að hin auknu lífeyrisréttindi og vaxandi eiga blessunarlega að leiða til endurskoðunar þessa alls, m. a. til grunnlífeyristrygginganna, en allt er það meira mál en svo að því verði gerð skil hér.

Aðeins í lokin ítrekun þess, að með þessari könnun viljum við flm. ná til þeirra sem sannarlega búa lakast í þessu landi hvað allar aðstæður varðar, heilsufarslegar, tekjulegar, menntunaraðstæður, menningaraðstæður, og ná tæpast þeim frumþörfum daglegs lífs sem við teljum of sjálfstæðan til að leiða að þeim hugann í öllu gerviþarfakapphlaupi meginþorra þjóðarinnar. Í því kapphlaupi innihaldsleysisins oft og tíðum mega hinir sjálfsögðustu hlutir samhjálparinnar ekki gleymast.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska þess að þessu máli verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landnýtingaráætlun, (þskj. 188). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir till. til þál. sem birt er á þskj. 188 um landnýtingaráætlun. Flm. þessarar till. auk mín eru hv. alþm. Jón Helgason, Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason og Sverrir Hermannsson, en tillgr. orðast þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að hafinn verði undirbúningur landnýtingaráætlunar sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Drög að landnýtingaráætlun skulu liggja fyrir í árslok 1984. Við gerð þeirra verði áhersla lögð á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða."

Eins og kunnugt er var till. sama efnis flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd og er þessi till. endurflutt nú. Í örstuttri framsögu mun ég stikla á stóru og geta um nokkur þau helstu atriði sem hugsanlega koma við þessu máli. Það er ekki ætlun mín að fara nákvæmlega út í alla þætti landnýtingar, enda er gert ráð fyrir því með till. sjálfri að sú upphaflega vinna, sem þar er gert ráð fyrir, feli ekki síst í sér að menn geri sér grein fyrir hvaða þættir flokkist þar undir, hvað menn vilja taka með í allsherjar landnýtingaráætlun.

Á seinni árum hefur gætt vaxandi skilnings á nauðsyn skipulegrar og hóflegrar nýtingar auðlinda til lands og sjávar. Með landgræðsluáætlun 1974 var gert stórátak til að vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs í þeim tilgangi að varðveita og bæta landgæði.

Nú, þegar unnið er að framkvæmd nýrrar landgræðsluáætlunar, er við hæfi að fylgja því starfi eftir með gerð víðtækrar áætlunar er taki til hinna fjölmörgu þátta landnýtingar í landbúnaði, svo sem nýtingar beitilanda og ræktunar skóga. Ennfremur þarf að tryggja orkuvinnsluiðnaðinum land til afnota. Jafnframt þarf að huga að landnotum vegna einstakra mannvirkja og vegna þéttbýlis, en einnig vegna útivistar og sumarbyggða.

Einn af veigamiklum þáttum landnýtingar er nýting úthagabeitar, bæði í heimalöndum og jafnframt í afréttum. Landbúnaðurinn, einkum sauðfjárræktin, byggist á þessari miklu auðlind, fjölbreyttum og kjarnmiklum gróðri. Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur reyndar að byggjast mjög á hóflegri og hagkvæmri nýtingu beitilanda.

Gróðurlendin eru að sjálfsögðu mjög veigamikil auðlind. T. d. er hætt við að framleiðslukostnaður sauðfjárafurða yrði mun hærri ef ekki tækist að varðveita beitargæði úthaga, sérstaklega afréttanna.

Sem best samræmi þarf að vera á milli búfjárfjölda og tiltæks haglendis í hinum ýmsu beitarsvæðum landsins. Því þarf að koma á nánara samhengi á milli vals á búgreinum, uppbyggingar og búfjárfjölda á sérhverri bújörð annars vegar og hins vegar þeirra landgæða sem viðkomandi jörð hefur til umráða. Þannig verði ekki aðeins tekið tillit til ræktunarskilyrða, heldur einnig og ekki síður til landrýmis í heimahögum og afréttum.

Hér kemur m. a. til álita hvernig fjárfestingu er hagað í landbúnaði, hvernig er hægt að koma á virkari og markvissari stjórnun, hvernig er hægt að aðstoða bændur sem gera róttækar breytingar í búskaparháttum.

Nauðsyn ber til þess að taka sérstakt tillit til landnýtingar við gerð búrekstrar- og byggðaáætlana. Þar eð nýting jarðargróða er einn af hornsteinum lífvænlegrar byggðar um land allt er landnýting veigamikið byggðamál. Athuga þyrfti m. a. hvort fært væri að koma á einhvers konar svæðaskipulagningu landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við hóflega og skynsamlega nýtingu landkosta og jafnframt með tilliti til markaðsþarfar fyrir hinar ýmsu búvörur. Í því sambandi gæti ýmislegt komið til álita, þegar um væri að ræða tengslin milli landnýtingar og framleiðslumála.

Hið svonefnda kvótakerfi, sem mikið hefur verið rætt um og er nú í framkvæmd, tekur lítið sem ekkert mið af landnýtingar- og byggðasjónarmiðum, en hugsanlega mætti byggja upp einhvers konar framleiðslustjórnun sem gerði það. Það leiðir aftur hugann að svæðaskipulagningu. Dæmi mætti taka bæði úr nautgripa- og sauðfjárrækt, en það mun ég ekki gera hér og nú. Hér er um margþætt og viðkvæmt mál að ræða, sem þarfnast ítarlegrar könnunar og umræðu. Bændur landsins vilja að sjálfsögðu hafa sem mest frelsi til athafna, en flestir gera sér ljósa þörf fyrir bætta skipulagningu. Hún kemur stéttinni til góða í framtíðinni og stuðlar að bættum þjóðarhag.

Ég vil taka það fram, vegna þess að ég gat um kvótakerfið í ræðu minni, að nú hefur verið sett á laggirnar nefnd, og er fyrirhugað að kvótakerfið verði endurskoðað með tilliti til framleiðslu hinna einstöku héraða í landinu.

Skógrækt til nytja er í raun landbúnaður, og kanna þarf hvernig heppilegast er að tengja hana traustari böndum þeim atvinnuvegi. Síðustu árin hefur komið

fram viðleitni til þess að tengja skógrækt hefðbundnum búskap, ekki síst á Austurlandi, en líta ekki á þessar greinar sem andstæður, þ. e. landbúnað og skógrækt. Þannig er unnt að samræma t. d. sauðfjárrækt ræktun nytjaskóga. Skilyrði til skógræktar eru greinilega mjög breytileg á landinu og virðist þörf markvissari skipulagningar þeirra mála.

Líkt og á við um beitarmál er hér að nokkru leyti um byggðamál að ræða. Trúlega gætu tekjur af skógrækt skipt nokkru máli þegar tímar líða. Margt fleira þarf að sjálfsögðu að taka til umfjöllunar þegar lögð eru á ráðin um skipulega nýtingu landgæða, svo sem nýtingu hlunninda, enda þótt allir þættir landnýtingar verði ekki raktir hér svo sem ég hef áður tekið fram.

Gerð landnýtingaráætlunar verður einnig að taka til þarfa orkuvinnsluiðnaðarins fyrir land. Orkulindir landsins eru ein veigamesta auðlind þess, en nýting þeirrar auðlindar er tiltölulega skammt á veg komin. Ef að líkum lætur mun þjóðin í vaxandi mæli byggja afkomu sína á skynsamlegri nýtingu innlendrar orku. Því er nauðsynlegt að tryggja orkuvinnsluiðnaðinum nægilegt landrými, ekki síst til að forðast árekstra í framtíðinni, en einnig verður að hafa í huga landrými vegna einstakra mannvirkja og staðsetningar þéttbýlis.

En landnýting varðar ekki aðeins hinn beina efnahagslega afrakstur landsins. Með breyttum þjóðfélagsháttum og auknum áhuga almennings á náttúruvernd, umhverfismálum og útivist hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að fjalla um landnýtingu á breiðum grundvelli. Hin náttúrlegu gróðurlendi eru viðkvæm fyrir óhóflegum ágangi, hvort sem er af völdum fénaðar eða manna. Með bættum skilyrðum til ferðalaga um óbyggðir landsins hefur sá vandi farið vaxandi.

Öll meðferð gróðurlendis er að sjálfsögðu náttúruverndarmál. Nú er ljóst að ekki er unnt að komast hjá röskun lífríkja, t. d. með virkjun fallvatna, vegagerð, framræslu mýra o. s. frv. Það sem skiptir meginmáli er að meta vandlega allar aðstæður og leita þeirra leiða, sem minnstri röskun valda, og skilningur ríki varðandi hin ýmsu landnot.

Herra forseti. Velferð okkar í nútíð og framtíð byggist ekki síst á því að nýta af skynsemi þann auð sem fólginn er í gæðum landsins, en fyrst og fremst endurnýjanlegar auðlindir til lands og sjávar. Því hlýtur það jafnan að vera mjög brýnt verkefni að sjá svo til að nýting þessara auðlinda verði á hverri tíð með þeim hætti að höfuðstóllinn verði ekki rýrður, ef ég má svo að orði komast. Þetta verkefni er að sjálfsögðu margflókið og krefst mikils sveigjanleika á langri leið að lokamarkmiðinu, þ. e. meiri efnahagslegri og andlegri velferð okkar sem lifum nú og störfum í þessu landi, jafnframt því sem við skilum auðlegð íslenskrar náttúru fram á veginn til nytja fyrir okkar afkomendur. Vegna þess leggjum við til, flm. þessarar till., að hafinn verði undirbúningur að gerð víðtækrar landnýtingaráætlunar.

Herra forseti. Ég legg til að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gistiþjónusta á landsbyggðinni, þáltill. (þskj. 276). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till., sem ég flyt ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni og Skúla Alexanderssyni, um gistiþjónustu á landsbyggðinni. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þeim aðilum, er veita þjónustu á landsbyggðinni með gistingu og greiðasölu, sem bestan grundvöll til uppbyggingar og rekstrar.

Ríkisstj. skal í þessu efni leita samráðs við þá, er helst eiga hagsmuna að gæta, svo sem Ferðamálaráð, sveitarfélög og rekstraraðila".

Í grg. segir að það þurfi ekki langa grg. til rökstuðnings þessari till. „Ísland sem ferðamannaland" er oft á orði haft. Vissulega hefur margt verið gert á því sviði að gera það að staðreynd, en flest hefur þó miðast við einmitt það að búa erlendum ferðamönnum aðstöðu, að sjálfsögðu þá á ferðamannatímanum. Má nefna hina ágætu nýtingu heimavistarskóla til þessa hlutverks og er þar um lofsverða starfsemi að ræða. Það er að vísu rétt, að margir hafa undan því kvartað varðandi nýtingu þessara heimavistarskóla að þeir aðilar sem stunda slíkan rekstur allt árið gætu orðið fyrir nokkrum skakkaföllum af þeirri starfsemi, það megi ekki rekast á, og ég tek undir að vissulega ber þar að fara að öllu með gát, þannig að þeir aðilar, sem þjóna þessum markmiðum allt árið, verði ekki fyrir neinum skakkaföllum af þessari sjálfsögðu nýtingu á heimavistarskólum okkar yfir háannatíma ferðamála.

En svo er spurt aftur í grg.: En hvað um okkur sjálf, hvað um þann tíma þegar veður og færð setja oft strik í ferðareikning okkar, hvað um ýmsa þéttbýlisstaði þar sem umferð er lítil um háveturinn, gestakomur stopular, en staðreynd þó?

Á hverjum þéttbýlisstað er ákveðin þörf, sem kallar á að þar sé viðunandi aðstaða allt árið um kring bæði til gistingar og matsölu. Mismikil er sú þörf eftir legu og aðstæðum, en knýjandi víðast hvar. Rekstraraðstaða er hins vegar vægast sagt takmörkuð og fáir einir hafa bolmagn til að byggja upp viðunandi aðstöðu í húsnæði og öðru sem til þarf. Oft eru það fyrirtæki með annan rekstur sem halda uppi lágmarksþjónustu. Víða úti um land eru það kaupfélögin, sem sjá um þessa gistiþjónustu, og gera það þá ágætlega af því að þau hafa á því tök vegna umfangs síns og þeirrar nauðsynjar sem þeim er í raun og veru á þessu varðandi alla sína þjónustu aðra, eða þá að sveitarfélögin grípa með einhverjum hætti inn í, af eðlilegum vanefnum þó, og í raun og veru er mjög lítið um það, að ég þekki til, að sveitarfélög geri þetta með öðru en þá einhverjum smástyrkjum til að viðhalda aðstöðunni.

Sjálfstæður rekstur á þess litla von að skila öðru en tapinu á velflestum þessara smærri staða.

Tvímælalaust þarf að gera hér visst átak, sem eðlilegt er að hið opinbera stuðli að sem best, því vansalaust er það ekki að ekki sé unnt á hverjum stað að bjóða vetrargestum mat og húsaskjól. Í öllum aðgerðum til þess að laða erlenda ferðamenn til ferðalaga hingað býður okkur flm. í grun að þessi þáttur hafi orðið býsna mikið útundan. Sannleikurinn er einnig sá, að málið er síður en svo auðleyst, og má segja að vart sé unnt að leysa þetta eftir hefðbundnum leiðum, en þá er að leita annarra.

Minnt er á það í þessari grg. að hugmyndir um það verði reifaðar í framsögu. Ég mun ekki fara náið út í

það, en ég bendi á það sem gert hefur sums staðar verið í hinum smæstu og afskekktustu þorpum og ég tel eðlilegt að sé athugað. Þar hefur verið gripið til þeirrar lausnar að skapa eldra fólki, sem hefur verið með rúmt húsnæði og góða aðstöðu að öðru leyti, vissa lágmarksaðstöðu og aðstoð til þess að veita ákveðna þjónustu af þessu tagi, bæði varðandi matsölu og eins varðandi gistingu, og hefur gefist býsna vel. Þetta er yfirleitt fólk sem er þá hætt starfi almennt úti á vinnumarkaðnum, en vinnur sitt starf óaðfinnanlega að þessum málum.

Ég nefni það einnig í grg. eða við flm., að hægt sé að nefna dæmi um staði þar sem óhjákvæmilegt er að slík þjónusta sé, en sem vonlaust er í raun og veru að halda uppi svo arðbær geti talist. Ég tek Vopnafjörð sem dæmi. Þar eru gestakomur miklar yfir sumarið, en allur vetrartíminn þar er dauður viðskiptatími. Engu að síður er Vopnafjörður þannig í sveit settur að útilokað er annað en þar sé viss aðstaða til gistingar og matsölu. Þar eru alltaf ferðamenn öðru hvoru, en vissulega er umferðin það lítil að hún getur ekki skilað arði til þeirra sem þessa þjónustu reka, eins og þar t. d., við býsna erfiðar aðstæður.

Ég nefni dæmi um annan stað, sem nú hefur verið af lagður í bili a. m. k. sem gististaður, af því að það fyrirtæki sem átti þar gistiaðstöðuna þurfti að nýta húsnæðið til annarra nota. Það er staðurinn Djúpivogur, en nú er svo komið að á svæðinu frá Höfn í Hornafirði og allt norður á Fáskrúðsfjörð er ekki um það að ræða að menn geti gengið að neinum stað vísum til gistingar eða til þess að geta keypt sér máltíð með góðu móti. Það stendur að vísu til bóta nú á Breiðdalsvík, þannig að úr verður bætt að nokkru, en á þessari löngu leið er auðvitað augljóst að óviðunandi er að á veturna séu engir möguleikar í þessum efnum.

Ég bendi á að það þurfi að kanna möguleika þeirra sjóða, sem fyrir eru, og þá auðvitað sérstaklega Ferðamálasjóðs, í þessu efni. Ég veit að ferðamálaráð og ýmsir aðilar hafa fjallað um þetta mál nokkuð, ferðamálaráð haldið m. a. ráðstefnu sérstaklega um hvernig gistiþjónusta á landsbyggðinni yrði best tryggð, en hitt er svo annað, að lítið hefur komið út úr þessu starfi og ráðstefnuhaldi.

Það þarf einnig að athuga möguleika sveitarfélaganna og rekstraraðilanna á að koma með nýjum hætti inn í þessa mynd, og síðast en ekki síst með hvaða hætti hið opinbera gæti létt róðurinn, þó að ekki yrði um beina styrkveitingu eða gjafir að ræða. Ég á hér ekki við neitt slíkt, heldur ýmsar ívilnanir, þó þær séu vissulega vandmeðfarnar, en þá hlýtur hið opinbera að taka visst tillit til allra aðstæðna og veita vissar ívilnanir varðandi ýmsa gjaldtöku til dæmis til að létta á þeim aðilum sem taka að sér þessa þjónustu, sem getur að vísu verið ábatasöm yfir háannatímann, en yfir meginhluta ársins vægast sagt ekkert nema tapið.

En aðalatriðið er vitanlega það, að jafnhliða því sem við gerum Ísland að ferðamannalandi, — ég set reyndar alltaf svolítið spurningarmerki við það, — svo sem réttlætanlegt er t. d. gagnvart náttúru landsins, þá skulum við ekki síður huga að sem eðlilegastri þjónustu við okkur sjálf og aðra hvarvetna þar sem þess gerist þörf um landið, og það er býsna víða sem á þessari gistiþjónustu þarf að halda. Til að ýta þessu máli úr vör er till. þessi flutt.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, þáltill. (þskj. 124, n. 350). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. á þskj. 350 hefur utanrmn. fjallað um þáltill. þessa um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókunar 1978 þar að lútandi, og hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að mæla með samþykkt þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fullgilding samnings um loftmengun, þáltill. (þskj. 138, n. 351). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þáltill. um fullgildingu samnings um loftmengun, sem berst langar leiðir milli landa, og er sammála um að mæla með samþykkt þessarar þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 341 (sbr. 87)). — Ein umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var afgreitt frá þessari hv. deild 18. jan. s. l. Í meðförum hv. Nd. hafa verið gerðar breytingar á frv., þ. e. breyting við 3. gr. frv. 2. mgr., þannig að skreiðarbirgðir skulu undanskildar við töku gengismunar.

Þá var gerð breyting á 7. gr. frv., sem fjallar um vörugjald. Stafl. c í frv. var felldur brott, en það felur í sér að þau viðbótartollskrárnúmer, sem voru gerð vörugjaldsskyld með brbl. í ágústmánuði, falla niður.

Það er svo ákveðið í þingsköpum, 24. gr., að þegar síðari deild breytir frv. og það kemur aftur til fyrri deildar skuli nefnd, sem fjallaði um málið, fá það aftur til meðferðar. Þó að hv. fjhn. þessarar deildar hafi fjallað mjög ítarlega um frv. meðan það var til meðferðar þykir rétt með hliðsjón af þessu ákvæði þingskapa og þessum breytingum á frv. að leggja til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. gat um var þetta frv. afgreitt frá hv. Ed. í janúarmánuði. Það hefur nú verið til meðferðar í Nd. og tekið þar breytingum. Hins vegar var meðferð málsins á þann veg hér í hv. Ed. að mjög skýr andstaða kom fram við frv., og lýstu þm. Sjálfstfl. og þm. Alþfl. yfir eindreginni andstöðu við frv. og greiddu atkv. gegn því. Hv. alþm. Lárus Jónsson lýsti

því yfir við 2. umr. málsins hér í Ed. að afstaða þingflokks sjálfstæðismanna til þessa frv. hefði verið skýr, og endurtók það í ræðu sinni með þessum orðum: „Afstaða okkar sjálfstæðismanna til þessara brbl. er því ljós". Í annarri ræðu sem hv. þm. Lárus Jónsson flutti við 2. umr. um þetta mál lýsti hann því yfir að ekki væri þörf á að orðlengja frekar um þetta mál, þar eð afstaða sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu lægi ljós fyrir, þeir hefðu verið andvígir þessu máli frá upphafi. Lauk hann ræðu sinni á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„*Við höfum verið algerlega andvíg þessum málatilbúnaði öllum og gagnrýnt hann á marga lund.*"

Í atkvgr., sem fór fram um frv., kom það skýrt fram að hv. þm. Sjálfstfl. greiddu atkv. gegn frv. Nú hefur það hins vegar gerst í Nd. að þeir fulltrúar stjórnarandstöðuarms Sjálfstfl. sem þar sitja hafa setið hjá við afgreiðslu málsins. Þannig hefur komið fram hér á þingi allt önnur afstaða hjá fulltrúum Sjálfstfl. í Nd. en fulltrúum Sjálfstfl. hér í Ed.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, sem einnig tók þátt í umr. um þetta mál, hefur hvað eftir annað lýst því yfir hér í hv. Ed. að atburðir í Nd. eigi ekki að hafa áhrif á afstöðu þm. í þessari hv. deild. Hefur það verið mjög eindregin afstaða hans hér í fjölmörgum málum. Þess vegna er ljóst að það ríkir nokkur eftirvænting hér í hugum okkar margra, með hvaða hætti þetta mál verður nú afgreitt hér í hv. deild. Ef hv. þm. Sjálfstfl. telja óhjákvæmilegt að þeir fái umhugsunarfrest til að fjalla nánar um málið í hv. nefnd og kanna hvort þeir ætla að fylgja félögum sínum í Nd. eða halda fast við þá skýru og ljósu og eindregnu afstöðu, sem þeir lýstu hér í Ed. á sínum tíma, þegar þeir greiddu atkv. gegn frv., er ég sem formaður fjh.- og viðskn. vissulega reiðubúinn að halda fund í n. um málið, eins og hæstv. forsrh. hér lagði til. Við höfum ákveðið að halda fund í nefndinni á morgun. Ef enginn hefur neitt við það að athuga munum við fjalla um málið þar.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni vil ég svara því, að afstaða okkar sjálfstæðismanna til þessara brbl. hefur verið skýr og er skýr og hefur verið ljós og er ljós. Við erum á móti þessum brbl. Hins vegar byggðist hjáseta okkar flokksmanna í Nd. á því, að við vildum ekki þingrof 13. febr. vegna væntanlegra frumvarpa um breytingar á kosningafyrirkomulagi, heldur viljum við þingrof í byrjun mars að lokinni afgreiðslu þeirra frv. Ég hélt að hv. þm. væri á sömu skoðun og við að þessu leyti, þó að hann hafi aðrar taugar til þessara brbl. en við. Hann veit mætavel, eins og hv. þm. hér vita, að forsrh. hefur þingrofsvald og hann hefði getað rofið þing umsvifalaust eftir að þessi lög hefðu verið felld í Nd., og þá hefði ekki komist fram nein breyting á kosningalögum, enda mun það kannske hafa verið *stefna ákveðins stjórnmálaflokks, sem æ ofan í æ hefur* frestað því máli, kosningalagabreytingunni. En það er önnur saga. — Ég skal svo ekki fjalla frekar um þetta hér. Það kemur í ljós við atkvgr. hvaða afstöðu við sjálfstæðismenn höfum.

Hæstv. forsrh. vitnaði hér einvörðungu í þingsköp um að það er skylt að frv. sem kemur til fyrri deildar öðru sinni gangi til nefndar. Sé ég enga ástæðu til annars en það verði farið að þingsköpum, enda háttur hv. Ed. og hæstv. forseta að fara í hvívetna að þingsköpum.

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns, sem ég skal ekki hafa alltof langt um þetta margumrædda mál, varpa fram fsp. til hæstv. forsrh. og forráðamanna ríkisstj. hér í hv. Ed. um eitt atriði sem varðar þessi brbl.

Nú vitum við að þessi brbl. hafa verið í gildi í sex mánuði. Frv. til staðfestingar þessum brbl. hefur verið breytt í Nd., en þær breytingar, bæði sú breyting sem gerð var hér í hv. Ed. á sínum tíma við 1. gr. frv. og eins þær breytingar sem orðið hafa í Nd., eru að sjálfsögðu ekki orðnar að lögum.

Prófessor Sigurður Líndal kom á fund hv. fjh.- og viðskn. og skýrði ýmis sjónarmið sín varðandi túlkun á brbl. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að orðalag 1. gr. bæri ótvírætt að skilja sem svo, að verðbætur á laun skyldu á meðan þessi lög væru í gildi helmingaðar, þ. e. það ákvæði ætti ekki aðeins við verðbótatímabilið frá 1. des., heldur næstu verðbótatímabil á meðan lögin væru í gildi. Í 1. gr. segir, að verðbætur á laun eftir 1. sept. skuli helmingaðar. Ég er ekki hér með bréf prófessors Sigurðar Líndals, en hans skilningur kemur fram í okkar nál. og hann er ótvíræður. Hann taldi að yrðu þessi lög í gildi 1. mars bæri að helminga verðbætur á laun samkv. brbl.

Þau eru enn í fullu gildi. Ekki er ljóst hvort þau verða tekin til afgreiðslu núna um mánaðamótin. En kauplagsnefnd hefur verið að störfum. Hún var að störfum í gærmorgun og hún var að störfum í morgun. Það hlýtur að vera hæstv. ríkisstj. kunnugt, hvern skilning nefndin leggur í greinina um skerðingu verðbóta á laun. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort fyrir liggi eitthvað um þann skilning. Mér hefur skilist á mörgum að þeir vildu meta það svo, að skilningur prófessors Sigurðar Líndals á þessari grein að öðru leyti væri a. m. k. nær lagi, þó að þar sé ágreiningur. En þar sem kauplagsnefnd hefur þegar komið til starfa og er að vinna að þessum efnum vildi ég gjarnan að hæstv. forsrh. upplýsti okkur hér í hv. Ed. og raunar þjóðina alla um hver skilningur kauplagsnefndar er að þessu leyti í þeim störfum sem hún er nú að vinna.

Ég veit að hæstv. ráðh. hefur sagt að aldrei hafi verið meiningin að verðbætur yrðu áfram skertar um helming. En lagabókstafurinn blífur, eins og honum er sjálfsagt best kunnugt, og spurningin er sú, hvort kauplagsnefnd leggur sama skilning í þetta og prófessor Sigurður Líndal.

Þessi brbl. hafa nú verið í fullu gildi í sex mánuði. Raunar áttu þau afmæli núna á mánudaginn, þegar hæstv. forseti sá ekki ástæðu til að taka þau á dagskrá hér. Þau áttu sex mánaða afmæli 21. febr. Þau hafa sem sagt verið í fullu gildi í hálft ár. Og hver hefur svo dómur reynslunnar orðið um þessi brbl.? Eftir bestu heimildum sem ég hef í höndum mun kauplagsnefnd hafa komist að raun um að framfærsluvísitalan hækki um síðustu mánaðamót um 15—16%, og fer það nokkuð eftir því hvort hún fellst á að taka hækkun á strætisvagnagjöldum þar inn í. Mér skilst að hagfræðingur ASÍ hafi viðhaft þau ummæli opinberlega, að nú væri hér í landinu 80% verðbólga. Hækkun á framfærsluvísitölu um nærri 16% þýðir að árshraði verðbólgunnar er núna um eða yfir 80%. Hverju var spáð áður en þessi lög voru sett? Því var spáð að verðbólgan yrði, ef þau yrðu ekki sett, í kringum 70%. Hver er dómur reynslunnar um þessi brbl. að þessu leyti?

Í „svartri skýrslu“ — sem svo mætti kalla — Seðlabankans, sem út kom 1. febr., segir svo um verðbólguna og aðra þætti efnahagsmála, með leyfi forseta:

„Fari fram sem horfir verður mjög mikill halli á viðskiptajöfnuði einnig á þessu ári, og skuldastaðan við útlönd mun komast á enn hættulegra stig. Jafnframt heldur verðbólga áfram að magnast og grafa undan fjárhagslegu trausti og sparifjármyndun, en háu atvinnustigi haldið uppi með erlendri skuldasöfnun og verðbólgumyndandi útlánum innanlands.“

Hver er dómur reynslunnar? Þetta eru horfurnar eftir að þessi brbl. hafa verið í gildi í sex mánuði. Í sömu skýrslu Seðlabankans segir ennfremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Erlendar lántökur hafa á undanförnum árum ekki aðeins verið afleiðing umframeyðslu þjóðarbúsins, heldur hefur óhófleg notkun erlends lánsfjár haft í för með sér eftirspurnar- og peningaþenslu, sem ýtt hefur undir verðbólgu og viðskiptahalla. Mikilvægt er, að sem fyrst sé gengið frá lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, þar sem stefnt sé að um þriðjungs lækkun á erlendum lántökum frá því sem var á s. l. ári, sem samsvarar að erlendar lántökur verði 3500 millj. kr. á núgildandi gengi. Síðan verður að takmarka lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða við það svigrúm sem þá er fyrir hendi.“

Hver er dómur reynslunnar að þessu leyti og hvar eru þessi lánsfjárlög, sem Seðlabankinn vitnar í þegar sagt er að þurfi að skera niður erlendar lántökur? Eins og hv. þm. vita er lögboðið að frv. um lánsfjárlög skuli útbýtt á sama tíma og frv. til fjárlaga. Ekki einu sinni tangur eða tetur af þessari mikilvægu lagasmíð hefur séð dagsins ljós á Alþingi fram að þessu, og engar upplýsingar eru í höndum hv. þm. um hvernig á þessu máli skuli tekið. En þetta er dómur reynslunnar líka um þessa brbl.-smíð. Þessum dómi reynslunnar verður að sjálfsögðu ekki áfrýjað. Hann sýnir að þessi brbl. hafi verið bæði óréttlát og haldlaus, eins og við sjálfstæðismenn höfum haldið fram allan tímann, og hvað sem við segjum og hver sem afstaða okkar er til brbl. verður þessum dómi reynslunnar ekki áfrýjað.

Það vantar ekki að almenningur hefur fórnað í góðærunum 1980 og 1981. Þá versnuðu lífskjörin, kaupmátturinn minnkaði, bæði taxtakaups og ellilífeyris, en í kjölfar þessara brbl. rýrnar kaupmáttur svo mikið að rýrnunin er metin af Þjóðhagsstofnun 7%. Samt sem áður er árangurinn þessi. Það má því með sanni segja, að öll varnaðarorð okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu hafa því miður orðið að veruleika, gráum hversdagslegum veruleika, en þó slíkum, að það mun lengi í minnum haft hve þessi brbl., sem eru búin að vera til umr. í allan vetur eins og þau séu eitthvert allsherjar lífselexír sem allt eigi að lækna, hafa reynst algerlega gagnslaus.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram að ástandið væri skárra þó að þessi brbl. hefðu ekki verið sett. En ég bendi enn og aftur á að það sem gera varð og gera átti í fyrrahaust var að stokka algerlega upp í efnahagsmálum. Það var fyrir séð að þessar kákaðgerðir mundu engu bjarga og allra síst því hættuástandi sem var að koma yfir þjóðina.

Forráðamenn ríkisstj. segja: Atvinnuöryggi er fyrir öllu. — Við heyrðum þetta endurtekið í sjónvarpsviðtali í gær við formann Alþb. Í tíma og ótíma, þegar hann var spurður óþægilegra spurninga, eins og hvað honum fyndist nú um þessa miklu verðbólgu, sagði hann: Ja, atvinnuöryggið er fyrir öllu. — Hann viðurkenndi að hjaðnandi verðbólga væri kjarabót, en hins vegar minntist hann lítið á að slík óðaverðbólga, sem nú væri, skaðaði launþega og sérstaklega láglaunafólk. En hann sagði í tíma og ótíma: Ríkisstj. hefur tekist að halda uppi fullri atvinnu. — Ég held að þessum málflutningi verði best svarað með því að vitna enn í þessa „svörtu skýrslu“ Seðlabankans. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum er rétt að benda á nokkur atriði, er varða samhengi þeirra þátta efnahagsmála, sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, og þess markmiðs að halda uppi nægilegri atvinnu við þjóðnýt störf. Enginn vafi er á því, að háu atvinnustigi hefur verið haldið uppi nú um nokkurt skeið fyrst og fremst með miklum erlendum lántökum til framkvæmda og rekstrar, en hins vegar með peningaþenslu, en hvort tveggja hefur stuðlað að verðbólgu og viðskiptahalla. Skuldasöfnun Íslendinga gagnvart umheiminum er nú hins vegar orðin svo mikil, að háskalegt væri að halda lengra áfram á þeirri braut. Háu atvinnustigi verður því ekki enn haldið uppi með þessum ráðum nema um skamman tíma. Eigi að tryggja sæmilegt öryggi í atvinnumálum framvegis verður það að hvíla á traustari stoðum, svo sem sterkari samkeppnisaðstöðu og góðum rekstrarskilyrðum atvinnuveganna og auknum innlendum sparnaði, en forsenda fyrir þessu hvoru tveggja er, að rofinn verði sá vítahringur verðbólgu, sem þjóðin er fjötruð við.“

Hér er beinum orðum sagt að atvinnuöryggi sé í stórfelldri hættu, ef ekki verður gerbreytt um efnahagsstefnu.

Í fyrrasumar fór það ekki fram hjá almenningi að það fóru fram mikil átök í ríkisstj. um hvað gera skyldi. Ráðh. kepptust við að segja þjóðinni að við værum að sökkva í skuldafen, að draga upp mjög dökkar myndir af ástandinu. Jafnframt var rifist um það í ríkisstj. vikum og mánuðum saman hvernig bregðast skyldi við vandanum. Niðurstaðan var brbl. þau sem hér eru enn til umr. eftir sex mánuði. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum manni, sem veit hvað er að gerast í íslenskum þjóðarbúskap, að hættuástand það, sem skapaðist þá, er í rauninni barnaleikur miðað við það sem er að skapast nú eftir sex mánaða þrásetu ríkisstj. frá því að hún kom þessum káklögum frá sér.

Það er mikið umhugsunarefni fyrir þá, sem vilja búa við þingræði og lýðræði í þessu landi, að þessir atburðir skuli hafa gerst. Nú kemur formaður Framsfl. og síðast í gær formaður Alþb. fram fyrir alþjóð, og þeir segja: Vitanlega hefði átt að rjúfa þing í haust. Vitanlega var þetta rétt, sem Sjálfstfl. sagði í haust, við hefðum átt að rjúfa þing. Við höfum ekkert getað í vetur. Það er þessari vondu stjórnarandstöðu að kenna. — En er það hlutverk stjórnarandstöðunnar að setja lappir undir vanmátta ríkisstj.? Er það ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að koma henni frá og benda fólki á að hún þurfi að segja af sér? Hverjir eru það sem áttu að segja af sér? Er það stjórnarandstaðan? (Gripið fram í.) Það má athuga það. En það er eðlilegt að slíkur málflutningur veki aðhlátur hv. þm. Það vekur aðhlátur allrar þjóðarinnar þegar ráðherrar og formenn stjórnmálaflokka, sem taka þátt í núverandi stjórnarsamstarfi, halda því fram að það hefði raunverulega átt að rjúfa

þing í haust vegna þess að þeir gátu ekkert gert við þeim vanda sem þeir sjálfir sögðu að væri stórhættulegur þá og er orðinn miklu hættulegri nú.

Ég skal ekki orðlengja, herra forseti, mjög um þessi brbl. Ég sé ekki ástæðu til þess. Afstaða okkar sjálfstæðismanna, ég endurtek það, hefur verið ljós til þessara laga og skýr. Við erum á móti þeim. En við verðum að beygja okkur fyrir því, að það er til vald í landinu sem kallast þingrofsvald. Þess vegna verðum við að haga okkar afstöðu eins og fram kemur. Við vildum fá fram það mál, sem okkur finnst vera eitt mesta mannréttindamál um þessar mundir, kjördæmamálið. Það hefði ekki verið unnt með þeirri afstöðu að greiða atkv. á móti þessu á sínum tíma í Nd., en efnisafstaða okkar til þessa máls er sú sama og áður.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. beindi til mín fsp. um skilning á orðalagi í 1. gr. frv. Í brbl. var svo ákveðið, að vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kauplags og verðlags skyldi frá 1. des. 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun o. s. frv. sem ella hefði átt að ná fram. Það er engum vafa undirorpið að þetta ákvæði átti við verðbætur fyrir það þriggja mánaða tímabil sem hófst 1. des. Þetta orðalag var ákveðið í samráði við hagstofustjóra, sem hefur um langan aldur verið ráðunautur kauplagsnefndar, og í fullu samræmi við það orðalag, sem áður hefur verið notað, og tvímælalaust, samkv. öllum venjum og skilningi kauplagsnefndar, þá átti þetta orðlag eingöngu við það verðbótatímabil sem skyldi hefjast 1. des. 1982 og standa í þrjá mánuði.

Í meðförum málsins í hv. Ed. komu fram aths. um að þetta þýddi annað, gilti sem sagt áframhaldandi. Það var ákveðið í fjhn. hv. Ed. að breyta þessu orðalagi þannig og setja í staðinn: „að því er varðar tímabilið 1. des. 1982 til 28. febr.1983". Í þessu fólst engin efnisbreyting og engin þörf á þessari breytingu, en hún var sett til að fyrirbyggja misskilning vegna aths. sem fram höfðu komið.

Nú eru enn í gildi ákvæði brbl. eins og þau voru í upphafi, en ekki þær breytingar sem samþykktar voru við frv. Þær koma fyrst í gildi þegar frv. hefur verið afgreitt endanlega frá Alþingi, staðfest og birt sem lög. Kauplagsnefnd úrskurðar því þetta mál nú á grundvelli brbl. Ég held að það liggi alveg fyrir, að hún eða a. m. k. meiri hl. hennar telur tvímælalaust að þetta orðalag í brbl. eigi við eitt verðbótatímabil, þ. e. það sem hófst 1. des.

Hv. þm. fullyrðir hér nú, eins og áður í umr., að brbl. hafi verið gagnslaus og haldslaus. Ég er nú undrandi á þessum ummælum hv. þm. og mér er spurn: Meinar hv. þm. það virkilega, þó hann slái þessu svona fram í áróðursskyni, að verðhækkanir og verðbólga hefðu ekki orðið meiri hefðu þessi ákvæði brbl. ekki komið? Náttúrlega veit ég að hann meinar það ekki, enda er þetta gegn allri heilbrigðri skynsemi og staðreyndum, en sýnir bara málefnafátæktina í þessum áróðri.

Um leið og hv. þm. talar um hina miklu verðbólgu, sem er auðvitað ákaflega alvarlegt vandamál, og sakar ríkisstj. náttúrlega um að hún valdi þessu, þá liggur það fyrir að margt eða flest af því sem þessi hv. þm. og hans nánustu samherjar hafa lagt til í þeim málum tekur mið af því að verðbólgan væri enn meiri í dag og á næstunni en hún þó er. Þessi hv. þm. greiddi hér í Ed. atkv. á móti þessu frv. Ef hans vilji hefði náð fram að ganga og málið yrði fellt þýddi þetta nýja verðbólguöldu í þjóðfélaginu. Hv. þm. hefur ásamt öðrum jafnan krafist miklu meiri hækkana á margs konar gjaldskrám en samþykktar hafa verið, sem hefðu þýtt meiri verðhækkanir. Nú þegar viðmiðunarfrv. um laun o. fl., sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, hefur komið til meðferðar er ljóst að þessi hv. þm. og hans nánustu samstarfsmenn munu leggjast gegn því. Þannig er það flest á eina bók lært. Það er talað um að verðbólgan sé of mikil og ríkisstj. valdi því, en flestallt, sem þessi hv. þm. og hans samherjar leggja til mála, miðar að því að auka verðbólguna stórlega.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Lárusar Jónssonar sem var beint til forsrh. vil ég upplýsa að meðan umr. fór hér fram fékk ég upplýsingar um það frá hagstofustjóra, Klemensi Tryggvasyni, að kauplagsnefnd hefur nú þegar reiknað út vísitölu kaupgjalds. Hagstofan mun annaðhvort síðar í dag eða á morgun gefa hana formlega út. Það liggur því ljóst fyrir, að kauplagsnefnd hefur lokið störfum varðandi útreikning þessarar vísitölu og skilað þeirri niðurstöðu til Hagstofunnar, sem mun samkv. upplýsingum hagstofustjóra gefa hana formlega út síðar í dag eða á morgun.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að þessi brbl. hefðu verið framlag í baráttunni gegn verðbólgunni. Það er vissulega rétt. En því miður fékk einn af hornsteinum þessara brbl. ekki að standa heill allt það tímabil, sem þeim var ætlað að gilda, vegna þeirra stefnuákvarðana sem hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh. beittu sér fyrir í janúarmánuði s. l. Það var grundvallaratriði í þessari löggjöf, að á tímabilinu frá des. og til 1. mars yrði sams konar hækkun á launum fólks í landi, á launalið bóndans og á fiskverði. Og það var margyfirlýst af hálfu talsmanna allra flokka, sem að þessum brbl. stóðu þegar þau voru gefin út, að þau byggðust á því að sama hækkun yrði á öllum þessum þremur liðum á þessu þriggja mánaða tímabili. Þróun gengis skyldi vera byggð á því að svo væri. Þetta stóðst varðandi tvo af þessum þremur liðum. Í janúarmánuði beittu hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., og hæstv. viðskrh. sér fyrir atburðarás varðandi gengismál og fiskverðsákvarðanir sem settu þetta atriði algerlega úr skorðum og leiddu til þess að nú blasir við að það verður meiri verðbólguþróun á þessu tímabili en brbl. gerðu ráð fyrir. Seðlabankinn lagði til í byrjun jan. að gengið yrði fellt um 5%. Sú till. Seðlabankans miðaði við þann efnisgrundvöll sem brbl. voru byggð á. Nokkru síðar komu hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. til ríkisstj. og lögðu til að gengislækkunin yrði um það bil helmingi meiri, með þeim verðbólguafleiðingum sem það hafði í för með sér, og að fiskverðshækkun á þessu tímabili yrði alls um 20%, þótt hornsteinn brbl. hefði verið sá, að fiskverð ætti á þessu þriggja mánaða tímabili að hækka um sömu tölu og launaliður bóndans og laun verkafólks í landi.

Nú má auðvitað segja eins og hæstv. sjútvrh. hefur sagt: Eru menn á móti því að laun sjómanna hækki? Og það er ósköp auðvelt að segja nei við þeirri spurningu. Hver er á móti því? En sömu menn og spyrja: Eru menn á móti því að laun sjómanna hækki? sögðu: Laun í landi má ekki hækka meira en 7% og launaliður bóndans má

ekki hækka meira en 7%. Það hefur ekki verið neitt leyndarmál, enda kom það fram í ríkisstj. á þeim tíma, að Alþþ. gagnrýndi mjög að þessar gengisákvarðanir og fiskverðsákvarðanir, sem þessir forsvarsmenn Framsfl. stóðu að í janúarmánuði, brytu í bága við þann grundvöll sem samkomulagið um brbl. byggðist á. Afleiðingin hefur orðið sú, að verðbólgan verður um 5—6% meiri en brbl. gerðu ráð fyrir.

Síðan gerðist það á hv. Alþingi, að hæstv. forsrh. og ráðherrar Framsfl. leggja hér fram frv. um að lækka enn laun verkafólks í landi og hafa, eins og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir í Nd., farið í bónorðsferð til stjórnarandstöðunnar um að styðja það vísitölufrv. Það var alveg greinilegt á hæstv. forsrh. hér áðan að hann hafði orðið fyrir miklum vonbrigðum með að stjórnarandstaðan skyldi ekki styðja það frv. sem hann lagði fram með ráðherrum Framsfl. Er þá alveg greinilegt að það var ætlunin hjá ráðherrum Framsfl. og ráðh. Sjálfstfl. í ríkisstj. að fá stjórnarandstöðuna á Alþingi til að koma fram því frv. sem þeir komu ekki fram í ríkisstj. vegna andstöðu Alþb. Það er athyglisvert, að hinn svokallaði verðbólguávinningur af þessu frv., sem lagt hefur verið fram í Nd., er ekki meiri en svo, að hann rétt aðeins vegur upp og varla það þá verðbólguaukningu, sem leiddi af þeim gengisákvörðunum og fiskverðsákvörðunum, sem ráðh. Framsfl. stóðu að hér í janúarmánuði s. l. Ástæðan fyrir því að ráðherrar Sjálfstfl. og Framsfl. í ríkisstj. töldu nauðsynlegt að leggja vísitölufrv. fram var að þeir vildu bæta þann brest sem þeir sjálfir stóðu að í efnahagsgrundvelli brbl. í janúarmánuði s. l., þ. e. til þess að það kæmi ekki skýrt fram að verðbólguþróunin verður um það bil 5—6% meiri en brbl. gerðu ráð fyrir vegna þeirra ákvarðana og tillagna sem þessir menn stóðu að í janúarmánuði s. l.

Þegar verið er að fjalla um efnahagsleg áhrif af þessari lagasetningu og ef á að gera það á opinn, heiðarlegan og eðlilegan hátt, þá er óhjákvæmilegt að skýrt komi fram að sú gengisákvörðun, sem tekin var í janúarmánuði s. l. samkv. till. hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh., braut gegn því grundvallarsamkomulagi sem brbl. frá því í sumar byggðust á og var helmingi meiri en Seðlabankinn hafði gert tillögur um í samræmi við grundvöll brbl. Alþb. var hins vegar þeirrar skoðunar, að þessi grundvöllur ætti að standa, að þeir þrír hornsteinar, sem þessi lagasetning var byggð á í sumar, ættu að standa allt tímabilið og lýsti þeirri skoðun við samstarfsaðila sína í þessari ríkisstj. Það er hins vegar mikill misskilningur hjá hæstv. forsrh., eins og kom fram í ræðu hans áðan, að það frv., sem hann hefur lagt fram í hv. Nd., sé einhver verknaður til að draga á umtalsverðan hátt úr verðbólgunni. Það sem er fyrst og fremst athyglisvert við það frv. er að í því felst, í næstsíðustu greininni, afnám þess kerfis sem hér hefur verið í áratugi og verið einn af hornsteinum samkomulagsaðila vinnumarkaðarins við útreikninga á kaupgjaldi. Kaupgjaldsnefnd hefur verið sá samstarfsvettvangur þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins með hlutlausum oddamanni skipuðum af Hæstarétti hafa kveðið upp úr með hvert kaupgjaldið ætti að vera á hverjum tíma. En í þessu frv., sem Framsfl. og ráðherrar Sjálfstfl. í ríkisstj. standa að, er lagt til að afnema þetta kerfi algerlega og afhenda kontórista í forsrn. vald til þess að kveða upp úr með hvaða kaupgjaldsvísitala eigi að vera í gildi í landinu. Og mér er til efs að það hafi nokkru sinni hér á Alþingi komið fram tillaga um jafnróttæka breytingu á samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins og um jafnmikið vald í hendur stjórnvalda varðandi kaupgjaldsákvarðanir í þessu landi. Það er hámarkið á eðli þessarar greinar að það skuli svo í grg. frv. vera sagt við þessa grein: Þarfnast ekki skýringar. Þar með er alveg ljóst að það hefur ekki átt að útskýra það mjög nákvæmlega með þjóðinni hvað þarna var lagt til. Það eru þess vegna margvíslegar ástæður fyrir því að Alþb. hefur barist gegn þessu frv.

Það var mjög fróðlegt að heyra áðan hæstv. forsrh. lýsa vonbrigðum sínum með að sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu skyldu ekki hjálpa honum við að koma þessu frv. fram. Hæstv. forsrh. veit að það lá fyrir yfirlýsing af hálfu Alþb. um að ef þetta frv. yrði samþ. hér á hv. Alþingi væri kominn hér nýr ríkisstjórnarmeirihluti, vegna þess að Alþb. mundi ekki standa að þessari ríkisstj. ef þetta frv. yrði samþykkt. (**Forsrh.:** Hvar liggur það fyrir?) Það hefur legið fyrir hér yfirlýst af hálfu flokksins, bæði opinberlega og eins gagnvart hv. þingheimi. (**Utanrrh.:** Hvaða nýi ríkisstjórnarmeirihluti er það?) Það var einmitt það sem ég ætlaði að fara að spyrja hæstv. forsrh. um, hvort hefði mátt túlka tilboð hans til sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu á þann veg að þeir gengju með honum og framsóknarmönnum inn í nýja ríkisstj. Áskoranir hans á sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu að styðja vísitölufrv. og sú mikla vonbrigða- og ásakanaræða, sem hann flutti áðan, þó stutt væri, gefa greinilega til kynna að það hefur verið ætlun hans að nota vísitölufrv. til að knýja hér fram nýja helmingaskiptastjórn Framsfl. og Sjálfstfl. Vonbrigðin voru skýr. Þau voru augljós og ásakanir voru miklar. Þetta frv. er hins vegar enn þá til meðferðar hér í þinginu. Því hefur nú verið vísað til hv. fjh.- og viðskn. og kannske heldur bónorðsför forsrh. til Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu áfram.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti, Ég ætla ekki að fara í umr. hér um frv. um nýtt viðmiðunarkerfi, sem liggur fyrir hv. Nd., né svara því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, utan einu atriði, sem er nauðsynlegt að leiðrétta, því að þar kennir ótrúlega mikils misskilnings og ranghermis.

Hv. þm. segir að með 7. gr. þess frv. sé gerbreytt og felldar niður þær reglur sem gilt hafa um störf kauplagsnefndar og ákvörðun verðbóta. Í 7. gr. þess frv. segir: „Forsrh. skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga.“ Og eins og hann gat um segir í grg. að ekki þarfnist nánari skýringar. Þetta ákvæði er sett inn vegna nýmælis í frv. Það segir í 4. gr., 4. tölul., að við útreikning verðbótavísitölu skuli breyta frá framfærsluvísitölu til lækkunar eða hækkunar m. a. breytingum á óbeinum sköttum og gjöldum. Sú nefnd, sem undirbjó þetta mál, taldi að í því sambandi gætu komið upp nokkur atriði, sem þyrfti úrskurðar um, og þess vegna er þetta ákvæði inn sett. Hitt hefur aldrei komið til nokkurra mála, að með þessu ætti að breyta þeim reglum sem gilda um kauplagsnefnd, hennar verksvið og hennar valdsvið. Ég vil taka það fram, að þessar staðhæfingar hv. þm. eru tilhæfulausar með öllu.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs fyrst og fremst til að taka þátt í þessum skemmtilegu deilum, sem hér eru að upphefjast á milli

hæstv. forsrh. og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Það er ljóst að báðum er mikið niðri fyrir, og væntanlega á þjóðin eftir að heyra allhressileg stóryrði ganga á milli þessara félaga í ríkisstj. á næstunni. Skal ég ekkert vera að þreyta menn á að rifja það upp. Menn heyrðu það allir og sáu, sem hér eru inni, hvað er í uppsiglingu.

En það er rétt, sem kom hér fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að kauplagsnefnd ákvað á fundi sínum í morgun að verðbætur á laun á tímabilinu frá 1. mars til 31. maí 1983 skyldu verða 14.74%. Nefndin var þó ekki einróma um þetta. Ég hygg að það geti verið til upplýsingar að geta hér um sérálit fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands, og með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp nokkurn part af þeirri bókun sem hann þar gerði. Þar segir:

„Útreikningur kauplagsnefndar á verðbótum á laun verður hverju sinni að grundvallast á gildandi lögum. Samkv. því á að byggja útreikning nefndarinnar á verðbótum á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1983 á lögum nr. 79/1982, brbl. um efnahagsaðgerðir frá 21. ágúst 1982, lögum nr. 13/1979 og lögum nr. 10/1981."

1. gr. laga nr. 79/1982, þ. e. brbl., er síðan tilgreind. Hana þekkja allir, hvernig hún var upphaflega og hvernig hún er enn í þeim lögum, sem í gildi eru í dag, a. m. k. að forminu til, þó að stjórnarskráin hafi náttúrlega verið sniðgengin svolítið. Síðan segir:

„Í umsögn sinni um frv. til staðfestingar á lögum nr. 79/1982, sem enn eru ekki afgreidd sem lög frá Alþingi, lýsti Vinnuveitendasambandið þeim skilningi sínum, að þetta orðalag merki ótvírætt að helming verðbóta skyldi fella niður á öllum verðbótatímabilum meðan lögin gildi. Sami skilningur kemur fram hjá prófessor Sigurði Líndal, en hann gaf fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis eftirfarandi umsögn um þetta atriði".

Síðan kemur umsögn Sigurðar, sem allir hv. dm. þekkja og hefur verið margvitnað til, og er ég þess vegna ekki að lesa það upp, en í framhaldi segir:

„Þetta sama orðalag og í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 79/1982 hefur jafnan þýtt viðvarandi ástand og vísast í því sambandi til laga nr. 70/1967, laga nr. 103/1978 og laga nr. 121/1978, en verðbótaskerðingar á tilteknum tímabilum hafa jafnan verið orðaðar með öðrum hætti, sbr. lög nr. 3/1978 og lög nr. 10/1981.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. hefur viðurkennt að breytinga er þörf á orðalagi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 79/1982, sé þeim einungis ætlað að fella niður helming verðbóta á tímabilinu 1. des. 1982 til 1. mars 1983, með því að flytja eftirfarandi brtt. við frv. til staðfestingar á lögunum." — Og brtt. var eins og menn muna: „Í stað orðanna „frá 1. des. 1982" í 1. mgr. 1. gr. komi „að því er varðar tímabilið 1. des. 1982 til 28. febr. 1983." — „Hefur brtt. þessi þegar verið samþykkt í báðum deildum Alþingis, en frv. sjálft hefur á hinn bóginn ekki verið afgreitt sem lög frá Alþingi. Flutningur og samþykkt þessarar brtt. áréttar því alveg sérstaklega, að texti brbl. frá 21. ágúst 1982 mælir fyrir um viðvarandi frádrátt, sem svarar helmingi þess sem ella hefði orðið. Það er því engum vafa undirorpið, að í gildistíð laga nr. 79/1982 og þar til frv. til staðfestingar á þeim lögum með áðurnefndri breytingu er staðfest sem lög frá Alþingi er kauplagsnefnd skylt að beita skerðingarákvæðum 1. gr. laganna. Ákvörðun um að víkja frá fortakslausu ákvæði gildandi laga með vísan til umræðna og skýringa einstakra ráðh. er því lögleysa og að engu hafandi.

Undirritaður hefur lagt til að ákvörðun um verðbætur á laun verði frestað um sinn svo fullreyna megi hvort frv. til staðfestingar á brbl. verður samþykkt á Alþingi fyrir 1. mars n. k. Var það gert í ljósi þess, að áðurnefnd brtt. fjh.- og viðskn. hefur fengið hljómgrunn á Alþingi og því líkur til að frv. þannig breytt geti orðið að lögum á næstu dögum, þannig að ekki þurfi að koma til helmings lækkunar verðbóta við þennan verðbótaútreikning.

Meiri hl. kauplagsnefndar hefur fellt þessa tillögu og knúið fram afgreiðslu í andstöðu við gildandi lög og ákveðið verðbætur á laun 14.74% í stað 7.37%, svo sem vera ætti samkv. gildandi lögum. Með vísan til ofanritaðs vil ég ekki standa að afgreiðslu meiri hl. n., sem ég tel vera í andstöðu við gildandi lög, og greiði því úrskurðinum um 14.74% verðbætur á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1983 ekki atkv. Jafnframt áskil ég mér rétt til þess að halda fram mínum sjónarmiðum, ef koma skyldi til málareksturs fyrir dómstólum vegna þessa úrskurðar."

Þetta er undirritað af Vilhjálmi Egilssyni, sem auðvitað talar í nafni Vinnuveitendasambandsins, en ekki sem einstaklingur, og hér er ekki verið að skera utan af hlutunum. Það er sagt beinum og berum orðum að það séu að engu hafandi ummæli t. d. hæstv. forsrh. og þá auðvitað ekki heldur þau ummæli sem hann hafði hér áðan þegar hann sagði eitthvað í þá áttina: Náttúrlega er enginn vafi á hvað átt er við með verðbótaákvæðinu í upphaflega frv. o. s. frv. Hann varðar ekkert um hvað prófessor Sigurður Líndal segir um það við þm. og lögfræðingar Vinnuveitendasambandsins. Ég man ekki betur en í grg. frá hæstv. forsrh. sjálfum, sem lögð var fram í nefndinni, gerði hann því skóna, að það gæti orðið málarekstur, það gæti orðið dómstólamál hvernig færi um launagreiðslur 1. mars o. s. frv. Og svo segir hann: Náttúrlega er enginn vafi.

Ég taldi mér skylt, úr því að ég hafði fengið þetta skjal í hendur, að vekja á þessu athygli. Og ég vil gjarnan bæta við nokkrum orðum af því að ég þykist vita að félagi minn, hv. þm. Lárus Jónsson, vilji hafa möguleika á að tala síðar í umr. ef henni verður frestað og muni þess vegna kannske ekki svara hæstv. forsrh. núna því sem hann beindi til hans þegar hæstv. ráðh. segir: Meinar hann það, að verðbólgan hefði ekki orðið meiri ef brbl. hefðu ekki verið sett? Það mætti gjarnan spyrja hæstv. forsrh. hver hans spá hafi verið þegar brbl. voru sett um hversu mikil verðbólgan yrði í dag. Er hún ekki meiri? Ég held að það sé alveg ljóst. Auðvitað er hægt að vera með slíka orðaleiki. Það sem við stjórnarandstæðingar höfum verið að segja og höfum sagt allt frá því að þessi stjórn var mynduð er að þessi stefna hennar, heildarstefna í efnahagsmálum, mundi leiða til þess sem við sjáum frammi fyrir okkur nú í dag, þ. e. stórfelldrar kjaraskerðingar, stöðvunar atvinnulífsins, hruns peningakerfis þjóðarinnar. Þetta eru allt staðreyndir sem hver einasti maður hérna inni veit. Þetta höfum við sagt í rúmlega þrjú ár. Svo kemur hæstv. forsrh. og segir: Meinar hann það, að verðbólgan hefði ekki orðið meiri ef við hefðum ekki sett þessi brbl.? Ég nenni satt að segja ekki að vera að ræða svona málflutning.

En það sem stendur eftir er það, að Vinnuveitendasambandið áskilur sér rétt til að hafa ummæli hæstv.

forsrh. að engu og úrskurð kauplagsnefndar frá í morgun. (Gripið fram í.) Ég skal ekki leggja lögfræðilegan dóm á hvor aðilinn hafi þarna rétt fyrir sér. En mér finnst þó rökstuðningur Vinnuveitendasambandsins mjög sterkur. Og ef Vinnuveitendasambandið ekki lætur sína meðlimi greiða þessa fullu vísitölu og fer í dómsmál, eins og hæstv. forsrh. ef ég man rétt taldi að mundi verða niðurstaðan, þegar hann skýrði nefndinni í hv. Ed. skriflega frá áliti sínu, hvar stendur launafólkið þá? Er það sæmandi okkur alþm. að geta ekki gert lög þannig úr garði að menn skilji hvað í þeim stendur og það verði ekki langvarandi málaferli um kjör hvers einasta manns í landinu? Þessi orð sagði ég hér í haust og bauðst til að gera allt sem ég gæti til að laga þetta frv., hvað sem svo yrði um afgreiðsluna, en að menn a. m. k. vissu hvað þeir væru að greiða atkv. um, með eða móti. Það mátti ekki. Þeir afgreiða það að lokum, hæstv. forsrh. t. d. sjálfur og meiri hl., að flytja þessa brtt., sem hann segir núna að hafi ekki skipt nokkru máli. Náttúrlega er enginn vafi. Sjálfur flutti hann þessa brtt. að okkar ósk og kröfu í n. til að taka þennan vafa af. En nú stendur þessi vafi ennþá og Vinnuveitendasambandið gefur fullkomlega í skyn að það muni alls ekki greiða þessar verðbætur.

Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja á þessu athygli, en kannske, af því að hæstv. sjútvrh. er hér kominn, spyrja um hvort nokkrar líkur séu til þess að hann muni flytja brtt. við þetta frv. til l. Ég hef heyrt það einhvers staðar utan að mér — líklega ekki eftir honum sjálfum — að hann hefði eitthvað hugleitt það. Þá ætti sú brtt. að sjálfsögðu að koma fram á þessari stundu, þannig að n. hefði hana til athugunar. Ef hæstv. ráðh. ekki svarar lít ég svo á að hann muni ekki ætla að flytja neina brtt. En ég veit að hann mun skýra okkur frá því hér ef hann hyggst gera það, og þess vegna vek ég á þessu máls.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna spurningar hv. 5. landsk. þm. vil ég upplýsa að ég geri ekki ráð fyrir að flytja brtt. Ég er að vísu sama sinnis, að það hafi verið rangt að fella niður gengismun af skreiðarframleiðslu, en ég felli mig við þá niðurstöðu sem varð í hv. Nd.

Ég bað um orðið fyrst og fremst til að svara nokkru af því sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. Hv. þm. hefur endurtekið það hvað eftir annað að við framsóknarmenn höfum rofið það samkomulag, sem varð í efnahagsmálum við efnahagsaðgerðir 21. ágúst s. l., með of mikilli hækkun fiskverðs um áramótin og að sjálfsögðu hefði ég haft forystu um það. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þetta sé á ákaflega miklum misskilningi og kannske vankunnáttu byggt, og vil ég leyfa mér að rekja nokkrar staðreyndir þess máls.

Við aðgerðirnar 21. ágúst s. l. var ljóst frá upphafi að það var hvergi nærri nóg að gert til að tryggja rekstrargrundvöll útgerðar vegna þess mikla aflabrests, sem hafði orðið, sem reyndist þegar upp var staðið um 16% af aflaverðmæti. Þess vegna var gengið til viðræðna við útgerðina í septembermánuði um frekari aðgerðir og náðist samkomulag þá um þær. Þegar það samkomulag var birt var öllum ljóst að árangur þess samkomulags byggðist mjög á því hvernig afli yrði á næstu mánuðum á eftir. M. a. hef ég hér á Alþingi rakið tvennar niðurstöður, sem byggjast á mismunandi aflaforsendum: Annars vegar að afli verði áfram jafnslakur og hann varð á s. l. ári, og á þeim forsendum taldi Þjóðhagsstofnun að halli á útgerð yrði a. m. k. 5—6%. Ef afli glæddist hins vegar að nýju og yrði svipaður og hann varð á árinu 1981 taldi Þjóðhagsstofnun að aðgerðirnar í ágúst og sept. gætu tryggt útgerðinni um það bil 1—2% hallarekstur. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga, að þá er ekki tekið tillit til gengisbreytinga á næstu vikum og mánuðum og annarra hækkana sem á útgerðinni lenda.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að sú skerðing, sem var gerð 1. des. s. l., var töluvert á annan veg gagnvart útgerðinni en öðrum atvinnugreinum. Gagnvart útgerðinni var hún framkvæmd þannig, að fiskverðsákvörðun var ákveðin ekki meiri en verðbætur á laun, en hitt er svo alveg ljóst, að útgerðin hefur marga aðra kostnaðarliði en laun. Gagnvart bændum var hins vegar ákveðið, að aðeins launaliður bóndans skyldi ekki hækka meira en verðbætur á laun. Þetta var öllum ljóst, þegar þessar aðgerðir voru ákveðnar, og það var öllum ljóst, að það kynnu að verða miklu meiri hækkanir sem lentu á útgerðinni en yrðu bættar með þessum verðbótum á laun, og svo reyndist líka verða. Hækkunin á olíu varð um 19—26% á þriggja mánaða tímabili, önnur á svartolíu en á gasolíu, og hækkun á veiðarfærum og fjölmörgu öðru til útgerðar varð svipuð. 1. des. fékk útgerðin hins vegar þetta ekki bætt nema með 7.72%.

Það var ætíð ljóst öllum mönnum, sem um þessi mál hugsuðu, og var margrætt í ríkisstj. og á það bent, að það varð ekki hjá því komist að grípa til aðgerða vegna útgerðarinnar um áramótin, þegar betur væri séð hvernig aflabrögð yrðu og hvernig ýmsar aðrar hækkanir yrðu. Vitanlega geta menn sagt nú, að kannske hefði verið réttara að binda þessa fiskverðshækkun 1. des. eingöngu við fiskverð til sjómanna. Með því hefði verið með lögum tekið fram hjá skiptum. Þessi ríkisstj. hefur þó hvað eftir annað undirstrikað að hún vill ekki taka fram hjá skiptum nema með samkomulagi. M. ö. o.: þetta hefði þýtt að sjómenn hefðu fengið 7.72%, en hins vegar útgerðin eitthvað meira, sem hún hefði þurft til þess að mæta hækkunum sem urðu langt umfram hækkun á verðbótum.

Ég vek athygli á því, að iðnaðurinn t. d. fékk að sjálfsögðu ýmsar hækkanir bættar með verðhækkunum á sinni framleiðslu. Hjá útgerðinni er þessum málum að því leyti öðruvísi háttað, að þar falla saman tekjur sjómannsins og afkoma útgerðarinnar, a. m. k. ef þetta er bætt með fiskverði einu saman. Þess vegna segi ég: Það hlýtur að vera á einhverjum herfilegum misskilningi byggt hjá hv. þm. ef hann hefur ekki gert sér grein fyrir að þessi mál varð að endurskoða með tilliti til þess hvernig aflabrögð yrðu og hvernig aðrir kostnaðarliðir þróuðust.

Ég verð jafnframt að lýsa alveg sérstakri undrun minni með þær yfirlýsingar hv. þm. að fiskverðshækkunin hafi orðið of mikil og ég endurtek: Í þessu hlýtur náttúrlega að felast að tekjuaukning sjómanna hafi orðið of mikil. Ég vil í því sambandi upplýsa að allan desembermánuð var þetta mál mjög vandlega skoðað og m. a. fengu þrír menn, einn á vegum hvers aðila að ríkisstj., tækifæri til að skoða þetta dæmi. Þeir skoðuðu þetta dæmi vandlega og fóru yfir það ásamt Þjóðhagsstofnun. Í ljós kom, miðað við þær aflaspár sem þá lágu fyrir og miðað við kostnaðarhækkanir sem höfðu orðið

á þriggja mánaða tímabili, og þeir töldu, þar á meðal Þröstur Ólafsson, að hækkun á fiskverði til að koma útgerðinni á núllgrundvöll þyrfti að vera um 28%. Vandi útgerðarinnar var svo sannarlega mikill þrátt fyrir það sem gert var 21. ágúst og það sem gert var í september.

Ég vil lýsa furðu minni á því ef Alþb.-menn ætluðu sér virkilega að skilja útgerðina eftir með vonlausan grundvöll. Ég varð ekki var við það hjá hæstv. ráðherrum Alþb. í ríkisstj. Ég held satt að segja að þeir hafi haft miklu betri skilning á þessu en kom fram hjá hv. þm. áðan. Ég veit ekki hvar íslenskt þjóðarbú væri ef við hættum að gera út. Ég hygg að öllum hafi verið fullkomlega ljóst að tryggja varð útgerðinni rekstrargrundvöll um áramótin beinlínis til þess að unnt væri að gera út og halda áfram að draga fisk úr sjó.

Að þessum niðurstöðum fengnum, sem sagt að það þyrfti að bæta rekstrargrundvöll útgerðarinnar sem næmi 28% hækkun fiskverðs, var talið rétt að athuga hver væri eðlileg hækkun fiskverðs gagnvart sjómönnum þannig að þeir bæru svipað úr býtum og launamenn í landi. Þjóðhagsstofnun taldi, miðað við kauptaxta í landi og miðað við þróun fiskverðs frá 1977, að fiskverðshækkun gæti orðið um 10%. Við nánari athugun á þessu og viðræður við hagsmunaaðila taldi ég hins vegar að fiskverðshækkun mætti vera nokkru meiri, m. a. vegna þess að aflasamsetning hefði verið mjög óhagstæð fyrir sjómenn nú upp á síðkastið og fleira sem þar spilar inn í. Niðurstaðan varð sú, að 14% fiskverðshækkun var talin tryggja sjómönnum nokkurn veginn svipaðar tekjur og launamenn í landi fá á þessu ári með þeirri hækkun sem varð 1. des. s. l. Þetta kemur m. a. fram í gögnum sem öll hafa verið kynnt hér á Alþingi. Þetta kemur m. a. fram í samanburði, sem Þjóðhagsstofnun gerir á tekjum sjómanna og verkamanna. Sé þetta hlutfalla 1977 sett á 100 telur Þjóðhagsstofnun að tekjur sjómanna eftir þessa hækkun séu 101, þ. e. 1% yfir tekjur verkamanna. Það er ekki meira. Og ég verð að lýsa hinni mestu furðu minni á því og hygg að það þurfi að ræðast betur, ef hv. þm. virkilega er að boða að sjómenn hafi átt að bera skarðan hlut frá borði í þessum málum. Ég tek ekki þátt í því. Þessi ríkisstj. hefur byggt á því að stéttir landsins bæru svipað úr býtum og einnig í þeim erfiðleikum, sem nú hafa verið. Ég vil a. m. k. taka það fram, að ég tek ekki þátt í að sjómenn verði hlunnfarnir í þeim aðgerðum sem við verðum að grípa til og höfum orðið að grípa til.

Ég vil einnig í þessu sambandi vekja athygli á því, að þegar aflaaukning hefur verið hafa menn talið eðlilegt að fiskverðshækkun verði minni. Það hefur verið rökstutt með því að sjómenn fái tekjur bornar uppi með meiri afla. Þetta gerðist öll árin frá 1978—1981. Þá verður fiskverðshækkun minni og menn segja: Sjómenn fá meiri tekjur af meiri afla. Er þá nokkuð óeðlilegt að sjómenn snúi dæminu við og segi: Nú minnkar afli. Verðum við þá ekki að fá meiri fiskverðshækkun til að mæta minni tekjum af minni afla? Ég held að menn geti ekki fylgt þessum rökstuðningi aðeins annan veginn, en ekki hinn.

Ég vil segja það svo almennt, að það er skrýtin stefna í efnahagsmálum ef reka á mikilvægasta grundvöll íslensks efnahagslífs, útgerðina, með bullandi tapi. Það er ekki hægt, það er ljóst. Útgerðin verður að geta gengið. Útgerðin hefur orðið fyrir verulegum skakkaföllum af aflabresti og aflasamsetningu, en það er ekki um annað að ræða fyrir íslenskt þjóðfélag, fyrir atvinnulífið, fyrir atvinnuástandið, en að útgerðin geti gengið, og ég leyfi mér að fullyrða, að þær ráðstafanir sem gripið var til í sept. og um áramótin voru lágmarksaðgerðir til að tryggja það, og voru reyndar ekki nóg eins og aflasamsetning hefur orðið t. d. nú í janúarmánuði hjá togurum. Ég leyfi mér að fullyrða aftur að þarna var ratað gullinn meðalveg í sambandi við tekjur sjómanna og tekjur stétta í landi.

Ég ætla svo ekki að fara hér að ræða almennt um efnahagsmálin. Ég vil þó segja að ég hef aldrei orðið var við að hæstv. ráðh. Alþb. hafi lagst gegn gengisfellingum. Ég hef ekki orðið var við það. Ég held að þeir hafi gert sér grein fyrir því, þeir a. m. k. sem að málum koma, að þjóðarbúið verður ekki rekið á fölsku gengi. Það gengur ekki upp. Ég lýsi undrun minni á þeim yfirlýsingum hv. þm. að gengisfellingin hafi orðið meiri en þörf hafi verið á.

Ég vil líka lýsa furðu minni á því, að það sé að myndast einhver nýr meiri hl. sem við framsóknarmenn erum í. Ég lít heldur svo á, að við séum komnir í minni hl. og það sé nær því að verði „sögulegar sættir", a. m. k. í afstöðunni til vísitölumálsins og kannske mætti fleira nefna. Kannske er það sem þar er að gerast boðskapur um komandi tíma. En við skulum engar getsakir hafa um það. Það mun koma í ljós.

Um efnahagsmálin almennt verð ég jafnframt að segja það, að það er náttúrlega engin launung að okkur hefur ekki tekist að ná verðbólgunni niður. Það þýðir ekkert annað en viðurkenna það. 80% verðbólga er verri en 60% verðbólga. Ég get ekki annað en lýst sárum vonbrigðum okkar framsóknarmanna með þessa þróun, sérstaklega eftir það hvað vel tókst árið 1981, að okkar mati, og — ef ég má leyfa mér að orða það svo — eftir að um áramótin tókst að draga Alþb.-menn til þeirra aðgerða.

Ég vil líka lýsa sárum vonbrigðum mínum með að ekki varð úr nauðsynlegum aðgerðum í efnahagsmálum fyrr en 21. ágúst á síðasta ári. Þrátt fyrir spádóma sem lágu fyrir í febr.-mars um stórversnandi afkomu þjóðarbúsins — spádóma sem sýndu að þær spár sem Þjóðhagsstofnun hafði gert og eflaust byggt á bestu gögnum sem sú stofnun hafði í október 1981 um góða afkomu á árinu 1982, reyndust rangar og var gersamlega snúið við. Öllum mönnum átti að vera ljóst að það varð að grípa til harðra aðgerða og það strax. Þjóðin sá vitanlega að við stóðum hér í þjarki í allt sumar til að reyna að ná fram aðgerðum og það tókst ekki fyrr en 21. ágúst. En nú dregur nær kosningum og þá virðist sem Alþb. skorti kjark til að taka á málum. Ég lýsi líka vonbrigðum mínum með það.

Forseti (Helgi Seljan): Nú eru enn þrír menn á mælendaskrá. Ég vildi aðeins geta þess, að hér er um fyrri hluta þessarar umr. að ræða. Það er vitanlega öllum hv. dm. hér ljóst. Einnig vildi ég geta þess, að ég hafði vænst þess að geta gefið hv. 3. landsk. þm. orðið utan dagskrár nú fyrir kl. 4, en vitanlega verður þetta dagskrármál að ganga fyrir þar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skil vel hæstv. forseta, að hann hafi ekki gert ráð fyrir þeim

umr. sem hér hafa orðið.

Við erum í dag að ræða brbl. sem sett voru í ágúst s. l. Það segir sína sögu. Það segir söguna af öllum þeim drætti sem hefur orðið á afgreiðslu þessa máls og hlýtur að verða skrifuð á reikning ríkisstj., en ekki stjórnarandstöðunnar. En þrátt fyrir allan þennan drátt virðist svo sem hæstv. ríkisstj. finnist ekki nóg að gert í þessu efni. Nú hefst í þessum umr. almennt uppgjör á stjórnarheimilinu og geri ég ráð fyrir að það sé ekki til þess að flýta afgreiðslu þessa máls. Hv. stjórnarliði virðist vera sama um það.

Ég er kominn hér mitt í þessa umr., en hafði nú kvatt mér hljóðs af öðru tilefni. Ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í þessar umr. og þau orðaskipti sem hér hafa farið fram á milli fulltrúa aðila ríkisstj., hæstv. ráðh. og hv. 11. þm. Reykv. En það er auðvitað ljóst af því sem hér hefur farið fram, að nú eru ekki lengur þær unaðsstundir í samvinnu hæstv. forsrh. og hv. 11. þm. Reykv. sem áður voru.

Mér þótti ræða hv. 11. þm. Reykv., sem hann flutti í upphafi þessarar umr., harla einkennileg þegar hún var flutt. Kannske skilur maður þetta betur eftir það sem síðar hefur skeð í umr. En það mátti ekki skilja hv. 11. þm. Reykv. á annan veg en hann væri að gera því skóna að fara ekki eftir till. hæstv. forsrh. um að kalla hv. fjh.- og viðskn. saman til að fjalla um breytingar þær sem hv. Nd. gerði. Það mátti skilja á hv. 11. þm. Reykv. að hann vildi ekki einungis ekki fara eftir till. hæstv. forsrh., heldur væri hann þess albúinn að brjóta þingsköp, ef hann fengi okkur sjálfstæðismenn í slagtog með sér til þess. (**ÓRG:** Þetta er byggt á einhverjum misskilningi.) Hv. 11. þm. Reykv. segir að þetta sé byggt á misskilningi. Ég fullyrði að ræða hans um þetta efni, sem hann flutti í upphafi þessarar umr., er algerlega óskiljanleg og efnislaus ef ekki verður helst lögð þessi merking í hans orð.

Hv. 11. þm. Reykv. hefur undanfarna daga og undanfarnar vikur sýnt lofsverða viðleitni til að aðlaga sig að samvinnu við okkur sjálfstæðismenn. Um þetta er ekkert nema gott að segja. En ég vil segja hv. 11. þm. Reykv. að hann fer offari í þessu efni ef hann gerir því skóna að við sjálfstæðismenn ljáum því lið að styðja hann í nokkru sem gengur gegn þingsköpum.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta eru fjörugar umr. og menn gefa sér ýmsar forsendur. Engu að síður hefur margs konar sannleikur komið fram í þessum umr. Hæstv. sjútvrh. komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að reka efnahagslífið þannig að útgerðin væri með stórfelldu tapi. Það hefði kannske verið ráð að hæstv. sjútvrh. hefði tekið eftir þessu svolítið fyrr.

Hæstv. sjútvrh. sagði líka, að ekki væri hægt að reka þjóðarbúið á fölsku gengi. Hann sagði: Það gengur beinlínis ekki upp. Hugsið þið ykkur nú ef hæstv. sjútvrh. hefði tekið eftir því á s. l. ári að ekki gengi upp að reka þjóðarbúið með fölsku gengi. Þá hefði kannske staðið svolítið betur hjá okkar þjóðarbúi núna því að verulegan hluta af þeim vanda sem hér er við að fást, uppsafnaðan viðskiptahalla, má auðvitað rekja til þess, að þjóðarbúið hefur verið rekið á beinlínis röngu gengi.

Það kom líka fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að það væri stefna ríkisstj. og stefna hans að ekki skyldi tekið fram hjá skiptum með lögum nema með samkomulagi við sjómenn. En hvað er það frv. sem við erum með núna? Fjallar það ekki um að taka fram hjá skiptum hjá verkafólki með lögum? Og ég veit ekki betur en verkalýðssamtökin hafi mótmælt. Hvað með vísitölufrv., sem hæstv. sjútvrh. leggur nú mikið kapp á að sé afgreitt. Fjallar það ekki um að taka fram hjá skiptum hjá verkafólki í landinu með lögum og án samkomulags við verkalýðshreyfinguna? Og hvernig var það með fiskverðsákvörðunina sjálfa um s. l. áramót? Mótmæltu ekki sjómenn og sögðu að það væri einmitt verið að taka fram hjá skiptum með því að stofna til niðurgreiðslna á olíu? Ekki hefur þetta boðorð sjútvrh. verið sérlega vel haldið og ekki einu sinni í þeim málum sem eru til umfjöllunar í þinginu núna. Þetta talaði hann þó um sem mikilvægt boðorð þessarar ríkisstj.

En það verður líka að teljast mjög athyglisvert, sem kom fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv., að Alþb. hafi talið að fiskverðshækkunin um áramótin hafi verið of mikil, að kauphækkun til sjómanna hafi verið of mikil. Ég minnist þess ekki að hafa lesið það í Þjóðviljanum á þeim tíma að fiskverðshækkunin hafi verið of mikil eða að kauphækkunin hafi verið of mikil. Ég held að allir hafi staðið í þeirri meiningu að hér væri um ákvörðun ríkisstj. að ræða. En það sem var kannske merkilegast í sambandi við þetta allt saman var þó það, að Alþb., ef það var svona óánægt með þessa ákvörðun og taldi, eins og hv. 11. þm. Reykv. upplýsir nú, að þar með væru forsendurnar brostnar undan brbl., skyldi ekki gera neinn reka í málinu, að það skyldi ekki skipta neinu máli að forsendurnar undir því frv., sem þá var hér enn til umfjöllunar, skyldu vera brostnar, að Alþb. skyldi kappkosta jafnmikið eftir sem áður að fá frv. samþykkt, að Alþb. skyldi þykja alveg jafngott að sitja í ríkisstj. þó forsendurnar fyrir frv. væru brostnar, eftir því sem hv. 11. þm. Reykv. upplýsir nú.

Þetta segir sína sögu. En það er ekki nóg með að Alþb. upplýsti ekki um það á þeim tíma að forsendurnar væru að þess dómi brostnar, enda held ég að það hafi uppgötvað það eftir á, heldur tók fulltrúi þess þátt í undirbúningi að því frv., sem það er nú að reyna að sverja af sér, nefnilega vísitölufrv., og virðist hafa gert þar ágreining aðallega um það, með hvaða hætti frádráttarliðir skyldu ákveðnir, þ. e. frekar skyldi vera fastur frádráttur en í upptalningu, eins og er hjá hæstv. forsrh. Mér sýnist felast í þessu veruleg sýndarmennska, ég verð að segja það alveg eins og er.

Það dugar ekki fyrir hæstv. sjútvrh. heldur að afgreiða málið eiginlega þannig, að það séu rangar forsendur undir forsendum hv. 11. þm. Reykv., en það var eiginlega það sem hæstv. sjútvrh. var að reyna að segja. Sjútvrh. hafði auðvitað rétt fyrir sér um að ekkert hefði gengið hjá núv. ríkisstj., hún hefði ekki náð árangri, en það var fyrirsjáanlegt fyrir löngu.

Þá vil ég benda á annað sem hæstv. sjútvrh. sagði. Hann sagði: Það lá fyrir í febr.-mars að það þyrfti að grípa til aðgerða. Þegar stjórnarandstaðan hafði þetta á orði fyrri hluta ársins var því mótmælt. Og í brbl. ríkisstj. er það gefið í skyn og beinlínis sagt í grg., að hér hafi skyndilega komið fram einhver vá sem þyrfti að grípa til aðgerða gegn, hún hafi skyndilega komið fram á miðju sumri. En takið eftir því að hæstv. sjútvrh. segir eins og við höfum sagt í Alþfl.: Þetta lá fyrir við upphaf ársins. — Það var ágætt að fá einmitt þetta staðfest af hálfu hæstv. sjútvrh.

En það er rétt að aðferðir ríkisstj. hafa ekki dugað. Það hefur legið fyrir í langan tíma. Ríkisstj. kemur sér ekki saman um neinar aðgerðir í efnahagsmálum, ekki neinar aðgerðir yfir höfuð tekið. Hér hefur t. d. verið útbýtt í dag stórri bók, sem ég veit ekki hver hefur kostað. En hún er frv. flutt af þm. Það er ekki flutt af ríkisstj., ekki flutt af ráðh. Þetta frv. er flutt af þm. Ég er þó helst á því að eitthvað af tilkostnaðinum við það efni, sem finna má í þessari þykku bók, hafi verið borgað úr ríkissjóði, en ekki af hálfu þeirra þm. sem hér um ræðir. En þessi bók er líka til marks um að ríkisstj. kemur sér ekki saman í neinum málum.

Í haust lá fyrir að ríkisstj. hafði ekki meiri hl. hér á Alþingi til að koma málum sínum fram með eðlilegum hætti. Þá var ljóst að það væri komin upp jafnteflisstaða hér á þinginu, stjórnarandstaðan gæti ekki komið fram sínum málum, ríkisstj. gæti ekki komið fram sínum málum heldur með eðlilegum hætti. Úr þessari stöðu hefur skapast það öngþveiti sem nú ríkir í efnahagsmálum. Af henni hefur leitt þá upplausn sem nú ríkir í stjórnmálum. Við vöruðum við þessu, Alþfl.-menn, í haust. Við sögðum að réttast væri fyrir stjórn og stjórnarandstöðu að viðurkenna bara staðreyndir, þá jafnteflisstöðu sem upp væri komin, og það yrði mynduð ný ríkisstj., en þessi ríkisstj. segði af sér, við skyldum koma okkur saman um hvernig ætti að haga landsstjórninni á þessu tímabili. Þessu var hafnað. En uppskeran hefur líka verið það efnahagslega öngþveiti sem nú ríkir og sú stjórnmálalega upplausn sem við sjáum fyrir augum okkar. Það þarf engan að undra að þetta hafi farið svona, en þetta þurfti ekki að fara svona.

Hér sitja menn enn með vísitölufrv. sín, hvort sem þau heita brbl. eða vísitölufrv., þar sem þjarkað er um fáein prósentustig. Hér rífast menn enn um hvað sé samþykkt á ýmsum stöðum úti í bæ, hvernig beri að túlka 1. gr. frv., sem varð til fyrir hálfu ári, en það er eins og menn gleymi að það er 70% verðbólga og atvinnulífið stendur mjög ótraustum fótum og getur brostið hvenær sem er.

Ég sé ekki að þetta þinghald skipti verulegu máli héðan af. Það sem skiptir máli er að menn komist í kosningar. Tilboðum stjórnarandstöðunnar um samvinnu um landsstjórnina hefur ekki verið svarað með aðgengilegum hætti og uppskeran er það ástand sem við höfum nú.

Þessu ástandi verður vitaskuld að linna. Það væri fyllsta ástæða til þess fyrir þm. að taka saman höndum um að finna leiðir til þess að atvinna verði ekki í hættu og hér fari ekki allt upp í loft í þjóðarbúinu þangað til kosningar hafa farið fram, en það er kannske of seint. Þetta þinghald er að verða harla tilgangslaust.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég skal hafa ths. stutta, en ég óska eftir að hæstv. sjútvrh. hlýði á hana.

Áður en ég kem að því tel ég nauðsynlegt að leiðrétta þann misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni. Það fólst á engan hátt í mínum orðum fyrr í dag að ekki ætti að fara eftir þingsköpum varðandi meðferð þessa máls, þvert á móti. Ég tók það sérstaklega fram að nefndin ætlaði að fjalla um málið. Ég gat þess að hún hefði þegar ákveðið fund á morgun og þá yrði fjallað um málið, ef enginn hefði við það að athuga. Ég get ekki með nokkru móti skilið að hér felist í aðdróttun um ranga meðferð málsins.

En aðalerindi mitt var að koma á framfæri athugasemd við hæstv. sjútvrh. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur umr.)

Herra forseti. Ég þakka fyrir að náð hefur verið í hæstv. sjútvrh. og mér gefið tækifæri til að gera hér örstutta ths. til að leiðrétta grundvallarmisskilning, sem kom fram í hans ræðu.

Ég tók enga afstöðu til þess í minni ræðu hvort fiskverðsákvörðun til sjómanna í janúarmánuði hefði í sjálfu sér verið of há eða ekki eða hvort sjómenn hefðu átt rétt á því að fá þessa hækkun eða ekki. Það eina sem ég sagði og er alveg ljóst er það, að hún er hærri en þau viðmið sem tilgreind eru skýrt og greinilega í 1. gr. þessara brbl., sem við erum hér að fjalla um. Þar er kveðið alveg skýrt á um að hækkun fiskverðs eigi ekki að vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. sept. til þess tíma er fiskverðsákvörðun tekur gildi. Það var þetta sem ég vakti skýrt og greinilega athygli á. Það var um það samkomulag og yfirlýst af hálfu ríkisstjórnaraðilanna allra í ágústmánuði að þessir þrír þættir skyldu hækka eins. Ég er reiðubúinn að leiða fram margvíslegar yfirlýsingar frá framsóknarmönnum, ráðherrum, málgagni Framsfl. og öðrum þar sem það kemur skýrt fram.

Það er alrangt, sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan, að það hefði legið fyrir þegar þessi brbl. voru samþykkt í ríkisstj. að ekki gæti orðið sama hækkun á fiskverði og á hinum liðunum tveimur. Ef það hefði legið fyrir var það satt að segja sérkennilegt að orða 1. gr. á þann hátt að tilgreina það sérstaklega í lagasetningunni að fiskverðið ætti að hækka hið sama. Ég held að það sé nú, þegar horft er til baka, alveg ljóst að ekkert slíkt lá fyrir, eins og hæstv. sjútvrh. var hér að segja.

Gagnrýni okkar Alþb.-manna byggðist ekki á því að fiskverðshækkunin til sjómanna hefði í sjálfu sér verið of há. Það höfum við aldrei sagt. Við höfum eingöngu bent á að fiskverðsákvörðunin varð meiri en ákveðið hafði verið í brbl.-setningunni að hún ætti að vera. Þar af leiðandi varð gengisfellingin í jan. meiri og þar af leiðandi varð verðbólgan meiri. Það er sú grundvallarafstaða sem ég hef hér verið að lýsa. Ég tek ekki neina afstöðu til þess hvort laun sjómanna eða laun fólks í landi eða laun bænda eigi að vera þessi upphæð eða önnur, heldur er ég eingöngu að vekja athygli á því að verðbólgan hefur á undanförnum mánuðum og verður á næstu mánuðum um 5—6% meiri en hún ella hefði orðið, ef yfirlýstur tilgangur 1. gr. brbl. hefði fengið að ná fram.

Svo þakka ég hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að leiðrétta þennan misskilning.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í 1. gr. frv. til l. um efnahagsaðgerðir segir:

„Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. sept. 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. sept."

Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað fiskverð til eins mánaðar. Þetta lá fyrir þegar það var ákveðið og var skýrt með því að ljóst var að vegna annarra hækkana, sem höfðu orðið, yrði útgerðin ekki rekin með slíkum

kostnaðarhækkunum án annarra aðgerða. Ekki var út af fyrir sig tekin afstaða til þess, hvort þá ætti að bæta útgerðinni það með enn meiri niðurgreiðslu olíu, fram hjá skiptum eða með öðru slíku. Ég er ákaflega undrandi ef þetta hefur farið fram hjá hv. þm. Það fór a. m. k. ekki fram hjá nokkrum manni sem nálægt sjávarútvegsmálunum kom á þeim tíma. Ég ræddi áðan ítarlega hvers vegna menn vildu fá nokkru meira svigrúm til að skoða þetta.

Það stendur enn, að hv. þm. hefur sagt, m. a. í fjölmiðlum, að ég hafi rofið samkomulagið með of mikilli hækkun fiskverðs. Ég hef skýrt vandlega hvernig sú hækkun fiskverðs var ákveðin með tilliti til tekna sjómanna. Ég skýrði það hér áðan. Það var mat mitt og margra annarra, sem að þessu komu, að hækkun fiskverðs um 12—14% væri það sem sjómenn ættu inni til að hafa svipaðar tekjur, og ég get ómögulega skilið ummæli hv. þm. öðruvísi en svo, að í þessu broti mínu felist að ég hafi tryggt sjómönnum óeðlilega háar tekjur. Ég hlýt að geta gagnályktað þannig.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er alvarlegt ástand í atvinnumálum í heimabyggð minni á Suðurnesjum. Þar hefur verið viðvarandi atvinnuleysi um langt skeið, en nú er það alvarlegra en nokkru sinni fyrr. Í janúarmánuði s. l. voru í Keflavík skráðir 3831 atvinnuleysisdagur. Alls voru á skrá í jan. 260 manns. Undanfarin ár hefur atvinnuleysi þar verið nokkuð í janúarmánuði, en það hefur horfið þegar vertíð hefur hafist af fullum krafti. Nú er hins vegar svo, að enn, á hávertíðinni, eru fjölmargir skráðir atvinnulausir. Það segir sína sögu um ástand mála í dag.

Síðast á föstudag voru 66 körlum og 110 konum greiddar atvinnuleysisbætur — fólki sem enn hefur ekki fengið atvinnu þrátt fyrir mikla leit. Ástæðan fyrir þessu ástandi er vafalaust margslungin. Fyrst og fremst má ætla að stjórnleysi í efnahagsmálum og hrikaleg verðbólga eigi hér sök á. Fiskvinnslufyrirtæki syðra eru á brauðfótum. Flest þeirra hafa farið af stað, enda er vertíð í fullum gangi. Þau fyrirtæki sem enn skrimta halda áfram rekstri af miklum vanmætti. Menn hafa haldið í vonina um aðgerðir stjórnvalda rekstrinum til bjargar. Sú von hefur brugðist enn sem komið er.

Það vekur athygli þess fólks, sem gengur atvinnulaust, að nú, þegar fólk vantar vinnu, siglir hver togarinn á fætur öðrum til útlanda með aflann. Eitt stærsta fiskvinnsluhúsið á Suðurnesjum er lokað, hús kaupfélagsins, en togarar þess, sem eru tveir, sigla með aflann nú og selja hann þessa dagana. Þetta er gert meðan önnur hús vantar sárlega fisk til vinnslu og starfa með hálfum afköstum.

En ástandið er ekki aðeins slæmt í Keflavík. Í Garðinum er svo komið að allir togarar, sem þar eru gerðir út, þrír talsins, hafa siglt með aflann frá áramótum. Í Grindavík er fjárhagsstaða Hraðfrystihúss Grindavíkur slík, að í dag átti að bjóða fyrirtækið upp vegna skulda. Þessu uppboði hefur nú tekist að fresta um stutta stund, en bátum fyrirtækisins er haldið úti þar sem einn einstaklingur gekk í persónulega ábyrgð fyrir því að greiða þá olíu sem bátarnir þurfa þessa dagana.

Þá er rétt að það komi fram, að fyrirtæki í Keflavík og Njarðvíkum, sem fóru af stað í þeirri von að grundvöllur rekstrarins yrði lagaður með stjórnvaldaaðgerðum, hafa tilkynnt verkalýðsfélaginu að hæpið sé að þau greiði verkafólkinu laun á föstudaginn kemur, haldi svo fram sem horfir.

Það hefur komið fram hér á Alþingi að væntanlegar séu aðgerðir til úrbóta. Þessar aðgerðir hafa ekki séð dagsins ljós. Á meðan ríkir atvinnuleysi og fyrirtækin eru á brauðfótum. Ástæða er til að óttast að enn meira atvinnuleysi verði á næstunni verði ekkert að gert. Fari svo er hætta á að fyrirtækin koðni niður með tilheyrandi afleiðingum. Hin ýmsu þjónustufyrirtæki, t. d. rafverkstæði og fyrirtæki í málmiðnaði, gjalda mjög þess ástands og er vandséð um rekstur þeirra vegna þess hve útgerðin skuldar þeim mikið. Í mörgum tilfellum er svo komið, að útgerðinni er haldið gangandi fyrir biðlund þessara fyrirtækja, sem nú eru að gefast upp. Ég hef því ákveðið að spyrja hæstv. sjútvrh. um eftirfarandi:

1. Hvað er fyrirhugað að gera til varnar atvinnuleysinu?

2. Eru fyrirhugaðar aðgerðir til stuðnings þeim fyrirtækjum, sem nú eru lokuð, og þeim, sem hætta rekstri, verði ekkert að gert, og hver verða þessi úrræði, ef til kemur?

Þá krefst ég þess, að ríkisstj. sjái sóma sinn í því að stöðva siglingar togaranna á meðan fiskvinnsluhúsin sárvantar fisk og fólkið gengur atvinnulaust.

Það er ljóst að til þurfa að koma aðgerðir til lausnar á þessum vanda. Hér á Alþingi fer tíminn í hvers konar snakk á meðan atvinnulífið er að brenna upp. Fólkið hrópar á atvinnu. Það á rétt á því að njóta þeirra sjálfsögðu mannréttinda. Ég skora á hæstv. ráðh. og ríkisstj. að bregðast fljótt við þessum vanda og legg þessar spurningar fyrir ráðh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi míns máls upplýsa að siglingar heyra ekki undir sjútvrh., heldur viðskrh. og viðskrn. Það rn. hefur haft með siglingar að gera í samráði við Landssamband ísl. útvegsmanna. Eflaust sigla þessir togarar á leyfi sem þeir hafa fengið þaðan, ég hef ekki kynnt mér það nánar.

Hins vegar vil ég segja það, að því miður hefur togaraafli frá áramótum verið mjög slakur og ekki er síður slæmt að samsetning þess afla hefur verið mjög slæm, mikill karfi, sem er ákaflega óhagkvæmur í vinnslu hjá frystihúsunum. Satt að segja eru sum frystihúsin alls ekki í stakk búin til að vinna karfann, hafa ekki nægar vélar. Ég er ekki nógu kunnugur því hvernig er hjá einstökum húsum á Suðurnesjum að þessu leyti, en ég veit að víða á landinu hafa menn gripið til þess ráðs að láta skipin sigla, því að verð fyrir karfa hefur verið gott á erlendum markaði. Þetta er ein af ástæðum þess að skip sigla með afla sinn.

Hins vegar vil ég taka undir það, sem hv. þm. sagði, að það eru verulegir erfiðleikar hjá fiskvinnslufyrirtækjum á Suðurnesjum. Reyndar eru um 20 hús um landið í mjög miklum erfiðleikum og hafa ekki hlotið aðstoð

eins og ýmis önnur fengu í framhaldi af starfi sérstakrar nefndar sem skipuð var í því skyni að skoða rekstrargrundvöllinn og gera tillögur um fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í fiskvinnslunni. Svipað var gert á árinu 1978 og 1979, þegar að þessu störfuðu þrír menn á vegum hæstv. sjútvrh. sem þá var, Kjartans Jóhannssonar.

Í þessu skyni var gert ráð fyrir að ráðstafa 50—60 millj. af gengismun. Hv. Nd. felldi það hins vegar úr frv. sem hér var til meðferðar í deildinni í dag. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég tel að það hafi verið hin alvarlegustu mistök. Ætlunin var m. a. að ráðstafa hluta af því fé til húsa á Suðurnesjum. Þau voru þar mjög ofarlega á lista. Ég vek athygli á því að 1978—79 var einmitt gengismun ráðstafað til fjárhagslegrar endurskipulagningar og hagræðingar. Ég held satt að segja að hv. stjórnarandstæðingar, a. m. k. í Nd., megi líta í eigin barm þegar þeir spyrja hvernig á að bjarga þessum húsum.

Ég er ekkert sérstaklega hrifinn af því að taka erlent lán í þessu skyni. Það var ekki gert 1978—1979. Þá var, eins og ég sagði, notaður gengismunur og lánaður á tiltölulega hagkvæmum kjörum. Hugmyndin var að gera eitthvað svipað nú. Ég vil hins vegar upplýsa það, að eftir að þetta var fellt hef ég átt viðræður bæði við Seðlabanka og viðskiptabanka um þessi alvarlegu mál og þau eru í athugun hjá ríkisstj.

Ég endurtek það, sem ég sagði, að það er ekki góður kostur að taka erlent lán og lána þessum húsum. Það kann að verða neyðarúrræði eftir að búið er að fella niður gengismun. En áður en það er gert vil ég skoða mjög vandlega hvað bankarnir geta gert í þessu sambandi. Það er í fullum gangi og hófst strax og séð var að ekki fengist í gegn heimild til að taka umræddan gengismun. — [Fundarhlé.]

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég rakti hér áðan hvers konar erfiðleikar hrjá atvinnulífið suður á Suðurnesjum. Reyndar eru slíkir erfiðleikar víðar um land og hefur það skapað atvinnuleysi nú þegar í ýmsum byggðarlögum og þá sérstaklega þar sem ég þekki best til, í Keflavík og Njarðvík. Ég á von á að á næstunni verði ástandið mun alvarlegra, ef svo heldur áfram sem horfir, og önnur fyrirtæki komi til með að loka með tilheyrandi atvinnuleysi fyrir það verkafólk sem þar starfar. Sjútvrh. svaraði hér áðan og ræddi þessa erfiðleika, en mér fannst sem bráðar aðgerðir væru ekki væntanlegar, og veltur því vandinn áfram yfir menn.

Það var og sagt að það sem skipti sköpum í þessu væri það, að ekki hefði verið samþykkt að taka úr gengismunarsjóði af skreiðarbirgðum. Ég tel það ekki skipta sköpum og það hafi verið rangt að ætla að gera það. Þó þetta hafi verið gert áður ætti mönnum nú að vera ljóst, hvers konar erfiðleika skreiðarframleiðendur hafa átt við að etja undanfarna mánuði og jafnvel ár. Ég benti á það, að á Suðurnesjum t. d. fer fram um 20% af allri skreiðarverkun á landinu. Ef farið hefði verið eftir frv. óbreyttu hefðu verið fluttar þar ca. 13.5 millj. frá þessum skreiðarverkendum, þeim sömu sem nú eru að stynja undan erfiðri afkomu. Ekki á ég von á því, að sú sýslan að taka fé úr gengismunarsjóði hefði orðið til að bæta úr erfiðleikum þeirra, aldeilis ekki. En aðgerða er þörf og ég vona að það takist að uppræta það atvinnuleysi sem er syðra og verður enn meira á næstunni ef að líkum lætur.

Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig til að fjölyrða um þetta, en legg á það enn áherslu, að samþykkt þessarar tillögu varðandi gengismunarsjóð, þ. e. að taka gengismun af skreiðarverðmætum, hefði engu bjargað. Það hefði gert auma aumari.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta eru að ýmsu leyti mjög athyglisverðar umr. Hv. þm. Karl Steinar hefur gert grein fyrir því hversu bágborið atvinnuástandið er á Suðurnesjum. Ég hefði getað flutt svipaða ræðu um hvernig atvinnuástandið hefur verið í Hafnarfirði að undanförnu og víðar um kjördæmið. Hundruð manna hafa verið atvinnulaus frá áramótum og er ekki fyrirsjáanlegt að neitt rætist úr.

Hér er borin fram einföld spurning til hæstv. sjútvrh. um hvaða ráðstafanir ríkisstj. ætli að gera til þess að bregðast við þessu. Þarna er líklega hlutfallslega mest atvinnuleysi á landinu og hjá fólki sem ekki á kost á því, ekki hefur menntun eða starfsþjálfun til þess, að fara í önnur störf en þau sem hafa verið lögð niður. Og hver eru svör ráðh.? Veit það ekki. Veit það ekki. Það er ómögulegt að segja.

Og svo segir hæstv. ráðh.: Jú, jú það eru svo og svo mörg fyrirtæki á hausnum. Ekki bara þarna, heldur víðar. Ástandið er svona um allt land. Tugir fyrirtækja eru á hausnum. — Þetta er árangurinn af stjórnarstefnunni. Þetta er árangurinn af því að þessi ríkisstj. bisar við að sitja löngu eftir að hún ætti að vera farin frá völdum: Atvinnuleysi, engin ráð.

Sjávarútvegur, sem hæstv. ráðh. var að lýsa hér í umr. áðan að væri undirstaða alls á landinu og yrði að reka á heilbrigðum grundvelli, en ekki með gegndarlausu tapi, ef það hefði verið eitthvert vit í efnahagslífinu á Íslandi, — hver er staða hans nú? Jú, hann er á hausnum. Þetta er vitnisburður sjútvrh. sjálfs um það, hvernig hafi tiltekist hjá þessari ríkisstj. Og afleiðingarnar blasa við í atvinnuástandinu og víðs vegar í þjóðfélaginu í kringum okkur.

Það er auðvitað alveg hárrétt, og allir hefðu átt að sjá það fyrir löngu, að ef sjávarútvegurinn er á hausnum er íslenskt atvinnulíf á hausnum. Þá gengur íslenskt atvinnulíf ekki upp. Það er ekki hægt að reka þjóðfélag með þeim hætti að útgerðin og fiskvinnslan lifi á bónbjörgum frá mánuði til mánaðar. Hvernig hafa þessi fyrirtæki verið rekin að undanförnu? Þau hafa verið rekin á tékkum frá ríkisstj. Það er ekki hægt að hafa ástand atvinnulífsins með þessum hætti. En ég segi það og tek undir með hv. þm. Karli Steinari, að auðvitað verður að grípa til aðgerða til þess að hundruð manna gangi ekki atvinnulaus með þeim hætti sem hér hefur átt sér stað. Það verður ekki þolað. Nóg hefur dunið yfir þessa þjóð vegna óstjórnar undanfarin misseri þó að það eigi ekki enn að bitna á fjölda heimila með þeim hætti að menn hafi ekki vinnu og geti ekki séð sér farborða.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrst út af orðum hv. fyrirspyrjanda, 3. landsk. þm., um skreiðarverkun og afkomu.

Mér virðast fullyrðingar hans á ansi mikłum misskilningi byggðar. Ég hef endurtekið hvað eftir annað alveg sérstaklega í ítarlegum umr. í hv. Nd., að að sjálfsögðu er greiðsluerfiðleiki skreiðarframleiðenda mjög mikill

því að þeir eiga mikið fjármagn bundið í skreið. Hins vegar lagði ég fram í hv. Nd. útreikninga frá Þjóðhagsstofnun á því hvernig afkoma skreiðarverkunar væri þegar skreiðin selst. Ég verð að minna hv. þm. á að skreiðarframleiðendur eru með afurðalán, við skulum segja í kringum 50% af verðmæti skreiðarinnar, á 33—37% vöxtum. Það er mjög hagkvæmt þegar dollarinn hækkar á einu ári um yfir 100%, ákaflega hagstætt. Og í þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar, þar sem metinn var geymslukostnaður og tekið tillit til þess gengismunar sem átti að taka, kom í ljós að eigið fjármagn, eða það fjármagn sem ekki var fengið að láni með afurðalánum, var ávaxtað um 240% á ári. Ég geri mér grein fyrir að svona reikningar kunna að vera nokkuð erfiðir, en ég er sannfærður um að Þjóðhagsstofnun hefur gert þá eftir bestu vitund. Mér er fyllilega ljóst að skreiðarframleiðendur hafa ekki tekið fjármagn undan koddanum og geyma það í skreið. Það er lánsfé. En það er svo mikill munur á dollaragengisbreytingunni og vöxtum á afurðalánafénu að það stendur undir miklum vaxtakostnaði af öðru fjármagni, eins og kemur fram í þessum tölum.

Ég vek athygli á því, að aldrei var um það að ræða að taka neitt af skreiðarframleiðendum fyrr en skreiðin færi. Það var ekki verið að skattleggja þá fyrr en skreiðin fer. Það má hins vegar deila um hvort afurðalánavextirnir eru alltof lágir. Sumir hafa haldið því fram. Ég hef talið það eðlilega tilfærslu. Þetta er vissulega tilfærsla á fjármagni til fiskframleiðenda með lágum afurðalánavöxtum. Ég hef ekki talið það óeðlilegt, m. a. miðað við gífurlega aðstoð sem okkar keppinautar erlendis fá o. s. frv. og ég ætla ekki að fara að rekja hér. Þetta er því að mínu mati á miklum misskilningi byggt, sem hér var sagt áðan og gefið var til kynna, að verið væri að skattleggja skreiðarframleiðendur óeðlilega.

Hvort unnt hefði verið að fá lán út á þetta. Ég get fullvissað hv. þm. um að það var hægt og ríkisstj. treystir sér til að ábyrgjast lán sem væri tekið með slíkri baktryggingu. Staðreyndin er sú, að þrátt fyrir erfiðleika á fyrri árum — slíkir erfiðleikar hafa verið margir — hefur skreiðin alltaf að lokum farið. Ég tel því að þetta sé á miklum misskilningi byggt og ég verð að segja að þetta kippi fótum undan því sem átti að gera.

Kem ég þá að því sem hv. 2. þm. Reykn. sagði hér áðan. Ég get ekki tekið undir það, að við vitum ekki hvað á að gera. Það lágu nákvæm plön fyrir og það veit hann. Hann veit m. a. að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar fékk lánaðar 4 millj. út á þetta væntanlega og annað fyrirtæki 3. Atvinnunni var komið í gang. Mjög mikið hefur verið unnið í þessum málum og liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um þau fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum. Vitanlega verður að skoða rekstrargrundvöll hvers fyrirtækis. Það er ekki bara hægt að gera kröfur á hendur ríkinu. Það verður að gera þá kröfu á hendur fyrirtækjunum að þau séu vel rekin. Ég ætla ekki að nefna nein fyrirtæki í því sambandi, alls ekki. En ég held að öllum sé ljóst að eins og rekstur eins togara Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar hefur því miður verið nú um lengri tíma, með miklum skakkaföllum, bilunum o. s. frv., má heita að það sé nánast vonlaust fyrir hvaða fyrirtæki sem er að standa undir slíku. Vonandi tekst að koma því í lag. Þarna er um erfiðleika að ræða, sem ég kenni ekki einum eða neinum um, og ekki er hægt að kenna ríkisstj. um þá erfiðleika.

Ég veit líka að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar eða forustumenn þar eru sjálfir að taka á þeim málum. Þeir hafa til þess fækkað verulega starfsliði og mér skilst að vinnulaunakostnaður hafi lækkað og sé kominn niður í eðlilegra horf. Ég sé ekki betur en það hafi sýnt sig á því sem þessir menn eru að skoða að hægt er að gera verulegar umbætur í rekstri. Vitanlega á ekki að lána fyrirtæki nema það geri það. Það verður að gera þá kröfu.

Ég get nefnt fleiri fyrirtæki á Suðurnesjum sem því miður hafa ekki getað gert nauðsynlegar umbætur í rekstri og reka áfram sín fyrirtæki með tapi. Meðan hv. þm. gegndi starfi sjútvrh. var lánað mikið til fyrirtækja á Suðurnesjum til að styrkja atvinnulíf þeirra. Ég gæti nefnt dæmi um fyrirtæki sem hættu við frystingu og fóru í söltun. Vitanlega skerti það mjög atvinnuástand. Ég skal ekki áfellast einn eða neinn fyrir það. Þessi fyrirtæki hafa talið söltunina arðmeiri. Önnur fyrirtæki kusu að halda áfram með frystingu og útgerð togara af atvinnuástæðum þrátt fyrir tapið. Ég tel ákaflega vafasamt að þau hafi haft efni á slíku. Mér sýnist, að ef reka á fyrirtæki sem atvinnubótafyrirtæki verði sveitarfélagið helst að reka slíkt fyrirtæki, einkaaðili hefur ekki tök á því. Ég vil vísa því algerlega á bug að ábyrgðin sé öll hjá ríkisstj. Ábyrgðin er vitanlega hjá atvinnurekendum líka.

Ég upplýsti hér áðan, að eftir að till. um gengismun var felld hef ég verið að kanna leiðir til útvegunar fjármagns í þessu skyni. Það verður þó væntanlega ekki með svo góðum kjörum sem lánað var út til hagræðingar og endurfjármögnunar á árunum 1978—1979, því miður. Við höfum ekki gengismun. Það verður eflaust að fullu verðtryggt lán og þau fyrirtæki, sem ætla að taka þau í endurfjármögnunarskyni og til að bæta sinn rekstur, þurfa svo sannarlega að standa sig vel eftir á. Þetta held ég að öllum hljóti að verða ljóst.

Ég vil upplýsa að ríkisstj. er svo sannarlega ljóst hvernig atvinnuástand er víða á Suðurnesjum og ég held að ég megi fullyrða að þeim fyrirtækjum, sem sýna dug í að hjálpa sér sjálf, verður hjálpað.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég gerði hér að umræðuefni áðan að meðan þetta ástand varir eru margir togarar í siglingum erlendis, jafnframt sem hin ýmsu fiskvinnslufyrirtæki í byggðarlögunum, þar sem þessir togarar eru staðsettir, skortir fisk og fólkið skortir atvinnu.

Það kom fram hér í svari, að sjútvrn. hefði ekki með það að gera að veita leyfi til siglinga. Mér er ljóst að svo er. Viðskrn. gerir það. Væntanlega gegnir einhver embætti viðskrh. meðan hann er erlendis. Ekki hefði verið óeðlilegt að samráðh. hans hefði svarað þessu, hvers vegna svona lagað er látið viðgangast meðan fólk gengur atvinnulaust.

Ég vil leiðrétta það, að það hafi verið lánað til Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar með það í huga að það kæmi úr þessum gengismunarsjóði. Það var skýrt tekið fram í Framkvæmdastofnun að það væri óháð því, og verður það sjálfsagt leiðrétt af samnm. mínum þar ef rangt er með farið. (**Sjútvrh.:** Kom það ekki úr ríkissjóði?) Fjármagnið kom úr ríkissjóði, en það var skilyrt af stjórn Framkvæmdastofnunar að hún liti á það alveg sem óháð mál.

Auðvitað er það svo, að hin ýmsu fyrirtæki eiga að spjara sig og atvinnurekendur eiga að spjara sig. Ég verð fyrstur manna til þess að halda því fram. En hitt er annað mál, að erfiðleikar í þessum útvegi eru ekki aðeins á Suðurnesjum. Það eru erfiðleikar um mestallt landið. Það er e. t. v. verr komið á Suðurnesjum vegna þess að aðstæður vegna aflasamsetningar og annars eru slíkar að erfiðleikarnir eru meiri þar. Þar er meiri fjöldi atvinnulausra í dag en annars staðar og því kannske brýnna að líta á þá erfiðleika en margt annað. Það sem ég er að fara fram á og verkafólkið fer fram á þar syðra er að fólkið fái atvinnu, fái að njóta starfskrafta sinna. Ég vona að ráðh. leggi sig fram um að svo geti orðið. En ég get ekki séð að það sé liður í því dæmi að láta togarana sigla óheft á meðan atvinnuleysisástand ríkir. Það er nú einu sinni svo, að það er viðskrn. sem veitir leyfi til þessara siglinga. Ég tel að það sé alveg út í hött að gera slíkt á meðan skortir fisk hjá öðrum fiskvinnslustöðvum en eiga þessa togara og á meðan fólkið gengur atvinnulaust.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það hefur komið allvel í ljós að hæstv. sjútvrh. hefur mjög gott skopskyn, því að hann gerði hér að umtalsefni hvort bilanir í togurum væru ríkisstj. að kenna, eins og það hefði getað verið sá boðskapur sem hér hefur verið boðið upp á. En ég held að það leysist ekki atvinnuástandið á slíku skopskyni einu sér. Ég trúi ekki öðru en hæstv. sjútvrh. sjái það, að ef greinin er í heild rekin með miklu tapi verði þessi tilfærsluleikur óvinnandi og skapi vandamál á einum stað í stað þess sem verið er að reyna að leysa. Það er ekki svo þægilegt að ætla sér að flytja mikla fjármuni frá fyrirtækjum, sem rétt komast af, til annarra, sem eru þá algerlega á hausnum. Það er afkoma greinarinnar í heild sem skiptir meginmáli.

Ég hef orðið mjög var við að fólk hjá fyrirtækjum, sem þó eru í gangi, óttast mjög um sinn hag og sína atvinnu vegna þessara sífelldu gengismunarráðstafana, sem vissulega hafa verið gerðar stundum áður, en ég tel að verði að fara sparlega í, — óttast um að það sé tekið af því fyrirtæki sem það hefur vinnu í til þess að færa öðrum og það muni þýða að það missi vinnuna. Ég hef heyrt verkafólk tala um þetta og segja sem svo: Ja, er ekki best að Steingrímur komi hingað og hirði nokkra balla af skreið eða svolítið af frystu flökunum, úr því að hann vill gera þetta upptækt og taka þessa fjármuni út úr fyrirtækjunum, sem eru þó eins konar trygging fyrir því að við getum haft vinnu áfram? Ég held að það sé rétt að menn átti sig á þessu.

Það er annað líka, sem almenningur á erfitt með að skilja. Það er að það skuli hægt að stunda gegndarlausan fjáraustur, t. d. í þann fræga togara sem verið er að kaupa á Strandirnar, það skuli ekki vera nein fyrirstaða við útvegun fjár. Það sama geta menn séð að því er varðar uppbyggingu á ýmsum ágætum fiskvinnslustöðum annars staðar, en á sama tíma er ekki hægt að mæta þörfum sem menn horfa á á sínum eigin vinnustöðum.

Vitaskuld eru fyrirtækin misjafnlega rekin og þess vegna hef ég ævinlega lagt mikla áherslu á það, að fyrst og fremst yrðu þeir, sem fyrirtækjunum stjórna, að vera ábyrgir gerða sinna, eins og sjútvrh. minntist hér á. En mönnum gerist nú lífið æðierfitt í þessari grein þegar þeir mega reikna með því að allir starfskraftar þeirra fari í að sitja við dyr bankastjóra, sjóða og ráðherra til að halda fyrirtækjunum gangandi. Það verður þá ekki mikið þrek eftir til að stjórna fyrirtækinu, — eiginlega hvorki til þess að stjórna því vel né illa. Það hlýtur að fara að reka á reiðanum.

Þó að úttektir séu góðra gjalda verðar, sem sjútvrh. gerði hér grein fyrir að hefðu verið unnar, lifa menn í þessari grein ekki á úttektunum — ekki frekar heldur en þeir í iðnaðinum á skýrslum frá iðnrh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Svo að ég noti nú orð hv. síðasta ræðumanns og byrji mál mitt með því að segja: „Það er kominn tími til að menn geri sér grein fyrir því."

Þegar af gengismun er tekið er gengi yfirleitt lækkað meira eða m. ö. o. er tekið tillit til þess. Svo var t. d. gert þegar gengismunur var síðast tekinn. Þá var það metið í afkomu af Þjóðhagsstofnun. Þegar gengi er lækkað meira er þjóðin auðvitað öll að greiða þetta. Fiskvinnslan fær meira fyrir afurðirnar erlendis, ef gengi er lækkað meira og gengismunur tekinn. Það er því furðulegt að þessi misskilningur skuli vera svo ríkur.

Hitt vil ég taka undir, að það orkar ávallt tvímælis að taka gengismun því að afkoman er ákaflega breytileg hjá einstökum greinum. Og í öðru lagi vil ég upplýsa að að mati Þjóðhagsstofnunar er fiskvinnslan rekin fyrir ofan núllið að meðaltali. Þær síðustu tölur sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun eru þannig. Sem betur fer eru nokkuð mörg fyrirtæki hér í landinu sem standa afkomulega séð vel. Það er fyrst og fremst greiðslufjárskortur sem veldur miklum erfiðleikum og má m. a. rekja til þess að mjög hefur verið hert að í því sambandi af hálfu Seðlabanka og af eðlilegum ástæðum, því að viðskiptahalli hefur verið mikill og er talið nauðsynlegt að reyna að draga úr þenslunni. Ég tel þó, að gengið sé of langt. T. d. hafa útgerðarlán ekki enn þá fengist hækkuð. Vonandi verður það þó fljótlega, það hlýtur að verða. Þegar litið er yfir fimm ára tímabil hafa útgerðarlán hækkað miklu minna en verðbólga. Sömuleiðis hafa viðskiptabankar dregið úr viðbótarlánum, afurðalánum. Þetta er að mínu mati mjög alvarlegt. Ég vildi sem sagt upplýsa að að mati Þjóðhagsstofnunar er fiskvinnslan fyrir ofan núllið.

Ég vil svo út af því sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan um 7 millj. kr., sem voru lánaðar og hann kvað hafa verið með fyrirvara, upplýsa að af hálfu ríkissjóðs voru þær með þeim fyrirvara að þetta yrði endurgreitt af gengismun, og má ég kannske best þekkja það. Hvort stjórn Framkvæmdastofnunar tók það gott og gilt skal ég ekkert um segja. Ég er löngu hættur að botna í málum þar innfrá. Líklega ber að álykta að stjórn Framkvæmdastofnunar endurgreiði ríkissjóði þessar 7 millj. Ég veit að fjmrh. verður feginn.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 370). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hérna fyrir litlu máli, sem óskað er afgreiðslu á áður en þingi lýkur, en það er frv. til l. um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna.

Í yfirfasteignamatsnefnd eiga sæti þrír menn, sem fjmrh. skipar. Það vill svo til, að þegar skipun hefur átt sér stað nú í seinni tíð hefur það borið upp á sömu daga

og verið er að ganga frá nýju fasteignamati. Þetta þykir ekki heppilegt. Er nauðsynlegt að hafa skipunartíma nefndarinnar þannig, að hún hefji störf sín að vori og sé þá að ljúka sínum störfum að vetrinum, einhvern tíma á nýbyrjuðu ári, en hún sé ekki, eins og nú er, rétt hætt störfum áður en nýtt fasteignamat er ákveðið, þannig að það falli í hlut nýskipaðrar fasteignamatsnefndar, sem kannske er skipuð mönnum sem hvergi hafa þar nærri komið, að gefa út nýtt fasteignamat. Það er að sjálfsögðu mjög óþægilegt og óheppilegt. Því er í samráði við núverandi yfirfasteignamatsnefnd farið fram á að skipunartímanum verði breytt. Mundi þá ný yfirfasteignamatsnefnd verða skipuð frá 15. maí n. k., ef frv. þetta yrði að lögum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, sem er afar einfalt, en legg mjög þunga áherslu á það við þá nefnd, sem fær þetta til meðferðar, að það fái fljóta afgreiðslu þar, enda hygg ég að útilokað sé að þetta sé nokkurt ágreiningsmál.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 44. fundur.

Miðvikudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 254). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. (þskj. 119). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Söluskattur, frv. (þskj. 80). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 274). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 381).

Orkulög, frv. (þskj. 219, n. 352, 353). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á orkulögum nr. 58 29. apríl 1976. Frv. þetta er stjfrv. Það er 156. mál þingsins og er á þskj. 219.

Iðnn. hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþ., þó með nokkrum breytingum sem nefndin leggur til að verði gerðar á frv. Þær breytingar er að finna á þskj. 353.

Eins og getið er í grg. frv. er efni þess í samræmi við tillögur vinnuhóps sem starfað hefur á vegum iðnrn. til þess að leita lausnar á vanda ýmissa hitaveitna. Í vinnuhóp þessum voru þeir Páll Flygenring ráðuneytisstjóri, Karl Ragnars deildarstjóri vinnslutæknideildar Orkustofnunar og Gylfi Ísaksson verkfræðingur. Iðnn. fékk þá Karl og Gylfa á fund n. Gáfu þeir upplýsingar og ábendingar um gagnlegar breytingar á frv. og svöruðu spurningum nm. Þess skal getið að Páll Flygenring var erlendis, þegar iðnn. fundaði um frv., og af þeim orsökum gat hann ekki komið á fund iðnn. við umfjöllun á frv.

Frv. þetta felur í sér endurskoðun á lánakjörum Orkusjóðs á lánum til jarðhitaleitar svo og ákvæði um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af borverkum og aðföngum til jarðhitaborana. Einnig er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita lán úr Orkusjóði til rannsókna vegna leitar og undirbúnings vinnsluborana.

Með samþykkt þessa frv. verður veigamikil breyting frá gildandi lagaákvæðum, þar eð Orkusjóður tekur á sig áhættu við hverja borun, ef árangur verður lélegur og einnig ef kostnaður fer upp úr öllu valdi, t. d. vegna þess að bor festist í borholum eins og oft kemur fyrir. Slík óhöpp geta verið mikið fjárhagslegt áfall fyrir hinar minni hitaveitur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni frv., enda fylgir því ítarleg grg. og hæstv. iðnrh. gerði því ítarleg skil við 1. umr.

Brtt. þær, sem iðnn. flytur á þskj. 353, eru að hluta orðalagsbreytingar og til þess að gera ákvæði laganna skýrari.

Við 1. gr. frv. leggur n. til að verði orðalagsbreyting, þ. e. í stað orðanna „Fella skal niður“ verði sagt: Eigi skal innheimta.

Í 2. gr. frv. stendur: „jarðfræðilegum yfirborðsrannsóknum“. Iðnn. leggur til að þar verði sagt: jarðvísindalegum forrannsóknum. Þetta er eftir tilvísan þeirra Orkustofnunarmanna. Þetta orðalag nái betur yfir það hugtak sem þarna er átt við.

Í 3. gr. er orðalagsbreyting í upphafi 2. mgr. Í stað „Þegar“ komi: Áður en.

Í 3. mgr. er í stað orðanna „Ef tiltekin borun reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en búist hafði verið við“ lagt til að komi: Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til samkv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð

fyrir. — Þetta er fyrst og fremst til frekari skýringar og áherslu. Síðar í þessari sömu mgr. er lagt til að á eftir orðunum „minni en upphaflega var gert ráð fyrir" komi: og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum.

Iðnn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér skýrt frá.

ATKVGR.

Brtt. 353, 1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 353, 2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 353, 3 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Hreppstjórar, frv. (þskj. 267, n. 356). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um hreppstjóra nr. 32 frá 26. apríl 1965. Frv. þetta gerir ráð fyrir að breyta þeim lagaákvæðum sem gilda um hreppstjóra og eru helstu nýmæli í frv. þau, að hreppstjórum er gert að hlíta almennum reglum um starfsaldurshámark opinberra starfsmanna, þ. e. að miðað verði við 70 ár, og einnig er reglum um útreikning á launum þeirra breytt á þann veg að launin eru ákveðin sem tiltekinn hundraðshluti af launaflokki er fjmrh. ákveður nánar. Launin miðast að nokkru við íbúatölu í viðkomandi hreppi, líkt því sem nú er. Þó er sú meginbreyting gerð, að hreppstjórar í hreppi með íbúa yfir 500 talsins fá sömu laun.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til við þessa deild að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 270, n. 360). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál fjallar um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nánar tiltekið um hvernig Verðlagsráð skuli skipað þegar fjallað er um verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum.

1. gr. er um það, að þegar um verðlagningu á þessum sjávarafla er að tefla skuli vera í ráðinu auk fastra fulltrúa einn fulltrúi af hálfu félaga seljenda og einn fulltrúi af hálfu kaupenda. Þannig stendur á með t. d. rækjuseljendur, að þeir hafa ekki með sér landssamband. Hins vegar eru til nokkur félög rækjuveiðimanna, sem oft eru jafnframt útgerðarmenn, það eru félög á hinum ýmsu svæðum, þannig að þegar valinn skal fulltrúi þeirra verður að gera það með góðu samkomulagi við viðkomandi félög.

Sjútvn. Nd. hefur fjallað um þetta mál og orðið ásátt um að mæla með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem kemur fram í nál. á þskj. 360, þar sem einu orði er bætt við textann, þannig að í stað orðanna „af hálfu seljenda" komi orðin: af hálfu félaga seljenda.

ATKVGR.

Brtt. 360 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 303, n. 358). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í Ed. og er um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og er flutt sem stjfrv. Það fjallar um aðild þeirra, sem stunda grásleppuveiðar, að Aflatryggingasjóði. Í Ed. var, eftir að umsagna var leitað, gerð nokkur breyting á frv. Hefur sjútvn. hv. Nd. kynnt sér þá breytingu, sem þar var gerð, og telur að sú ætlun sem fólst í frv. því, sem sjútvrh. mælti fyrir, komi að fullum notum í góðri samvinnu við Aflatryggingasjóð með þeirri breytingu sem gerð var. Nefndin er því sammála um afgreiðslu þessa máls og leggur einróma til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þó að það komi þessu frv. sem slíku ekki beint við, en snerti á hinn bóginn málefni sjávarútvegsins og raunar atvinnuveganna allra, þá tel ég óhjákvæmilegt út af orðaskiptum sem ég átti í síðustu viku við hæstv. fjmrh. hér í Nd. að beina þeirri spurningu til þeirra ráðh. sem hér eru inni núna, hvort þess sé að vænta að frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár komi nú í þessari viku.

Það er mjög skammt til þingslita og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá röskun sem drátturinn á því að lánsfjárlögin séu lögð fram hefur á atvinnulífið í heild. Þm. verða varir við það á hverjum einasta degi að fyrirtæki eiga í erfiðleikum vegna þess að þau njóta ekki eðlilegrar fyrirgreiðslu hjá sínum stofnlánasjóðum, og skiptir þá engu hvort talað er um Fiskveiðasjóð eða aðra sjóði. Á hinn bóginn er óverjandi með öllu að við þm. stjórnarandstöðunnar rekum ekki á eftir því eins og okkur er unnt að lánsfjárlögin verði lögð fram. Hæstv. sjútvrh. hefur mjög gamnað sér yfir því á síðum Tímans, og mér heyrðist hæstv. félmrh. lýsa því yfir í gær, að honum þætti stjórnarandstaðan slöpp. Nú man ég ekki betur en hæstv. félmrh. hafi í gær talað um íslenska atvinnustefnu, haft mörg orð um að ekki mætti til atvinnuleysis koma og lét sem hann vissi ekki um þá miklu erfiðleika sem atvinnureksturinn á nú við að búa. Við sem tölum við menn úr atvinnulífinu á hverjum degi vitum vel að það líður senn að því að fyrirtækin

stöðvist. Bankarnir eru farnir að herða ólarnar. Það er búið að stöðva frekari fyrirgreiðslu hjá bönkum við fjölmörg fyrirtæki, ríkissjóður gefur ekki eftir sinn hluta og þar fram eftir götunum. Ég hefði að vísu kosið, herra forseti, að hæstv. fjmrh. væri í deildinni, en ég ræð ekki hans ferðum. En hér eru þrír ráðherrar aðrir, hæstv. landbrh., hæstv. sjútvrh. og hæstv. félmrh. sem sem slíkur hefur sérstaklega með atvinnuleysið að gera, og ég efast þess vegna ekki um að hann hafi áhuga á því að lánsfjárlögin verði lögð fram til þess að greiða úr fyrir atvinnuvegunum, fyrir fyrirtækjunum, svo að þau þurfi ekki að segja upp sínu fólki. Þessir þrír ráðherrar eru þar að auki fulltrúar fyrir alla mannspartana í ríkisstj., Alþb., Framsfl. og svo klofninginn, svoleiðis að þeir ættu að vita glöggt hvað þar er að gerast. Ég vænti þess að einhver þeirra sjái sér fært að upplýsa Nd. um þetta í fyrsta lagi: Hyggst ríkisstj. yfir höfuð leggja lánsfjárlögin fram? Í síðustu viku upplýstu ráðherrar að þeir mundu ekki leggja lánsfjárlögin fram í þeirri viku. Hyggst ríkisstj. leggja lánsfjárlögin fram í þessari viku eða hver er meiningin með þessu?

Það er fróðlegt og skemmtilegt þegar ráðh. fara að setja á langar tölur út af því að menn fáist ekki til að afgreiða brbl., menn séu að draga að frv. um nýjan vísitölugrundvöll fái afgreiðslu í Nd. Hæstv. ráðh. verður tíðrætt um málþóf, sem þeir telja að stjórnarandstaðan hafi uppi í hinum ýmsu málum. Ég veit ekki hvaða nafni á að kalla þetta málþóf í ríkisstj., sem þar er nú, út af lánsfjárlögunum, nema ráðh. haldi að þetta sé allt í lagi, það sé ekkert að.

Ég vil þess vegna í fullri kurteisi, hógværð og lítillæti enn freista þess að einhver þessara ráðh. geti svarað þessari einföldu spurningu: Er þess að vænta að lánsfjárlögin verði lögð fram í þessari viku, og ef ekki, þá í hinni næstu?

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 320, n. 357). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um þjóðsöng Íslendinga. Til n. mætti á fundi Jón Þórarinsson tónskáld og var hann n. til ráðuneytis við afgreiðslu málsins.

Nefndin er sammála um að mæla með því við þessa deild að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Tveir nm., hv. þm. Garðar Sigurðsson og Vilmundur Gylfason, skrifa undir nál. með fyrirvara.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er ekki oft sem ég er þeirrar skoðunar að betur væri að frv. yrði söltuð í nefnd, eins og það stundum er kallað, en að þessu sinni, að því er þetta frv. varðar, var ég þeirrar skoðunar og nefndi það á fundi í hv. allshn. hvort ekki væri skynsamlegra að leggja þetta frv. til hliðar og salta það. Ekki er það vegna þess að ég sé efnislega andvígur frv. af þessu tagi, þ. e. frv. til l. um þjóðsöng Íslendinga eins og það heitir — eða ætti e. t. v. að vera: til varnar þjóðsöng Íslendinga — heldur hitt, að hér kann löggjafinn að vera að fara út á afleitar brautir.

Það vita auðvitað allir að þetta frv. til l. á sér nokkra forsögu. Þannig var, að s. l. sumar var frumflutt kvikmynd, sem var leikstýrt af Hrafni Gunnlaugssyni, og í þeirri kvikmynd var það eitt atriði að einn af fremstu djasspíanistum landsins lék tilbrigði við stef eftir því lagi sem flutt hefur verið við þjóðsöng Íslendinga og er eftir Sveinbjörn heitinn Sveinbjörnsson. Urðu um það umr. og mörgum þótti þetta vera smekkleysa. Auðvitað er það í kjölfar þeirrar umr. sem þetta frv. til l. er flutt.

Vitaskuld á þjóðsöngur Íslendinga, sem samanstendur af ljóði eftir séra Matthías Jochumsson og lagi eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, að njóta hinnar fyllstu verndar í alla staði, en það er ekki þar með sagt að slík vernd eigi að vera lögvernd. Slík vernd á auðvitað fyrst og fremst að vera í því fólgin að sérhver maður finni með frjálsum og fúsum hætti hvöt hjá sjálfum sér til að misvirða ekki með einum eða öðrum hætti það ljóð og það lag sem hér um ræðir. Ég undirstrika rækilega að ég er þeirrar skoðunar að það hafi alls ekki verið gert í nefndum flutningi í nefndri kvikmynd. Það er auðvitað umdeilanlegt og verður að virða sjónarmið annarra í þeim efnum.

Því skrifa ég undir þetta frv. með fyrirvara, og ég vil bæta við að ég geri það með hálfum huga, að ég er hræddur við brautir af þessu tagi. Það geta verið óljós mörk á milli þess hvenær menn eru að stemma stigu við plebeiisma og hvenær menn eru að setja skorður við listrænni túlkun af ýmsum toga. Ég viðurkenni að hér er um mjög sérstætt mál að ræða, þegar um er að ræða þjóðsöng Íslendinga, ljóð og lag, en engu að síður vildi ég að þetta væri ekki mál löggjafans með einum eða öðrum hætti, vernd þessa ljóðs og þessa lags væri nokkuð sem sérhver maður fyndi hjá sjálfum sér. Um leið og undirstrikuð er sérstaða þessa máls er náttúrlega skylt að vara við þeim brautum sem lagasetning af þessu tagi gæti leitt út á.

Fyrir nokkrum áratugum voru uppáþrengjandi menn, sem töldu sig menningarlega sinnaða, með hugmyndir um að banna í ríkiseinokuðu fjölmiðlunum ákveðna tegund af bundnu máli eða óbundnu. Sannleikurinn er sá, að afar fljótlega, þegar menn eru komnir út á svoleiðis brautir, fara óæskileg sjónarmið að skipta máli. Það á ekki að vera starfi löggjafans að vera að setja sjálfum sér eitthvert skömmtunarvald af þessu tagi. Og þegar til lengri tíma er litið er menningu ógagn gert með slíku, en ekki gagn.

Það er af þessum ástæðum sem ég segi: Ég ritaði undir þetta nál. með fyrirvara, og ég vil bæta við miklum fyrirvara, og ég viðurkenni auðvitað sérstöðu málsins, sem fjallar um þjóðsöng Íslendinga, en kjarninn er sá, að miklu betra væri að sú vörn, sem hann vissulega á að njóta, yrði ekki í lögum af einu eða neinu tagi, heldur væri slíkt sjálfgefið.

Nú er það svo, að menn geta auðvitað ekki haft í sjálfu sér á móti frv. af þessu tagi, en það breytir ekki hinu, að miklu betra væri hitt, að engin slík lög væru í landinu og að sú virðing, sem ljóði séra Matthíasar og lagi Sveinbjörns Sveinbjörnssonar ber, kæmi frá fólkinu sjálfu, en ekki frá einhverjum þvingandi reglum lög-

gjafans. Það er af þessum ástæðum sem undir þetta er ritað með fyrirvara, og heldur hefði ég óskað þess, að þetta frv. hefði verið saltað í nefnd og ferli þess hefði lokið þar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er á dagskrá, er í mínum augum að ýmsu leyti undarlegt. Ég tek undir með síðasta ræðumanni þegar hann sagði að lög af þessu tagi ættu að vera óþörf þannig að stjórnvöld þyrftu yfirleitt ekki að vera að skipta sér af slíku og að þjóðsöngur landsmanna þyrfti ekki lagavernd, heldur gætti almenningsálitið þess.

Í frv. er sagt að þjóðsöngur Íslendinga sé „Ó, guð vors lands", sem ég hélt að vísu að héti „Lofsöngur", en það skiptir ekki máli. Það vita allir hvað átt er við. En það kann að vera að hér sé um alveg einstakt mál að ræða og við eigum ekki von á að fá önnur frv. af þessari tegund, sem segja nákvæmlega til um hvað sé rétt og hvað sé rangt í meðferð lista yfirleitt, tónlistar, ljóða eða jafnvel málverks. Ég vona að þetta sé einstætt, en ekki byrjun á einhverri málaröð af þessu tagi.

Það segir í frv. að það megi ekki flytja þetta lag í annarri mynd en hinni upphaflegu gerð. Það er einhver lykt af þessu í þá veru að þarna sé aðeins eitt lag eða ein gerð lagsins hin eina rétta, og það læðist að manni óneitanlega að það sé óheppilegt að ríkisvaldið skuli þurfa að segja fyrir hvað sé réttur tónlistarflutningur og hvað sé rangur, jafnvel þó að um þjóðsönginn sé að ræða. Við gætum kannske fengið þetta inn í málverkið á eftir, að ekki megi mála mynd af Jóni Sigurðssyni nema eins og fyrsta málverkið sem var gert eða ekki megi mála mynd af þjóðgarðinum á Þingvöllum, einum mesta helgistað þjóðarinnar, öðruvísi en eftir föstum reglum og allt aðrar útgáfur séu röng list, en ekki rétt.

Ég tel að mál eins og þetta sé ákaflega vandmeðfarið. Þess vegna skrifaði ég undir þetta með fyrirvara. En ég skrifaði undir þetta mál vegna þess að það er erfitt að vera á móti því, ef menn telja að það sé verið að veitast að þjóðsöngnum, en þó aðeins í trausti þess að við þurfum ekki að sjá fleiri frv. af þessu tagi um hvað sé rétt eða rangt í tónlist eða annarri list í landinu.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að lýsa yfir andstöðu minni við þetta frv. og mig undrar eiginlega dálítið að þetta frv. skuli vera komið frá hv. Ed. Mér er kunnugt um að í menntmrn. hefur um sinn verið unnið að frv. til l. um höfundarétt, og ég fæ ekki séð af hverju kvæði Matthíasar Jochumssonar, Lofsöngur, og tónlistin sem gerð hefur verið við það á að njóta sérréttar að þessu leyti. Ég geri ráð fyrir að þetta byggist á því að þjóðsöngur Íslendinga njóti einhverrar helgi í hugum landsmanna. Ég vil þá leyfa mér að spyrja: Hafa menn ekki fundið neina ástæðu t. d. til þess að setja lög til verndar Passíusálmunum? Ég verð að segja það hreinskilnislega, að mér væri það sárara ef Passíusálmarnir væru notaðir í viðskipta- eða auglýsingaskyni eða misnotaðir á nokkurn hátt. Ég held að hér sé farið út á mjög hálan ís, sem erfitt er að sjá yfir í heilu lagi. Við eigum allan menningararfinn og við getum auðvitað í það óendanlega sett lög til að vernda hann. En ég held að hér sé enn einu sinni verið að semja óþörf lög. Og lög eiga aldrei að vera óþörf.

Ég sé ekki hvar á að setja takmörkin við því, hvað er lögverndað af þessu tagi, og ég vil taka undir ræður tveggja síðustu ræðumanna. Ég held að við gætum þar talið upp flest það sem okkur þykir vænst um í íslenskri menningu og nákvæmlega jafnmikil ástæða er til að setja um lög. Ég vil því lýsa yfir því, að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég er einn af þeim nm. í allshn. sem fjölluðu um þetta mál fyrir nokkru og ég er einn þeirra sem skrifa undir nál. á þskj. 357 án fyrirvara. Ég er á vissan hátt sammála þeim sem talað hafa hér á undan, að það er slæmt að þurfa að setja lög sem þessi. En eins og flestum er kunnugt og án þess að ég túlki það frekar er þetta frv. til l. um þjóðsöng Íslendinga komið fram af þörf.

Þjóðsöngurinn hefur vonandi sérstöðu í hugum flestra Íslendinga. Það er með þeim rökum sem ég skrifa undir nál. þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt. Ég álít að hér sé ekki byrjun á stjórnskipulegum uppskriftum í list, hvorki þessari tegund listar eða á öðrum tegundum. Ég vil aðeins leggja áherslu á sérstöðu þessa máls og nauðsyn þess, að þjóðsöngurinn sé í nokkuð föstum skorðum. Þetta eru lag og ljóð sem flutt eru við hátíðleg tækifæri. Þetta ljóð er leikið þegar Íslendingar mæta í nafni lands síns á erlendum vettvangi. Ég vil gjarnan að flutningur þess sé í það föstum skorðum að menn séu ekki að efast um það hverju sinni, hvort þetta sé þjóðsöngurinn eða hvort þetta sé eitthvert annað lag.

Ég legg áherslu á sérstöðu málsins. Ég legg áherslu á nauðsyn málsins, en ég andmæli því alveg að hér sé byrjun á einhverju sem muni geta átt við stjórnskipulega uppskrift á listum yfirleitt.

Umr. frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 364). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 14, n. 371). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 371 um frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem þeir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson og Karvel Pálmason hafa flutt. Efni þessa frv. er að við 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt bætist 8. heimildin um lækkun skatta vegna sérstakra aðstæðna. Er um að ræða að hafi maður haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum eigi hann rétt á skattalækkun.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. á mörgum fundum. Við nm. fengum til viðtals við okkur Ævar Ísberg

frá embætti ríkisskattstjóra.

Það varð hins vegar nokkurt umræðuefni hér í hv. Nd. þegar frv. þessu var vísað til heilbr.- og trn. Flestir voru sammála um að það hefði heldur átt heima í hv. fjh.- og viðskn. Meiri hl. n. var einnig þeirrar skoðunar þegar í upphafi og kannað var hvort unnt væri að heilbr.- og trn. gæti vísað málinu frá sér til fjh.- og viðskn., en svo var ekki, þar sem deildin hafði samþykkt að vísa málinu til heilbr.- og trn. Ég gat þess hins vegar í ræðu skömmu seinna, að sú væri skoðun mín að forsetar skyldu gæta þess framvegis nokkuð vel að mál færu til viðkomandi n. Mér er ljóst, að hv. flm. hafa rökstutt sitt mál með því að hér væru kannske óljós mörk milli þess hvort hér væri um skattamál að ræða eða heilbrigðismál, því að vissulega væru tannviðgerðir heilbrigðismál, en ég held þó að það fari ekki á milli mála að það sé hlutverk hv. fjh.- og viðskn. að afgreiða slík mál.

Nm. voru efnislega flestir hlynntir frv., aðrir töldu sig tæpast geta verið á móti því og þess vegna varð niðurstaðan að n. ákvað að mæla með samþykkt þess. Þó rituðu hv. þm. Jóhann Einvarðsson og Matthías Bjarnason undir með fyrirvara.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pétur Sigurðsson og Pálmi Jónsson.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar, að ríkissjóður eigi ekki að hafa tekjur af því þegar menn leita sér lækninga. Ég get af þeim sökum tekið fullkomlega undir þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar í því frv. sem hér liggur fyrir til 2. umr. Ég vek á hinn bóginn athygli á því, að margvísleg önnur læknisþjónusta er ekki frádráttarbær til tekju- og eignarskatts og hefði verið eðlilegt að hafa þessa reglu almenna fremur en miða hana einvörðungu við þennan afmarkaða þátt heilsugæslunnar eða læknisþjónustunnar. Úr því að frv. fær svona góðar undirtektir í deildinni mun ég athuga það milli 2. og 3. umr. hvort deildin geti ekki fallist á að hafa þessa reglu almenna og láta hana vera víðtækari.

Á hinn bóginn hlýt ég að segja eins og mér finnst, herra forseti, að það er kannske eina leiðin að vísa frv., sem stjórnarandstaðan flytur og snerta skattamál, til heilbr.- og trn. Ég flutti hér ásamt hv. 9. þm. Reykv. lítið og einfalt frv. á haustdögum um að aðflutningsgjöld yrðu felld niður af gleraugum. Það er ekki mikið mál og kom fljótt til afgreiðslu hér í Nd., en hefur nú sofnað svefninum langa í fjh.- og viðskn. Ef marka má reynslu af þeirri nefnd frá fyrri þingum er ekki við því að búast að það frv. hljóti afgreiðslu þaðan á því þingi sem nú situr. En ég mundi nú, ef formaður fjh.- og viðskn. væri staddur í deildinni ... (**GHelg:** Hann er í Noregi.) Ég sé að varaformaður fjh.- og viðskn. er hér inni. Ég mundi vilja spyrja hann af því tilefni sem þetta frv. er, hvort þess sé að vænta að fjh.- og viðskn. taki á sig rögg og afgreiði ýmis skattafrv. frá stjórnarandstöðunni, sem sum hafa verið flutt áður, fyrir þinglok eða hvort nefndin sé kannske svo upptekin við vísitölufrv. og varaformaður nefndarinnar sé svo önnum kafinn að greiða fyrir því máli að hann megi ekki vera að því að gefa öðrum frv. nokkuð af sínum tíma.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Það byggist kannske ekki fyrst og fremst á því, að ég sé andvígur því að reynt sé að koma til móts við það fólk, sem hefur veruleg útgjöld vegna tannlækningaþjónustu og tannviðgerða innan fjölskyldunnar, heldur fyrst og fremst á því, að mér finnst þetta mál ekki vera nægilega vel skýrt eins og það er lagt fram og ég held að það yrði nokkuð erfitt í framkvæmd og gætu komið upp ýmsar spurningar frá ríkisskattstjóra, þegar hann færi að setja reglur um hvernig ætti að meta hvað væru veruleg útgjöld í tannlæknaþjónustu. Það er minnst á það í grg. með frv. að veruleg útgjöld gætu kannske verið 40—80 þús. kr. Það er alveg augljóst mál, að slíkar upphæðir eru veruleg útgjöld fyrir allar fjölskyldur í landinu. En það er líka alveg augljóst mál, að það þarf ekki nema 3 eða 5 þús. kr. útgjöld til þess að það teljist veruleg útgjöld fyrir sumar fjölskyldur. Ég er því ansi hræddur um að erfitt geti orðið að framfylgja þessu þannig að fulls réttlætis sé gætt.

Í öðru lagi finnst mér það rangt að vera að flækja málum á milli óskyldra nefnda. Þetta mál á augljóslega heima í fjh.- og viðskn., en ekki heilbr.- og trn. deildarinnar. Mér er nær að halda að ef við samþykkjum þetta frv. án þess að það fari fyrir fjh.- og viðskn. deildarinnar geti farið annað í kjölfarið. Í grg., þar sem tekin er upp 66. gr. skattalaganna, segir t. d. í 4. lið, að ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri o. s. frv. eigi hann að fá skattaívilnanir. Af hverju koma þá ekki slík mál til menntmn.? Erum við ekki þar með farin að breyta skattalögunum og senda til hinna ýmsu nefnda, en ekki til þeirrar nefndar sem fer með skattamálin í heild? Ég er hræddur um, að þó að skattamálin séu flókin í þjóðfélaginu í dag verði enn erfiðara að hafa nokkra stjórn á þeim ef þau verða afgreidd í hinum ýmsu fagnefndum þingsins. Ég mun því sitja hjá við atkvgr. um þetta frv., en ekki standa gegn samþykkt þess vegna þess að málefnið er gott.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef glímt við það einu sinni að reyna að koma í gegn breytingum við skattalög og hafði nú hvorki hugkvæmni til að senda málið til heilbr.- og trn. né menntmn., sem hefði þá verið jafnrökrétt og sú ákvörðun hefur verið að senda þetta mál til heilbr.- og trn.

Mig undrar satt best að segja að það geti gerst að Alþingi taki sig til og bregði á leik á þann veg að vísa málum til nefndar sem hverjum einasta þm. er ljóst að það á ekkert erindi í og sú nefnd taki sig til og afgreiði málið á þann hátt sem hér er gert. Það verður að teljast alveg furðulegt að Alþingi telji að í skattamálum þurfi ekki að gæta neins samræmis.

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það í fyrsta lagi frá flm. og formanni n., hvað fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur sagt að þetta mundi kosta. Það vantaði ekki á sínum tíma, þegar lítilfjörleg breyting var lögð fram við skattalögin og snerti menntun ungmenna í þessu landi, að farið væri af stað og reiknimeistararnir kæmu og tilkynntu hvað þetta kostaði ríkissjóð. Þá var séð eftir hverjum eyri.

Mér finnst að það sé eðlilegt að umr. um þetta mál sé frestað og ég óska eftir því að það verði gert. Við getum eilíflega deilt um það fram og til baka, hvaða atriði eiga að vera frádráttarbær. Hitt hlýtur að vera grundvallaratriði, að það sé eitthvert samræmi í þeim skattalögum

sem við höfum. Því miður er það nú ekki mikið, en ekki batnar það ef á að fara að vísa frumvörpum um skattalög til hinna ýmsu nefnda í þinginu, eftir því sem mönnum dettur í hug.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég er sammála þeirri gagnrýni hv. þm. Ólafs Þórðarsonar um að þetta mál hefði ekki átt að fara til heilbr.- og trn. Hitt er annað mál og á það vil ég leggja áherslu, þetta frv., sem er óneitanlega til hagsbóta fyrir þó nokkuð marga þegna í þjóðfélaginu, er 14. mál þingsins. Ég hef haft það fyrir sið, hvað sem öðrum formönnum þingnefnda sýnist hér á hinu háa Alþingi, að öll mál fái þinglega meðferð í þeirri nefnd sem ég veiti forstöðu, líka þmfrv., líka frv. stjórnarandstæðinga. Það er hins vegar leiður siður hér að láta mál saltast. Miklu heiðarlegra er að afgreiða mál þá neikvætt og leggja til að þau verði felld eða vísað til ríkisstj. eða hvernig sem menn kjósa að hafa það.

Það vildi svo til að þetta mál var síðasta mál — síðan hefur eitt mál komið til nefndarinnar — sem nefndin átti óafgreitt og ástæðan fyrir því er ekki að málið sé ekki allra góðra gjalda vert, heldur þetta vandamál að okkur þótti vart í okkar verkahring að fjalla um það. Úr því hafa hins vegar skorið bæði skrifstofustjóri Alþingis og þeir menn sem best þekkja til þingskapa, að undan því verði ekki vikist að nefndin afgreiði málið.

Ég mun eftirláta hv. 1. flm. að skýra efni frv., en vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, sem hafði áhyggjur af því að við hefðum ekki gengið eftir hve mikið þetta kemur til með að kosta, get ég sagt honum alveg strax að ég hygg að það sé ákaflega erfitt að komast að því. Í núv. skattalögum eru sjö heimildarákvæði til skattalækkunar. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þau:

„1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert *gjaldþol manna verulega.*

2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.

3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.

4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna, 16 ára og eldri.

5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.

6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

7. Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

8. heimildarákvæðið með þessum lögum yrði ef þetta frv. yrði samþykkt: „Ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerst verulega af þeim sökum."

Þarna held ég að hver hv. þm. geti séð að það er ákaflega erfitt að áætla kostnað af slíkum heimildum. Ævar Ísberg, sem sat fund með nefndinni svaraði því til vegna fsp. frá okkur um hvort þetta ylli vandræðum í framkvæmd, að þetta heimildarákvæði ylli ekki meiri vandkvæðum í framkvæmd en hin sjö. Framkvæmdavaldinu er falið að setja reglur um hvernig með þessar heimildir skuli farið. Hér eru því engin nýmæli á ferðinni, hér er ekki verið að gera neitt sem ekki hefur verið gert áður, og það er alveg óþarfi að fara með þetta frv. sem slíkt.

Flytjendur frv. gera grein fyrir því í grg., að í huga þeirra *er um verulega háar upphæðir að ræða,* þannig að ekki eru líkur til að allur þorri manna þurfi á slíkum tannviðgerðum að halda, en þær eru vissulega til og er gjaldþolsskerðing þeirra veruleg sem fyrir þeim verða. Ég vil mótmæla því að nefndin hafi á nokkurn hátt unnið öðruvísi en hún hlaut að gera. Það var skylda hennar að afgreiða þetta frv. Ég er persónulega hlynnt þessu frv. Ég hefði kosið að við hæstv. félmrh. og heilbrmrh. hefðum getað lagt hér fram myndarlegt frv. þar sem haldið væri áfram þátttöku almannatrygginga í tannviðgerðum. En það frv. hefur ekki komið fram og ég á satt að segja ekki von á því að það sé alveg á næstu grösum. Þangað til mun ég ekki standa í vegi fyrir því að launþegar þessa lands, sem verða fyrir mjög dýrum tannviðgerðum, geti fengið einhverja ívilnun í skatti, því að eins og ég hef sagt undanfarna daga hér í ræðum mínum, það eru líka einmitt þeir, sem borga skatta í landinu. Ég vil því vísa til föðurhúsanna allri gagnrýni á meðferð n. á þessu máli.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um að hún hefði viljað sjá að hæstv. heilbrmrh. legði hér fram myndarlegt frv. er snerti almannatryggingarnar og tannlækningarnar, þá hlýtur hv. þm. að minnast þess að fyrir Alþingi lá á síðasta þingi frv. sem snerti einmitt almannatryggingarnar og tannlækningar, þ. e. að tryggingarnar tækju meiri þátt í tannviðgerðum og tannlækningum en gert hefur verið, að stærri hópar kæmu þar inn í myndina. Frv. hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi og þá var einmitt bent á það af hæstv. heilbr.- og trmrh., að það væri alveg eins leið í þessu máli að fara með þetta í gegnum skattinn. Því hef ég ekki á þessu þingi enn lagt fram það frv. og mun sennilega ekki gera þar sem þinginu er að ljúka, en taldi rétt að fara þessa leið núna.

Varðandi það sem hér hefur aðallega verið til umr. varðandi þetta ákveðna frv., þá harma ég það að nefndin og þeir sem hér hafa talað skuli gera tæknilega þáttinn að aðalatriði en ekki efni frv. í sínu máli. Það stendur hér í nál. frá heilbr.- og trn. að eðlilegra hefði verið að vísa frv. til fjh.- og viðskn. þar sem hér væri um skattamál að ræða. Ég hef litið svo á að þetta snerti ekki síður heilbrigðismálin. Sjúkratryggingarnar taka ekki þátt í kostnaði vegna tannaðgerða fyrir stóran hóp þjóðfélagsþegnanna. Þetta er mjög dýr þáttur í heilbrigðisþjónustunni, eins og allir vita, og það er ekki á færi allra að veita sér þá nauðsynlegu þjónustu sem þarf í sambandi við tannlækningar. Ég held að ef það væri gert léttbærara á einhvern hátt, t. d. í gegnum þessa leið sem ég hef kosið að leggja hér fram, þá hefði það fyrirbyggjandi áhrif, þannig að fólk frestaði síður tannaðgerðum þar til þær væru komnar á óviðráðanlegt stig. Á þann þáttinn lagði ég mikla áherslu og taldi að heilbr.- og trn. mundi kannske frekar líta á þá hlið málsins en fjh.- og viðskn., sem skoðar þetta yfirleitt út frá útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Ég ráðfærði mig við forseta deildarinnar, Sverri Hermannsson, þegar ég mælti fyrir þessu frv., hvort hann gerði nokkrar aths. við það að ég vísaði málinu til

heilbr.- og trn. Hann kvað svo ekki vera. Ég ræddi málið við skrifstofustjóra Alþingis, Friðjón Sigurðsson, og spurði hann hvort það væri eitthvert einsdæmi, og hvort mál, sem kannske beint efnislega heyrði undir einhverja nefnd, þyrftu afdráttarlaust að fara í þá nefnd. Hann sagði það ekkert einsdæmi þó að sá háttur væri hafður á sem ég hér lagði til. Það væri spurning á hvaða þátt í málinu flm. legðu mesta áherslu.

Út af því sem fram kom í máli hv. þm. Halldórs Blöndals varðandi afgreiðslu fjh.- og viðskn. á þeim frv. sem þm. leggja fram, þá vil ég taka undir gagnrýni hans. Ég held að hún eigi fyllilega við rök að styðjast. Það vill svo til, að ég hef mælt fyrir sjö frv. sem öll liggja í hv. fjh.- og viðskn. Þessi mál eru öll lögð fram á fyrstu dögum þingsins. Fjögur þeirra eru að mig minnir þskj. nr. 4, 5, 6 og 7, og hin held ég nr. 18, 19 og 20, eitthvað þar um bil. Hv. fjh.- og viðskn. hefur ekki enn, þó að þingi sé að ljúka og sex mánuðir liðnir, séð ástæðu til að afgreiða neitt þessara mála út úr nefndinni. Engu að síður snerta fjögur þessara mála sem ég nefndi ríkisbankana og eru efnislega samhljóða máli sem hv. fjh.- og viðskn. afgreiddi einróma á síðasta þingi, þannig að ég sé ekki að henni ætti að vera neitt að vanbúnaði að afgreiða það mál. Ég hef einmitt verið að hugsa um að ástæða væri til þess að ég kveddi mér hljóðs utan dagskrár og spyrði formann þeirrar ágætu nefndar hvað liði þessum málum og ylli þessum seinagangi. Þess vegna tek ég eindregið undir gagnrýni hv. þm. Halldórs Blöndals. Ég vænti þess, að fjh.- og viðskn. sjái nú sóma sinn í að íhuga að það geta verið fleiri merkileg mál en bara ríkisstj.-frv., sem hún einblínir eingöngu á að afgreiða, það geta verið fleiri merkileg mál sem hafa komið frá einstökum þm. Hér er varaformaður n. og a. m. k. einn nm. í viðbót svo að ég vil eindregið mælast til þess að n. líti líka á þessi þmfrv. og reyni að afgreiða þau fyrir þinglok.

Hvað snertir efnislegar aths. við þetta frv., sem fram komu hjá hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, hef ég raunar litlu við það að bæta sem fram kom hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Ég þykist þekkja nokkuð vinnubrögð hv. þm. í nefndarstörfum og ég held að hún leysi sín verkefni vel af hendi og hafi skoðað þetta mál af fyllstu samviskusemi eins og hún lýsti yfir. Þau ákvæði sem fyrir eru í skattalöggjöfinni um þetta efni las hún hér upp og ég sé ekki ástæðu til að gera það frekar. Þau eru öll þess eðlis, að það hefur ekki verið talið hægt að skilgreina frekar í skattalögunum hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til þess að fá þær ívilnanir sem þar er kveðið á um. Því hefur það í 66. gr. skattalaganna verið lagt í hendur ríkisskattstjóra að setja ákvæði um skilyrði fyrir þeim ívilnunum sem taldar eru upp í þeirri gr. Eins er ætlunin að farið verði með þetta ákvæði.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sagði Ævar Ísberg, sem kom á fund n., að þetta ákvæði væri ekkert erfiðara í framkvæmd en önnur ákvæði þessarar gr. Það er a. m. k. á fjórum eða fimm stöðum í þessum lögum í dag talað um veruleg útgjöld án skilgreiningar. Þá er ég að vísa í það sem hv. þm. Jóhann Einvarðsson sagði þegar hann spurði hvað ég meinti með „veruleg útgjöld“. Það verður að setja það í hendur ríkisskattstjóra eins og varðandi önnur ákvæði þessarar gr.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson talar um að það verði að gæta fyllsta samræmis í skattalögunum. Í þessu frv. gætir fyllsta samræmis í því sem ég legg til og ég vísa þá aftur í það sem ég hef hér sagt og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að þetta er ekkert erfiðara í framkvæmd en önnur ákvæði. Ég leyfi mér að draga í efa að af þessu séu nein veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð á móts við það að þetta getur hjálpað mörgum sem hafa tímabundið þungar fjárhagslegar skuldbindingar vegna tannviðgerðar.

Ég vil mótmæla því sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni og ég vona að forseti taki það ekki til greina að fara að taka þetta mál út af dagskrá af því að það hafi ekki hlotið nægilega skoðun. Ég vísa því algerlega á bug og vona að hæstv. forseti taki það ekki til greina. Ef þm. telja sig þurfa að skoða þetta mál eitthvað frekar, þá vinnst auðvitað tími til þess fyrir þá þm. sem þess þurfa milli 2. og 3. umr. Það skulu því vera mín lokaorð að ég beini því eindregið til hæstv. forseta að hann taki þetta mál ekki út af dagskrá af þeim ástæðum sem hv. þm. Ólafur Þórðarson nefndi hér áðan.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það er alger óþarfi að fresta umr. og afgreiðslu þessa máls við 2. umr. Ef menn telja bráðnauðsynlegt að fjh.- og viðskn. segi álit sitt á málinu, þá er hægur vandinn, herra forseti, að vísa málinu til hennar milli 2. og 3. umr., og þarf þá ekki að fresta umr. eða afgreiðslu málsins nú við þessa umr. þó svo einhverjir hafi í hyggju — og ég tek það fram að ég mun ekki gera till. um það — þó svo einhverjir hafi í hyggju að vísa málinu til umsagnar fjh.- og viðskn.

Forseti (Alexander Stefánsson): Við vorum hér með annað mál rétt áðan, frv. um þjóðsönginn, og þar kom fram ákveðin ósk frá þm. um að fresta því máli og athuga það aðeins betur áður en það færi til 3. umr. Sams konar ósk hefur komið fram í þessu máli. Ég get ekki verið að gera upp á milli þm., enda sé ég ekki að skaðlegt sé að fresta þessu máli. Ég held mig við þann úrskurð að fresta umr. um málið.

Umr. frestað.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 73, n. 306). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Fyrir hv. deild liggur frv. til l. um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna á þskj. 73. Menntmn. hefur haft málið til umfjöllunar og leitað m. a. umsagnar dómsmrn. Í umsögn rn. kemur fram að það telur frv. ekki til bóta. Þrátt fyrir það mælir n. með að frv. verði samþykkt og telur svo veigamikil rök mæla með þeim sjónarmiðum sem fram komu í frv. að vart verði fram hjá þeim gengið.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu frá núgildandi lögum, að framvegis ráði fæðingarár í stað fæðingardags, þegar um er að ræða takmarkanir á aðgangi barna og ungmenna að hinum ýmsu samkomum. Samfélagið gerir að jafnaði sömu kröfur til ungmenna, sem fædd eru sama ár, og skiptir þá ekki máli hvenær ársins viðkomandi er fæddur. Þessar kröfur eru t. d. þær sömu í menntakerfinu. Bekkjarsystkini í skólum tengjast að

jafnaði félagslegum böndum og að slíta þessi bönd í leik en ekki í starfi verður að telja óæskilegt, enda er Barnaverndarráð Íslands, sem einnig gaf umsögn um frv., hlynnt frv. og tekur undir þann rökstuðning sem fram kemur í grg. með því.

Herra forseti. Nál. menntmn. er prentað á þskj. 306 og er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir tveggja aðila, dómsmrn. og Barnaverndarráðs Íslands. Þrátt fyrir að umsögn dómsmrn. sé ekki jákvæð er það álit nefndarinnar að samþykkja beri frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson og Vilmundur Gylfason".

Undir nál. skrifa Ingólfur Guðnason, Guðrún Helgadóttir, Halldór Blöndal og Ólafur Þ. Þórðarson.

Herra forseti. Að þessari umr. lokinni óska ég eftir að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 369). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil í fyrstu þakka virðulegum forseta fyrir að verða við óskum mínum um að taka þetta mál svo fljótt á dagskrá og þar með stuðla að skjótri afgreiðslu þess. Frv. á þskj. 369 er um breytingu á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Flm. eru þessir: Albert Guðmundsson, Karvel Pálmason, Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur J. Guðmundsson, Ingólfur Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Magnús H. Magnússon og Jóhann Einvarðsson. Á þessu sést að flm. eru úr öllum flokkum.

Frv. hljóðar svo:

„1. gr. Aftan við 62. gr. laganna bætist ný mgr. sem orðist svo:

Tekjuskattsstofn manna, sem látið hafa af störfum vegna aldurs, skal lækkaður um helming við útreikning skatts á tekjum sem þeir hafa aflað síðustu 12 mánuði starfstíma síns.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1983 af tekjum ársins 1982."

Í grg. segir: „Óþarfi hlýtur að vera að tíunda þá erfiðleika sem oft blasa við þeim launþegum sem láta af störfum vegna aldurs. Breytingin hefur oft sálræn áhrif, sem seint verða bætt, því að heilsan er þar að veði. Því til viðbótar koma áhyggjur af greiðslu opinberra gjalda, sem eru lögð á með fullum þunga á fyrsta ári eftir að starfsævi lýkur.

Þetta frv. er flutt til að koma til móts við launþega sem þannig eru staddir, enda hafa þeir greitt sína skatta og gjöld á langri starfsævi og ber að meta það þegar á leiðarenda er komið."

Ég mun ekki fjölyrða um þetta frv., virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að vona að þm. sýni þessu frv. skilning og velvilja. Ég geri till. um að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Útvarpsrekstur, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 79 höfum við hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson, Albert Guðmundsson og Halldór Blöndal leyft okkur að flytja mál sem er 77. mál þingsins og fjallar um útvarpsrekstur. Þetta er endurflutt mál, var flutt fyrst á síðasta þingi, en svo seint að það fékk þá ekki afgreiðslu.

Þetta mál hefur verið á dagskrá deildarinnar um langa hríð án þess að hægt væri að ræða það hér. Ég óska eftir því að umr. verði frestað í dag, en henni ekki lokið, vegna þess að ég tel ástæðu til þess að hæstv. menntmrh. fái tækifæri til að segja álit sitt á frv. og svara þeirri nauðsynlegu spurningu, sem fram hlýtur að koma þegar fjallað er um þetta mál, hvort hann hyggist draga upp úr skrifborðsskúffu sinni það frv. sem birtist í áliti útvarpslaganefndar á s. l. ári og hæstv. ráðh. hefur tekið undir og sagt að hann geti vel sætt sig við. Nú er liðinn æðilangur tími frá því að frv. var skilað til hæstv. ráðh., það var í okt. 1982, og þá myndaðist meiri hl. í þeirri nefnd og í þeim meiri hl. var formaður útvarpslaganefndarinnar, Markús Á. Einarsson, sem er flokksbróðir hæstv. menntmrh. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur þetta mál ekki verið lagt fram. Það er af þeim ástæðum sem ég óska eftir því, herra forseti, að hann fái tækifæri til að svara því í þessum umr. hvernig á því standi, að það mál kemur ekki fram og birtist ekki á þskj. á hinu háa Alþingi.

Það er í sjálfu sér óþarfi að rekja í löngu máli efni þess frv. sem hér er til umr. Það er þó ljóst að efni þess hefur haft veruleg áhrif á þróun mála, þ. á m. á niðurstöðu útvarpslaganefndar. Meginmunurinn á þessum tveimur lagafrv., annars vegar þessu sem hér er til umr. og hins vegar því sem birtist í áliti útvarpslaganefndar er sá, að hér eru á ferðinni sérstök lög, sem eiga að gilda um aðrar útvarpsstöðvar en Ríkisútvarpið, og er þá ætlast til þess að áfram gildi þau lög sem nú gilda um Ríkisútvarpið, með þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera á þeim lögum vegna þess að einkaréttur Ríkisútvarpsins verður að sjálfsögðu aflagður verði þetta frv. samþykkt.

Ég gerði mjög ítarlega grein fyrir frv. og einstökum greinum þess þegar ég flutti framsöguræðu fyrir því s. l. vor. Aðalatriði frv. er auðvitað afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri, í öðru lagi að starfandi verði útvarpsleyfisráð, sem sé skylt að veita útvarpsstöðvum leyfi til útvarpsrekstrar, að fengnu samþykki sveitarstjóra. Það má m. ö. o. segja að valdið til útvarpsreksturs sæki menn til sveitarstjórna, því að útvarpsleyfisráði er skylt að veita slíkt leyfi, liggi samþykkt sveitarstjórnarinnar fyrir. Í þessum efnum er munur á frv. því sem hér er til umr. og frv. útvarpslaganefndarinnar, en þar var gert ráð fyrir því að útvarpsréttarráði, eins og það hét í því frv., væri heimilt að

leyfa útvarpsrekstur. Þetta frv. er frjálslyndara en frv. sem liggur í skrifborðsskúffu hæstv. menntmrh., gerir ráð fyrir frekari opnun. Það birtist með ýmsum hætti sem óþarfi er að rekja hér sérstaklega.

Auk þess sem frv. útvarpslaganefndar liggur nú fyrir í skýrslu eða áliti nefndarinnar ber að geta þess, að nú hefur Ríkisútvarpið ákveðið að útvarpa á annarri rás. Það er alveg ljóst og hefur reyndar komið fram í skýrslu nefndar, sem útvarpsstjóri skipaði um það mál, að ætlunin er að útvarpa á annarri rás síðar á þessu ári. Þetta er mál sem aldrei mátti minnast á fyrr en stjórnendur Ríkisútvarpsins sáu að þeir gátu ekki flúið hina óumflýjanlegu þróun í þessum málum, sem hefur m. a. birst á Norðurlöndum, ekki síst í Noregi, þar sem veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á útvarpslögunum. Þar gilti áður einkaréttur norska ríkisútvarpsins, en á þessu varð breyting með valdatöku hægri stjórnarinnar í Noregi. Ýmsir telja að nú vori í lofti í norskum útvarpsmálum og mun það vissulega hafa sín áhrif á norsk menningarmál.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að Alþingi marki stefnuna í svo veigamiklum málum. Hér á landi starfa frjáls félagasamtök um frjálsan útvarpsrekstur, sem svo er kallaður, en ætti kannske að heita frekar „óháður ríkinu". Vissulega hefur verið sýnt fram á að það er tiltölulega einfalt fyrir einstaklinga og félög að halda úti útvarpsrekstri. Má geta þess, að á s. l. vikum hafa tveir framhaldsskólar í bænum haldið úti útvarpsrekstri með tiltölulega fábrotnum útbúnaði og þar með sannað að það þarf ekki alltaf að kosta mikið að koma upp slíkum tækjum.

Útvarpsrekstur hófst að nokkru marki hér á landi um miðbik þriðja áratugsins og var þá í höndum einkaaðila eða hlutafélagsins Útvarp. Ég held að það hlutafélag hafi haft um skeið einkarétt á starfseminni hér í Reykjavík. Reksturinn gekk heldur illa og í nál. fyrstu útvarpslaganefndarinnar var sagt að það hefði verið að kenna of háu stofngjaldi notenda, en það var 85 kr. þá og notendurnir á fyrstu tveimur árunum voru um það bil 500.

Þessi fyrsta útvarpslaganefnd samdi síðan frv. um heimild til handa ríkisstj. til ríkisrekstrar á víðvarpi, eins og það hét í fyrstu útgáfu, en breyttist síðan í útvarp. Þetta átti að vera heimild til ríkisrekstrar, samhliða einkarekstri að sjálfsögðu, og víðvarpsráð, sem svo var nefnt, skyldi skipað af atvinnumálaráðherra. Auk fulltrúa hans skyldi eiga sæti í því fulltrúi frá Háskóla Íslands og fulltrúi víðvarpsnotenda eða þriggja manna ráð.

Frv. þetta veltist síðan talsvert fyrir þinginu og það var ekki fyrr en tveimur árum síðar að það öðlaðist lagagildi sem lög nr. 62/1930. Þá hafði það bólgnað talsvert í meðförum þingsins, eins og oft vill verða um slík frv., og skyldi fyrirbærið nú heita Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík. Útvarpsráð skyldi skipað fimm mönnum í stað þriggja. Auk hinna fyrrgreindu skyldi prestastefna Þjóðkirkjunnar tilnefna einn fulltrúa og fræðslumálanefnd annan. Þá kom inn í frv. það ákvæði sem hefur nú verið afnumið, sem betur fer, úr lögum, þ. e. einkasöluréttur ríkisins á viðtækjum.

Um einkarétt ríkisins til útvarps var hins vegar ekki að ræða fyrr en lög nr. 68 frá 1934 tóku gildi, en það var einmitt á dögum Hriflu-Jónasar sem slíkt var í mikilli tísku. Þá komst undir ríkið eldspýtnasala, áfengissala, síldarsala og fjöldamargt fleira, sem enn lifir afturgengið eins og draugar í íslensku þjóðfélagi, og virðist gagna erfiðlega að vinna bug á slíkum draugum. (**Gripið fram í:** Grettir fór flatt á því.) Síðan voru gerðar minni háttar breytingar öðru hverju á þeim lögum frá 1934 þar til árið 1971 að núgildandi útvarpslög voru sett, en Benedikt Gröndal þáv. alþm. og formaður útvarpsráðs var formaður þeirrar nefndar sem samdi núgildandi útvarpslög.

Það var gerð talsvert veigamikil breyting á útvarpslögum 1943, þegar löggjafarsamkundan tók sér það vald, sem áður hafði með réttu verið í höndum framkvæmdavaldsins, að skipa útvarpsráð. Það er einmitt frá árinu 1943 sem útvarpsráð, hið umdeilda útvarpsráð í núverandi mynd, hefur starfað.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til, vegna fjarveru hæstv. menntmrh., að fara mjög ítarlega út í muninn sem er á frv. því sem hér er til umr. og frv. því sem liggur í skrifborðsskúffu hæstv. menntmrh. Það gefst sjálfsagt tækifæri til þess síðar. En ég tel það afskaplega þýðingarmikið að hæstv. menntmrh. fyrir hönd hæstv. ríkisstj. sýni í verki að það sé vilji til þess að fylgja eðlilegri þróun í útvarpslögum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um það frv. sem hér liggur fyrir. Í grg. er vitnað til þeirra frv. sem sjálfstæðismenn hafa flutt fyrr á árum, þ. á m. Ellert B. Schram og Guðmundur H. Garðarsson, sem flutti heilstætt frv. sem svipar mjög til þeirra sem síðar hafa komið. Það sem skiptir auðvitað langmestu máli er að hér á Alþingi verði mörkuð stefna. Það er ljóst að mikill meiri hluti þeirra manna sem um þessi mál hafa fjallað telja að afnema þurfi einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri. Að þeirri niðurstöðu hefur nefnd hæstv. menntmrh. komist. Hæstv. menntmrh. hefur tekið undir þau sjónarmið. Ég get vel fallist á að taka fyrir hans lagafrv., komi það fram á þinginu, og breyta því lítils háttar og gera það að lögum. En á meðan ekki finnst lykill að skrifborðsskúffu ráðh. tel ég nauðsynlegt að það frv. sem hér er til umr. fái brautargengi á Alþingi og látið verði á það reyna hvort ekki sé meiri hluti á hv. Alþingi fyrir því að taka ákvörðun í þessu veigamikla máli.

Ég skal að endingu geta þess, herra forseti, ekki síst vegna þess að ég veit að hæstv. forseti er af Snæfellsnesi, að til mín hefur verið hringt talsvert úr sveitarfélagi á utanverðu Snæfellsnesi og spurt um afgreiðslu á þessu frv., vegna þess að það er mun ódýrara að flytja þráðlausar sendingar af myndsnældum á milli staða, sérstaklega ef svo hagar til um sveitarfélög að það er talsvert langt á milli byggðakjarnanna. Ég hef verið beðinn um að reyna að ýta á þetta mál og ég vænti þess að menn skilji að hér er ekki aðeins um að ræða að opna möguleika fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið með þeim breytingum sem hér liggja fyrir, heldur er jafnframt gert ráð fyrir breytingum á útvarpslögum og lögum um fjarskipti, sem sett voru á stríðsárunum, og slíkar breytingar hafa vissulega gildi út um allt land.

Ég leyfi mér, herra forseti, að fara fram á að þegar umr. lýkur, sem vonandi verður þegar hæstv. menntmrh. hefur svarað fsp., verði þessu máli vísað til hv. menntmn.

Umr. frestað.

Sala Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, frv. (þskj. 316). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál í framsögu fyrir þessu frv. Það er einfalt og skýrir sig sjálft. Það gengur út á heimild fyrir ríkisstj. til að selja Stefáni Jónssyni jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu. Jörðinni fylgja engin veiðileyfi eða veiðiréttindi eða neitt í þá átt, heldur ekki virkjunarréttindi eða neitt sem ríkissjóður ætti að hafa sérstakan áhuga á.

Stefán er ábúandi á jörðinni og hefur byggingarbréf fyrir henni. Áður bjó faðir hans á henni um áratugi, byggði þar hús fyrir stuttu, sem Stefán hefur nú keypt. Stefán hefur mikinn hug á því að endurnýja útihús jarðarinnar, sem eru mjög illa farin og léleg, og m. a. þess vegna hefur hann áhuga á að fá jörðina keypta. Með sölunni hefur hreppsnefnd Holtahrepps mælt og fylgja meðmæli hreppsnefndarinnar í grg.

Herra forseti. Ég mæli með því að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og landbn. hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 57. fundur.

Fimmtudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Gerð frv. til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, þáltill. (þskj. 94). — Ein umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 94, sem er 92. mál þessa 105. löggjafarþings, en þar er um að ræða till. til þál. um gerð frv. til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Ég vil í upphafi míns máls taka fram, að þetta er hið fyrsta þingmál sem flutt er af þm. Bandalags jafnaðarmanna, en þau samtök voru með formlegum hætti stofnuð 15. jan. s. l.

Þessi till., herra forseti, felur í sér að Alþingi álykti að fela stjórnarskrárnefnd að gera frv. til stjórnskipunarlaga, sem feli í sér eftirfarandi meginhugmyndir:

1. Að forsrh. verði kosinn beinni kosningu um landið allt, til fjögurra ára í senn. Hann verði kosinn í tveimur umferðum, ef nauðsyn krefur, þannig að í síðari umferð verði kosið milli hinna tveggja efstu úr fyrri umferð hafi enginn frambjóðenda þá náð hreinum meiri hluta.

2. Að forsrh. skipi með sér ríkisstj., utan þings eða innan, og séu ráðherrar, að forsrh. meðtöldum, eigi fleiri en níu. Ráðherrarnir fari með framkvæmdavald. Þingrofsréttur verði afnuminn.

3. Löggjafarþing verði kosið til fjögurra ára, á ári þegar kosning forsrh. fer ekki fram. Kjördæmaskipan og kosningalög verði að öllu óbreytt, nema hvað kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Alþingi starfi í einni málstofu. Alþingi fari með fjárveitingavald, löggjafarvald og strangt eftirlitsvald með framkvæmd löggjafar, en þm. verði óheimilt að sinna framkvæmdavaldsstörfum. Verði þm. ráðherra taki varamaður sæti hans á Alþingi.

4. Utanrrh. verði staðgengill forsrh. og taki við embætti hans út kjörtímabilið, ef hann hverfur úr því embætti af einhverjum ástæðum.

5. Stefnumörkun í utanríkismálum verði á hendi Alþingis.

6. Forsrh. geti efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða mál sem vera skal, þar á meðal samþykkt lagafrv., og fari þá um framtíðargildi laganna eftir úrslitum hennar.

Nú er það svo, herra forseti, að þessa stundina mun vera í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, eftir því sem ég best veit, frv. til l. um breytingar á stjórnarskrá, þar sem gert er ráð fyrir fjölgun þm. um þrjá, einhverri lítils háttar tilfærslu milli kjördæma í landinu og þess utan mun í grg. þess vera að finna drög að breytingum á kosningalögum. Um þetta mun hv. alþm. vera fullkunnugt.

Ég er þeirrar skoðunar, að í þeim breytingum, sem flokkakerfi hinna fjögurra flokka hefur haft á milli handanna nú um nokkurra mánaða skeið, sé verið að freista þess að leysa vandamál stjórnmálaflokkanna, en ekki vandamál stjórnkerfisins og þá ekki þau afleiddu vandamál efnahagskerfisins sem af skekkjum í stjórnkerfinu hafa leitt.

Það er auðvitað hryggilegt að hafa horft upp á og heyrt það í vaxandi mæli að undanförnu, að megintilgangur þessa frv. sé að leiðrétta eitthvað sem kallað er „misvægi milli flokkanna“ og vandi þessa máls sé fyrst og fremst vandi flokkanna. En það er augljóst öllum þeim, sem hafa hlýtt í fjölmiðlum á þær greinargerðir sem menn hafa verið að flytja fyrir þessu máli, að nú, þegar nær úrslitum þess hefur dregið, hafa vandamál þjóðarinnar vikið, en í fyrirrúm sest vandamál flokkanna, sem menn þykjast vera að leysa.

M. ö. o.: tilgangur þessa fjórflokkafrv. virðist eiga að vera sá fyrst og fremst að koma á jafnvægi milli flokkanna. Og nú skyldu menn velta fyrir sér: Hvað þýðir þetta margumtalaða jafnvægi milli flokkanna, sem verið er að tala um? Jú, það þýðir það væntanlega að að baki sömu tölu atkvæða liggi sami réttur til þess að komast inn í hinar afleiddu peningastofnanir ríkisvaldsins. Það tala menn auðvitað fyrst og fremst um þegar sagt er að meginvandamálið sem leysa þurfi sé að koma á jafnvægi milli flokkanna. En það leysir hvergi það kjarnavandamál í okkar stjórnskipun, að það sem hefur verið að gerast undanfarin ár er auðvitað það, og það verður að segjast eins og er, að ójafnvægi atkvæðanna hefur leitt til ójafnvægis í efnahagsstjórn. Það hefur gerst með þeim hætti, að þegar fólk á suðvesturhorninu, á Eyjafjarðarsvæðinu eða úti um hinar dreifðu byggðir landsins hefur verið að kjósa sér einstaklinga á löggjafarsamkomuna er það ekki að kjósa sér einstaklinga til þess að setja landinu leikreglur, sem gildi þá jafnt fyrir alla, og einstaklinga, sem hafi eftirlit með því að þessum leikreglum sé framfylgt og ekki öðrum. Nei, það sem menn eru að kjósa sér eru í raun og veru aðgöngumiðar að sjóðakerfinu.

Hvað er þetta margumrædda sjóðakerfi? Það eru stofnanir eins og Framkvæmdastofnun ríkisins. Það eru

skömmtunarstofnanir eins og bankaráð ríkisbankanna. Það eru stofnanir eins og sjóðakerfið er vítt og breitt. Og það skammtar út af fyrir sig meira en peninga. Það skammtar aðgang að menningarstofnunum, og má þar nefna stofnanir eins og útvarpsráð. Það skammtar aðstoð að því er varðar atvinnurekstur, flugrekstur, og má nefna flugráð, og svona mætti lengi telja. En þegar misvægi í atkvæðisrétti er beinlínis ávísun á innstreymi þm. inn í þetta hús og í sömu hlutföllum útstreymi fjármunanna, ekki í gegnum fjárlög sem eðlilegt er heldur í gegnum sjóðina, sem auðvitað eru að mörgu leyti virkara tæki, hreyfanlegra og sveigjanlegra en hin eiginlegu fjárlög eru, þá verður misvægið til.

Einn kjarni þessa máls er sá, að eitt af því sem löggjafarvald, sem starfaði með heilbrigðum hætti, ætti að gera væri að setja lög um vaxtastefnuna í landinu. Það er gefin forsenda, að ¾ eða meira af útlánakerfinu eru ríkisreknir. Ákvarða þarf t. d., sem hefur verið umdeilt í þessu þjóðfélagi, hvert eigi að vera stig vaxta miðað við verðbólgu. Eins og við vitum hefur þetta verið umdeild ákvörðun. Og ég er þeirrar skoðunar, að í þeim efnum hafi löggjafinn staðið sig afar illa. En spurningin er: Hvernig má það vera að sá sami löggjafi og þarf að setja lög um hæð vaxta miðað við verðbólgu og setja um það almennar leikreglur sé fær um slíkt þegar stór hluti þeirra sem hann skipa hafa af því starfa á öðrum tíma sólarhringsins að stunda útlán með sértækum hætti? Dæmi um þetta eru bankaráðin og skelfilegasta og nærtækasta dæmið er Framkvæmdastofnun ríkisins, enda vita það auðvitað allir menn að vaxtaákvörðunum í landinu hefur hún aldrei hlýtt, en látið um sig gilda sérlög.

Þetta er dæmi um með hverjum hætti, vegna þessa spils á sjóðakerfið, ójafn atkvæðaréttur verður ávísun á jafnvægislaust efnahagslíf. Þetta er kjarni málsins. Það er af þessum ástæðum sem við leggjum til að bæði sé gætt hagsmuna hinna þéttari byggða og hagsmuna hinna dreifðari byggða með því að algerlega sé skilið á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, sem er mikill kjarni þessa máls. M. ö. o.: framkvæmdavaldið sér til þess að framkvæma lögin í landinu, en löggjafarvaldið sér til þess að setja lög, þar með talin auðvitað fjárlög, og hafa eftirlit með því að þessum lögum sé fylgt.

Þetta á raunar að vera andi 2. gr. stjórnarskrárinnar, en við vitum að þeim anda hennar hefur aldrei verið framfylgt. En nákvæmlega af sömu ástæðu og engum dettur í hug að hæstaréttardómari dæmi eftir lögum á morgnana og setji þau eftir hádegið á þessi aðskilnaður valdþáttanna að liggja í augum uppi.

Það sem við leggjum til er að framkvæmdavaldið sé kosið beinni kosningu með þeim hætti, að sérhver maður, hvar sem hann býr á landinu, í þéttbýli á suðvesturhorni eða í hinum dreifðustu byggðum, hafi eitt og jafnt atkv., og kosið verði í tvöfaldri umferð, hljóti enginn meiri hluta í þeirri fyrri. Líklegra má telja að framkvæmdavald, sem kosið er með þessum hætti muni í hegðun og háttum heldur hallast inn á þéttbýli vegna þess hvernig búsetuhlutföllin eru í landinu. En til mótvægis leggjum við til að löggjafarvaldið sé kosið með óbreyttum hætti frá því sem nú er og að sá ójafni „atkvæðisréttur", í gæsalöppum sagt og hugsað, sem verið hefur, haldist. M. ö. o.: meðan má ímynda sér að sú þróun verði í kjölfar þessa að framkvæmdavaldið sé heldur hallt undir þéttbýli verði löggjafarvaldið hallt undir dreifbýlið með sama hætti.

Vitaskuld blandast þetta með ýmsum hætti og enginn hefur leyfi til að einfalda um of í þessum efnum, en það er engu að síður staðreynd að hér býr tæplega fjórðungur úr milljón manna. Fyrir þann fólksfjölda er þetta stórt land, því að það er rúmlega 100 þús. ferkm og það er að mörgu leyti aðstöðumunur milli dreifbýlis og þéttbýlis. Í svokölluðu þéttbýli fer fram meiri þjónusta og fyrir vikið vinnur hlutfallslega færra fólk við frumframleiðslu. Þessu er auðvitað öfugt farið í dreifbýli. Þar er minni þjónusta í sömu hlutföllum talað og meiri frumframleiðsla. Þó að menn megi aldrei gera of mikið úr þessari skiptingu er hún auðvitað til staðar að hluta. En það sem verður að vera inntak og grundvallarhugsun stjórnarskrárbreytinga er að það náist fullkominn friður og sættir á milli hins þéttasta þéttbýlis og dreifðasta dreifbýlis. Þetta er hægt að gera samkvæmt hugmyndum af því tagi sem hér er verið að lýsa.

Talað í sögulegu íslensku samhengi er hér auðvitað ekki um nýjar hugmyndir að ræða. Rétt mun vera að margir sem töldust til þess hóps sem kannske var ónákvæmt kallaður vinstri armur í Alþfl. á síðari hluta stríðsáranna, þegar menn voru að undirbúa nýja stjórnarskrá, töluðu mjög fyrir þessu. Eins var það svo, að fólk með sams konar hugmyndir í Framsfl. talaði mjög fyrir hugmyndum af þessu tagi á árunum eftir 1950 og gaf m. a. út blað á Austfjörðum, sem Gerpir hét, sem út kom um fimm ára skeið að ég hygg. Þar var mjög talað fyrir hugmyndum af nákvæmlega því tagi sem hér er verið að lýsa. Ég geri ráð fyrir því, að það sem þeir menn einkum sáu við hugmyndir af þessu tagi sé hin afleidda valddreifing, sem hlýtur og á að fylgja í kjölfarið af völdum héraða, völdum sveitarstjórna, völdum hverfa, ef við erum að tala um þetta svæði hérna. Og af sjálfu leiðir að slík valddreifing leiðir af stjórnarskrárbreytingum eins og þeim sem hér er verið að tala fyrir. Það er auðvitað mikill karni þessa máls.

En annar og ekki ómikilvægari kjarni þessa máls er sá, að lausn á stjórnarskrár-, kjördæma- og kosningamálum verður að vera þannig, að með fullri reisn sætti sig báðir aðilar við, bæði þeir sem í þéttbýli búa og eins hinir sem í dreifbýli búa. Mín tilfinning er sú, að sú lausn, sem forustumenn fjórflokkanna svokölluðu þykjast hafa fundið á þessum stjórnarskrármálum núna, muni vekja óánægju í dreifbýli og forakt í þéttbýli. Slæmir eru þeir einn og einn, en hjálpi okkur guð þegar þeir koma saman allir fjórir. Og það er það sem er enn mikill kjarni þessa máls.

Með því að fara leiðir eins og þær sem hér er verið að leggja til þarf ekki að fjölga þm. Það er eftir sem áður hægt að gera fyllilega ráð og réttilega ráð fyrir sérstöðu hinna dreifðari byggða, en um leið taka tillit til hinna réttmætu krafna, að kosningaréttur skuli jafnaður, en hann sé aðeins jafnaður öðrum megin.

Réttmætasta gagnrýni alls staðar þar sem hugmyndum af þessu tagi hefur verið hreyft er sú: Hvað gerist ef framkvæmdavald, kosið sérstaklega, og löggjafarvald, Alþingi, kosið ennfremur sérstaklega, þessir tveir valdþættir, takast á um eitthvert mál og sættir virðast ekki geta náðst? Það gæti t. d. verið ágreiningur um fjárlög, sem væri eðlilega ályktað. Þá er svarið það sem Frakkar settu í sína stjórnarskrá 1958, þegar þeir breyttu um stjórnskipunarkerfi með þeim hætti eða í þá veru, auðvitað lauslega talað, sem hér er verið að leggja

til. Þá lögðu þeir til, og það er í þeirra stjórnarskrá, að hvor aðili um sig geti krafist þjóðaratkvæðis ef um ágreining er að ræða. Sannleikurinn er sá, að aðeins tvisvar á þeim tæplega 30 árum sem liðin eru hafa menn gripið til slíkra ráðstafana í Frakklandi. Og af hverju er það? Þeir sem þekkingu hafa á frönskum aðstæðum segja að aðeins vitneskjan um þjóðaratkvæðisvopnið, sem hvor valdþátturinn um sig hefur, geri það að verkum að þing og framkvæmdavald nái sáttum áður en til slíks neyðarréttar þyrfti að grípa.

Herra forseti. Með þessari till. til þál. fylgir örstutt og svofelld grg.:

„Íslenskt efnahagslíf og íslenskt stjórnkerfi eru í upplausn. Erlendar skuldir á hvert mannsbarn í landinu nema um 4 000“ — það er nú allmiklu meira núna — „bandaríkjadölum. Verðþensla nemur nálægt 70% á ári. Atvinnuleysi gæti blasað við, þrátt fyrir marghátt að góðæri. Þeirri röngu kenningu hefur verið haldið að fólki, að valið hafi staðið um atvinnuleysi annars vegar og mikla verðbólgu hins vegar. Við vitum nú að þetta er rangt.

Íslenskt stjórnkerfi er einnig í upplausn. Lögunum í landinu er ekki hlýtt, jafnvel þannig að ríkisstj. ræðir á fundum sínum með hverjum hætti lögin skuli brotin (verðtryggingarmál). Seðlabanki, stofnun sem ekki ber beina lýðræðislega ábyrgð, leitast hins vegar við að framfylgja lögunum í landinu.

Vitað er að meiri háttar skekkjur í efnahagskerfi landsins má rekja til þeirrar staðreyndar, að atkvæðisrétti í landinu hefur verið skipt ójafnt, þannig að skekkjan er rúmlega 1:4. Skekkjan er svo mikil að hún verður ekki leiðrétt með vitsmunalegum hætti nema gerð sé róttækari breyting en rædd hefur verið“. Því má skjóta inn í, herra forseti, að sú frv.-ómynd, sem í prentun mun vera, mun víst vera rækileg undirstrikun þessarar kenningar. — „Ef menn eru að ræða leiðréttingu til réttlætis, þá þarf að fjölga alþm. í rúmlega 120. Ef verið er að ræða leiðréttingu án þess að fjölga þm. fá fámennustu kjördæmi 1—2 þm. Hvorugt nálgast veruleikann, eins og menn munu fljótt komast að raun um.

Alvarlegasta staðreyndin er sú, að skekkjur í efnahagslífi, sem eru mjög verulegar, má með beinum og óbeinum hætti rekja til misvægis í kjördæmamálum. Mikil verðbólga, stöðugur flutningur eigna og verðmæta, neikvæðir vextir, óeðlileg fyrirgreiðsla til handa einstaklingum og samtökum þeirra og þær hörmulegu efnahagslegu og félagslegu afleiðingar, sem frá stafa, eru auðvitað engin tilviljun. Þetta er meðvituð aðferð valdakerfis, sem almennum orðum talað hefur brugðist, til þess að hygla sínu fólki. Á meðan blæðir landinu sjálfu, í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Þessar skekkjur verður að leiðrétta, en um leið verður að auka og styrkja annars vegar lýðræði og hins vegar störf Alþingis — löggjafarvaldsins.

Ekki er ólíklegt að hið samtryggða vald gömlu stjórnmálaflokkanna hafi þegar komið sér saman um að „leysa“ þessi vandræði með fjölgun þm. um 7—9.“ — Ég vek athygli á að þetta mál var flutt í nóv. og þá var sú hugsun helst á lofti. — „Þeirri lausn, ef lausn skyldi kalla, verði þröngvað upp á þjóðina í pólitísku tímahraki rétt fyrir kosningar. Þessa „lausn“ hins brostna en samtryggða valds verða ábyrgir aðilar að koma í veg fyrir sé það hægt innan ramma lýðræðis og réttra leikreglna.

Þessa „lausn“ verður að koma í veg fyrir, vegna þess að þetta er engin lausn, heldur er þetta tilraun til þess að blekkja, fela hinn raunverulega vanda. Þó svo nokkrum þm. verði bætt við í Reykjavíkurkjördæmi og Reykjaneskjördæmi verða skekkjurnar áfram þær sömu, áfram verða aðilar löggjafarvaldsins á bólakafi í framkvæmdavaldinu, Kröflunefndum alls konar, bankaráðum, útvarpsráði, og áfram verða þeir jafnóhæfir til að hafa eftirlit með sjálfum sér og hingað til.

Þessi lausn gömlu stjórnmálaflokkanna leysir engan vanda, en eykur hann að því leytinu til, að um sinn gætu einhverjir haldið að verið væri að leysa hin raunverulegu vandamál.

Fjölgun þm. í óbreyttu kerfi að öðru leyti er örvæntingarfull tilraun hins úr sér gengna valdakerfis til þess að viðhalda völdum sínum, hinum þröngu flokksvöldum sem teygja arma sína um samfélagið allt.

Í þessari till. til þál., sem flutt er af þm. væntanlegs Bandalags jafnaðarmanna, er lagt til að öðruvísi verði farið að; að stjórnkerfinu verði breytt í grundvallaratriðum.

Vandi okkar liggur að verulegu leyti í því, að við höfum ekki fundið leið til þess að ná réttu jafnvægi milli hinna þéttari byggða annars vegar og hinna dreifðari byggða hins vegar.

Sé framkvæmdavald (forsrh.) kosið með þeirri aðferð, að landið sé raunverulega eitt kjördæmi, þá gefur auga leið að framkvæmdavaldið mun heldur hallast inn á þéttbýli. Til mótvægis verður kjördæmaskipan óbreytt, þannig að löggjafarvaldið mun í raun hallast í átt til hinna dreifðari byggða.

Það er staðreynd um íslenskt samfélag, sem verður að taka tillit til, að í þéttbýli fer fram meiri þjónusta af öllu tagi, minni frumframleiðsla. Í hinum dreifðari byggðum er þessu öfugt farið. Þess vegna verður að fara jafnvægisleið þar sem hagsmuna beggja er gætt til hlítar, en þó þannig að um leið sé hægt að halda uppi styrkri stjórn á efnahagsmálum.

Í tillgr. er lýst stefnumörkun, en ekki einstökum smærri framkvæmdaatriðum. Greinarnar skýra sig sjálfar.

Aðalatriðin eru þessi: Stjórnkerfi, með samábyrgð allra stjórnmálaflokka, sem skilur við efnahags- og önnur stjórnmál í þeirri rúst sem raun ber vitni, fær ekki staðist. Önnur og afleidd verðmæti eru í hættu.

Saga annarra þjóða segir okkur að við slíkar aðstæður og við valdakerfi, sem í raun er ónýtt og ófært um að takast á við þau verkefni sem því eru ætluð, fer að örla á varhugaverðum hugmyndum.

Bandalag jafnaðarmanna mun telja að þessi leið sé fær og muni skapa aðstæður fyrir heilbrigðari stjórnarhætti, óspilltara valdakerfi og síðan meiri valddreifingu.“

Þetta, herra forseti, er grg. sem með þessum ályktunargreinum fylgir.

Því næst, herra forseti, eru í þessu þskj. ritgerðir, sem birtar voru í tímaritinu Helgafelli árið 1945. Sú fyrri er eftir Gylfa Þ. Gíslason og sú síðari eftir Ólaf Jóhannesson. Þegar þessar ritgerðir voru ritaðar voru þeir báðir ungir háskólakennarar innan við 30 ára aldur. Ég vænti þess að hv. alþm. hafi kynnt sér þessar ritgerðir og gæti þess þá auðvitað hvenær þær eru skrifaðar, en kjarni málsins er sá, að þessir þá ungu kennarar, sem síðar urðu báðir alþm. hér á hv. Alþingi, voru að lýsa

vandamálum sem að breyttu breytanda eiga auðvitað nákvæmlega við enn þann dag í dag.

Eitt er það sem þeir báðir nefna: Hin þröngu og spilltu flokksvöld, sem af hafa leitt þessu þrönga kerfi, sem hér myndast og safnar um sig ekki aðeins löggjafarvaldinu, heldur öllu hinu ytra valdi. Það er í raun og veru kostulegt að lesa þessar nær 40 ára gömlu ritgerðir, vegna þess hvað þær eiga nákvæmlega við að þessu leytinu til vandamál dagsins í dag.

Í öðru lagi áttu hinir ungu kennarar það báðir sameiginlegt að vilja aðskilja miklu frekar framkvæmdavaldið frá löggjafarvaldi, lögðu að vísu til svolítið ólíkar leiðir að því er það varðar, en af nákvæmlega þeim ástæðum, sem hér hefur verið talað fyrir, að þetta voru tillögur gegn klíkuvaldinu sem menn auðvitað vita að hér hefur myndast.

Í þriðja lagi var leitast við að sýna fram á hvernig skekkjurnar í stjórnkerfinu hafa beinlínis leitt til þeirra skekkja í efnahagskerfinu sem hér hefur verið lýst og hér er talað fyrir að leiðréttar verði.

Að öðru leyti, herra forseti, eru þetta langar ritgerðir, og læt ég lokið umfjöllun um þær sem og tvö önnur fskj. sem í þessu þingskjali er að finna.

Herra forseti. Varla er þess að vænta að hugmyndir af þessum toga verði mjög fljótlega að veruleika, en þó skyldu menn aldrei segja aldrei í þeim efnum, og þó ekki væri nema þegar af þeirri ástæðu, að sögulegar forsendur eru fyrir því að upplýstir hópar, bæði í Alþfl. og Framsfl., hafa mjög talað fyrir hugmyndum af þessu tagi. Rétt er að greina frá því, fyrir þá sem áhuga kynnu að hafa á sögu, af hverju það gerðist meðal annars í Framsfl. að menn fóru að tala fyrir hugmyndum af þessu tagi.

Þannig var að 1949 voru kosningar til Alþingis, eftir að fallið hafði samstjórn undir forsæti Stefáns Jóh. Stefánssonar. Þá gerist það, að upp kemur stjórnarkreppa í landinu, sem fjórflokkakerfið hefur haft nær að hverjum kosningum loknum frá því í stríðslok, ef viðreisnartímabilið eitt er undanskilið, og það er kjarni málsins. Að þessum kosningum loknum virtist enginn stjórnarmyndunarmöguleiki vera á lofti, nema rædd var samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. Gegn því var mikil andstaða í Framsfl. Sú andstaða var raunar leidd af formanni flokksins, Hermanni Jónassyni. Þá gerist það, að þáv. forseti, Sveinn Björnsson, er að mynda utanþingsstjórn og búinn að skipa forsrh. í hana, sem var mjög umdeildur maður í þann tíð, svo að ekki sé meira sagt, Vilhjálmur Þór. Með þessa svipu á lofti var Framsfl. raunar rekinn inn í samsteypuna með Sjálfstfl. gegn vilja formanns flokksins, svo sem alþekkt var á þeirri tíð og síðar. Þetta gerði það að verkum m. a., að þeir menn í Framsfl. sem mjög voru andvígir þessu sögðu og sögðu réttilega að þessar brotalamir væri að finna í stjórnkerfinu sjálfu, að menn skuli vera kosnir á einum forsendum og í raun og veru þvingaðir til stjórnarmyndunar á öðrum forsendum af öðrum að kosningum loknum. Þekkjandi það sem gerðist 1949 og 1950 má fullyrða að ekki ósvipaðir atburðir áttu sér stað sumarið 1978.

En allt um það gerþekkja menn, eldri framsóknarmenn sem störfuðu fyrir allmörgum árum þar, þetta. Það þurfti því ekki að koma neinum á óvart, að þegar tillögur stjórnarskrárnefndar voru kynntar í sjónvarpi fyrir mánuði hóf fyrstur umr. Þórarinn Þórarinsson, fyrrum alþm. og ritstjóri Tímans, og lýsti því að í sínum till. hefði hann viljað ganga miklu lengra og lýsti tillögum sem mjög ganga til þessarar áttar. Annar þátttakandi — hv. alþm. — í þessum þætti taldi kyndugt að Þórarinn væri að lýsa þessu því að allir vissu að hann væri undir í sínum flokki með þessi mál, eins og það var orðað. En allt um það er Þórarinn auðvitað að þessu leytinu til góður málsvari sinnar kynslóðar í sínum flokki. Þeim sem þekktu til þurftu ummæli hans ekki að koma á óvart.

Því segi ég þetta, að ég teldi vel raunhæfan möguleika á því að eitthvað gæfi sig í gamla flokkakerfinu. Ég tala nú ekki um þegar þessar hugmyndir hafa verið enn betur kynntar, en ekki hefur nú fjölmiðlavinsemdinni verið fyrir að fara þar að vísu. Þegar þær hafa verið þokkalega kynntar tel ég að eitthvað gefi sig í gamla flokkakerfinu.

Ég vil, herra forseti, leggja á það mjög ríka áherslu, að í fyrsta lagi fela þessar hugmyndir í sér lausn á stjórnarskrár-, kjördæma- og kosningamálum, sem bæði þéttbýli og dreifbýli geta sætt sig við, og fyrir því höfum við reynslu, því að við höfum verið að kynna þetta, og hvað sem menn annað vilja segja um Bandalag jafnaðarmanna, þá sker það sig að því leyti einnig frá flokkakerfinu gamla að við tölum sama tungumálið inni í miðri Reykjavík og norður á Húsavík, á Vestfjörðum og á Seyðisfirði. Við tölum ekki tungum tveim og þurfum ekki að gera það. Við viljum jafna framkvæmdavaldsmegin, en við viljum að ójafn kosningaréttur haldist löggjafarvaldsmegin. Við viljum m. ö. o. flytja jafnvægisásinn til. Ég fullyrði að allt gamla fjórflokkakerfið talar tungum tveim, þeir tala allt öðruvísi á Ísafirði en í Reykjavík, í Keflavík annars vegar og á Húsavík hins vegar og allt þverklofið, þó að yfir það sé reynt að breiða. En við gerum það ekki.

Það er út af fyrir sig rétt, að vitaskuld er mikið um það spurt hjá okkur á fundum í Reykjavík og Reykjanesi hvers vegna við leggjum til að kjördæmaskipanin sé óbreytt. En því er einfaldlega til að svara, að við erum að leggja til að atkvæðisrétturinn sé jafnaður öðrum megin, en ekki hinum megin. Og miðað við hinar sérstöku aðstæður, sem Íslendingar búa við í þessum efnum, teljum við að þetta sé skynsamleg hugmynd, sem umfram allt felur í sér sættir á milli dreifðari byggða og þéttari byggða. Það er mikill kjarni þessa máls.

Það er einnig til umhugsunar fyrir þá fulltrúa fjórflokkanna, sem á þetta mál hlýða, að þessi samtök skuli vera þau einu, sem eiga fulltrúa hér á Alþingi, sem tala sama tungumálið í dreifbýli og þéttbýli og þurfa ekki að bera kinnroða fyrir það. Það er auðvitað með ólíkindum hvílíkum blekkingarvef er haldið á loft þegar verið er að reyna að skýla þeirri staðreynd eða fela hana hvað flokkakerfið er innbyrðis gegnumklofið í þessu máli. En við erum að leggja til róttækari breytingar og lýsum því hvernig stjórnkerfið mundi vinna ef þær gengju eftir.

Á ákveðnu gefnu ári er kosið til framkvæmdavalds. Þar verða væntanlega í framboði einhverjir fulltrúar stjórnmálaflokkanna, fulltrúar annarra félagslegra afla eða einstaklinga, eftir því hvað uppi er. Milli þeirra er kosið. Einhverjir tveir verða efstir í þeirri kosningu og í síðari umferð, viku, hálfum mánuði eða þrem vikum seinna, er kosið á milli tveggja þeirra efstu. Sá eða sú sem kosin er í þeirri umferð, hvort sem sú manneskja

kemur úr svokölluðu flokkakerfi eða úr annars konar félagslegu umhverfi — og hver segir að eðlilegt sé að þetta fjórflokkakerfi haldi hér utan um alla valdatauma til eilífðarnóns, en það er alveg augljóst að ekki nema að mjög takmörkuðu leyti er það fulltrúi fyrir hina raunverulegu flóru skoðana í þessu landi — viðkomandi aðili, hann eða hún, svo kosin, skipar með sér ríkisstjórn og á öðrum tíma er kosið til löggjafarþings. Væntanlega er þjóðin í svipuðu pólitísku skapi þá, þannig að samsetning löggjafarþings og framkvæmdavalds ætti að vera með nokkuð líkum hætti, en þó skyldi aldrei lokað fyrir þann möguleika að þar yrði nokkur munur á, líka vegna þess að það er jafnvægi öðrum megin og ójafnvægi hinum megin. Þá hafa menn þjóðaratkvæðið til að skera úr. Ég vísa þar til franskrar reynslu: Vitneskjan um að þjóðaratkvæðið sé til staðar hefur gert það að verkum að þing og stjórn við þessar aðstæður, sem eru auðvitað til þó með ólíkum hætti sé, í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Frakklandi, Finnlandi, leysa slík ágreiningsefni, en láta þau ekki standa stál í stál.

Þetta þýðir það einnig, herra forseti, að lagt er til að þingrofsrétturinn sé afnuminn. Hann er auðvitað orðinn fullkomlega úrelt fyrirbæri, eins og menn hafa fengið að finna síðustu vikurnar, þegar því vopni er sveiflað yfir þinginu miskunnarlaust að hegði það sér ekki svona eða hinn veginn sé það rofið. Menn eru auðvitað ekki að gera þetta af neinum fínheitum við þjóðina. Það fer eftir því, hvernig hagsmunakaupin ganga á eyrinni hvað hentar í þessum efnum.

Sú tillaga að þingrofsréttur sé afnuminn felur í sér að framkvæmdavald sé kosið til fjögurra ára, og það er gert ráð fyrir því hver sé varamaður, ef til þess kemur, sem vonandi og væntanlega yrði aldrei. Ennfremur er þjóðþing kosið á öðrum tíma, og sé þjóðþing kosið er það auðvitað kosið til fjögurra ára og á að starfa til fjögurra ára. Ekki er hægt að rjúfa þing eins og gert hefur verið og venjulega í pólitísku hrossakaupaskyni. Þetta er auðvitað ávísun á miklu stöðugra stjórnkerfi og um leið lýðræðislegra en það sem við nú búum við.

Síðan er lagt til annars staðar, herra forseti, í stefnumörkun Bandalags jafnaðarmanna, en sem er mjög skylt þessu og ber að greina frá einnig, að æðstu embættismenn ríkisstofnana eigi að ráða með sama hætti. Útvarpsstjóra á að skipa til fjögurra ára og er heimilt að endurráða hann kannske einu sinni eða svo. M. ö. o.: ef kjörið framkvæmdavald hefur á stefnuskrá sinni að rekstur ríkisstofnana, eins og t. d. útvarps, eigi að vera öðruvísi, meira popp eða minna popp, meiri umræðuþættir eða hvað annað, sem er ekki vitlausari eða ómerkari pólitísk skoðun en hvað annað, þá á þetta kjörna vald auðvitað að geta skipt um lykilembættismenn, svokallaða æðstu embættismenn ríkisins. Þeir eiga að vera háðir lýðvaldi, demokratísku valdi, eins og allir aðrir. Þetta er tillaga um liprara og lýðræðislegra stjórnkerfi, en í leið þar sem er meira efnahagslegt jafnvægi.

Menn segja að í kjölfar þessa muni fylgja að fjármagni sé veitt til byggðanna og síðan skipt innan byggðanna. Þetta er alveg rétt. Við verðum að átta okkur á því, að í landi sem er svo samansett sem Ísland er, bæði að íbúum og að stærð, lætur okkur betur bandalagseðlið að mörgu leyti en þjóðríkiseðlið. Að þessu leytinu til lætur okkur betur að þetta land sé bandalag landshlutanna eða þeir hafi mjög verulega og virka sjálfsstjórn, enda er ég sannfærður um að hugur afar margra úti um hinar dreifðu byggðir stendur einmitt til slíks. Og svo mikið hef ég lesið mér til um þær umræður, sem urðu innan Framsfl. um þetta á árunum fyrir og upp úr 1950, að ég veit að einmitt þetta lögðu menn þar mikla áherslu á, valddreifingu til byggðanna og umsjón þeirra með innri skiptingu fjármunanna, sem af hugmyndum af þessu tagi mun leiða og á að leiða.

Síðan er lagt til hér, herra forseti, að stefnumörkun í utanríkismálum verði á hendi Alþingis. Þessu er þveröfugt farið við það sem er í Frakklandi, en ástæðan fyrir þessu er sú, að stefnumörkun í utanríkismálum er afar viðkvæm á eyríki sem staðsett er í miðju norðanverðu Atlantshafinu. Eins og menn vita hefur þjóðin oft með ósæmilegum hætti verið klofin skoðanalega í herðar niður í utanríkismálum, og fyrir vikið, vegna þess að ekki er verið að búa til það sterka framkvæmdavald sem andstæðingar þessa stundum tala um og vísa þá til Frakklands fyrst og fremst, en þar er þessu öfugt farið, — fyrir vikið er miklu eðlilegra, vegna þess hversu flókin og margþætt flóra íslenskra utanríkismála er, að sá þáttur sé löggjafarvaldsmegin.

Um þetta, herra forseti, mætti auðvitað hafa miklu lengra mál. Það þarf auðvitað ekki að svara þeim misskilningi, sem orðið hefur vart t. d. í blöðum, að einhverjum detti í hug að fjárveitingavaldið eigi að vera einhvers staðar annars staðar en hjá Alþingi. Það verður eftir sem áður hjá Alþingi, og sé Alþingi að úthluta fjármunum gerir það það eftir sem áður í fjárlögum. Svo er í dag. Þannig er í stjórnarskránni. Ekki er verið að leggja til að breyta því.

En öðrum fjármunum en fjárlögin gera ráð fyrir á Alþingi ekki að dreifa. „Blöffið" í hagkerfinu hjá okkur og það sem hefur leikið okkur svo grátt eru hinir stórfelldu fjármunir sem Alþingi er að greiða fram hjá fjárlögum. Þar er um að ræða stofnun eins og Framkvæmdastofnun. Síðan er fjármunum dreift þar í nafni byggðastefnu. Það er Alþingis að ákveða hvaða fjármunum á að dreifa í nafni byggðastefnu. Þarna eru menn búnir að setja upp einhvers konar baklandsfjárveitingavald, þar sem menn sitja í nafni sinna persónulegu gæða og úthluta fjármunum vitaskuld fljótlega til vildarvina hvers konar í nafni byggðastefnu. Fyrir þetta á auðvitað að skrúfa. Fyrir sams konar fjárveitingar frá öðrum sjóðum, bankaráðunum, á að skrúfa, enda á það ekki að vera á könnu Alþingis að dreifa fjármagni með þeim hætti.

Sú byggðastefna sem þarf að reka og vitaskuld er oftar en ekki af hinu góða er í höndum fjárveitingavalds sem eftir sem áður er á hendi Alþingis. Séu menn þeirrar skoðunar að atvinnutæki á tilteknu landshorni þurfi fjárhagslegan styrk er það Alþingis og meiri hluta þess að ákveða það. Séu menn þeirrar skoðunar að snúa verði við hnignandi byggð eða stemma stigu við byggðaröskun í Dölum, á Langanesi eða hvar annars staðar er það pólitísk ákvörðun sem Alþingi tekur ákvarðanir um í fjárlögum, en ekki sjóðakerfið.

Sjóðakerfi, hversu skynsamlega sem það kann að vera hugsað í upphafi, endar alltaf í spillingarfeni, hefur alltaf gert og mun alltaf gera. Það hefur gerst í þeirri stofnun sem menn oftast taka sem dæmi um niðurlægingu þessa sjóðakerfis og er auðvitað réttmætt dæmi.

Hvað halda menn að mikið af fjárveitingum t. d. þar fari raunverulega til bjargar hnignandi byggð? Ég fullyrði að það er ekki nema brot. Hitt eru bara venjulegar fyrirgreiðslur venjulegra fyrirtækja. Auðvitað eru menn alveg jafnhæfir eða óhæfir atvinnurekendur burtséð frá hvar þeir búa á landinu.

Það er auðvitað meiri háttar blekking, sem haldið er að fólki, að þetta sé byggðastefna. Þetta er ekki byggðastefna. Byggðastefna er allt annað. Byggðastefna er pólitísk ákvörðun um að snúa við byggð, sem menn telja t. d. að sé að raskast og að slíkt sé óeðlilegt. Þá taka menn ákvarðanir um slíkt.

Það er af þessari ástæðu, herra forseti, sem ég hef í svo löngu máli tengt þessar hugmyndir við hið efnahagslega ástand. Grundvallarhugsunin er sú varðandi hið efnahagslega ójafnvægi, sem við höfum búið við, sóunina mitt í velmeguninni, verðþensluna, skuldirnar erlendis og þetta ástand sem við þekkjum, þetta jafnvægisleysi. Þrátt fyrir að við séum matvælaframleiðendur í hungruðum heimi, sem gætum búið við mikið jafnvægi og mikla velmegun, stendur efnahagslífið engu að síður almennum orðum talað svo illa sem raun ber vitni. Við erum þeirrar skoðunar, að ástæðan fyrir því sé einmitt sú, að jafnvægisleysið í stjórnkerfinu leiði til þess jafnvægisleysis í efnahagskerfinu sem hér hefur verið lýst. Það leiðir til þessarar sóunar, þessarar misnotkunar. Auðvitað er þetta ekkert annað.

M. ö. o.: tillögur þær sem hér er verið að lýsa eru tillögur um lausnir í stjórnarskrármálum, sem eru bæði í þágu og fullri sátt hinna dreifðari byggða og hinna þéttari byggða, en ennfremur að hluta lausnir þess aðkallandi vanda sem steðjar að efnahagskerfinu hér. Það löggjafarþing, sem kosið er með þessum hætti, fer auðvitað með löggjafarvaldið, þar með talið fjárveitingavaldið, og það fer einnig með eftirlitsvald með því að lögunum sé framfylgt, enda verða það hagsmunir slíks löggjafarvalds, sem ekki er með fingurna ofan í framkvæmdinni, að lögunum í landinu sé framfylgt, að einstökum byggðum, einstökum félagasamtökum eða einstaklingum sé ekki mismunað að lögum, enda eiga lög ekki að gera ráð fyrir því. Það er þessi kjarni málsins, herra forseti, sem skiptir mjög verulegu máli.

Ég held, herra forseti, að þetta sé hægt og það sem meira er: Þegar þjóðin hefur annars vegar frammi fyrir sér hugmyndir þær, sem hér er verið að lýsa, og hins vegar það frv., sem fjórflokkarnir eða forustumenn þeirra eru að leggja fram, sem ég endurtek að ég hygg að veki litla þökk í dreifbýli og heldur fyrirlitningu hér í þéttbýlinu, þá skilja menn betur hvers vegna hugmyndir af þessu tagi eru fram settar. Menn hafa horft á að það er verið að gera tilraunir til að etja saman fólki, sem býr í þéttbýli, og hinu, sem býr í dreifbýli, og slíkar tilraunir eru auðvitað ósæmilegar með öllu. Það sem hér er lagt til eru hugmyndir sem menn kynna kinnroðalaust á Reykjanesi og Langanesi og kynna eins alls staðar. Og hvers vegna? Vegna þess að auðvitað eru báðir aðilar að láta undan með þessum hætti og það er ljóst, en engu að síður sjá skynsamir menn að það verður ekki með skynsömum hætti lifað í þessu landi öðruvísi en að sáttin sé full milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það er kjarni málsins.

Ég þekki andsvör við þessum hugmyndum frá gamalli tíð, sem að verulegu leyti eru á lagatæknilegum forsendum byggðar. Menn segja að með þessu sé verið að afnema það þingræði sem á var komið 1904. Þetta er út af fyrir sig þegar af þeirri sögulegu ástæðu ekki alveg nákvæmt að íslenskt þingræði kemur á 1909, þegar Hannes Hafstein segir af sér hinu fyrsta sinni, en í annan stað skyldu menn ekki um of hengja sig í þetta orð, þingræði. Það þýðir hér raunar það eitt, að þingið ráði með þeim hætti að það skipi ríkisstj. Það sem hér er verið að leggja til er að í stað þessa þáttar þingræðisins komi þjóðræði að því er framkvæmdavaldið varðar, og sýnist það satt að segja skynsamari kostur af lýðræðisástæðum einnig.

Herra forseti. Þetta mál fjallar um stjórnkerfið og lausnir þar á og ekki síður fjallar það um efnahagskerfið og lausnir þar á. Sá sem hér stendur hefur verið, frá því að hann kom hingað inn 1978, gagnrýnandi inngrips, t. d. þeirra sem þetta hús skipa, inn í framkvæmdavaldskerfið, inn í sjóðakerfi þess, inn í önnur skömmtunartæki þess, á orkusviðinu, menningarsviðinu.

Við erum að leggja til róttækar breytingar þar á. Það er kunnara en frá þurfi að segja að síðustu ár hefur Alþingi ekki verið mikils virt vítt og breitt um landið. Hrossakaup fara hér fram og hafa farið fram í seinni tíð mikið fyrir opnum tjöldum. Allt hefur þetta orðið til þess að auka heldur á réttmæta gagnrýni á þá starfsemi sem hér fer fram. Það þjóðþing, sem hér er verið að leggja til, starfar með þeim hætti að það setur leikreglurnar og hefur eftirlit með því að þeim sé fylgt.

Mín skoðun er sú, að slíkt þjóðþing yrði meira virt — og það sem meira er: það yrði með réttu — heldur en hitt, hvers starfsemi við þekkjum. Þetta, herra forseti, er kjarni þessara tillagna.

Ég vil að lokum fá að geyma að leggja til með hverjum hætti með þetta mál skuli farið og vildi fá að ráðfæra mig við forseta um það, hvert skuli senda málið. Eftir því sem mér skilst á að fara að setja upp sérstaka nefnd til að fjalla um stjórnarskrártillögur fjórflokkanna. Sé svo, þá kynni að vera skynsamlegt að vísa þessu máli þangað.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Meginefni þeirrar till. sem hér liggur fyrir á þskj. 94, þ. e. till. til þál. um gerð frv. til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds, eru: Í fyrsta lagi að forsrh. verði kosinn beinni kosningu. Í öðru lagi að forsrh. skipi ráðh., sem eigi verði fleiri en níu, ráðh. fari með framkvæmdavald og þingrofsréttur verði afnuminn. Í þriðja lagi að löggjafarþing verði kosið til fjögurra ára með óbreyttri kjördæmaskipun og óbreyttum kosningalögum, Alþingi starfi í einni málstofu og fari með fjárveitingar- og löggjafarvald og eftirlitsvald með framkvæmd löggjafar svo og stefnumörkun í utanríkismálum. Þingmaður hverfi af þingi meðan hann gegnir ráðherrastarfi.

Þetta er í grófum dráttum meginefni þeirrar till. sem hér liggur fyrir. Hér er með nokkuð óvenjulegum hætti gerð till. um grundvallarbreytingar í okkar stjórnskipun. Það er gert með þáltill., en eðlilegra hefði verið að flytja frv. um breytingu á stjórnskipunarlögum eða okkar stjórnarskrá. Þessi umr. er því fyrst og fremst umr. um stefnu og hefur fyrst og fremst þýðingu sem slík. Auðvitað eru slíkar umr. mikilvægar og mikilvægi þeirra hér og nú er e. t. v. enn meira þegar haft er í huga að þetta er eitt aðalbaráttumál nýs stjórnmála-

flokks, sem stofnaður hefur verið, Bandalags jafnaðarmanna. Þess vegna vil ég taka þátt í umr. um þetta grundvallarstefnumál, sem hér er gerð till. um, og láta í ljós skoðun mína á því.

Það er að vissu leyti rétt, sem fram kemur bæði í grg. og framsögu hv. flm., 4. þm. Reykv., að hér ríkir upplausnarástand að mörgu leyti. Það er mjög eðlilegt að menn leiti skýringa á því og þá er oft nærtækt að skella skuldinni á stjórnkerfið. Upplausnarástand hefur æðioft í sögunni í ýmsum löndum leitt til breytinga á stjórnskipun. Því miður hafa þær breytingar oft verið í andlýðræðislega átt. Ég held að í því umróti og þeirri upplausn sem við nú búum við eigum við að varast slíkt og varast að telja sjálfum okkur trú um að hægt sé með einhverjum einföldum lausnum, einhverjum „patentlausnum" að ná valdi á því erfiða ástandi sem hér ríkir nú. Ég vil segja það strax, áður en ég fer lengra, að ég er andvígur þeim meginhugmyndum sem í þessum till. liggja. Það eru að vísu einstaka atriði hér og þar í till. sem ég gæti sætt mig við, eins og ég skal nánar koma að hér á eftir, en ég er í grundvallaratriðum andvígur þeim meginhugmyndum sem fram koma í þessum till. og ég skal gera nánar grein fyrir því.

Eitt meginatriðið í okkar stjórnskipun er þingræðið. Í þingræðinu felst það að ríkisstj. verður að styðjast við þingið, hið kjörna þjóðþing, eða þingið verður a. m. k. að þola ríkisstj. Við getum líka orðað þetta á þann veg að enginn geti setið í ráðherrastóli nema hann hafi stuðning meiri hl. löggjafarþingsins. Till. flm., hv. 4. þm. Reykv., gerir ráð fyrir að afnema þingræði á Íslandi, að afnema þetta grundvallaratriði í okkar stjórnskipun, en í staðinn verði forsrh. kosinn beinni kosningu á fjögurra ára fresti með meiri og ótakmarkaðri völd en nokkurn tíma hefur þekkst á Íslandi að nokkrum manni hafi verið falin síðan landið fékk sjálfstæði.

Það hefur margt verið ritað um þingræði á Íslandi. Ítarlegust er grein sem Bjarni heitinn Benediktsson ritaði og hét Þingræði á Íslandi. Hana er að finna í bókinni Land og lýðveldi, fyrra bindi, en upphaflega var sú grein flutt sem útvarpserindi árið 1956. Mig langar að rekja nokkur atriði úr þessari grein sem er löng og ítarleg.

Fyrst drepur greinarhöfundur á uppruna þingræðisins og vekur athygli á að þingræði sé reyndar tiltölulega nýr þáttur í stjórnskipun ríkjanna. Sá háttur að þjóðir kjósi fulltrúa, sem fari á þingi með málefni þeirra og hafi í þeim úrslitaráð, sé tiltölulega nýr. Þessi háttur var fyrst tekinn upp í Englandi og hefur breiðst þaðan út til ýmissa landa á síðustu öldum, einkum á 18., 19. og 20. öld. Það hafa að sjálfsögðu orðið margar torfærur á þessari leið eins og á leið lýðræðislegra stjórnarhátta yfir höfuð, en segja má að þingræðið hafi fest rætur í flestum löndum Norðvestur-Evrópu og Vestur-Evrópu og flestum engilsaxneskum löndum með undantekningum þó, má segja að þessi stjórnarháttur sé búinn að fá á sig hefð og sé hið viðtekna stjórnarform.

Bjarni rifjar upp í þessari grein sinni kenningar hins franska stjórnspekings Montesquieu sem setti fram kenningar um þrískiptingu valdsins. Hins vegar bendir hann á að Montesquieu hafi gert meira en rétt sé úr skiptingunni milli hinna þriggja höfuðgreina ríkisvaldsins og að ýmsir fræðimenn hafi nú haldið því fram að Montesquieu hafi misskilið þessa skiptingu, þ. e. í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald, sem ætti að vera í höndum þriggja ólíkra aðila. Hins vegar er enginn vafi á því, að kenningar Montesquieu hafa haft mjög mikil áhrif og þau komu þegar fram við mótun stjórnskipunar Bandaríkjanna á síðari hluta 18. aldar. Þar var þessum kenningum fylgt út í ystu æsar, þannig að það er alger aðgreining á milli þessara meginþátta ríkisvaldsins. Hjá öðrum þjóðum hefur þetta hins vegar þróast, með örfáum undantekningum, í þá átt að framkvæmdavald og löggjafarvald hefur verið tengt saman á þann veg að framkvæmdavaldið, handhafar þess, verði að styðjast við meiri hl. á þingi.

Með leyfi forseta vil ég nú vitna orðrétt í nokkurn kafla í þessari grein Bjarna Benediktssonar. Þar segir:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrst eftir að Alþingi Íslendinga var endurreist hafði það ekki löggjafarvald. Slíkt vald fékk það fyrst með stjórnarskránni 1874. En þingræði fylgdi ekki löggjafarvaldinu.

Um þessar mundir og allt fram yfir aldamótin 1900 stóð hörð barátta í Danmörku um viðurkenningu þingræðisins þar í landi. Var þess í sjálfu sér ekki að vænta, að Danir veittu Íslendingum þingræði, meðan svo stóð. Sá munur var þó á, að konungurinn var danskur maður og konungdæmið hafði sterkar rætur í dönsku þjóðlífi og var stjórnin þess vegna innlend, hvort sem konungur eða neðri deild þingsins réð henni.

Hér var konungurinn og konungdæmið útlent og ráðgjafinn, sem raunverulega fór með hin æðstu völd, var einn meðlimanna í hinni dönsku ríkisstjórn. Ekki þótti heldur taka því að láta sérstakan mann gegna eingöngu embætti „ráðgjafans fyrir Ísland", því að sú venja komst á, að dómsmálaráðherrann danski fór með það starf. Estrup-stjórnin sat löngum við völd í Danmörku á þessu tímabili og átti í hörðum útistöðum við neðri deild danska þingsins og hirti enn þá minna um óskir Alþingis Íslendinga. En í sjálfu sér hefði það litlu breytt, þótt þingræðisstjórn hefði setið í Danmörku, því allt var engu að síður komið undir ákvörðun danskra stjórnvalda, en ekki íslenskra.

Ekki var ætlast til þess, að ráðgjafinn fyrir Ísland mætti á Alþingi, enda gerði hann það aldrei. Þar sat landshöfðingi aftur á móti samkv. embættisstöðu sinni, enda var honum fengið hið æðsta vald á Íslandi innanlands, en á ábyrgð ráðgjafans. Landshöfðingi var aðeins embættismaður, sem hlýða varð yfirboðara sínum, ráðgjafanum, og hafði ekki úrslitaráð, þótt hann gæti oft látið að sér kveða.

Einn aðaltilgangur Íslendinga í frelsisbaráttunni eftir 1874 fram yfir 1900 var sá, að fá þingræði komið á hér á landi með einum eða öðrum hætti. Þetta náðist með stjórnskipunarlögunum frá 1903. Hvorki þá né í síðari stjórnskipunarlögum eða stjórnarskrám er þó berum orðum tekið fram, að þingræði skuli vera, heldur hefur það verið leitt af ákvæðum stjórnlaganna, einkanlega því fyrirmæli, sem þó var fyrst berum orðum tekið fram í stjórnarskránni frá 1920, að stjórnskipulagið skyldi vera þingbundin konungsstjórn. Og 1944 var því breytt í: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn." Hér hafa fleiri ákvæði stjórnarskrárinnar þýðingu, en það yrði of flókið mál og langt að rekja þau að þessu sinni. Enda hefur enginn ágreiningur verið um þá tilætlan allt frá gildistöku stjórnskipunarlaganna frá 1903, að hér skyldi vera þingræði, þó að alla skilgreiningu á hvað í hugtakinu felst, vanti í stjórnlög landsins og önnur

lagaákvæði. Hins vegar er hugtakið auðvitað skýrt í stjórnlagafræðinni og er meginregla þess sögð sú í þeirri kennslubók, sem lengst hefur verið notuð í þeirri fræðigrein hér við háskólann, „að engan skyldi skipa ráðherra, nema hann hafi stuðning meirihluta löggjafarþingsins". Þessi stjórnarháttur var upp tekinn hér 1. febr. 1904, þegar hinn fyrsti innlendi ráðherra Íslands tók við embætti, og þeim hætti hefur átt að fylgja síðan. Um það hefur hins vegar verið deilt, hvort svo hafi ætíð verið gert og þingræðið hafi verið rétt framkvæmt. Ekki er tiltökumál, þó að ýmis vafaatriði hafi vaknað, þar sem hugtakið er harla óákveðið, og sem sagt ekki einu sinni berum orðum nefnt í stjórnarskránni."

Þetta var orðrétt tilvitnun í þessa grein. Meginefni greinarinnar er síðan að gera rannsókn á því hvernig þingræðið hafi verið framkvæmt á Íslandi og þá aðallega með því að lýsa og skýra hvernig þær ríkisstjórnir hafi verið myndaðar á Íslandi og hvernig þær hafi farið frá sem störfuðu á þessum tíma. Niðurstöður eða lokakaflinn í grein Bjarna er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Af því, sem nú hefur verið sagt, er sýnt, að slík reynsla er komin á þingræðið hér á landi, svo mörg vandamál hefur þurft að leysa við framkvæmd þess og lausnirnar miðast svo við íslenska hætti og aðstæður, að þingræðið hefur vissulega gróið fast í íslenskum jarðvegi og sótt til þjóðarinnar styrk, sem gefið hefur því kraft til að veita Íslendingum forystu á mesta blómaskeiði þjóðar okkar."

Þetta var orðrétt tilvitnun í grein Bjarna Benediktssonar um þingræði á Íslandi. Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að ég tel að við eigum áfram að styðjast við þingræðisregluna, við eigum að halda uppi þingræði á Íslandi. Þingræðisreglan er samofin þeim lýðræðislegu stjórnarháttum sem þessi þjóð hefur þróað með sér um langan tíma. Hún er rótgróin hefð sem ekki má slíta upp með rótum. Ef svo væri gert er hætta á því að fleira mundi skolast með. Flestar þjóðir Vestur-Evrópu styðjast við þingræðið í sínum stjórnarháttum. Undantekningar eru þó. Skal ég þar tilnefna Frakkland. Bandaríkin eru einnig undantekning eins og ég gat um áðan. En þótt sitthvað megi að þingræðinu finna, eins og öllum stjórnkerfum og öllum mannanna verkum, hefur það í grundvallaratriðum reynst vel hér á landi. Auðvitað skilar það bæði góðum og slæmum ríkisstjórnum. Við höfum dæmi um hvort tveggja. Sem dæmi um góðar stjórnir, sem þingræðisreglan hélt við lýði, skal ég nefna viðreisnarstjórnina frá árunum 1959—1971, en ég get nefnt sem dæmi um slæma stjórn þá hæstv. ríkisstj. sem nú situr, enda hefur sú stjórn farið á ystu nöf í túlkun á þeim ákvæðum í okkar stjórnarskrá sem eiga að tryggja lýðræðislega og þingræðislega stjórnarhætti. Við megum því alls ekki falla í þá gryfju að telja að sú upplausn sem nú ríkir í þjóðfélaginu, hvort sem er í fjármálum eða á öðrum sviðum, sé þingræðinu að kenna. Þvert á móti getum við með fullum rökum sýnt fram á að það sé einmitt misnotkun þingræðisreglunnar, það sé misnotkun lýðræðislegra stjórnarhátta sem hafa valdið því að sú upplausn ríkir nú í okkar þjóðfélagi sem víða blasir við. Hins vegar má vissulega bæta þingræðisregluna og hún er alls ekki fullkomin hvorki hjá okkur né hjá öðrum þjóðum. En ég skal víkja aðeins nánar að því síðar.

Í mínum huga eru helstu rökin gegn till. hv. 4. þm. Reykv. þessi: Í fyrsta lagi leggur hann til að forsrh. verði kosinn beinni kosningu og forsrh. tilnefni síðan alla aðra ráðh. sem ekki verði fleiri en níu. Þjóðin fær ekkert um það að segja hverjir eru aðrir ráðh. á þessu tímabili sem forsrh. hefur starfað. Vissulega eru einstök ráðherraembætti ekki síður mikilvæg en embætti forsrh. Við höfum t. d. séð það í núv. hæstv. ríkisstj. að embætti iðnrh. getur verið mjög mikilvægt og ef illa er setið í því embætti þá er voðinn vís. Meginatriðið að þessu leyti í mínum huga er þó það, að hér eru allt of mikil völd sett á eina hendi. Forsrh. á að fara með framkvæmdavaldið allt og ráðherrar væntanlega að starfa í umboði hans. Forsrh. á m. a. þá að tilnefna menn í ýmis ráð, ýmsar stjórnir framkvæmdavaldsins, sem Alþingi kýs nú í og hv. þm. hefur gagnrýnt. En með þessum hætti er svo stórkostlega mikið vald sett á eina hendi að það eitt út af fyrir sig hefur mikla hættu í för með sér, og ég vil segja miklu meiri spillingarhættu í för með sér að slíkt vald sé sett á eina hendi heldur en þó nokkurn tíma það að við, þessir 60 þm. sem hér sitja, kjósum í nafni Alþingis í ýmis ráð og ýmsar stofnanir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu og nauðsynlegt er að tryggja að séu byggð upp og starfi með lýðræðislegum hætti.

Í öðru lagi er með þessari till. hætta á miklum árekstrum milli þings og stjórnar. Það er reyndar alveg víst að með framkvæmd slíkra hugmynda yrði á vissum sviðum stefnt í stríð á milli þings og stjórnar. Við Íslendingar erum 230 þús. manna þjóð. Hér fer allt fram í návígi og þó menn hafi stór orð um gervimennsku og spillingu þá er það nú svo, að til lengdar hlýtur hver og einn að koma til dyranna eins og hann er klæddur og dæmast eftir því. Það eru óteljandi tilefni árekstra á milli ríkisstj., sem styðst ekki við meiri hl. þings, og þingsins. Hvað t. d. ef þingið féllist ekki á stefnu forsrh. í mikilvægum málum eins og efnahagsmálum, sem þarf að styðjast við löggjöf? Forsrh. og ríkisstj. vildi fara eina leið, Alþingi fara aðra. Hver á þar úr að skera? Enginn aðili gæti gert það og stefnt væri í stórfellt stríð og stórfellda sundrungu. Við skulum nefna annað dæmi. Þingið neitaði um fjárveitingu til einhverra mikilvægra verkefna sem viðkomandi ríkisstj. teldi nauðsynlegt að leggja í. Þar er stefnt í stríð milli þings og stjórnar. Eða þriðja dæmið: að þingið samþykkti lög, sem væru í andstöðu við vilja ríkisstj. og forsrh., og ríkisstj. og forsrh. ættu síðan gegn vilja sínum að fara að framkvæma slík lög, jafnvel undir eftirliti Alþingis, eins og talað er um. Ríkisstj. ætti með hangandi hendi að fara að framfylgja lögum í mikilvægum málum sem Alþingi hefði sett. Ég held að í þeim efnum eins og öðrum sé hægt að segja: Veldur hver á heldur. Það mundi að sjálfsögðu stefna í öngþveiti undir slíkum kringumstæðum.

Þessi dæmi og reyndar mörg fleiri, sem nefna mætti, sýna að þetta kerfi, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason býður upp á, kallar á stórfelldari þjóðfélagsátök en við þekkjum í dag. Þetta er kerfi sem er líklegra en nokkuð annað til að sundra þjóðinni í meiri innbyrðis átök og meiri slagsmál og baráttu en við þekkjum dæmi til úr okkar sögu. Þar sem slíkt kerfi hefur verið við lýði, t. d. í Frakklandi og Bandaríkjunum, er ólíku saman að jafna.

Ef við tökum Bandaríkin t. d. þá er stjórnmálahefð þar í landi allt önnur. Í fyrsta lagi eru Bandaríkin

sambandsríki og þar hefur hvert ríki innan sambandsins mjög víðtæk völd. Í Bandaríkjunum er rótgróin hefð fyrir því að kjósa hvers kyns embættismenn, t. d. dómara, saksóknara og lögreglustjóra, svo geðfellt sem það nú er, en þó er þetta kerfi sem er rótgróið þar. Og þó að í aðalatriðum sé talað um tveggja flokka kerfi í Bandaríkjunum, þ. e. repúblikana og demókrata, þá eru þeir ekki stjórnmálaflokkar í þeim skilningi sem við þekkjum þá í Vestur-Evrópu. Það eru mjög lausleg tengsl, vil ég segja, hópa sem hafa jafnvel ólíka stefnu eftir ríkjum, en hafa þó sameinast í grundvallaratriðum í tvo svokallaða stjórnmálaflokka.

Í Frakklandi hefur ekki heldur reynt á þessa meinbugi, sem ég hef hér talað um, vegna þess að kjör forsetans, hins valdamikla forseta Frakklands, hefur yfirleitt farið saman við meginstraumana í stjórnmálum. Við getum tekið sem dæmi þegar Mitterand var kjörinn forseti Frakklands í síðustu kosningum. Þá var þar um að ræða mikla sveiflu. Við getum kallað hana sveiflu til vinstri, svo við notum þau hugtök. Því var síðan fylgt eftir með þingkosningum þar sem sama sveifla kom fram, þannig að í grundvallaratriðum, þó að fleiri en einn flokkur séu þar á ferð, í grundvallaratriðum fara meginstraumarnir í stjórnmálunum í Frakklandi í sömu átt. Og þannig hefur reynslan verið allar götur frá því að þeir tóku upp þetta kerfi. Hins vegar nýtur svona fyrirkomulag sín að sjálfsögðu best í tveggja flokka kerfi. Það nýtur sín illa í fjórflokkakerfi og sennilega ennþá verr í fimmflokkakerfi, sem hv. þm. er nú að stofna til. (**Gripið fram í:** Það er misskilningur.) En í Frakklandi hagar einnig svo til að völd forsetans eru mun meiri og geta undir vissum kringumstæðum verið miklum mun meiri en hugsanlegt er að menn gætu nokkurn tíma fallist á hér á landi.

Ég vil sérstaklega undirstrika þennan þátt í rökum gegn till. hv. þm., þ. e. hættuna á stórfelldari átökum milli helstu valdastofnana þjóðfélagsins og þar með stórfelldari þjóðarsundrungu en dæmi eru til. Þingræðisreglan, sem við búum við í dag, knýr ríkisstj. og þing til samstarfs. Ríkisstj. verður að styðjast við meiri hl. í þingi, og hún verður að starfa með þinginu, þannig að það kerfi sem við búum við knýr þessa aðila til samstarfs, þó að auðvitað kunni að vera skiptar skoðanir stundum á milli.

Ég vil í þriðja lagi nefna sem dæmi að í till. hv. þm. er ekki gerð grein fyrir hlutverki forseta Íslands. Í raun inni sé ég ekki annað en að þjóðkjörinn forsrh., eins og hér er lagt til, geri forsetaembættið alveg óþarft, eða a. m. k. lítils virði. Þau einu raunverulegu völd sem forseti Íslands hefur eru í sambandi við stjórnarmyndanir og reyndar í sambandi við staðfestingu á lögum, en það hlutverk væri að sjálfsögðu orðið gersamlega óþarft eftir að kominn væri þjóðkjörinn forsrh. Í raun er þetta því till. um að leggja niður embætti forseta Íslands í núverandi mynd. Það tel ég vera miður því að forsetaembættið er tákn sameiningar og samstöðu þessarar þjóðar, og leitast hefur verið við að láta ekki pólitískan styr standa um embættið.

Í fjórða lagi vil ég nefna sem rök gegn þessari till. að hún er raunverulega ákall á hinn sterka mann í þjóðfélaginu. Hér ríkir upplausnarástand, mjög óvenjulegt stjórnmálaástand og á slíkum stundum leita menn, eins og ég gat um áðan, að sökudólgi. Nú er það mjög vinsælt viðkvæði að segja að stjórnmálaflokkarnir hafi brugðist eða stjórnkerfið sé óhæft. Þessar fullyrðingar dynja á okkur sí og æ. Þess vegna verður að finna eitthvert nýtt kerfi, segja menn. Undir slíkum kringumstæðum er alltaf hætta á því að menn kalli á hinn sterka mann, kalli á riddarann á hvíta hestinum sem eigi að koma og bjarga því sem bjargað verður. Ég hef mikið orðið var við það, hvort sem hv. flm. ætlast til þess eða ekki, að þessi hugsun tengist mjög till. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. En slíkan hugsunarhátt ber auðvitað að varast, því þá stefnum við í átt til andlýðræðislegra stjórnarhátta, stjórnarhátta sem upplausnarástand eins og við nú lifum við hefur oft kallað á.

Í fimmta lagi vil ég nefna sem rök gegn þessari till. að hún gerir ráð fyrir óbreyttri kjördæmaskipan þegar kosið er til Alþingis og löggjafarsamkomunnar. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr við þá lausn sem nú er í uppsiglingu á svokölluðu kjördæmamáli leikur þó enginn vafi á að ástæðan fyrir því að það mál er jafnmikið rætt og raun ber vitni síðustu vikur, mánuði og jafnvel ár er það óréttlæti sem viðgengst, að kosningarréttur fólks, þegar kosið er til Alþingis, er misjafnt metinn. Hann er mun minna metinn hér í Reykjavík og á Reykjanesi heldur en annars staðar á landinu. En samkv. þessum till. er gert ráð fyrir því að Reykvíkingar og Reyknesingar eigi áfram að búa við óréttlætið. Hinn nýi flokkur, Bandalag jafnaðarmanna, segir: Það gerir ekkert til því að kosningarréttur verður jafn þegar æðsti handhafi framkvæmdavaldsins verður kosinn. En þessi rök duga ekki til. Þó að forsrh. verði gífurlega valdamikill í hinu nýja stjórnkerfi, sem þarna er lagt til, hlýtur Alþingi auðvitað eftir sem áður að hafa mikil völd. Ég nefni sérstaklega einn valdaþátt sem sérstaklega er nefndur í till., fjárveitingarvaldið, vald til þess að innheimta skatta og gjöld af þjóðinni og vald til *þess að dreifa þessu fjármagni aftur til ýmissa sameiginlegra verkefna þjóðarinnar.* En það er einmitt á þessu sviði, það er einmitt á sviði fjárveitingarvaldsins sem átökin eru hvað mest þegar landshluta greinir á.

Ég harma það að hinn nýi flokkur skuli hafa tekið þá afstöðu að skerast úr leik í þeirri viðleitni að reyna að bæta hlut Reykvíkinga og Reyknesinga í áhrifum á Alþingi. Því að hið nýja kerfi bætir að sjálfsögðu ekkert um fyrir Reykvíkingum og Reyknesingum að þessu leyti og þær hugmyndir, ég vil segja að mörgu leyti fjarstæðukenndu hugmyndir, að framkvæmdavaldið muni hneigjast í eina áttina og löggjafarvaldið í aðra, ég held að þær séu fyrst og fremst kenning og muni alls ekki standast í raunveruleikanum.

Herra forseti. Ég hef nú drepið á ýmis atriði sem ég tel rök gegn þessari till. Ég vil sérstaklega undirstrika að þó að það séu mörg atriði sem þarna er um að ræða, þá óttast ég mest að þetta kerfi muni sundra þjóðinni ennþá meir en orðið er. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði hér áðan, að það sé ekki þingræðisreglunni að kenna að hér hefur ýmislegt farið öðruvísi en ætlað var. Við tölum oft um ríkisvaldið og greiningu þess. En við skulum ekki gleyma því að utan við ríkisvaldið eru ýmislegar valdastofnanir í þjóðfélaginu. Margs konar annað vald kemur hér við sögu sem miklu máli skiptir og við megum ekki gleyma þegar við tölum um hvernig mál skipast hér í okkar þjóðfélagi. Ég nefni t. d. hagsmunasamtök ýmiss konar. Ég nefni það að samtök hafa mjög misbeitt sínu valdi og raunverulega stuðlað að upplausn. Ég nefni sem dæmi þegar löglega kjörin

ríkisstj. og löglega kjörið Alþingi setti árið 1978 ákveðin lög um efnahagsaðgerðir. Þá voru það verkalýðssamtök sem brutu niður þær aðgerðir sem nutu stuðnings Alþingis og ruddu þar með brautina fyrir þeirri upplausn sem síðan hefur ríkt í okkar efnahagsmálum. Annað dæmi um misbeitingu valds eru ýmiss konar þrýstihópar.

Það er fróðlegt að hafa það í huga að nú fer fram í Bandaríkjunum mjög athyglisverð umræða um alvarlegan misbrest, að því er þeir Bandaríkjamenn telja í sínu stjórnkerfi. Ég vil nefna það hér vegna þess að þessi till. gengur út á að taka upp bandaríska kerfið svona í grófum dráttum þó að það sé auðvitað ekki algerlega sambærilegt. Þar fer nú fram mjög alvarleg umræða um mikla galla og meinbugi á stjórnkerfinu þar. Þessi umræða snýst m. a. um þrýstihópana og áhrif þeirra. Þeir eru mjög öflugir í Bandaríkjunum eins og víða annars staðar. Einkenni þeirra er að hver hópur beinir áhuga sínum að afmörkuðu efni án tillits til heildarhagsmuna. Oft eru það ofstæki og öfgar sem sitja í fyrirrúmi hjá slíkum samtökum. Þau ganga hart fram í því að svínbeygja þm., neyða þá til fylgis við málstað sinn með hótunum um baráttu gegn þeim og með hótunum um að spilla pólitísku fylgi þeirra ef þeir fari ekki eftir því sem þessir hópar, hverjir sem þeir eru hverju sinni, segja fyrir um. Reynslan hefur orðið sú í Bandaríkjunum að æ fleiri þm. verða slíkum hópum að bráð, freistast til eða neyðast til að taka afstöðu út frá þröngum sérhagsmunum án þess að hafa heildarhagsmuni í huga. Margir þjóðfélagsfræðingar og stjórnmálamenn í Bandaríkjunum hafa nú af þessu miklar áhyggjur og um þetta fer fram mjög athyglisverð umræða þar nú. Á þessu bryddar einnig hér á landi. Ég vil nefna þetta sem tvö dæmi, þ. e. hagsmunasamtökin annars vegar og svo annars konar þrýstihópa hins vegar, um valdaöfl utan við ríkisvaldið sem misbeita oft valdi sínu og geta átt þátt í upplausninni á hverjum tíma. Margvísleg átök hljóta að eiga sér stað í þjóðfélaginu. Þar takast á margvísleg öfl, en auðvitað verður það allt að vera innan ramma leikreglna þjóðfélagsins.

Þó að ég hafi lýst því yfir hér að ég vil halda í þingræðisregluna, ég er andvígur því að leggja niður þingræði hér á landi, þá fer því fjarri að ég telji framkvæmd hennar fullkomna eða það stjórnkerfi sem við búum við fullkomið. Ég hef talið, og hef flutt um það ræður hér á hv. Alþingi og skrifað um það í blöð, að það eigi að greina betur á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds en nú er, en þó án þess að leggja niður þingræðið. Það er einmitt ferill núv. hæstv. ríkisstj. sem hefur dregið betur fram en oft áður ýmsa galla okkar stjórnkerfis. Hins vegar ganga mínar hugmyndir í þveröfuga átt við hugmyndir hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Ég vil frekar styrkja völd Alþingis, styrkja löggjafarvaldið á kostnað framkvæmdavaldsins, á kostnað valds ríkisstj. hverju sinni.

Ég ætla ekki að gera þau atriði sem ég hef nefnt í þessu sambandi að ítarlegu umtalsefni hér. Ég vil hins vegar aðeins minna á þau, þannig að þau séu inni í myndinni, en skal ekki fjalla um þau í mörgum orðum, ég hef gert það fyrr hér á Alþingi. Ég nefni t. d. heimild ríkisstj. til brbl. sem er stórkostlega misnotuð. Með þessari heimild er of mikill og mikilvægur hluti löggjafarvaldsins lagður í hendur framkvæmdavaldinu. Þessa heimild ber að takmarka mjög, ef ekki að afnema hana með öllu, og mér finnst vel koma til greina að afnema hana með öllu, miðað við nútíma samgöngur og alla þá kosti sem eru á því að Alþingi geti komið saman með stuttum fyrirvara. Ég bendi á annað atriði. Þar er Alþingi sjálfu auðvitað um að kenna. Lög frá Alþingi veita framkvæmdavaldinu allt of mikið svigrúm til þess að taka ákvarðanir um atriði sem í eðli sínu eru löggjafaratriði en Alþingi felur ríkisstj. að afgreiða með reglugerðum. Dæmi um slíkt er einmitt hér fyrir Alþingi þessa dagana, þ. e. vísitölufrv. svokallaða, þar sem lagt er í hendur forsrh. mjög mikið vald til að túlka og taka ákvarðanir innan mjög grófra ramma um atriði sem í eðli sínu eru löggjafaratriði og ættu að ákveðast hér. Ég hef líka haldið því fram sem minni skoðun að ráðh. eigi ekki að gegna þingmennsku á meðan þeir sitja í ráðherrastóli. Ég hef líka nefnt það að afnema eigi þingrofsréttinn í sinni núverandi mynd, þ. e. þingrofsrétturinn eigi að flytjast til Alþingis ef hann á að vera til á annað borð. Ég hef minnst á starfstíma Alþingis, sem á að lengja, og ég hef ennfremur minnst á að staða og embættiskjör forseta þingsins, þessarar æðstu stofnunar löggjafarvaldsins, ættu að vera svipuð og staða ráðh. Þetta eru nokkur atriði sem ég vil nefna til endurbóta á þingræðisreglunni, sem ég vil halda í, en ég er mjög andvígur og ítreka andstöðu mína gegn þeim till. sem liggja fyrir í þessari þáltill.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Á öllum tímum hafa menn barist við það og reynt að finna nýjar leiðir í stjórnskipunarmálum þegar fyrri kerfi hafa brugðist á einn eða annan hátt. Með till. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar er vissulega gerð tilraun til þess að finna nýja leið — leið sem hefur ekki verið beitt hér á landi áður.

Ég vil segja það strax í upphafi, að margar þær hugmyndir sem koma fram í þessari till. eru mér mjög að skapi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar og tek undir með hv. síðasta ræðumanni að hinn ákveðni aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdavalds, sem fram kemur í þessari till., getur vissulega falið í sér miklar hættur. Við skulum minnast þess að Arnaldur í Sölku Völku Halldórs Laxness var hugsjónamaður sem barðist fyrir nýjum leiðum í stjórnskipunarháttum. Þær leiðir hafa orðið ofan á víða um heim og hafa verið kallaðar einu nafni jafnaðarmennska. Nú er það svo, að í þeim löndum þar sem jafnaðarmenn hafa verið sterkastir á undanförnum árum og áratugum, og á ég þá einkum við Norðurlöndin, hefur ævinlega verið reynt að styrkja þingræðið. Þeim hefur ekki dottið í hug að fara þá aðskilnaðarleið sem hér er lögð til.

Þessi mál, eins og fram kemur raunar í till. um aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds, voru rædd í þingflokki Alþfl. og hlutu auðvitað misjafnar undirtektir eins og gengur, en nokkrir þm. þar lýstu áhuga sínum á þessum málum og þá einkum og sér í lagi þeim atriðum sem fylgja í till. og ég mun koma að síðar.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að með þeim algera aðskilnaði framkvæmdavalds og löggjafarvalds sem till. gerir ráð fyrir væri verið að bjóða upp á að forsrh., í þessu tilviki, fengi gífurlegt vald í hendur. Það er verið að bjóða upp á það að þetta vald yrði í látlausu stríði við þingræðið, eins og við þekkjum m. a. frá Bandaríkjunum og Frakklandi.

Ég vil minna á að það vald, sem hefur verið fært í

hendur Bandaríkjaforseta og hann hefur samkv. stjórnarskrá Bandaríkjanna, hefur orðið þess valdandi oft og tíðum að fram hafa komið tilteknar einræðishneigðir hjá forsetum og þeir hafa farið sínu fram, brotið á bak aftur hið eiginlega löggjafarvald eða farið á bak við það með afleiðingum sem öllum eru kunnar.

Ég veit líka að í Frakklandi hefur það gerst að með þessum aðskilnaði hafa franskar stjórnsýslustofnanir fengið það vald í hendur að leitt hefur til umtalsverðrar spillingar, sem hefur kristallast iðulega í því að þeir sem hv. flm. þessarar till. hefur kallað „varðhunda valdsins" hafa orðið hinir eiginlegu yfirmenn stjórnsýslustofnananna.

Ég held að við verðum að varast að færa svo mikið vald á hendur forsrh. að hann geti í raun og veru sagt þinginu stríð á hendur í mörgum mjög mikilvægum málaflokkum.

Það var minnst á það hér áðan, að slíkt kerfi byði m. a. upp á að þing og ríkisstj. yrðu í stöðugri styrjöld t. d. um fjármál ríkisins, um stefnu í efnahagsmálum og um stefnu í fleiri málum sem forsrh. með slíku valdi gæti ákveðið án þess að þingið væri þar sammála.

Mig langar að renna yfir greinar þessarar þáltill. Áður en ég geri það vil ég minna á að með þessari þáltill. eru tvö gagnmerk fskj. og fleiri raunar, en einkum á ég við greinar eftir þá dr. Gylfa Þ. Gíslason og Ólaf Jóhannesson, hæstv. núv. utanrrh. Í þessum greinum er talað um það í skýru máli að þessi aðskilnaður væri æskileg stjórnunaraðferð. Það er hins vegar tekið fram í grg. till., með leyfi forseta:

„Skýrt verður að taka fram að athuga ber hvenær eftirfarandi ritgerðir eru ritaðar og að höfundar hafa auðvitað fullan rétt á að hafa aðrar skoðanir nú en þá. Ritgerðirnar eru prentaðar sem þskj. með leyfi höfunda."

Ég vil taka það fram, að mér er kunnugt um að hæstv. utanrrh., sem skrifaði þá ritgerð sem hér er prentuð með, er á annarri skoðun nú en hann var þegar hann skrifaði ritgerðina. Hann hefur hallast meira að því að efla beri þingræðið í stað þess að skilja að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið.

Ég hef þá rætt um 1. lið þessarar till., sem fjallar um að kjósa forsrh. beinni kosningu þar sem atkvæðavægið yrði jafnt yfir allt landið.

Í 2. lið er talað um það m. a., að þingrofsréttur verði afnuminn. Ég get í grundvallaratriðum tekið undir þetta. Ég er þó þeirrar skoðunar, að það beri ekki að afnema þingrofsréttinn með öllu, heldur takmarka hann. Þingrofsréttur í höndum forsrh., eins og nú gerist t. d., er beinlínis hættulegur. Núverandi þing stendur frammi fyrir því, að það getur hvorki lifað né dáið og núv. ríkisstj. gerir slíkt hið sama. Ástæðan fyrir þessu er sú einfaldlega, að hæstv. forsrh. hefur þingrofsréttinn í sínum höndum og ríkisstjórnir hafa á undanförnum árum gert í málefnasamningi samkomulag um að þing verði ekki rofið nema allir aðilar ríkisstj. samþykki það.

Þingrofsrétturinn er nánast þjóðhættulegur eins og hann er nú í höndum hæstv. forsrh. Hann veldur því, að þingið situr hér, lullar áfram í hægagangi og hefst ekkert að í þeim málum sem mestu skipta, þ. e. efnahagsmálunum.

Þá er ég kominn að 3. lið þessarar till. Þar er fjallað um að kjördæmaskipan og kosningalög verði að öllu óbreytt, nema hvað kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Þá er búið að skera frá kosningu framkvæmdavaldsins, þ. e. forsrh., en eftir að kjósa til löggjafarþingsins, þ. e. Alþingis. Þarna leggur hv. flm. Vilmundur Gylfason til að hin óréttmæta kjördæmaskipun verði látin halda sér. Hér get ég ekki verið honum sammála. Ég get ekki verið honum sammála um að vægi atkv. á Vestfjörðum eigi að vera fjórfalt eða fimmfalt á við vægi atkv. í Reykjavík. Slíkt gengur ekki upp, slíkt er óréttlátt og slíkt er ekki í anda jafnaðarstefnu.

Hann leggur til að þær breytingar verði gerðar á kosningalögum að kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Því er ég fullkomlega sammála, enda hefur þetta verið eitt af helstu málum Alþfl. um margra ára skeið, og hlýtur því Alþfl. að standa einhuga með hv. þm. um þetta mál.

Að Alþingi starfi í einni málstofu er engin nýjung fyrir Alþfl. Núverandi sendiherra Íslands í Stokkhólmi, fyrrv. hæstv. ráðh. og hv. þm. Benedikt Gröndal, flutti um þetta frv. hvað eftir annað. Hér er ekkert nýtt á ferðinni. Við höfum viljað að Alþingi starfaði í einni málstofu til þess að auka afkastagetu þess, auka sveigjanleika og auka yfirleitt alla framkvæmdasemi þingsins, sem nú virðist oft og tíðum ganga mjög hægt. Ég er alveg sammála því, sem hv. þm. leggur til, að Alþingi fari með fjárveitingavaldið, löggjafarvaldið og strangt eftirlitsvald með framkvæmd löggjafar.

Ég vil minna á að þegar við komum fyrst inn á þing, hv. þm. Vilmundur Gylfason og ég, beittum við okkur fyrir því, að ein þingnefndin fengi vald til að skoða framkvæmd laga í einu tilteknu máli. Þetta tókst okkur og okkur tókst að rétta hlut einstaklings í þjóðfélaginu, sem varðhundar valdsins, sem við getum kannske kallað svo, höfðu farið illa með. Þetta er auðvitað bæði réttlátt og eðlilegt. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að það skorti stórkostlega á að Alþingi fylgist með framkvæmd þeirra laga sem það setur um þær stofnanir úti í þjóðfélaginu sem fara eftir þeim lögum sem þingið setur. Á ég þá m. a. við hinar gífurlega stóru stofnanir, sem eru orðnar ríki í ríkinu, eins og Póstur og sími og fleiri slíkar. Ég veit ekki hvert eftirlitshlutverk þingsins er innan þeirra stofnana. Ég held að það sé ekki neitt.

Um það, sem segir í 5. lið, að stefnumörkun í utanríkismálum verði á hendi Alþingis er ég algjörlega sammála. Það mundi leysa mikinn vanda og það mundi bæta mjög alla umfjöllun um utanríkismál, sem er mjög takmörkuð á hinu háa Alþingi. Ég tek einnig undir 6. liðinn í till. hv. þm. um að forsrh. geti efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða mál sem vera skal. Ég held að það sé stjórnunarform sem við þurfum að taka upp og nota í miklu ríkari mæli en gert er.

Í framhaldi af þessu langar mig að fara nokkrum orðum um þá ræðu sem hv. 1. flm. Vilmundur Gylfason flutti áðan. Ég vil hins vegar taka það fram, að málflutningurinn, sem hann hafði uppi, er auðvitað í anda þess að verið er að spila á það upplausnarástand sem ríkir í þjóðfélaginu. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að um allan heim, og kannske ekki síst í hinum vestræna heimi, þar sem lýðræðið stendur styrkustum stoðum, hafa ýmsar skoðanir átt hljómgrunn í upplausnarástandi eins og nú ríkir — skoðanir sem hafa hins vegar ekki orðið þjóðum til framdráttar.

Ég er sannfærður um að sú upplausn sem ríkir hér á þingi, sá vesaldómur sem fram hefur komið í störfum núv. ríkisstj., gefur byr undir báða vængi hvers konar

skoðunum af því tagi sem komu fram í ræðu hv. þm. Með þessu er ég ekki að segja að það sem hann sagði sé af þeim toga að við þurfum að óttast það, en við þurfum að hugsa um það og gæta þess vandlega að gleypa það ekki allt saman hrátt.

Ég hjó eftir því, að þegar hv. þm. talaði um þetta mál ræddi hann mikið um, eins og hann hefur oft gert og það með réttu, afskipti þm. af stofnunum sem hafa með fjármál að gera, þ. e. bankaráð, Framkvæmdastofnun og fleiri slíkar stofnanir. Í þessu sambandi vil ég láta það koma fram, að Alþfl. á ekki einn einasta þm. í bankaráði. Ég vil láta það koma fram, að fyrir þessu þingi liggur frv. frá Alþfl. um að leggja Framkvæmdastofnun niður í núverandi mynd. Ég vil líka láta það koma fram, að orðalagið í stefnuskrá Bandalags jafnaðarmanna um Framkvæmdastofnun og byggðamál gæti verið tekið upp úr því frv. oft og tíðum nánast orðrétt. Þar greinir okkur ekki á og þar er ekki neinn nýr sannleikur eða ný vísindi á ferðinni.

Hv. þm. talaði um að sveitarstjórnir þyrftu að fá meiri völd. Um það er ég honum fullkomlega sammála, enda hefur Alþfl. lagt fram mjög viðamikið frv. um einmitt þessa valdatilfærslu frá ríkisvaldinu til sveitarfélaganna. Í þessum efnum talaði hann um bandalag landshlutanna. Mér datt þá í hug það, sem er gömul saga, þegar Héðinn heitinn Valdimarsson, sem hafði klofið sig út úr Alþfl. — eða gerði það raunar síðar — vildi stuðla að sameiningu kommúnista og jafnaðarmanna á Íslandi. Þegar hann kom til fundar, sem gerð er grein fyrir í skýrslu Alþýðusambands Íslands frá þessum árum, og lagði fram þær till., sem kommúnistaflokkurinn íslenski vildi að yrði farið eftir í þessum sameiningarmálum, þá var talað um að stofna Sovét á Íslandi með miðstýringu frá aðalflokki í Reykjavík. Hvað eru bandalög landshluta? Gætu þau ekki líka heitið sovét?

Ég er, eins og ég sagði, sammála því að valdið skuli fært til sveitarstjórnanna.

Hv. þm. ræddi um kjördæmamálið og sagði að það frv. sem nú væri í prentun væri óalandi og óferjandi. Að nokkru leyti get ég tekið undir þetta. Ég er mjög mótfallinn því, að þingið afgreiði eingöngu fjölgun þm. og að við glötum þar með tækifærinu til þess að þrýsta á þær nauðsynlegu stjórnarskrárbreytingar sem þurfa að ná fram að ganga. Það tel ég slæmt mál.

Ég held hins vegar að með þeirri niðurstöðu sem þingflokkarnir hafa komist að hafi náðst tvennt, sem hv. þm. minntist ekki á, og það er leiðrétting annars vegar á milli flokka og hins vegar meiri jöfnuður í vægi atkv. á milli landshluta. Þetta eru augljósar staðreyndir, sem ekki verður fram hjá gengið, og það væri óréttmætt að taka ekki tillit til þess þegar rætt er um þetta mál.

Hv. þm. talaði talsvert um spillt stofnanavald, sem þingið hefði litla möguleika á að fylgjast með, og þetta er rétt. Þetta er það sem ég sagði áðan að hefði kannske einmitt gerst í Frakklandi meira en víðast hvar annars staðar, þar sem stofnanavaldið er orðið slíkt að enginn fær við neitt ráðið. Það hafa oft orðið stór mál í frönskum stjórnmálum hvernig embættismenn hafa leyft sér að fara með það vald sem þeim er fært vegna þess aðskilnaðar framkvæmdavalds og löggjafarvalds sem þar á sér stað. Ég er hræddur um að þessi aðskilnaður yrði kannske til þess að auka þetta stofnanavald meira en nú er.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason talar mikið um fyrirgreiðslu þm. og þá nær ávallt í neikvæðum skilningi. Ég hef ævinlega verið honum sammála eða við verið sammála um það, að það nái ekki nokkurri átt að þm. sitji í bankastofnunum, bankaráðum og í stjórnum sjóða sem úthluta almannafé. Slíkt gengur ekki. En ég dreg skarpa markalínu á milli þessarar fyrirgreiðslu og þeirrar fyrirgreiðslu sem heitir að reyna að færa eitthvað af stjórnsýslustofnunum, sem eru í Reykjavík, út í hinar dreifðu byggðir landsins. Það er kannske ekki eðlilegt að þm. Reykvíkinga skilji þá stöðu sem landsbyggðarmenn eru oft í þegar þeir þurfa að leita lausnar á sínum málum til stjórnsýslustofnana hér í Reykjavík. Það kostar ekki bara löng og mikil símtöl, það kostar langar og miklar göngur, dýrar ferðir. Það er þessi fyrirgreiðsla sem við þm. dreifbýliskjördæmanna stöndum í. Við stöndum jafnvel í því að kaupa varahluti í báta, sem eru stopp, til að koma þeim út á land. Ef þetta heitir fyrirgreiðsla í neikvæðum skilningi er ég ekki lengur með á nótunum.

Ég vil segja það, að þær hugmyndir, sem koma fram í þessari till., eru að mörgu leyti mjög góðar, en hins vegar tek ég ekki undir að það sé einhver björgun í því efnahagslega óstandi, í því efnahagslega öngþveiti, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, að aðskilja framkvæmdavald og löggjafarvald. Það er engin björgun, ekki nein. Í því felst ekkert bjargráð og þeir menn sem nú standa upp á þingi, á fundum, skrifa greinar í blöð og tala um að breytingar á stjórnarskrá, jafnvel breytingar á kjördæmamálum, muni leiðrétta það efnahagslega misrétti sem ríkir í þessu þjóðfélagi, eru á rangri leið. Þeir hafa rangt fyrir sér. Auðvitað hefðu formenn þingflokkanna, að mínu mati, átt að standa upp fyrir löngu frá þrásetum sínum til þess að ná samkomulagi í þessu kjördæmamáli og láta þær bíða betri tíma, en snúa sér að efnahagsmálunum, því að sú staða, sem hér er komin upp, sú mátstaða og pattstaða, sem ég hef sagt og get endurtekið hvar og hvenær sem er að er þinginu til vansæmdar, verður ekki leyst með því að breyta stjórnarskrá lýðveldisins.

Nú, herra forseti, er ég búinn að fara nokkrum orðum um þessa þáltill. Ég vara við veigamesta þætti hennar af þeirri einföldu ástæðu að ég tel að slíkur aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds leiði til þess eða geti leitt til þess að hér komi til valda forsætisráðherra sem hefur slíkt vald í málefnum þjóðarinnar að löggjafarþingið sem slíkt muni geta átt í erfiðleikum með að koma í veg fyrir mistök sem hann væri auðsjáanlega að gera.

Ég vil minna á að í Frakklandi hafa verið forsetar með mikil völd og sama gildir í Bandaríkjunum. Ég vil minna á að þing þessara þjóða hafa stundum ekki getað komið í veg fyrir mjög alvarleg mistök, sem þessir menn hafa gert. Það er þetta sem ég vil forðast og það er af þessum ástæðum sem ég vara við þeim aðskilnaði framkvæmdavalds og löggjafarvalds sem hér er talað um. En ég get hins vegar tekið undir margt af öðru því sem fram kemur í till. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, enda hef ég bent á að þær og þau mál hafa þegar — sum þeirra fyrir mörgum árum — verið flutt hér á þingi í formi frv. eða till. af þm. Alþfl.

Umr. frestað.

Lögreglustöð í Mosfellshreppi, þáltill. (þskj. 323). — Ein umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 323 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ríkisstjórnin hlutist til um að komið verði á fót lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi ásamt tilheyrandi búnaði og fjölgun í lögregluliði sýslumannsembættis Kjósarsýslu, svo að unnt verði að þjóna Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi auk Mosfellshrepps".

Með ört vaxandi byggð og auknu þéttbýli hefur þörfin fyrir sérstaka lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi stóraukist á undanförnum árum. Íbúar Mosfellshrepps eru í dag liðlega 3300 og býr meiri hluti þeirra í þéttbýlinu við Varmá, en byggð í dreifbýli er einnig allnokkur. Þá ber að hafa í huga að í Kjalarnes- og Kjósarhreppi búa nú milli 5 og 600 manns, þannig að samanlagður íbúafjöldi þessara hreppa nálgast 4000.

Umferðarmál og slysahætta eru ein meginástæða fyrir brýnni þörf á virkri löggæslu á þessu svæði. Vesturlandsvegur liggur um þéttbýlasta hluta Mosfellshrepps og sker raunar byggðina í tvennt með þeim hætti, að samgangur milli hverfa er ógerlegur án umferðar yfir veginn. Opinber þjónusta, svo sem skólar, barnaheimili, íþróttasvæði o. fl., er öll staðsett öðrum megin vegarins, og sama gildir um verslanir. Af þessu leiðir að innansveitarumferð um og yfir Vesturlandsveg er mjög mikil, hvort heldur er um að ræða ökutæki eða gangandi vegfarendur, börn jafnt sem fullorðna. Þetta ástand hefur í för með sér mikla og vaxandi slysahættu eins og dæmin sanna, og ber brýna nauðsyn til að bæta þar úr.

Íbúar og sveitarstjórn Mosfellshrepps hafa vaxandi áhyggjur af þessu ástandi og telja að ein mikilvirkasta vörnin gegn umferðarslysum hvers konar á þessu svæði sé virk löggæsla á og við Vesturlandsveginn.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur ítrekað ályktað um þetta mál og leggur þunga áherslu á að löggæsla á þessu svæði verði efld til muna, samanber m. a. eftirfarandi bókun hreppsnefndar frá 30. júní 1982, en þar segir, með leyfi forseta:

„Vesturlandsvegur er í hópi fjölförnustu þjóðvega landsins, sérstaklega kaflinn frá Reykjavík og upp fyrir Mosfellshrepp. Eins og nú háttar liggur vegurinn um þéttbýli Mosfellshrepps, sem hefur í för með sér mikla umferð um og yfir veginn, ekki síst af börnum og unglingum, gangandi eða á hjólum.

Þungaflutningar um þennan veg eru eðlis hans vegna mjög miklir. Aðstæðum hagar þannig til við Brúarland, að þar liggur vegurinn í kvos, sem leiðir af sér mikinn umferðarhraða, sérstaklega stórra og þungra bifreiða. En það er einmitt við Brúarland, sem er fjölfarnasta gangbraut barna og unglinga yfir veginn þar sem þau fara í skóla eða til íþróttaiðkana að Varmá. Það dylst engum, sem til þekkja, sérstaklega í ljósi nýlegrar reynslu, að verði umferðarslys á þessum stað er um líf að tefla.

Með hraðvaxandi byggð í Mosfellshreppi hefur ástand mála á Vesturlandsvegi orðið æ alvarlegra og er nú með öllu óþolandi að óbreyttu. Hreppsnefndin telur að til þess að bæta núverandi ástand sé brýnt að einkum tvennt komi til:

1. Stóraukin löggæsla við Vesturlandsveg í þéttbýli Mosfellshrepps.

2. Greinargóðar gangbrautarmerkingar ásamt þverlínum til að draga úr hraða eða öðrum merkingum með sama tilgangi.

Hreppsnefndin telur brýnt að bætt verði úr þessum atriðum hið fyrsta og gerð með því tilraun til að skapa íbúum Mosfellshrepps þolanlegt ástand á Vesturlandsvegi uns varanleg lausn fæst á þessum vanda með færslu á veginum í samræmi við tillögur skipulagsyfirvalda. Hreppsnefndin telur, að sú framkvæmd þoli ekki bið úr þessu, og álítur eðlilegt að hún verði næsta stórverkefni í vegamálum í Reykjaneskjördæmi."

Hér lýkur bókun hreppsnefndar frá 30. júní 1982, sem er ein af mörgum ályktunum um sama efni á undanförnum árum, en illa gengur að fá fram úrbætur.

Þá hafa hreppsnefndir Kjalarnes- og Kjósarhrepps ályktað um nauðsyn á efldri löggæslu á svæðinu og bent á varðstöð í Mosfellshreppi í því sambandi.

Auk þess hefur margoft verið fjallað um málið á öðrum vettvangi, og nægir að minna á fjölmennan borgarafund sem haldinn var 2. des. 1982 um umferðarmál í Mosfellssveit, en þar var eftirfarandi samþykkt samhljóða, með leyfi forseta:

„Almennur borgarafundur, haldinn í Hlégarði, Mosfellssveit, 2. des. 1982, skorar á þm. kjördæmisins og yfirvöld í löggæslu- og vegamálum að vinna af öllum mætti að eftirfarandi ... að komið verði upp svo fljótt sem verða má lögreglustöð í Mosfellssveit... að vinna með öllum ráðum að því, að Vesturlandsvegur, frá Höfðabakka upp að Þingvallavegi, verði lýstur upp með einfaldri lýsingu. Lýsing í þéttbýli hafi forgang ... að gerðar verði ráðstafanir, sem duga til þess að lækka umferðarhraða, sem nú tíðkast, gegnum Mosfellssveit."

Auk þeirrar sérstöku löggæslu, sem að framan greinir, er löngu orðið tímabært að efla til muna alhliða löggæslu í þéttbýlinu við Varmá sem og í hreppnum í heild.

Löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi er í dag sinnt frá lögreglustöðinni í Hafnarfirði. Það er ljóst, að með núverandi mannafla og tækjakosti er mjög erfitt fyrir stöðina að sinna lágmarksþjónustu við Mosfellshrepp og upphreppana, hvað þá að nokkur möguleiki sé á virkri löggæslu, eins og brýna þörf ber þó til. Efling á lögregluliði Hafnarfjarðar og tækjakosti þess leysir þó ekki þetta mál, þar sem vegalengdir eru slíkar að svæðinu verður aldrei þjónað svo vel sé með útgerð mannafla frá Hafnarfirði né heldur frá t. d. lögreglustöðinni í Árbæ, sem stundum hefur verið nefnd sem möguleg lausn í þessu sambandi. Því er ljóst að til að tryggja virka löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi þarf að koma á fót sérstakri lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi, sem hafi á að skipa nægjanlegum mannafla og tækjakosti til sólarhringsvaktar á þessu svæði. Þannig er unnt að veita íbúum þessara byggðarlaga þá alhliða löggæslu sem þörf er á og ekki verður veitt með núverandi fyrirkomulagi.

Eins og sagt var hér að framan búa um 4 þús. íbúar í þessum þremur hreppum, Kjósar-, Kjalarnes- og Mosfellshreppi, og samtals búa í öllu umdæminu, sem lögreglu Hafnarfjarðar er ætlað að sinna, um 22 þús.

manns að viðbættu Seltjarnarnesi með 3 500 manns, en þetta eru 25—26 þús. manns. 32 lögreglumenn eiga að þjóna öllu þessu umdæmi, þar af 26 sem ganga á vaktir að staðaldri. Segir það sig sjálft, að svo fámennt lögreglulið getur ekki svo vel sé haldið uppi fullkominni löggæslu, þegar haft er í huga að byggðin í umdæminu er tvístruð og dreifð í marga byggðakjarna víðs vegar um umdæmið, allt frá Hafnarfirði að sunnan um Álftanes, Garðakaupstað, Seltjarnarnes, um Mosfellshrepp, þar á meðal Mosfellsdal, og allt að vesturhorni Esju. Þetta sama lögreglulið á svo að sjá um löggæslu á þrem fjölförnustu umferðaræðum landsins milli byggðarlaga, þ. e. á Reykjanesbraut frá Engidal að sýslumörkum Gullbringusýslu fyrir sunnan Straum, á Hafnarfjarðarvegi frá Hafnarfirði að Kópavogslæk og á Vesturlandsvegi frá Úlfarsá um Mosfellssveit, Kjalarnes og Kjós allt að Hvalfjarðarbotni, við sýslumörk Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu. Á öllu framangreindu svæði með áðurnefndum mannfjölda og með fyrrnefndum umferðaræðum á lögregluliðið í þessu umdæmi að halda uppi löggæslu með 32 manna liði, fjórum bifreiðum, 2—3 bifhjólum og tveim lögregluvarðstofum, í Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt upplýsingum, sem koma fram í bréfi sýslumanns til ráðuneytisins varðandi þetta mál, er skipting lögreglumanna á fjölda íbúa sem hér segir: Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla hafa 787 íbúa á hvern lögreglumann, Kópavogur hefur 666 íbúa á hvern lögreglumann og Reykjavík 379 íbúa á hvern lögreglumann. Það er því ekki óeðlilegt þó að einstök byggðarlög í þessu umdæmi telji sig verða afskipt með löggæslu á sínu svæði, eins og t. d. Mosfellshreppur, enda hefur hann þá sérstöðu að liggja fjærst frá aðalstöðvum lögreglunnar í umdæminu af fjölmennum byggðarlögum þess eða í 20—30 km fjarlægð frá Hafnarfirði, og um hreppinn endilangan liggur ein mesta umferðaræð landsins, Vesturlandsvegur, sem að vísu skiptist við Þingvallaveg, en gerir þó ekki löggæslu á svæðinu auðveldari, heldur þvert á móti.

Rétt er að taka það fram, að þrátt fyrir mannfæð lögregluliðsins í þessu umdæmi og miðað við þær aðstæður sem fyrir hendi eru, þ. e. víðlendi dreifðra byggðakjarna, mannfjölda og umferðarþunga, gerir lögregluliðið allt sem í þess valdi stendur til að halda uppi góðri löggæslu, bæði í Mosfellshreppi sem og í öðrum byggðum umdæmisins, miðað við þessar bágu aðstæður. En eðlilega er takmörkuð sú þjónusta sem hægt er að veita vegna mannfæðar lögregluliðsins, eins og áður var bent á. Aðallega hefur þetta bitnað á Mosfellshreppi vegna ört vaxandi byggðar þar.

Sýslumaður Kjósarsýslu hefur bent á í bréfi til dómsmrn. að með 8—10 manna fjölgun í lögregluliðinu í þessu umdæmi ásamt tilheyrandi búnaði væri unnt að koma upp lögregluvarðstofu í Mosfellshreppi, sem mönnuð væri allan sólarhringinn. Vissulega væri slík fjölgun í lögregluliðinu í umdæminu stórt stökk í einu, en vegna þess hve langt lögregluliðið hér hefur dregist aftur úr hvað mannafla snertir, þ. e. lögregluliðið í Hafnarfirði, miðað við nágrannabyggðarlögin, svo sem lýst hefur verið að framan, telur sýslumaður slíka fjölgun enga fjarstæðu og því síður telur hann það fjarstæðu að orðið verði við eindregnum óskum Mosfellinga og íbúa hinna hreppanna í efri hluta Kjósarsýslu.

Það er einnig mat sýslumanns og annarra þeirra, sem hafa með löggæslu að gera í umdæminu, að eðlilegri og nauðsynlegri löggæslu verði ekki haldið uppi í þessum hreppum sýslunnar nema með því að komið verði upp lögregluvarðstofu í Mosfellshreppi með tilheyrandi nauðsynlegum búnaði og að því marki verði ekki komist hjá að stefna.

Herra forseti. Það hefur á undangengnum áratugum mikið verið um það rætt að gera skarpari skil milli verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, m. a. með því að færa verkefni til sveitarfélaganna, sem staðbundin eru, og þá að sjálfsögðu auka tekjustofna, ríkið annaðist fremur verkefni sem ekki eru staðbundin í einstökum byggðarlögum. Þegar ríkið yfirtók alfarið löggæslumálin sem einn lið í þessari viðleitni voru bundnar vonir við að þetta væri eitt skref í þessari þróun og mundi verða til bóta. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að eftir að löggæslumálin voru færð á hendi eins framkvæmdaaðila, ríkisins, hefur það ekki haft í för með sér bætta eða aukna þjónustu, nema síður væri.

Með þessari till. til þál. um lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi er gerð tilraun til að fá yfirvöld dómsmála til að sýna í verki að skilningur og áhugi sé fyrir því að bæta úr brýnni þörf í ört vaxandi byggðarlögum, þar sem íbúarnir hafa þungar áhyggjur af því ástandi sem þar ríkir og hreppsyfirvöld ásamt sýslumanni og öðrum lögregluyfirvöldum hafa margítrekað reynt að fá úrbætur án árangurs.

Eftir frestun á þessari umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 48. fundur.

Föstudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 254). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem þegar hefur hlotið meðferð í hv. Nd. Frv. var flutt vegna eindreginna óska sveitarstjórnarmanna Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, en þar var samþykkt sameining þessara sveitarfélaga við almenna atkvgr., sem fór fram hinn 14. nóv. 1982. Ein meginforsenda þessarar samþykktar var sú, að sveitarfélögin fengju áfram að halda sýslunefndarmönnum sínum í Vestur-Skaftafellssýslu, þannig að sýslunefndarmönnunum fækkaði ekki þó að sveitarfélögin sameinuðust í eitt sveitarfélag. Fyrir því er þetta frv. flutt, en þar segir:

„Þegar ákveðið hefur verið að sameina tvö eða fleiri sveitarfélög, getur félmrh. ákveðið að tala sýslunefndarmanna verði sú sama og var fyrir sameininguna, enda óski fráfarandi hreppsnefndir eftir því að svo verði."

Ríkisstj. taldi sjálfsagt að verða við beiðni sveitarstjórnanna í Dyrhólahreppi og Hvammshreppi. Því er frv. flutt, og ég vænti þess að það fái góðar undirtektir hér í hv. deild.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. félmrh. fyrir flutning þessa máls og taka undir þá áskorun hans til félmn. að afgreiðslu þess verði hraðað þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 119). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Búfjárhald í þéttbýli, frv. (þskj. 349). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um búfjárhald í þéttbýli. Frv. hefur fengið rækilega meðferð og undirbúning, m. a. hjá Stéttarsambandi bænda á ítrekuðum fundum og á búnaðarþingum. Starfshópur á vegum þessara aðila og Sambands ísl. sveitarfélaga undirbjó frv., en í starfshópnum áttu sæti Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Ólafur Dýrmundsson frá Búnaðarfélagi Íslands.

Starfshópurinn aflaði sér gagna um þessi mál og ræddi þau á nokkrum fundum og gerði tillögur um fyrirmynd að samþykktum um búfjárhald, sem þéttbýlissveitarfélög gætu haft til hliðsjónar við gerð samþykkta. Við samningu fyrirmyndarinnar var leitast við að taka tillit til ýmissa sjónarmiða, en þar er miðað við að búfjárhald utan lögbýla verði fyrst og fremst tómstundaiðja. Gengið er út frá því að búfjárhald verði í samræmi við aðstæður í hverju sveitarfélagi og lausaganga búfjár verði bönnuð í þéttbýli. Beitiland verði hóflega nýtt og uppbygging gripahúsa verði í samræmi við skipulag. Þá verði tekið tillit til almennra markaðsaðstæðna landbúnaðarins eins og þær eru á hverjum tíma.

Þetta frv. er flutt í samræmi við þau sjónarmið, sem ég gerði hér grein fyrir að nefndin hefði lagt til grundvallar í störfum sínum. Í 1. gr. kemur fram, að gert er ráð fyrir að sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni verði heimilt að setja samþykkt um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Slík samþykkt öðlist gildi þegar hún hefur verið staðfest af ráðh. og birt í Stjórnartíðindum.

Í 2. gr. er tiltekið hvað átt sé við með orðinu búfé.

Í 3. gr. er tekið nánar fram hvað má vera í þessum samþykktum sveitarfélaganna, svo og í 4. gr.

Í 5. gr. er greint frá því hvað sveitarfélögum eða sveitarstjórnum sé heimilt að aðhafast, ef reglum er ekki hlýtt í þessu efni.

Í 6. gr. kemur fram, að sá sem verður sannanlega fyrir atvinnutjóni vegna takmörkunar eða banns á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, eigi rétt á bótum úr sveitarsjóði.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara frekari orðum um frv. þetta. Það er glöggt og skýrir sig sjálft. Hér er um að ræða þarft mál fyrir sveitarfélög, ekki síst hin minni sveitarfélög, sem eru í vexti og eru að aðlaga sig því lífi sem tíðkast í þéttbýli, og þá er nauðsynlegt að hafa skýrar reglur. Ég tel að þetta frv. geti myndað ramma um þær.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 80). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Föstudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Orkulög, frv. (þskj. 382). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hreppstjórar, frv. (þskj. 257). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 383). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 73). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 303). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls beindi ég þeirri fsp. til þeirra ráðh. sem þá voru í salnum, hvort þess væri að vænta að frv. til lánsfjárlaga yrði lagt fyrir þetta Alþingi. Mér finnst nú svolítið út í hött ef þm. þurfa að bera fram fsp. um svo einfalt mál með þinglegum hætti í Sþ. Hér í salnum eru þrír ráðh., hæstv. menntmrh., hæstv. landbrh. og hæstv. heilbr.- og félmrh. Nú vil ég enn freista þess að fá þessari spurningu svarað, hvort þess sé að vænta að frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 verði lögð fyrir þetta Alþingi og þá hvenær.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. og þar sem hæstv. fjmrh. er fjarverandi þykir mér rétt að upplýsa að að sjálfsögðu verður lánsfjáráætlun lögð hér fyrir svo og frv. til lánsfjárlaga, og það hlýtur að gerast núna alveg næstu daga.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ánægjulegt ef ríkisstj. ætlar að taka á sig rögg og leggja frv. til lánsfjárlaga fram fyrir það Alþingi sem nú er að ljúka störfum. Ég þarf ekki að minna á það, að allir fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna halda að sér höndum og treysta sér ekki til þess að afgreiða lánsbeiðnir sem fyrir liggja af þeim sökum að lánsfjárlögin hafa ekki verið afgreidd og engin lánsfjáráætlun verið gerð fyrir þetta ár. Við vitum að fjölmörg fyrirtæki eru í miklum rekstrarfjárörðugleikum af þessum sökum og sums staðar liggur við borð að til stöðvunar fyrirtækja komi vegna þessa. Ef maður talar við þá menn sem eru í forsvari fyrir fjárfestingarsjóðina fær maður einlægt sömu svörin: Við bíðum eftir lánsfjáráætlun. Ég held að það sé afskaplega nauðsynlegt að ríkisstj. dragi það ekki lengur en til mánudags að leggja þetta frv. fram. Ég hef áður vakið athygli á því, að samkv. lögum sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir bar að leggja lánsfjáráætlunina fram með fjárlögum. Það hefur ekki verið gert. Ég skal ekki rekja gang þessa máls að þessu sinni, en ég vil mjög mælast til þess að hæstv. ríkisstj. láti það ekki dragast lengur en til mánudags að frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun verði lögð fram.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Halldóri Blöndal þegar hann spyrst fyrir um lánsfjáráætlun og bendir réttilega á að samkv. lögum er skylda að leggja lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga fram um leið og fjárlagafrv. er rætt.

Herra forseti. Er hægt að ná í hæstv. ráðh. til þess að hann svaraði betur fsp.? (**Gripið fram í:** Hver er hæstv. ráðh.?) Hæstv. ráðh. er hæstv. félmrh., sem hér tók til máls áðan fyrir hönd hæstv. fjmrh. Þar sem hann er kominn hér í salinn langar mig til þess að spyrja hann að því, hvað „næstu dagar" þýða. Ég spyr vegna þess að í byrjun nóv. flutti hæstv. fjmrh. ræðu og þegar hann var spurður að því hvenær lánsfjárlagafrv. kæmi fram og lánsfjáráætlunin svaraði hæstv. fjmrh. því til að það yrði eftir nokkrar vikur. Nú eru liðnar „nokkrar vikur" og þar sem hæstv. félmrh. tekur nú til máls og segir á næstu dögum vil ég fá að vita: Þýða „næstu dagar" 2 dagar, 4 dagar, 100 dagar eða hvað þýða „næstu dagar"? Það er full ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðh. út úr, þegar þeir svara með jafnóákveðnum hætti og hæstv. félmrh. hefur gert hér í dag. Og ég spyr að þessu að fenginni reynslu því að í byrjun nóvembermánaðar svaraði hæstv. fjmrh. því til að lánsfjárlagafrv. kæmi eftir nokkrar vikur.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hljóp í skarðið fyrir hæstv. fjmrh. áðan og svaraði þessu eins og ég best gat, og ég get ekki svarað þessu nánar og vil ekki gera það. Ef hv. þm. vill fá nánari svör verður hann að bíða eftir fjmrh. Ég þóttist vera að greiða hér fyrir umr. og vildi koma þessu á framfæri til þess að mál gætu hlotið hér afgreiðslu. En ef hv. þm. vill nánari svör er það hæstv. fjmrh. sem hlýtur að gefa þau.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru örfá orð.

Það er ekki hægt að segja annað en það lítur illa út fyrir ríkisstj., sem situr, úr því að það þarf að margspyrja um hvenær frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun verði lögð fram, sem lögum samkv. á að leggja fram með fjárlagafrv. Hér er búinn að standa upp hvað eftir annað alveg sérstaklega hv. 7. landsk. þm. og spyrja um þetta tiltekna atriði. Og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 10. þm. Reykv., hefur fjmrh. gefið mjög loðna yfirlýsingu um það nokkrum sinnum, hvenær þessi lánsfjáráætlun verði lögð fram. Hvað er hæstv. ríkisstj. að gera? Til hvers er hún að sitja við svona aðstæður að geta ekki komið neinu frá sér. Hvernig eiga lánsfjársjóðir í landinu að starfa? Hvernig eiga einstaklingar og allir þeir, sem í framkvæmdum standa, að starfa og undirbúa verk? Eftir helgina er liðinn ⅙ af þessu ári, sem þessi lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga á að ná til, — og nú ber svo vel í veiði að þegar hæstv. félmrh. getur ekki svarað nánar en orðið er kemur hæstv. fjmrh. í allri sinni persónu og veldi inn í þingsalinn og nú er komið að honum að svara: Hvaða dag á að leggja fyrir Alþingi frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlunar? Hefur ríkisstj. ekki gengið frá sínum tillögum í þessum efnum? Er ágreiningur í ríkisstj. uppi? Er það ástæðan fyrir því að þetta mikilvæga mál sér ekki dagsins ljós? Er þetta eitt af mörgu?

Ekki er hægt að kenna stjórnarandstöðunni um þetta, þó að reynt sé alltaf að kenna henni um og segja að hún bregðist illa við afgreiðslu mála. Hún hefur dregið brbl. svokölluðu, en hver hefur dregið afgreiðslu þeirra núna á langinn? Nú liggur ekkert á. Hæstv. sjútvrh. sagði að það hefði bara verið tilgangurinn að vita um afstöðu stjórnarandstöðunnar til brbl., svoleiðis að þau virðast hafa verið sett í þeim eina tilgangi að vita það. Svo þurfa þau ekki á þinglegri afgreiðslu að halda eftir það.

Hvers konar ríkisstj. er þetta? Hvað er hún að fara? Hún er ósammála um margt og hún nær hvergi samstöðu í einu einasta máli. En hún nær einni samstöðu með þögninni, og það er að sitja. Þeir lýsa því yfir hver á fætur öðrum að þeir hafi viljað fara úr stjórninni í

haust. Það eru komin febrúarlok og þeir sitja sem fastast öllum til leiðinda og sjálfum sér til skammar. Þetta er viðurkennt af mönnum úr öllum flokkum. Hún á engan aðstandanda lengur. Það er enginn til þess að sjá um útförina. Hún verður auðvitað að vera gerð á kostnað þjóðarinnar, þó að það verði nú ekki beint gert í virðingarskyni þegar að því kemur. (Gripið fram í.) Var einhver aðstandandi stjórnarinnar eftir í þingsalnum? Hvað var 4. þm. Suðurl. að segja? Mér finnst alltaf gaman að hlusta á hann. (**GS:** Hv. þm. hefði ekki átt að skamma elstu ríkisstjórn í Evrópu.) Já, þessi er þriggja ára það er rétt. Ég heyri að þm. les Þjóðviljann vel. Það er gott. Það er fallegt af honum að halda tryggð við það blað. Það eru ekki svo margir sem gera það.

En nú er sem sagt komin röðin að hæstv. fjmrh. að svara: Er lánsfjáráætlunin tilbúin? Hvenær verður hún lögð fram? Verður hún lögð fram á mánudag, þriðjudag, miðvikudag eða á að láta Alþingi bíða í einhverri óvissu? Það er ekki verið að láta Alþingi eitt bíða, það er verið að láta allar eða flestar framkvæmdir í landinu bíða. Það þarf undirbúning framkvæmda. Þess vegna gengur þetta ekki lengur. Ef ríkisstj. treystir sér ekki til að leggja fram frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun verða þm. að fara að bindast samtökum um að leggja slíkt frv. fram, en þetta á að vera lagt fram af ríkisstj. Það er ekki svo mikil óvinátta á milli þm. almennt að þeir geti ekki komið sér saman um það, menn úr öllum flokkum, að leggja fram slíkt frv. að lánsfjáráætlun, fyrst við höfum svona auma ríkisstj., sem getur ekki sinnt lengur lagaskyldum sem henni ber.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er spurður að því, hvenær þess sé að vænta að lánsfjáráætlun sjái dagsins ljós. Ég vil upplýsa að að því er stefnt að hún verði lögð fram hér í þinginu um miðja næstu viku.

Ég vonast til þess að allir hv. þm. séu jafninnilega sammála hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni um að við verðum að afgreiða lánsfjáráætlun héðan frá þinginu áður en þing er rofið. Ef okkur tekst að afgreiða hana í byrjun næsta mánaðar mundi hún verða afgreidd fyrr að þessu sinni en oftast áður eða a. m. k. oft áður. Ég hygg því að það sé nokkuð ofmælt að það hafi þegar skapast eitthvert óvenjulegt eða sérstakt ástand vegna lánsfjáráætlunar. Hún hefur verið afgreidd undanfarin ár í aprílmánuði, og ef okkur tekst að afgreiða hana núna í byrjun mars hygg ég að það teljist framför frá því sem verið hefur. Annars hefur verið allur gangur á því, eins og margoft hefur verið upplýst hér í umr. á Alþingi, hvenær lánsfjáráætlun hefur verið afgreidd, stundum fyrr og stundum síðar.

Ég tek undir það með hv. þm., að æskilegt hefði verið að þetta frv. hefði getað komið fram fyrr hér í þinginu, en ég er nýlega búinn að greina hv. þd. frá því af hvaða ástæðum það var ekki hægt. Það voru nokkrir óvissuþættir í sambandi við væntanleg lánsfjárlög sem ollu því að ekki var hægt að ganga frá því frv. Ég nefndi það alveg sérstaklega að einn af þessum óvissuþáttum og kannske einn sá stærsti væri afstaða þm. til væntanlegrar kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, og ég nefndi það sérstaklega líka þegar ég svaraði þessu seinast, og er líklega ekki nema vika síðan, að þingflokkunum hefði verið sent bréf í lok janúar, líklega í kringum 25. jan., og þeir beðnir um að svara því til hvort þeir vildu staðfesta tillögur stjórnar kísilmálmverksmiðjunnar þannig að um yrði að ræða áframhaldandi uppbyggingu kísilmálmverksmiðju, áframhaldandi undirbúning og væntanlega byrjunarframkvæmdir á þessu ári, eða hvort menn vildu fresta þessari framkvæmd. Þessu þurfa þingflokkarnir auðvitað að svara og það þarf að ganga frá sérstakri þál. Alþingis um þetta mál. Hér er um að ræða framkvæmd sem vegur nokkuð þungt í lánsfjáráætlun og því er alveg óhjákvæmilegt að afstaða þingflokkanna liggi fyrir í þessu máli. En það er skemmst frá að segja að þingflokkarnir hafa engu svarað þó að þeir hafi verið þráspurðir um það, bæði með þessu bréfi og síðan með munnlegri eftirleitan af hálfu iðnrh., nú um margra vikna skeið. Í þessu bréfi iðnrh. var óskað eftir svari fyrir 12. febr., en núna er mánuðurinn að verða liðinn án þess að svar hafi togast upp úr þingflokkunum.

Þetta er sem sagt ein af ástæðunum fyrir því, að ekki hafi endanlega verið hægt að ganga frá frv. til lánsfjárlaga. Hins vegar er samstaða um þetta mál í ríkisstj. og ég hygg að það sé ekkert því til fyrirstöðu að unnt verði að leggja frv. um lánsfjárlög fram hér í þinginu um miðja næstu viku, eins og ég hef þegar sagt. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þdm. á, að til 3. umr. er 4. dagskrármálið. Ég vil gjarnan að við reynum að halda okkur við það.)

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með það frv. sem hér er komið til afgreiðslu og vænti þess að þingið afgreiði það nú sem skjótast. En ég sakna þess að hv. 1. þm. Vestf. skuli ekki vera í salnum. Ég ætlaði að beina til hans örfáum orðum vegna þeirra aths. sem komu fram í máli hans. Forseti. Má vænta þess að hann komi í salinn? (**Forseti:** Ég skal láta athuga það. Vill hv. þm. fresta ræðu sinni, þangað til 1. þm. Vestf. gengur í salinn, svo annar geti tekið til máls á meðan?) Ég þigg það, forseti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta er nú það næsta sem við höfum komist varðandi framlagningu lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga. Hæstv. ríkisstj. segist jafnvel muni leggja frv. fram um miðja næstu viku. Hæstv. fjmrh. má greinilega ekki vera að því að . . (**Forseti:** Við skulum gera tilraun til þess að fá hæstv. ráðh. í salinn, en ég vil minna menn á að við erum að tala um 4. dagskrármálið og við þurfum að ljúka þeirri umr., en þá frekar að taka upp utandagskrárumr. síðar.)

Herra forseti. Ég held að þetta mál komi sjávarútveginum mjög mikið við. Það má auðvitað segja að menn eigi frekar að lengja hér utandagskrárumr. en koma með örstutta aths. um jafnþýðingarmikið mál, þegar rætt er sérstaklega um atvinnuvegina. Mér finnst þetta koma mjög inn á atvinnuvegina satt að segja.

Ég ætlaði að segja nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Ég vil í fyrsta lagi þakka honum fyrir að gefa þó hálfgildings loforð um að lánsfjáráætlun komi um miðja næstu viku. Það hefur ekki staðið á ríkisstj. að samþykkja hvenær kjördagur verði. Mig minnir að það sé eigi síðar en 23. apríl. Mér hefði því fundist skynsamlegt af ríkisstj. að ákveða á þeim sama fundi og kjördagur var ákveðinn hvaða dag lánsfjárlögin yrðu lögð fram. Einhverja áætlun hlýtur ríkisstj. að hafa haft um vinnubrögð á Alþingi þegar hún gat ákveðið það svo léttilega hvenær Alþingi skyldi slitið. En það er nú annað mál.

Hæstv. fjmrh. sagði að lánsfjárlög hefðu stundum

verið afgreidd síðar en þetta hér á þinginu. Ekki er það til fyrirmyndar. En ég vil þá minna hann á annað í því sambandi og það er að atvinnuvegirnir hafa ekki lengi staðið jafnilla og nú og ekki verið jafnkreppt að þeim og nú, bæði vegna þess að fjárfestingarlánasjóðirnir eru lokaðir og bankakerfið í raun og veru sprungið. Þess vegna ríður meir á að þessi lánsfjárlög fái afgreiðslu en oft áður. Það er meira að segja svo kreppt að þrátt fyrir að á s. l. ári var skuldum sjávarútvegsins tvívegis breytt í löng lán. Á s. l. ári urðu tvær konverteringar á lánum sjávarútvegsins. Samt sem áður liggur það fyrir, eins og öllum þdm. er ljóst, að nú er unnið að því í Framkvæmdastofnun að þriðja lánabreytingin verði einmitt hjá þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar. Það sýnir nú hvernig ástandið er þar. Svipaða sögu má segja af mörgum iðnfyrirtækjum, að þau eiga nú við mjög alvarlegan rekstrarfjárskort að stríða.

Hitt er nú hálfaulaleg afsökun, að kísilmálmverksmiðja við Reyðarfjörð tefji framlagningu lánsfjárlaga. Það hefur oft komið fyrir hér á Alþingi, ef eitthvert eitt mál hefur þurft sérstakrar meðferðar með, að lánsheimildar til þess hafi verið aflað með sérstökum lögum fram hjá lánsfjárlögum. Auðvitað hefði verið hægt að gera það eins nú, ef vilji hefði verið fyrir hendi. Auk þess finnst mér nú of knappur tími til að taka það stóra mál til meðferðar nú, þegar varla eru eftir nema kannske vika til 10 dagar af þinghaldinu, nema það sé ætlan hæstv. ríkisstj. að draga þinghaldið enn og hæstv. ríkisstj. sé fallin frá kjördeginum 23. apríl. Það má vel vera, að svo sé.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á þolinmæði forseta og tala lengi hér, þó að þetta sé mikilvægt mál og vissulega í tengslum við það mál sem hér er til afgreiðslu, því að það er staðreynd, þrátt fyrir það sem hæstv. fjmrh. segir, að dráttur á lánsfjáráætlun er þegar farinn að hamla verulega ýmsum stofnlánasjóðum og þá ekki síst þeim sem tengjast sjávarútveginum.

Hæstv. fjmrh. hefur vikið sér fimlega undan því í marga mánuði að svara því nákvæmlega, hvenær lánsfjáráætlun verður lögð fram, og gripið til ýmissa ráða í því sambandi. Hann færir það sér til afsökunar, að allur gangur hafi verið á því í fortíðinni hvenær lánsfjáráætlun hafi verið lögð fram. Það kann vel að vera að svo sé. En ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það eru síðan 1979 í gildi lög um hvenær hana á að leggja fram, sem ekki voru áður. Það eru lög um stjórn efnahagsmála o. fl., sem samþykkt voru í apríl 1979, eða svokölluð Ólafslög, en þar segir í 7. gr.:

„Með fjárlagafrv. ár hvert skal leggja fram áætlun, er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrv. tekur til.“

Þessi lánsfjáráætlun á því að fylgja fjárlagafrv. samkv. núgildandi lögum. Hæstv. fjmrh. hefur brotið þessi lög og það er fyrst og fremst hann sem hefur gert það, því að það er hann sem hefur verið ráðh. hér lengst af frá því að þessi lög voru sett.

Það er líka alger firra að ætla sér að skella því á þingflokkana að lánsfjáráætlun hafi ekki verið lögð fram og segja að það hafi dregist vegna þess að þingflokkarnir hafi ekki svarað fsp. um afstöðu til kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Það er enginn vafi á því, að ef það á að fara af fullum krafti í þessa verksmiðju, sem ég dreg nú stórlega í efa að sé skynsamlegt, en það er annað mál, þá sé þar um verulegar fjárhæðir að ræða. En ég vil bara minna á það, að á s. l. ári, eftir að lánsfjáráætlun hafði verið samþykkt hér á hv. Alþingi, var lagt fram frv. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og þar gert ráð fyrir verulegum fjármunum til eyðslu á því ári eftir að lánsfjáráætlun hafði verið samþykkt. Ef menn hafa áhuga á kísilmálmverksmiðjunni er auðvitað hægt að hafa sama háttinn á hér á eftir, þannig að það tengist ekki lánsfjáráætlun á þann veg sem hæstv. fjmrh. vill vera láta. Þetta er engin afsökun fyrir því að lánsfjáráætlun skuli ekki vera komin fram.

Sannleikurinn er sá, að það sem hæstv. fjmrh. er að gera í þessu tilviki er, eins og aðrir hæstv. ráðherrar reyna að gera hvað eftir annað í umr., að kenna stjórnarandstöðu um sínar eigin ávirðingar, það er að kenna því um að stjórnarandstaðan taki ekki afstöðu til hinna og þessara mála, sem er auðvitað fjarri lagi. Sannleikurinn er sá, að það er hæstv. ríkisstj. sem ekkert gerir, hefur ekkert frumkvæði og leggur engar till. fram.

Það vakti t. d. sérstaka athygli að hæstv. félmrh. sagði í sjónvarpsviðtali á þriðjudagskvöldið að eitt af því sem verulega hefði breyst frá því í ágúst, eftir að ríkisstj. samþykkti brbl., og hefði gert hennar störf erfiðari væri það, að hún hefði misst meiri hl. í Nd. Vissulega hefur það orðið. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft frumkvæði að því að leggja fram eitt einasta frv. um efnahagsmál. Hún hefur ekki haft frumkvæði að því að leita samstöðu við stjórnarandstöðuna um eitt einasta mál. Eina málið sem hefur komið fram er vísitölufrv. svokallaða, sem þó er ekki stjfrv. vegna þess að það er bullandi ágreiningur innan ríkisstj. sjálfrar um það mál. Allar tilraunir hæstv. ríkisstj. og einstakra hæstv. ráðh. að kenna stjórnarandstöðunni um eru algerlega út í hött. Það sem ræður og gerir það að verkum að hér ríkir stjórnleysi og hér ríkir upplausn er algjört ósamkomulag innan ríkisstj. sjálfrar. Það er hún ein sem ber ábyrgð á því hvernig hér er nú komið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég held að það sé ástæðulaust fyrir stjórnarandstöðuna að hafa mjög hátt og eyða of löngum tíma í að skamma ríkisstj. fyrir það, hversu síðbúin lánsfjáráætlun er. Það er ekkert nýtt. Ég minnist þess, að á sínum tíma þegar við vorum í stjórnarandstöðu, talaði formaður okkar hér, sem nú er hæstv. fjmrh. og stendur sig vel, um óhæfilega langan drátt á þessu eða hinu, sem frægt er orðið. (**BÍG:** Þá voru Ólafslögin ekki tilbúin.) Og ég held að það sé ekki ástæða til þess að hafa uppi langar orðræður um það að þessu sinni.

Hitt kom mér mjög á óvart þegar hæstv. fjmrh. bar því við sem aðalástæðu að stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu ekki látið verða af því að svara bréfi hæstv. iðnrh. um kísilmálmverksmiðju. Það er eins og kísilmálmverksmiðjan komi þessu nokkurn skapaðan hlut við. Það get ég ekki séð, ósköp einfaldlega vegna þess að Alþingi hefur alls ekki samþykkt að eyða fjármunum í þá verksmiðju. Til þess þarf alveg sérstaka samþykkt Alþingis og á henni verður ekki byrjað fyrr en sú samþykkt liggur fyrir.

Ég hef talað um það og skrifað um það, að ég hef

ekki mikið álit á þeirri verksmiðju, sem vonlegt er. M. a. liggur fyrir í plöggum, að það voru gerðar spár um verð á kísilmálmi hér fyrir nokkrum árum, 2—3 árum. Núna er fyrsti hluti spátímans liðinn þannig að sjá má hvernig byrjun spánna hefur komið út miðað við þær upplýsingar sem menn hafa um raunverulegt söluverð á kísilmálmi. Spárnar fyrir bæði þessi ár, 1983 er nú upp runnið og árið 1982 liðið, frá sérfræðingunum og stofnunum voru auðvitað allt of bjartsýnar. Sannleikurinn er sá, að það er talið að það þurfi 1420, 1430, 1440 dollara fyrir tonnið af kísilmálmi til þess að verksmiðjan geti borið sig og þá var ekki reiknað með kostnaði af raflínum, hafnargerð, vegagerð o. s. frv., engu. En markaðsverðið er 900 dollarar. Mismunurinn er um 500 dollarar á tonn, og ef verksmiðjan framleiðir 25 þús. tonn er hallinn 225—250 millj. kr. á ári. Meðan sá rekstur lítur ekki betur út en þessar tölur segja held ég að á þeim tíma sem við erum að tala um skuldasöfnun erlendis og bága fjárhagsstöðu og erfiðleika í þjóðarbúinu eigum við ekki að kasta 1.5 milljarði kr. í fyrirtæki sem ekki lítur betur út með rekstur á.

Hv. 1. þm. Vestf., sá ágæti maður Matthías Bjarnason, kvartaði mikið undan því hvað ríkisstj. sæti lengi. Hún getur nú varla gert mikið annað en setið. En hitt er annað mál, að hún hefur ekki haft mikið fyrir því, a. m. k. á þessum fundi, að sitja í sínum stólum, þegar einmitt er verið að ræða um mál sem er ofarlega á baugi og varðar ráðh. Mér finnst að hæstv. ráðherrar eigi að sinna sinni vinnuskyldu eins og aðrir og vera hér viðstaddir þegar talað er til þeirra. Þessir hæstv. ráðherrar eru ekkert að hreykja sér yfirleitt dags daglega. *Þeir eru eins og hverjir aðrir venjulegir menn, ágætir í* umgengni. En það er auðvitað ósiður að ráðherrar hlaupi út þegar einmitt er verið að ræða um þeirra verkefni.

Niðurstöðutölur þessarar lánsfjáráætlunar eru háar og ég verð að segja fyrir mig að mér finnst þær vera allt of háar. Hæstv. ríkisstj. og þeir sem vinna við endanlegan búning lánsfjáráætlunar (**BÍG:** Má ég vita hvað þær eru háar?) ættu að leitast við af fremsta megni, eins og þar stendur, að draga úr erlendum lántökum á þessu ári. Ég vil ekki nefna neinar tölur, ósköp einfaldlega vegna þess að þær liggja ekki endanlega fyrir, því að eins og hæstv. ráðh. sagði er úrvinnslu málsins ekki lokið. Það er á lokastigi. En ég treysti því að hún verði lögð mjög snemma fram.

Ég vil, herra forseti, ekki verða til þess að tefja umr., þó að full ástæða væri til að halda hér nokkuð áfram, *miðað við þann þunga sem hæstv. fjmrh. lagði á* kísilmálmverksmiðju í þessu sambandi. Þegar ég talaði við hæstv. ráðh. í gær fannst mér endilega að þetta kísilmálmverksmiðjumál væri heldur lítilvægt, en ekki aðalástæðan fyrir því að þessu máli er ekki lokið.

En að lokum. Það eru örugglega ýmsir þættir á verkefnaskrá þessarar lánsfjáráætlunar sem mér finnst nokkuð mikið í lagt, t. d. verksmiðjur þrjár, allar vafasamar, fyrir utan þessa kísilmálmverksmiðju, sem er áætlað að eigi að fá 100 millj. kr. Þar á meðal er margnefnd og títtrædd steinullarverksmiðja, sem ákveðið var að yfirveguðu ráði að fara með eins langt frá markaðinum og mögulegt var, þ. e. norður undir heimskautsbaug, þar sem erfiðast var að ná sandinum, þar sem ekkert rafmagn var til nota og þar sem allir flutningar voru miklu dýrari — eða á það kannske að vera regla að reisa fyrst og fremst verksmiðju sem ekki er nokkur leið að hafa nokkurn hag af? En í þessar þrjár verksmiðjur eru sem sagt áætlaðar 100 millj. kr., og ég held að það mætti sleppa a. m. k. stórum hluta af því, á sama tíma og smámunir, sem Hafnarsjóður Vestmannaeyja hefur farið fram á að fá inn á lánsfjáráætlun, þ. e. hluti hafnarsjóðs af framkvæmdafé á þessu ári, fást ekki inn á lánsfjáráætlun. En þar er ekki heldur að því stefnt að framleiða málm eða málmblendi, sem notað er auðvitað að mestu leyti í hergögn. Þessa peninga átti að nota til þess að geta tekið upp skip, þjónað flotanum. — Ég held að menn ættu aðeins að klóra sér eins og tvisvar á bak við eyrað áður en þeir velja svona á milli atriða sem kunna að eiga að vera á lánsfjáráætlun.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna aths. hv. þm. Garðars Sigurðssonar vil ég að það sé alveg á hreinu hér að kísilmálmverksmiðjumálið er ekki eina ástæðan til þess að dregist hefur að ganga frá frv. til lánsfjárlaga, og ég vona að enginn hafi haft ástæðu til að skilja orð mín svo. Ég nefndi verksmiðjuna sem dæmi þess, að mál væri ófrágengið og það stæði á upplýsingum um afstöðu þingflokkanna til þess. Auðvitað er það alveg rétt, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson benti á hér, að hugsanlegt væri að afgreiða kísilmálmverksmiðjumálið alveg sér á parti og sleppa því í þessu samhengi. En lakara virðist það vera að hafa ekki heildaryfirlit yfir það sem gera á og taka á lán til. Þess vegna hefur lengst af verið beðið eftir því, hvort ekki væri hægt að fá niðurstöðu um það mál. Hins vegar hygg ég að niðurstaðan verði sú, eins og hv. þm. var að gera skóna áðan, að það mál verði látið bíða, verði ekki tekið inn í lánsfjárlögin og verði þá afgreitt hér sér á parti við sérstaka umr. Einmitt þannig standa mál nú, að gert er ráð fyrir að ekki verði öllu lengur beðið eftir svörum þingflokkanna varðandi þetta efni og þess vegna þurfi ekki að standa á þessu atriði til þess að hægt sé að koma fram frv. til lánsfjárlaga.

En eins og ég sagði: Þetta var eitt dæmi sem ég nefndi. Annað dæmi um mál sem var ófrágengið nefndi ég hér við umr. um daginn, en það eru framkvæmdir Landsvirkjunar. Þar er um gríðarlega háar fjárhæðir að ræða og því miður hefur alls ekki legið ljóst fyrir að hve miklu leyti væri óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir þeim framkvæmdum og taka lán fyrir þeim öllum.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson var að spyrjast fyrir um það úr sæti sínu, hversu háar tölur væri hér um að ræða. Ég vil í þessu sambandi upplýsa, að ég afhenti fulltrúum stjórnarandstöðunnar í seinustu viku upplýsingar um þær tölur sem hér er verið að ræða um. Ég afhenti bæði fulltrúa Alþtl. og fulltrúa Sjálfstfl. upplýsingar og gögn málsins eins og þau lágu fyrir um miðja seinustu viku. Ég mun strax og frv. til lánsfjárlaga verður tilbúið óska eftir fundi með þeim, þannig að þeir geti átt aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem þeir vilja fá, þegar á frumstigi málsins, jafnvel áður en það kemur hér inn í þingið.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson nefndi mál Hafnarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar, sem hefur staðið í byggingu skipalyftu. Ég vildi í því sambandi upplýsa, að fjármögnun sveitarfélaga á sínum framkvæmdum við skipalyftu eða aðrar hafnarframkvæmdir hefur yfirleitt ekki komið inn í lánsfjáráætlun. Að vísu hefur það einu sinni gerst, en það hefur hins vegar almennt ekki verið. Á

s. l. ári voru Vestmannaeyjakaupstað útveguð lán í þessu sambandi í gegnum langlánanefnd. Við höfum gert ráð fyrir að sami háttur yrði áfram hafður á því, þannig að ekki væri farið að taka slíkt mál inn í lánsfjáráætlun.

Að lokum vil ég bara segja út af orðum hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að menn séu ekki viðstaddir umr. um dagskrármál sem þá varðar, ég tek það ekki beinlínis til mín því að umr. sem er hér á dagskrá mun vera um aflatryggingasjóð, en ekki um lánsfjáráætlun.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þar sem hv. 1. þm. Vestf. hefur ekki enn gengið í salinn, en það er komið að lokum þessarar umr., sé ég mér ekki annað fært en að ljúka máli mínu án þess að hann sé viðstaddur.

Hann kvartaði undan því áðan að það væri enginn til að sjá um útför ríkisstj. Þetta finnst mér nú koma úr hörðustu átt. (**HBl:** Þú hefur nú þrekið til þess.) Ef stjórnarandstaðan getur ekki einu sinni séð um útförina, til hvers er hún þá fær?

Það liggur fyrir að hv. 6. þm. Suðurl. hefur hætt stuðningi við þessa ríkisstj. Hv. 8. landsk. þm. hefur lýst því yfir úr þessum ræðustól að þessi ríkisstj. sé henni algerlega óviðkomandi. Þá lá fyrir yfirlýsing um það, að ef brbl. yrðu felld yrði þing rofið. Svo kvarta þeir undan því að það séu engir til að sjá um útförina. Það má hverjum manni ljóst vera að þessi ríkisstj. er því aðeins við völd að allur Sjálfstfl. stendur á bak við það að ráðherrarnir sitja í stólunum. (**HBl:** Hvernig reiknarðu það?) Með hlutleysi ykkar gagnvart brbl. Sjálfstfl. kaus heldur að gleypa öll stóru orðin en stjórnin færi frá. Svo kemur hv. 1. þm. Vestf. og kvartar yfir því að það sé enginn til að sjá um útförina!

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á þolinmæði forseta og mun tala mjög stutt.

Ég fagna því að sjálfsögðu að hæstv. fjmrh. hefur núna horfið úr því víginu að kenna þingflokkunum um að lánsfjáráætlun sé ekki lögð fram. Hann sagði það hér áðan, að lánsfjáráætlun yrði lögð fram óháð því hvort þingflokkarnir hefðu tekið afstöðu til kísilmálmverksmiðjunnar, enda var það auðvitað skálkaskjól hjá hæstv. ráðh. að hlaupa í það vígið til að afsaka að lánsfjáráætlun hefði ekki verið lögð fram. En hinu vil ég vekja alveg sérstaka athygli á, og tel að hljóti að vera alveg óvenjulegt í þingsögunni, að hér eru tveir aðstandendur hæstv. ríkisstj., meira að segja úr sama flokki, hæstv. fjmrh. og hv. 4. þm. Suðurl. Garðar Sigurðsson, komnir í hár saman út af lánsfjáráætlun, sem ekki er farið að leggja fram og þm. hafa ekki séð, en hv. 4. þm. Suðurl. sá ástæðu til að koma hér upp í þennan ræðustól og ráðast fyrir fram á þessa lánsfjáráætlun, áður en við aðrir þm. höfum séð hana. Hann nefndi mörg efnisatriði sem hann taldi mjög varhugaverð og gagnrýndi harkalega í þessari lánsfjáráætlun. Hann gagnrýndi að hún væri of há, að það væri gert ráð fyrir of miklum erlendum lántökum. Hann gagnrýndi að það væri gert ráð fyrir 100 millj. kr. til steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. (**GS:** Þetta er misskilningur.) Hann gagnrýndi að það væri gert ráð fyrir fjárveitingum til steinullarverksmiðju á Sauðárkróki, nefndi síðan tvær aðrar verksmiðjur, sem hann nafngreindi ekki, og hann gagnrýndi að ekki væri gert ráð fyrir lánsfjármagni til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja. Hann gagnrýndi líka kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði. Ég held að það sé algert einsdæmi í þingsögunni að tveir aðilar ríkisstj. gangi upp í ræðustól hver á fætur öðrum til þess að rífast um lánsfjáráætlun sem þm. hafa ekki séð og að stuðningsmaður ríkisstj. skuli standa hér upp til að gagnrýna hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. fyrir lánsfjáráætlun sem enginn hefur séð. Það finnst mér með ólíkindum og er enn eitt dæmið um hvað er að gerast í stuðningsliði þessarar hæstv. ríkisstj. og jafnvel innan sama flokks.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þetta eru að verða skemmtilegustu umr. Ég harma að hv. 1. þm. Vestf. skuli vera fjarverandi við skyldustörf.

En það sem kemur mér upp í stólinn er fyrst og fremst þetta, að hæstv. fjmrh. hefur nú tilkynnt á Alþingi að lánsfjáráætlun er þegar til, drög að henni hafa þegar verið lögð fyrir trúnaðarmenn fjmrh. á meðal stjórnarandstöðunnar. Það er rétt skilið. Ég veit ekki hvaða trúnaðarmenn það eru. Ég er í þingflokki Sjálfstfl. og hann er í stjórnarandstöðu. Trúnaðarmaður hæstv. fjmrh. innan þingflokks Sjálfstfl. hefur ekki dreift þessari lánsfjáráætlun til þm. En það fer ekkert á milli mála, að lánsfjáráætlunin er þegar til. (Gripið fram í.) Hún er þegar til því að hv. 4. þm. Suðurl. er þegar búinn að gera hluta af henni að umræðuefni hér í dag. Eftir hverju er þá beðið? Er þá ekki hv. 5. þm. Vestf. einmitt að undirstrika, að ríkisstj. er dauð, hún gerir sér bara ekki grein fyrir því sjálf, og vegna þess að hún er dauð getur hún ekki lagt fram neitt frv., hvorki lánsfjáráætlunina né neitt annað, nema biðla til þeirra sem hv. stjórnarliðar nú kalla einhvers konar útfararstjóra?

Tilfellið er nefnilega, að ríkisstj. hefur ekki fylgi á Alþingi til að leggja neitt fram með neinni vissu um að það nái fram að ganga. Það er alveg rétt að það er ekki bara hv. 8. landsk. þm. sem hefur lýst sig andstæðan ríkisstj. og sagt úr þessum virðulega ræðustól að ríkisstj. komi henni bókstaflega ekkert við lengur. Það er líka virðulegur 6. þm. Suðurl. sem hefur lýst því yfir og það má segja að ég hafi gert það líka. Þó að ég hafi ekki verið beinn stuðningsmaður eða aðili að málefnasamningi var ég á vissan hátt hlynntur ríkisstj. í upphafi, eins og menn vita.

Ríkisstj. er dauð. Og það er sorglegt að þurfa að horfa upp á það að hver sem á í hlut eigi langan aðdraganda að endanlegum dauðdaga. Það er það sorglegasta. (Gripið fram í.) Það er ekki komið, en það er ekki heldur hægt að gefa það út fyrr en líkið gerir sér grein fyrir því sjálft að það er dautt.

Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að gera þm. alla að sínum trúnaðarmönnum og leggja lánsfjáráætlunina fyrir þingheim þegar í stað, en vera ekki að læða því inn á einhverja sérstaka trúnaðarmenn í flokkum stjórnarandstæðinga.

Ég ætla að gera fsp. um það næst þegar ég kem á þingflokksfund hjá okkur hver sé sérstakur trúnaðarmaður fjmrh. í röðum sjálfstæðismanna — eða vill hæstv. ráðh. ekki upplýsa þingheim um hvar þessi lánsfjáráætlun er á vegi stödd innan herbúða stjórnarandstöðunnar?

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 397).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 29, n. 333). — 2. umr.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Það er vegna tilmæla að ég hef framsögu um nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., þar sem hinn skráði frsm., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, er erlendis í erindum þingsins, og vonast ég til þess að meðnm. mínir, sem rita undir frv. ásamt mér, virði það á betri veg þó að ég mæli fyrir nál.

Um málið er ekki mikið að segja. Þetta er 2. umr. og það hefur þegar verið mælt fyrir frv. En meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. og mælir meiri hl. með samþykkt þess. Undir frv. skrifa Halldór Ásgrímsson, Sighvatur Björgvinsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Ingólfur Guðnason.

Frv. er, eins og menn sjá, ekki nýtt af nálinni. Þetta er endurtekning á því sem var á árinu 1982 og er efnislega samhljóða því. En að þessari umr. lokinni óska ég eftir að málinu verði vísað til 3. umr.

Umr. frestað.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 320, n. 357). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:3 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 311, n. 375). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 frá 14. ágúst 1959. Í frv. því, sem hér um ræðir er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lögum um kosningar til Alþingis, og eru þær helstar breytingar, að það er fjölgað þeim aðilum sem geta látið fara fram kosningu utan kjörfundar. Einnig er rýmkuð heimild í 62. gr. laganna fyrir þá sem af trúarástæðum geta ekki sótt kjörfundi á kjördegi. Þeim er heimilað samkv. ákvæðum þessa frv. að kjósa utan kjörfundar. Þá er gerð sú breyting á ákvæðum 65. gr. laganna, að kjósandi sem kýs utan kjörfundar hefur það í hendi sinni hvort hann vill stimpla eða rita bókstaf listans á kjörseðilinn. Og í síðasta lagi er fært til eitt ákvæði í kosningalögunum innan laganna.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og hún er sammála um að mæla með því við þessa hv. deild að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 304, n. 378). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er staðfesting á brbl. sem gefin voru út í sumar og var gert í sambandi við kjarasamninga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Þetta er frv. sem var lagt fram í Ed. Það var gerð smávægileg breyting. Í stað „mönnunarnefnd" komi: áhafnanefnd. Að öðru leyti var það óbreytt.

Á þskj. 378, sem er nál. frá samgn. Nd., kemur fram að n. varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Loftferðir, frv. (þskj. 302, n. 377). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta er einnig frv. komið frá Ed. Þetta er breyting á 141. gr. laga um loftferðir. Það var talið nauðsynlegt að breyta þessari nefnd á þann veg að gera hana óháðari flugmálastjórn, og er breytingin fyrst og fremst gerð til þess að hún sé óháðari en sú nefnd sem áður fjallaði um þessi mál. Það var gerð breyting á þessu frv. í Ed., sem er fyrst og fremst í þá átt að gera nefndina óháðari, og ennfremur var sú breyting gerð að nefndin héti flugslysanefnd í stað þess að hún heiti rannsóknarnefnd.

Samgn. hefur fjallað um þetta mál, og eins og fram kemur á þskj. 377 leggur nefndin til að málið verði afgreitt óbreytt eins og það kom fram frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sektarmörk nokkurra laga, frv. (þskj. 249, n. 376). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á sektarmörkum nokkurra laga.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að sektarákvæðum í 74 lögum verði breytt og ennfremur verði breytt í níu tilvikum ákvæðum laga um dagsektir. Þessi breyting er gerð í framhaldi af lagasetningu sem fram fór á s. l. vori, en þá var með lögum nr. 75 frá 13. maí 1982 breytt sektarákvæðum 52 laga. Ef þetta frv. verður að lögum hefur samtals verið breytt sektarákvæðum í 126 lögum.

Á sínum tíma var gerð skrá yfir lagaákvæði, sem hafa að geyma sektir, sem eru tilteknar í ákveðinni krónutölu, og voru á þessari skrá um 200 lög. Eftir að afgreiðslu þessa frv. lýkur eru því um það bil 70 lög sem ekki hefur verið hreyft við. Það er talið að þau 70 lög séu í raun og veru ekki virk lög öllu lengur, þau séu í flestum tilfellum þannig úr garði gerð að efni laganna hafi ekki raunhæft gildi lengur.

Allshn. hefur fjallað um þetta frv. Í fskj., sem fylgir frv., má finna öll þau lagaákvæði sem til stendur að breyta. N. er sammála um að mæla með því við þessa deild að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—75. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 101). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 6. þm. Norðurl. e. frv. til l. um niðurfellingu á lögum um flugvallagjald. Samsvarandi frv. var lagt fram á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Þetta gjald var fyrst tekið upp 1. maí 1975 og var þá liður í víðtækum efnahagsráðstöfunum, en samtímis var felldur niður söluskattur af fargjöldum í innanlandsflugi, en hann hafði ekki verið á fargjöldum til útlanda. Gjaldið var upphaflega 25 nýkr. fyrir millilandaflug, en 3,50 nýkr. fyrir farþega í innanlandsflugi. 1. mars 1976 lækkaði gjaldið í 15 nýkr. fyrir farþega í millilandaflugi og í 2 nýkr. fyrir innanlandsfarþega og þar með var mörkuð sú stefna að þetta gjald skyldi lagt niður í áföngum, þótt svo hafi verið ákveðið á árinu 1978 að það skyldi innheimt með 100% álagi í millilandafluginu, en var áfram 2 kr. í innanlandsflugi.

Þáttaskil urðu í þessum efnum þegar flugvallagjaldið var hækkað í 55 nýkr. fyrir farþega í millilandaflugi, en 4 nýkr. fyrir farþega í innanlandsflugi á árinu 1979. Síðan hefur það hækkað jafnt og þétt. Á næstsíðasta þingi var sú breyting gerð á lögunum, að ráðh. var heimilað að hækka flugvallagjald í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kunni að verða á vísitölu byggingarkostnaðar. Nú er flugvallagjaldið, eftir því sem ég best veit, komið í 250 kr. í millilandaflugi og í 18 kr. í innanlandsflugi, hækkaði upp í þessar fjárhæðir hinn 1. febr. s. l.

Með hliðsjón af verðbindingu flugvallagjaldsins er ljóst að það er stefna núv. ríkisstj. að það skuli verða viðvarandi. Það er skoðun flm., að reynslan sýni að þetta gjald sé mjög óheppilegt, enda hefur það valdið reiði hjá erlendum ferðamönnum og bakað starfsmönnum Flugleiða hf. margvísleg óþægindi. Á s. l. ári komu forustumenn ferðamála í landinu að máli við formenn þingflokkanna og lýstu áhyggjum sínum vegna áhrifa flugvallaskattsins á ferðamál almennt. Töldu þeir að skatturinn drægi úr ferðalögum útlendinga til landsins og hamlaði gegn eðlilegri þróun ferðamála.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að í upphafi var ætlunin að skatturinn rynni til endurbóta og lagfæringa á flugvöllum. Sú hefur þó ekki orðið raunin á, heldur hafa tekjur ríkissjóðs af þessum skatti farið til annarra verkefna, eins og ævinlega vill verða og við höfum nú reynsluna af í sambandi við vegamálin.

Þetta gjald er mjög tilfinnanlegt fyrir fólk, sem þarf mikið á flugsamgöngum að halda hér innanlands, og leggst eðli sínu samkvæmt fyrst og fremst á þær byggðir sem fjærst eru Reykjavík. Skyldu menn þó halda að hár flutnings- og ferðakostnaður væri ærinn baggi fyrir fólk í þessum byggðarlögum þótt til slíkra ráðstafana væri ekki gripið.

Með hliðsjón af því sem ég hef hér sagt legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, frv. (þskj. 373). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 373 ásamt hv. 1. þm. Suðurl., Þórarni Sigurjónssyni, hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsi H. Magnússyni, og hv. 4. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni, frv. til l. um heimild til handa ríkisstj. að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Þegar fjárlög voru til afgreiðslu hér í Sþ. skömmu fyrir jól eða við 3. umr. fluttum við nokkrir þm., þ. e. ég ásamt hv. 1. landsk. þm., Pétri Sigurðssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, 11. þm. Reykv., og 3. þm. Suðurl., Jóni Helgasyni, auk hv. 4. þm. Austurl., Sverris Hermannssonar, frv. um að í fjárlagafrv. yrði sett heimildargrein sem er efnislega samhljóða því sem þetta frv. fjallar um. Það kom í ljós við þá umr. að þetta mál hafði ekki fengið nægilega umr. í þingflokkunum og menn því ekki viðbúnir að afgreiða það þá, þannig að við flm. drógum það til baka, en þá var jafnframt boðað að við mundum flytja sérstakt frv. á síðara stigi um þetta sama efni. Nú voru flm. að till. við afgreiðslu fjárlaga úr báðum deildum, þannig að það skiljast nokkuð leiðir nú, en við sem erum skráðir flm. á till. sem ég gat um áðan flytjum frv. sem sagt nú í Nd.

Með þessu frv. fylgir grg. ásamt tveimur fskj. Hér er um nokkuð óvenjulegt mál að ræða. Það á rætur að rekja allt aftur til ársins 1667, þegar indíafarið Het Wapen frá Amsterdam strandaði á Skeiðarársandi á Skaftafellsfjöru, nánar tiltekið þann 19. september 1667.

Það hefur lengi verið mikill áhugi á því að ná þessu skipi upp. Með bréfi þann 27. sept. 1960 veitti þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, Bergi Lárussyni leyfi til þess að leita að skipinu og hagnýta verðmæti þess og farm þess gegn greiðslu „12% af söluandvirði þeirra verðmæta, sem þér kunnið að hagnýta, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar."

Samhliða voru gerðir samningar við landeigendur og skyldu þeir fá 10% hugsanlegs hagnaðar.

S. l. 22 ár hefur verið leitað að þessu skipi en það ekki fundist fyrr en nú í júlí s. l., að skipið fannst að lokum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið, og m. a. rannsóknir á borkjörnum, sem komið hafa upp úr skipinu, bæði málmur og tré, benda eindregið til þess,

að mati sérfróðra manna, að hér sé um þetta skip að ræða.

Það hafa verið gerðar áætlanir um að bjarga skipinu og þeim verðmætum sem í því kunna að vera, en allmiklar heimildir eru til um það, hvaða farmur var í þessu skipi og reyndar öðrum skipum sem lögðu upp í þessa för. Hins vegar er ekki nákvæmlega vitað hvaða farmur er í þessu ákveðna skipi, en mikil verðmæti voru í þeim skipum sem voru í slíkum ferðum. Það er erfitt að gera sér grein fyrir þessum verðmætum, en það er mat þeirra sem best þekkja að það geti varla verið undir þeim kostnaði sem talið er að björgun skipsins kosti, þ. e. rúmar 50 millj., en kostnaðaráætlun fylgir með á fskj. með þessu frv. Það er e. t. v. hins vegar ekki farmurinn sem þarna er verðmætastur, þó að hann kunni að vera mjög verðmætur, heldur er ekki síður talið að hér sé um mjög verðmætt skip að ræða frá sögulegu sjónarmiði og frá fornleifafræðilegu sjónarmiði.

Hollendingar hafa sýnt því mikinn áhuga að mega komast inn í þetta mál nú þegar, jafnvel taka að sér þessar framkvæmdir gegn því að þeir eigi þá farm og skip. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar og við flm., að það væri mikil uppgjöf að afhenda Hollendingum þetta nú þegar og láta þetta verða þeirra framtak og þeirra frumkvæði. Það á að vera íslenskt framtak og íslenskt frumkvæði að vinna þetta verk. Ég er ekki í neinum vafa um að það kemur til með að vekja gífurlegan áhuga meðan á því stendur, enda dæmi til þess að slíkt hafi verið gert áður og þá hefur það vakið mikla athygli um heim allan. Við getum t. d. nefnt skipið Gustav Vasa, sem sökk úti fyrir Stokkhólmi á sínum tíma og náðist upp eftir margar og miklar tilraunir. Utan um það skip hefur nú verið byggt mikið safn. Ég nefni líka, að nú ekki alls fyrir löngu var náð upp skipi í Ermarsundi, gömlu herskipi sem hét Mary Rose, og það vakti mjög mikla athygli. Heimspressan fylgdist með þessu verki frá upphafi til enda. Reyndar var það skip mjög illa á sig komið og það var vitað fyrir fram, en engu að síður vildu menn leggja í bæði kostnað og fyrirhöfn við að ná því upp. Ég er því ekki í neinum vafa um að það mun verða gífurleg auglýsing fyrir okkur Íslendinga að leggja í þetta verk og mér finnst að það eigi að vera stolt okkar að við vinnum þetta verk sjálfir, en afhendum það ekki nú þegar Hollendingum. Hins vegar liggja fyrir bréf um að Hollendingar eru reiðubúnir til hvers kyns samninga og samvinnu um þetta og reiðubúnir að fá skipið þótt þeir standi ekki að uppgreftrinum, vegna þess að í Hollandi mun ekkert skip vera til af þessu tagi frá þessu gullaldartímabili þeirra Hollendinga.

Það liggur fyrir að Landsbanki Íslands er reiðubúinn að annast lántöku, að svo miklu leyti sem leyfishafar geta ekki staðið undir því sjálfir. Það liggur jafnframt fyrir, að Lloyd's í London er tilbúið að tryggja þetta verk. Þeir hjá Lloyd's eru tilbúnir að tryggja verkið fyrir þeim áætlaða kostnaði, sem björgunin væntanlega kostar, og er það að sjálfsögðu mikið atriði, þegar vegin er og metin sú áhætta sem í því liggur að leggja í þetta verk.

Þetta frv. fjallar um það, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar þessa skips, allt að 50 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem fjmrn. telji fullnægjandi, svo sem í verðmæti hins bjargaða og söluandvirði skipsins úr landi, enda liggi fyrir samþykki fjvn. Það er sem sagt gert ráð fyrir að fjvn. fylgist með þessu máli og leggi mat á áhættuna áður en endanlega er tekin ákvörðun, en hins vegar er nauðsynlegt að fá um þetta lagaheimild hér á hv. Alþingi til þess að þessi ábyrgð megi verða veitt.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom til umr. við afgreiðslu fjárlaga á sínum tíma lýsti ég því sjónarmiði mínu að ég væri andsnúinn því, a. m. k. á þeirri stundu, að þessi ábyrgð yrði veitt vegna þess sem nefnt er „björgun skipsins". Þá benti ég m. a. á það, þegar formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var einn af flm., að mér þætti þessi till. skjóta nokkuð skökku við þegar ekki var hægt að fá nokkur promill af þessari upphæð, sem hér um ræðir, til þess að lagfæra augljósa galla á fjárlögum, eins og að veita dálítið meira fé til Námsgagnastofnunar og útgáfu á sérkennslugögnum fyrir börn með sérþarfir. Þá þótti þeim hv. þm. sem fluttu málið hér inn á þing sjálfsagt og eðlilegt að slengja hér inn 50 millj. kr. ábyrgðarheimild. Ég sagði þá að mér þætti þetta skörulega að verið og menn virtust meta það misjafnlega hvað væri þess virði að leggja fjármagn í það.

Í sambandi við þau orð, sem hv. 1. flm. lét hér falla áðan, langar mig að spyrja hann tveggja spurninga áður en ég geri upp hug minn til þessa máls. Í fyrsta lagi: Er ekki mögulegt að hollenska ríkið leggi fram þetta fjármagn, sem hér er beðið um til björgunaraðgerðanna, ef því er svo mikið í mun að þetta takist? Í öðru lagi varðandi það sem kemur fram í grg. um tryggingarákvæði Lloyd's í London: Hvað er það raunverulega sem Lloyd's er tilbúið að tryggja? Er Lloyd's tilbúið að tryggja t. d. þá upphæð sem færi til verksins ef svo færi að skipið fyndist í molum, meira og minna laskað, í sandinum og væri til lítils gagns að hirða það upp? Ég vildi gjarnan fá svör við þessum spurningum.

Ég vil láta það koma fram, eins og ég sagði við umræður áður, að ég met djörfung og dug þeirra manna sem að þessu verki standa, og auðvitað væri að mörgu leyti stórkostlegt ef þetta tækist, en í mínum huga er talsverður efi, og mér finnst það nokkur ábyrgðarhluti að veita slíka ríkisábyrgð fyrir heilum 50 millj. kr. og er um leið talsvert hræddur við að þarna sé verið að leita að einhverju sem ekki er til nema að litlum hluta. Ég hef þar fyrir mér t. d. orð þeirra manna sem þekkja best hvernig sjór og sandur fara með skip úr sterkari efnum en tré á þessum fjörum — skip sem þarna hafa farist. Svo er það sem ekki er nefnt í þessu frv. og það er skýrsla bandarískra sjóhersins sem segir að það sé nánast vonlítið að ná nokkru heillegu þarna upp úr sandinum.

Það voru aðallega tvær spurningar sem ég vildi spyrja hv. 1. flm., þ. e. hvort ekki væri unnt að semja við Hollendingana um hvort þeir gætu ekki tekið þátt í hluta af björgunarkostnaðinum á móti íslenska ríkinu, þannig að þessi ábyrgð þyrfti ekki að vera eins mikil og þarna kemur fram, og svo eins um þá tryggingamöguleika sem fyrir hendi eru hjá Lloyd's í London.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við lifum í miklu tryggingarsamfélagi. Við virðumst í eðli okkar vera að mörgu leyti happdrættisþjóðfélag. Hér er verið að fjalla um það, hvort gullgrafarar eigi að fá ríkisábyrgð fyrir

sínum framkvæmdum. Þetta hefði vafalaust komið sér vel í Ameríku á sínum tíma og orðið til að skipta hagnaðinum af gullgreftri miklu jafnar.

Ég fæ ekki annað séð, þegar ég les þessa grg. og það sem verið er að tala um, en það sé raunverulega aðeins einn aðili sem eigi að hafa allt sitt á hreinu. Það eru þeir sem eru eigendur véla og tækja. Þeir eiga að fá í hendurnar verk upp á um 50 millj. sem ekki á að bjóða út, þó að hv. 6. þm. Reykv. hafi löngum verið talsmaður þess að útboð væru notuð við framkvæmd á öllum stærri verkum.

Hér er talað um að það eigi að tryggja ríkissjóði álitlegan hagnað án verulegrar áhættu. Jafnframt er talað um það ofar á bls. að kostnaðurinn við björgunina, um 50 millj., sé áætlun sem byggi á því að skipsskrokkurinn sé heill og allur sá farmur sem niðri í skipinu var sé þar enn.

Ég hygg að í þessari umr. allri þá hljóti menn að spyrja sig nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi: Er trúlegt að allur farmurinn sé ennþá í skipinu? Mér þykir ákaflega undarlegt ef ganga má út frá því sem vísu. Í annan stað: Á hinni brimasömu suðurströnd vekur það undrun ef það fær staðist að skipsskrokkurinn sé heill. Má þó vera að brimið hafi borið það upp á land og að ekki séu miklar skemmdir á skipsskrokknum, en af hvaða ástæðu hefðu menn þá ekki átt að ganga í skipið og hirða þaðan verðmæti, ef skipið hefur komist á þurrt og þannig verið auðvelt að sækja þangað til fanga?

Hér er talað um að Hollendingar séu reiðubúnir að gera samning og að það sé fyrirliggjandi bréf frá Hollandi. Mér hefði þótt sanngjarnt að eigendur þessa samnings við ríkið byrjuðu á því að baktryggja sig með samningum við Hollendinga og slíkur samningur lægi hér fyrir sem fskj. Einnig hefði það verið eðlilegt að það kæmi fram sem fskj. við þetta frv. hvað það raunverulega er sem tryggingafélagið Lloyd's er reiðubúið að tryggja. Það vekur einnig undrun að þau gögn sem fyrirliggjandi eru um skipið, m. a. álit tæknideildar bandarísku sjóhersins, eru ekki látin fylgja sem fylgirit með þessu frv. Hvað er verið að fela í þessu sambandi? Telja menn að álit tæknideildarinnar sé einskis virði? Hvaðan koma þær heimildir sem menn telja merkari og styðjast hér við?

Ég vil undirstrika það, að ég tel að það liggi engin gögn fyrir í dag sem mæli með þeirri ákvarðanatöku sem hér er verið að leggja til. Það er greinilegt, aðeins ef sanngirni er beitt, að hægt er að undirbúa þetta mál miklu betur til flutnings hér á þinginu. Ef það er staðreynd að Hollendingar séu reiðubúnir að greiða stórfé fyrir þetta skip, ef það er staðreynd að tryggingafélagið Lloyd's sé reiðubúið að tryggja þessa áhættu, hvers vegna fylgja þá ekki gögnin? Mér er það aftur á móti ljóst, að eigendur véla og tækja séu spenntir fyrir því að fá verk upp á 50 millj. Það er ákaflega mannlegt. Það væri alveg einstakt ef þeir gengju frá slíkum samningi án þess að það mundi skila þeim álitlegum hagnaði, hvað svo sem væri að finna í sandinum. Spurningin er aðeins þessi: Eru þetta eðlileg vinnubrögð? Er eitthvert vit í því að ríkið sem slíkt kaupi happdrættismiða upp á 50 millj., og vinningurinn er e. t. v. skip ofan í sandinum á Skeiðarársandi?

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að svara að svo miklu leyti sem unnt er hér og nú þeim fsp. sem hv. 6. þm. Norðurl. e. varpaði fram.

Í fyrsta lagi spurði hann að því hvort möguleiki væri á því að hollenska ríkið legði fram fjármagn í sambandi við þessa aðgerð. Ég get ekki svarað því á annan veg en þann, að ég held að það sé öruggt að hollenska ríkið er tilbúið til að taka þetta verk að sér, þ. e. ríkið eða hollenskar stofnanir, gegn því að eiga þá skip og farm. Þar með yrði það að sjálfsögðu fyrst og fremst hollenskt framtak og hollensk aðgerð sem þarna færi fram. Ég held hins vegar að ekki hafi á það reynt hvort það sé möguleiki á að Hollendingar verði að einhverju leyti samstarfsaðilar í þessu efni, sem að sjálfsögðu kemur til greina. Ég hygg að á það mál hafi ekki reynt, en það er eitt af því sem ég hygg að þurfi að koma til athugunar, ef frv. færi hér í gegn á Alþingi, hvort slík heimild yrði veitt. Þá yrði eitt af verkefnum fjvn. að kanna að hve miklu leyti slíkt væri mögulegt og að hve miklu leyti slíkt væri æskilegt. En í þessu sambandi vil ég undirstrika þá bjargföstu skoðun mína, að mér finnst að þar sem þetta skip er hér á Íslandi eigi íslenskt framtak að vera þarna að verki. Það liti að sjálfsögðu allt öðruvísi út í augum umheimsins ef það væru Hollendingar eingöngu sem framkvæmdu þetta verk. Við komum þar þá ekki við sögu að öðru leyti en því, að skipsflakið er staðsett hér, en Hollendingar mundu að öllu öðru leyti fá það jákvæða í sinn hlut, sem þessu framtaki mundi fylgja. Þá á ég við þá kynningu, sem slíkt verk hlýtur að hafa fyrir land og þjóð, og önnur slík atriði.

Í öðru lagi var spurt að því hvað Lloyd's væri tilbúið að tryggja. Ég hef því miður ekki með hér það skeyti sem Lloyd's hefur sent um þetta efni. Það er sjálfsagt og eðlilegt að hv. n. fari nánar ofan í það. En hér er fyrst og fremst um að ræða verktryggingu, þ. e. þeir eru tilbúnir að tryggja hvers konar óhöpp sem gætu gerst við framkvæmd þessa verks. Ég nefni sem dæmi t. d.: Ef stálþil mundu bresta eða áin flæða yfir vinnustað eða eitthvað þess háttar er Lloyd's tilbúið að tryggja slíkt. Hins vegar er Lloyd's hvorki tilbúið að tryggja að þetta sé nákvæmlega það skip sem um er talað né að skipið sé heilt eða óskemmt. Það er sem sagt fyrst og fremst um verktryggingu að ræða.

Varðandi það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, þegar hann spyr hvað sé verið að fela í þessu sambandi, hvers vegna álit tæknideildar bandarísku sjóhersins hafi ekki verið lagt fram, þá skal ég upplýsa að það er mat þeirra, sem þessa verkframkvæmd hafa undirbúið og sem óskuðu á sínum tíma eftir því að þessi rannsókn yrði framkvæmd af hálfu bandarísku sjóhersins, að hún sé mjög ófullkomin og hún byggist meira á alls konar líkum frekar en á raunhæfu mati á því sem þarna hefur gerst. Hins vegar er sjálfsagt að hv. n. þessarar deildar kanni þetta mál og fái til viðtals við sig alla þá aðila sem þarna eiga hlut að máli.

Mér finnst satt að segja ósanngjarnt að ætlast til þess í sambandi við þetta frv. og í sambandi við málflutning hér við 1. umr. að allar staðreyndir þessa máls séu fyrir fram lagðar fram. Ég skal upplýsa það, að ég hef sérstaklega rætt við menn sem búa þarna í nálægð, eins og bóndann í Skaftafelli, sem þekkir þessa brimasömu strönd og þennan sand betur en flestir aðrir. Hann segir að það sé sín bjargföst skoðun — hefur reyndar látið frá sér fara sérstaka grg., sem hann hefur þó ekki sent mér, en las upp fyrir mig í síma, — að sandurinn á þessum

slóðum sé þannig að hann gleypi á örskömmum tíma allt sem nálægt honum kemur og það séu mjög miklar líkur á að skipið sé tiltölulega heilt og allur þungafarmur skipsins sé enn í því. Hann segir að það sé hugsanlegur möguleiki, að þegar farþegar og skipshöfn hurfu frá skipinu á sínum tíma hafi þeir tekið með sér ýmislegt lauslegt, eins og t. d. vaðmál og vefnað, sem talið var að mikið hefði verið af í þessu skipi, og hugsanlegur möguleiki sé að einhverjir hafi komist út í skipið á örfáum fyrstu dögum eftir að það strandaði. Það séu hins vegar litlar líkur á því, því að menn fari yfirleitt ekki út í slík skip nú með allri þeirri tækni sem nú er fyrir hendi, hvað þá á þessum árum, þegar tæknin var að sjálfsögðu allt önnur en hún er nú. Mjög litlar líkur séu því á því að nokkur hafi farið út í þetta skip eftir að það var strandað og eftir að það var yfirgefið. Hins vegar kunni það að vera, þótt engar sagnir séu til um það á þessum slóðum að þetta hafi gerst, en munnmæli lifa nokkuð glatt í sveitum eins og þarna er um að ræða, að ýmiss konar léttavarningur hafi verið tekinn frá borði, er skipið var yfirgefið.

Ég legg áherslu á það, að þetta mál fái rækilega skoðun í n. Ég bendi á að þess hefur verið óskað að máli þessu verði vísað til fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Hún er þekkt að vandvirkni og samviskusemi. Til frekara öryggis er svo gert ráð fyrir því í þessu frv. að hv. fjvn. fari með málið af hálfu þingsins eftir að þetta frv. yrði samþ., ef það næði hér fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frv. (þskj. 315). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég nú mæli fyrir, hefur verið til meðferðar í og er samið af sérstakri nefnd sem ég skipaði 16. okt. 1981, og áttu sæti í henni Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri, formaður, Ágúst Hafberg framkvæmdastjóri, Einar Ögmundsson forstöðumaður, Leifur Karlsson bifreiðastjóri, Skarphéðinn D. Eyþórsson framkvæmdastjóri og Ölver Karlsson oddviti. Nefndinni var falið að endurskoða lög um sama efni, um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum, sem eru að stofni til frá 1966.

Staðreyndin er sú, að á undanförnum árum hafa þessi lög verið tekin til endurskoðunar og leitast við að ná samkomulagi með hagsmunaaðilum um slíka endurskoðun, en hefur ekki tekist fyrr en nú. Nokkur óánægja hefur ríkt um framkvæmd laganna eins og þau eru. Sérstaklega hafa hópferðaleyfishafar kvartað mjög undan því að eiga ekki fulltrúa í þeirri nefnd sem leyfum úthlutar til sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa.

Meginbreytingar sem gert er ráð fyrir í þessu frv. eru þær sem nú skal greina:

1. Þær tegundir fólksflutninga, sem fjallað er um í lögunum, verði skilgreindar frekar en verið hefur, sbr. 1. og 2. gr. Sérstök skilgreining er gerð á sætaferðum og fjallað um þær sérstaklega í lögunum, sbr. 9. gr., en ekkert er fjallað um sætaferðir í gildandi lögum.

2. Úthlutun hópferðaleyfa er breytt á þann veg, að leyfin eru veitt til fimm ára í stað eins árs samkv. gildandi lögum, nema þau leyfi sem veitt eru í fyrsta sinn. Eðlilegt er að gildistími leyfanna sé lengdur verulega frá því sem nú er, þar sem hér er um dýr atvinnufyrirtæki að ræða og óeðlilegt að fá aðeins tryggingu fyrir starfrækslu fyrir svo skamman tíma í einu sem nú er raunin.

3. Numin eru úr gildi ýmis skilyrði í gildandi lögum sem sett eru fyrir veitingu sérleyfa og nefndin telur vera úrelt.

4. Felld er niður heimild samgrn. til að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða.

5. Felld er niður heimild samgrn. til að fela póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum með bifreiðum, er sérleyfi, undanþágu eða réttindi til hópferðaaksturs þarf fyrir, en ákveðið í frv. að umferðarmáladeild skuli hafa þessa umsjón og eftirlit með höndum. Þessi skipan hefur raunar gilt um hríð samkv. reglugerðarbreytingu, en verður með þessum tillögum lögfest.

6. Í stað þrenns konar gjalda, þ. e. farmiðagjalds á sérleyfisleiðum, hópferðaréttindagjalds og gjalds af hópferðaleyfum, leggur nefndin til að eitt gjald skuli lagt á leyfisskyldar bifreiðar. Gjald þetta skal greitt árlega af hverju farþegasæti. Þó þótti nefndinni rétt að heimilað yrði að gjaldstofninn yrði annar, ef skipulagsnefnd fólksflutninga legði það til. Um gjaldstofninn, innheimtu og önnur atriði varðandi gjaldið þurfa að koma nánari ákvæði í reglugerð.

7. Gert er ráð fyrir að fjölgað verði um tvo fulltrúa í skipulagsnefnd fólksflutninga. Annar þeirra skal vera frá félagi hópferðaleyfishafa, en félagið er tilkomið eftir að gildandi lög voru sett og löngu orðið aðkallandi að það ætti fulltrúa í nefndinni. Sama gildir um hinn fulltrúann, sem skal vera frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

8. Með tillögunum er stefnt að því, að skipulagsnefnd fólksflutninga geti orðið virkari í störfum sínum en unnt er samkv. gildandi lögum.

Herra forseti. Mál þetta var lagt fram í hv. Ed. og er afgreitt þaðan óbreytt. Hér er um samkomulagsmál að ræða við hagsmunaaðila. Ég tel ákaflega mikilvægt að byggja lög á slíku samkomulagi og vil því leggja á það áherslu að þetta frv. fáist afgreitt á þessu þingi.

Að svo mæltu legg ég til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frv. (þskj. 341 (sbr. 87)). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. Skv. ósk sem fram kom í n. fengum við upplýsingar frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun varðandi þróun stöðu okkar gagnvart útlöndum og þróun verðlags. Í þessum skýrslum frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun koma ekki fram neinar sérstakar nýjar upplýsingar sem ekki hafa komið fram á öðrum vettvangi. Ég sé því ekki ástæðu til að rekja það nánar hér.

Í atkvgr. um frv. mun koma fram sú afstaða sem einstakir nm. hafa til frv. Tel ég ekki þörf að öðru leyti að skýra frá umfjöllun n. um málið.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það lítur út fyrir að frv. til staðfestingar á brbl. hæstv. ríkisstj. frá 21. ágúst s. l. komi til afgreiðslu í dag, 28. febr., þegar í raun eru komin fram og framkvæmd ákvæði þessara laga um skerðingu verðbóta á laun og hækkun á vörugjaldi um þriðjung í þennan ákveðna tíma. Það má því segja að það sé vonum seinna sem þetta frv. kemur til afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Ég skal ekki hafa um þetta atriði fleiri orð. Ég hef hér æ ofan í æ gagnrýnt málsmeðferð hæstv. ríkisstj. í þessu máli og skal ekki fjölyrða frekar um það, en það má kannske segja að það sé punkturinn yfir i-ið í þessari málsmeðferð að þetta frv. skuli einmitt afgreitt í dag.

Eins og hv. frsm. meiri hl. n. sagði hér áðan var óskað eftir staðfestingu Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka um aðeins tvö atriði vegna umr. sem hér urðu um daginn varðandi þetta mál. Í þessum gögnum frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, sem eru dagsett 25. febr., kemur fram það sem ég hélt hér fram í umr. um daginn, að verðbólguhraði er ekki ósvipaður því nú eins og honum var spáð án þess að þessi brbl. hefðu komið til. Þau er þó búin að vera í gildi í rúma sex mánuði eins og hér hefur margoft verið vakin athygli á.

Eitt af meginmarkmiðum þessara brbl. hefur verið að draga mjög mikið úr viðskiptahalla og erlendri eyðsluskuldasöfnun. Því miður virðist víðs fjarri að þessu markmiði hafi verið náð, því að í bréfi Seðlabankans frá 21. febr. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Enn hefur ekki verið lokið endurskoðun þjóðhagsáætlunar frá því að hún var lögð fram hinn 25. okt. s. l. né heldur liggja fyrir fullnaðarákvarðanir um lánsfjáráætlun ársins. Var þá spáð viðskiptahalla um 6% af þjóðarframleiðslu. Í samræmi við það og dæmi um 3500 millj. kr. erlendar lántökur var áætlað að skuldastaða langra erlendra lána hækkaði úr 45.3% í 48.5% af þjóðarframleiðslu. Þessi hækkun um 3.2% mundi færa skuldastöðuna úr 47.5%, svo sem hún er nú áætluð í árslok 1982, í 50.7% í lok árs 1983. Þessi ábending er þó ekki ætluð sem endurskoðun spár um 1983, en slíka endurskoðun er eðlilegt að tengja við samningu lánsfjáráætlunar."

Hér er ekki beinlínis sagt að horfur séu verri en gert var ráð fyrir um það leyti sem þessi brbl. voru sett, en fullyrða má af þeim gögnum sem fyrir liggja að svo er. Ég skal ekki fjölyrða nánar efnislega um þetta frv. til staðfestingar á brbl. Það hefur komið berlega fram í ljósi reynslunnar að þau eru haldlítil eins og ég hef haldið fram. Þau hafa einnig verið að því leyti sérstaklega óréttlát að ríkissjóður hefur gengið á undan með að auka skattheimtu á almenning á sama tíma sem hinum sama almenningi er sagt að draga saman seglin og herða sultarólina. Afstaða okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu til þessara brbl. er því óbreytt, en miðað við aðstæður sem upp hafa komið og lýst hefur verið í yfirlýsingu í Nd. frá okkar hálfu munum við sitja hjá við lokaafgreiðslu þessa máls.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Nú á að afgreiða það frv. um efnahagsaðgerðir sem hér liggur fyrir, löngu eftir að þau hafa verið tekin í framkvæmd og það hefur sýnt sig að brbl. sem sett voru hafa verið gersamlega gagnslaus, enda er megininntak þeirra það að skerða launin og ekkert annað. Þegar þannig er að verki staðið er ekki von til þess að árangur náist. Ég minni á að Verkamannasamband Íslands hefur harðlega mótmælt þessari lagasetningu, Alþýðusamband Íslands hefur einnig gert það og launþegar í landinu munu mótmæla því nú á komandi vikum. Ég lýsi því hér yfir eins og flokksfélagar mínir hafa gert að við munum greiða atkv. gegn þessum lögum, enda teljum við setningu þeirra ekki hafa þjónað neinum tilgangi, ekkert gert annað en að ræna fé úr vasa launþega.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓlJ, StJ, TÁ, HS, DA, GeirG, GB, GTh, JH.

nei: KSG, KJ.

LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ, GK greiddu ekki atkv.

2 þm. (StefG, EG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 404).

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örstutt. Mig langar aðeins að vekja athygli á frv. þessu. Hér er verið að fjalla um það að ungmennum, sem fædd eru á sama ári, verði ekki mismunað hvað varðar aðgang að opinberum skemmtunum. Ég tel að hér sé um mikilsvert frv. að ræða fyrir þau ungmenni sem það nær til og réttindi þeirra til þess að vera saman í sínum aldurshópi. Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir því að börn, sem eru fædd á sama ári, stundi sama nám. Það er því gert ráð fyrir að þau hafi líkan þroska, sama þroska bæði andlegan og líkamlegan. Ungmenni, sem fædd eru sama ár, ná oft vel saman félagslega, þau vinna mikið saman í hópum innan og utan skólans og þess vegna er mjög æskilegt að þau hafi möguleika á því að fylgjast að einnig í sínum frítíma, við sitt skemmtanahald. Sú skipting aldursflokka sem viðgengist hefur hefur leitt til þess að unglingar hafa reynt að komast inn á skemmtanir og inn í kvikmyndahús á ólöglegan hátt, sem hlýtur að vera mjög óæskilegt. Ég vonast til þess að ef þetta frv. verður að lögum, þá sé komið í veg fyrir

slíka freistingu.

Mig langar með örfáum orðum að vekja athygli á því að ég tel að hér sé um merkilegt mál að ræða og ég vænti þess að hv. menntmn. Ed. hraði afgreiðslu þess svo að frv. þetta verði að lögum áður en þinghaldi lýkur nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 382). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á orkulögum nr. 58 frá 1967. Frv. þetta er komið frá hv. Nd., þar sem gerðar voru á því nokkrar breytingar frá því sem var þegar frv. var lagt fyrir. Efni frv. varðar fyrst og fremst umbætur á fjárhag allmargra hitaveitna, sem byggðar voru á síðasta áratug og átt hafa í rekstrarerfiðleikum, auk þess sem breyting er lögð til sem hvetur til frekari notkunar jarðvarma með því að auðvelda jarðhitaleit og jarðvarmarannsóknir í þágu hitaveitna. Gert er ráð fyrir því að dregið verði úr fjárhagslegri áhættu í borunum eftir heitu vatni, þannig að tilkostnaður þeirra sem fyrir þessum verkum standa, sem eru aðallega sveitarfélögin í landinu, verði ekki meiri en forsvaranlegt má telja. Boranir eftir jarðvarma eiga þannig að verða ódýrari en nú er með því að afnuminn verði söluskattur af borunum og aðflutningsgjöld af efni til borana vegna jarðhitaleitar og jarðhitavinnslu. Orkusjóði er og ætlað að auka þátttöku sína í fjárhagslegri áhættu við öflun á heitu vatni. Annað meginatriði er það að auka þátttöku Orkusjóðs í fjárhagslegri áhættu við þessar boranir, eins og ég vék að, og leiðrétta þann ágalla sem er á gildandi lögum þess efnis, að gert er ráð fyrir að borun annaðhvort heppnist eða misheppnist og endurgreiðsluskyldu lána úr Orkusjóði er hagað í samræmi við það.

Frv. gerir ráð fyrir heimild til að meta árangur vatnsöflunar og fjárhagslegan ávinning af notkun einstakrar borholu og endurgreiðsluskyldu verði hagað í samræmi við slíkt mat. Einnig er horfið frá þeirri viðmiðun við endurgreiðslu lána úr Orkusjóði að viðkomandi jarðhitasvæði hafi þegar verið tekið í notkun. Í stað þess er tekin upp viðmiðun sem miðar við sérhverja borholu sem lánað er til.

Frv. felur í sér veigamiklar lagfæringar á gildandi lögum fyrir þær veitur, ekki síst hinar smærri veitur, sem þurfa að leita eftir heitu vatni á svæðum sem erfið eru til vinnslu. Þannig má segja að flutningur þessa máls sé einn þáttur í að jafna tilkostnað við upphitun í landinu og gera viðkomandi veitum kleift að sjá sínum viðskiptavinum fyrir heitu vatni á verði sem ekki sé langt frá því sem almennt gerist um nýjar og hagkvæmar veitur.

Það hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. í meðferð hv. Nd. eins og ég gat um. Þær heimildir sem þar eru veittar eru gerðar heldur víðtækari en var í frv. eins og það var lagt fyrir. Efnislega er frv. þó hið sama í öllum meginatriðum. Hv. þdm. geta kynnt sér þessar breytingar og alveg sérstaklega sú n. sem tekur við þessu máli hér. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. iðnn. Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Hreppstjórar, frv. (þskj. 257). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það sem hér er til umr. lýtur að breytingum á lögum um hreppstjóra frá 26. apríl 1965 og er komið frá hv. Nd. Frv. er í samræmi við till. starfshóps er skipaður var í nóv. 1980 og falið það verkefni að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra. Í áliti starfshópsins sem fylgir frv. þessu, er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um sögu hreppstjórastarfsins, lagaákvæði sem tengjast störfum hreppstjóra og reglur er gilt hafa um launagreiðslur til þeirra og upplýsingar og ábendingar frá sýslumönnum landsins.

Hreppstjórastarfið er eitt hið elsta opinbera starf hér á landi sem á rætur að rekja til starfs hreppstjórnarmanna Jónsbókar. Framan af fóru hreppstjórar fyrst og fremst með sveitarstjórnarstörf. Fljótlega skipuðust mál þó þannig að þeir fóru einnig og síðar í auknum mæli með ýmiss konar umboðsstörf í umboði sýslumanns. Með breyttri skipan sveitarstjórnarmála frá 1872 hafa störf hreppstjóra eingöngu verið á vettvangi stjórnsýslu ríkisins.

Hér skal getið um helstu nýmæli frv.:

Hreppstjórum er gert að hlíta almennum reglum um starfsaldurshækkun, þ. e. miðað er við 70 ára aldursmarkið. Samkvæmt könnun sem gerð var á s. l. ári voru 46 starfandi hreppstjórar eldri en 70 ára.

Reglum um útreikning launa er breytt á þann veg að laun ákvarðast sem ákveðinn hundraðshluti af launum almennra lögreglumanna, skv. launaflokki sem fjmrh. ákveður nánar. Launin miðast að nokkru leyti við íbúatölu í viðkomandi hreppi á bilinu 100—500 íbúa. Hreppstjórar í hreppum með 500 íbúa eða fleiri fá sömu laun. Samkv. gildandi lögum taka hreppstjórar laun í hlutfalli við íbúatölu viðkomandi hrepps.

Umfang hreppstjórastarfsins fer ekki ætíð eftir fólksfjölda í hreppunum. Ýmis önnur atriði eru þar ráðandi. Í þeim hreppum sem hin fastákveðnu laun hrökkva eigi fyrir áætluðu vinnuframlagi hreppstjóra getur dómsmrh. skv. 2. gr. ákveðið, að fengnum tillögum sýslumanns, að greiða þeim viðbótarlaun. Ætti þetta ákvæði að vera til hagræðis. Í hreppum er liggja fjarri sýsluskrifstofu og þar sem útgerð er talsverð er lögskráning sjómanna nokkurt starf. Í afskekktum hreppum getur verið hagkvæmt að fela hreppstjóra innheimtu þinggjalda og önnur umboðsstörf. Skv. athugun er gerð var á síðasta ári námu greidd hreppstjóralaun í landinu 19.7 ársstöðugildum skv. launum eftir 12. launaflokki BSRB, 3. þrepi. Eftir reglum frv. hefðu heildarlaun hreppstjóra numið 18.4 ársstöðugildum. Er því raunar verið að lækka heildarlaun hreppstjóra um 1.3 ársstöðugildi. Þar kemur á móti að ekki er áætlað fyrir viðbótarlaunum til hreppstjóra er gegna umfangsmiklum störfum.

Í frv. eru ákvæði um að lífeyrissjóðsréttindi hrepp-

stjóra fari eftir reglum er fjmrh. setur. Einnig er að finna ákvæði um hvernig fari um greiðslu útlagðs kostnaðar.

Svo sem fram kemur í áliti starfshópsins hafa störf hreppstjóra víða hin síðari ár farið minnkandi. Þeir gegna þó mikilvægum störfum í stjórnkerfi ríkisins. Er því lögð áhersla á að launagreiðslur til þeirra séu í sem bestu samræmi við það vinnuframlag sem þeir inna af hendi. Er til þess ætlast að ákvæði frv. tryggi það.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. sagði er þetta frv. byggt á störfum nefndar sem var falið að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra. Það er gott út af fyrir sig. En ég hefði viljað varpa því fram til þeirrar nefndar sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki sé orðið tímabært að kanna hvort þörf er á að hafa hreppstjóra á öllum þeim stöðum sem þeir eru nú. Mér skilst að þeir séu rúmlega 200. Nú er það vitað mál að síðan lögin voru upphaflega sett hafa aðstæður í samgöngumálum breyst mjög og maður kemur ekki auga á það svona í fljótu bragði að það sé þörf á alls staðar að vera með hreppstjóra þar sem nokkrir kílómetrar eru eftir malbikuðum vegi frá sýslumannsembætti í viðkomandi hreppi. Ég hefði því viljað óska eftir því að allshn. kanni það einnig, ásamt því að athuga ákvæði þessa frv., hvort yfirleitt sé ástæða til að hafa lögin óbreytt að því leyti til að hreppstjórar séu endilega í hverjum einasta hreppi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 383). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Í þessari breytingu felst að við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum taki fulltrúar frá kaupendum og seljendum þessa afla sæti í Verðlagsráði. Þessi breyting er gerð vegna þess að með núgildandi skipan Verðlagsráðs telja kaupendur og seljendur rækju, hörpudisks og grásleppuhrogna sig ekki hafa möguleika á að hafa áhrif við verðlagsákvarðanir, vegna þess hvernig Fiskideild sé skipuð lögum samkvæmt.

Í greininni segir að ráðh. skipi fulltrúa eftir tilnefningu samtaka sem til þess eru bær að hans dómi. Ákvæði þetta er sett vegna þess að mjög er mismunandi hvernig samtökum innan þessara greina vinnslu og veiða er háttað. Verði frv. þetta að lögum gæti það orðið til þess að viðkomandi aðilar skipulegðu samtök sín þannig að tilnefning þessara nýju fulltrúa yrði ekki vandamál.

Það er rétt að leggja áherslu á að í breytingu þessari felst í raun það eitt að fulltrúum í Fiskideild er fjölgað úr sex í sjö við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum. Ekki verða stofnaðar nýjar deildir eða starfsemi yfirnefndar breytt.

Þetta mál hefur hlotið afgreiðslu í Nd. og var þá gerð á því lítils háttar orðalagsbreyting. Í frv. sagði að af hálfu seljenda skuli skipa menn í ráðið, en því er breytt í „af hálfu félaga seljenda" og sýnist mér það hafa verið eðlileg breyting.

Að þessari umr. lokinni legg ég til, forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Varnir gegn mengun frá skipum, frv. (þskj. 385). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum. Frv. þetta er flutt til þess að Ísland geti gerst aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, sem gerður var í London 2. nóv. 1973, og bókun 1978 við alþjóðasamning sem gerður var í London 17. febr. 1978. Lagaheimild skortir til þess að geta sett reglur um alla þá þætti sem samningurinn og bókunin fjalla um.

Fyrir Alþingi liggur till. til þál. um staðfestingu framangreinds samnings og bókunar og vísast í hana um efni þetta.

Ég sé ekki, herra forseti, að ástæða sé til að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Skipamælingar, frv. (þskj. 386). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli nú fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 50 frá 12. maí 1970, um skipamælingar.

Þann 18. júlí s. l. tók gildi ný alþjóðasamþykkt um mælingu skipa sem gerð var á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London 1969. Með samþykkt þessari var leitast við að samræma og einfalda þær aðferðir sem hinar ýmsu þjóðir viðhafa við mælingu skipa.

Með lögum um skipamælingar nr. 50 12. maí 1979 var veitt heimild til að Ísland staðfesti þessa alþjóðasamþykkt og hefur það þegar verið gert. Áður en þessi alþjóðasamþykkt tekur gildi hér á landi er hins vegar nauðsynlegt að breyta lítillega fyrrnefndum lögum um skipamælingar.

Hin nýja alþjóðasamþykkt gerir ráð fyrir að eldri skip haldi almennt sinni eldri mælingu fyrst um sinn, en ný skip og skip sem meiri háttar breytingar eru gerðar á verði mæld samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar. Þetta frv. er m. ö. o. flutt til þess að gera okkur Íslendingum kleift að fullnægja þessum nýju alþjóðareglum.

Að þessu mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni

þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins fara örfáum orðum um þinghaldið. Í dag er ætlunin að mest verði fengist við 1. dagskrármálið, stjórnarskipunarlög. Þannig er gert ráð fyrir að flm. frv. og fulltrúar stjórnmálaflokkanna mundu ræða það mál og ef enginn hefur neitt sérstakt við það að athuga, þá hef ég hugsað mér að halda þeim fundi fram þar til a. m. k. ein umferð hefur náðst fram, enda þótt eitthvað gangi á þingflokksfundatíma. Tekið verður til við þetta mál þegar að loknum skyndiafgreiðslum, sem ég hyggst ná fram vegna mála sem eru til 3. og lokaumr. í hv. deild.

Um starfshættina að öðru leyti vil ég segja það, að nú mega hv. þdm. gera ráð fyrir kvöldfundum þegar þurfa þykir daglega. Það er svo að sjá, ef fram heldur sem horfir um samþykkt stjórnarskipunarlaga, að þá megi gera ráð fyrir því að hið háa Alþingi hafi ekki starfstíma lengur en fram eftir næstu viku. Þetta hafa forsetar rætt í sinn hóp og munu enda ræða það nánar við forustumenn stjórnmálaflokka.

Þjóðsöngur Íslendinga, frv. (þskj. 320). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 403).

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 311). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 304). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 405).

Loftferðir, frv. (þskj. 302). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 406).

Sektarmörk nokkurra laga, frv. (þskj. 249). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 407).

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 367). — 1. umr.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 1944, sem flutt er af formönnum og varaformanni fjögurra stjórnmálaflokka, Sjálfstfl., Framsfl., Alþb. og Alþfl., samkv. víðtæku samkomulagi, sem tekist hefur með þm. þessara flokka.

Frá því að breyting var síðast gerð á kjördæmaskipan og kosningarreglum árið 1959 hefur misvægi atkv. eftir búsetu kjósenda aukist allmikið. Jafnframt hefur skort á að jöfnuður milli stjórnmálaflokka hafi náðst. Þá hefur einnig verið talið að áhrif kjósenda á val frambjóðenda til þings væru ekki sem skyldi. Þykir því nauðsynlegt að gera breytingar sem bæta úr annmörkum þessum.

Fram hafa farið viðræður milli stjórnmálaflokkanna um úrlausn þessara mála. Niðurstaða þeirra viðræðna er sú, að náðst hefur samkomulag um að flytja frv. þetta til stjórnskipunarlaga. Frv. fylgja drög að frv. til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Jafnhliða fyrrgreindum breytingum á stjórnarskrá hefur orðið að samkomulagi milli stjórnmálaflokkanna að leggja til verulega rýmkun kosningarréttar, m. a. með lækkun kosningaraldurs í 18 ár. Þá er óflekkað mannorð fellt niður sem kosningarréttarskilyrði. Hins vegar er því haldið sem kjörgengisskilyrði, sbr. 3. gr. frv. Ennfremur er nú rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttarins og komið til móts við hagsmuni þeirra sem ráða sig til vinnu eða eru við nám erlendis. Samkv. breytingunum mega þeir kjósa ef þeir hafa átt sér lögheimili einhvern tíma á fjórum síðustu árum fyrir kosningar.

Breytingar á kjördæmaskipan og kosningarreglum hafa oft átt sér stað frá því að Alþingi var endurreist

með 26 þm. samkv. tilskipun Danakonungs 1843. Þm. var fjölgað um einn 1857 og með stjórnarskránni 1874 eru gerðar breytingar á kjördæmaskipuninni og þm. fjölgað í 36, 30 þjóðkjörna og 6 konungkjörna. Upp úr aldamótum er þm. fjölgað um 4, öllum þjóðkjörnum, og verða þá 40. Bæði árið 1915 og 1920 eru samþykktar breytingar á stjórnarskránni. Konur fengu þá kosningarrétt, konungkjör var fellt niður, en landskjör tekið upp og seinna árið fjölgað í Reykjavík um 2 þm. og ákveðin þar hlutfallskosning.

Eftir alþingiskosningarnar 1931 hafði Framsfl. 23 þm. af 42 með 35.9% atkv., en Sjálfstfl. 15 þm. með 43.8% atkv. og Alþfl. 4 þm. með 16.1% atkv. Gat ekki við svo búið staðið. Var leitast við 1934 að jafna metin nokkuð með fjölgun þm. úr 42 í 49 og þar á meðal úthlutun 11 jöfnunarsæta milli flokka. En þau dugðu skammt og því var þegar gerð breyting á kosningalögum og kjördæmaskipan aftur 1942 og þm. fjölgað í 52 og teknar upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Þótt bót væri að þessari breytingu sótti enn í sama horfið, ekki síst vegna búferlaflutninga fólks. Kjördæmabreytingin 1959 fólst ekki eingöngu í fjölgun þm. í 60, heldur og skiptingu landsins í 8 kjördæmi, þar sem viðhafa skyldi hlutfallskosningar. Var hér um svipað fyrirkomulag að ræða og Hannes Hafstein hafði gert till. um í fyrri ráðherratíð sinni, en ekki fengið samþykkt.

Frá því að flokkaskipan hér á landi breyttist eftir fullveldisviðurkenninguna og byggðist síðan 1930 fremur á viðhorfum til stjórnmálastefna en sjálfstæðisbaráttunnar við Dani hafa þannig verið gerðar þrisvar sinnum breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan, 1934, 1942 og 1959. Á þessari öld hefur aldrei liðið svo langur tími milli breytinga sem nú, og aldrei hefur heldur verið unnt að leysa málin án fjölgunar þm. Kjósendum hefur fjölgað um meira en 50% á landinu öllu frá því 1959, en nú er ráðgerð 5% fjölgun þm.

Kunnugt er að að undanskilinni endurskoðun kosningalaga og kjördæmaskipunar búum við við stjórnarskrá þá sem sett var þegar Ísland varð lýðveldi og er að stofni til frá 1874. Ýmsar stjórnarskrárnefndir hafa síðan verið að störfum, en ekki hefur verið talin nauðsyn eða samstaða náðst um að taka aðra þætti stjórnarskrármálsins til meðferðar en kjördæmaskipunina.

Alþingi samþykkti 6. maí 1978 till. til þál. um skipan stjórnarskrárnefndar, sem sérstaklega skyldi taka til meðferðar kjördæmaskipan, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög. Nefndin átti að ljúka störfum innan tveggja ára eða fyrir árslok 1980. Nefnd þessi hefur sent frá sér skýrslur um þessa þætti mála, en ekki lokið störfum eða gert ákveðnar tillögur að þessu leyti. Þingflokkar og formenn flokka og þingflokka hafa því haft mál þetta til ítarlegrar meðferðar. Auðvitað hefur verið byggt á samþykktum flokkanna um endurskoðun kosningalaga og kjördæmaskipunar, en leitast við í meðferð málsins að ná málamiðlun milli sjónarmiða í þingflokkunum.

Þrjú höfuðmarkmið hafa verið höfð að leiðarljósi: 1. Þingstyrkur flokka og framboða verði í samræmi við kjósendafylgi. 2. Jafnað verði vægi atkvæða kjósenda miðað við búsetu. 3. Aukin verði áhrif kjósenda á val frambjóðenda til þingsetu.

Hvað 1. liðinn snertir má segja að það markmið að þingstyrkur flokka og framboða verði í samræmi við kjósendafylgi hafi verið aðalleiðarljós þessarar endurskoðunar. Reynslan af núverandi kjördæmaskipun frá 1959 sýnir að skort hefur 2—6 uppbótarsæti við hverjar kosningar til þess að fullur jöfnuður næðist milli flokka í þingstyrk miðað við kjósendafylgi. Ef litið er sérstaklega á úrslit síðustu alþingiskosninga 1979 skortir 6 uppbótarsæti til þess að fullt flokkajafnvægi næðist. Tillögur þær, sem gert er ráð fyrir í frv. því er ég mæli fyrir, eru til þess fallnar að tryggja svo sem verða má að flokkar og framboð öðlist þingstyrk í hlutfalli við kjósendafylgi til þess að halda lýðræði og þingræði í landinu í heiðri.

Hvað annan þáttinn snertir er ljóst, að ágreiningur ríkir á Alþingi innan allra þingflokka um hvort miða skuli við jafnt vægi atkvæða manna án tillits til búsetu þeirra. Hins vegar er þm. allra flokka ljóst, að misvægi atkvæða eftir búsetu er nú svo mikið að leiðréttingar er þörf. Samstaða hefur náðst um að lágmark leiðréttingar væri sú viðmiðun sem niðurstaða varð um við kjördæmabreytinguna 1959. Þær tillögur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, hafa í för með sér að misvægi atkv. milli íbúa í Reykjavík og fámennasta kjördæmisins minnkar úr 1:3.67 1979 í 1:2.56 og milli íbúa á Reykjanesi og fámennasta kjördæmisins úr 1:4.11 1979 í 1:2.18. Ef meðalvægi atkv. í Reykjavík og Reykjanesi miðað við landsbyggðina er tekið 1959 og samkv. þessu frv. er meiri jöfnuði náð nú en þá. Hins vegar má vissulega um það deila hvort þessi árangur er viðunandi, og verður vikið að því síðar.

Hvað þriðja þáttinn snertir hefur verið lögð áhersla á að efla persónutengsl frambjóðenda og kjósenda þm. og umbjóðenda. Kannað hefur verið hvort samstaða næðist um sameiginlegt prófkjör allra flokka um frambjóðendur á sama tíma til þess að koma í veg fyrir að aðrir en flokksmenn eða stuðningsmenn flokks gætu haft áhrif á framboð flokksins. Mismunandi afstaða flokka til prófkjörs og fyrirkomulags þess á hverjum tíma kemur í veg fyrir samstöðu að þessu leyti. Því er lagt til að auka áhrif kjósenda á val frambjóðenda með því að þeir tjái vilja sinn í kosningunum sjálfum og merki við þann eða þá frambjóðendur sem þeir leggja áherslu á að nái kosningu. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að vilji hvers kjósanda vegi jafnmikið og framboðsaðila í stað ⅓ eins og nú er. Hér kunna ýmsar aðrar leiðir að vera færar og koma væntanlega til umræðu og ákvörðunar við frekari meðferð málsins.

Skal nú vikið að tillögum þeim, sem greint er frá í frv. því til stjórnskipunarlaga, sem nú er til umr., og þeim ráðagerðum, sem felast í drögum að breytingum á kosningalögum, en þau verða ekki til afgreiðslu á Alþingi fyrr en stjórnarskrárbreytingin hefur verið staðfest á fyrsta þingi eftir kosningar.

Ágreiningur var um það milli flm. frv., hvort í því skyldi vera ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram þegar stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi og falla umboð þm. niður á kjördegi.“

Slíkt ákvæði hefur yfirleitt verið í stjórnarskrárfrv. um kjördæmaskipan hingað til. Framsóknarmenn beittu sér gegn því nú þar sem þeir vilja ekki skuldbinda sig til að ganga til annarra kosninga fljótt eftir fyrri kosningar, ef það heftir aðgerðir í efnahagsmálum. Á hinn bóginn má ekki síður halda því fram, að hæpið muni verða að raunhæfar efnahagsaðgerðir nái fram að

ganga fyrr en eftir aðrar kosningar, sem unnt er að halda fyrir júlílok. Því er áskilinn réttur til að gera till. um slíkt ákvæði til bráðabirgða, sem að ofan greinir.

Samkv. 1. gr. frv. um stjórnskipunarlög og í samræmi við 5. og 6. gr. í drögum að frv. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis er ráðgert að þm. verði 63, en kjördæmi hin sömu og nú eða 8 talsins. Samkv. sömu ákvæðum skal ráðstafa 54 þingsætum hið minnsta til kjördæma. Af þeim hljóti Reykjavík 14 þingsæti, Reykjanes 8, Norðurl. e. og Suðurland 6 hvort og önnur kjördæmi 5 þingsæti hvert.

Í drögum að frv. um breytingu á kosningalögum er *fjallað um ráðstöfun þeirra 9 sæta sem þá eru eftir*. Eitt þessara sæta er óbundið kjördæmum, en ætlunin er að hinum 8 sé skipt fyrir hverjar kosningar milli kjördæmanna til að jafna vægi atkvæða. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu kosningum á undan. Er því ávallt vitað í upphafi hvers kjörtímabils hver muni verða skipting þingsæta í næstu kosningum til Alþingis.

Beitt er sérstakri reikniaðferð til að skipta fyrrgreindum 8 þingsætum á milli kjördæma. Komi breytingar þessar til framkvæmda má ætla að í fyrsta sinn sem reynir á ákvæði þeirra í kosningum verði skipting þingsæta miðuð við tölu kjósenda í apríl 1983. Þær kjósendatölur eru ekki tiltækar nú, en tala kjósenda í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum 1982 ætti að gefa góða vísbendingu. Miðað við tölur úr þeim kosningum yrði skipting þingsæta þessi: Reykjavík 18 þingsæti, Reykjanes 11 þingsæti, Vesturland, Vestfirðir, Norðurl. v. 5 þingsæti hvert, Norðurland e. 7 þingsæti, Austurland 5 þingsæti, Suðurland 6 þingsæti. Samtals 62 þingsæti, en auk þess er einu þingsæti úthlutað til kjördæmis að kosningum loknum.

Með hlutfallskosningum er stefnt að því að þingstyrkur þeirra sem fram bjóða sé í beinu hlutfalli við atkvæðastyrk. Samkv. þeirri aðferð, sem hér er lagt til að upp verði tekin við úthlutun þingsæta í kjördæmum, er leitast við að ná meira samræmi milli atkvæðafylgis og þingstyrks, en jafnframt er spornað nokkuð gegn því með sérákvæðum um lágmarksfylgi að fá atkv. dugi til að listi fái þingsæti.

Fyrsta þrep aðferðarinnar felur í sér, að reiknaður er þingsætahlutur hvers framboðs, þ. e. sú tala þingsæta sem hverju framboði ber miðað við hlutfallslegt fylgi. Sá listi sem hefur 40% fylgi í 5 manna kjördæmi á þá þingsætahlut sem nemur 40% af 5 eða þingsætahlutinn 2 000, en það framboð sem hefur 25% hefur þingsætahlutinn 25% af 5, sem er 1 250. Samkv. meginreglu er þingsæti fyrst úthlutað á grundvelli stærsta þingsætahlutar. Síðan er lækkað um 1. Næst fer sæti til þess lista sem nú á stærsta þingsætahlut o. s. frv.

Til þess að stuðla að jöfnuði milli flokka er vikið frá þessari reglu að því er varðar úthlutun síðasta þingsætis í fimm, sex og sjö manna kjördæmum og tveggja til fjögurra síðustu þingsæta í fjölmennustu kjördæmunum. Er úthlutun þeirra háð því skilyrði, að atkvæðastyrkur á landinu í heild réttlæti að framboðið hljóti þingsætið. Jafnframt eru sett lágmarksskilyrði um atkvæðastyrk til þess að til úthlutunar þingsætis komi í þessum áfanga. Nánar tiltekið eru reglurnar þær, að a. m. k. ¾ *þingsæta í hverju kjördæmi eru óháðir* jöfnunarákvæðum. Þetta jafngildir 14 þingsætum af 18 í Reykjavíkurkjördæmi, 9 af 11 í Reykjaneskjördæmi, en einungis eitt þingsæti yrði háð jöfnunarákvæðum í kjördæmum þar sem þm. eru 7 eða færri.

Varðandi þau þingsæti sem óháð eru jöfnunarákvæðum er jafnframt sett það skilyrði að þingsætahlutur sé ekki lægri en 0.8 eða framboðið, sem um er að ræða, hafi fengið a. m. k. 5% atkv. á landsvísu. Ennfremur þarf listi að hafa hlotið 7% gildra atkv. í kjördæmi sínu til að koma til álita.

Eins og áður greinir er ákveðið fyrir kosningar í hvaða kjördæmum jöfnunarsætin, að einu undanskildu, komi til úthlutunar. En þeim er ætlað að tryggja samræmi milli þingstyrks og atkvæðafylgis. Viðfangsefnið er þá annars vegar að ákveða hve mörg jöfnunarsæti hverjum stjórnmálasamtökum ber og hins vegar úr hvaða kjördæmum hverri framboð skuli hljóta jöfnunarsæti.

Við úthlutun jöfnunarsæta er það skilyrði sett, að stjórnmálasamtök hafi hlotið 5% gildra atkv. samanlagt af landinu öllu. Sé fylgið minna koma stjórnmálasamtökin ekki til álita við úthlutun jöfnunarsæta, en sé það meira skulu þau eiga rétt á jöfnunarsætum hvort sem þau hafa einhvers staðar hlotið þingsæti í kjördæmi, án tillits til jöfnunarákvæða eða ekki. Er þetta *eitt nýmæla*.

Ætlunin er að þegar við framboð gefi meðmælendur lista til kynna til hvaða stjórnmálasamtaka listann skuli telja. Skiptir þetta máli við úthlutun jöfnunarsætanna. Rétt er að veita því athygli, að hér er notað hugtakið „stjórnmálasamtök“, en ekki stjórnmálaflokkur. Ekki er ætlunin að setja neinar hömlur gegn því að tveir eða fleiri framboðslistar geti talið sig saman í stjórnmálasamtökum. Á hinn bóginn á landskjörstjórn að greiða úr hugsanlegum ágreiningi fyrir kosningar.

Til þess að ákveða hve mörg jöfnunarsæti hver stjórnmálasamtök skuli fá er beitt sömu aðferð og nú er í gildi um skiptingu uppbótarsæta. Er aðferðin fólgin í því að deila atkvæðatölum hverra stjórnmálasamtaka með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv., fella niður hæstu útkomutölur, jafnmargar og nemur heildartölu þeirra þingsæta sem framboðið hefur þegar hlotið, en úthluta síðan jöfnunarsætunum á hæstu útkomutölur. Kemur þá í ljós hve mörg jöfnunarsæti hver stjórnmálasamtök fá með sama hætti og nú tíðkast.

Liggur næst fyrir að ákveða úr hvaða kjördæmum stjórnmálasamtökin, hver um sig, skuli hljóta jöfnunarsæti. Við þá ákvörðun eru lagðir til grundvallar þingsætahlutir hvers framboðs í hverju kjördæmi að lokinni úthlutun þeirra sæta sem óháð eru jöfnunarákvæðum og lýst hefur verið.

Þessi úthlutun fer fram í fjórum áföngum. Í hverjum áfanga koma einungis til álita þeir listar sem enn hafa ekki hlotið rétta tölu þingsæta samkv. fyrrgreindri skiptingu jöfnunarsæta milli stjórnmálasamtaka. Að lokinni úthlutun hvers þingsætis er þingsætahlutur þess lista sem sætið hlaut lækkaður um 1 sem fyrr.

Í 1. áfanga koma til álita þeir listar og þau kjördæmi þar sem þingsætahlutir eru 0.8 eða hærri. Er þingsætum úthlutað á alla slíka þingsætahluti, uns stjórnmálasamtök hafa hlotið nægilega mörg jöfnunarsæti. Fyrsta sætinu er úthlutað á stærsta hlut, öðru sætinu á næststærsta og þannig koll af kolli. Með því að þingsætahlutir eru bundnir kjördæmum ræðst jafnóðum í hvaða kjördæmi er verið að úthluta jöfnunarsæti. Þingsæti í þessum áfanga koma einkum í hlut tveggja fjölmenn-

ustu kjördæmanna, Reykjavíkur og Reykjaness. Er talið sanngjarnt og eðlilegt að svo sé, enda má benda á að minnsti þingsætahlutur í þessum áfanga, 0.8, samsvarar um 2150 atkv. í Reykjavík, miðað við kjósendatölur frá 1979. Í hinum fámennari kjördæmum hefur þegar verið úthlutað sætum á þingsætahlut, sem er 0.8 hið minnsta, áður en kemur til úthlutunar jöfnunarsæta. Tilraunaúthlutanir sýna að oft er fjórða sæti í fimm manna kjördæmum úthlutað á grundvelli þingsætahlutar í grennd við 0.7, sem svarar um 750—1100 atkv. í þessum kjördæmum.

Þegar komið er að úthlutun jöfnunarsæta samkv. 2. áfanga, skortir að jafnaði 1 þingsæti á fulla þingsætatölu í öllum kjördæmum nema í Reykjavík, þar sem enn skortir um 2—3 sæti á rétta tölu. Með ráðstöfun jöfnunarsæta er ekki ætlunin að víkja frá eðlilegri úthlutun í fámennustu kjördæmunum, nema brýna nauðsyn beri til. Í samræmi við það fer úthlutun í þessum áfanga þannig fram, að byrjað er að úthluta í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru á kjörskrá. Því næst er tekið fyrir kjördæmi með næstfæsta kjósendur og þannig koll af kolli. Við útlutunina koma til álita þau stjórnmálasamtök sem hafa ekki enn hlotið tilskilda tölu þingsæta og þeir listar sem hlotið hafa a. m. k. 7% atkv. í sínu kjördæmi. Einu jöfnunarsæti er ráðstafað til hvers þeirra kjördæma sem hafa ekki hlotið fulla þingsætatölu.

Skorti enn á tilskilda þingsætatölu í einnverju kjördæmi fer fram 3. áfangi úthlutunar. Í honum er þingsætum úthlutað þar sem þingsætahlutir eru nú stærstir og síðan gengið á röð lækkandi þingsætahluta. En eins og áður er einungis úthlutað til þeirra stjórnmálasamtaka sem hafa ekki enn hlotið öll jöfnunarsæti sín. Úthlutun í þessum áfanga verður nær einungis í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum.

Í 4. áfanga er úthlutað síðasta þingsætinu og þá til þeirra stjórnmálasamtaka sem enn skortir þingsæti. Er því úthlutað til þess lista þessara stjórnmálasamtaka sem nú hefur stærstan þingsætahlut. Þar með er lokið úthlutun jöfnunarsætanna og jafnframt úthlutun allra þingsæta.

Sá fyrirvari er gerður varðandi þessar reglur um úthlutun jöfnunarsæta, að sjálfsagt er að taka til greina brtt. komi fram betri hugmyndir að allra dómi.

Varðandi aðrar breytingar á kosningalögunum er hér lagt til að framboðsfrestur verði styttur um eina viku. Er sú breyting í samræmi við þann þátt sem ýmis nálæg ríki hafa á um framboðsfrest. Þykir m. a. ástæða til að stytta frestinn svo að unnt sé að ákveða kosningar með skemmri fyrirvara en nú er. Samgöngum og fjölmiðlum er nú svo háttað að þetta ætti að vera kleift og ætti ekki að koma í veg fyrir að kjósendur geti kynnt sér framboðin og neytt atkvæðisréttar síns. Þessi breyting, ásamt því fyrirkomulagi frv. að landskjörstjórn tekur fyrir kosningar ákvarðanir um landsframboð, leiðir til þess að ýmsir aðrir frestir í lögunum styttast einnig. Vegna þeirra styttingar sem er gerð á framboðsfresti er nauðsynlegt að stytta kosningatíma utan kjörfundar. Bættar samgöngur valda því að hagsmunum kjósenda þykir ekki hætta búin af þessum sökum.

Í fskj. II eru birt drög að frv. til l. um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Í lögum um sveitarstjórnarkosningar er nú vísað til laga um kosningar til Alþingis um það, hvernig listar fái menn kjörna þegar um hlutfallskosningar er að ræða. Nái frv. til l. um breytingu á síðarnefndu lögunum fram að ganga á þessi tilvísun ekki lengur við. Því er lagt fram frv. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Samkv. því yrði engin efnisbreyting á núverandi kosningafyrirkomulagi nema sú, að áhrif kjósenda á röð frambjóðenda yrðu aukin. Lagt er til að tekin verði upp sama skipan um röðun frambjóðenda á lista og lögð er til í 29. gr. frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis.

Sú regla sem gildir um úthlutun þingsæta í kjördæmum samkv. drögum að frv. að kosningalögum til Alþingis á ekki við um sveitarstjórnarkosningar. Í alþingiskosningum er tekið tillit til úrslita á landsvísu gagnstætt því að sveitarstjórnir eru sjálfstæðar einingar.

Ástæðan til þess að meðaltalsregla er tekin upp í alþingiskosningum í kjördæmaúthlutun er bæði sú að með henni fæst á landsvísu meiri jöfnuður milli fylgis flokka og þingstyrks þeirra og meðaltalsreglan nýtur sín betur þar sem kjósa á færri menn, eins og er í 5—6 manna kjördæmum gagnstætt 9—15 manna sveitarstjórnum. Þannig verður bæði að víkja frá reglu d'Hondts við úthlutun í kjördæmum og láta hluta sæta hvers kjördæmis vera háðan jöfnunarákvæðum til að tryggja jöfnuð á milli flokka á landsvísu í alþingiskosningum.

Ljóst er að sé ekki hreyft við núverandi 49 kjördæmasætum og þeim úthlutað samkv. reglu d'Hondts þarf a. m. k. 18 uppbótarsæti eða 67 þingsæti alls til að ná ámóta jöfnuði milli flokka og er í frv.

Þá er og mikilvægt að þingsæti utan Suðvesturlands, Reykjavíkur og Reykjaness séu nýtt til jöfnunar á milli flokka, ella fengi flokkur, sem sækir fylgi sitt hlutfallslega mikið í strjálbýli, ekki eðlilegan skerf þm. á Suðvesturlandi, en flokkur eða flokkar, sem hafa jafndreift fylgi um allt land, fengju óeðlilega marga þm. á Suðvesturlandi.

Herra forseti. Rétt er að víkja nokkru nánar að misvægi atkvæða eftir búsetu. Ég hlýt að ítreka þá persónulegu skoðun mína að fylgja beri þeirri reglu, sem svo hefur verið orðuð: einn maður — eitt atkvæði, þótt ég viti að meðal flm. frv. og þm. míns flokks og annarra flokka séu um það skiptar skoðanir. Við hljótum að gera okkur grein fyrir að jafn kosningarréttur hefur þó aldrei verið til staðar hér á landi, en mikilvægt er að nálgast það markmið. Það er verulegur áfangi fyrir Suðvesturland að fá 29—30 þm. á móts við 33—34 þm. landsbyggðarinnar í stað þess að hafa 22 þm. á móti 38. Hér er þó ekki rétt að halda því fram, að menn taki afstöðu til mála samkv. þessari skiptingu á Alþingi. Mismunandi stjórnmálaskoðanir, svo sem mismunandi afstaða til minni eða meiri skattlagningar og afskipta ríkisvaldsins af málefnum borgaranna, eru þar þyngri á metunum.

Ég skil sjónarmið strjálbýlisfólks varðandi vægi atkv., þótt ég fallist ekki á þau. Eins og stendur höfum við Íslendingar þó ekki efni á því að efna til stórstyrjaldar milli strjálbýlis og þéttbýlis, þegar efnahagsvandamál okkar eru nú alvarlegri en verið hefur um áratuga skeið, svo að ekki sé meira sagt. Við þurfum tíma til að leiða strjálbýlisfólki fyrir sjónir, að hagsmunum þeirra er ekki hætta búin með jöfnun kosningarréttar, einkum ef vegur sveitarstjórna og tekjustofnar eru aukin og valdið flutt heim í héruðin til einstaklinga, heimila, fyrirtækja og stofnana þar.

Sú leið að gera landið allt að einu kjördæmi er ekki leið valddreifingar, heldur miðstýringar og aukins flokksforræðis. Vissulega hefði verið æskilegt að kanna betur möguleika á því að koma á einmenningskjördæmum, en hljómgrunnur hefur ekki reynst fyrir því. Þá er og vissulega íhugunarefni, hvort unnt væri að jafna stærð kjördæma eftir fólksfjölda með hlutfallskosningum, en hvort tveggja hefur komið fram, að þá yrðu kjördæmin sum svo stór yfirferðar að erfitt væri fyrir þm. að sinna þeim sem skyldi og rofnar væru um leið þær einingar, sem núverandi kjördæmi eru þrátt fyrir allt, en þau hafa fest sig í sessi á þriðja tug ára.

Við heyrum stundum að við Íslendingar séum ekki fjölmennari en eitt kjördæmi í útlöndum og víst kann það að vera satt, en við skulum hafa það í huga að við höldum hér uppi sjálfstæðu ríki og fjölbreytni þess og vandamál eru sambærileg við önnur þjóðríki mun fjölmennari en okkar. Vandamál okkar eru því fjölbreyttari en hvert og eitt kjördæmi í útlöndum hefur við að glíma. Þjóðkjörnir fulltrúar hér á landi verða að endurspegla og skilja þá fjölbreytni og ráða við þau viðfangsefni sem til úrlausnar eru á hverjum tíma á hverjum stað. Ég hygg að þetta sé ástæðan fyrir því að samstaða er ekki um það að fækka þm. í fjórum fámennustu kjördæmunum meira en þessar tillögur gera ráð fyrir.

Fjögur fámennustu kjördæmin hafa haft nær 6 þm. hvert að meðaltali frá 1959, en munu nú oftast fá 5 þm. hvert. Því er um nokkra fórn að ræða af þeirra hálfu. Sé hins vegar nauðsynlegt að viðurkenna 5 þm. hið fæsta í Vesturlandskjördæmi, Vestfjörðum, Norðvesturlandi og Austurlandi er samræmis vegna, miðað við kjósendafjölda, eðlilegt að 6 komi frá Suðurlandi og 7 frá Norðurl. e. Auðvitað mætti hér halda áfram og segja eðlilega fjölgun umfram það sem ráðgert er á Suðvesturlandi, en hvort tveggja er að menn vilja halda heildartölu þm. í skefjum og standa að málamiðlun sem felur í sér að fullur jöfnuður atkv. er enn ekki viðurkenndur í raun þótt mikilvægum áfanga sé náð í þeim efnum.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, vekja athygli á því sem í grg. frv. stendur:

Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frv. þessu, sem sérprentað fskj. „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna efnalega og félagslega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.

Herra forseti. Ástæða er svo til að þakka öllum sem unnið hafa að úrvinnslu gagna, greinargerðar og upplýsinga sem stuðlað hafa að lausn þessa máls. Þar hafa fleiri komið að máli en unnt er að nefna, en ég veit að ég mæli fyrir hönd okkar flm. þegar ég þakka Þorkatli Helgasyni dósent sérstaklega ósérhlífni og ómetanlegt framlag til lausnar þessu vandasama og viðkvæma máli.

Í upphafi máls míns gat ég þess, að oft hefðu verið gerðar breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipun á þessari öld, en lengst þó liðið frá síðustu breytingu. Þessar breytingar hafa hingað til átt sér stað að undangengnum harðvítugum deilum manna og flokka á milli. Nú hefur hins vegar náðst víðtæk samstaða milli fjögurra þingflokka og vænti ég þess að sú samstaða lofi góðu um þjóðareiningu í þessu máli, sem geti verið forsenda fyrir lausn annarra vandamála sem við blasa, svo alvarleg sem þau eru.

Herra forseti. Ég geri það að till. minni að kosin verði sérstök sjö manna nefnd til að fjalla um þetta frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands samkv. heimild í þingsköpum og frv. verði síðan vísað til hennar og 2. umr. Ég vænti þess að samsvarandi till. um nefndarskipun verði flutt og samþ. í hv. Ed. og nefndir beggja deilda vinni sameiginlega að málinu svo að það fái skjóta og góða afgreiðslu á Alþingi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eftir ítarlega ræðu hv. 1. flm. sé ég ekki ástæðu til að fjalla svo mjög um hin ýmsu ákvæði þessa frv. til stjórnarskipunarlaga eða þess máls, sem að sjálfsögðu verður að fjalla um og liggur að baki, þ. e. breytinga á kosningalögum. Hann hefur lýst því hér mjög vandlega og hef ég litlu við það að bæta. Ég tel hins vegar rétt að fara nokkrum orðum um þau atriði sem við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á í þessu sambandi.

Ég vek athygli á því, eins og kom fram í ræðu hv. 1. flm., að krafa hefur verið mjög vaxandi um aukið vægi atkv. á milli þéttbýlis og dreifbýlis — krafa sem hefur aukist mjög hin síðustu árin. Í því sambandi hefur miðstjórn og flokksþing Framsfl. fjallað um breytingu á kosningalögum og vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa samþykktir miðstjórnar 1980 og 1981 og síðan samþykkt flokksþings. Samþykkt miðstjórnar 1980 hljóðar þannig:

„Framsfl. telur tímabært að breyta kosningalögum og kjördæmaskipan með tilliti til þeirrar byggðaröskunar, sem orðið hefur frá setningu laganna fyrir rúmum 20 árum. Hins vegar telur flokkurinn, að ný kjördæmaskipan, endurskoðun á stjórnsýslukerfinu og starfsháttum Alþingis sé svo nátengt mál að þau þurfi að leysa öll í senn, þar sem gætt verði eðlilegra áhrifa hvers einstaklings sem og áhrifa hverrar byggðar og hverrar stjórnsýslueiningar á stjórnmálaákvarðanir. Stefnt verði að því að ljúka þeirri endurskoðun á kjörtímabilinu.“

Samþykkt miðstjórnar 1981 er svohljóðandi:

„Miðstjórn Framsfl. felur þingflokki og framkvæmdastjórn að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í því sambandi leggur miðstjórnin áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Miðstjórnin telur fjölgun kjördæma koma til greina, en þó verði í aðalatriðum haldið sömu kjördæmaskipan og verið hefur síðan 1959.

2. Vægi atkvæða verði leiðrétt með hliðsjón af því hlutfalli sem var þegar núverandi kjördæmaskipan var ákveðin. Þetta verði gert með fjölgun kjördæmakjör-

inna þm. og breyttum reglum um úthlutun uppbótarþingsæta. Fjölgun þingmanna verði þó takmörkuð eins og frekast er unnt.

3. Kjördæmakjörnum þm. verði ekki fækkað í neinu kjördæmi miðað við núverandi kjördæmaskipan.

4. Kosningar verði gerðar persónubundnari en nú er.

5. Kosningarréttur miðist við 18 ára aldur."

Á flokksþingi Framsfl., sem haldið var í Reykjavík 13.—18. nóv. s. l., var einnig gerð svohljóðandi samþykkt, með leyfi forseta:

„18. flokksþing framsóknarmanna, haldið í Reykjavík 13.—18. nóv. 1982, felur þingflokki að vinna að því, að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar ljúki sem allra fyrst. Þingið telur að almenn þjóðmálaumræða þurfi að eiga sér stað um nál. og að efna beri til sérstaks stjórnlagaþings, sem leitast við að ná þjóðarsáttum um stjórnskipan landsins. Þingið varar við stjórnarskrárbreytingum um kjördæmamálið eitt, en vekur athygli á þeim breytingum sem hægt er að gera innan kosningalaganna. Í viðræðum um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag verði lagt til grundvallar:

1. Vægi atkvæða verði sem næst því sem var fyrst eftir að núverandi kjördæmaskipan var komið á. Þetta verði fremur gert með breyttum reglum um úthlutun uppbótarþingsæta en fjölgun þm.

2. Kjördæmakjörnum þm. verði ekki fækkað í neinu kjördæmi miðað við það sem nú er.

3. Kosningarréttur miðist við 18 ára aldur.

4. Kosning þm. verði persónubundnari en nú er."

Eins og fram kemur af því sem ég hef nú rakið hafa miðstjórn og flokksþing Framsfl. lagt mikla áherslu á að stjórnarskráin verði endurskoðuð í heild sinni og reynt að vara við því að einstakir þættir, sem eingöngu varða kosningalögin, verði teknir út úr. Þetta sjónarmið hef ég að sjálfsögðu flutt á þeim fundum formanna stjórnmálaflokkanna sem vísað hefur verið til og leiddu til flutnings þess frv. til stjórnarskipunarlaga sem við fjöllum nú um.

Því miður reyndist ekki svigrúm til að ljúka samþykkt á endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild sinni og varð því niðurstaðan sú að draga þá þætti út úr sem varða kosningalögin. Hins vegar hefur stjórnarskrárnefnd þegar sent frá sér álit um breytingu stjórnarskrárinnar í heild og hefur því verið dreift á hinu háa Alþingi og kemur væntanlega, eins og reyndar kemur fram í grg. með þessu frv., til athugunar í sambandi við meðferð þessa máls. Ég tel því, að þessu ákvæði sé að hluta mætt með þeirri kynningu sem heildarbreyting á stjórnarskránni fær. Þó vil ég endurtaka að við hefðum fremur kosið, ef unnt hefði verið, að taka stjórnarskrána í heild til endurskoðunar, og vek athygli á því, að í stjórnarskránni eru fjölmörg önnur atriði sem varða rétt íbúa þéttbýlis og dreifbýlis og hollt hefði verið að skoða samfara því sem hér er tekið til umr.

Framsfl. ákvað hins vegar að taka virkan þátt í þeirri endurskoðun á kosningalögum og stjórnarskrárákvæðum sem nauðsynlegt er að breyta í því sambandi. Hann hefur tekið þátt í störfum stjórnarskrárnefndar og nú um alllangan tíma virkan þátt í störfum formanna stjórnmálaflokkanna.

Á miðstjórnarfundi Framsfl. 13. 2. 1983 var málið tekið til ítarlegrar meðferðar eins og það lá þá fyrir og gerð var eftirgreind samþykkt:

„Miðstjórn Framsfl. veitir þingflokki og framkvæmdastjórn umboð til þess að vinna áfram að samkomulagi um breytingar á stjórnarskrá og kosningalögum með áherslu á eftirtalin atriði:

1. Vægi atkv. milli þéttbýlis og dreifbýlis verði svipað og 1959.

2. Fjölgun þm. verði sem minnst.

3. Kjördæmiskjörnir þm. verði sem flestir, t. d. 53 af 63.

4. Þm. verði hvergi fækkað.

5. Jöfnunarsætum í þéttbýli verði ráðstafað fyrst, t. d. 3 í Reykjavík, 2 í Reykjanesi og 1 í Norðurl. e.

6. Síðasta sætið í öðrum kjördæmum geti komið til greina til jöfnunar.

Auk þess leggja fulltrúar flokksins í viðræðum um kjördæmamálin áherslu á eftirtalin atriði:

1. Stefnt verði að því að kjósendur allra flokka í hverju kjördæmi hafi sem jafnastan atkvæðisrétt og möguleika á því að koma manni á þing."

Ég vil þá fara nokkrum orðum um þessi atriði og athuga hvernig tekist hefur í framkvæmd samkv. þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Í fyrsta lagi hefur Framsfl. hvað eftir annað ítrekað að færa beri vægi atkv. á milli þéttbýlis og dreifbýlis í svipað hlutfall og það var eftir breytinguna 1959. 1959 var fjöldi atkv. bak við þm. í Reykjavík borið saman við fjölda atkv. í fámennasta kjördæminu, sem var þá Norðurl. v., 3.22 sinnum fleiri atkv. í Reykjavík en í Norðurl. v. Vægi m. ö. o. 1:3.22. 1979 var þetta misvægi orðið 1:3.67 og fámennasta kjördæmið þá Vestfjarðakjördæmi. Með þeirri breytingu sem lögð er til í drögum að kosningalögum er gert ráð fyrir að þetta hlutfall á milli fámennasta kjördæmis og Reykjavíkur verði 1:2.56. Vægi atkvæða í Reykjavík er því aukið nokkuð umfram það sem það var 1959.

Árið 1959 var hlutfall þetta 1 í fámennasta kjördæminu á móti 1.83 í Reykjaneskjördæmi, en var 1979 aftur á móti orðið 1:4.11. Með þeirri breytingu, sem lögð er til, hefði hlutfall atkv. árið 1979 orðið 1:2.18. Því má segja að þessi breyting nái því ekki fullkomlega að leiðrétta vægi atkvæða í Reykjaneskjördæmi í það sem var 1979. Þó má halda því fram að það sé rökrétt þar sem fjölgað hefur verulega í Reykjaneskjördæmi, og í þeim tillögum sem lagðar eru fram í drögum að kosningalögum er gert ráð fyrir að vægi atkv. fari allmjög eftir fjölda kjósenda í hverju kjördæmi.

Í Norðurl. e. var hlutfall atkv. 1959 1:1.65, var 1979 1:2.18, en verður samkv. þessum reglum 1:1.7—1.8.

Ég tel því fyrir mitt leyti að náðst hafi mjög viðunandi hlutfall á milli dreifbýlis og þéttbýlis og ég legg ekki síður áherslu á að í drögunum er gert ráð fyrir ákveðinni leiðréttingu, ef um umtalsverða röskun á milli kjördæma verður að ræða.

Í frv. er ákveðin deilitala, sem er þannig fundin að svipað hlutfall á að geta haldist. Það er einlæg von mín að með þessu og með því loforði sem felst í þeirri deilitölu um leiðréttingu sætti íbúar dreifbýlis og þéttbýlis sig við þá ákvörðun sem lagt er til að tekin verði um vægi atkvæða á milli dreifbýlis og þéttbýlis og geti þá orðið um það friður í lengri tíma.

Við framsóknarmenn höfum lagt á það áherslu að fjölgun þm. verði sem minnst. Því tel ég fullnægt með 63 þm. Að vísu má færa rök að því að engin fjölgun þm. hafi reyndar verið nauðsynleg með þeim aðferðum sem beita á, svokallaðri meðaltalsaðferð og úthlutun jöfn-

unarsæta, en ég hygg þó að fjölgun þm. um þrjá sé svo lítil að alls ekki verði að því fundið og við sættum okkur við það.

Við höfum lagt áherslu á að kjördæmakjörnir þm. verði sem flestir, og reyndar er í okkar samþykktum að finna ákvæði sem gerir ráð fyrir að kjördæmakjörnum þm. verði hvergi fækkað. Um þetta má nokkuð deila. *Eins og fram kemur í drögum að kosningalögum og* fram kom í ræðu 1. flm. er gert ráð fyrir að einn maður af fimm í minnstu kjördæmunum geti orðið til jöfnunar. Hins vegar er sú regla ákveðin að eingöngu er gripið til þeirrar jöfnunar ef ekki hafi náðst fullt jafnvægi með forjöfnun í stóru kjördæmunum. Og staðreyndin er sú, þegar litið er á úrslit síðustu kosninga, að það er eingöngu í undantekningartilfellum, að 5. maður kjördæmis fellur ekki til þess flokks sem hefði fengið þann mann samkv. hreinu kjördæmiskjöri. Ég vil því leyfa mér að halda því fram, að þarna sé fremur um undantekningu að ræða en reglu.

Ýmsir hafa nokkuð deilt á þann mikla jöfnuð á milli flokka sem áhersla er lögð á í þessu frv. og aðrir flokkar hafa fyrst og fremst lagt mikla áherslu á. Færa má rök að því, að þegar visst misvægi, ef má kalla það svo, er samþykkt á *milli* dreifbýlis og þéttbýlis, sem byggist þó á mati á allt annarri aðstöðu kjósenda og íbúa þéttbýlisins en dreifbýlis, þá sé það ekki rökrétt að sá flokkur, sem mest fylgi hefur í dreifbýli, megi ekki hafa eitthvað færri atkv. á bak við sína þm. Ég hef margsinnis rætt þetta á okkar fundum, en um það sjónarmið hefur ekki náðst samstaða. Ég vil leggja á það ríka áherslu, að út af fyrir sig sækist Framsfl. alls ekki eftir því að hafa færri atkv. á bak *við sína þm., en við teljum engu að síður*, að sú almenna ábending, sem fólst í mínum orðum áðan, hefði getað átt við. Með þessu frv. er raunar gert ráð fyrir fullkomnum jöfnuði á milli flokka og verður þá ekki *lengur um slíkt deilt*.

Við framsóknarmenn höfum lagt á það áherslu, að sem flestir væru kjördæmakjörnir. Við teljum að slíkt kjördæmiskjör sé að ýmsu leyti æskilegast og tengi þm. *og kjósendur betur persónulegum böndum en jöfnunarsæti* og uppbótarsæti, sem oft er ýmsum efasemdum háð eða a. m. k. ekki rakið eins beint til kjósenda viðkomandi kjördæmis og kjördæmiskjör. Við höfum því lagt áherslu á að kjördæmiskjörnir þm. verði sem flestir. Ég tel að með ákvæðum í þessu frv. sé því mætt. Að vísu eru ákvæðin þess eðlis, að fjöldi kjördæmiskjörinna þm. er breytilegur eftir þörf á jöfnun á milli flokka, eins og fram kom í ræðu hv. 1. flm. og er ítarlega rakið í grg. með frv. En í flestum tilfellum mun nægja að jöfnunarsætin séu 10—11 eða svipuð að tölu og þau eru nú.

Ég vil einnig í þessu sambandi lýsa ánægju minni með það, að í þessu frv. er fastákveðin röðun 54 þingsæta á kjördæmi og því eingöngu 9 þingsæti til ráðstöfunar samkv. kosningalögum. Ég tel þetta heilbrigða skipun mála. Ég tel ekki rétt að í kosningalögum eigi að vera unnt að ráðskast þannig með þingsæti, að jafnvel geti breytt meiri hl. á Alþingi. Ég tel einnig eðlilegt, að jöfnunarsætum í þéttbýli verði ráðstafað fyrst. Við höfðum gert þá samþykkt 13.2 og um það er samkomulag. Jöfnunin verður fyrst í þéttbýliskjördæmunum og síðan í hinum minni kjördæmum dreifbýlisins.

Í því sem ég las áðan frá miðstjórnarfundi Framsfl. frá 13.2 kom fram, að stefnt skuli að því að kjósendur allra flokka í hverju kjördæmi hafi sem jafnastan atkvæðisrétt og möguleika á því að koma manni á þing. Þetta er vissulega erfitt skilyrði að uppfylla. Þarna er ekki eingöngu um að ræða jöfnun á milli flokka, heldur *jöfnun innan flokks, og eins og iðulega hefur verið sagt í* þessari vinnu reyndar eru ýmis þau markmið, sem menn hafa sett sér, illsamræmanleg. Ég tel þó, að þetta markmið hafi verið nálgast að nokkru og vil nefna dæmi *úr tölfræðilegum athugunum á kosningalagafrv.*

Segja má að samkv. meðaltali til þessa frá 1959, að vísu byggt á langtum víðtækari tölvuúttekt, sem ég mun ekki skýra hér nánar, hafi Framsfl. í Reykjavík verið með 25.2% *færri þingsæti en honum* ber samkv. atkvæðafjölda. Með þessum drögum er þetta leiðrétt í 17%: Flokkurinn verður ennþá, ef þetta er samþ., venjulega með færri þingsæti en honum ber samkv. atkvæðahlutfalli, en því veldur að sjálfsögðu fjöldi dreifbýlisþm. og nauðsyn þess að jafna atkvæði þar til náð er fullu jafnvægi á milli flokka. Í Reykjaneskjördæmi hefur flokkurinn að meðaltali verið með 36.2% *færri þingsæti en honum* ber samkv. atkvæðafjölda. Þetta er leiðrétt mjög og er samkv. þessari fræðilegu tölvuathugun samkv. nýju drögunum 17.3%. Að sjálfsögðu hlýtur þessu að fylgja nokkur tilfærsla frá *dreifbýliskjördæmum til þéttbýlisatkv.* Framsfl. Engu að síður verður flokkurinn þó mjög nálægt því sem honum ber í dreifbýli landsins með þingmannafjölda sem hlutfall af atkvæðafylgi. Ég tel því að þetta atriði, sem ég gat um áðan úr samþykkt flokksins frá 13.2., hafi mjög verið nálgast.

Hv. 1. flm. gat þess, að ekki var samkomulag um það með formönnum flokkanna að setja í stjórnarskrárbreytingu *ákvæði sem gerði ráð fyrir kosningum að nýju* svo fljótt sem þessi stjórnarskrárbreyting er samþykkt á næsta þingi. Þetta er rétt. Ég vil taka það fram, að andmæli mitt og okkar framsóknarmanna við þessari *hugmynd stafar ekki af því að við höfum út af fyrir sig* nokkuð á móti öðrum kosningum samkv. hinum nýju kosningalögum svo fljótt sem aðstæður leyfa. Við höfum hins vegar ítrekað vakið athygli á því, sem öllum *má vissulega vera ljóst, að efnahagsástand í* þessu landi er þannig, að á þeim málum verður að taka án tafar, og við gerum okkur vonir um að sterkur meiri hl. geti tekið á þeim málum strax að loknum fyrri kosningum. Ef sterkur meiri hl. skapast þá og grípur til aðgerða, sem ætla má að hafi jákvæð áhrif í efnahagsmálum og stöðvi eða dragi verulega úr þeirri verðbólgu sem verið hefur, snúi við þeirri þróun sem verið hefur í efnahagsmálum, þá teljum við ekkert því til fyrirstöðu að til nýrra kosninga megi koma, þegar slíkt er tryggt. Við teljum hins vegar að efnahagsmálin séu slíkt forgangsverkefni að alls ekki eigi nú á þessari stundu að ákveða að aðrar kosningar fari fram eins fljótt og frekast verður unnt án tillits til efnahagsmála. Þá ákvörðun verður að sjálfsögðu nýr meiri hluti að taka.

Ég vil svo að lokum lýsa ánægju minni með þá samstöðu sem hefur náðst. Það liggur mjög mikil vinna að baki þessa máls — mikil vinna af hálfu þm. og ekki síður mjög mikil vinna af hálfu þeirra embættismanna, og sérstaklega frá Reiknistofnun Háskólans, er til hafa verið kvaddir. Eg tel fyrir mitt leyti að þetta hefði verið nánast óframkvæmanlegt án þeirrar vinnu — a. m. k. ekki fengist það mat á hinum ýmsu hugmyndum, sem fengist hefur með hinum nýju aðferðum, með tölvunni sem títt er nefnd. En ég vil alveg sérstaklega fagna

þeirri samstöðu, sem náðst hefur með fjórum flokkum á þingi um málið. Ég tel það mikilvægt og ég vona að það geti orðið til þess að sæmilegur friður fáist um þá breytingu sem hér er lögð til. Reyndar vil ég að lokum lýsa því, að gjarnan hefði svo breið samstaða mátt nást um hin mikilvægu efnahagsmál, og værum við þá að öllum líkindum ekki í þeirri erfiðu stöðu þar sem við erum nú.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram að í 15. gr. þingskapa, 8. mgr., er heimild til þess að hvor deild um sig kjósi lausanefndir til að íhuga einstök mál. Þessi heimild verður nú notuð með vísun til tillögu sem flutt hefur verið um slíka málsmeðferð. Vísa ég því til þingflokka að tilnefna menn í sjö manna lausanefnd til þess að hafa með þetta mál að gera sérstaklega, en nefndin yrði væntanlega kosin í lok þessarar umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur þegar í ítarlegu máli gert grein fyrir tæknilegum atriðum, reikningslegum forsendum og breytingum sem frv. það hefur í för með sér sem hér liggur fyrir til umr. Með svipuðum hætti og hér hefur verið gert af hv. síðasta ræðumanni, þar sem hann gerði grein fyrir afstöðu síns flokks, mun ég því einkum takmarka mig við það að gera hér grein fyrir afstöðu míns flokks, Alþb. til þess frv. sem hér liggur fyrir.

Það eru liðin mörg ár og áratugir síðan barátta hófst fyrir því að tekin yrðu upp stór kjördæmi og hlutfallskosningar hér á landi. Það komu strax fram tillögur um það í stjórnarskrárnefnd, sem starfaði á árunum 1942 og 1943, en í þeirri nefnd gerði fulltrúi Sósíalistaflokksins, Einar Olgeirsson, tillögu um að landinu yrði skipt í stærri kjördæmi. Með bókun í stjórnarskrárnefnd Nd., dags. 8. maí 1942, var komist svo að orði:

„Einar Olgeirsson lýsir því sem áliti sínu, að heppilegust mundi sú breyting á kjördæmaskipuninni, að landið yrði nokkur stór kjördæmi, t. d. sex. Yrði þorri þm., t. d. 38 eins og nú er, kosinn í þeim með hlutfallskosningum og væri tala þm. í hverju kjördæmi í hlutfalli við kjósendatölu þess, en 11 uppbótarsæti yrðu auk þess, svo sem nú er. Slík skipun mundi í senn tryggja jafnrétti allra kjósenda og draga stórum úr skaðlegri hreppapólitík, en virða þó áhrifavald hinna einstöku landshluta og hindra ofræði flokksstofnana. En þar sem ekki er kostur á því að fá breytingu sem þessa samþykkta nú á þessu þingi telur hann þýðingarlaust að bera fram brtt. þessa efnis og fellst því á frv. með þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um."

Þá var gerð breyting á kjördæmaskipun landsins eins og kunnugt er. Um það urðu umr. og um það urðu deilur og þar skildi Framsfl. sig frá öðrum flokkum þingsins.

Næsta breyting á stjórnarskránni og kjördæmaskipuninni var gerð árið 1959. Á þeim tíma sat hér minnihlutastjórn Alþfl. með stuðningi Sjálfstfl. og stjórnaraðilar gerðu um það samkomulag við annan stjórnarandstöðuflokkinn, Alþb., að þá yrði um að ræða breytingu á kjördæmaskipuninni. Það var miðvikudaginn 1. apríl 1959, að Alþb. bárust skriflegar tillögur stjórnarflokkanna um þá lausn á kjördæmamálinu sem þeir töldu sig geta staðið sameiginlega að. Í tillögum Alþfl. og Sjálfstfl. var gert ráð fyrir því að þm. yrði 63, þar af 11 landsk. þm. til jöfnunar milli flokka. Fimm dögum síðar svaraði Alþb. þessum tillögum stjórnarflokkanna með gagntilboði. Í tilboði Alþb. var lagt til að þm. yrðu 60, þar af 11 uppbótarþingsæti. Til þess að tryggja örugga afgreiðslu málsins bauðst þingflokkur Alþb. þá til þess að standa gegn öllum brtt., sem fram kynnu að koma við efnishlið málsins, enda gerðu allir þm. stjórnarflokkanna þá einnig hið sama. Þessu tilboði svöruðu stjórnarflokkarnir, Alþfl. og Sjálfstfl., með nýju tilboði um að þingsæti yrðu 65, þar af 11 uppbótarsæti, þar sem þeir töldu ekki mögulegt að ná samstöðu nægilega margra þm. um töluna 63 eða 60. Slík skipan málsins hefði ekki tryggt aukið réttlæti milli þingflokkanna, sem var þó tilgangur þessara umr. á sínum tíma eins og nú, og niðurstaðan varð sú, að Alþfl. og Sjálfstfl. féllust á þá till. sem fram kom í bréfi Alþb. frá 6. apríl 1959 um 60 þm. og 11 uppbótarþm.

Síðan þetta gerðist og breytingarnar voru samþykktar á Alþingi 1959 hefur átt sér stað mjög veruleg breyting í landinu. Fólksfjölgun hefur orðið mikil hér á þéttbýlissvæðinu, einkum í Reykjaneskjördæmi, og svo hefur farið að íbúar Reykjaneskjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis hafa gert kröfur um lagfæringar á þessum efnum, þ. e. kosningarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Alþb. fjallaði um þessi mál á flokksráðsfundi 20.—22. nóv. 1981 og gerði samþykkt, sem var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksráðsfundurinn beinir því til þingflokks Alþb., að hann beiti sér fyrir lausn á kjördæmamálinu, sem feli m. a. í sér eftirfarandi:

1. Tryggt verði að flokkar fái jafnan þingstyrk í fullu samræmi við atkvæðafjölda.

2. Kosningarréttur verði jafnaður eftir búsetu, þannig að náist a. m. k. sama hlutfall milli kjördæma og gilti eftir kjördæmabreytinguna árið 1959. Til að ná þessum markmiðum bendir fundurinn á eftirfarandi:

Óhjákvæmilegt er að fjölga kjördæmakosnum þm. í þeim kjördæmum þar sem kjósendafjölgun hefur orðið mest, þ. e. í Reykjavík og á Reykjanesi. Slík fjölgun má þó ekki verða á kostnað annarra kjördæma. Það þýðir að ekki verður komist hjá einhverri fjölgun þm. í heild."

Í framhaldi af þessari samþykkt Alþb. 22. nóv. 1981 hófust viðræður á milli forustumanna flokkanna um breytingu á kjördæmaskipun og kosningarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og um þau mál var sérstaklega fjallað á flokksráðsfundi Alþb. 1982. Þar var komist svo að orði í samþykkt flokksráðsfundarins:

„Flokksráð Alþb. ítrekar samþykkt, sem gerð var 1981 um breytingar á kjördæmaskipuninni, og fagnar þeim árangri sem þegar hefur náðst í viðræðum við aðra flokka. Flokksráð felur formanni flokksins og þingflokknum að vinna að því að á næstu vikum fáist niðurstaða í málinu sem tryggi að jöfnuður milli flokka og leiðrétting á misvægi atkvæða milli kjördæma verði megineinkenni breytinganna. Til að ná slíkum árangri verði kannað að taka upp réttlátari útreikningsreglur við hlutfallskosningar. Flokksráð Alþb. hvetur eindregið til þeirra breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins sem færa hana til nútímalegs horfs og höfða til aukinna mann- og lýðréttinda."

Á grundvelli þessara samþykkta Alþb., sem ég hef hér gert grein fyrir, höfum við unnið að því að reyna að ná samkomulagi sem allra víðtækustu hér í þinginu um

þetta mál. Niðurstaðan liggur nú fyrir í því frv. sem er hér til umr. Fyrirkomulagið frá 1959, þ. e. kjördæmafyrirkomulagið sem slíkt, hefur reynst vel í ýmsum atriðum. M. a. er kjördæmaskipunin sjálf þannig að menn treysta sér ekki til þess að hrófla við henni. Hins vegar er ljóst að megingalli fyrirkomulagsins frá 1959 er sá, að það er of ósveigjanlegt. Það tekur ekki tillit til breytinga á milli kjördæma í mannfjölda og það tryggir ekki jafnvægi milli stjórnmálaflokka, þannig að atkv. séu jafngild hvaða flokkur sem kosinn er. Það er auðvitað alveg grundvallaratriði og grundvallarlýðréttindi í landinu að kjósendur allra flokka og stjórnmálasamtaka í landinu, hver svo sem þau eru, njóti sama réttar þegar kemur til þeirra kasta að úthluta þingsætum eftir kosningaúrslitum. Það er grundvallarmannréttindi, sem stjórnarskrá okkar á að tryggja, og á því meginatriði tel ég að það frv. sem hér liggur fyrir byggi.

Það er hægt að finna mörg dæmi um flokkamisvægið á liðnum árum, sem eru í raun og veru mjög alvarleg, og mesta furða að menn skuli ekki löngu fyrr hafa krafist breytinga á kjördæmaskipuninni og kosningarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Það eru til dæmi um flokkamisvægi á þessum 20 árum upp á 20—50% og byggðamisvægið hefur auðvitað stöðugt farið vaxandi eins og hér hafa verið nefndar tölur um. Þetta fyrirkomulag gengur þess vegna ekki lengur. Það er kominn tími til að breyta því. Þó svo að nú sé um að ræða alvarleg vandamál í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá er útilokað annað en að vinna alvarlega að því verkefni sem hér er á dagskrá til þess að tryggja það að þjóðin fái notið lýðréttinda með eðlilegum hætti, en á það séu ekki settar óeðlilegar hömlur.

Ég tel, herra forseti, að kostir þess kerfis, sem hér er verið að gera till. um, séu einkum eftirfarandi: Í fyrsta lagi tryggir þetta fyrirkomulag betri jöfnuð milli stjórnmálasamtaka en áður hefur verið. Öll kjördæmi eiga nú að taka þátt í jöfnuninni á milli stjórnmálasamtaka, en ekki aðeins örfá eins og verið hefur. Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt atriði, grundvallaratriði í okkar lýðræðis- og þingræðisfyrirkomulagi, að um sé að ræða jöfnun á milli stjórnmálastefna og stjórnmálasamtaka. Ég tel í öðru lagi að þetta kerfi hafi þann kost að í því er gert ráð fyrir sérstakri jöfnun milli byggðarlaga, sem ákveðin verður eða reiknuð út fyrir hverjar kosningar. Eins og menn sjá er gert ráð fyrir því í frv. til stjórnskipunarlaga, að a. m. k. átta þingsætum verði ráðstafað til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkv. ákvæðum í kosningalögum. Hér er um að ræða nýmæli sem gerir þetta fyrirkomulag almennt séð sveigjanlegra og opnara fyrir breytingum á búsetu en áður hefur verið við kosningafyrirkomulag hér á landi.

Þriðji meginkosturinn við þessa breytingu er að mínu mati sá, að nú er gert ráð fyrir því að upp verði tekin réttlátari úthlutunarregla. Úthlutunarregla sú, sem kennd hefur verið við d'Hondt er hagstæð stærri flokkum fyrst og fremst og hefur komið óeðlilega út oft og tíðum á liðnum árum. Hér er tekin upp regla, sem er réttlátari og lýðræðislegri og tryggir betur en áður stöðu minni flokka, auk þess sem þeir fá að taka þátt í jöfnun fái þeir 5% fylgis á landsmælikvarða. Þá er það kostur við þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, að það er gert ráð fyrir því að kjósendur hafi meiri áhrif en nú er á það, hvernig menn raðast inn í þingið af framboðslistunum. Þannig er komið til móts við þau sjónarmið, sem uppi hafa verið á liðnum árum og kröfur eru uppi um af hálfu kjósenda, að kosningarnar og frambjóðendurnir séu færðir nær kjósendunum en nú er kostur á.

Eins og hv. 1. þm. Reykv. gat hins vegar um hér áðan er það ákvæði frv. sem þetta snertir til sérstakrar athugunar. Verður að ætlast til þess af þeim þingnefndum sem kosnar eru til þess að fjalla um þessi mál, að þeir líti sérstaklega á þetta, þ. e. rétt kjósenda til þess að hafa áhrif á það hvernig menn raðast inn í þingið af framboðslistum stjórnmálasamtakanna.

Því hefur verið haldið fram, að í þessu kerfi sé sérstaklega verið að tryggja rétt flokkanna og það sé alveg sérstaklega vinsamlegt þeim fjórum flokkum sem nú eiga fulltrúa á Alþingi og áttu fulltrúa á Alþingi við síðustu alþingiskosningar 1979. Ég tel að þetta sé rangt, að flokkarnir hafi hér fyrst og fremst verið að setja upp kerfi sem tryggir þá sem slíka. Það fyrirkomulag sem hér er um að ræða er opnara fyrir breytingum en kosningafyrirkomulag hefur áður verið hér á landi, eins og ég hef rakið. Ég tel að fallist hafi verið á þau sjónarmið að kosningakerfið og kosningarréttarfyrirkomulagið sé sveigjanlegt og það sé opið fyrir breytingum eins og þær eru á hverjum tíma. Ég tel að hér sé um ákaflega mikilvægt og lýðræðislegt atriði að ræða, sem við verðum að horfa á og meta mikils, sérstaklega um þessar mundir þegar umr. um stöðu flokkanna er oft ákaflega hávær og iðulega mjög ósanngjörn.

Því er haldið fram í umr. um þetta mál, sem hafa verið verulegar innan flokkanna og í fjölmiðlum að undanförnu, að kosningakerfið, sem hér er gerð till. um, sé sérstaklega flókið. Því er haldið fram, að það sé lítt skiljanlegt og erfitt að átta sig á því. Það má út af fyrir sig fallast á að þetta kerfi sé í sjálfu sér hvergi nærri nógu einfalt og skýrt. Hins vegar tel ég að þetta fyrirkomulag sé á engan hátt flóknara og erfiðara að átta sig á því en á núverandi kosningafyrirkomulagi. Menn eru hins vegar vanir núverandi kosningafyrirkomulagi og úthlutunarfyrirkomulagi til flokka. Það hefur verið hér við lýði í hálfa öld og menn eru gjarnan þeirrar skoðunar að það sé allt betra sem gamalt er. En ég hygg að þegar fram í sækir muni menn átta sig á því, að það kerfi sem hér er gerð till. um er einfalt og auðvelt að útskýra á hvaða grunnforsendum það byggist.

Varðandi einstök atriði frv. er þess að geta að flokkarnir hafa náð um það samkomulagi í meginatriðum, mjög víðtæku samkomulagi, er ég tel ástæðu til að fagna. Engu að síður hafa allir flokkarnir, sem að þessu standa, auðvitað þann fyrirvara, að litið verði með fullri sanngirni á ábendingar sem fram kunna að koma um einstök atriði frv. Ég skora því á menn að líta á þessa pappíra sem vandlegast, skora á alla þm. að kynna sér frv. sem gleggst, vegna þess að það myndar eina rökræna heild eins og það liggur hér fyrir, og ef menn hafa ábendingar fram að færa um eitthvað sem má betur fara, eitthvað sem er gallað af tæknilegum ástæðum og mönnum hefur missést yfir eins og gengur, þá er sjálfsagt mál að taka slíkt til athugunar. Ég hygg að það sé meining allra flm. En varðandi einstök atriði í frv. vil ég mælast til að hv. þingnefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, líti sérstaklega á tvö efnisatriði. Það fyrra er varðandi áhrif kjósenda og röðun manna á listana, eins og ég gat um hér áðan,

röðun manna inn í þingið af listunum. Það er mál sem þarf að athuga sérstaklega og betur en gert er í frv. Hitt atriðið, sem verður að athuga sérstaklega, varðar úthlutun jöfnunarsætanna. Gert er ráð fyrir því í frv. að við 2. áfanga úthlutunar jöfnunarsætanna verði menn valdir þannig að fyrst sé tekið minnsta kjördæmið og þannig koll af kolli. Ég tel að þarna eigi menn að athuga hvort ekki er rétt að fara aðra leið, þ. e. úthluta uppbótarþingsætum eftir minnkandi þingliðshlutum einkanlega, eins og gert er í kjördæmunum yfirleitt. Þetta álít ég að sé mál sem nefndirnar þurfi að kanna og leggja áherslu á að ná samkomulagi um.

Varðandi málsmeðferð þessa frv. leggjum við á það áherslu að frv. verði afgreitt sem allra fyrst, svo að þingstörf þurfi ekki að tefjast af þeim ástæðum að þetta mál þurfi meðferð umfram önnur. Staðreyndin er auðvitað sú, að það er búið að ræða þetta frv. mjög ítarlega og fjalla um það á ótal fundum í öllum flokkunum. Það er búið að fjalla um þessi mál í fjölmiðlum að undanförnu og vonandi fjalla fjölmiðlar rækilega um málið núna næstu daga. Ég tel því að það eigi að vera vandræðalaust fyrir þingið að ljúka afgreiðslu á þessu máli á tiltölulega stuttum tíma. Ég legg megináherslu á að slíkt verði gert vegna þess að mér finnst öll staða mála hjá okkur vera þannig, að eðlilegt sé að við miðum við að reyna að ljúka þingstörfum hið fyrsta.

Við töldum, Alþb.-menn, að eðlilegt væri að setja inn í frv. ákvæði til bráðabirgða um að umboð þm. falli niður strax og stjórnarskrárbreytingin hefur verið samþykkt á síðara þinginu af tveimur. Eins og getið var um hér áðan vildi Framsfl. ekki fallast á þetta sjónarmið. En ég tek það fram fyrir hönd Alþb. að við áskiljum okkur rétt til þess að stuðla að því að þetta ákvæði til bráðabirgða komist inn í frv. áður en það verður hér afgreitt. Ég teldi jafnframt eðlilegt að taka um það ákvörðun að tvennar kosningar færu fram á þessu ári. Síðari kosningarnar gætu vel farið fram fyrir júnílok.

Ég er þeirrar skoðunar, að það séu mörg og mikilvæg rök fyrir því að fram fari tvennar kosningar og menn reyni strax að kjósa eftir því kerfi sem hér er verið að tala um. Í fyrsta lagi eru það þau rök, að ef ekki verða sett ákvæði um þetta er hugsanlegt að ekki verði kosið eftir nýja fyrirkomulaginu fyrr en á árinu 1987, þegar forsendur kerfisbreytingarinnar frá árinu 1979 eru orðnar 8 ára gamlar. Ég held að það sé í fyllsta máta óeðlilegt að ætlast til þess af því fólki sem helst bindur vonir við þessa kerfisbreytingu, að það bíði allt til ársins 1987 eftir að kosið verði eftir hinu nýja fyrirkomulagi.

Önnur rökin fyrir því að efnt verði til kosninga tvisvar á þessu ári eru auðvitað þau að það fyrirkomulag sem hér er verið að gera tillögu um endurspeglar vitaskuld þann félagslega veruleika sem um er að ræða í landinu um þessar mundir. Og það á að geta orðið betri landsstjórn en ella sem kosin er á grundvelli þessa félagslega veruleika. Við erum þess vegna tilbúnir til þess að taka inn ákvæði til bráðabirgða um að umboð þm. falli niður, svo að kjósa verði strax að loknu næsta þingi á grundvelli nýja kerfisins. Ég held að með þessu fyrirkomulagi og með þessu móti væri eðlilegast að hlutunum staðið. Samhliða þessu hlýtur auðvitað sú stjórn sem er í landinu að taka ákvörðun varðandi lausn efnahagsvandans eftir sem áður. Það er auðvitað stöðugt og sífellt dagskrármál.

Ég tel, herra forseti, að þetta frv. hafi marga góða kosti. Einn stærsti kosturinn er þó í raun og veru enn ótalinn. Það er sú samstaða sem tekist hefur um efni frv. Sú samstaða er víðtækari innan Alþingis að mínu mati en nokkru sinni fyrr þegar kosningalögum hefur verið breytt. Sá áfangi er vissulega þýðingarmikill. Hann sýnir í fyrsta lagi að kjördæmaskipunin frá 1959 hefur staðist betur en spáð hafði verið af andstæðingum hennar. Í annan stað er hér um að ræða dýrmætan áfanga vegna þess að einmitt nú ber þjóðlífið fremur vott um sundrungu en samstöðu. Einkum kemur þetta skýrt í ljós í öllum framboðsglundroðanum um þessar mundir. Þetta frv. er til marks um þann ríka samstöðuvilja sem þjóð okkar þarf nú á að halda sem aldrei fyrr.

Á Íslandi hefur alltaf verið nokkur ágreiningur um áherslur milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þau átök voru mun harðari framan af en á síðari árum. Kjördæmaskipunin frá 1959 hefur orðið góður grundvöllur fyrir samvinnu byggðarlaganna, eins og m. a. sést á uppbyggingu landsins alls á síðasta áratug. Hér liggur fyrir frv. um að staðfesta þessa samvinnu enn frekar. Frv. um sáttmála byggðanna í landinu um leikreglur lýðræðisins. Um þær reglur þarf að ríkja sem best samkomulag. Það er ábyrgðarhluti að rjúfa það einmitt á þessum tímum. Ég tel að þessi till. um sáttmála byggðanna um leikreglur þingræðisins sé í góðu samræmi við stefnu Alþb. og fyrri samþykktir. Þess vegna stöndum við að frv. í heild.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er eins og aðrir sem hér hafa talað ánægður með það, að samkomulag hefur tekist milli allra þingflokka um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins að því er varðar kjördæmamál og kosningar til Alþingis og 18 ára kosningaaldur.

Langæskilegast hefði verið að mínu mati að afgreiða stjórnarskrármálið allt á þessu þingi, en til þess vinnst ekki tími úr því sem komið er. Margir telja óæskilegt að fjölga þm. um þrjá og hafa hátt um. Auðvitað hefði verið æskilegra að ná viðunandi jafnvægi milli þéttbýlis og dreifbýlis án fjölgunar þm. Ég tek undir það. En ég tel það þó ekki vera stórt atriði úr því að samkomulag náðist um að fjölgað verði aðeins um þrjá þm., en áður var talað um mun hærri tölu.

Margir, sem nú tala hátt um fjölgun þm. um þrjá og telja hana óþarfa og óæskilega, hafa lítið sagt um fjölgun bankamanna um 1800 frá 1960 og lítið sagt um það, að samningur við opinbera starfsmenn um lengingu orlofs á síðasta ári jafngildir fjölgun opinberra starfsmanna um 250—300. Mér finnst að talsvert skorti á að samræmis gæti í málflutningi þeirra sem hæst hafa um þetta efni.

Þó að samkomulag hafi náðst um tilteknar breytingar á stjórnarskránni, sem ég er mjög ánægður með, miðað við allar aðstæður, og þó að samkomulag hafi náðst um að leggja fram í grg. drög að frv. um breytingar á kosningalögum, þá er ég ekki að öllu leyti sammála öllum atriðum í þeim drögum. Ég á þar einkum við 29. gr. sem er breyting á 115. gr. núgildandi kosningalaga um valfrelsi kjósenda. Ég tel að þar sé allt of skammt gengið. Samkv. þeirri grein þarf meira en 50% kjósenda til að breyta röð frambjóðenda og þeir þurfa allir að breyta röðinni á sama veg. Ég tel að hér sé allt of skammt gengið til móts við óskir kjósenda og vísa í þeim efnum til frv. míns og tveggja annarra hv. þm. Alþfl.

um þetta efni í þskj. 332. Ég læt í ljós ánægju mína með það, að hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv., hæstv. félmrh., hafa báðir lýst sig fúsa til þess að skoða þetta atriði betur.

Þá tel ég einnig að úthlutun sæta í sveitarstjórnum eigi í aðalatriðum að lúta sömu reglum og úthlutun þingsæta í kjördæmum og tel því að breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar að þessu leyti sé óþörf. Ég hef fyrirvara á um þessi tvö atriði sem ég hef hér minnst á.

Herra forseti. Þetta frv. er árangur samkomulags allra þingflokka og því ekki þess að vænta að allir séu fyllilega ánægðir með öll atriði þess. Sumir hefðu t. d. viljað ganga lengra til jöfnunar kosningarréttar milli þéttbýlis og dreifbýlis. Aðrir minna réttilega á að mikið skortir á jöfnuð á ýmsum öðrum sviðum milli dreifbýlis og þéttbýlis, dreifbýlinu í óhag og vilja beita sér fyrir auknum jöfnuði á þeim sviðum einnig.

Ég tel, herra forseti, að samkomulagið sé mjög vel viðunandi miðað við allar aðstæður og lýsi ánægju minni með það. Ég tek undir þakklæti þeirra flokksformanna sem hér hafa talað til þeirra sem mest hafa að þessum málum unnið.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er að vissu leyti freistandi að álykta, þegar fjórir hv. forustumenn úr flokkskerfinu flytja saman frv. og eru svo glaðir og reifir og ánægðir með það eins og þeir hafa verið hér allir fjórir að frv. hljóti að vera lítils eða einskis virði. Þegar þetta frv. er skoðað, herra forseti, þá kemur það í ljós að frv. er ekki lítils virði — það er einskis virði. Og var naumast á öðru von því að ef horft er til verka undanfarinna ára í þessari stofnun og þeirra aðstæðna sem af þeim hefur leitt dylst ekki að eitthvað mikið er að í þessu félagskerfi okkar og að kerfið er ófært um að ná skynsamlegu samkomulagi í máli af þessu tagi. Það er líka nákvæmlega það, herra forseti, sem hefur gerst.

Svo að vikið sé fyrst að framsöguræðu 1. flm. frv., hv. 1. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar, þá var meginuppistaðan í ræðu hans röksemdafærsla með grg. frv. Því í ósköpunum er verið að eyða tíma hér í að rökfæra hvernig grg. með frv. er hugsuð? Grg. með frv. er ákaflega lítils virði. Dettur mér þá í hug aðferðin sem beitt var hér í þinginu haust og vetur 1978 og 1979, þegar deilum um efnahagsmál milli þáv. stjórnarflokka lyktaði ævinlega þannig að ágreiningsefnin voru sett í grg., sem auðvitað reyndist vera einskis virði þegar á hólminn var komið.

Herra forseti. Það sem á að skoða í þessu frv. er frv. sjálft, breytingargreinarnar við stjórnarskrána, en ekki það sem reiknimeistarar hafa reiknað og menn hafa komið sér saman um að setja í grg. með frv., því að það er auðvitað einskis virði, m. a. af þeirri ástæðu, herra forseti, að eins og þetta er hugsað núna er það alls ekki þetta þing sem um þessi kosningalög á að fjalla, heldur það þing sem kosið verður kannske 23. apríl, kannske seinna. Það þing mun auðvitað fjalla um kosningalögin en ekki þetta þing. Ef litið er til þess sem verið hefur að gerast í stjórnmálum landsins síðustu misserin, þá sýnist manni að það þing kunni að verða bæði að því er einstaklinga og samtök þeirra varðar allt öðruvísi saman sett en það þing sem nú situr. Því spyr ég: Til hvers er verið að eyða tíma í að kynna þá grg. sem með þessu frv. er? Ástæðan er auðvitað, herra forseti, ein og aðeins ein: það er valda- og hagsmunavarsla þeirra fjögurra stjórnmálaflokka sem að þessu standa. Það er, herra forseti, allt og sumt. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Við skulum, herra forseti, láta grg. liggja á milli hluta og þau drög að frv. sem þar eru sett fram. Hér koma menn og eru að lýsa kostum vissra tillagna. Þar eigi t. d. að auka valfrelsi kjósenda o. s. frv. En þessa er getið í gr. í frv. sem flutt er sem grg. með öðru frv. (**Gripið fram í:** Fylgiskjal.) Fylgiskjal, að ég ekki tali um fylgiskjal. Þetta er náttúrlega svo fráleitt að engu tali tekur.

Ég spyr, herra forseti, hverja er verið að blekkja? Því að væntanlega dettur ekki nokkrum manni í hug hér í þessum 60 manna klúbbi að menn séu að blekkja hver annan. Og þá er málið það, herra forseti, að það er væntanlega verið að blekkja einhverja sem utan veggja þessarar stofnunar eru með fskj. og grg. Hér er náttúrlega svo lágt lagst í vinnubrögðum að engu tali tekur. Úr því að samkomulagið er ekki meira en sést af greinum þessa frv., þá á auðvitað ekki að flytja neitt frv. og ekki að vera að reyna að blekkja þjóðina með því að hér sé eitthvert samkomulag. Því að samkomulagið, herra forseti, er ekki neitt. Samkomulagið er ekki neitt.

Nú skulum við, herra forseti, skoða greinar frv. og ekkert vera að moða því saman við fskj. og greinargerðir, bara frv. eins og það stendur. Og um hvað er það þá? Frv. er um eitt og aðeins eitt. Það er um fjölgun þm. úr 60 í 63. Það er allt og sumt. Hitt er allt óuppgert í raun og veru. Og það sem meira er. Það er lagt til að 54 þingsæti af þessum 63 séu bundin í stjórnarskrá eftir kjördæmum. Það er lagt til að þm. Reykv. verði 14. Þeir eru 15 í raun. Það er lagt til að þm. Reykn. séu 8. Þeir eru 7. Ekki teljast þetta vera miklar breytingar. Síðan segir í frv.: „A. m. k. átta þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkv. ákvæðum í kosningalögum.“ Það segir ekkert með hverjum hætti það skuli gert. Væntanlega verður það hið næsta þing, sem er lýðræðislega og kosningalega óháð því þingi sem nú situr, sem kemur til með að ráðstafa þessum átta sætum. Það sem menn segja í fskj., grg. og framsöguræðum kemur málinu nákvæmlega ekkert við. Það að reyndir og virtir stjórnmálamenn séu að taka þátt í þessum loddaraskap er náttúrlega ekki aðeins fyrir neðan þeirra virðingu heldur virðingu þessa húss og okkar allra. Það er þetta, herra forseti, sem við eigum að íhuga. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Í 1. gr. þessa frv. segir: „Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína.“

Herra forseti. Ég vek athygli á orðalaginu „svo sem kostur er“. Við erum ekki að tala um málefnasamninga ríkisstjórna sem eru nú ekki virðulegustu og eftirbreytnisverðustu plögg allra tíma. Við erum ekki einu sinni að tala um grg. með lögum. Og, herra forseti, við erum ekki einu sinni að tala um lagafrv., um lög. Við erum að tala um stjórnarskrá lýðveldisins og menn vilja setja inn orðalagið „svo sem kostur er“. Af hverju, herra forseti, er þetta orðalag sett inn? Vegna þess að hvor fylkingin um sig vill geta túlkað það til sinnar áttar?

Þetta er eitt af þessu fyrirlitlega orðalagi, eins og

þegar sagt var áður fyrr: „Stefnt skal að“ og allir vissu að orðalagið „stefnt skal að“ þýddi það eitt, að það var ágreiningur og allir vildu geta túlkað orðalagið sér í hag. Í stjórnsáttmálum er alþekkt að þessi orð séu sett fyrir framan allt sem ágreiningur er um. Stefnt skal að hinu og þessu. En nú erum við ekki að tala um þingplögg. Við erum að tala um stjórnarskrá lýðveldisins. Og ég fullyrði að í engu lýðræðisríki nokkurs staðar, sem hefur stjórnarskrá, hefur orðalagi af þessu tagi verið komið inn til að leysa deilumál lítilfjörlegra stjórnmálamanna sem ráða ekki við verkefni sín. Engum hefur hugkvæmst að leggja til við þjóðþing að viðhafa orðalagið „svo sem kostur er“ í stjórnarskrá.

Og vitið þið hvað svo á að gera? Síðan ætlar hver þeirra að geta farið heim til sín, Reykvíkingur heim í Reykjavík og Reyknesingur heim á Reykjanes og Vestlendingurinn heim á Vesturland og geta túlkað hvað þetta þýðir: „svo sem kostur er.“ Það fer eftir því hvar við erum að tala á landinu. Í till. til breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins segir: „Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur“ o. s. frv. Þetta nær ekki nokkurri átt. Það er engin furða þó að þeir komi hér hver á fætur öðrum hrósandi hver öðrum og sjálfum sér fyrir það að hafa náð samkomulagi. Samkomulagi um hvað? Samkomulagi um ekki neitt.

Nei, herra forseti. Þetta frv. á ekki einu sinni erindi við þingið. Það á ekki erindi til samþykktar þess því að það nær engri átt að leikreglur samfélagsins eigi að byggjast á þessu. Enda hlaut svo að vera, herra forseti. Nógu grunsamlegt er að þeir fjórir saman nái samkomulagi. Það hlaut að vera að einhvern veginn svona lægi í því. Þetta er, herra forseti, allt og sumt.

Þetta frv. gengur út á það eitt að fjölga þm. um þrjá til að fullnægja flokkunum. Það gengur ekki út á neitt annað. Svo ætla þeir að halda opnu spilinu um það með hverjum hætti þeir hafa eftir sem áður níu þingsæti til ráðstöfunar. Hvers konar slagsmál eru menn að bjóða upp á um það? Þetta frv. er ekki til lausnar á einu eða neinu, nema þeim vanda flokkanna að fólkinu í landinu þykir ekki ýkja mikið til þess koma að þeir geta ekki leyst þetta mál og ekki neitt mál. Það er það, herra forseti, sem er kjarni málsins.

Svo stilla þeir sér upp allir fjórir, búnir að ná samkomulagi og þetta er lausnin. Þetta er engin lausn. Að því er Reykjavík varðar er það minna en var. Að því er Reykjanes varðar er það heldur meira en var. Það er allt og sumt. Hitt er eftir. Fskj., grg. skiptir engu máli. Það vita þeir auðvitað mætavel sjálfir. En með þessum hætti geta þeir slefað sér yfir einar kosningar. Þeir eru hissa á því að Alþingi njóti lítillar virðingar. Ég er ekki hissa á því. Við erum fleiri sem erum ekki hissa á því.

Það er þetta, herra forseti, sem er kjarni málsins. Aðfinnslur um stjórnarskrá, um ójafnan kosningarrétt og vanda í stjórnkerfinu, sem hefur leitt til vanda í félags- og efnahagskerfinu, eru auðvitað fullkomlega á rökum reistar. Þjóðfélagið umleikis þetta hús og um landið allt kallar á breytingar. En ekki svona breytingar. Það kallar á breytingar þar sem sanngjarnt tillit er tekið til hagsmuna þéttbýlis og hagsmuna dreifbýlis.

Sá sem hér stendur er þm. þéttbýlis, en vill ekki standa að uppskiptingu samfélagsins milli hinna þéttari byggða og hinna dreifðari. Ég er sannfærður um að í því kjördæmi sem ég er þm. fyrir er allur vilji til þess að þessi mál verði leyst með friði og sátt. Við viljum ekki að til ófriðar sé blásið á milli þéttbýlis og dreifbýlis og höfum aldrei viljað. Það er verið að gera tilraunir til þess. Menn eru að nota sér mál af þessu tagi, vegna þess hvað flokkakerfið hefur brugðist, til þess að afla sér stundarvinsælda. En við viljum það ekki og við erum fleiri.

Herra forseti. Ef flokkakerfið stæði í stykkinu, þá er hægt að finna lausn á þessu máli sem sættir til hlítar hinar þéttari byggðir og hinar dreifðari. Það er hægt með því að jafna kosningarrétt að hluta og hafa hann ójafnan að hluta. Það leysir auðvitað ekki fræðilega þau mál sem um hefur verið talað, um jafnan kosningarrétt. En við verðum þá að taka mið af því að þetta er stórt land, þar sem miðað við landsins stærð býr fátt fólk. Til slíkra aðstæðna verða menn að taka tillit. En ekkert af þessu er snert í þessu frv.

Við tölum, herra forseti, um vanda stjórnskipunarinnar, sem síðan er kallað stjórnarskrár- eða kjördæmamál. Menn verða að skilja hver hann er. Kosningarréttur hefur verið ójafn. Það þarf í sjálfu sér ekki að gera mikið til. En vegna þeirra starfsaðferða sem í þessu húsi hafa þróast, að löggjafarvaldið hefur ekki fyrst og fremst verið að setja lög og hafa eftirlit með því að lögum sé fylgt heldur hefur löggjafarvaldið, eða þeir einstaklingar sem eru handhafar þess og hér hafa setið, verið að koma sér fyrir í sjóðakerfinu og úthluta fjármagni til baka eftir sömu rásum og þeir hafa verið kosnir til. Af þeirri ástæðu hefur hinn ójafni kosningarréttur valdið svo miklum ójöfnuði í aðgangi að opinberum peninga- og skömmtunarstofnunum. Það hefur síðan aftur leitt til svo mikilla félagslegra og efnahagslegra skekkja.

Þetta er hægt að leiðrétta með einfaldri breytingu. Hún er sú að sumir menn gegni þeim störfum að framkvæma lög með ýmsum hætti. Aðrir menn — og ekki þeir sömu — gegni þeim störfum að setja landinu lög og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Ég er ekki einn þm. um þessa skoðun. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson flutti t. d. fyrir fáum árum frv. sem gekk mjög til þessarar áttar. Það var í sambandi við ríkisbókhald. Hv. þm. lýsti því vel með hverjum hætti þetta hefur leitt okkur í ógöngur. Og það sem meira er. Það þarf ekki að leita mörg ár aftur í tímann til að margir a. m. k. eldri hv. þm. Framsfl. þekki slíkar umr. úr sínum röðum.

Það er þetta sem hefur gert það að verkum, að hinn ójafni kosningarréttur hefur leitt til félagslegs ójafnaðar og efnahagslegra skekkja. Sé þessu breytt, þá er eftir sem áður réttlætanlegt að kosningarréttur sé ójafn í þágu dreifbýlis, vegna þess að aðstæður þar eru allt aðrar en í þéttbýli. Það er þetta, herra forseti, sem við verðum að fara að horfa meira á, að ójafn kosningarréttur er ekki vandi flokkanna fyrst og fremst, þó að þessir herramenn komi hér hver á fætur öðrum úr fjórflokkunum og lýsi ójöfnum kosningarrétti sem vanda flokkanna. Vandi flokkanna kemur þessu máli ekkert við. Hitt er alvarlegra, þegar þessi ójafni kosningarréttur er farinn að koma fram í ójöfnu félagskerfi og jafnvægislausu efnahagskerfi. Það er það sem hefur gerst.

Af þessari ástæðu, herra forseti, höfum við, sem stöndum að Bandalagi jafnaðarmanna og höfum verið að kynna þau samtök um landið vítt og breitt, lagt til að í þessum efnum verði allt öðruvísi farið að. Nefnilega

þannig, að kosningarréttur verði jafnaður algerlega að því er framkvæmdavaldið varðar, ríkisstj., forsrh., hvað við köllum það hverju sinni. Þannig verði kosið, að sérhver einstaklingur í landinu, dreift búandi eða þétt búandi, hafi eitt og jafnt atkv., og sá einstaklingur, hann eða hún, sem kosinn kann að verða, skipi með sér síðan ríkisstj. Með þessum hætti verði kosningarréttur í landinu algerlega jafnaður.

Þessar hugmyndir hafa verið gagnrýndar. Þær hafa verið gagnrýndar sem ákall á hinn sterka mann. Þetta er auðvitað rangt og út í hött. Það er hvorki sterkari né veikari maður en hinn, sem nú situr og hefur setið undanfarin ár. Það eina sem verið er að leggja til er að sá aðili verði ekki þingkjörinn eins og verið hefur heldur þjóðkjörinn. Orðið þingræði, sem er auðvitað vont orð á íslensku og þýðing á allt öðru orði í útlendum málum, hefur villt mönnum sýn í þessum efnum, m. a. þeim sem skrifar forustugreinar í Morgunblaðið. En látum það allt liggja á milli hluta.

Í öðru lagi, herra forseti, þegar menn eru að ákveða hvað þm. eigi að vera margir þurfa þeir að hafa einhverjar hugmyndir um það hvað þm. eiga að gera. Við leggjum til að um leið og fjöldi þm., sem við viljum hafa óbreyttan, er ákvarðaður, þá sé það skýrt hvað þm. eru. Það er auðvitað skýrt nokkurn veginn af stjórnarskránni, en hefur hins vegar þróast áratugum saman til allt annarrar áttar. Þeir eru nefnilega löggjafar og eiga að setja lög og ekki að sinna öðrum opinberum störfum. Við leggjum til að með þessari breytingu komi önnur, sem er sú, að skilið verði milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, alveg með sama hætti og dómstólarnir eru skildir frá hinum tveimur valdþáttunum og enginn í þessu þjóðfélagi að ég hygg dregur í efa að rétt skuli vera.

Ég hef lýst því að ójafn kosningarréttur er óréttlætanlegur þegar hann leiðir til efnahagslegrar skekkju í gegnum sjóðakerfið. Hann er réttlætanlegur þegar aðeins er verið að hugsa um vernd hinna dreifðari byggða. Það er það sem er kjarni málsins. Við leggjum til að þeir þm. sem eru að afsala sér sjóðavöldunum fái í staðinn eftirlitsvöld með framkvæmd laga í gegnum þingnefndir, sem af sjálfu leiðir. Að þessu sögðu, herra forseti, leggjum við til að kjördæmaskipan verði óbreytt, þm. verði 60 en ekki 63. Því að þegar menn eru búnir að jafna kosningarrétt framkvæmdavalds meir og gera það með róttækum hætti, að einn maður hafi eitt atkv., þá verða menn auðvitað að gæta þess, að það verður að halda uppi byggðastefnu og byggð í landinu. Þá er forsvaranlegt að réttar hinna dreifðari byggða sé gætt með þeim hætti.

Í fimmta lagi, herra forseti, er það auðvitað hárrétt, sem fram kom hjá foringjunum fjórum hér áðan, að það á að auka valkosti kjósenda í kosningum, enda skárra væri það og aldeilis sjálfsagt. Ég tala nú ekki um *þegar menn til skamms tíma höfðu ekki um annað að* velja en fjóra flokka sem allir eru raunverulega eins. Það á auðvitað að leyfa fólki, ef það svo kýs, að kjósa lista eða kjósa einstakling eða einstaklinga á milli lista. En þær yfirlýsingar, herra forseti, sem hér hafa verið gefnar um þetta, eru einskis virði. Þær tilvísanir í fskj. og grg. Enda hygg ég að þetta eigi að vera fjaðrir fyrir kosningar, sem gleymist þegar að kosningum loknum.

En, herra forseti, það er ekkert óeðlilegt við það, heldur beinlínis rétt að setja ekki aðeins inn í stjórnarskrána eða kosningaþátt hennar tillögur um fjölda þm., sem við leggjum til að verði 60, heldur einnig um kosningaaðferðina sjálfa. Sá sem hér stendur hefur flutt um það frv. til l. að kosningaaðferðin sé slík, að kjósandi geti kosið lista, hann geti kosið einn einstakling af lista, eða svo marga einstaklinga af svo mörgum listum sem hann vill, upp að tölum kjörinna fulltrúa, og skiptist þá atkvæði á milli listanna í þessum hlutföllum. Ég vil eindregið taka undir það með fulltrúum fjórflokkanna að þetta er rétt og skynsamleg aðferð.

Ég er, herra forseti, að boða brtt. við þetta frv. sem ekkert er og hér liggur fyrir framan mig. Ég skildi yfirlýsingu fjórflokkaforingjanna þannig, að þeir mundu styðja slíka brtt., sem flutt verður við þetta frv., um að persónuval verði aukið. Og við göngum lengra. Við leyfum mönnum að kjósa á milli lista ef menn svo kjósa.

Það á auðvitað ekki að vera hlutverk Alþingis að halda einhverjum flokkalistum að þjóðinni ef þjóðin vill kjósa öðruvísi, vill kjósa einstaklinga milli lista. Við eigum ekki að vera að lögbinda skoðanir sem kannske koma ekki nálægt raunverulegri skoðanamyndun fólksins í landinu. En þegar fólki er aðeins heimilt að kjósa einn lista, ekki annan eða aðra, þá er auðvitað verið að lögbinda skoðanir. Ég fellst á að fyrir ekki mörgum árum síðan var rétt að gera það, meðan raunverulegur munur var á flokkunum. Hann er ekki til staðar lengur. Enginn grundvallarmunur. Þetta eigum við að viðurkenna með því að ef fólk vill fara listaleiðina og kjósa lista, þá gerir það það. Ef listarnir bjóða upp á raunverulega valkosti, þá kýs fólk listana. Ef ekki er um neitt slíkt að ræða, þá kýs fólk auðvitað milli lista. Það verður bara að ráðast með hverjum hætti kjósandi kýs að nýta sér slík réttindi.

Ef Alþb. verður eins langt frá hinum flokkunum og það segist vera, þá auðvitað kjósa þeir sem aðhyllast Alþb. þann lista. En ef þetta er nú orðið eitthvað blandnara, sem mig grunar, þá kemur það auðvitað fram í því hvernig fólk kýs. Við erum ekki bara að þvinga eða hindra.

En þetta er ekki kjarni málsins, heldur hitt, að hér hafa þeir staðið upp hver á fætur öðrum tilbúnir til að auka persónuvalið. Brtt. um það verður flutt við 2. umr. málsins ásamt með öðrum þeim atriðum sem ég hef hér nefnt. Ég vænti stuðnings við hana, því að ekki eru þetta orðin tóm væntanlega sem hér er verið að flytja og allur þessi fagri parsus hér, sem þeir segja, herra forseti, að þeir hafi komið sér saman um.

Hér stendur á bls. 3, herra forseti: „Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl." — minna má það nú ekki vera — „sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi." Ég nefni bara, herra forseti, nr. 2: „Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár." Þetta er nú ekki lítið, herra forseti, sem þessir háu herrar ætla að beita sér fyrir. En það sést hvergi í frv., sem þeir svo eru að flytja, hvernig þetta eigi að koma fram.

Hér og nú boða ég brtt. við þetta frv., sem ég hef þegar lýst, að þrátt fyrir það að hér sé verið að ákvarða um kosningu þm., þá verði framkvæmdavaldið tekið út fyrir sviga og kosið sérstaklega beinni kosningu í tvöfaldri umferð, þar sem allir hafi eitt og jafnt atkv.

Í öðru lagi um algeran aðskilnað þess þings sem við

hér erum að fjalla um og framkvæmdavaldsins.

Í þriðja lagi um eftirlitsvald þingsins sem það fær í auknum mæli um leið og það missir sjóðavöldin.

Í fjórða lagi um óbreytta kjördæmaskipan.

Og svo í fimmta lagi um nýja kosningaaðferð, þar sem menn fái þetta persónuval, sem foringjasveitin, sem ætlar að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði, hlýtur auðvitað að vera mér sammála um að eigi þá að koma inn í stjórnarskrána. Ekki trúi ég því að hér fari hjá þeim yfirlýsingarnar einar. Efndirnar eru vanar að koma á eftir.

Herra forseti. Þetta frv., eins og það hér stendur, frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er ónýtur pappír og fjallar aðeins um eitt: Um fjölgun þm. úr 60 í 63. Allt hitt eru óskir í grg. og fskj., sem þeir menn sem nú skipa bekki Alþingis koma ekki til með að fjalla um, heldur hið næsta Alþingi. Menn verða að skilja þarna á milli. Það eina sem lagt er til hér til samþykktar eða synjunar er fjölgunin um þrjá. Allt hitt er óuppgert.

Ég vek enn athygli á því, að í b-lið 1. gr., sem er brtt. við 31. gr., segir þegar búið er að gera ráð fyrir þessum 54: „A. m. k. átta þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkv. ákvæðum í kosningalögum.“ Það segir ekkert um hvernig. Það er verið að bjóða upp á ég vil segja blóðugan og heldur ógeðfelldan slag hér að kosningum loknum um hvernig þessum málum skuli háttað. Auðvitað verður nýtt þing ekki hið minnsta bundið af einhverjum framsöguræðum og greinargerðum og fylgiskjölum sem með þessum pappír er. Það er bara blekking, fullkomin blekking.

Í annan stað, herra forseti, vil ég mjög vara við því orðalagi sem hér er að finna og ég hef lesið upp áður. Þar segir: „Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er.“ Þetta orðalag er fyrir neðan allar hellur og á undir engum kringumstæðum heima í stjórnarskrá lýðveldisins. Ef menn ákvarða hluti þar, þá eiga þeir að standa eins og þeir eru ákvarðaðir. Það á ekki að viðhafa orðalag sem gefur mörgum sjónarmiðum undir fótinn. En auðvitað er leikurinn til þess gerður, vegna þess að það er ekki nokkur sátt í þessu gamla flokkakerfi, hvað sem foringjarnir fjórir hafa hér sagt í sínum ræðum. Þetta er allt sundrað út og suður, svo sem efni málsins gefur tilefni til.

Það er því ljóst af því, herra forseti, sem ég hef hér sagt, að ég er andvígur þessu frv. Ég tel þetta ekki vera nokkra lausn. Þetta er aðeins frv. til þeirrar áttar, að fjórflokkakerfi geti komið fram fyrir þjóðina og sagt: Þetta er lausnin. En þetta er engin lausn. Þeir eru ekki búnir að koma sér saman um neitt annað en fjölgun þm. um þrjá. Og þeir freista þess að geta fleygt sér út í kosningar með þessum hætti og sagt síðan: Við náðum samkomulagi, eins og hér hefur svo fagurlega verið galað af þeim fjórum á undan mér. En þetta er ekkert samkomulag. Öllu sem máli skiptir er eftir að ganga frá. Ég fullyrði það, að sé þessi leikur til þess gerður að blekkja einhvern, þá blekkir hann ekki nokkurn mann í þessu húsi. Og mín sannfæring stendur til þess, að utan þessa húss verði heldur enginn blekktur.

Þetta er ekki nokkur lausn. Það er aðeins þetta sem er verið að leggja til. Hitt er allt eftir. Og meira að segja er sett grein í stjórnarskána sem gefur undir fótinn með loðnu orðalagi og loðmullulegri hugsun, sem hægt er að túlka til svo margra átta sem menn kjósa. Að leyfa sér að leggja fyrir þingið orðalag sem þetta: „svo sem kostur er“ í sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins, það er auðvitað alveg með eindæmum og fordæmislaust að með þessum hætti skuli vera að málum staðið.

Þessi pappír, herra forseti, fjallar um flokkakerfið og innri vanda þess, sem þeir þykjast vera að leysa. Hann fjallar undir engum kringumstæðum um það samspil stjórnarskrár og kjördæmamála annars vegar og félags- og efnahagsmála hins vegar, sem ætti að vera kjarni þessa máls. Þeir snerta ekki á því. Þeir hafa verið að reikna sig inn, eins og sagt er, og þeir lofa hinu og þessu í einhverjum fskj. Þó er þannig um hnútana búið, að það þarf aldrei að standa við það og aldrei að efna það.

Eftir alla þá vinnu sem í þetta er búið að leggja er auðvitað búið að hrósa fólki út um allt. Og allt á það fólk auðvitað hrós skilið. En vinnan þess hefur komið fyrir lítið. Það verður að segjast. Meira að segja er þetta svo klúðurslega orðaður texti að hann er óskiljanlegur. Ég nefni enn dæmi. Hér segir, herra forseti, í þessari sömu gr.: „Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu.“ Ég bið menn að hugsa um þessar setningar. Þær eru óskiljanlegar. Fjórðung af hverju er hér verið að tala um? Mér sýnist við fljótan yfirlestur að þessar setningar gangi ekki upp. (Gripið fram í.) Nei, þær gera það nefnilega ekki, því að fjórðungur af 14 eins og hér varðar Reykjavík nær ekki fjórum þingsætum og verður þá þrjú þingsæti. Ég þykist vita hvað fyrir þeim vakir, því að það er að finna í einu af þessum fskj., en eins og setningin er orðuð gengur þetta ekki upp. Ætti a. m. k. sú nefnd sem þetta fær að íhuga það betur.

Þetta virðist vera svona í einu og öllu. Það er hvergi snert á neinum vanda. En hér koma þeir upp einn og þrír og hrósa sér af því að þeir hafi náð sáttum. Og einn þeirra, hæstv. sjútvrh., endaði á því að betur væri að þeir hefðu náð með sama hætti sáttum í efnahagsmálum. Ég vil nú segja þjóðarinnar vegna: guði er fyrir þakkandi að þeir hafa ekki náð sáttum af þessari gerðinni í efnahagsmálum. En svona yrði það ef þeir kæmu saman allir.

Það er því deginum ljósara, herra forseti, að ég er andvígur þessu frv. Ég mun freista þess að flytja við það þær brtt. sem hér hefur verið lýst. Auðvitað mun þjóðin horfa á það hversu langt þær komast, t. d. hvernig verður háttað atkvgr. um það eðli í starfsemi löggjafarþingsins, að skilið verði milli þess og starfsemi framkvæmdavaldsins. Við erum að fara út í kosningar og um þetta verður kosið m. a. Ég fullyrði það, herra forseti, að þetta frv. er fram sett til þess að blekkja þjóðina að því leytinu til, að hér sé allt í sátt og eindrægni. En ég segi, herra forseti, að sú sátt og sú eindrægni er, eins og hlaut auðvitað að vera eðli málsins samkvæmt, utan um nákvæmlega ekki neitt. Það er skelfileg niðurstaða mikillar vinnu og margra ára. En ástæðan fyrir þessu er auðvitað sú, að félags- og flokkakerfið sem að þessu stendur er ónýtt að því leytinu til, að skoðanir þess eiga ekkert skylt við þær skoðanir sem bærast út um hið víða og breiða land. Fyrir vikið verður niðurstaðan af þessu tagi. Ég fullyrði að þetta frv. mun valda óánægju í dreifbýli og fyrirlitningu í þéttbýli. Þannig er til þessa leiks stofnað og þeir sem að honum hafa staðið verða að skilja að þeir munu auðvitað ekki uppskera öðruvísi en

til hefur verið sáð. Þetta er frv. utan um ekki neitt. Það er þessi venjulegi friður hér innan húss sem er eins og alltaf friður gegn fólkinu í landinu.

Herra forseti. Ég hef lýst afstöðu minni til þessa frv. Ég er andvígur því. Ég hef lýst því einnig, að ég mun freista þess að flytja við það allmargar brtt. sem auðvitað eru í anda þeirrar stefnu sem Bandalag jafnaðarmanna hefur mótað. Ég geri mér varla vonir um að það nái mjög langt að þessu sinni og á þessu þingi. En einhvern veginn segir mér svo hugur um, að fráhlaupin séu byrjuð í fjórflokkakerfinu og þeir standi ekki jafngallharðir saman eins og þeir fjórmenningar gáfu í skyn þegar þeir töltu hér í ræðustólinn hver á fætur öðrum áðan. Ég hygg að með einhverjum hv. alþm. bærist sú sæmilega hugsun, að svona blekkingarleik sé ekki hægt að leyfa sér frammi fyrir fólkinu í þessu landi. Þetta frv. er til þess eins flutt að sýna þjóðinni að flokkakerfið geti nú sitthvað, þeir geti komið sér saman, þeir geti náð samkomulagi og komist að niðurstöðu. En hvaða niðurstöðu, herra forseti? Niðurstöðu um ekki neitt. Það er það sem er málið. Þetta frv. er frv. um fjölgun alþm. um þrjá og ekkert annað. Þegar af þeirri ástæðu, þar sem ekki er snert á neinum öðrum hluta þessa máls, er ég andvígur því. Ég er mjög andvígur því. — [Fundarhlé.]

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. er ekkert venjulegt mál. Það sem hér liggur fyrir er frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Flm. eru formenn þriggja stjórnmálaflokka og varaformaður eins stjórnmálaflokks.

Þegar flutt er þvílíkt stórmál sem hér um ræðir er það að mínu mati, herra forseti, alger lágmarkskrafa af hálfu þm. að hér séu viðstaddir flm. málsins, ella sé ég lítinn tilgang í því að halda umr. áfram, og óska því eindregið eftir því að gerðar verði ráðstafanir til að þeir mæti hér og hlýði á umr. Ég mun gera hlé á máli mínu þangað til við þeim óskum verður orðið. (**Forseti:** Einn hv. flm. er ekki í húsinu. Það er alveg þýðingarlaust fyrir hv. ræðumann að ætlast til þess að allir séu mættir hérna. Við því verður ekki orðið. Hann getur þess vegna staðið þarna eins lengi og hann óskar.) Það látum við gott heita að sinni, herra forseti, enda þrír flm. mættir til leiks.

Aðalatriði þessa frv. eru tvö. Þau eru um fjölgun þm. um þrjá og um rýmkun kosningarréttar, þannig að nú skuli allir sem eru 18 ára eða eldri, í stað 20 ára áður, fá kosningarrétt. Annað er það ekki.

Þrátt fyrir mikið starf stjórnarskrárnefndar á undanförnum árum við heildarendurskoðun stjórnarskrár eru í þessu frv. engar aðrar tillögur gerðar um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Það verður að teljast rýr eftirtekja. Hvers vegna er það svo? Því er borið við, að þjóðin verði að fá ráðrúm til þess að fjalla um þær tillögur sem fram hafa verið lagðar um hina almennu endurskoðun stjórnarskrárinnar. Því er til að svara, að stjórnarskrá hefur verið í endurskoðun á vegum margra stjórnarskrárnefnda áratugum saman. Allar þær hugmyndir, allar þær tillögur sem fram hafa verið settar um hina almennu endurskoðun eru í raun og veru gamalkunnar og hafa gengið aftur í íslenskri þjóðmálaumræðu árum saman, flestar þeirra. Ekki hefur þess orðið vart, að gerðar hafi verið af hálfu hinna ýmsu samtaka sérstakar kröfur um það að mál hljóti nú að tefjast af þeim sökum. En ef ástæða er til að ætla að þjóðin þurfi lengri umhugsunartíma til að fjalla um hina almennu endurskoðun stjórnarskrárinnar, þá má spyrja: Hvers vegna þarf þjóðin þá ekki að vera tilkvödd í þessu máli, sem varðar þó hvorki meira né minna en grundvallarpólitísk mannréttindi hennar, þ. e. kosningarréttarmál? Sé ástæða til þess að gefa þjóðinni lengri tíma til umræðna um hina almennu endurskoðun stjórnarskrárinnar sýnist rétt að það gildi um endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild og þá kosningarréttarmálið líka.

Þessu frv. fylgja þrenn fskj. Í fyrsta lagi drög að frv. til l. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis ásamt grg. og fskj. Þetta er í raun og veru aðalatriði þess máls sem hér er flutt, en er þó raunverulega ekki í frv. heldur í fskj. og kemur því til kasta nýs þings að loknum kosningum að fjalla um það. Í annan stað fylgja þessu frv. drög að frv. til l. um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar ásamt grg. og í þriðja lagi skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrár frá því í jan. 1983. Ljóst er að öll þessi mál koma til umfjöllunar næsta þings að loknum næstu kosningum og eru því hér einungis sem fskj., en varla að heitið geti að þau séu hér til umr., enda kemur það til kasta annars þings að afgreiða það eða taka um það ákvarðanir. Auk þess liggur fyrir í grg. þessa frv. yfirlýsing, fáein orð á blaði um að flokkarnir muni beita sér fyrir auknu sjálfsforræði sveitarfélaga sem og sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna, þar sem mismununar gætir vegna búsetu.

Þetta er allt og sumt sem formenn stjórnmálaflokkanna og meiri hluti þingflokkanna hefur komið sér saman um að gera í stjórnarskrármálum eftir margra mánaða þrotlaust starf og samningaumleitanir. Slík niðurstaða hlýtur óneitanlega að valda verulegum vonbrigðum. Ég hlýt að nota tækifærið og skýra frá því að það var eindreginn vilji þingflokks Alþfl. að fleiri atriði og nýmæli úr tillögum stjórnarskrárnefndar varðandi endurskoðun stjórnarskrár yrðu hér með í þessari afgreiðslu mála. Þeirri ósk var hins vegar hafnað af öðrum flokkum.

Það var hinn 6. maí 1978 sem Alþingi ályktaði að tilnefna níu menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnmálaflokka sem fulltrúa áttu á Alþingi. Með erindisbréfi var nefndinni falið að skila álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrár og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög. Þetta bendir til þess að þá hafi vakað fyrir Alþingi að um heildarendurskoðun yrði að ræða. Nefndin hefur skilað til þingflokkanna fjórum skýrslum, þ. á m. skýrslu um heildarendurskoðun stjórnarskrár og sérstakri skýrslu um kjördæmamál. Eftir er í hennar starfi að skila tillögum um endurskoðun á skipulagi og starfsháttum Alþingis.

Í tillögum stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrár í heild er að finna fjölmörg nýmæli sem lengi hafa verið á dagskrá með þjóðinni. Sum þeirra eru þýðingarmeiri en önnur. Meðal þeirra þýðingarmestu má nefna tillögur um gagngerar umbætur á störfum Alþingis, t. d. að Alþingi skuli framvegis starfa í einni deild, en jafnframt þeirri breytingu komi til aukið vald og verksvið þingnefnda, þannig að stærri hluti af starfi þingsins fari fram í nefndum og þeim verði falið í ríkari

mæli en verið hefur eftirlitsstarf með framkvæmd lagasetningar á vegum framkvæmdavaldsins.

Meðal nýmæla í tillögum stjórnarskrárnefndar er að þingrofsrétturinn færist frá forsrh. og ríkisstj. til meiri hl. Alþingis og að heimild ríkisstj. til útgáfu brbl. verði verulega þrengd frá því sem nú er, auk þess sem einn flokkur, Alþfl., hefur lagt fram till. um að heimild ríkisstj. og réttur til útgáfu brbl. verði með öllu afnuminn. Allt eru þetta mjög þýðingarmikil nýmæli sem öll beinast að einu markmiði: Því að auka sjálfstæði löggjafarsamkomunnar, löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu. Í tillögum stjórnarskrárnefndar er líka að finna ítarlegri mannréttindaákvæði. Ég nefni aðeins tvö, bann við afturvirkni skattalaga og um umboðsmann Alþingis, sem einnig hlýtur að teljast mikilvægt mannréttindaákvæði, þar sem almenningur getur leitað til slíks embættismanns með umkvartanir um afgreiðslu mála á vegum framkvæmdavaldsins. Þá er þar að finna ákvæði um heimild til þjóðaratkvgr. og ný ákvæði um það hvernig stjórnarskrá verði breytt í framtíðinni, m. ö. o. slík breyting leiði til þess að efnt verði til þjóðaratkvgr., auk þess sem hana þurfi að samþykkja á tveimur þingum.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi af fjölmörgum nýmælum í tillögum stjórnarskrárnefndar, sem lúta að styrkingu löggjafarvaldsins og auknum réttindum þegnanna. Ekki eina einustu af þessum till. er að finna í því frv. sem hér liggur fyrir. Þar með er ljóst að stjórnmálaflokkarnir eða meiri hluti þeirra kýs að fresta afgreiðslu stjórnarskrármálsins. Hversu lengi er ekki vitað, eitt kjörtímabil, tvö kjörtímabil, um það er ekki unnt að fullyrða á þessu stigi.

Þetta hlýtur að vekja upp alvarlega spurningu. Er það þess virði að efna til breytinga á stjórnarskrá og þar með talið hugsanlega endurtekinna kosninga, í því þjóðfélagsástandi sem nú ríkir, af því tilefni einu saman að nauðsynlegt sé að fjölga þm. og færa kosningarréttinn niður í 18 ár? Væri þá ekki nær að fresta málinu í heild úr því að tilefnið er ekki brýnna? Ef brýnt þykir að breyta kosningatilhögun, og það vefengi ég ekki, er þá ekki sá kostur fyrir hendi að takmarka það við þær breytingar sem unnt er að gera með breytingum á kosningalögunum einum, án þess að lagt sé út í stjórnarskrárbreytingu með þeim afleiðingum sem það hefur, þ. á m. hugsanlega tvennum kosningum?

Það er unnt að ná sambærilegum árangri að því er varðar kosningarréttarmál, þ. e. í leiðréttingu þess hróplega misvægis í atkvæðarétti sem nú er, án þess að breyta kjördæmaskipun, án þess að fjölga þm. og samt tryggja það með sérstöku ákvæði í kosningalögum að ríkjandi misvægi verði síðar meir leiðrétt í áföngum, eftir því sem búsetuþróun gefur tilefni til við hverjar kosningar. Allt þetta er unnt að gera, án þess að efna til sérstakrar stjórnarskrárbreytingar. Að því mun ég víkja betur síðar.

Í fyrstu skýrslu stjórnarskrárnefndar segir að nefndarmenn hafi rætt hugsanlegar breytingar á kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi út frá því sjónarmiði að þær fullnægi eftirtöldum þremur meginskilyrðum:

1. Að þær stuðli að auknu jafnvægi atkvæðisréttar kjósenda milli kjördæma, án tillits til búsetu.
2. Að þær stuðli að auknu jafnræði milli flokka hvað varðar atkvæðamagn að baki hverjum þm.
3. Að réttur kjósenda til persónukjörs verði aukinn.

Allar tillögur í kjördæmamálinu ber að mínu mati að vega á þennan mælikvarða. Þær tillögur sem hér liggja fyrir standast illa það próf. Ljóst er að það er fyrst og fremst annað markmið, nr. 2, þ. e. að auka jafnræðið milli flokka, sem hér hefur hlotið forgang. Eftir sem áður er gert ráð fyrir verulegu misvægi atkvæða landsmanna eftir því hvar þeir eru búsettir á landinu. Samt sem áður verður að rifja það upp að megintilefni þess, það sem knúði Alþingi til þess að hefjast á ný handa um endurskoðun stjórnarskrármálsins, var fyrst og fremst krafan um það, að hið hróplega mikla og vaxandi misvægi atkvæðisréttar, sem við nú búum við, verði leiðrétt. Niðurstaðan er sú, að ekki næst meiri árangur í jafnréttisátt, svo að orð sé á gerandi, en þegar hafði náðst árið 1959, fyrir rúmum tveimur áratugum, tæpum aldarfjórðungi, þannig að mismunur milli vægis atkvæða verður áfram um það bil 1:2.6. Sú skipan er enn staðfest að um 60% kjósenda eigi aðeins að kjósa 29 þm. af 63 eða vel innan við helming þm., m. ö. o., sú skipan er staðfest með þessu frv. að minni hluta þjóðarinnar, um 40%, eigi áfram að vera tryggður meiri hluti á löggjafarsamkomunni.

En það sem verra er, ætlunin er að halda áfram að stjórnarskrárbinda þetta misvægi atkvæðisréttar. Það er ekki nóg með að hér sé gert ráð fyrir að halda áfram misréttinu, heldur er það fastmælum bundið að binda það með varanlegum hætti í stjórnarskrá. Sá meiri hluti þm. sem ákveður að svona skuli þetta vera samanstendur af þm. sem minni hluti þjóðarinnar hefur kosið.

Þá sýnist mér einnig mikið vanta á að um raunhæf áhrif kjósenda á val frambjóðenda á listum sé að ræða. Ég get ekki látið hjá líða í þessu samhengi að minna á að í tillögum stjórnarskrárnefndar í kjördæmamálinu er bent á leiðir, sem tryggja öllum þegnum ríkisins þau grundvallarmannréttindi lýðræðislegrar stjórnskipunar, sem fólgin eru í jöfnum atkvæðisrétti án tillits til búsetu, stéttar, efnahags, kynferðis eða annarra félagslegra þátta og án fjölgunar þm. Þetta er hin gamla tillaga Alþfl. í stjórnarskrármálum um að landið sé eitt kjördæmi. Hún var sett fram í stjórnarskrárnefnd af okkur dr. Gylfa Þ. Gíslasyni, fulltrúum Alþfl. í nefndinni.

Það er alveg ljóst að sú till. nýtur ekki stuðnings hér á hv. Alþingi eða meðal þingflokkanna. Hins vegar benda skoðanakannanir og umr. í þjóðfélaginu til þess að þeirri till. hafi mjög vaxið fylgi með þjóðinni. Ég nefni þessa leið fyrst og fremst til þess að minna á að fram hafa verið lagðar tillögur í kjördæmamálinu, sem virða grundvallarregluna: einn maður — eitt atkv., og þær tillögur eru framkvæmanlegar. Hitt er svo aftur á móti pólitísk staðreynd, að fyrir þeim er ekki meirihlutavilji á Alþingi. Það er margt sem bendir til þess að í kosningarréttarmálum sé upp kominn alvarlegur árekstur milli meiri hluta þjóðarinnar og meiri hluta þings.

Það er ljóst að þessar tillögur, sem hér liggja fyrir í kjördæmamáli, eru málamiðlun. Þær eru tilraun til þess að leysa því sem næst óleysanlega þraut. Hér á Alþingi er mikill meiri hluti þm. sem kosnir eru í krafti atkv. sem vega mun þyngra, allt að því fimm sinnum þyngra í almennum kosningum en atkv. annarra. Þessi meiri hluti vill áfram viðhalda sinni meirihlutaaðstöðu, og krefst þess því að ekki megi fækka þm. í neinu hinna fámennari kjördæma hvað svo sem búsetuþróun þjóðarinnar líður.

Í öðru lagi, tillögur um breytingar á kjördæmaskipuninni sjálfri, sem auðveldað gætu lausn málsins, eiga ekki heldur fylgi að fagna á Alþingi. Þá er aðeins eftir ein leið til þess að jafna atkvæðisréttinn að nokkru, fjölgun þm. Mikil og vaxandi andstaða í þjóðfélaginu gegn þeirri lausn veldur því hins vegar, að þeir flokkar sem tilbúnir voru að ganga lengst í þessu efni samkv. yfirlýstum samþykktum sínum létu undan síga í þeirri afstöðu fyrir sterku almenningsáliti. Innan þessara þröngu marka hefur þessi málamiðlun náðst og má heita að vera því sem næst óleysanleg þraut. Niðurstaðan er sú, að sá áfangi sem menn bjuggust við að ná við þessa endurskoðun, að því er varðar leiðréttingu atkvæðamisréttis, er of smár.

Þetta staðfestir hversu óeðlilegt og óviðeigandi það er að þm., sem margir hverjir eiga endurkjör sitt undir margföldu misvægi atkvæðisréttar, skuli hafa síðasta orðið um breytingar á kjördæmaskipan, kosningalögum og almennum reglum um úthlutun þingsæta. Eðlilegra væri að þjóðin sjálf hefði hér síðasta orðið með almennri þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar ítarlegrar umræðu með þjóðinni allri og fyrir opnum tjöldum. Ein af tillögum stjórnarskrárnefndar er einmitt um það að framvegis skuli leita til þjóðarinnar sjálfrar í þjóðaratkvgr. við endurskoðun stjórnarskrár.

Staða málsins er þó þessi: Meiri hl. þm., sem kosinn er af minni hl. þjóðarinnar og er hugsanlega á öndverðum meiði við meiri hluta vilja þjóðarinnar, ætlast til þess að fulltrúar þjóðarmeirihlutans sætti sig við það að umbjóðendur þeirra skuli áfram flokkaðir sem annars flokks borgarar, þegar kemur að grundvallarmannréttindum um pólitísk áhrif í þjóðfélaginu. En ekki nóg með það. Það er ekki nóg með að þeir hafi komið sér saman um framhald misréttisins, heldur leggja þeir fram tillögur um að misréttið skuli með varanlegum hætti bundið í stjórnarskrá lýðveldisins. Þar er of langt gengið. Svar mitt við því er einfalt. Það er til of mikils mælst.

Ég er andvígur fjölgun þm. Þeirri skoðun minni hef ég lýst ítrekað í umr. innan stjórnarskrárnefndar og í ræðu og riti um þetta mál. Starf Alþingis og alþm. er þess eðlis, að fjölgun þm. auðveldar ekki lausn á neinum þeim vanda sem við er að etja í þjóðfélaginu. Fyrir því má færa rök að bætt starfsaðstaða þm. og bættir starfshættir þingsins, en með því á ég einkum við greiðari aðgang þm. að sérfræðilegri ráðgjöf á sviði löggjafar og ýmissa tæknilegra mála, gæti auðveldað þeim störfin og skilað raunverulegum árangri með bættri löggjöf og skynsamlegri niðurstöðum í þingstörfum. En fjölgun þm. leysir engan vanda nema þá hugsanlega þm. sjálfra, en hlutverk þeirra á að vera að leysa vandamál en ekki að vera vandamál.

Auk alls þessa fullyrði ég, enda liggur það fyrir, að unnt er að ná sambærilegum árangri að því er varðar leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar án fjölgunar þm. Það er bitamunur en ekki fjár hvort misvægið skuli áfram vera 1:2.15 eða 1:2.56. Samkv. tillögum stjórnarskrárnefndar, sem þar gengu undir auðkenninu A3 eða A4, er unnt að ná þessu markmiði án fjölgunar þm. Meiri hl. landsbyggðarþm., sem kosinn yrði af minni hl. þjóðarinnar, er samkv. þessum till. áfram líklega fimm þm., en fjórir samkv. þeim till. sem hér liggja fyrir. Það er líka bitamunur en ekki fjár. Kjarnaspurningin sýnist mér vera þessi:

Við skulum ganga út frá því sem pólitískri staðreynd, að meiri leiðrétting á misvægi atkvæðisréttar sé ekki unnt að ná samkomulagi um hér og nú á Alþingi, ekki í þessum áfanga. Þá er spurningin: Getur meiri hl. þjóðarinnar sætt sig við slíka málamiðlun? Það er hugsanlegt að svara þeirri spurningu játandi, en a. m. k. með einu skilyrði. Það skilyrði er þetta: Að um leið verði bundið í stjórnarskrá ákvæði, sem fæli í sér sjálfvirka leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar eftir búsetuþróun í áföngum, fyrir hverjar kosningar í framtíðinni, eða að slík ákvæði verði ella í kosningalögum. Því er haldið fram, að í þeim drögum að breyttum kosningalögum sem fylgja þessu stjórnarskrárfrv. í fskj. sé slíka leiðréttingu að finna. Ég tel að sú fullyrðing standist ekki nema að afar litlu leyti. Staðreynd er það, að í stjórnarskrá er bundinn sá lágmarksfjöldi þingsæta sem um er að ræða í fámennustu kjördæmunum, þannig að þótt átta sætum sé úthlutað samkv. fyrri úrslitum, þ. e. fyrir fram, og þar verði tekið tillit til búsetuþróunar, þá geta þær í reynd einungis þýtt tilfærslu þingsæta milli fjölmennustu kjördæmanna og í reynd einungis milli Reykjavíkur og Reykjaness. Það er því ekki rétt að þarna sé um að ræða leiðréttingarákvæði sem brúklegt sé.

Ég endurtek: Ég tel það vera lágmarksskilyrði fyrir slíkri málamiðlun að sjálfvirkt leiðréttingarákvæði verði um leið bundið í stjórnarskrá, þannig að leiðréttingin verði í áföngum, eða tekið út úr stjórnarskrá ella. Það er naumast viðunandi að biðja meiri hluta þjóðarinnar að sætta sig við það að fá enga leiðréttingu mála umfram þá sem náðist þegar árið 1959 og jafnframt að það misrétti skuli með varanlegum hætti bundið í stjórnarskrá. Það tel ég ekki koma til greina. Það tel ég vera svo ósanngjarna kröfu, að ekki verði til þess ætlast að við henni verði orðið. Þess vegna er tvennt í þessu efni. Í fyrsta lagi kemur til álita að þau ákvæði 1. gr., þ. e. 31. gr., sem gerir ráð fyrir að bundin verði í stjórnarskrá lágmarkstala þm. í hverju kjördæmi, verði numin brott. Þá verður hins vegar að játa að lítið er eftir af þessu frv., þ. e. aðeins ákvæðið um niðurfærslu kosningarréttar í 18 ár. Í staðinn verði ákvæði þessa efnis að finna í kosningalögum alveg eins og hér er gert ráð fyrir, að sú aðferð sem beita á við skiptingu þingsæta milli flokka, þ. e. svokölluð meðaltalsaðferð, sé aðeins ákveðin í kosningalögum. Því er haldið fram, að meðaltalsaðferðin sé til verulegra bóta umfram reglu d'Hondts, sem í gildi hefur verið til þessa, einkum til þess að tryggja jafnræði milli flokka. Þetta á m. ö. o. að vera helsti ávinningur þeirra kosningalaga sem fylgja frv. í fskj. Samt er sú aðferð ekki stjórnarskrárbundin. Það er ekki kveðið á um hana í ákvæðum þeirra stjórnarskrártillagna sem hér liggja fyrir. Það þýðir að unnt verður að breyta þessari aðferð með einföldum meiri hl. á Alþingi, jafnvel þegar eftir næstu kosningar, ef meiri hl. Alþingis svo kýs. Þá spyr maður: Úr því að aðferðin sem á að vera helsti ávinningurinn er ekki stjórnarskrárbundin, hvers vegna er þá verið að stjórnarskrárbinda misrétti atkvæðisréttar í þessum tillögum?

Annar kostur gæti verið sá, að bætt verði nýju ákvæði inn í þessar stjórnarskrártillögur, sem kveði á um það að fyrir hverjar kosningar framvegis skuli endurskoða skiptingu þingsæta miðað við búsetuþróun sem orðið hefur á kjörtímabilinu, með það að markmiði að fullum jöfnuði atkvæðisréttar verði að lokum náð. Slík ákvæði

er að finna ýmist í stjórnarskrám eða kosningalögum flestra nágrannaríkja okkar. Upplýsingar um það má finna í sérstakri álitsgerð frá stjórnarskrárnefnd um þetta mál sem dags. er 1. apríl 1982. Þar segir t. d. um Danmörku:

„Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi er endurskoðaður af innanríkisráðuneytinu á 10 ára fresti eftir að manntal hefur verið tekið."

Um Svíþjóð segir: „Í nýju sænsku stjórnarskránni segir að kjördæmakjörin þingsæti skiptist milli kjördæma á grundvelli útreiknings hlutfallsins milli kjósendafjölda í hverju kjördæmi og kjósendafjölda í landinu öllu. Er það reiknað út þriðja hvert ár fyrir hverjar kosningar."

Í Finnlandi háttar svo til, að þar eru ítarleg ákvæði um kjördæmi, kjördag og framkvæmd kosninga einungis sett í lögum, þannig að einfaldur þingmeirihluti dugar til þess að breyta fjölda þingsæta í kjördæmum eftir búsetuþróun fyrir hverjar kosningar. Í Vestur-Þýskalandi er slík ákvæði að finna í kosningalögum. Í Belgíu er slík ákvæði að finna í stjórnarskrá. Eina landið sem hér er fjallað um þar sem svipað hagar til og hér, þ. e. fjöldi þm. er stjórnarskrárbundinn í hverju kjördæmi, er Noregur.

Að mínu mati verður það að teljast í meira lagi hæpið í ríki, sem vill viðhafa lýðræðislega meirihlutastjórn að meginreglu, að jafnvel minni hlutinn sjálfur geti ákveðið leikreglur, sem feli það í sér að að staðaldri skuli minni hlutinn ráða. Alla vega þykir mér einsýnt að sé ákvörðun um þetta efni tekin af minni hluta þjóðarinnar samrýmist það illa grundvallarhugmyndum manna um lýðræðislega stjórnskipun. Ég tel það þess vegna siðferðilega skyldu alþm. að bera þetta mál undir dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvgr. Samþykki meiri hluti þjóðarinnar þessa skipan, þá er ljóst að taka beri hana upp. Vilji meiri hlutinn sætta sig við það að sinni, gegn því að misréttinu verði eytt í áföngum í krafti slíks endurskoðunarákvæðis stjórnarskrár, sem ég hef nefnt, fyrir hverjar næstu kosningar, þá er sjálfsagt að una því.

Í umr. um misvægi atkvæðisréttar, sem var upphafið og kveikjan að tilraunum manna til endurskoðunar stjórnarskrármálsins í heild, er oft vísað til þess að félagslegur aðstöðumunur þegnanna sé slíkur, að það réttlæti misvægi atkvæðisréttar. Af þessu tilefni hafa margir menn orðið til þess að vara við því, að þjóðin skiptist í tvær andstæðar fylkingar milli þéttbýlis og dreifbýlis í hatrömmum deilum um sjálf grundvallaratriði stjórnarskipunar og pólitískra mannréttinda. Ég tel að röksemdir af því tagi að misvægi atkvæðisréttar megi réttlæta vegna pólitísks eða félagslegs aðstöðumunar fái ekki staðist.

Í fyrsta lagi geta menn endalaust deilt um það hverjir eru kostir eða gallar þess að búa í þéttbýli eða dreifbýli. Það dæmi verður seint gert upp svo að endanlegt sé. Auðvitað er það svo, að hægt er að tíunda dæmi á báða bóga um aðstöðumun í ýmsum efnum. Þó hygg ég að ekki liggi fyrir nein úttekt, neinar niðurstöður, sem óyggjandi geti talist, um það á hvorn veginn hallar, ef menn vilja meta þetta á reiknistokk kostnaðar og útgjalda. Enda er kjarni málsins sá, að um þetta getur málið ekki snúist. Menn eru hér að bera saman ósambærilega hluti. Auðvitað er í fullu gildi öll pólitísk viðleitni manna til þess að jafna aðstöðumun í þjóðfélaginu, þó svo sá aðstöðumunur verði aldrei endanlega jafnaður. Auðvitað á slík pólitísk barátta fullan rétt á sér, en þá pólitísku baráttu verður að heyja samkv. þeim leikreglum sem lýðræðið kveður á um, að menn gangi til þess leiks með jöfnum rétti til áhrifa. Það er með öllu óviðunandi og fornaldarsjónarmið að binda í stjórnarskrá ákvæði af því tagi sem flokka borgarana í ólíka gæðaflokka eftir einhverjum tilbúnum verðskuldunarmælikvörðum.

Við þekkjum það úr sögunni að sú var tíð að þeir einir þóttu bærir til þess að hafa óskertan og fullan atkvæðisrétt sem eitthvað áttu undir sér í þjóðfélaginu, sem meira áttu undir sér en aðrir. Atkvæðisrétturinn var bundinn eignum, efnahag o. s. frv. Það er ekki svo ýkjalangt síðan að ekki þótti við hæfi í ýmsum þjóðfélögum Evrópu að konur nytu fulls atkvæðisréttar. Ég hefði haldið að slík sjónarmið tilheyrðu liðinni tíð. Ég átti satt að segja ekki von á því að það hvarflaði að neinum manni að verja slíkar skoðanir, jafnvel ekki þó að dæminu sé snúið við og á það litið með öfugum formerkjum, þ. e. þeim rökum sé haldið fram, að þeir aðilar þjóðfélagsins, sem taldir eru njóta verri aðstöðu að einhverju leyti, ættu þess vegna að fá það bætt með auknum atkvæðisrétti. Ég endurtek: hér er verið að bera saman ósambærilega hluti, annars vegar atkvæðisréttinn, leikreglurnar sjálfar, sem samkv. öllum lýðræðislegum hugmyndum eiga að vera jafnar, allir þegnar ríkisins eiga að sitja þar við sama borð, og svo hins vegar pólitísk markmið, pólitískar stefnuyfirlýsingar, pólitíska baráttu, sem miðar að því að jafna félagslegan aðstöðumun.

Ef þessi röksemdafærsla um mismunandi félagslegar aðstæður væri leidd til rökréttrar niðurstöðu sjá menn í hendi sér hversu fjarstæðukennd hún er. Það er hægt að færa fyrir því gild rök, að félagsleg aðstaða manna innan eins og sama kjördæmis er ólík, munurinn er meiri innan eins og sama kjördæmis heldur en milli þéttbýlis á landsbyggðinni annars vegar og þéttbýlis hér á suðvesturhorni landsins hins vegar. Félagsleg aðstaða bónda, sem býr afskekkt, er öll önnur en þeirra sem njóta félagslegrar þjónustu í þéttbýliskjörnunum innan sama kjördæmis. Þessi röksemdafærsla endar með því að menn verða að fara að vega og meta félagslega aðstöðu hvers einasta einstaklings og úthluta honum atkvæðavægi eftir því. M. ö. o., röksemdafærslan endar í fjarstæðu, endar með því að menn verða að fara að draga þegnana í dilka eftir einhverjum meira eða minna vafasömum verðleikamælingum.

Það er að mínu mati viðurkennd og viðtekin skoðun að þm. eiga að setja þjóðinni almenn lagafyrirmæli, almennar leikreglur sem nái til allra. Sér í lagi hlýtur það að eiga við um stjórnarskrá ríkisins. Hún tryggi öllum þegnum ríkisins, án tillits til óendanlegra mælinga á mismunandi þjóðfélagsstöðu, eða aðstöðu, sama pólitíska rétt. Það er einfaldlega grundvallaratriði lýðræðislegrar stjórnskipunar.

Því má út af fyrir sig halda fram, að þar sem við Íslendingar höfum með undirskrift okkar staðfest mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, þá séum við siðferðilega skuldbundnir til að virða þessar grundvallarreglur í okkar stjórnskipunarlögum. Í 21. gr. þeirrar mannréttindayfirlýsingar segir svo, með leyfi forseta:

„Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstj. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum,

óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvgr. viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði.“

Samkv. þessu er íslenska ríkið siðferðilega skylt að laga löggjöf sína að þessari mannréttindayfirlýsingu. Í samræmi við það hefur verið reynt í starfi stjórnarskrárnefndar að taka mið af mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingu Evrópuráðsins, sem íslenska ríkið á aðild að, við framsetningu þeirra mannréttindaákvæða og þeirra nýmæla í þeim efnum sem sett hafa verið inn í stjórnarskrá.

Sum ríki í Vestur-Evrópu fara þessa leið, þ. e. binda í stjórnarskrá ákvæði um jafnan atkvæðisrétt. Önnur ríki Vestur-Evrópu hafa þessa reglu í heiðri þó að hún sé ekki fastmælum bundin berum orðum í stjórnarskrá. Út frá öllum þessum röksemdum er það niðurstaða mín að ekki sé með nokkru móti hægt að fallast á þá skoðun eða þá till. að misrétti þegnanna að því er varðar atkvæðisrétt skuli bundið í stjórnarskrá með varanlegum hætti.

Af þessu tilefni leyfi ég mér að minna á þá sögulegu staðreynd, að það er einhver glæsilegasti þátturinn í baráttusögu Alþfl. fyrir auknum mannréttindum í þessu þjóðfélagi að berjast fyrir jöfnum atkvæðisrétti allra þegna ríkisins. Allt frá því að Héðinn Valdimarsson flutti fyrst hér á hv. Alþingi till. Alþfl. um landið — eitt kjördæmi samkv. hlutfallskosningum árið 1927 hefur það verið stefna flokksins að berjast fyrir jöfnum atkvæðisrétti án tillits til efnahags, búsetu, kynferðis eða annars aðstöðumunar í þjóðfélaginu. Þetta hefur verið rauði þráðurinn í mannréttindabaráttu Alþfl. alla tíð og einhver glæsilegasti kaflinn í sögu hans.

Þetta breytir að sjálfsögðu engu um það að kröfum þjóðfélagsþegnanna um jöfnun á félagslegu misrétti, ber auðvitað að svara og þær ber að taka alvarlega. En svarið er ekki fólgið í því að versla með grundvallarmannréttindi eins og atkvæðisréttinn. Svarið hlýtur að vera fólgið í því að færa vald og ákvörðunarrétt sem næst fólkinu sjálfu. Svarið við kröfum um jafnari félagslega aðstöðu er einmitt í því fólgið að færa fjármuni, vald og ákvörðunarrétt yfir málefnum fólks til sveitarstjórna eða samtaka þeirra, frá miðstjórnarvaldi ríkisins. Þetta er sú leið sem fara ber í stað þess að ætla að bæta mönnum slíkt upp með misjöfnum atkvæðisrétti.

Ég vil í þessu efni minna á t. d. þáltill. sem þm. Alþfl. undir forustu hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar fluttu hér á síðasta þingi um þetta mál, þar sem var till. til þál. um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga. Það er sú leið sem fara ber. Það er svarið við þessu tali um að bæta eigi mönnum upp félagslegan aðstöðumun með því að vega atkvæðisrétt manna misjafnlega eftir annarlegum sjónarmiðum. Í þeirri till. felst að að því beri að stefna að sameina sveitarfélög, efla þau og styrkja, stækka þau, gera þau fjárhagslega sjálfstæð, fela þeim vald til að ákveða gjaldskrá sinna eigin þjónustustofnana og yfirleitt gera þeim kleift að taka ákvarðanir um ráðstöfun fjár, og þá öflun fjár í því skyni, til þess að sveitarstjórnirnar og samtök þeirra verði ekki í þeim mæli sem nú er háð afgreiðslu Alþingis eða miðstjórnarvaldsins í höfuðborginni. Það er sú leið sem fara ber í staðinn.

Í þessum umr. hefur verið bent á nýjar patentlausnir sem eigi að höggva á þennan Gordionshnút. Þar er um að ræða þál. hv. 4. þm. Reykv., formanns Bandalags jafnaðarmanna, þar sem því er vísað til stjórnarskrárnefndar að flytja hér frv. til stjórnskipunarlaga, sem feli í sér að æðsti handhafi framkvæmdavaldsins, forsrh., verði kosinn beinni kosningu á grundvelli reglunnar einn maður — eitt atkvæði. En á sama tíma verði hins vegar sæst á það að óbreytt skipan ríki að því er varðar kosningar til Alþingis. M. ö. o., till. gerir ráð fyrir því að breyta engu að því er varðar kosningar til Alþingis, sætta sig við margfalt misvægi atkvæðisréttar í kosningum til löggjafarþingsins, sem full ástæða er til að ætla að muni fara enn vaxandi frá því sem það þó nú er. Engu að síður er ekki gert ráð fyrir því að afnema þingræðið. Forsrh., sem kjörinn yrði í beinni kosningu, yrði eftir sem áður að leita eftir meirihlutafylgi þings, sem kosið er með allt öðrum hætti, fyrir þeim tillögum, fyrir þeirri löggjöf sem hann óhjákvæmilega þarf að ná fram. Það er gert ráð fyrir því eftir sem áður, a. m. k. að forminu til, að þingræðið verði ekki afnumið. Alþingi á eftir sem áður að hafa fjárveitingavald, réttinn til þess að kveða á um útgjöld ríkisins í fjárlögum og lánsfjárlögum.

Þetta er sú till. sem hér hefur verið lögð fram, ákaflega einföld, kennd við franskt kerfi, og það er boðað með miklum ákafa að þetta sé sú till., sú patentlausn sem geti leyst vandann. Ég tel þessa till. í ýmsum atriðum vera misskilning á því sem kallað er franskt kerfi, vegna þess hversu ólíkum hlutum er þar saman að jafna bæði að því er varðar kosningaaðferðir og flokkaskipan, sérstaklega þá það að í Frakklandi er kosið með sama hætti og með sama kosningarréttarvægi til bæði framkvæmdavalds og þings. Og fleira er þar ólíkt. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er þessi: Til hvaða niðurstöðu er líklegast að þessi skipan mundi leiða? Flm. sjálfur viðurkennir að yfirgnæfandi líkur hljóti að vera á því að hinn þjóðkjörni forsrh., kosinn samkv. reglunni einn maður — eitt atkvæði, muni reynast verða fulltrúi meiri hluta þjóðarinnar, sem í þéttbýli býr, enda kosinn með sama hætti og nú gildir um forseta ríkisins. Á móti honum kæmi hins vegar Alþingi sem væri kosið með allt öðrum hætti. Við vitum að þrátt fyrir það að minni hluti þjóðarinnar er búsettur utan þessara tveggja kjördæma hér á suðvesturhorninu, þá er mikill meiri hluti þingsins úr hinum sex kjördæmunum. Þetta byggist á misvægi atkvæðisréttar, sem samkv. þessari till. á ekki einasta að vera óbreytt, heldur má gera ráð fyrir að fari enn vaxandi.

Hver er trúlegasta niðurstaðan af þessu kerfi? Langsamlega líklegasta niðurstaðan er auðvitað sú, að upp komi alger árekstur milli annars vegar framkvæmdavaldsins, forsrh. og þeirrar ríkisstj. sem hann skipar, og hins vegar þess meiri hluta sem á Alþingi situr. M. ö. o., líklegasta niðurstaða þessarar till. er sú, að það ástand sem við nú höfum haft fyrir augunum hér á hv. Alþingi allan s. l. vetur, þar sem situr forsrh. sem styðst ekki við meiri hluta þings og getur ekki komið fram málum, og annars vegar er um að ræða ekki þingmeirihluta en stjórnarandstöðu sem hefur ekki aðstöðu til að koma fram málum gegn vilja og valdi forsrh. og þess þinghluta sem hann styðst við. Við höfum í allan vetur haft fyrir augunum slíkt stjórnleysisástand. Þjóðin hefur horft á það með vaxandi andúð, tortryggni og skelfingu. Hér höfum við horft upp á lömun stjórnkerfis. Við höfum horft upp á getulaust Alþingi og við höfum horft upp á getulaust framkvæmdavald. Langsamlega líklegasta niðurstaðan,

ef þessi patentlausnartillaga yrði framkvæmd hér, yrði sú að gera þetta ástand, þetta forkostulega, hneykslanlega ástand að viðvarandi ástandi í ríkinu: algera lömun stjórnkerfisins. Það sem á að vera lausn er í raun og veru ekkert annað en till. að gera varanlegt það stjórnleysisástand sem nú er að ríða málefnum þjóðarinnar því sem næst að fullu.

Ég vek sérstaklega athygli á því, að samkv. þessum patentlausnartillögum er gert ráð fyrir því að kosningar til Alþingis verði enn og áfram samkvæmt óleiðréttu misvægi atkvæðisréttar. Engu að síður er viðurkennt að misvægi atkvæða, og þar með mismunandi geta byggðarlaga til þess að koma ár sinni fyrir borð gagnvart almannasjóðum, eins og segir í grg. með þáltill. hv. 4. þm. Reykv., þetta misvægi atkvæða eigi þyngsta sök á því sem varðar efnahagslega óstjórn lýðveldisins á undanförnum árum. Engu að síður er gerð till. um að það skuli halda áfram og engin tilraun gerð til að leiðrétta það. Að vísu á öllu að vera bjargað með því að rækileg skil verði gerð milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, með því að sjá um að alþm. sitji ekki í stjórnum þeirra stofnana sem úthluta lánsfé, t. d. banka, fjárfestingarlánasjóða og annarra slíkra. Það er lofsvert markmið, um það er enginn ágreiningur milli mín og hv. 4. þm. Reykv. Um það markmið erum við sammála og því markmiði er unnt að ná eftir allt öðrum leiðum. En það er um fleira að ræða en yfirráð yfir sjóðakerfi. Kjarni málsins er sá, að Alþingi hefur eftir sem áður fjárveitingavald, ekki aðeins löggjafarvald heldur einnig fjárveitingavald. Meiri hluti Alþingis mun eftir sem áður samkv. þessum tillögum ráða niðurstöðum að því er varðar fjárlög og lánsfjárlög, þ. e. alla þá ráðstöfun fjár sem beint er út til sjóðakerfisins, og mikið af þeim fjármunum sem sóttir eru til framkvæmda í hinum einstöku kjördæmum eru auðvitað sóttir til þessara laga, þ. e. fjárlaga og lánsfjárlaga eða annarra laga.

Nú er spurning: Ef hinn þjóðkjörni forsrh. og sjálfskipuð ríkisstj. hans vilja leggja fyrir Alþingi, sem kosið er eftir allt öðrum reglum og þar sem allt annar meiri hluti er ráðandi, lagafrv. eða afla sér lagaheimilda fyrir þeirri uppstokkun á efnahagskerfi og hagstjórn sem boðuð er, til hvers mundi það leiða? Það er auðvelt að ímynda sér að slíkur þjóðkjörinn forsrh., sem ekki styðst við meiri hluta á Alþingi, leggi fyrir Alþingi frv. um eilífðardeilumál í íslenskum efnahagsmálum. Mér verður fyrir að nefna t. d. verulega minnkun eða afnám stórfelldra niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðir eða afnám í áföngum á útflutningsbótum eða sjálfvirkum framlögum samkv. lögum til fjárfestingar í hefðbundnum atvinnugreinum. Það er hægt að hugsa sér ótal slíkar tillögur. Langsamlega líklegast er samkv. þessu kerfi að sá meiri hluti sem kosinn er á grundvelli áframhaldandi og vaxandi misvægis atkvæða standi hér fullkomlega í vegi fyrir því sem ríkisstj., sem kosin er með allt öðrum hætti og endurspeglar allt annan pólitískan vilja, vill fá fram.

Svarið við því á að vera að forsrh. geti skotið slíkum ágreiningsefnum milli þings og stjórnar undir þjóðaratkvgr. Það er út af fyrir sig lofsvert. Þjóðaratkvæðagreiðslum á að beita um stór deilumál, ef þau eru þess eðlis að hægt er að afgreiða þau í þjóðaratkvgr. með skýrum og einföldum, afdráttarlausum hætti. En ef kerfið á að vera þannig að einstök lagafrumvörp af þessu tagi, sem varða hagstjórn, sem varða skattamál, sem varða framlög til verklegra framkvæmda, eigi að fara undir þjóðaratkvgr., þá er hætt við því að niðurstaðan verði að þetta stjórnkerfi endi í lömun, endi í stjórnleysi, endi í töfum, verði svo óskilvirkt að það megi heita óvirkt.

Þessar tillögur um beina kosningu framkvæmdavaldsins voru á sínum tíma mikið til umr. innan Alþfl. Það reyndi aldrei á það hvert fylgi þær hefðu innan flokksins. Það var aldrei á það látið reyna í stofnunum flokksins, hvorki á flokksþinginu né annars staðar, hvort svo væri. Umr. leiddi til þess yfirleitt að menn komust að þeirri niðurstöðu þó að margt væri eftirtektarvert í þessum tillögum og þá sér í lagi enginn ágreiningur um það markmið að stefna bæri að aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds, að menn höfðu ekki trú á því að þetta kerfi mundi standast í reynd. Við nánari umhugsun er ég reyndar sannfærður um að svo er ekki. Þetta er ekki rétta leiðin. Við getum ekki fallið frá kröfunni um það að stjórnskipunin verði byggð á þeirri grundvallarreglu lýðræðis að allir þegnar ríkisins sitji við sama borð að því er varðar atkvæðisrétt. Það er grundvallarregla sem ber ekki að hvika frá. Ef það er pólitísk staðreynd að hún náist ekki nú, þá er hugsanlegt að sætta sig við það að því markmiði verði náð í áföngum. En það ber ekki að víkja frá þessu markmiði. Það er hægt að sætta sig við að það verði tekið í áföngum gegn því að þetta markmið verði viðurkennt, en það ber undir engum kringumstæðum að sætta sig við það að misréttið verði hins vegar bundið í stjórnarskrá. Það er einfaldlega brot á grundvallarsjónarmiðum manna um það til hvers stjórnarskrá er. Stjórnarskrá á að tryggja mönnum mannréttindi, tryggja mönnum jafnan rétt, og það er fráleit hugmynd að binda í stjórnarskrá misrétti af þessu tagi.

Að því er varðar hins vegar hinn pólitíska eða félagslega aðstöðumun í landinu eftir héruðum eða búsetu er svarið við því líka annað. Okkur ber að gera þær breytingar á stjórnkerfinu að færa vald og fjármuni frá miðstjórnarkerfinu til sveitarfélaga, sameina sveitarfélög, stækka sveitarfélög, gera þau að virkari framkvæmdaaðilum. Það er leiðin, það er rétta svarið í þeim efnum.

Herra forseti. Ég hef nú lýst afstöðu minni til þess frv. til stjórnskipunarlaga, sem hér hefur verið lagt fram. Ég hef einnig farið nokkrum orðum um till. til þál. um gerð frv. til stjórnskipunarlaga, sem snertir þetta mál að sjálfsögðu, þó að ekki sé hún hér til umr. Ég vil síðan víkja örfáum orðum að þeim drögum að kosningalögum, sem fylgja í fskj. þó ekki komi þau til kasta þessa þings.

Það er fljótsagt að kostir þessara tillagna eru fyrst og fremst þeir að sæmilega er um hnútana búið til þess að tryggja jafnræði milli stjórnmálaflokka að því er varðar atkvæðamagn að baki hverjum þm. Gallarnir eru hins vegar ýmsir. Fyrst og fremst er óhjákvæmilegt að gagnrýna að þessi málamiðlun hefur fyrst og fremst verið unnin af tiltölulega fáum einstaklingum og fyrir luktum dyrum. Nú stefnir allt til þess að reynt verði að keyra þessa málamiðlunarlausn í gegnum þingið og ekkert ráðrúm, ekkert tóm og enginn tími gefist til þess að skjóta þeim málum til þjóðarinnar eða jafnvel upplýsa hana um málið. Og það verður að játast að það er óþarflega flókið, — óþarflega flókið, segi ég, vegna

þess að forsendur málsins eru slíkar, að málið er ekki hægt að leysa eftir þessum leiðum án þess að það verði óhjákvæmilega flókið. A. m. k. er það svo, að þeir sem gagnrýna það eða halda því fram að ekki sé unnt að afgreiða stjórnarskrármálið í heild vegna þess að þjóðin eigi kröfu á að ræða það ítarlegar, þeir geta ekki um leið haldið því fram að hins vegar sé sjálfsagt að afgreiða þennan þáttinn, þ. e. kosningarréttarmálin, án opinberrar umr. og án þess að þjóðin fái ráðrúm til þess að segja sína skoðun. Þess vegna kemur auðvitað til álita að vísa þessu máli í heild til sérstaks stjórnlagaþings, skoða það í heild, afgreiða það í heild og vísa því til sérstaks stjórnlagaþings, eins og reyndar tveir stjórnmálaflokkar hafa á sínum tíma gert tillögur um. Þar á ég við Alþfl. og Framsfl.

Kosningalagatillögurnar eru smíðaðar utan um fyrir fram gefnar niðurstöður stjórnmálaflokkanna. Það verður að teljast galli að raunveruleg áhrif kjósenda á val frambjóðenda er of takmarkað, enda eru hugmyndirnar um persónukjör að verulegu leyti ófrágengnar, eins og fram kom í umr. hér í dag, og var vísað til þess að óskað væri eftir því að þingnefndir fjölluðu betur um það mál.

Herra forseti. Ég ítreka það að ég hef á öllum stigum þessa máls látið uppi fyrirvara um afstöðu mína til málsins. Það hef ég gert í mínum eigin þingflokki og opinberlega í ræðu og riti. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég er andvígur fjölgun þm., sérstaklega með hliðsjón af því að hægt er að ná svipuðum áfanga í leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar án þess. Það gefst m. ö. o. kostur á því að ná svipuðum markmiðum með einföldum kosningalagabreytingum.

Í annan stað tel ég leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu, sem hér er gert ráð fyrir, ófullnægjandi nema jafnframt fylgi ákvæði í stjórnarskrá um leiðréttingu atkvæðavægis eftir búsetuþróun í áföngum, fyrir hverjar kosningar framvegis, með vísan til þess, að slík ákvæði er að finna ýmist í stjórnarskrá eða kosningalögum flestra nágrannaríkja, eða taka þessi ákvæði út úr stjórnarskrá, eins og ég hef þegar rakið. Þess vegna áskil ég mér allan rétt um afstöðu til málsins, svo og til þess að fylgja eða flytja brtt.

Ég játa að sú lausn sem hér liggur fyrir veldur mér vonbrigðum. Spurningin er raunverulega sú: Geta menn sætt sig við þá málamiðlun sem hér er lögð fram? Þar tel ég meginatriðin vera þessi. Við getum ekki unað því að misvægi í atkvæðisrétti verði áfram stjórnarskrárbundið. Aðferðin til þess að breyta því er annaðhvort sú að taka ákvæðin sem kveða á um lágmarksfjölda þm. í hverju kjördæmi út úr stjórnarskrá eða, ef þau verða áfram í stjórnarskrá, að setja þá jafnframt í stjórnarskrá ákvæði sem kveður á um sjálfvirka leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar í áföngum í næstu kosningum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Allt frá því að umr. um kjördæmamálið fóru að færast inn á alvarlegra og mótaðra stig varaði ég eindregið við því að menn slitu úr samhengi kjördæmamálið og stjórnarskrárbreytingarnar. Ég óttaðist það, að sá hvati, sem breytingarnar á kjördæmamálinu yrðu til þess að knýja á um stjórnarskrárbreytingarnar, sá hvati, sem það mál og lausn þess yrði í sambandi við stjórnarskrármálið, mundi glatast ef kjördæmamálið yrði slitið úr samhengi. Það hefur því miður gerst nú, að þessi tvö mál hafa verið slitin úr samhengi. Frv., sem nú liggur fyrir, fjallar eingöngu um tvö veigamikil atriði að vísu og má segja með rétti að þar náist nokkur jöfnuður á milli flokka í sambandi við vægi atkvæða svo og jöfnuður á milli kjördæma. Ég hef hins vegar ætlað mér þann rétt að gera aths. við þessa afgreiðslu málsins, vegna þess einfaldlega að ég tel nú orðið svo tímabært að breyta stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að það megi ekki bíða miklu lengur. Ég tel að þær stjórnarskrárbreytingar, sem nauðsynlegt er að gera nú, séu þess eðlis að eftir þeim megi ekki bíða í 8 ár eða 12 ár í viðbót, eins og nú stefnir í og allt bendir til að verði gert.

Ég vil strax, herra forseti, taka það fram, að ég er persónulega andvígur því að stefnt verði að tvennum kosningum með skömmu millibili. Ég lít svo til, að það frv. sem hér liggur fyrir sé ekki þess eðlis og ekki það stórt í sniðum að það réttlæti tvennar kosningar með skömmu millibili, sem munu hafa þau áhrif og valda því jafnframt að hér verður vart komin starfhæf ríkisstjórn fyrr en í ágúst-sept. á næsta hausti. Satt best að segja tel ég hvorki þm., þing né landið hafa efni á því að bíða eftir starfhæfri ríkisstjórn í svo marga mánuði.

Það sem ég hef lagt höfuðáhersluna á af stjórnarskrárbreytingunum er í fyrsta lagi 1. gr. í till. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem fram hefur komið, þar sem fjallað er um að stjórnarskráin skuli orðast svo, að Ísland sé frjálst og fullvalda ríki og lýðræði, þingræði og jafnrétti séu grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands. Ég tel ákaflega mikilvægt að þetta komi sem allra fyrst inn í nýja stjórnarskrá.

Annað atriði vildi ég nefna. Það er ákvæði um stuðning við ríkisstj., þ. e. að ríkisstj. skuli njóta meiri hl. Alþingis eða hlutleysis. Ég held að þeir atburðir sem hafa orðið hér á þingi frá því í ágúst s. l. færi okkur heim sanninn um að það er mjög mikils virði að þetta ákvæði komi inn í nýja stjórnarskrá sem allra fyrst.

Ég vil í þriðja lagi nefna, herra forseti, þingrofsréttinn. Ég tel að núv. ríkisstj. og slímuseta hennar sýni okkur og sanni að það verður að koma fram breyting á þingrofsréttinum og eins og segir í tillögum Alþfl.-manna við 23. gr. till. stjórnarskrárnefndar: „Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, ef Alþingi samþykkir till. þar um.“ Þetta færir Alþingi mikinn rétt í þessu máli. Þetta styður þingræðið og eflir það og á því er einnig mikil nauðsyn.

Ég vil ennfremur í fjórða lagi minna á heimild til útgáfu brbl., þar sem Alþfl. hefur í tillögum stjórnarskrárnefndar lagt til að greinin falli niður úr stjórnarskránni, en aðrir nm. hafa lagt til að greinin hljóðaði í þessa veru, með leyfi forseta: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti að tillögu ráðherra gefið út brbl. milli þinga.“ Þetta dregur strax úr rétti ríkisstjórna til útgáfu á brbl., og útgáfurétt brbl. ber að þrengja að mun frá því sem nú er. Þess vegna er þetta ákvæði ákaflega mikils virði.

Í fimmta lagi vil ég geta þess, sem er kannske eitt mikilvægasta atriðið í mínum huga, og það er það ákvæði 29. gr. að Alþingi skuli starfa í einni málstofu. Þetta er gamalt baráttumál Alþfl. og nú síðast flutti Benedikt Gröndal frv. um þetta mál. Ég tel að mikið nauðsynjamál sé að fá þessu framgengt.

Ég vil í sjötta lagi koma að sjálfstæði sveitarfélaga, sem ég tel að sé orðið mjög brýnt að auka, og vísa þá í till. stjórnarskrárnefndar við 56. gr. um að landið

skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstj., og að stjórnir sveitarfélaga skuli kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.

Ég vitna ennfremur í 58. gr. till., þar sem segir: „Rétti íbúa sveitarfélags til þess að kjósa eftir atkvgr. um málefni sveitarfélagsins skal og skipað með lögum."

Báðar eru þessar greinar nýmæli og eru mjög mikilvægar, enda hefur Alþfl. flutt tillögur um eflingu sjálfstæðis sveitarfélaga.

Í sjöunda lagi vil ég nefna mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Í tillögum stjórnarskrárnefndar, 62. gr., kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Allir skulu njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum."

Og í 63. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Mannréttinda skulu menn njóta án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti."

Báðar þessar greinar eru nýmæli og það er mjög brýnt að þær komist í nýja stjórnarskrá sem fyrst til þess að tryggja m. a. rétt minnihlutahópa í þjóðfélaginu. Ég vil líka minna á það, að Íslendingar hafa undirritað tvo sáttmála um mannréttindamál, þ. e. Mannréttindasáttmála Evrópu og Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en eftir sem áður eru þessi ákvæði ekki í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Í áttunda lagi tel ég mjög mikilvægt að ákvæði um þjóðaratkvæði verði afgreidd hið allra fyrsta með nýrri stjórnarskrá. Í 82. gr. tillagna stjórnarskrárnefndar kemur fram tillaga um að greinin hljóði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fjórðungur alþingiskjósenda getur óskað eftir því, að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvgr. um einstök málefni" o. s. frv.

Ég að vísu er ósáttur við orðalagið „ráðgefandi þjóðaratkvgr." Ég tel að hún eigi að vera bindandi.

Þá vil ég, herra forseti, í síðasta lagi, þegar ég vitna til tillagna stjórnarskrárnefndar, nefna till. um ármann Alþingis, þar sem kveðið er á um að Alþingi skuli kjósa fulltrúa, sem nefnist ármaður, en hlutverk hans skuli vera að gæta þess að stjórnsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna í störfum þeirra, og skuli nánar um það fjallað í lögum.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, að með því að afgreiða kjördæmamálið eitt og sér séum við raunverulega að sleppa fram hjá okkur tækifæri til að knýja á um stjórnarskrárbreytingar, sem eru mjög mikils virði og þurfa að komast til framkvæmda hið allra fyrsta, vegna þess hve langt er liðið síðan stjórnarskráin hefur verið endurskoðuð og margt hefur breyst á þeim tíma. Ég verð að segja það eins og er, að mér þykir það heldur slök eftirtekja af langri og mikilli vinnu, stífum fundasetum forustumanna fjögurra stjórnmálaflokka, að þegar upp er staðið hefur ekki náðst samkomulag um neitt nema það að fjölga þm. um þrjá og lækka kosningaaldur niður í 18 ár. Þetta er mjög rýr eftirtekja og ég harma hana. Ég hef í þingflokki Alþfl. allt frá því að umr. um þetta mál hófst bent á þetta og talið að það yrði þinginu til vansa ef það afgreiddi kjördæmamálið eitt og sér.

Ég skal hins vegar játa að það frv. sem hér liggur frammi hefur fólgið í sér jöfnuð á milli flokka og það hefur fólgið í sér jöfnuð á milli kjördæma.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að eyða meira af tíma þessa fundar til að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Mig langar þó aðeins í lokin að geta þess, að í pósthólf mitt voru áðan komnar niðurstöður skoðanakönnunar um jafnan kosningarrétt, sem Samtök áhugamanna um jafnan kosningarrétt hafa efnt til. Þetta er eitthvert furðulegasta plagg sem ég hef nokkru sinni fengið í hendurnar. Ég held að hið háa Alþingi ætti að gera kröfu til þess að það þyrfti að jafna rétt landsmanna til skoðanakannana, því að það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að slík skoðanakönnun skuli fara fram á tveimur þéttbýlustu svæðum landsins, það skuli ekki vera kannaður hugur annarra landsmanna, dreifbýlismanna svokallaðra, til þessa máls. Ég held að það segi meiri sögu og lengri en mörg orð að það eru ekki nema rúmlega 16% kjósenda í Reykjavík sem svara þessum spurningum. Ég vænti þess að það bendi til þess að Reykvíkingar hafi kannske talsvert vit umfram þessa menn, sem að þessu hafa staðið, og vilji ekki taka þátt í þessum skrípaleik.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Á þskj. 367 hafa menn fyrir framan sig afrakstur um 16 vikna starfs forustumanna stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi og nú er það okkar og almennings í landinu að vega og meta hvað hér hefur áunnist, hvers virði það er og hvort það er í réttlætisátt.

Það hefur komið fram í umr. í dag hjá ýmsum að tiltölulega lítið hafi hafst upp úr því starfi sem hér er um að ræða. Þetta frv. er fjórar greinar. Mér sýnist það vera í kringum 40 línur á þessum 16 vikum. Það eru í kringum þrjár línur sem mótast hafa á hverri vinnuviku þessara 16 vikna sem hér er um að ræða. Það er ca. hálf lína á dag á þeim vinnudögum sem forustumenn stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi hafa lagt í að koma frá sér þessu plaggi.

Nú segir þetta auðvitað ekki alla söguna um þetta mál. Það getur verið tiltölulega mikið innihald og efnisríkt í tiltölulega fáum orðum og ekki löngu máli. En frá mínum sjónarhóli séð virðast forustumenn stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi ekki hafa uppskorið árangur sem erfiði í þessu máli.

Það segir, herra forseti, í grg. með þessu frv., að þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafi auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi, og síðan er talið upp. Nú vil ég taka það fram strax við 1. umr. þessa máls að ég er andvígur því. Ég er andvígur þessu máli. Það er því ekki allur þingflokkur Alþfl. sem að því stendur. Þetta vil ég að menn hafi á hreinu strax í upphafi umr. um þetta mál hér í þinginu, og geri raunar ráð fyrir að þetta sé fyrir alllöngu orðið nokkuð kunnugt sjónarmið, þ. e. afstaða mín, hjá þeim aðilum sem að þessu máli hafa unnið.

Í nokkuð langan tíma hafa verið umræður í gangi, að ég held fyrst og fremst í tiltölulega fámennum hópi pólitískra forustumanna á tilteknum svæðum, þar sem krafist er jöfnunar á hinu margumtalaða misvægi atkvæða, og er það flokkað undir mannréttindamál.

Stjórnarskrárnefnd hefur starfað alllengi. Stjórnarskráin hefur í raun og veru verið í endurskoðun í um 40 ár. Hér er þá niðurstaða þess starfs, í því frv. sem hér er lagt til. Hins vegar ber að taka fram, að með þessu frv. fylgir allítarleg grg. og fskj. sem veita ýmsar upplýsingar um marga þá þætti sem að þessu máli lúta. En frv. er eigi að síður ekki meira innihaldslega séð en það sem ég

var nú að segja og margir aðrir hafa gert að umræðuefni.

Það hefur komið fram hér við umr. af hálfu talsmanna Alþfl., að þingflokkur Alþfl. hefur verið þeirrar skoðunar frá upphafi umr. um þetta mál að það bæri að afgreiða stjórnarskrármálið og kjördæmamálið sem heild, en ekki slíta kjördæmamálið úr samhengi. Ég tala nú ekki um að slíta þannig úr samhengi að þetta frv. er einvörðungu um að fjölga þm. um þrjá frá því sem er og miða kosningarrétt við 18 ára aldur.

Það er kannske ill tilgáta, en mér sýnist að eftir þessu frv. að dæma telji forustumenn stjórnmálaflokkanna það lausn alls vanda í þjóðfélaginu nú að fjölga þm. um þrjá og draga vald frá dreifbýlinu og flytja það hingað á þéttbýlissvæðið. Ég sé ekki betur en þetta sé, eftir frv. að dæma, sjónarmið og skoðun forustumanna allra stjórnmálaflokkanna sem eiga fulltrúa hér á Alþingi, þ. e. flutningur valds frá dreifbýli til þéttbýlis frá því sem nú er.

Ég held að rétt sé að það komi fram strax, að auðvitað eru menn ekki almennt andvígir því að leiðrétta í þessu tilfelli það misvægi atkv. sem um er að ræða. En það vill svo til, kannske því miður, að ótal mörg önnur mál í þjóðfélaginu eru þess eðlis að þau krefjast beinlínis líka leiðréttingar og jöfnunar. Og hvað sem menn segja um að ekki megi samtímis tala um þessi leiðréttingarmál samhliða því sem verið sé að ræða stjórnarskrármál komast menn ekki endalaust fram hjá því að það verður að taka á þeim málum líka.

Þó að ég segi að þetta frv. sé innihaldslítið skal ég viðurkenna að það sýnir þó hvað hægt er að komast ef hin pólitíska forusta, forustumenn hinna pólitísku flokka, er sammála um eitthvað hér á Alþingi. Þá er hægt að ná býsna langt og leiðrétta býsna margt. Ég hefði viljað sjá þessa sömu pólitísku forustumenn í stjórnmálaflokkunum víkka sjóndeildarhringinn til að leiðrétta og jafna fleiri misvægismál í þjóðfélaginu en einvörðungu það sem snýr að atkvæðisréttinum. Ég setti það því strax fram í umr. í þingflokki Alþfl. að ég teldi að nota ætti það færi sem nú gafst í sambandi við umr. og hugsanlega ákvarðanatöku um leiðréttingu á því misvægi atkv. sem um er talað til að gera samhliða leiðréttingar á öðru óréttlæti sem við búum við og við blasir víðs vegar í þjóðfélaginu. Það ætti að nota þetta tækifæri til að koma þessum leiðréttingarmálum líka *fram fyrir fólk hinna dreifðu byggða.*

Nú segja menn: Það fylgir þessu yfirlýsing um að stefnt skuli að valddreifingu í þjóðfélaginu, auknu sjálfsforræði sveitarfélaga og lagfæringu á hinni félagslegu aðstöðu víðs vegar. Ég gef ekkert fyrir slíkar yfirlýsingar. Ef menn á annað borð meina eitthvað með því að eitthvað þurfi að leiðrétta, það sé svo mikið óréttlæti í þjóðfélaginu, hljóta menn jafnframt að vera reiðubúnir að taka á málinu og ganga frá því. Mér finnst það a. m. k. undarlegt, svo að ekki sé meira sagt, að formenn allra stjórnmálaflokkanna í landinu skuli ekki treysta sér til að taka saman höndum um það hér á Alþingi samhliða afgreiðslu á hugsanlegu frv., eins og hér liggur fyrir um jöfnun á atkvæðisrétti, að taka aðra þætti jafnframt, þó ekki séu bundnir í stjórnarskrá, og afgreiða leiðréttingarmál hér á Alþingi samhliða því sem er verið að breyta stjórnarskrá eða kosningalögum. Ég fullyrði, að fyrst menn ekki treysta sér til þess að gera þetta skorti vilja. Það skortir vilja hinnar pólitísku forustu í landinu til þess að leiðrétta það ranglæti sem við blasir svo að segja hvarvetna, annars vegar milli hinna dreifðu byggða og þess fólks sem þær byggir og hins vegar milli þéttbýlissvæðisins hér á Faxaflóasvæðinu. Það eru til margar frómar yfirlýsingar, ég hugsa allra pólitísku flokkanna í landinu, um að það þurfi að jafna þarna á milli, að menn eigi að njóta jafnréttis án þess að tillit sé tekið til búsetu, en afskaplega skammt hefur miðað, að mér finnst, í þeim efnum, vægast sagt lítið sem ekkert gerst að því er það varðar. Ég gef því ekkert fyrir yfirlýsingar af því tagi sem eru í fskj. með frv., þó að enn ein komi um að stefnt skuli að þessu eða hinu. Þær hafa yfirleitt allar, a. m. k. flestar ef ekki allar, verið sviknar í reynd. Og ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað í ljósi reynslunnar en á sama veg fari með þá yfirlýsingu sem er í fskj. með þessu frv.

Það skal þó koma hér fram, þannig að menn viti það líka, að að frumkvæði Alþfl.-fulltrúa í þessum svokallaða formannaklúbbi, eins og menn kalla hann nú, í viðræðum um þetta mál, var tekin upp umr. um að jafna þyrfti fleira innan þjóðfélagsins en einvörðungu það sem sneri að jöfnun á atkvæðisrétti. Það mál virðist hins vegar hafa strandað. (**ÓÞÞ:** Breytist nokkuð við það?) Það er það sem ég er að koma að. Ég dreg þá ályktun — og hlustaðu nú, hv. skrifari, — að það mál hafi strandað annars staðar en hjá fulltrúum Alþfl. Og ég óska gjarnan eftir því að það komi fram í umr. hvar sá þröskuldur var sem kom í veg fyrir að önnur leiðréttingarmál og fleiri, sem eru síst minni en hér er um að ræða, næðu fram að ganga, hvað kom í veg fyrir og hvar það strandaði að leiðrétting fengist.

Það var hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem sagði áðan að einn glæsilegasti kafli í sögu Alþfl. væri jöfnun atkvæðisréttarins. Það hygg ég að sé út af fyrir sig rétt. En það eru fleiri ákvæði í stefnuskrá Alþfl. til jöfnunar mannréttinda en bara jöfnun atkvæðisréttarins. Það gæti líka verið glæsilegur kafli í stjórnmálasögu Alþfl. hefði honum auðnast að koma fram í tengslum við það sem hér á nú að gerast leiðréttingum á fleiri sviðum en að því er þetta eina mál varðar. Sá kafli hefði líka getað gnæft hátt í sögu Alþfl., ef honum hefði auðnast að koma slíku fram.

Það er best að koma því frá sér strax að mér ofbýður þegar forustumenn stjórnmálaflokkanna, í því ástandi sem ríkir í þjóðfélaginu í dag, eru svo að krefjast þess, vilja helst koma því hér inn í frv., að tvennar kosningar a. m. k. fari fram á þessu ári með sem stystu millibili. Forustumenn stjórnmálaflokkanna í landinu virðast vilja horfa upp á að algert öngþveiti og ófremdarástand ríki áfram í stjórn efnahagsmála hér á landi — eða hverjum dettur það í hug að nokkur ríkisstj., sem að gagni réði við þann vanda sem við er að glíma, verði mynduð verði kosið í apríl og aftur í júní? Hverjum dettur í hug að búið verði að mynda starfhæfa ríkisstj.?

Hv. 4. þm. Reykv. kallar sig yfirleitt þm. Bandalags jafnaðarmanna, sem er algerlega rangt, og það er rétt að það komi hér fram, því að hv. 4. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, er ekki þm. Bandalags jafnaðarmanna. Hann hefur ekki verið kjörinn á þing af því, a. m. k. ekki enn. Hann segir að sér detti ekki í hug að starfhæf ríkisstjórn verði hér á þessu tveggja mánaða tímabili, og geti honum ekki dottið það í hug, þá hverjum? (Gripið fram í.) Það fer nú eftir því hvernig

menn taka það. — Það er því augljóst og það er í raun og veru furðulegt að hlusta á það frá forustumönnum stjórnmálaflokka í landinu, hinum pólitísku leiðtogum sem eiga að vera, að þeir krefjist í raun og veru þess, að í því ástandi efnahagsmála sem þjóðin nú býr við verði kosið með tveggja mánaða bili á þessu ári, sem þýðir auðvitað að engin starfhæf ríkisstj., sem ræður við þau vandamál sem við blasa og verður að leysa, verður að líkindum til fyrr en á haustmánuðum. Ætla menn þá að láta allt reka á reiðanum til þess tíma, hafa landið stjórnlaust áfram eins og það nú er?

Ég er viss um að almenningur í landinu krefst annars af hinum pólitísku foringjum en þess, að þetta frv., sem hér er um að ræða, sé númer eitt til þess að leysa allan vanda þjóðfélagsins, og hann krefst annars af forustumönnum stjórnmálaflokkanna og þm. almennt talað en þeir haldi þannig á þessum málum að krefjast þess beinlínis að þjóðinni verði dembt út í tvennar kosningar á þessu sama ári. Ég a. m. k. hef ekki heyrt þær raddir frá almenningi í landinu að það sé lífsspursmál eða raunar eina bjargráðið í þeim vanda sem við nú stöndum í að haga málum með þessum hætti. Og það verður að segjast, að það er ekki beint aðlaðandi eða trúverðugt að eina málið sem foringjar stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi geta komið sér saman um í ríkjandi þjóðfélagsástandi sé að fjölga þm. um þrjá, breyta valdahlutföllum frá dreifbýli til þéttbýlis, í raun og veru sé það eina sem hér sé lagt til að tryggja þm. sjálfa. Það er ekki trúverðugt, að mínu viti, þegar þannig er á málum haldið af þeim sem kjörnir hafa verið til forustu á þjóðmálasviðinu í landinu. Mér sýnist að meðalmennskan tröllríði í þessu máli sem öðrum að því er varðar lausn á meginvanda sem íslenskt þjóðfélag stendur í.

Ég sagði áðan að ég liti svo á, að sá þrýstihópur, sem uppi hefur verið með kröfuna um mannréttindi, eitt atkvæði á einn mann, sé tiltölulega fámennur og sú krafa sé fyrst og fremst í munni nokkurra pólitíkusa á þessu landssvæði, sem við nú dveljumst á, það sé ekki almenn krafa kjósenda í þjóðfélaginu. Ég held næstum því að það megi taka sér í munn orð hæstv. sjútvrh. og segja: Það skyldi ekki vera að þjóðin væri í þessu tilfelli miklu skynsamari og á annarri skoðun en hinir pólitísku foringjar í þessu máli.

Þeir eru margir sem telja að það skorti á mannréttindi á þessum þéttbýlustu svæðum landsins að því er varðar kosningarrétt. Ekki skal ég draga úr því. Ég hef meira að segja lýst því yfir áður að ég tel það nokkuð sjálfgefið að slíkt þurfi að leiðrétta. En það er algerlega andstætt a. m. k. mínum hugmyndum um jafnaðarmennsku og jafnrétti að slíta þetta eitt og sér úr tengslum við öll önnur mál þegar við horfum daglega upp á fjölda mála og málaflokka innan þjóðfélagsins sem hið megnasta óréttlæti blasir við í — eða hefði það verið ofrausn af hinum pólitísku foringjum og Alþingi almennt talað þó ekki hefði verið afgreitt nema eitt annað réttlætismál í tengslum við þetta hér? Þá er ég að tala um jöfnun orkuverðs. Er það til of mikils mælst að hið pólitíska afl í landinu hefði knúið fram samstöðu um afgreiðslu á slíku réttlætismáli samhliða því sem t. d. þetta frv. yrði afgreitt hér á Alþingi? Til þess virðast menn ekki treysta sér. Og það er forkastanlegt að mínu viti horfandi upp á það herfilega óréttlæti sem við blasir í þessum efnum. Menn virðast ekki trúa því eða loka þá bæði augum og eyrum fyrir þeirri staðreynd t. d., að í hverjum einasta mánuði — þetta ættu þm. Vestf. að vita — borga menn á Vestfjörðum upp í 5 þús. kr. á mánuði fyrir að hita upp íbúðina og rafmagn til heimilisnota. Telja menn ekki skort á mannréttindum ef slíkt er ekki leiðrétt? Og svona mætti telja upp fleira þó að þetta stingi mest í augu að því er varðar óréttlætið.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. — Mér heyrist nú þeir kalla fram í sem síst skyldi, þeir sem kannske hafa fyrst og fremst brugðist sínum umbjóðendum í leiðréttingu þessara mála, og þar á ég við hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. þm. Halldór Ásgrímsson ekki síður. En það er full ástæða til að minna á þessi mál, að mér finnst, undir umr. um frv. eins og það sem hér er nú lagt fram.

Ég fullyrði að dreifbýlisfólk almennt talað er ekki andvígt því að atkvæðisréttur sé jafnaður í landinu. En það hlýtur að krefjast þess jafnhliða að annað óréttlæti sé líka lagfært, misvægi á öðrum sviðum sé líka minnkað og lagfært. Það er að mínu viti fullkomlega eðlileg og sjálfsögð krafa. Raunar er furðulegt hvað þm. hefur lengi liðist að haga sér með þeim hætti sem raun ber vitni að því er þessa þætti varðar.

Menn segja: Reykvíkingar og Reyknesingar eru settir hjá að því er varðar áhrifavald á löggjafarsamkomunni — og líklega þá líka áhrif á gang mála í stjórnsýslukerfinu skyldi maður ætla. Það er fróðlegt að velta því fyrir sér að á árinu 1975, ef við tökum Reykjavíkursvæðið, var gerð, að vísu lausleg, athugun á þessu, og þá kom í ljós að samkv. ríkisreikningi fyrir árið 1974 námu launagreiðslur ríkisstarfsmanna um 6 þús. millj. kr. Af þessum 6 þús. millj. naut höfuðborgarsvæðið 5 þús. millj. vegna þessara sömu starfsmanna — 5 þús. millj. 1974, hv. þm. Árni Gunnarsson, og hlustaðu vel. Svo koma menn hér upp og segja: Þessi svæði eru sett hjá. Þó skipti það milljörðum á ári sem þessi landssvæði fengu í afrakstur af starfsmönnum sem allir þegnar þessa lands borga kaup. Ég held að menn ættu að átta sig á þeim staðreyndum, sem hér eru í þessu máli, áður en menn fara að fullyrða að það sé út í bláinn að tala um jöfnuð á fleiri sviðum en bara jöfnun kosningarréttar. Sú fullyrðing sem alltaf kemur fram og síðast nú í umr. um þetta mál: Þessu má ekki blanda saman, þetta má ekki afgreiða saman, þetta skal afgreiðast fyrst. Frómar yfirlýsingar, sem jafnharðan eru sviknar, skulu koma með í sambandi við hinn leiðréttingaþáttinn. Þetta er það sem við fáum að heyra frá hinum pólitísku foringjum, og mér sýnist, án þess að ég vilji fullyrða, að þessa skoðun hinna pólitísku forustumanna hér á Alþingi, hinna pólitísku flokka, virðist æðimikill meiri hluti þm. ætla að styðja, og ég harma það.

Bæði hv. þm. Geir Hallgrímsson og hæstv. félmrh. töluðu nokkuð langt mál í dag og það var á þeirra ræðum að heyra að hér væru menn að fá í hendur eina allsherjarlausn til framgöngu réttlætisins og lýðræðisins í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Og efnahagsvandans.) Ég tala nú ekki um efnahagsvandann. En það vill svo til að meginmál þeirra hv. þm. fjallaði um það sem er í fskj. með þessu frv., ekki frv. sjálft. Það eru fskj. Hæstv. félmrh. sagði: Frv. er sáttmáli byggðanna í landinu um leikreglur lýðræðisins. Það var hvorki meira né minna. Ég dreg mjög í efa að þjóðfélagsþegnarnir í

þessu landi séu þessarar skoðunar þó svo að inni í fskj. með frv. væri það sem þessir hv. þm. voru að vitna til og tala um.

Hitt skal þó viðurkennt, að verði af því sem hér er verið um að tala, bæði að því er varðar frv. sem slíkt og það sem fram kemur í fskj. og grg., þá má segja að hér sé verið að jafna stöðu milli stjórnmálaflokka, þegar það er á annað borð það eina sem menn telja að þurfi að gera að sjá farborða sjónarmiðum flokkanna sem slíkra, burtséð frá því réttlætissjónarmiði, sem ætti að mínu viti að vera í þessu máli, að þjóna fyrst og fremst hagsmunum og réttlætishugsjónum þess fólks sem í landinu býr. Ég er a. m. k. ekki það mikill flokksmaður að ég setji flokkshagsmunina í þessu tilfelli ofar hagsmunum minna umbjóðenda, sem í þessu tilfelli ásamt ýmsum öðrum landsbyggðarmönnum eru svo sveltir að því er varðar réttlæti í ýmsum málum að engu tali tekur.

Ég skal, herra forseti, fara að stytta mál mitt. Það er ljóst, eins og fram hefur komið, að ég er andvígur þessu frv. Það fullnægir ekki þeim lágmarkssjónarmiðum jafnaðarstefnunnar sem ég vil berjast fyrir í þjóðfélaginu. Það er á skjön við þær hugmyndir sem a. m. k. ég hef um þessi mál. Og það er þess eðlis, að ég sé enga ástæðu, enga þörf, þaðan af síður nauðsyn, til að slíta það eitt og sér úr samhengi við allt annað sem er sambærilegt, a. m. k. að því er varðar óréttlæti, og láta það lönd og leið, en ætla sér að knýja þetta eitt og sér fram hér í lok þingsins. Ég held að menn ættu að hugsa sig um, ég tala nú ekki um hina pólitísku foringja áður en þeir knýja eins hart á og hér um þörf og nauðsyn á afgreiðslu þessa máls.

Það væri vissulega full ástæða til að ræða um fleira í tengslum við þetta. Kannske gefst tækifæri til þess síðar og þá undir þeim kringumstæðum að a. m. k. einhver flm. væri viðstaddur, sem mér sýnist ekki vera nú, og ég tala nú ekki um undir þeim kringumstæðum a. m. k. ríkisfjölmiðlarnir sæju sér fært að hafa sína fulltrúa hér, þegar ræður eru fluttar af þm. sem andstæðir eru þessum sjónarmiðum flokksforustunnar í landinu. En vonandi koma þeir því til skila eins vel og öðru í umr. fyrr í dag að það eru ekki allir sammála um það sem hér er að gerast og það sem hér er lagt til og telja að það sé brýnna og nauðsynlegra, meira hagsmunamál fólksins í landinu, þjóðarinnar allrar sem heildar, að taka til hendinni á öðrum sviðum og fleiri en þessu eina.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Hér er nú til umr. allveigamikið frv. og má furðu gegna að enginn flm. frv. er viðstaddur í þingsal þegar umr. fer fram. En hér er sem sagt til umr. frv. til stjórnskipunarlaga á þskj. 367, samtals hvorki meira né minna en fjórar greinar. Er það árangur af strangri vinnu nefndar, svokallaðrar stjórnarskrárnefndar, sem hefur setið á rökstólum um árabil, og einnig hafa formenn stjórnmálaflokkanna lagt nótt við dag að undanförnu og varla unnt sér matar eða hvíldar vegna anna við að semja þessar fjórar frvgr. og hafa þeir þar að auki notið dyggilegrar aðstoðar Reiknistofu háskólans við verkið.

Með frv. fylgir að sjálfsögðu allítarleg grg. svo og fskj., þ. e. drög að frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis og grg. með þeim drögum og aths. við einstakar greinar draganna og útreikningar miklir. Svo eru einnig drög til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar, ásamt grg. með þeim drögum og aths. við einstakar greinar þeirra draga.

Eins og fram kemur hér á þskj. eru það formenn þriggja stjórnmálaflokka og varaformaður eins stjórnmálaflokks sem eru flm. frv. Hafa þeir núna allir mælt fyrir frv., samtals að mér taldist til í um 80 mínútur. Þeir hafa allir lýst ánægju sinni með frv. og farið mörgum fögrum orðum um þá samstöðu sem náðst hafi við samningu þess.

Herra forseti. Það er fyllilega þess vert að rifja það upp núna, þó að ekki sé langt um liðið, um hvað hv. flm. töluðu í 80 mínútur hér fyrr í dag, þegar þeir mæltu fyrir þessum fjórum frvgr. Fyrst og fremst ræddu þeir um fskj. þau sem prentuð eru með frv. Þeir ræddu um drög að frv. sem e. t. v. verður einhvern tímann flutt.

Okkur er sagt að því Alþingi sem nú situr fari senn að ljúka. Talað er um að kjósa eigi síðari hluta aprílmánaðar. Nú er vitað með vissu að næsta Alþingi verður ekki skipað á sama hátt og núverandi Alþingi. Sumir núv. alþm. gefa ekki kost á sér til endurkjörs í næstu kosningum. Komið gæti fyrir, þótt menn gefi kost á sér til kjörs í kosningum, að einn og einn félli í þeim kosningum. Slíkt hefur nú gerst áður og gæti komið fyrir aftur. Gjarnan koma nýir siðir með nýjum herrum. Þeim kynni nú e. t. v. að detta í hug að einhver önnur aðferð við útreikning á þingsætum væri heppilegri en sú sem fyrrgreind drög gera ráð fyrir.

Hér hefur sem sagt fyrst og fremst verið fjallað um mál sem alls ekki eru á dagskrá, þ. e. fskj. með frv., enda kannske ekki svo margt að ræða um frv. sjálft. Það er fyrst og fremst þar að finna fjórar breytingar frá núgildandi lögum, þ. e. um fjölda þm. Samkv. frv. á að fjölga þeim um 3. Þar er getið um hækkun á lágmarksþingmannatölu í tveim kjördæmum og lækkun á kosningaaldri í 18 ár og síðan er það smábreyting á kjörgengi. Þetta er frv. sem hér er til umr. Allt annað, sem um er rætt í þessu kveri hérna, þskj. 367, er þessu óviðkomandi. 26 bls. af 29 bls. eru málinu óviðkomandi. Það eru fskj.

Fyrir Alþingi liggur frv. sem er upp á fimm greinar, en með fskj. er það 360 blaðsíður. Það er þskj. 363. Það eru nokkrir hv. þm. úr Alþb. sem flytja það. 1. flm. er hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson. Ef sá hæstv. ráðh. væri ekki yfirleitt stuttorðari en aðrir þm. telst mér svo til að á sama hátt væri hann 16 klukkustundir að mæla fyrir frv., ef hann færi jafnítarlega í öll fskj. og hér var áðan gert, og kynni þá einhvern vera farið að syfja.

Herra forseti. Á þessu stigi málsins mun ég ekki fjölyrða svo mjög um frv., en vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að lýsa ánægju minni yfir því sem ekki er í frv., en það er bráðabirgðaákvæðið, sem fylgdi drögum að þessu frv. lengi vel. Sem betur fer er það ekki lengur þar að finna. Það var þess efnis, að almennar kosningar til Alþingis skyldu fara fram þegar stjórnskipunarlög þessi öðluðust gildi og félli umboð þm. niður á kjördegi. Þessu tókst að ná út. Mér virðist að fylgjendur þessarar greinar hafi hreinlega ætlað að taka ráðin af þeim alþm. sem kjörnir verða í næstu kosningum og ættu þá eðli málsins samkvæmt að hafa allan rétt til að skipa málum að sínum vilja, en ekki hafa frá okkur, sem nú erum hér, fyrirmæli um hvenær þeir skuli láta efna til kosninga, þ. e. annarra kosninga héðan í frá. Það kynni svo að fara að það Alþingi, sem væntanlega verður þá kosið í apríl n. k., telji margt

þarfara að gera en að standa í kosningum meginhluta ársins. Mér finnst eins og það hafi verið minnst hér á t. d. efnahagsmál og kannske einhver fleiri mál. Þeir ágætu menn sem það þing munu skipa teldu e. t. v. að meira lægi á að leggja alúð við þau en hafa hér eitt allsherjarkosningaár og allt í ólestri langt fram á haustið jafnvel.

Varðandi frvgr. sjálfar get ég verið fáorður, enda eru þær ekki nema fjórar — með gildistökugr. vel að merkja.

Að mínu mati hafa ekki komið fram haldbær rök fyrir því að fjölga þurfi þm. frá því sem nú er. Að mínu mati er algerlega ástæðulaust að slíta þetta mál úr tengslum við aðra endurskoðun stjórnarskrárinnar, og þó hér sé getið um þingflokka, og þ. á m. þingflokk Framsfl., og að þeir hafi staðið að þessu tel ég mig á allan hátt óbundinn af þessu frv.

Herra forseti. Ég ætla að lokum að gera að umtalsefni plögg nokkur, sem bárust á borð okkar í dag, frá Samtökum áhugamanna um jafnan kosningarrétt. Dagsetningin er 13. febr. s. l. og segir svo í bréfi, með leyfi forseta:

„Samtök áhugamanna um jafnan kosningarrétt telja ástæðu til að skýra formönnum stjórnmálaflokkanna og þingflokka þeirra frá þeim niðurstöðum skoðanakönnunar um kjördæmamálið sem nú liggja fyrir."

Þetta er merkt sem trúnaðarmál — hefur verið það einhvern tímann. En þessa frétt las ég í dagblaði. Þessi skoðanakönnun er nú ekki betri í framkvæmd en það, að mér dettur í hug að líkja henni við það ef öll atkv. í alþingiskosningum, sem hefðu verið greidd kannske kl. 3 um daginn, væru þá talin og niðurstöður talningarinnar tíundaðar í fjölmiðlum. Ég býst við að það þættu ekki góð vinnubrögð. Hluti skoðanakönnunarinnar, sem var lokið 13. febr., kom í blöðum. Til hvers? Til hvers er svona látið leka út? Auðvitað til að hafa áhrif á þá sem eftir eiga að skila sínum gögnum inn. En áhuginn virðist ekki vera meiri en þetta, að það eru alls 11.9% af þeim sem kusu 1982 sem taka þátt í þessu. 1% atkv. utan Reykjavíkur og Reykjaness, 19% í Reykjavík og 18.2% á Reykjanesi.

Það minntist einhver hv. ræðumaður á það hér áðan að þetta væri vítavert. Ég er honum fyllilega sammála. Það væri mjög nauðsynlegt að þessir fjórir forustumenn flokkanna hér á Alþingi, þegar þeir eru búnir að koma saman þessum fjórum frvgr. um stjórnarskrána, notuðu samstöðuna til að fyrirbyggja að svona skoðanakannanir væru leyfðar í landinu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það líður nú á kvöld og sú spurning verður æ áleitnari hvort það sé í virðingarskyni við stjórnarskrána að þetta mál er tekið fyrir á kvöldfundi. Það er kunnara en frá þurfi að segja úr sögunni, að mörg voru myrkraverk framin og oft nauðsyn að notast við skjól nætur til að fremja það sem menn treystu sér illa til að koma á framfæri um bjarta daga. Mér er forvitni á að vita hvort ætlunin er að nota mesta dimmasta tíma sólarhringsins til að koma því máli í gegn og til nefndar, sem á að sjá um að hér verði ekkert endurskoðað, heldur afgreitt fyrirstöðulaust út úr þinginu. Þetta eru út af fyrir sig forkostuleg vinnubrögð, og ég tel það hreina móðgun við stjórnarskrána að meta hana svo lítils að halda kvöldfund, þegar stór hópur þm. er lagstur á síðuna heima fyrir eða er úti í bæ við aðra iðju, og þar skuli stjórnarskrármálið tekið fyrir. Þetta eru forkostuleg vinnubrögð, forseti. Og við sem einu sinni trúðum því að það væri þingræði í þessu landi brjótum nú heilann um hvort framkvæmdavaldið sé ekki að leggja undir sig þingræðið í landinu. Og það mætti fyrrv. dómsmrh. vita, sem hér valsar um salinn, að á sínum tíma sem handhafi framkvæmdavaldsins skipaði hann dómara, setti lög með bráðabirgðaafgreiðslu og lét líka semja frv. fyrir þingið. Er það ekki drottnandi framkvæmdavald sem gerir forseta þingsins svo huglausa að þeir hlýða hvaða fyrirmælum sem koma frá stjórninni? (**VG:** Er það Alexander, hv. þm.?) Forseta þingsins, sagði ég. Hann er ekki fleirtala. Því vona ég að hv. þm. geri sér grein fyrir.

Þetta segir eiginlega allt um stöðu málsins. Menn vilja koma því inn í þingið, flytja ræðu fyrir því, koma ræðunum á prent í dagblöðunum, tryggja það að ríkisfjölmiðlarnir séu við, en svo eru þeir horfnir eins og halaklipptir hundar út úr salnum.

Það er alveg furðulegt að það skuli geta gerst, þegar verið er að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar og það verk allvel á veg komið, að út úr stjórnarskránni skuli tekinn sá hlutinn sem sennilega er hvað viðkvæmastur og þyrfti nú mestrar umfjöllunar við í þjóðfélaginu. Hann er slitinn úr samhengi. Honum er dembt inn í þingið og ætlast til þess að hann sé afgreiddur á örstuttum tíma. Og svo eru menn að tala um að þeir vilji koma stjórnarskránni áfram sem heild. Er þá ætlunin að hafa tvennar kosningar í sumar og svo tvennar kosningar að sumri, ef áhuginn er svona mikill á því að koma stjórnarskránni áfram, eða er ætlunin að koma þessu máli einu í gegn og svæfa svo hitt í 10—20 ár, eins og látið hefur verið viðgangast á undanförnum árum þegar farið hefur verið í að endurskoða stjórnarskrána?

En ég ætla þá að víkja örlítið að efnisatriðum frv. og vinnubrögðunum sem hér hafa verið viðhöfð.

Stjórnskipunarlög eru rétthærri öðrum lögum. Önnur lög eru víkjandi ef merking þeirra rekst á merkingu stjórnskipunarlaga. Til að reyna að tryggja að vandað sé til slíkrar lagasetningar þarf meira að hafa fyrir því ef breyta á stjórnskipunarlögum en öðrum lögum. Yfir því frv. til stjórnskipunarlaga, sem hér liggur fyrir, hafa setið hinir mætustu menn, formenn fjögurra stjórnmálaflokka. Þeir hafa gefið sér forsendur og haft allt að því konunglegan reiknimeistara sér til aðstoðar. Hér hefur ekki verið notast við hugarreikninginn frá Sölva Helgasyni. Dr. Þorkell Helgason hefur vissulega beitt betri vinnubrögðum og haft tölvu sér til aðstoðar. Honum var það fljótlega ljóst að sum markmiðin, sem honum voru uppgefin, hlutu að verða víkjandi gagnvart öðrum, sem ætlað var að verða ríkjandi. Þetta er algengt úr erfðafræðinni, þar sem talað er um víkjandi og ríkjandi gen.

Það markmið sem númer eitt skyldi verða ríkjandi var að fullur jöfnuður væri milli þingflokka. Með jöfnuði milli þingflokka er átt við að allir flokkar hafi álíka marga kjósendur að meðaltali á bak við hvern þm. Það markmið að meira vægi ætti að vera hjá hverju atkvæði úti á landi en í aðalþéttbýlinu var víkjandi og þegar atkvæðin verða sett í einn pott til að reikna út þingsætahlut hvers stjórnmálaflokks verða þau ekki vegin upp með því misvægi, sem verið er að tala um, heldur öll metin jöfn. Það er því hnífjafnt vægi atkvæða

hvar sem er á Íslandi. En aðalþéttbýlissvæðið fær ekki að hafa allan þann þingmannafjölda, sem það ræður, skráðan hér á suðvesturhorninu, heldur skulu þeir ráða kjöri manna að hluta til í kjördæmunum úti á landi. Á þessi kjördæmi skulu skráðir fleiri þm. en fólkið í kjördæmunum fær að ráða. E. t. v. liggur sú hugsun að baki, að aukin menntun hér á suðvesturhorninu geri réttlætanlegt að þeir hafi vit fyrir þegnum dreifbýlisins að hluta til, þ. e. þeim sem fjármála- og fjölmiðlavaldið hefur ekki snúið fyrir kosningar. Miðað við þá reglu, sem gilt hefur við að ákveða hverjir hafa náð kjöri í hinum ýmsu kjördæmum, má segja að hin smærri kjördæmi ráði eftir breytinguna varla yfir færri en 3 af 5 þm., en samkv. hinni nýju reglu, sem upp er tekin vegna breytts vægis á dýrlingum, er látið líta svo út sem hin smærri kjördæmi ráði 4 þm. af hverjum 5.

Herra forseti. Við lifum á tímum vísindalegra vinnubragða. Við hafnargerð er það orðin regla að gera módel af viðkomandi höfn og hefja svo straummælingar í sérstöku tilraunakerfi til að mæla frákast og öldugang í höfninni. Það eru jafnframt metin botnlag, ölduhæð utan hafnarmannvirkis og styrkleiki fáanlegs efnis. Það vantar mikið upp á að allt sé upp talið, enda má segja að það heyri til hreinna undantekninga ef hafnarmannvirki taka upp á að hverfa, eins og gerðist í Grímsey.

Segja má að ekki séu vinnubrögð af lakara taginu ef vegir eru lagðir. Ef ætlunin er að fara yfir fjarðarbotn eða botn á vogi dettur engum annað í hug en allsherjarrannsókn á plöntu- og skordýralífi viðkomandi svæðis, þó einstaka menn kvarti undan því að erfitt sé að telja skorkvikindin. Hér er því ekki rasað um ráð fram. Skorkvikindunum skal ekkert mein gert er orsakað geti búseturöskun í þeirra heimahögum.

Nú er mér ljóst að formennirnir fjórir eru vel menntaðir menn og hafa vissulega hagnýtt sér vísindaleg vinnubrögð að hluta til, þ. e. hinn stærðfræðilegi þáttur. Mér sýnist það einnig sýnt, að áfram beri að halda á þeirri braut og kalla nú til félagsfræðinga, frá Háskólanum og láta þá meta áhrif frv. Hvað með hinar dreifðu byggðir, ef þetta verður að lögum?

Margt er það sem athuga ber í þessu sambandi. Þm. eru og verða hagsmunagæslumenn, m. a. ákveðinna landssvæða. Hvort skyldi nú vera auðveldara verk að gæta hagsmuna Vestfjarða sem 1 af 5 eða Reykjavíkur sem 1 af 18? Þetta leiðir hugann að því, hvort ekki ætti fremur að skipta upp í fleiri kjördæmi í fjölmennustu kjördæmunum. Er ekki innbyggt óréttlæti í því að hafa kjördæmin með mismarga þm. Í þeirri stjórnarskrá sem við höfum má segja að áhrif embættismannavaldsins og stofnananna hafi ekki verið tekið með. En hugsum okkur nú pólitísku stöðuna. Við getum hugsað okkur að við röðuðum skattheimtu landsins á skinn eitt mikið og gættum svo að hver yrðu örlög þeirrar summu. Segjum að 5 togi þá fjármuni í vestur, 5 í norðvestur, 11 í norður, 5 í austur, 6 í suður og samtals 22 í suðvestur. Mér sýnist einsýnt hvert sá sjóður yrði dreginn. Þó geri ég ráð fyrir mannvali fyrir norðvesturhornið. Ég hefði gaman af því að sjá þetta útfært og prófa þetta eins og gert er nú með hafnarmannvirkin í módeli, raða liðinu niður og sjá hvernig til tækist.

E. t. v. segja menn að þetta sé ekki svona í framkvæmd. Hvernig fór nú með öldrunarsjóðinn, sem safnað var í skattpeningum af öllu landinu? Fór það ekki svo, að suðvesturhornið dró hann til sín að mestöllu leyti? Er ekki verið að byggja fyrir SÁÁ hér uppi í Grafarvogi? Hvaðan skyldu þeir peningar koma? Koma þeir ekki af landinu öllu? Hvert fara þeir? Á einn stað. Var ekki landssöfnun í gangi núna að frumkvæði forseta og forsrh.? Hvert fór það fé? Þetta er alvaran stóra í þeirri stöðu sem við stöndum frammi fyrir.

Hvernig hafa aðrar þjóðir leyst það vandamál að ofurmáttur stjórnstöðvanna dragi ekki til sín svo mikið vald og auð að til framleiðsluröskunar leiði fyrir þjóðfélagið? Bandaríki Norður-Ameríku eru sambandslýðveldi og þannig er reynt að koma í veg fyrir of mikla miðstýringu. Vestur-Þýskaland er einnig sambandslýðveldi. Hið forna þjóðveldi byggði einnig á hinum fornu fjórðungum. Segja má að þar hafi verið tryggt að ekkert ákveðið svæði landsins fengi drottnunarrétt yfir öðrum svæðum. Félagsfræðilega eru brotin öll þau lögmál, sem tryggja frið í mannlegum samskiptum, í þessu frv. Hvernig ætla þm. að verja það, að Austfirðingar og Sunnlendingar, svo að dæmi séu tekin, skuli hafa miklu minna um virkjanir að segja í sínum heimabyggðum en Reykvíkingar eftir að þetta er orðið að lögum?

Byggðist ekki nýlendustefnan á því að ná undir sig auðlindum annarra? Eru menn búnir að gleyma Laxárdeilunni og átökunum á milli Akureyrar og Þingeyjarsýslu? Hvaða áhrif ætli það hafi á fasteignir úti um land ef fólksflutningar til suðvesturhornsins aukast frá því sem er? Má gera ráð fyrir að þeir sem flytja tækju upp arðbærari störf fyrir þjóðfélagið? Verða þær breytingar, sem hér er verið að leggja til, til þess að leiðrétta annað óréttlæti í þjóðfélaginu? Verður aðstaða til menntunar jafnari? Má ætla að jöfnun orkuverðs í landinu fylgi á eftir? Er markmiðinu náð með því að sjónvarpið sendi myndatökumenn til að kvikmynda sérvitringa, sem eftir sitja, til að sýna þá á stórhátíðum og tyllidögum? Verður það til hagsbóta fyrir höfuðborgarsvæðið ef framleiðslusvæðin enda í þrengingum? Allt þetta og margt fleira teldi ég verðugt rannsóknarefni fyrir félagsfræðinga, þjóðfélagsfræðinga og hagfræðinga áður en ákvörðun er tekin um kjördæmabreytingu.

Menn skyldu gera sér grein fyrir því, að röskun eins og hér er verið að tala um hefur ófyrirsynjanlegar afleiðingar. Í dag erum við á sögulegum vendipunkti. Verður það til farsældar að lýðveldið Ísland ákveði að breytast í borgríkið Reykjavík í áföngum? Það er nefnilega verið að láta í það skína að hér sé aðeins verið að stíga skrefið til hálfs, þetta sé áfangaaðgerð í því sem til umr. sé.

Sannleikurinn er sá, að enginn getur séð til fulls fyrir afleiðingar þeirrar þróunar sem fylgir auknum þingstyrk hér á suðvesturhorninu. Það er aftur á móti söguleg staðreynd, að borgríki með mikilli miðstýringu er miklu hættara við að tapa sjálfstæði sínu en lýðveldi með dreifðu valdi. Persónulega tel ég að heppilegra hefði verið að auka á sjálfsforræði byggðanna, Reykjavíkur sem annarra byggða. Því hefur verið haldið fram, að þetta frv. sé sáttargjörð á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta frv. er stríðsyfirlýsing. Það hlýtur hver óvitlaus maður að sjá. Það er stríðsyfirlýsing þar sem annar aðilinn heimtar til sín hluti, sem hann segir að hann eigi rétt á, en hinn hópurinn, sem ranglæti er beittur í þjóðfélaginu, fær ekkert af því sem hann hefur verið að berjast fyrir.

Ég minnist þess, að ég flutti frv. á Alþingi Íslendinga þar sem mælst var til þess að vísitala framfærslukostn-

aðar yrði reiknuð út fyrir landið allt og þannig hægt að komast að því hver væri kostnaðurinn á hinum ýmsu svæðum. Hæstv. félmrh. taldi það heilaga skyldu sína að koma í veg fyrir að þetta yrði reiknað út. Þannig er hugsunargangur Alþb. í málinu.

Hæstv. iðnrh. er búinn að hella yfir þessa þjóð mestu hækkun sem yfir hana hefur dunið í einum flokki, raforkumálunum. Það er búið að velta 800% hækkun yfir landslýð. Og menn eru hissa þó að fólk úti á landi telji að það sé hægt að tala um fleira en atkvæðisréttinn! Menn eru hissa þó að það sé farið að hitna í dreifbýlinu. Hvað yrði sagt ef menn hefðu fengið hér almennt 800% hækkun yfir sig?

Það blasir við að hnefarétturinn er í sókn hér á landi. Og upp eru að renna þeir tímar að misvitrir menn, með því að taka ekki á þessum málum sem heild, annars vegar að breyta að einhverju leyti vægi atkvæða og hins vegar að leiðrétta annað misrétti, eru að skipta þjóðinni upp í tvær stríðandi fylkingar. Lúðvík Jósepsson gerir sér grein fyrir þessu í riti Alþb., Þjóðviljanum. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta, þetta er í Þjóðviljanum 19.—20. febr.:

„Kjördæmamálið:

Umræðan um kjördæmamálið hefur ekki orðið til að auka á bjartsýni um samstarf og samheldni landsmanna. Með ofsakenndum og öfgafullum áróðri hefur tekist að skipta þjóðinni í tvær fjandsamlegar fylkingar í þessu máli. Annars vegar er hrópað á fullan jöfnuð atkvæða um allt land og enga fjölgun þm. Hins vegar standa aðrir og neita öllum breytingum. Þeir sem mest kvarta um skertan atkvæðisrétt telja sig berjast fyrir jöfnun mannréttinda og rekja orðið flest sem aflaga hefur farið í þjóðfélaginu til rangs „atkvæðavægis“ eins og það er kallað.

Krafan um fullan jöfnuð atkv. milli landshluta og enga fjölgun þm. þýðir á mæltu máli, að Vestfjarðakjördæmi, sem nú er fámennasta kjördæmið, fái 2 þm. í stað 5—6, en að Reykjavík fái 25 í stað 15 nú.

Áróður þessara „réttlætismanna“ er m. a. sá, að ekki sé hægt að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar vegna þessa ranga atkvæðavægis. Þeir segja, að teknar séu rangar fjárfestingaákvarðanir vegna þessa misréttis að gengið sé á hlut þéttbýlisbúa. Hér er með gífuryrðum alið á fjandskap milli landshluta. Hér er verið að halda því fram að fjárfest hafi verið óeðlilega t. d. á Vestfjörðum á kostnað höfuðstaðarbúa og til ógagns fyrir þjóðarheildina. Til Vestfjarða hafa þá líklega verið keypt of mörg fiskiskip og byggð of mörg frystihús.

Á Vestfjörðum starfa um 55% allra vinnandi manna að frumvinnslugreinum, þ. e. landbúnaði og sjávarútvegi. Í Reykjavík starfa hins vegar að frumvinnslugreinum um 3.1%. Auðvitað vinna Reykvíkingar eigi að síður að þjóðhagslega nauðsynlegum störfum. En þessar tölur sýna fyrst og fremst hve gagnkvæmt samstarf og samvinna eru nauðsynleg á milli Vestfirðinga og Reykvíkinga.

Sjósókn og fiskvinnsla Vestfirðinga er á vissan hátt undirstaða undir störfum Reykvíkinga og störf Reykvíkinga eru auðvitað nauðsynleg Vestfirðingum, þó að þau séu mest á sviði verslunar, stjórnsýslu og æðri menntunar. Fjárfestingin í Reykjavík á sviði verslunar, opinberrar þjónustu og æðri menntunar hefur ekki verið lítil. Hún hefur örugglega ekki skilað meiri hagvexti en fiskveiðar Vestfirðinga.

Sú afstaða sem leiðtogar stjórnmálaflokkanna tóku í upphafi varðandi kjördæmamálið var eðlileg og skynsamleg. Þeir sögðu: Við teljum ekki rétt að raska núverandi kjördæmamörkum og ekki rétt að fækka kjördæmakosnum þm. fjarlægustu og smæstu kjördæma. Við teljum hins vegar rétt og sjálfsagt að rétta nokkuð hlut þéttbýlissvæðanna með fleiri þm. þeim til handa. Slík leiðrétting verður að eiga sér stað nú eins og alltaf áður með einhverri fjölgun þm. og með breyttum reglum varðandi skiptingu uppbótarþingsæta.“

Ég hygg að það sé fróðlegt að lesa hér örfáar tölur, og er nú skaði að Sverrir Hermannsson, **(Gripið fram í:** Hann er kominn.) 4. þm. Austurl. er ekki í forsetastól, því að hann ber ábyrgð á þeim næturvígum, sem hér á að vinna á stjórnarskránni, og einnig á þeim tölum sem eru í þeirri bók sem ég hef hugsað mér að lesa hér nokkuð upp úr, með leyfi forseta:

Skipting mannafla í Vestur-Ísafjarðarsýslu eftir atvinnuvegum, ársverk. Meðaltekjur á ársverk og hlutfallstölur fyrir árið 1980:

Landbúnaður 17.8%. Meðaltekjur á landsmælikvarða 90.8%, þ. e. meðaltekjurnar eru þá 100 og þetta er undir meðaltekjum. Fiskveiðar 11.6%, en meðaltekjur 112%. Tekjur sjómanna á Vestfjörðum eru hærri en annars staðar, enda munu þeir draga einna mestan fisk úr sjó miðað við hvern starfandi mann í sjávarútvegi á Íslandi. Fiskvinnsla 97.7. 35.6% af ársverkunum eru í fiskvinnslunni, en tekjurnar 97.7%. Iðnaður 5.7%, en tekjurnar 90.9%. Rafmagns-, hita- og vatnsveitur 1.5%, en tekjurnar 89.3%. Byggingarstarfsemi 5.8%, en tekjurnar 88.9%. Verslun 5.4%, en tekjurnar 86.7%. Samgöngur 5%, en tekjurnar 86.4%. Bankar og tryggingar 1.2%, en tekjurnar 74%. Þjónusta 10.4%, en tekjurnar 86.7%.

Meðaltekjurnar eru undir landsmeðaltali. Ég hygg að hver sem hlýðir á þennan lestur geri sér grein fyrir því, að þarna er verið að vinna að hagnýtum störfum fyrir þjóðfélagið. Engu að síður er það staðreynd, að vegna misheppnaðra raforkusölusamninga aðalorkuveitu landsins hefur verið tekin um það ákvörðun af forráðamönnum í iðnaði og orkumálum að velta yfir hin „köldu svæði“ landsins þessum mistökum óheftum.

Það er fróðlegt að skoða í Þjóðviljanum 22. febr. 5. síðuna, með leyfi forseta. Þar kemur í ljós, að á árunum 1967—1980 fluttu yfir 7000 manns úr landi umfram aðflutta. Á framleiðslusvæði landsins hefur þurft að flytja inn útlendinga til vinnu vegna þess að menn hafa frekar viljað fara úr landi til að stunda þar störf en að sinna þeim störfum sem þetta þjóðfélag þó lifir á. Það er alvaran stóra. En niðurstaðan, hver er hún? Jú, eitt af því sem ákveðið er að rýmka til er með kosningarrétt þeirra sem í útlöndum dvelja. Niðurstaðan er sú, að sá hópur, sem enga skatta borgar til íslenska ríkisins í stórum stíl, hefur þegið námslán frá íslenska ríkinu og notið bestu menntunar, skal hafa meiri áhrif á stjórn þessa lands en Vestfirðingar þrátt fyrir að það verður sá hópurinn sem stendur í því að borga skuldirnar fyrir stóriðjuævintýrin sem við erum svo blekktir af í dag.

Herra forseti. Ég vænti að það sé í virðingarskyni við stjórnarskrána og mikilvægi hennar sem forseti telur vitlegast að hafa kvöldfund um stærsta mál þingsins. Og það er fróðlegt að fylgjast með því og meta hvort þar blundar enn snefill af sjálfstæði og viljafestu Vestfirðings sem einu sinni stundaði sjósókn við Djúp

eða hvort það er orðið svo kaghýtt það eðli að það þori ekki annað en hlýða framkvæmdavaldinu og fylgja dagskipuninni: Látið þá tala þangað til umr. er lokið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er nú að líta í kringum mig til að gá hvar hv. flm. eru hér í salnum. Það mun að vísu vera siður að það sé aðeins þegar um stjfrv. er að ræða að hægt sé að krefjast þess að sá ráðh. sem hefur með málið að gera sé hér í þingsölunum. Þegar um þmfrv. er að ræða sé ekki hægt að krefjast þess. En hér er dálítið sérstakt mál á ferðinni. Það er verið að ræða hér um stjórnarskrá lýðveldisins, frv. til stjórnskipunarlaga. Ég vil því óska eftir því við hæstv. forseta að hann sjái um að hv. flm. séu hér í salnum á meðan verið er að ræða þetta mál. (**Forseti SvH:** Ég vil benda á að einn aðalflm. er viðstaddur, hv. 2. þm. Reykv. Ég vil og geta þess, sem auðvitað er, að allir fluttu flm. rækilega framsögu, sem er óvenjulegt, að allir flm. flytji slíka framsögu fyrir máli. Þá er þess að geta, að þetta er aðeins 1. umr. þannig að tvær eru eftir og gefst þá hv. þm. kostur á að fá skýringar ef þeir þurfa með frv. Enn er þess að geta, að mér heyrist á velflestum ræðumönnum að þeim þyki þetta frv. afar einfalt í sniðum svo að það þarf kannske ekki flóknar útskýringar. Í síðasta lagi ber að leggja á það áherslu að óframkvæmanlegt er af hálfu forseta að sjá svo um, að flm. frv. séu viðstaddir. Það hefur verið tíðkað að reyna að sjá svo um að ráðh. væru viðstaddir þegar um stjfrv. er að ræða. Ég er til að mynda með hér í höndum frv. sem eru 13 flm. að. Ef einhver tæki nú upp á því að standa í stól og krefjast þess, að þeir væru allir við, og þetta er endilangur stjórnarandstöðuþingflokkur Sjálfstfl., veit ég að hv. ræðumönnum mundi ekki hugnast að slíku. Læt ég þess vegna skýringum mínum núna lokið.)

Herra forseti. Ég verð að segja það að hér er um allt annað og óvenjulegt mál á Alþingi að ræða. Það er frv. til stjórnskipunarlaga og ég verð að lýsa óánægju minni yfir því að hér skuli vera haldið áfram að ræða þetta frv. undir lágnætti yfir tómum þingsal.

Ég vil að þessu loknu skýra frá því að ég hef áskilið mér allan rétt í þessu máli frá upphafi. Ástæðan fyrir því er að ég tel að þetta mál, sem hefur tekið svo langan tíma hér á Alþingi, sé ekki það mál sem mest liggur nú á að ræða og leita úrlausnar á. Ég tel að það séu allt önnur mál. Ekki síst þegar menn velta fyrir sér efnisatriðum þessa frv. sem eru aðeins tvö. Það er um að fjölga þm. um þrjá. (Gripið fram í.) Er það það nauðsynlegasta sem Alþingi Íslendinga þarf að gera, að fjölga þm. um 3. Og í öðru lagi að færa kosningaaldur niður í 18 ár. Það hefur verið athugað í sumum skólum að þar eru mjög skiptar skoðanir um það hvort menn vilja þiggja þennan kosningarrétt sem er verið að veita. Og a. m. k. er það alveg klárt að þetta er ekki það mál sem þjóðin þarf nú helst að leiða til lykta. Út af þessum tveimur efnisatriðum, án þess að taka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar til afgreiðslu, á síðan að stefna þjóðinni, við þær aðstæður sem nú eru, út í tvennar kosningar. Það er engin furða þó að hv. kjósendur séu undrandi á því ástandi sem ríkir hér í sölum Alþingis.

Ég vil taka það sérstaklega fram, áður en ég held lengra í máli mínu, að ég er þess fullviss að ef hv. formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, hefði ekki fjallað um þetta mál með hinum forustumönnum þingflokkanna hefði þetta frv. og þau drög sem eru að kosningalögum o. fl. þó verið á annan veg en hér er og ennþá óaðgengilegra fyrir þá sem búa við skertan hlut í þjóðfélaginu. En þó að ég viðurkenni það finnst mér það samt sem áður ekki réttlæta það að standa að svona frv.

Það er margt sem ég hef við þetta að athuga, en mun fátt eitt tína til, þar sem hér við 1. umr. er því miður ekki nema einn hv. flm.

Hv. alþm. ræða mjög um réttlæti og mannréttindi. Í máli þeirra eru einu mannréttindin, að manni skilst, jafnt vægi atkvæða. Það er a. m. k. það sem liggur mest á í þeirra augum að leiðrétta. Í mínum huga er fleira mannréttindi, sem kannske lægi meira á að byrja á, ef ætti að koma á einhverju réttlæti í þessu þjóðfélagi. Hafa menn hugleitt hvernig á því stendur að enda þótt vægi atkvæða sé svo miklu meira t. d. á Vestfjörðum en hér skuli fólk ekki flytja vestur á firði af suðvesturhorninu til að njóta þessara mannréttinda? Hvernig skyldi standa á því? Væri ekki rétt fyrir menn að hugleiða það? Því flytja menn það an, jafnvel þeir sem eru að tala um þessi mannréttindi hér? Ætli það sé ekki vegna þess að aðstöðumunurinn er nokkuð mikill á milli þeirra sem búa víðs vegar úti á landinu og hinna sem búa hér á suðvesturhorninu? Það er ekki nóg að hafa sama tímakaup ef framfærslukostnaðurinn er þriðjungi meiri eins og mun vera nú. Eitt af því sem ræður úrslitum er hitunarkostnaðurinn á hinum köldu svæðum fyrir utan allt annað. (**GJG:** Fátækt er mest hér í Reykjavík.) Ég veit að hér er fátækt. En hún er ekki síður annars staðar. Ég þekki a. m. k. allsleysi annars staðar en í Reykjavík. Og eitt er víst, að ef menn hafa sömu krónutölu í vasanum, þá er meiri kostnaður að búa annars staðar en hér þegar allt er skoðað.

Ég mun athuga það að flytja brtt. við þetta frv., brtt. um að tekin skuli upp aðstöðuvísitala eða þjónustuvísitala eða hvað sem menn vilja kalla hana, hvað það kostar að búa á Vestfjörðum, hvað það kostar að búa á hinum og öðrum stað og menn fái skattaafslátt í samræmi við það. Það er ekki sæmandi fyrir Alþingi Íslendinga að afgreiða þetta mál án þess að í leiðinni sé reynt að jafna aðstöðumun í þjóðfélaginu. Ef það er skoðun hv. þm. á annað borð að þjóðinni sé nauðsynlegt að byggja landið allt, eins og a. m. k. er haldið fram í hátíðarræðum á tyllidögum að ég hygg af öllum forustumönnum þeirra þingflokka sem hér eru, þá verður líka að bregðast við í samræmi við það, en ekki gera ráðstafanir sem verka alveg öfugt, þannig að skriðan af fólki komi utan af landsbyggðinni hingað á suðvesturhornið. Ég mun athuga hvort ég hef möguleika á að flytja slíka till. um þjónustuvísitölu eða aðstöðuvísitölu við þetta frv. Þá sést hver réttlætistilfinningin er hjá hv. þm.

Það er ýmislegt fleira sem ég tel aðfinnsluvert við þetta frv. Ég tel það t. d. sjálfsagt mál að hvert kjördæmi fái að ráða kjöri sinna manna, þess fjölda þm. sem má vera í hverjum stað, en það séu ekki kjósendur annarra staða sem ráði því. Þar af leiðandi tel ég, fyrst búið er að ákveða með þessum hætti — það er auðvitað ekki ákveðið með þessu, en það er stefnt að því, það er auðséð á fylgifrv. hér — að það verði bundið ákveðinni tölu, að þeir skuli allir kosnir beinni kosningu á hverju svæði. Og sé um það tvennt að ræða, þá vil ég a. m. k.

heldur fækka þm. utan af landsbyggðinni en það séu aðrir sem ráði kjöri þeirra fulltrúa sem þaðan eru. Því að það er náttúrlega ekkert samræmi í því að segja, að það skuli vera svo og svo margir þm. utan af landsbyggðinni og síðan að svo og svo margir séu kosnir og það sé svo ákvarðað af mönnum úr öðrum kjördæmum hverjir verða þar fulltrúar.

Ég er líka alveg mótfallinn því undir þessum kringumstæðum að fjölga þm. Það er engin ástæða til þess, ekki nokkur. Mér finnst það hreint ábyrgðarleysi, undir slíkum kringumstæðum sem nú eru, að steypa þjóðinni út í tvennar kosningar, eins og mér skilst að tveir flokkarnir sem að þessu standa stefni að, þ. e. Alþb. og Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Ég hefði haldið að það væri annað sem lægi meira á.

Á morgun hækkar allt kaup um 14.74%. Sumir halda því fram að það sé kjarabót fyrir láglaunafólkið að fá slíka hækkun. Mér detta nú í hug öfugmælavísurnar frá því í gamla daga þegar ég heyri þetta. Málið er svo einfalt. Atvinnuvegirnir, a. m. k. flestir þeirra, geta eins og sakir standa ekki borgað hærra kaup. Það er vitað að hækkunarskriða er komin strax í kjölfarið. Landbúnaðarvörur hækka um 25—30%. Fiskvinnslan þarf að fá gengisfellingu upp á ég veit ekki hvað, ég ætla ekki að nefna neinar tölur. En eitt er alveg víst, að ef atvinnuvegirnir geta ekki borið neitt af þessari hækkun verður hlutur þeirra skertur sem hafa lægstu launin. Ef atvinnurekstrinn á að fá þetta allt aftur til sín með einhverjum hætti, þá stendur maðurinn sem hefur meðallaunin kannske nokkurn veginn jafnréttur, en hinir, sem eru fyrir neðan strikið, tapa. Ofan á þetta bætist svo það að þjónustufyrirtækin, verslunarfyrirtækin eru að ræða um það þessa dagana að þau neyðist til að fara að segja upp fólki, 15—20% þar sem það er hægt. Hvar stöndum við? En á meðan þetta er að gerast er rætt um að fjölga þm. um þrjá og færa kosningaaldurinn niður í 18 ár. Það er brýnasta málið, herra forseti. Ég spyr enn: Hvar stöndum við? Hvað hugsum við?

Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim mönnum sem ætla sér að stefna þjóðinni út í tvennar kosningar á þessu ári undir slíkum kringumstæðum algerlega að ástæðulausu. Það hefði verið allt annað ef heildarniðurstaða hefði verið um stjórnskipunarlögin, ef það hefði fylgt með, það var þó afsökun. En það er engin afsökun þegar hér er í raun og veru ekki um neitt að ræða.

Já, menn ræða mikið um mannréttindi. Einn hv. þm. sagði áðan að menn ættu að standa á jöfnum rétti til áhrifa, allir þegnar eigi að sitja við sama borð. Það er einmitt þetta sem ég er að tala um. Ef það væri stæði ekki á mér að hafa vægi atkvæða jafnt, ef fyrst væru gerðar ráðstafanir til þess að minnka aðstöðumuninn eftir því sem hægt er í þessu þjóðfélagi.

Mér skildist á hv. þm. Jóni Baldvin áðan að hann vildi eiginlega láta lögbinda ójöfnuðinn, hvorki meira né minna.

Klukkan er nú orðin 12 á lágnætti. Ég mun athuga það að koma með brtt., ef sú till. skyldi skjóta upp kollinum, ganga aftur hér í þinginu, sem er búið að nema brott úr þessu frv. Ég sá bráðabirgðaákvæði sem er nú til allrar hamingu horfið hér brott. Ég mun líka athuga um brtt. við þá till. ef hún kemur fram.

Ég vil svo endurtaka það að mér finnst þetta frv. — það eru að vísu hér fylgifrv. sem eiga að koma til umfjöllunar næsta þings ef þetta frv. til stjórnskipunarlaga verður samþykkt á þessu þingi — mér finnst að þetta frv. sem við erum að fjalla um sé heldur lítið og léttvægt miðað við þann tíma og vinnu og umstang og umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu að undanförnu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég tek undir niðurlagsorð hv. síðasta ræðumanns um þetta frv., að það er ótrúlega lítið og léttvægt miðað við alla vinnuna og allan aðdragandann. En erindi mitt í annað skipti í þessum umr. í ræðustól er hins vegar enn sem fyrr að vekja athygli á því, að þetta frv. fjallar ekki fyrst og fremst um þá átakspunkta sem vissulega gætu verið til staðar og sumpart eru til staðar í samfélaginu á milli þéttbýlis og dreifbýlis og menn hafa hér gert nokkurt mál úr, kannske af ofur eðlilegum ástæðum, vegna þess, herra forseti, að í þessu frv. til stjórnskipunarlaga er engin slík afstaða tekin. Allar slíkar ákvarðanir eru geymdar til næsta þings, sem enginn getur sagt með nokkurri nákvæmni nú hvernig saman muni verða sett.

Ég vil segja það, herra forseti, að ósvífnin, sem í þessu frv. felst, byggir á þessu. Ég held að það hafi vafist fyrir mönnum — og það er tæknileg útskýring — að menn eru að bera þetta frv. saman við frv., sem var auðvitað miklu merkilegra og róttækara og allt öðruvísi, um meiri háttar breytingu á kjördæmaskipuninni, sem gerð var 1959. Þá var kjördæmaskipan breytt með róttækum hætti og þá fóru fram tvennar kosningar. En sannleikurinn var sá, að þá var í mörgum meginatriðum allt önnur tíð í þessu landi í stjórnarfars- og stjórnmálaflokkalegum skilningi, eins og fram kom hjá hæstv. félmrh. í dag þegar hann fór að lesa upp úr gömlum bréfum og álitum Alþb. Þá var meira og minna flokksræði. En slíku er ekki fyrir að fara í dag með sama hætti. Það gáfu fáeinir einstaklingar út með hvaða hætti flokkar og þingflokkar mundu hegða sér og það stóð. Við urðum að horfa upp á það hér í kvöld, og ég vil taka það fram að ég tel að sú þróun sé af hinu góða, að það eru í raun og veru uppi allt önnur viðhorf í þeim efnum.

Dæmi um hvað menn leggja þetta niður fyrir sér að minni hyggju með röngum hætti: Menn eru hér að ýja að því að um eitt skeið hafi inni í þessu frv. verið ákvæði til bráðabirgða um tvennar kosningar. Slíkt væri ekki aðeins formlega rangt, heldur lagatæknilega rangt, því að slíkt byggir ekki aðeins á því að þetta þing samþykki að viðhafa tvennar kosningar, heldur einnig hið næsta þing, sem eftir á að kjósa. Þetta þing, sem nú situr, og þessir hv. fjórir flokksformenn, sem frv. hafa lagt fram, geta auðvitað sett hvaða ákvæði til bráðabirgða inn í frv. sem er og samþykkt það. En næsta þing er ekki með nokkrum hætti bundið af því að fara eftir því. Það getur gert það að sínu fyrsta verki að fleygja slíku ákvæði til brb. út í hafsauga og sitja svo til fjögurra ára, ef það svo kýs.

Með öðrum orðum: slíkt ákvæði til bráðabirgða er dauður bókstafur. Menn gerðu þetta svona 1959, en þá voru allt aðrar ástæður í landinu. Mér sýnist að miklu meira í þessu frv. byggi á þessari hugsanavillu, sem menn rekja að einhverju leyti til 1959 og eru að bera saman til 1959, en gleyma því að flokksaginn var þá með öðrum hætti og þótti kannske sjálfsagðara mál en hann þykir í dag. Slíkt ákvæði til bráðabirgða í slíkum lögum, flutt af 4 eða 2 eða með einhverjum hætti, er auðvitað alfarið dauður bókstafur. Alveg jafngilt væri

ef gefin væri út einföld yfirlýsing. Bráðabirgðaákvæði væri jafnmikils virði og slík yfirlýsing, þó það héti ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. og þó að samþykkt yrði. Það yrði næsta þing, hverjir sem það koma til með að skipa, sem slíkt ákvæði. Í þessu frv. er auðvitað ekki hægt að heita neinu í þeim efnum. Öll þessi hugsun, hygg ég, er röng.

Þetta, herra forseti, er annað af þessum tæknilegu atriðum. Hitt er það, að í þessu frv. til stjórnskipunarlaga og alveg óháð þeim átökum, sem sumpart eiga sér stað hér í málflutningi um jafnan eða ójafnan atkvæðisrétt, um jafna eða ójafna aðstöðu, er sá kjarni málsins að fjölga þm. um þrjá. Þá undanskil ég að vísu næstu grein á eftir, um lækkun kosningaaldurs. En að því er kosningakerfið varðar gengur þetta út á það eitt að fjölga þm. Það er tekið fram í b- og c-staflið að 9 þingsætum skuli ráðstafað í kosningalögum. Það eru að vísu einhverjar tillögur í grg. um hvað í þessum kosningalögum skuli standa, en alveg af sömu ástæðu og þessir hv. herramenn segja næsta þingi ekki nokkurn skapaðan hlut um hve lengi það skuli sitja — það er þess að ákvarða það — segja þessir herramenn næsta þingi ekki heldur á þessu augnabliki nokkurn skapaðan hlut um hvernig þessum 9, sem heimilt verður að bæta við 54, skuli ráðstafa. Engar tillögur í grg. og engar tillögur í fskj. þessa þings megna að fá neinu um það ráðið hvað næsta þing kemur til með að gera. Þess vegna, og fyrir utan aðrar augljósar hugsanaskekkjur, sem í þessu eru, er þetta frv. verra en ekkert.

Við skulum aðeins segja frá bæjardyrum okkar þéttbýlismanna: Setjum svo að næsta þing ákvæði nú að fara allt öðruvísi að og taka þessa nýju þm. og færa þá til sín. Ég hygg að vísu að til slíkrar óbilgirni kæmi ekki, en það er ekkert í þessum pappír sem kemur í veg fyrir að svo skuli að málum staðið. Meira að segja í staflið b, þar sem fjallað er um 8 af þessum 9 þm. sem ekki eru bundnir við kjördæmi, segir: „A. m. k. 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkv. ákvæðum í kosningalögum.“ — Það segir ekkert um, sem mér þó skilst að eigi að vera hugsunin í þessu, að þar eigi að fara eftir því hver fólksfjöldi er að baki. Menn hafa talað — mér liggur við að segja tuðað — í þá veru, en það segir ekkert um það í þessu plaggi. Það segir um það í einhverri grg. og einhverjum fskj., en næsta þing verður ekki bundið með grg. og fskj.

Sannleikurinn er sá fyrir utan allt annað, að þessi pappír er svo illa unninn, eftir fimm ár eða hvað það er, að það er náttúrlega öllum aðstandendum til hreinnar skammar.

Ég vil taka undir mörg þau sjónarmið, sem hér hafa verið flutt af þeim sem eru hv. þm. fyrir dreifbýli, að því leytinu til að vitaskuld er um aðstöðumun að ræða að mörgu leyti og til slíks þurfa menn að taka tillit. En ef ég engu að síður tala sem þéttbýlismaður er ekki einu sinni nefndur hér sá öryggisventill sem þó átti að vera í þessu, og til hvers er þá leikurinn gerður? M. ö. o.: hér kynnu menn að vera að búa til meiri vanda en þann sem þeir þykjast vera að leysa. Þegar svona er í pottinn búið er auðvitað ekki von á góðu.

Eins, herra forseti, undirstrika ég það, sem lögfróðir menn segja mér, að það orðalag sem lagt er til hér í stjórnarskrárgrein finnst hvergi annars staðar, þá á ég við þegar segir: „Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er“ að heimilt sé o. s. frv. — Slíkt orðalag fyrirfinnst ekki í nokkurri stjórnarskrá nokkurs lýðræðisríkis. Í raun og veru er verið að opna til tveggja eða fleiri átta, að breiða yfir ágreining með loðnu orðalagi. Það er auðvitað þekkt í öllum samskiptum mannanna að slíkt sé gert, en það er óþekkt í stjórnarskrám að fara að með þessum hætti. Þetta er orðalag sem menn geta túlkað sem „einn maður — eitt atkvæði“ innan þeirra marka sem tölulega er gert ráð fyrir fyrir ofan og sem menn geta túlkað að jafna skuli út til hinna dreifðu byggða vegna aðstöðumunar sem sannanlega er til staðar. Að bjóða upp á slíkt orðalag í tillögum til stjórnarskrárbreytinga, og ég endurtek það, nær ekki nokkurri átt.

Ég hef, herra forseti, verið að endurtaka og um leið bæta við þær tæknilegu ábendingar sem ég hef gert við þetta frv. Ég held að það sé alveg ljóst að það yrði þessari stofnun til skammar ef hún léti frv. fara frá sér með þessum hætti. Þetta er væntanlega gert til þess að fulltrúar flokkanna, þar sem eru auðvitað skiptar skoðanir að ekki sé meira sagt, geti túlkað þetta tungum tveim eða þrem, eftir því hvar þeir eru staddir á landinu, í þeim kosningum sem menn halda að þeir séu að leggja út í. Þéttbýlismennirnir geta sagt: Það er verið að jafna inn á þéttbýlið hér á suðvesturhorninu og Eyjafjarðarsvæðinu kannske. Aðrir geta sagt: Þessir 8 verða fluttir inn til okkar. Svo ætla menn að hafa óbundnar hendur þegar sest er niður að kosningum loknum. Þetta er náttúrlega svo ódýr leið, sem hér er verið að fara, að það verður með öllum aðferðum, sem réttar leikreglur gera ráð fyrir, að koma í veg fyrir að hv. Alþingi afgreiði þetta með þessum hætti.

Ég vil svo, herra forseti, vegna orða sem féllu hjá hv. 9. þm. Reykv. hér í kvöld vegna þeirra tillagna, sem ég hef mælt fyrir og menn þekkja og aths. sem fram koma, aðeins skýra betur og undirstrika. Við höfum lagt til að kosningarréttur verði jafnaður að hálfu, verði jafnaður framkvæmdavaldsmegin, að framkvæmdavald, ríkisstj., forsrh., ríkisstjóri eða hvað menn kjósa að kalla það, sá helmingur þessa valds, verði kosið kosningu þar sem landið sé eitt kjördæmi og þar sem sérhver kosningabær Íslendingur hafi eitt og jafnt atkv. Við höfum sagt að að þessu gerðu og að því gerðu að skilið sé á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, — sjóðavaldið þar með tekið af þinginu, en því fengið eftirlitsvald í staðinn, — þá sé í þágu hinna dreifðari byggða réttlætanlegt að hafa kjördæmaskipan óbreytta með því innbyggða ójafnvægi sem nú er þar að finna. Þetta eru í sjálfu sér einfaldar tillögur.

Þá segir hv. þm. og aðrir gagnrýnendur hafa sagt: Hér er verið að bjóða upp á stríð milli dreifbýlis og þéttbýlis, vegna þess að ef ríkisstj. er kosin með einu og jöfnu atkv. hvers atkvæðisbærs manns, en löggjafarvaldið hins vegar með ójöfnu atkv., er kosið með ólíkum hætti og þá lendir í pólítískri styrjöld, t. d. um fjárlög eða hvað annað, á milli þessara tveggja sumpart ólíku sjónarmiða. Frakkar, sem leystu þessi mál með þeim hætti sem við í Bandalagi jafnaðarmanna höfum lagt til, svöruðu þessu með því að setja í sína stjórnarskrá ákvæði um að ef til slíks ágreinings eða missættis kæmi á milli framkvæmdavalds annars vegar og löggjafarvalds hins vegar væri hvorum aðilanum um sig, löggjafarvaldinu eins og það er í dag, en þess utan framkvæmdavaldinu, heimilt að beita þjóðaratkvæði.

Reynslan í Frakklandi segir okkur: Þessu hefur í raun og veru aðeins einu sinni verið beitt þó að atkvgr. hafi tvisvar farið fram, því að í annað skiptið var raunverulega um það að ræða að sitjandi forseti varð að biðja um traust, sem hann hlaut ekki, og sagði raunar af sér embætti 1969. En það er ekki kjarni málsins, heldur er hitt kjarni málsins, að þegar þetta pólitíska vopn er til staðar forðast menn að til slíks komi og menn mætast á miðri leið. Svarið er einfaldlega það, að menn verða að hafa þá trú á þm. og framkvæmdavaldi framtíðar að slík ágreiningsmál, sem auðvitað kunna upp að koma, t. d. um gerð fjárlaga eða hvað annað, séu leyst og menn mætist.

Vitaskuld er rétt að að þessu leytinu til er slíkt fyrirkomulag í þágu dreifbýlis, en engu að síður er það takmark í sjálfu sér að byggð sé haldið uppi í landinu og engin ástæða er til að ætla að okkar reynsla verði öðruvísi en sú í Frakklandi og menn mætist á miðri leið frekar en að efna til styrjaldar sem í þjóðaratkvæði endar, en komi til slíks er slíkt tæki til staðar. Þetta er franska útfærslan — útfærsla í þeirri stjórnarskrá á vandamáli sem tæknilega og fræðilega talað getur upp komið. En reynslan þar segir: Vegna þess að þessi pólitíska aðferð er til staðar kemur ekki til vandræða, enda má áreiðanlega treysta því að við slíkar aðstæður hverfur þessi gamli og heiftúðugi skilningur okkar á því að hluti þm. sé í stjórn og hluti þm. sé í stjórnarandstöðu. Svo eru menn að hegða sér samkvæmt því og auðvitað langt út fyrir það sem samviska þeirra raunverulega býður þeim. Þetta er gamall kreppuskilningur, sem þarf að eyða að hluta vegna þess að nú er 1983, en ekki 1933, og við stefnum fram, en ekki aftur. Þetta, herra forseti, hygg ég að séu ekki rök gegn þessum hugmyndum, sem máli skipta.

Einnig má bæta því við, að ég fullyrði að talsmenn þessara hugmynda og aðstandendur Bandalags jafnaðarmanna, þó að þm. sé að sinni ekki nema einn, eru einu stjórnmálasamtökin í landinu, a. m. k. sem fulltrúa hafa á Alþingi, sem tala sama tungumáli í stjórnarskrár- og kjördæmamálum suður í Keflavík og norður á Húsavík, á Ísafirði og Höfn í Hornafirði. Ég fullyrði að flokkarnir fjórir eru allir því markinu brenndir að þeir tala tungum tveim í þessu máli. Þetta er auðvitað lýsing á hrynjandi og deyjandi flokkakerfi og aldeilis allt í lagi með það. Að vísu halda þessir ríkiseinokuðu fjölmiðlar og niðurgreiddu dagblöð uppi þeirri mynd að hér fari heldur heillegt kerfi. En sannleikurinn er auðvitað allur annar. Flokkakerfið gamla er þverklofið að því er þetta varðar.

Hv. þm. Jóhann Einvarðsson talar allt annað tungumál suður í Garði en hinn talar austur á fjörðum og það gildir um það allt saman. En við erum að leggja til eitt og jafnt atkv. framkvæmdavaldsmegin, ójafnt atkvæði — og það skal nefna það réttum orðum — löggjafarvaldsmegin, og við þurfum ekki að tala tungum tveimur að því er þetta varðar. En það, herra forseti, er útúrdúr.

Í dag lýsti ég nákvæmlega þeim brtt. eða hluta af þeim sem við komum til með að flytja við þetta frv. Nú er mér ekki alveg ljóst hver tímasetningin verður og hvenær ætlað er að þetta frv. verði lagt fram til 2. umr. En við þá hv. þm. sem í þessa nefnd veljast, sem um þetta mál á að fjalla, — og ég hef að vísu enn ekki hugmynd um hverjir verða, en einhverjir spekingar úr fjórflokkakerfinu verða það væntanlega, — vil ég samt segja að textinn eins og hann stendur í þessu frv. er ónýtur.

Ég vakti á því athygli í dag og geri enn, að í síðustu mgr. 1. gr. er þessa setningu að finna, og með leyfi forseta vitna ég:

„Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkv. a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu."

Herra forseti. Eins og hún stendur stenst ekki þessi setning sé litið á „allt að fjórðungi þm." T. d. er gert ráð fyrir í greininni að þm. Reykvíkinga verði 14. Ef á að bæta við allt að fjórðungi eru það ekki nema þrír þm. Þá eru þm. ekki nema 17. Hér er stjórnarskrárgrein sem á að taka mið af drögum af lagafrv. sem er í fskj. M. ö. o.: það er njörvuð inn í stjórnarskrá viðmiðun við niðurstöðu í lagafrv. sem er að finna í drögum að frv. sem flutt er sem fskj. og gert er ráð fyrir að verði samþykkt á næsta þingi. Samkv. því verða þeir 18 og þá er fjórðungurinn orðinn 4. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð.

Menn verða að taka hlutina í réttri röð. Ef menn eru að tala um 18 þm. fyrir Reykjavík skulu menn halda sig við töluna 18 og reikna svo út frá því. Mér dettur í hug að vera kunni að einhver sé öðrum klókari í þessari nefnd og það sé verið að plata með einum eða öðrum hætti. En eins og þetta stendur þarna verða þm. ekki 18. Svo er ekki samkv. venjulegum skilningi á mannamáli. Það er málið.

Mér sýnist að allur þessi texti sé meira og minna þessu markinu brenndur fyrir utan annað sem ég hef bent á og ég bendi á. Ég hef satt að segja verið að spyrjast fyrir um hverjir séu hinir lagalegu ráðgjafar um samningu þessa máls.

Þá vek ég enn athygli á því, að menn hafa sagt, að vísu stendur það ekki hér, um ákvæði til bráðabirgða um tímasetningu kosninga, og fjölmiðlarnir túlka sem þetta þing geti ráðið því hvort það verða einar eða tvennar kosningar, þegar það er ekki þetta þing, heldur næsta þing, sem fólkið í landinu á eftir að kjósa. Kannske vildi fólkið í landinu t. d. kjósa þá þm. sem vilja einar kosningar og ekki hina sem vilja tvennar. Og um hvað er þá verið að tala? Mér sýnist svo margt af þessu vera þessu markinu brennt.

Herra forseti. Mér er ekki nákvæmlega ljóst, eins og ég hef sagt, hver framvinda þessa máls hefur orðið. En það er ekki nóg með að niðurstaðan sé lítil, heldur er hitt kjarni málsins, að forustumenn fjórflokkanna, með hjálp hinna ríkiseinokuðu fjölmiðla annars vegar og hinna niðurgreiddu dagblaða hins vegar, eru að halda skröksögum að fólkinu í landinu um hvað raunverulega stendur í þessu plaggi. Í þessu plaggi er ekki neitt annað en fjölgunin um þrjá. Hitt er allt óuppgert og það verður þingið, sem kosið verður kannske 23. apríl, sem á eftir að segja um það. Meira að segja er ekkert um að þessir 8, sem bætast við hina 54, eigi að koma fram á hin fjölmennari kjördæmi skulum við segja. Það er ekkert um það í þessum efnum. Til hvers er þá verið að þessu? Hvað er verið að gera?

Ég held að þessir menn ættu að fá sér betri lagalega ráðgjafa og vanda sig betur næst og áður en þeir ná samkomulagi, því að að þessu sinni hefur ekki vel tekist til. Og sé það svo, herra forseti, að þeir séu raunveru-

lega að sýna að þrátt fyrir allt sé þetta gamla flokkakerfi einhvers megnugt hefur hroðalega tekist til. Þá hefur sú sýning, að ég hygg, misheppnast með öllu. Það er mín sannfæring og mín spá stendur til þess, að það eigi kyrfilega eftir að koma í ljós á næstunni, þegar allur almenningur sér fram hjá Morgunblaðinu og Þjóðviljanum og ríkisfjölmiðlunum og fari að sjá þetta frv. eins og það stendur allt of bert, og fólk muni spyrja: Nú, er þetta allt og sumt? Og svarið, herra forseti, getur ekki verið annað en það: Já, þetta er allt og sumt.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessa umr., enda er þegar áliðið nætur. En ég hef leyft mér á þskj. 409 að flytja brtt. við þetta frv., sem hérna liggur frammi, og mér þykir rétt að fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum.

Um frv. sjálft í heild skal ég ekki fara mörgum orðum. Eins og komið hefur fram í orðum fyrri ræðumanna er það til þess að gera einfalt í sniðum og út af fyrir sig kannske ekki ástæða til að eyða mörgum orðum um þau fskj. sem fylgja frv. að öðru leyti en þeim ákvörðunum sem teknar eru í 1. gr. um fjölgun þm. og hvernig meiri hluti þeirra skuli skiptast á milli kjördæma. Ég vil taka það strax fram að ég mun fylgja þessum ákvæðum, enda tel ég að hér sé um vissa málamiðlun á milli þéttbýlis og dreifbýlis að ræða, og ætla síðan ekki að fara að karpa hér úr þessum ræðustóli, a. m. k. ekki að þessu sinni, við aðra þá ræðumenn sem hér hafa talað fyrr í kvöld og mælt gegn þessum breytingum.

En þar sem fleiri breytingar eru teknar inn í frv. heldur en einungis breytingar vegna kosninganna, nauðsynlegar breytingar vegna væntanlegra kosningalaga, m. a. breytingin um að lækka kosningaaldurinn í 18 ár, svo að eitthvað sé nefnt, þá tel ég ástæðu til þess að flytja við frv. þessa brtt. Vil ég í því sambandi aðeins vitna til ákvæða í stjórnarskránni eins og hún er núna varðandi breytingar á stjórnarskránni. Í núv. stjórnarskrá segir í 81. gr., með leyfi herra forseta:

„Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvgr. samþykkt þau."

Þetta hefur í sjálfu sér verið túlkað á þann veg, að við næstu alþingiskosningar séu þessar tillögur til stjórnlagabreytingar einnig til vals hjá kjósendum. Ég vil meina að það hafi í raun ekki verið þannig, heldur hafi kosningarnar fyrst og fremst snúist um flokkana eða um stefnumál flokka og frambjóðendur og þetta hafi í raun verið fylgiefni í þeim kosningum. Í þeim umr. sem fram fara í þjóðfélaginu í dag hefur oft verið um það talað að við þm. höldum málum hér innan nefnda, innan deildarinnar og leyfum ekki hinum almenna borgara að hafa nein áhrif á hvað við erum að gera. Þetta kemur skýrt fram m. a. í frv. því að nýrri stjórnarskrá eða tillögum, sem stjórnarskrárnefndin hefur samið, varðandi flestar eða allar greinar stjórnarskrárinnar. Þar er m. a. þessi till. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 409. Hún orðast svo:

„Sé tillaga um breytingu á stjórnarskránni samþykkt á Alþingi skal fara fram um hana þjóðaratkvgr. Hljóti hún þar samþykki og sé einnig samþykkt óbreytt á Alþingi að loknum næstu kosningum skal hún staðfest af forseta og er hún þá gild stjórnarskipunarlög."

Um þetta ákvæði er fullt samkomulag innan stjórnarskrárnefndarinnar, að því er ég best veit. Ef við reiknum með því að þessi stjórnarskrárbreyting verði samþykkt núna og síðan aftur að loknum næstu alþingiskosningum, en þá munu fram koma megintillögur frá stjórnarskrárnefndinni og þar með þetta ákvæði, þá tekur það ekki gildi fyrr en að loknum enn öðrum alþingiskosningum að við getum vísað slíkum tillögum til þjóðaratkvgr.

Í skýrslu þeirri sem stjórnarskrárnefnd afhenti þingflokkunum er svohljóðandi grein gerð fyrir þessu ákvæði:

„Lagt er hér til að nýr háttur verði hafður á við breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli. Ekki er hins vegar lengur skylt að rjúfa þing strax og fyrra þingið hefur samþykkt stjórnarskrárbreytinguna. Nýmæli er það einnig að nú skal fara fram sérstök þjóðaratkvgr. um stjórnarskrárbreytinguna að loknu samþykki fyrra þingsins. Ráðast því örlög breytingarinnar af vilja þjóðarinnar. Svo er hins vegar ekki í dag, þar sem þjóðaratkvgr. fer ekki fram um stjórnarskrárbreytinguna sérstaklega, heldur eiga sér einvörðungu stað almennar alþingiskosningar eftir þingrof, þar sem um margt annað er kosið en stjórnarskrárbreytinguna."

Í sjálfu sér held ég að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa till. mína. Ég tel að með samþykkt hennar séum við að nálgast þá þörf sem ég held að sé í þjóðfélaginu í dag hjá þjóðinni sjálfri til þess að fá tækifæri til að tjá sig með almennri atkvgr. um málefni sem um er fjallað á Alþingi. Ef það er að mínu viti nokkurt mál sem ástæða er til að vísa til þjóðaratkvgr., þá er það breyting á stjórnarskránni.

Ég vil svo ekki lengja þetta meira að sinni, en beini því til hv. þm., ef þeir meina í rauninni eitthvað með því sem margir þeirra a. m. k. hafa látið hafa eftir sér bæði í fjölmiðlum og á fundum, um þörf þess — og skyldu reyndar til þess að nálgast vilja þjóðarinnar í málum sem hér er fjallað um, að þeir stuðli að því að þessi till. eigi greiðan gang í gegnum þingið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 28. febr., kl. 3 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 311). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, sem hér liggur fyrir og komið er óbreytt frá hv. Nd., felur í sér breytingar á fjórum greinum kosningalaga. Í athugasemdum með frv. er gerð nokkur grein fyrir hverju þessara ákvæða fyrir sig. Tel ég ekki þörf að rekja efni þeirra allra hér, en vil þó fara nokkrum orðum um tvö ákvæðanna, þeirra sem eru í 2. og 3. gr.

frv.

Með fyrra ákvæðinu, sem er í 2. gr., er lagt til að þeim sem af trúarástæðum geta ekki sótt kjörfund á kjördegi verði heimilað að greiða atkvæði utan kjörfundar. Miðað við ákvæði 62. gr. laga er þetta eigi gild ástæða til að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Fyrir sveitarstjórnarkosningar á s. l. vori kom í ljós að sumir kjósendur, sem teljast til Sjöunda dags aðventista, töldu það ekki samrýmast sinni trúarskoðun að neyta kosningarréttar síns á laugardegi, sem þá var kjördagur í fyrsta sinn. Gildir þetta um laugardaginn fram til sólseturs.

Heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar er samkvæmt 62. gr. laganna bundin við tilteknar ástæður, þ. e. fyrirhugaða fjarveru á kjördegi, ráðgerða sjúkrahúsvist og barnshafandi konur, sem ætla má að verði hindraðar í að sækja kjörfund á kjördegi. Aðrar ástæður heimila eigi atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Hér er þess og að geta að kjósanda ber að greina kjörstjóra frá ástæðu þess að hann vill kjósa utan kjörfundar og gera grein fyrir því hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal færa þessar upplýsingar í þar til ætlaða bók sem umboðsmenn lista hafa aðgang að. Reynist þessar ástæður ekki fyrir hendi á kjördegi er kjósanda skylt að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðslu lýkur að viðlagðri refsiábyrgð. Vegna þessa ákvæðis töldu kjörstjórar eigi heimilt að leyfa utankjörfundaratkvæðagreiðslu af trúarástæðum, einkum við sveitarstjórnarkosningar á s. l. ári, þar sem þetta kom glögglega í ljós. Til að koma til móts við þessa kjósendur er lagt til að kveðið sé ótvírætt á um það í 62. gr. kosningalaganna að þeim sé heimil kosning utan kjörfundar ef þeir af trúarástæðum geta eigi sótt kjörfund á kjördegi.

Þótt ekki sé það lagt til nú tel ég ástæðu til að tekið verði til athugunar hvort raunveruleg ástæða sé til að kanna jafn rækilega og nú er gert rök kjósanda sem óskar eftir að kjósa utan kjörfundar. Mætti ætla að kjósanda mætti treysta til að meta það sjálfur hvort hann hafi ástæðu til að greiða atkvæði utan kjörfundar og að ekki séu efni til að láta skipta máli þótt ástæða reynist ekki fyrir hendi þegar kjördagur rennur upp. Það er rétt að minna á að fyrir alþingiskosningarnar í des. 1979 var heimilað að kjósa utan kjörfundar, þótt þær ástæður sem í lögum eru tilgreindar ættu ekki við, ef kjósandi hafði ástæður til að ætla að veður eða færð mundi hamla honum kjörsókn á kjördegi.

Síðara ákvæðið, sem ég vil minnast á, varðar notkun stimpla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Það mál var tvívegis til meðferðar á hv. Alþingi á síðasta ári. Í samræmi við lög frá því þingi voru stimplar útbúnir til notkunar við sveitarstjórnarkosningarnar á s. l. ári. Voru stimplar notaðir hjá 51 kjörstjóra, þ. e. við borgarfógetaembættið í Reykjavík, hjá embættum sýslumanna og bæjarfógeta, í sendiráðum og hjá nokkrum hreppstjórum.

Að kosningum loknum leitaði dómsmrn. upplýsinga frá kjörstjórum og yfirkjörstjórnum í kaupstöðum um reynslu af notkun stimplanna. Hefur verið gert sérstakt yfirlit með þeim upplýsingum sem þar kom fram. Var þar bæði lýst kostum og göllum í sambandi við notkun stimplanna. Ekki tel ég ástæðu til að lesa hér upp það yfirlit sem gert var. Með frv. þessu er hins vegar lagt til að fengin verði frekari reynsla af stimplanotkun áður en endanlega verði kveðið á um það að einungis skuli notaðir stimplar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Herra forseti. Ég tel eigi ástæðu til að rekja efni þessa frv. frekar en gert hefur verið. Ég legg til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég hef alla tíð verið fylgjandi öllum breytingum á lögum um kosningar til Alþingis sem leiða til þess að auðvelda mönnum að kjósa. Hér er greinilega eitt slíkt frv. á ferðinni og þess vegna vil ég lýsa ánægju minni með það og stuðningi við þetta frv.

Varðandi stimplana, sem hæstv. ráðh. minntist hér á, þá má vel vera að rétt sé að láta reyna enn frekar á notkun þeirra áður en það er lögfest að eingöngu skuli nota stimpla utan kjörfundar. Þess vegna mun ég styðja það atriði einnig, þó að mitt frv. á sínum tíma hafi verið um það að eingöngu skuli nota stimplana. Ég vil sem sagt lýsa stuðningi mínum við frv. af þeim ástæðum sem ég gat um hér áðan. Það væri samt sem áður æskilegt að fá þær upplýsingar sem hæstv. ráðh. gat um að nefndin gæti fengið varðandi árangur af notkun stimplanna við sveitarstjórnarkosningarnar á s. l. ári.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 52. fundur.

Þriðjudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Kosning stjórnarskrárnefndar.

Forseti (Helgi Seljan): Í framsögu fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga í Nd. í gær var lagt til, með tilvísun til 8. mgr. 15. gr. þingskapa, að kosin verði sérstök sjö manna nefnd í hvorri deild til að fjalla sameiginlega um það mál, frv. um stjórnarskipunarlög. Í þessari mgr. segir svo: „Heimilt er þó hvorri deild eða Sþ. að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál."

Forseti Nd. hefur lýst eftir till. þingflokka um menn í nefndina. Er því lagt til að sami háttur verði hafður á hér. Er hér með lýst eftir till. um menn í nefnd til að fjalla um frv. til stjórnarskipunarlaga samkv. heimild í 8. mgr. 15. gr. þingskapa.

Þar sem ekki hafa komið till. um fleiri menn í nefndina en kjósa ber teljast þessir menn rétt kjörnir í nefnd til að fjalla um frv. um stjórnarskipunarlög:

Lárus Jónsson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Jón Helgason (B),
Guðmundur Karlsson (A),
Karl Steinar Guðnason (D).

Neðri deild, 47. fundur.

Þriðjudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 367). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Lagt hefur verið til að kosin verði sjö manna lausanefnd til þess að íhuga mál þetta af hálfu þessarar deildar, sem heimild er fyrir í 15. gr. þingskapa, 8. mgr.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason (A),
Jóhann Einvarðsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Ragnar Arnalds (C),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Páll Pétursson (B),
Magnús H. Magnússon (D).

Frv. vísað til hinnar nýkjörnu nefndar með 29:1 atkv.

Um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og fram kom í umr. í gær um það mál sem nú hefur verið sent til lausanefndar lýsti ég mikilli andstöðu við málið og svo gerðu raunar fleiri hv. þm. En ég bætti því við að það verk sem hér væri verið að fremja og það mál sem flutt hefur verið af formönnum fjögurra stjórnmálaflokka sé þannig í pottinn búið, að þjóðin, þ. e. þeir sem utan þessarar stofnunar eru, hafi alls ekki fullnægjandi upplýsingar um hvað hér er um að ræða.

Í framsöguræðu hv. 1. þm. Reykv. held ég að mjög hafi verið blandað saman annars vegar efnisatriðum þessa frv. og hins vegar því sem er í grg. og fskj. með þessu frv. og mun verða lagt fyrir nýtt, annað og öðruvísi kosið Alþingi, sem koma mun saman að afloknum kosningum. Þetta er auðvitað mjög veigamikill misskilningur. En ég vil, herra forseti, ítreka þá skoðun að mér sýnist þjóðin alls ekki hafa fengið upplýsingar um hvað hér er raunverulega á ferðinni.

Nú er það svo að þetta sama flokkavald, sem að þessu frv. stendur, ræður fyrir fjölmiðlunum í landinu í einni eða annarri mynd, dagblöðunum og ríkisfjölmiðlunum beint og óbeint, og ég hef ástæðu til að ætla að þetta sama fjölmiðlavald, sem þessi sömu öfl ráða fyrir, miskynni þetta mál og gefi þjóðinni í skyn eða beinlínis segi berum orðum að hér sé verið að leggja til miklu meiri breytingar en raunverulega er um að ræða í þessu máli.

Út af fyrir sig er auðvitað ekkert við þessu að segja nema eitt, og það er erindi mitt hér í ræðustól að mælast til þess við hæstv. forseta þessarar deildar — ég ætlast ekki til svara núna — að hann beri það undir forseta hinnar virðulegu deildar Alþingis og forseta Sþ. að til þess verði séð að umræðum um þetta mál verði á einhverju stigi og fljótlega útvarpað héðan, þannig að við, sem erum öndverðir þessu máli og tilheyrum ekki þeim hópi sem þetta frv. hefur lagt fram, fáum einnig að kynna okkar sjónarmið. Mér sýnist að með því að fara með valdi að hraða mjög meðferð þessa máls, vegna þess að þetta sama kerfi ræður meira og minna hinum valdhlýðnu fjölmiðlum, þá séu okkar sjónarmið mjög mis- og ókynnt í þessu máli. En Alþingi á samkv. þingsköpum, herra forseti, leið til úrlausnar í svona stöðu. Sú leið er útvarpsumræður. Ég held að það sé réttmæt og sanngjörn krafa nú, þegar þessu máli hefur verið vísað til þessarar nýkjörnu nefndar, að það sé tryggt — og helst sem allra fyrst — að þjóðin fái líka upplýsingar frá okkur sem erum andstæðir þessu máli. Og það gerir Alþingi ekki betur á annan hátt en í umr. frá því sjálfu.

Þessum óskum langar mig, herra forseti, til að koma til skila úr ræðustól nú þegar þetta mál hefur verið afgreitt til nefndar og 2. umr. Ég vænti þess, herra forseti, að þessum óskum verði vel tekið, vegna þess að þó að þetta frv. sé flutt af fjórum forustumönnum úr fjórflokkakerfinu gamla, þá er ljóst að það er andstaða við það vítt og breitt um flokkakerfið. Það er einnig ljóst að við sem stöndum að Bandalagi jafnaðarmanna erum andvígir því þó á nokkuð öðrum forsendum sé, en okkar sjónarmið eiga líka rétt á að koma fram, þó svo að á hið valdhlýðna fjölmiðlakerfi sé ekki að treysta í þessum efnum.

Þegar svona stendur á, herra forseti, á Alþingi völ á þessari leið. Ég skora á forsetana að beita henni til þess eins að þjóðin hafi upplýsingar um hvað hér er að gerast, hvað í þessu frv. er og hvað ekki er í því. Því að ég fullyrði að á þessu stigi málsins — og vitna þar t. d. í kynningu Morgunblaðsins á málinu — hefur fólk ekki hugmynd um það. Það heldur að þetta frv. sé allt annað og meira en það raunverulega er. Því er þessum óskum komið hér á framfæri, herra forseti.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það kemur ekki alveg heim og saman hjá hv. síðasta ræðumanni að þjóðin geri sér annars vegar ekki grein fyrir hvað felst í frv. því til stjórnskipunarlaga, sem nú er verið að afgreiða til 2. umr. og nefndar, þar sem það sé ekki fulllýst fyrir almenningi í landinu, og hins vegar það sem hann hefur áður látið í ljós, að í frv. fælist ekkert annað en fjölgun þm. Ég er að vísu mjög öndverðrar skoðunar við hv. síðasta ræðumann. Ég tel að þessi breyting á stjórnskipunarlögunum sé jafnvel betur undirbúin en ýmsar aðrar breytingar sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipan og kosningalögum. Það hefur t. d. ekki verið til siðs hér almennt við fyrri breytingar að gera grein fyrir því með hvaða hætti kosningalögum yrði breytt.

Það kom vissulega til tals að leggja fram frv. til breytinga á kosningalögum hér til meðferðar og afgreiðslu á þessu þingi, en með því að sumir drógu í efa að það væri stjórnskipulega rétt áður en stjórnarskránni hefði verið breytt, þá var á þetta ráð brugðið og prentað sem fskj. frv. til l. um breytingu á kosningalögum. Ég fullyrði þess vegna að sjaldan eða aldrei hefur verið gerð nákvæmari grein fyrir hvað felst í breytingu á stjórnskipunarlögum hvað snertir breytingu á kjördæmaskipan og kosningalögum. Hins vegar fagna ég því að fram fari umr. á Alþingi í áheyrn alþjóðar um þetta frv., hef síður en svo nokkuð á móti því og er hvatamaður þess.

Hv. síðasti ræðumaður var að tala um flokkana fjóra og flokkakerfið. Ég hef ekki getað betur séð en þessum hv. þm. þyki svo vænt um flokkakerfið að hann hafi

brugðið á það ráð að bæta einum flokki við. Það er enginn annar munur á Bandalagi jafnaðarmanna og hinum stjórnmálaflokkunum, sem starfa með þjóðinni, en sá að í Bandalagi jafnaðarmanna er formaðurinn sjálfskipaður.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af þeim umr. sem hafa orðið finnst mér ástæða til að leggja hér nokkur orð í belg. Ég skil ástæðu hv. 4. þm. Reykv. fyrir umr. hér um þingsköp á þá leið að þó að hann vilji ekki beint á þessu stigi máls óska eftir aðild að formannaklúbbnum, þá sé hann að gefa í skyn að hann sé ekkert andvígur því að vera með í ráðum hjá þeim fjórum sem hér hafa lagt á ráðin og bætast við sem fimmta hjól undir vagni í því að leggja á ráðin um hvernig þessum málum skuli háttað.

En vegna þess að hv. þm. minntist hér á fjölmiðla og dró í efa að þeir mundu gera þessu máli rækileg og eðlileg skil, og hygg ég að hann hafi kannske ekki síst átt við ríkisfjölmiðla, þá finnst mér ástæða til að fara hér nokkrum orðum þar um.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum hv. þm. að í fréttum bæði hljóðvarps og sjónvarps í gærkvöld var rækilega gerð grein fyrir ræðum og afstöðu þeirra fjórmenninganna sem hér töluðu og flytja þetta mál, þ. e. forustumanna flokkanna, sem verður að álykta að séu samþykkir þeim breytingum sem hér er um að ræða. Um var að ræða fjóra hv. alþm. sem hér áttu hlut að máli. Ég hef ekki orðið þess var að ríkisfjölmiðillinn, Ríkisútvarpið, hafi séð ástæðu til þess að greina frá því að sex aðrir alþm. sem tóku hér þátt í umr. í gærkvöld um þetta mál, lýstu andstöðu sinni við þetta frv. Hins vegar fékk sá sjöundi, sem er hv. 4. þm. Reykv., rúm í ríkisfjölmiðlunum ásamt formönnunum fjórum. En hinir óbreyttu þm. sex, sem þátt tóku í þessum umr. hér í gærkvöld og lýstu andstöðu við frv., hafa ekki fengið greint frá umr. sínum eða afstöðu til þessa máls, þó að þeir séu meiri hl. þeirra sem tóku þátt í umr.

Ég tel það vítavert að ríkisfjölmiðill sem Ríkisútvarpið skuli ekki sjá sóma sinn í því að greina með eðlilegum og hlutlausum hætti frá umr. hér á Alþingi, hvort sem í hlut eiga óbreyttir þm. eða formenn þingflokka eða hæstv. ráðherrar. Allir eru jafnir í því. (**GJG:** Hvenær áttu þeir að gera það?) Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson spyr: Hvenær áttu þeir að gera það? Ég veit ekki betur en bæði í morgunfréttum útvarpsins og í hádegisfréttum hefði verið tækifæri og ástæða til að greina frá andstöðu þeirra þm. sex umfram hv. þm. Vilmund Gylfason sem lýstu andstöðu við frv. Það eru engin rök fyrir því að bera blak af þeim fréttamönnum Ríkisútvarpsins sem hér eiga hlut að máli að greina ekki jafnframt frá afstöðu þeirra þm. sem eru andvígir þessu frv. og voru í meiri hl. í umr. í gærkvöld. Þarna er ástæða til að draga sjónvarpið undan vegna þess að enginn fréttatími hefur enn sem komið er verið sendur út hjá því eftir þær umr. sem áttu sér stað hér í gærkvöld. Við bíðum og sjáum hvað setur, hvort sjónvarpsdeildin er á sama bát og hljóðvarpið í þessu tilfelli og muni ekki greina frá því í næsta fréttatíma.

Þetta tel ég ástæðu til að gera hér að umræðuefni vegna þess að þjóðin öll á heimtingu á að fá að vita um afstöðu þm. allra, hver sem hún er og hvenær sem hún er gefin upp. Það er ástæðulaust að hlífa ríkisfjölmiðlunum við því að þeir greini hér samviskusamlega, réttlátlega og hlutlaust frá umr. og afstöðu þm., ekki síst í slíku stórmáli sem hér er um að ræða.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal halda mig algerlega við þingsköp og hafa mál mitt stutt. Á kvöldfundi hér í þessari virðulegu deild í gærkvöld kom berlega í ljós að það er æðistór hópur þm. sem ekki er sammála því frv. sem hér hefur verið lagt fram um kjördæmabreytingar. Ég vil þess vegna taka undir orð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, að ég tel fyllstu ástæðu til þess að fram fari útvarpsumræður um þetta veigamikla mál sem varðar þjóðina alla. Sjálfur gat ég þess hér í gær að ég hefði alveg frá því að viðræður formanna flokkanna hófust um kjördæmabreytingarnar lýst þeirri skoðun minni, að ekki mætti slíta úr samhengi kjördæmabreytingarnar annars vegar og stjórnarskrárbreytingarnar hins vegar, vegna þess að ég óttaðist mjög að ef það færi ekki saman mundu dragast á langinn stjórnarskrárbreytingarnar í 8, 12 eða 16 ár, guð veit hvað lengi. Ég er þess vegna sammála því að þjóðin þurfi að fá að vita um allar skoðanir sem hér hafa komið fram í þessu máli. Þess vegna styð ég hugmyndir um það að forsetar beiti sér fyrir útvarpsumr. um málið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma þetta upphlaup hv. 4. þm. Reykv. Það er orðið reglulegur dagskrárliður að hann hleypur hér upp í stólinn og þá sérstaklega áður en blaðamenn hverfa af fundum. Eftir að þeir hverfa af fundum og þingstörf halda eðlilega áfram hefur hann yfirleitt lítinn áhuga fyrir því að taka til máls. Það er kominn tími til þess að þm. almennt fari að koma hér upp í pontuna og svara hv. þm. Hann kemur hér inn til starfa á Alþingi eftir virkilegt jakahlaup úti í þjóðfélaginu með neikvæðum skrifum um menn og málefni. Það er kominn tími til þess að rifja upp hans pólitísku sögu.

Síðan hv. þm. kom hingað til starfa á hv. Alþingi hefur hann haldið áfram þessum neikvæða málflutningi og jakahlaupi sínu um flokka og það stjórnkerfi sem við höfum búið við og oft borið það saman við það einræðiskerfi sem víða annars staðar er við lýði. Forsendur þær sem hv. 4. þm. Reykv. notaði í máli sínu til þess að óska eftir útvarpsumr. er að gefa í skyn að fjölmiðlar séu misnotaðir af ríkisvaldinu. Ég vil mótmæla þessu. Ég hef ekki orðið var við það að stjórnvöld hefðu bein afskipti af fréttaflutningi fjölmiðla. Ég hef sama rétt til að mótmæla þessu eins og hann hefur til að bera slíkt fram fyrir alþjóð. Ég hef ekki undan neinu að kvarta í starfi fréttamanna hér og er ég þó þm. með sama rétti og virðulegur 4. þm. Reykv. Ég held að fréttamenn eigi annað skilið af þm. en að þeir séu vændir um að gera upp á milli manna. Og síst ætti það að koma frá hv. 4. þm. Reykv. vegna þess að hann er svo til daglega í blöðunum sem fréttaefni. Forsendurnar eru því falskar.

Hitt er svo annað mál, að það stjórnlagafrv. sem hér er um rætt er þess eðlis að það er ekkert óeðlilegt að útvarpað verði frá þeim fundum sem hér eiga eftir að verða um það mál og kjördæmamálið. En ég tel eðlilegt að útvarpað sé frá fundinum öllum svo að allir þeir sem taka til máls tali til þjóðarinnar, því að það er svo sannarlega þörf á að alþm. almennt geti þá svarað á sama vettvangi þeim áróðri sem frá hv. 4. þm. Reykv.

kemur fyrir hans nýja bandalagi. Ég vil minna hann og alþjóð á það, að hv. 4. þm. Reykv. er 4. þm. Reykv. fyrir Alþfl. Hann hefur ekki verið kjörinn á þing fyrir neitt sem heitir bandalag úti í bæ. Það á kannske eftir að ske. Og hann situr í þingnefndum sem Alþfl.-maður.

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá ósk að frá umr. verði útvarpað. En það verði þá almennar útvarpsumr. sem eiga sér stað og útvarpið standi opið allan þann tíma sem þingfundur stendur.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Vegna síðustu aths. er rétt að taka fram að ég svara ekki svona persónulegum ábendingum hv. þm. Alberts Guðmundssonar, Karvels Pálmasonar og Geirs Hallgrímssonar. Þeir verða auðvitað að fá að ráða því, mennirnir, hvað þeir telja vera umr. um þingsköp. En það er ekki málið.

Málið er það, eins og ég held að fram hafi komið líka hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að við sem höfum lýst gagnrýni eða beinni andstöðu við þetta frv. höfum ástæðu til að ætla að héðan frá Alþingi verði sýnd sú mynd að hér ríki meiri eindrægni um þetta mál en raunverulega á sér stað. Það eina sem verið er að fara fram á er það, að með þeim hætti sem Alþingi getur beitt, þ. e. með útvarpsumr., verði þjóðinni greint satt og rétt frá hverjar eru skoðanir manna hér. Þetta er allt og sumt.

Hv. síðasti ræðumaður verður auðvitað að ráða því með hverjum hætti hann leggur út af þessu máli. Hann gerði það hér með sínum hætti. Það er út af fyrir sig ekki mitt mál.

En kjarninn er þessi, að við óttumst skoðanalega einstefnu um störf á Alþingi í þessu máli. Við höfum ástæðu til að ætla að þegar málið er lagt fram með þeim hætti sem gert hefur verið, þá megi ætla að um það sé meiri einhugur en raunverulega á sér stað. Og þar sem hv. Alþingi hefur tæki til þess að sýna sjálft sig í réttu ljósi, skulum við segja, þ. e. með útvarpsumr., þá er það allt og sumt sem verið er að fara fram á að sé möguleiki til þess, þá beiti hæstv. forsetar þingsins þeim möguleika. Þetta er allt og sumt.

Hvernig kjörið er innan Bandalags jafnaðarmanna eða hverjar ávirðingar mínar kunna að vera sé ég ekki að komi út af fyrir sig málinu við. Þar ræður smekkur þeirra sem tala.

Þetta, herra forseti, er kjarni málsins. Við biðjum um að sú flóra skoðana, sem hér kann að vera í þessu máli, verði borin á borð fyrir þjóðina. Ég sé ekki að þau tilmæli hafi gefið tilefni til þeirra aths., sem hér hafa fallið. En þeirra er smekkurinn sem þær hafa borið fram.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Í ljósi þess sem gerst hefur er sannarlega ástæða til þess að þjóðin fái vitneskju um það hver afstaða hv. þm. almennt er til þessa máls. Það er ekki að ástæðulausu að menn grunar að ríkisfjölmiðlarnir og fjölmiðlarnir almennt talað hafi gefið þá mynd af þessu máli að svo að segja allir þingflokkar og þm. væru um þetta sammála. Það er rangt. Við 1. umr. málsins kom í ljós að meiri hluti þeirra sem tóku til máls við þá umr. eru andvígir þessu frv. Það er því full ástæða til að taka undir og ítreka að þjóðin fái hlutlausa greiningu á því og upplýsingar um það, hver afstaða tiltekinna þm. er til málsins. Og ég tek undir það, að það á ekki bara að útvarpa formlegum umr. hér frá Alþingi, það á þá að útvarpa fundinum sem heild þegar umr. eiga sér stað. Það eiga ekki bara einhverjir tilkvaddir eða valdir ræðumenn hinna pólitísku flokka eða hugsanlegs Bandalags jafnaðarmanna að fá að ráða hér ferðinni eða umr. Þeir sem vilja taka þátt í frjálsum umr. um málið eiga að fá að tjá sig og hver sem sú skoðun er sem tiltekinn þm. hefur á hún að ná eyrum þjóðarinnar. Undir þetta tek ég ekki að ástæðulausu, því að mér hefur fundist að fjölmiðlar almennt talað gæfu þjóðinni mjög svo ranga mynd í frásögnum og upplýsingum af því hver afstaða þm. til þessa máls væri. Þetta mál er þess eðlis, að ekki er síst ástæða til þess að þjóðin sem heild fái að hlýða á umr. og vita hver afstaða tiltekinna þm. er.

Albert Guðmundsson: Virðulegur forseti. Ég vil aðeins draga athygli að því, að hv. 4. þm. Reykv. var mildari þegar hann kom hér upp í stólinn áðan en ég gaf honum tilefni til, vegna þess að hann bakkaði, dró í land með forsenduna fyrir þeirri ósk að umr. um umrætt mál yrði útvarpað. Forsendan sem hann lét uppi var misbeiting ríkisvalds og annarra á fjölmiðlunum. Því vildi ég mótmæla. En ég tek undir það að þjóðin fái að fylgjast með umr. hér og kynnist afstöðu einstakra þm.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 1. mars, að loknum deildafundum.

Fræðsla um vöruvöndun, fsp. (þskj. 92). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Þessi fsp. á þskj. 92 er lögð fram hinn 17. nóv. s. l. Það er fyrst nú hinn 1. mars að unnt reynist að fá svar við henni hér í Sþ. Ég skal að vísu viðurkenna að ég var fjarverandi síðustu viku vegna Norðurlandaráðsþings, en annars hygg ég að ég hafi verið hér viðstaddur velflesta fsp.-fundi í Sþ. Þetta er auðvitað gersamlega óviðunandi. Fsp. er lögð fram 17. nóv. Þetta er andstætt öllu sem gildir um eðli fsp. Þeim á að vera unnt að svara fljótt, sérstaklega þar sem um svo einföld mál er að ræða sem hér er.

Hins vegar hafa komið fram frá því að þessi fsp. var lögð fram, síðast í útvarpi nú fyrir stuttu, margháttaðar upplýsingar eða a. m. k. ýmsar upplýsingar um það efni sem hér er um spurt. En fsp., herra forseti, hljóðar svo:

„Hvenær hyggst ríkisstj. framkvæma þá yfirlýstu stefnu sína frá 21. ágúst s. l. að „á næstu mánuðum verði efnt til stóraukinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskri framleiðslu?““

Hinir næstu mánuðir, sem þarna er fjallað um, eru nú raunar þegar liðnir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hefur löngum viljað há íslenskri framleiðslu að meira hefur verið hugað að magni en gæðum. Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í ýmsum greinum á þessu sviði, en mjög virðist þó skorta á almennan skilning á því meginatriði að verðgildi framleiðslu okkar og sölumöguleikar ráðast af gæðum og vöruvöndun. Ríkisstj.

hefur viljað stuðla að auknum skilningi á þessu í atvinnulífinu og því var sett inn í efnahagsyfirlýsinguna frá 21. ágúst í fyrra svohljóðandi ákvæði: „Ríkisstj. hefur ákveðið að standa að því, að á næstu mánuðum verði efnt til stóraukinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskri framleiðslu."

Þetta er ekki verkefni af því tagi sem unnt er að afgreiða í einu átaki. Hér þarf að koma til stöðug árvekni á öllum sviðum atvinnulífsins. Þetta er ekki heldur verkefni sem hið opinbera geti leyst eitt með valdboði eða einhliða aðgerðum. Þvert á móti skiptir hér mestu að allir aðilar atvinnulífsins taki höndum saman að þessu sameiginlega markmiði. Ríkisvaldið getur veitt veigamikla aðstoð í þessu sambandi og nú er leitast við að gera það á sem flestum sviðum og annað er í undirbúningi.

Varðandi það sem hið opinbera hefur aðhafst á þessu sviði á s. l. mánuðum ber sérstaklega að nefna stórátak í þessum efnum í sjávarútvegi, sem skipulagt hefur verið af sjútvrn. og kostað af opinberu fé. Nýlega hefur hæstv. sjútvrh. gert á blaðamannafundi ítarlega grein fyrir þessum aðgerðum og fyrirætlunum. Helstu atriði eru þau að kynna fyrir þeim sem starfa að framleiðslu á sjávarvörum þýðingu þess að viðhalda gæðum íslenskra sjávarafurða og auka þau og bæta. Fræðslu- og kynningarstarfsemi verður þannig háttað, að unnið hefur verið fræðsluefni fyrir starfandi fólk í framleiðslu sjávarafurða. Jafnframt er stefnt að því að kynna þeim sem starfa við slíka framleiðslu aðstæður í markaðslöndum og kröfur neytenda þar. Með þessu er fyrirhugað að leggja grundvöll að skipulagðri fræðslustarfsemi í framtíðinni með þátttöku þjónustustofnana og hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Þá hefur einnig verið gert verulegt átak í eftirmenntun í iðnaði, sem að vissu leyti stuðlar að þessu sama. Í samstarfi við fjölmarga aðila í iðnaði hefur verið byggt upp starf í þessum efnum sem lofar góðu. Á síðasta ári var sett upp fræðslumiðstöð iðnaðarins. Með fræðslukynningu og námskeiðahaldi hefur þegar talsvert áunnist í þessum efnum og margt er í undirbúningi.

Varðandi aukna vöruvöndun þarf að stíga hin næstu skref með auknu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og með atbeina ríkisvaldsins, eftir því sem þurfa þykir í hverju tilviki. Til athugunar hefur verið að koma á formlegu samstarfi þessara aðila með þátttöku ríkisvaldsins og eru tillögur þar að lútandi í undirbúningi.

Það er fullur vilji fyrir því í ríkisstj. að styðja gott starf á þessu sviði og einnig að hafa beina forgöngu um slíkt, þar sem það á við, eins og framangreind dæmi sýna. Ríkisvaldið hefur þegar haft forgöngu í þessum efnum í mikilvægustu atvinnugrein okkar, þar sem sjávarútvegurinn er, þar sem sérstaklega var þörf átaks í þessum efnum. Árangur á þessu sviði næst fyrst og fremst með réttu hugarfari aðila atvinnulífsins. Ýmis samtök atvinnulífsins hafa þegar unnið gott starf að þessum málum og það an er eðlilegast og vænlegast að frumkvæðið komi. En ríkisvaldið mun, þar sem forganga þess á við, leitast áfram við að koma á umbótum í þessu mikilvæga máli og liðsinna eftir þörfum.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Eins og ég minntist á hér áðan var mikið af þessu komið fram nú nýlega, þegar sjútvrh. greindi frá sérstakri kynningarherferð. En eins og ég einnig gat um var þessi fsp. lögð fram hinn 17. nóv. s. l. og það er ekki vansalaust að ekki skuli hafa reynst mögulegt að svara henni hér fyrr. Fsp. hafa lítinn tilgang ef þeim er ekki svarað fyrr en að mörgum mánuðum liðnum.

Um efni þessa máls vildi ég aðeins segja að það átak sem verið er að gera á vegum sjútvrn. er sjálfsagt góðra gjalda vert. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum hvert tjón hefur hlotist af því þegar við höfum sent héðan og selt gallaða vöru. Fram til þessa hefur öll starfsemi á þessu sviði beinst að auknu eftirliti, fiskmatinu og öllu í kringum það. En menn byggja auðvitað ekki vönduð hús með því að hafa góða eftirlitsmenn. Þeir sem að húsbyggingunni vinna verða að kunna til verka. Ég held að stærsta gloppan í öllu menntakerfi þjóðarinnar sé hversu vanrækt hefur verið að mennta fólk á sviði fiskiðnaðar, fiskvinnslu og sviði matvælaiðnaðar og matvælavinnslu. Ég held að það sé stærsta gloppan í menntakerfi þjóðarinnar. Og frá þessari ríkisstj. hefur a. m. k. ekkert heyrst til úrbóta í þeim efnum frekar en öðrum efnum á sviði skóla- og menntamála.

Ég held sem sagt, herra forseti, að þarna sé verið á réttri leið. En það sem gera þarf er að stórefla í skólakerfinu fræðslu á sviði matvælaiðnaðar og matvælavinnslu. Þar bíða okkar stórverkefni á næstu árum.

Sameinað þing, 59. fundur.

Þriðjudaginn 1. mars, að loknum 58. fundi.

Perlusteinsiðnaður, þáltill. (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Langtímaáætlun um þróunarsamvinnu, þáltill. (þskj. 98). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landnýtingaráætlun, þáltill. (þskj. 188). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Könnun á högum og aðstöðu öryrkja, þáltill. (þskj. 252). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Gistiþjónusta á landsbyggðinni, þáltill. (þskj. 276). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Röðun jarða til tölvuvinnslu, þáltill. (þskj. 67, n. 346). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 346 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 427).

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, þáltill. (þskj. 124, n. 350). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 428).

Fullgilding samnings um loftmengun, þáltill. (þskj. 138, n. 351). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 429).

Lögreglustöð í Mosfellshreppi, þáltill. (þskj. 323). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að segja hér örfá orð utan dagskrár. Það skal taka mjög skamman tíma.

Eins og fram hefur komið í fréttum hefur það gerst að hæstv. samgrh. hefur farið á svig við niðurstöðu flugráðs um ráðningu flugmálastjóra. Af þessu tilefni talaði ég við hæstv. samgrh. í gærkvöld á þingfundi og óskaði eftir því að hann tæki þátt í umr. þar sem ég færi fram á að hann segði hv. Alþingi frá því hvaða sjónarmið hefðu ráðið ráðningu flugmálastjóra og við hvað hæstv. ráðh. ætti þegar hann sakar flugráð um óviðeigandi vinnubrögð. Stuttu síðar kom hæstv. ráðh. að máli við mig og kvaðst ekki geta fjallað um þetta mál snemma á þessum fundi í dag, eins og okkur hafði farið á milli, enda þyrfti hann ásamt öðrum hæstv. ráðh. að mæta í afmælisveislu hjá hæstv. utanrrh. kl. 3. Í morgun hafði ég samband við hæstv. forseta og fékk leyfi hans til þess að taka þetta mál upp utan dagskrár síðar í dag. Hæstv. ráðh. treysti sér ekki til þess að ræða málið þá, en benti mér á að hægt væri að taka málið upp n. k. fimmtudag, en hann mun ekki vera tiltækur eftir kl. 3 á morgun og milli 2 og 3 hyggst hæstv. ráðh. mæla fyrir hafnalögum í hv. Ed. Ég sagði hæstv. ráðh. að ég vildi fá tækifæri til þess utan dagskrár á þessum fundi í dag að taka það fram að um þetta hefði verið beðið. Það hefur verið fylgst með þessu máli af athygli og þess vegna taldi ég nauðsynlegt að fram kæmi hér á þessum fundi í dag og að um það hefði verið samið að málið væri rætt á fundi Sþ. næsta fimmtudag.

Ég sé ekki ástæðu til, enda engin ástæða til, að ræða þetta mál efnislega að svo komnu máli. Ég þakka, herra forseti, fyrir að fá tækifæri til að segja frá þessu hér.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að hæstv. samgrh. skuli ekki hafa séð sér fært að taka þátt í umr., svara fsp. og gera grein fyrir óheiðarlegum og skammarlegum ummælum sem hann lætur sem ráðamaður þjóðarinnar hafa eftir sér í dagblöðum um þetta mál, sem snertir ráðningu flugmálayfirvalda í stöðu flugmálastjóra. Ég er þm. Reykv. Ég er kjörinn af Alþingi í flugráð. Ummæli um slík vinnubrögð, sem hann lætur hafa eftir sér, eiga sem fyrst að koma á dagskrá á þessum fundi þrátt fyrir að einn ráðh. eigi afmæli og afmælisveislan standi allan daginn.

En þessi ummæli, sem ég vil að komi hér þó fram, eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Mér finnst ákaflega einkennilegt hvernig staðið er að málum í flugráði. Einn ráðsmaður skrifar upp tillöguna fyrir hönd ráðsins og lætur síðan hina skrifa undir fyrir fundinn. Þeir höfðu ekki einu sinni fyrir því að skoða umsóknir og ræða þær á fundinum. Ég er alls ekki ánægður með afgreiðslu af þessu tagi. Málið er reyndar afgreitt fyrir fram, sem er ákaflega einkennilegt."

Ég vil mótmæla þessum ummælum ráðh. sem ódrengilegum og óheiðarlegum. Og ég vil benda á að ráðh. hefur ekki sagt sig úr flugráði. Hann er enn þá aðalmaður í flugráði. Honum er þá eins gott að mæta í flugráði því að laun tekur hann, eftir því sem ég best veit, frá því að hann varð ráðh. og fram til dagsins í dag.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram að í gærkvöld kynnti hv. þm. Friðrik Sophusson mér og nokkrum öðrum þm. Alþb. að hann hygðist fara hér upp utan dagskrár til að ræða um veitingu hæstv. samgrh. á embætti flugmálastjóra. Það kom fram að þm. Alþb. — þeir sem talað var við — studdu eindregið að þetta mál yrði tafarlaust tekið hér til umr. í sérstöku tilefni af ummælum samgrh. bæði í dagblöðum og eins í sjónvarpi í gær.

Í þessari umr. ætluðu nokkrir þm. Alþb. að taka þátt

og höfðu búið sig undir að sú umr. færi fram hér í dag. Þegar við komum í þinghúsið fréttum við að ráðh. hefði gripið til þeirrar afsökunar, að vegna þess að afmælisveisla væri haldin hjá Ólafi Jóhannessyni, sem hann þyrfti að sitja, hefði hann ekki tíma til að verja gerðir sínar á Alþingi. Ég tel að þessi fyrirsláttur hæstv. ráðh. sé tilbúningur einn til þess að tefja málið, til þess að drepa umr. á dreif og til að koma í veg fyrir að hægt sé, jafnskjótt og ummæli hans koma fram, að kalla hann ábyrgan fyrir þeim hér á hv. Alþingi.

Ef afmæli Ólafs Jóhannessonar, hæstv. utanrrh., er svona nauðsynlegur verknaður, hvernig stendur þá á því að rúmlega helmingur af þingflokki Framsfl. er staddur hér í þingsalnum og virðist vera það svo lítið kappsmál að sitja þetta afmæli að þeir sitja frekar hér? Það verður að segja þessum hv. þm. Framsfl. til hróss að þeir meta meira að gegna þingstörfum sínum en sitja væntanlegar afmælisveislur hjá hv. þm. og ráðh. Ólafi Jóhannessyni. Hæstv. ráðh. Ingvar Gíslason er t. d. hér í salnum og virðist ekki þurfa að gegna nauðsynlegum skyldustörfum sínum í þessum afmælisfagnaði. Það er því alveg ljóst að núv. formaður Framsfl. hefur gripið það sem hálmstrá, til að þurfa ekki í dag að standa reikningsskap gerða sinna hér á Alþingi, að Ólafur Jóhannesson á afmæli.

Vissulega tel ég rétt að sérhver sem vill hylla Ólaf Jóhannesson á þessum degi fái til þess tækifæri. Það er sjálfsagt og eðlilegt. En vera rúmlega helmings þingflokks Framsfl. hér í salnum þegar þessi umr. átti að fara fram gefur það hins vegar ræki lega til kynna að tímasetning afmælisfagnaðarins er ekki með þeim hætti að hún komi í veg fyrir eðlilegar umr. hér. Þess vegna tel ég það fyrir neðan allar hellur að hæstv. samgrh. skuli leggjast svo lágt í þessu máli að notfæra sér 70 ára afmæli Ólafs Jóhannessonar til þess að þurfa ekki að standa reikningsskap hér á Alþingi þessarar umdeildu embættisveitingar — embættisveitingar sem flugráð hefur farið um mjög hörðum orðum og sem hv. Alþingi vill gjarnan fá tækifæri til að ræða við hæstv. ráðh. um. Þess vegna væri það náttúrlega æskilegast að hæstv. forseti mundi láta sækja hæstv. samgrh. og draga hann inn í þingsalinn svo að þessi umr. gæti farið fram því að eins og ég hef vakið hér rækilega athygli á hefur þorra af þingflokki Framsfl. ekki verið boðið í þetta afmæli á þessari stundu, þótt væntanlega kunni þm. að vera boðið síðar.

Það má hins vegar kannske leiða að því einhverjar líkur að það séu viss hugsanatengsl milli þessarar embættaveitingar og framsóknarhátíðar af því tagi sem fram fer í dag, en ég ætla ekki að ræða það nánar hér. Ég óska eftir því við hæstv. forseta Sþ. að hann tryggi að hæstv. samgrh. verði hér á fimmtudaginn og í upphafi fundar verði þetta mál tekið hér fyrir ítarlega og rækilega og hæstv. ráðh. verði ekki látið haldast það uppi að nota afsakanir af þessu tagi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Í þingsköpum Alþingis, 34. gr., segir svo, með leyfi forseta:

„Skylt er þm. að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er, og metur hann nauðsynina."

Það hlýtur í þessu máli að vera spurning um hvort leitað hafi verið til forseta um fjarvistarleyfi í þessu tiltekna máli hér. Ég vil benda forseta á þessa grein þingskapalaganna og spyrja hann að því hvort leitað hafi verið eftir fjarvistarheimild hjá viðkomandi ráðh.

Annars vil ég segja að það gengur auðvitað ekki að fara út í efnislega umr. um þetta mál að hæstv. samgrh. fjarstöddum og ég mun alls ekki gera það. Ég hef áður gert aths. við embættisfærslur þessa ráðh. og gerði það þá að honum viðstöddum. Ég hef ekki meira um þetta mál að segja í bili.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessum umr.

Ég vil greina frá því, þar sem talað er um afmælisveislu Ólafs Jóhannessonar, að samþykkt var sú till. í ríkisstj. fyrir forgöngu hæstv. forsrh. að ráðherrar færu og heimsæktu Ólaf Jóhannesson núna kl. 3 á þessum afmælisdegi hans, og held ég að naumast geti talist óeðlilegt að svo sé að staðið. Og ég ætla að leyfa mér að víkja núna úr þingsalnum og fara í þennan hóp og dveljast þar nokkra stund, eins og til hefur staðið.

Efnislegar umr. um þetta koma auðvitað ekki til greina, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að fjarstöddum samgrh. Ég tel satt að segja að það sé óþörf ásökun á hendur þeim ágæta ráðh. að hann hafi ekki kjark til að standa fyrir máli sínu í Alþingi eða hvar sem vera skal. Ég hugsa að hann skorti margt annað en hugrekki. Alla skortir okkur eitthvað, en ég held að hæstv. samgrh. skorti ekki hugrekki til að standa fyrir máli sínu.

Úr því að þessar umr. hafi nú farið fram hér og úr því að ég var áheyrandi að þeim og úr því að ég er á leiðinni þar í hóp sem hæstv. samgrh. er staddur skal ég bera honum þau boð að návistar hans sé sérstaklega óskað, og ég skal kanna hver viðbrögð hans verða, en að sjálfsögðu er þetta mál allt hans eigið mál, og ég sé enga sérstaka ástæðu til að fara efnislega út í það.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að fara upp í ræðustól undir þessum umr., því að mér blöskra þessar umr.

Ég hefði haldið fyrir fram að hv. þm. Albert Guðmundsson væri ekki svo órólegur, eins og kemur í ljós í sambandi við væntanlegar kosningar, að hann héldist ekki við í stólnum þangað til samgrh. er í salnum til að ræða þetta mál. Ég er alveg hissa á að menn skuli ekki fara fram á að Ólafur Jóhannesson fresti afmælisdeginum.

Ég er aftur ekki mikið hissa á hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég er meira hissa á því að hann skyldi ekki kalla á lögregluna til að reyna að færa samgrh. í salinn. Það væru hans eðlilegu vinnubrögð.

Ég held að í svona málum ætti að vera háttur allra þm. að sýna tillitssemi. Menn eru að ræða um hvort samgrh. hefði beðið um fjarvistarleyfi. Ég vil spyrja þm. yfirleitt að því hver hafi beðið um fjarvistarleyfi þó að þeir víki sér frá á fundartíma. Hver hefur gert það? Menn ættu að líta sér nær í svona umr.

Ég ætla ekki að hafa þetta meira að sinni, en ég vona að það sem eftir er af þingtímanum haldi flestir hverjir stillingu sinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að staðfesta það, sem ég sagði hér áðan, að það væri fyrirsláttur að afmæli Ólafs Jóhannessonar kæmi í veg fyrir að hæstv. samgrh. gæti

tekið hér til umr. veitingu sína á embætti flugmálastjóra. Ég sagði það áðan að ég ætti bágt með að trúa því að þátttaka samgrh. í afmælinu væri svo fyrirferðarmikill verknaður að hann kæmi í veg fyrir þingstörf hans hér síðdegis. Nú hefur hæstv. menntmrh. staðfest að þetta var rétt hjá mér, því að hann hefur upplýst hér að það hafi verið samþykkt í ríkisstj. að ráðherrar færu í stutta heimsókn til utanrrh. Ennfremur upplýsti hæstv. menntmrh. að hann væri reiðubúinn að fara til hæstv. samgrh. og greina honum frá því að nærveru hans væri óskað hér, menn vildu fá að taka þetta mál upp hér og nú. Þessi viðbrögð hæstv. menntmrh. sanna það, sem ég sagði hér áðan, að það var fyllilega gerlegt, þótt hæstv. samgrh. færi í hálftíma eða klukkutíma eða svo til að óska fyrrv. formanni Framsfl. til hamingju með afmælið, en hann er alls góðs maklegur, þrátt fyrir það hefði það verið fullkomlega gerlegt á vinnutíma þingsins, annaðhvort fyrir þessa heimsókn eða eftir þessa heimsókn, að taka hér til umr. embættaveitingu hæstv. samgrh. En að neita umr. algerlega í dag, gersamlega og fullkomlega neita henni í dag, vegna þess að forsrh. hefði samþykkt að ráðh. færu í stutta heimsókn til utanrrh. er eingöngu fyrirsláttur, augljós fyrirsláttur. Það er verið að skjóta sér á bak við þetta afmæli til að reyna að tefja það að þingið og þjóðin geti tekið þetta mál til umr. og til þess að reyna að tryggja að málið dragist dag eftir dag í þeirri von að tíminn vinni með ráðh. og þjóðin gleymi þessum verknaði.

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa staðfest mál mitt hér með þeim hætti sem hann gerði og legg til að hæstv. forseti taki nú tilboði hæstv. menntmrh., sem bauðst til þess að fara til hæstv. samgrh. og flytja honum þau boð að þingið óskaði eftir nærveru hans.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram í þessari umr. að samgrh. hefur ekki skorast undan því að gera grein fyrir sínum gerðum hér á þingi, langt í frá. Hann hefur hins vegar lýst sig fúsan til að gera það þegar á fimmtudag. Málshefjandi gerði eingöngu grein fyrir því í sínu máli, til að það lægi skýrt fyrir, að hann vildi koma því á framfæri að hann hefði óskað eftir umr. utan dagskrár, en hins vegar mundi hann ekki ræða þetta mál efnislega fyrr en ráðh. væri viðstaddur. Ég sé engan mun á því hvort þetta mál er rætt nú eða einum eða tveimur dögum seinna. Á því er enginn munur. Og það er algerlega ljóst að samgrh. er tilbúinn að ræða þetta mál í öllum atriðum og svara þeim spurningum sem hv. þm. óska eftir að koma með.

Hins vegar er það, og ég verð að segja það alveg eins og er, að mér blöskrar algerlega að hlusta á ræður eins og hv. 11. þm. Reykv. hefur flutt núna tvívegis. Það eru einmitt ræður í þessum dúr sem gera það að verkum að Alþingi Íslendinga setur niður. Samgrh. réð því engan veginn að utanrrh. ætti afmæli í dag. Hann réð því ekki heldur hvenær þessi veisla stæði. Hins vegar vita menn að utanrrh. hefur verið formaður Framsfl. um árabil og samgrh. er formaður flokksins nú. Menn vita að þar eru auðvitað ýmis tengsl á milli. Af þeim ástæðum vildi samgrh. vera viðstaddur þessa veislu. Hann fór fram á það við málshefjanda að þess vegna yrði þessu máli frestað. Þetta var algerlega eðlilegt og það var mannlegt, og ég trúi því ekki að það sé ofverk hv. 11. þm. Reykv. að skilja það.

Það er hins vegar orðhengilsháttur í þessum dúr sem setur virðingu þingsins niður. Ég fæ ekki séð að það sé nokkur ástæða til þess fyrir þennan hv. þm. að standa hér upp og flytja tvær þingræður til þess að koma höggi á samgrh. fjarstaddan í þessu máli. Þessar ræður gat hann flutt á fimmtudag en samgrh. er búinn að lýsa sig reiðubúinn að ræða þetta mál hér á þingi.

Ég skora á þm. að ræða mál almennt málefnalega, en reyna ekki, jafnvel þó að þeir séu að fara á taugum í einhverri kosningabaráttu, að hengja sig í formsatriði og reyna að koma höggi á félaga sína fjarstadda hér í þinginu, þegar tækifæri gefast í þessum dúr.

Ég vil ítreka það, svo að öllum sé það ljóst, sem hér eru inni, að hæstv. samgrh. er ekki að skorast undan því að ræða þetta mál. Hann hefur lýst sig fúsan til þess að ræða það, fúsan til að gera grein fyrir sínum gerðum og svara öllum fsp. sem um þetta koma fram á þinginu. Það mun hann gera í samráði við málshefjanda á fimmtudaginn. Umr. í þeim dúr, sem hér hafa farið fram af hálfu hv. 11. þm. Reykv., eru fyrir neðan virðingu þingsins — a. m. k. eins og ég met hana.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil vegna ræðu hv. 11. þm. Reykv. Ólafs Ragnars Grímssonar taka það mjög skýrt fram að ég var ekki að staðfesta eitt eða neitt í hans málflutningi eða ræðu, það er síður en svo að svo hafi verið. Ég kom eingöngu í ræðustólinn til að útskýra vissa þætti þessa máls.

Höfuðatriðið var þetta: að fyrir till. forsrh. ákváðu ráðherrar að heimsækja utanrrh. kl. 3 á afmælisdegi hans. Þetta var eingöngu sagt í upplýsingaskyni og alls ekki til þess að taka undir eitt eða neitt í málflutningi hv. 11. þm. Reykv., sem auðvitað var ekkert annað en persónuleg árás og aðdróttanir að hæstv. samgrh. Undir slíkt tók ég að sjálfsögðu ekki.

Auk þess tók ég það skýrt fram, að þar sem ég væri að fara í þetta boð hjá Ólafi Jóhannessyni utanrrh. mundi ég greina samgrh. frá þessum umr. Það er auðvitað hans að taka ákvörðun um hvort hann vill koma hingað fyrr en hann hugsaði sér eða taka þetta mál fyrir fyrr en til hefur staðið, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson hafði farið fram á. Það er hans að ákveða það. Það eina sem ég geri er að ég mun að sjálfsögðu segja honum frá þessum umr. þar sem ég var viðstaddur þær, en hann ekki. Ég efa ekki að hæstv. samgrh. mun koma á óvart hvernig þessar umr. hafa fallið, m. a. og fyrst og fremst vegna þess að ég tók það svo, að hann hefði samið við hv. þm. Friðrik Sophusson um að þetta mál yrði tekið fyrir síðar, e. t. v. á morgun ellegar á fimmtudag.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta fleiri orð, en ég vil alveg frábiðja mér að það sjáist nokkurs staðar á prenti eða heyrist að ég hafi tekið undir málflutning hv. 11. þm. Reykv.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mitt mat er það, að það séu ræður í þeim dúr sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson flutti hér áðan sem setja leiðinlegan svip á Alþingi, þegar þm. standa hér upp til að réttlæta að hér geti ekki farið fram umr. um mál sem er brennandi að svara í dag. (**GGÞ:** Hvar eru ráðherrar Alþb.?) Það er ekki verið að spyrja ráðh. Alþb. eða óska eftir umr. frá hendi ráðh. Alþb. á þessari stundu. (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson vissi í gærkvöld að óskað var eftir því að hann svaraði spurningum okkar um þetta mál hér í dag, og greinilegt var að það var nægilegur tími til að sinna þeim umr., sem til stóðu, á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þessa fundar. En af einhverjum ástæðum taldi ráðh. æskilegra að hverfa af fundi og láta það eiga sig og bíða til fimmtudags að svara þeim beinu aðdróttunum sem hann hefur haft í frammi við okkur flugráðsmenn.

Það sem hv. þm. Albert Guðmundsson skýrði frá áðan og las upp úr blaðaviðtali við hæstv. ráðh. eru það miklar aðdróttanir að erfitt er að liggja undir þeim án þess að fram komi frekari skýringar innan sutts tíma.

Hæstv. ráðh. lét hafa það eftir sér í Morgunblaðinu að einn ráðsmaður hafi skrifað upp á tillögu fyrir fund ráðsins og látið síðan hina flugráðsmennina skrifa undir fyrir fundinn. Slík aðdróttun sem þessi, að einn flugráðsmaðurinn hafi haft í hendi sér hvernig afgreiðsla flugráðs yrði, er fyrir neðan allar hellur sem fullyrðing frá hæstv. ráðh.

Mér er vel kunnugt um hvernig unnið var að þessu máli. Það var á þann hátt að sjálfsagt er að skýra frá því nú hvernig undirbúningur Alberts Guðmundssonar, sem var sá maður sem undirbjó till. okkar flugráðsmanna til samþykktar í flugráði, var. Á miðjum þingfundi á miðvikudaginn var hittumst við Albert Guðmundsson og ræddum þessi mál og það kom í ljós að við vorum samherjar í þessu máli. Þá nefni ég við Albert Guðmundsson: Vilt þú ekki, vegna þess að ég hef ekki tíma til þess seinni partinn í dag að vera hér, gera uppkast að þessari till. Ég mun síðan skrifa undir þessa till. með þér þegar við komum á flugráðsfund. — Þannig var unnið að þessu máli. Og hver er óheiðarleikinn, en það er reynt að nota stimpil óheiðarleika á þessa gjörð með orðum hæstv. ráðh. í Morgunblaðinu?

Mér finnst óheiðarlegt að hæstv. ráðh. skuli ekki gefa sér tíma til að svara fyrir þær aðdróttanir nú þegar, sem hann hefur haft í frammi gagnvart okkur, heldur óska eftir því að sú umr. frestist til fimmtudags. Fram að þeim tíma liggjum við undir ámæli um óheiðarleg vinnubröðg í flugráði.

Um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp vegna þess að hér á Alþingi hefur í annað sinn á undanförnum vikum komið fram aths. við að hv. þm. Vilmundur Gylfason situr áfram í tveimur nefndum þingsins þótt hann hafi verið kosinn fulltrúi í þessum nefndum af lista Alþfl.

Eins og hv. þm. er kunnugt eru þingnefndir samstarfsvettvangur fulltrúa flokkanna og er kosið í þær af sérstökum listum. Þá setja flokkarnir sína fulltrúa í nefndir til að tryggja að flokkarnir hafi möguleika til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og fá þær upplýsingar, sem embættismenn, fulltrúar hagsmunasamtaka og aðrir sérfræðingar utan þings láta í té.

Nú hefur það gerst, eins og öllum er kunnugt, að hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur sagt sig úr Alþfl. Hann hefur stofnað sérstakan stjórnmálaflokk, Bandalag jafnaðarmanna, og verið valinn þar formaður. Þess vegna er ljóst að Alþfl. á ekki lengur fulltrúa í þeim tveimur nefndum þingsins, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason situr í, menntmn. Nd. og allshn. Nd., en Bandalag jafnaðarmanna hefur hins vegar tekið sér þessi nefndarsæti og nýtir þau flokknum til framdráttar.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason talaði um það fyrir nokkrum vikum að flokkar tækju sér ránsfeng, og var í því sambandi að ræða um undirbúning kjördæmamálsins. Ég held að það liggi fá skýrari dæmi fyrir í þingstörfum um ránsfeng frá öðrum flokkum en ef þm., sem sagt hefur sig úr lögum við félaga sína, gengið formlega úr flokki þeirra, telur sér sæma að gegna ennþá nefndarstörfum sem fulltrúar flokksins völdu hann til og færir þessi nefndarstörf með sér sem ránsfeng yfir í Bandalag jafnaðarmanna. Ég tel að það sé grundvallaratriði í störfum þingsins hvort einstakir þm. sem segja sig úr þingflokknum, geti engu að síður setið eftir með fulltrúastöður, sem sá flokkur valdi þá til hér innan þings, og haldið þeim fulltrúastöðum fyrir flokknum. Það má vel vera, og ég mun koma að því eftir augnablik, að þennan verknað Vilmundar Gylfasonar sé hægt með lagakrókum að telja löglegan, en hann er hins vegar siðlaus. Hann er algerlega siðlaus vegna þess að hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur sagt upp trúnaði við Alþfl. formlega. (**Forseti:** Ég vil biðja ræðumann að stytta mál sitt af því að þetta er um þingsköp.) Já, ég er að koma að því, herra forseti. Hann hefur hins vegar ekki haft manndóm í sér til að segja af sér þessum nefndarstörfum, heldur situr uppi með þau sem sinn ránsfeng.

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég hef kvatt mér hér hljóðs er að biðja hæstv. forseta að upplýsa hv. Alþingi um það, á hvaða lagaskilningi það er byggt að þm., sem kosinn er í nefnd sem fulltrúi flokks af lista þess flokks, getur, ef honum sjálfum þykir það henta, setið áfram heilt þing í þessum sömu nefndum. Flokkurinn, sem valdi hann til þess í góðri trú og fullum heiðarleika og með fullum heilindum, hefur þá ekki möguleika á því að eiga neinn fulltrúa í þeirri nefnd.

Þetta er ekki bara mál sem snertir siðlausa framkomu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Þetta er ekki bara einkamál hans. Þetta er ekki bara mál um hans eigin ránfeng, sem hann vill sitja uppi með. Þetta er ekki bara einkamál um hvernig hv. þm. misnotar sér aðstöðu sína hér á Alþingi og treður þannig á félögum sínum. Þetta er grundvallarspurning um störf hér á Alþingi, hvort einstakir þm. geta haldið sætum í nefndum þingsins eftir að þeir hafa sagt skilið við þá flokka sem völdu þá til þeirra sæta, en flokkarnir hafa síðan enga möguleika til þess að velja sér nýja fulltrúa í þessar nefndir fyrr en þá á nýju þingi.

Ég vil, herra forseti, vegna þessa fordæmis um persónulegt siðleysi, en hins vegar hugsanlega löglegt atferli, fá það skýrt fram frá hæstv. forseta Sþ., annaðhvort hér á eftir eða í upphafi næsta fundar, á grundvelli hvaða lagagreina þetta siðleysi viðgengst. Hvar er að finna þær lagagreinar sem hv. þm. Vilmundur Gylfason getur byggt þetta siðlausa atferli sitt á? Ég tel að ef þær eru fyrir hendi skýrar og greinilegar sé nauðsynlegt að flytja hér á Alþingi frv. þar sem þingsköpum eða öðrum lögum er breytt á þann veg að koma í veg fyrir að einstakir þm. geti stundað siðlaust athæfi af þessu tagi, til að koma í veg fyrir að menn, sem hafa sagt sig úr lögum við flokka, sitji uppi með sem ránsfeng þær trúnaðarstöður og fulltrúastöður í nefndum þingsins sem þessir flokkar hafa valið þá til.

Þegar þm. eru það manndómslausir og það siðlausir að þeir hafa ekki þann heiðarleika til að bera að segja af sér þessum nefndarstörfum um leið og þeir ganga úr viðkomandi þingflokki er nauðsynlegt að tryggja rétt þeirra sem völdu þá til setu í nefndunum. Það getur skapað hættulegt fordæmi á Alþingi ef það verður látið viðgangast í krafti túlkana á tilteknum lagagreinum að þm. geti komið fram með þessum hætti.

Formaður þingflokks Alþfl. vék athygli Alþingis að þessu fyrir nokkrum vikum. Það hefur verið gert aftur hér í dag. Að athuguðu máli tel ég nauðsynlegt, vegna þeirra fordæma sem siðlaust atferli af þessu tagi kann að skapa, að hæstv. forseti upplýsi Alþingi skýrt um það, á hvaða lagagreinum þessi óheiðarleiki viðgengst. Á grundvelli hvaða lagagreina getur hv. þm. Vilmundur Gylfason haldið uppi þessu siðleysi, svo að við hinir, sem viljum heiðarlegri vinnubrögð hér í þinginu, sem viljum heiðarlegri vinnubrögð hver gagnvart öðrum, sem viljum hafa á hreinu hverjir eru fulltrúar hvers, getum þá búið okkur undir að flytja frv. um breytingar á þessum tilteknu lagagreinum?

Forseti (Jón Helgason): Vegna fsp. hv. 11. þm. Reykv. vil ég benda honum á að nefndakosningar fara fram samkv. 15. gr. þingskapa. Það skal gera í upphafi þings og þar eru engin ákvæði um að slíka kosningu skuli endurtaka, enda þótt menn segi sig úr þeim flokkum sem þeir voru kosnir fyrir. Á þessum grundvelli hefur slíkt ekki verið gert þegar eitthvað þessu líkt hefur komið fyrir áður.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt, sem ekki skal verða langt í þessari umr., með því að bera blak af mínum gamla flokki. Aumur kann hann að vera orðinn, en ekki svo aumur að hann þurfi málflutning af því tagi og málflytjanda af því tagi sem hér síðast kom í ræðustólinn. Og sé um slíkan óheiðarleika og slíkt siðleysi að ræða sem hann sennilega 20 sinnum endurtók í sinni ræðu áðan, geri ég ráð fyrir að þeir sem teldu sig eiga um sárt að binda mundu nálgast mig með ósk um að nefndarskipan væri breytt. En málið er einfaldlega að það hefur ekki verið gert. Ég vil lýsa því hér og nú, að ef um slíkar óskir hefði verið að ræða eða verður að ræða frá þeim 9, til viðbótar sjálfum mér, sem til þessara tveggja nefnda kusu verður breyting gerð.

Hæstv. forseti hefur lýst lagalegum forsendum. Mál af þessu tagi koma upp með ýmsum hætti. Þau koma t. d. upp með þeim hætti, að menn spyrja um alþm., hvern sem er, sem kosinn er til þings fyrir ein samtök, en segir sig úr þeim og jafnvel þannig að gengið er til liðs við önnur samtök: Á hann að segja af sér þingmennsku? Um þetta væri miklu eðlilegra að spyrja en um þau mál sem hv. þm. hefur spurt. Um þetta hefur verið spurt m. a. af opinberu fjölmiðlafólki. Því hefur verið svarað, og því hefur áður verið svarað af öðrum einstaklingum, sem staðið hafa í sömu sporum og ég hef staðið. Því hefur verið svarað með skírskotun í samviskuákvæði stjórnarskrárinnar, að þm. er umfram allt og ofar öðru bundinn samvisku sinni.

Sú kosning, sem fram fór, hvort sem um er að ræða alþingiskosningar í des. 1979 eða nefndarkosningar í okt. 1982, endurspeglar auðvitað stöðuna eins og hún þá var. Ég greiddi auðvitað atkv. allmörgum öðrum þm. úr Alþfl. til setu í nefndum. Þó að ég hafi síðan skipt um samtök hvarflar ekki að mér að fara að afturkalla atkv. mitt. Skárra væri það! Það atkv. gilti þá er það var greitt.

Hitt er svo annað mál, að ef til þess kæmi, og þá er ég aðeins að lýsa persónulegri skoðun minni, sem kemur auðvitað lagabókstaf ekkert við, ef til þess kæmi, sem ekki hefur komið til, að þeir hv. þm. í Nd., sem mundu þá vera sex og ég sá sjöundi, sem atkv. greiddu með þessum hætti, óskuðu eftir því að ég viki úr þeim nefndum, til þess að aðrir úr þeirra röðum gætu tekið þar sæti, þá væri það aldeilis sjálfgefið mál og sjálfsagt. En eftir slíku hefur ekki verið leitað. Þetta er kjarni málsins. Aumur kann Alþfl. að vera, en svo aumur er hann ekki að hann þurfi hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson til að tala sínu máli í þessu máli eða öðrum.

En ég vil, herra forseti, vekja athygli á því, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er, eins og menn vita hér, maður sem hugsar smátt. Miklu stærri hugsun í þessu efni væri sú, að þm., sem talist hefur til samtaka og er kosinn á vegum samtaka, en segir skilið við samtökin og jafnvel gengur til liðs við önnur samtök, eins og gerst hefur í þessu tilfelli, segði af sér þingmennsku. Ef það væri rismeiri þm. sem spurt hefði utan dagskrár í dag hefði hann vitaskuld verið að spyrja slíkrar spurningar, en ekki þeirrar lítilfjörlegu og lágkúrulegu spurningar sem hann spurði þar sem hann taldi sér sæma að nota orðið siðleysi 20 sinnum. Þeirri spurningu, sem að vísu hefur ekki verið óskað svara við hér, væri miklu nær að svara. Kjarninn þar, eins og í öllum þessum efnum, er sá, að þm. er bundinn samvisku sinni fyrst og fremst og það er ofar skilningi á t. d. formlegum samtökum manna, sem raunar er ekki gert ráð fyrir í t. d. stjórnarskrá. En látum það allt vera.

Kjarni málsins er þessi: að vitaskuld, þó að hér sé um leynilegar kosningar að ræða, er það á vitorði allra að menn kjósa til þingnefnda eftir flokkum. Ég er auðvitað kosinn til þessara nefnda af hv. þm. Alþfl. ásamt sjálfum mér. Við höfum verið sjö hér í Nd. Ég kaus þá og þeir kusu mig eins og gengur. Atkvæðatölur sýna þetta ljóslega og eru niðurstöður þeirra kosninga sem fram fóru í okt., miðað við þær aðstæður sem þá voru. Ég óska ekki eftir því að mitt eigið atkv. verði dregið til baka eða ónýtt með einum eða öðrum hætti. Það fél eins og sjá má á þessum tíma, miðað við þær aðstæður sem þá voru. En óski þeir hv. þm. í þessari deild sem eftir eru í Alþfl. eftir því að ég dragi mig út úr þessum nefndum, þó að lagabókstafur geri ekki beinlínis ráð fyrir því, eins og hæstv. forseti hefur lýst, er það sjálfsagt.

Og eitt enn, hv. þm.: Þegar fólk hefur starfað í samtökum hygg ég að það þekkist það vel innbyrðis að það sé vitneskja um það á báða bóga að ef eftir breytingu á nefndum hefði verið leitað hefði samkomulag orðið um það. Það er kjarni málsins. En eftir slíku hefur ekki verið leitað, enda hefur ekki af breytingum orðið. Ég fer ekki að lýsa neinum almennum samskiptum að því er þessi nefndarstörf varðar, en ég hygg að báðir aðilar geti staðfest að þau hafi verið í lagi og ekkert við þau að athuga. En ef mínir fyrri félagar óska eftir því að ég víki úr þessum nefndum, alveg burtséð frá öllum lagabókstaf, enda er hann aukaatriði í þessum efnum, mun það vissulega verða.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég held að það sé augljóst að ekki þurfi að deila um lagalega hlið þessa máls. Hins vegar taldi þingflokkur Alþfl. augljóst að nefndur þm., Vilmundur Gylfason, 4. þm. Reykv., yrði að gera það upp við sjálfan sig hvort hann teldi setu sína í þingnefndum við þessar aðstæður viðeigandi eða ekki, og þess vegna hlyti og yrði frumkvæðið í þessu máli að koma frá þm. sjálfum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur verið vakin athygli á því af hæstv. forseta að í lögum um þingsköp er ekki að finna neitt ákvæði sem heimilar þm., sem sagt hefur sig úr þingflokki, að sitja áfram í nefndum fyrir hönd þess þingflokks. En það er heldur ekkert ákvæði sem bannar slíkt. Hér er því um gat í þingsköpum að ræða sem verður að laga. Það er merkilegt að í skjóli þess að þetta gat er fyrir hendi situr hv. þm. Vilmundur Gylfason áfram í þessum tveimur nefndum. Hann skákar í skjóli þessa tómarúms í lögunum og hefur hertekið nefndarstörfin á grundvelli þess.

Ég vil minna hv. þm. Vilmund Gylfason á það, að hér kom fram í þingsalnum í áheyrn alls þingsins fyrir nokkru síðan formleg ósk frá formanni þingflokks Alþfl. til hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, að hann léti þingflokki Alþfl. í té öll þau gögn og allar þær upplýsingar og allar þær frásagnir um meðferð mála í þessum nefndum sem þar kæmu fram. Þetta heyrði allur hv. þingheimur. Nú spyr ég hv. þm. Vilmund Gylfason: Hefur hann gert það? Fyrst hann gerði það að sinni meginvörn hér áðan að engar óskir hefðu komið fram frá þingflokki Alþfl. til sín um þessi efni, þá vil ég minna hann á það, að hér var í þingsalnum borin fram sú formlega ósk, að hann léti Alþfl. í té öll þau gögn og upplýsingar sem fram kæmu á fundum þessara nefnda.

Nú má vel vera að ekki hafi verið haldnir margir fundir í þessum nefndum. Það skal ég ekkert um segja. En það væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. hefur nú á þessari stundu látið Alþfl. í té þessi gögn.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði hér áðan — (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að stytta mál sitt.) Já, ég skal gera það, hæstv. forseti, — að hv. þm. geri það upp við sjálfan sig, hvort hann nýtir sér þá lagakróka sem hér eru fyrir hendi. Það hefur verið upplýst að það er í skjóli þess að Alþfl. treystir á samvisku hv. þm. Ekki hefur siðgæði nokkurs manns verið jafnauglýst af honum sjálfum á undanförnum árum á Íslandi eins og hið svokallaða eigin siðgæði hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Þingflokkur Alþfl. hefur, eins og formaður Alþfl. hefur hér upplýst, greinilega treyst á það að hv. þm. ætlaði sjálfum sér það sama siðgæði og hann krefst af öðrum.

Þær upplýsingar sem hæstv. forseti gaf hér áðan gera það óhjákvæmilegt að athugað verði að flytja breytingar á lögum um þingsköp sem koma í veg fyrir það að þm. sem hafa ekki heiðarleika til að stíga skrefið til fulls, hv. þm. sem hafa ekki manndóm til þess, um leið og þeir segja skilið við flokk, að segja skilið við þær trúnaðarstöður sem þeir hafa verið kosnir í af viðkomandi flokki, geti hagnýtt sér heilt þing setu sína í nefndum þingsins og þannig komið í veg fyrir það að viðkomandi flokkur eigi þar nokkurn aðgang. Ég vona að þessi umr. hafi orðið hv. þm. Vilmundi Gylfasyni tilefni til umhugsunar um það, að þeir sem ætla sér að breyta siðgæði þjóðar ættu kannske að byrja á sjálfum sér.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Mér er gersamlega hulin ráðgáta hvers vegna þessi umr. fer hér fram nú að frumkvæði formanns þingflokks Alþb. Ég hefði talið að þetta væri mál sem Alþfl. annars vegar og hv. þm., sem hér er til umr., hins vegar hefðu átt að gera upp. Þessi umr. er algerlega út í hött í raun og veru, hvernig sem á það mál er litið. Og að eyða þingtíma hér í umr. af þessu tagi finnst mér fullkomlega ástæðulaust. Ég segi það alveg eins og er. Það er náttúrlega fyrst og fremst Alþfl. að hafa áhyggjur af þessu. Ég vona að hv. þingflokksformaður Alþb. sé ekki orðinn guðfaðir Alþfl. ennþá. Það getur kannske komið að því einhvern tíma, en ekki er hann það ennþá. Ég tel því þessa umr. algerlega út í hött hvernig sem á er litið.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. nefndi hér eitthvað sem hann kallaði vörn mína. Til þess að í einhverju máli sé vörn þarf að vera sókn, og þau undurfurðulegu rök, sem hv. 11. þm. Reykv. hefur haft uppi, kalla ég ekki sókn í nokkru máli. Hér er verið að þyrla upp einhverju fúkyrðaregni. Þetta er ekki sókn og það var ekki um neina vörn að ræða. Það er aðeins verið að lýsa staðreyndum. Það er allt og sumt.

Ég hef greint frá því hér, og ég held að það hvorki hafi farið á milli mála né muni fara á milli mála, að ef eftir því hefði verið leitað eða eftir því mun verða leitað að sá sem hér stendur afsali sér nefndarsætum í menntmn. og allshn. — sem hafa nú ekki þótt vera virkustu nefndir þingsins — þá er það sjálfgefið. En kjarni málsins er sá, að eftir engu slíku hefur verið leitað.

Hv. 2. þm. Reykn. flutti hér nokkuð prestleg orð um það sem menn þyrftu að gera upp við samvisku sína. Ég hef aldrei heyrt það fyrr en nú að rætt hafi verið í þingflokki Alþfl. að slíka hluti yrði ég að gera upp við samvisku mína. Ég hefði talið það alveg sjálfgefið, að niðurstöður kosninga miðað við það sem kosið er þegar kosið er, giltu um þessa hluti eins og alla aðra. Það er kjarni málsins. Og ég greini frá því, að það gekk auðvitað til beggja átta. Það er ekki aðeins það að ég tæki sæti í þessum tveimur nefndum fyrir þessi atkv., heldur tóku aðrir sæti í nefndum vegna þess hvernig ég greiddi atkv. Og það hvarflar ekki að mér, þó að aðstæður hafi breyst í millitíðinni, að vera að vefengja þær niðurstöður í skjóli þess sem síðar gerðist. Það er þetta sem er kjarni málsins. Og, herra þm., til þess að um vörn sé að ræða þarf sókn. En þessi ræfilslegu rök eru ekki sókn í nokkru máli.

Ég hef, herra forseti, vakið athygli á því, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur einnig bent á, að það er lítið mál sem hér er um að ræða. Hitt væri miklu stærra, ef menn vefengdu seturétt á Alþingi, sem er auðvitað sama mál en stærra í umfangi sínu. Það er út af fyrir sig a. m. k. fræðileg spurning til að velta fyrir sér, með hverjum hætti skal með það fara. Og vitaskuld var það gert í nóvembermánuði s. l. Látum ráðleggingar löglærðra manna liggja á milli hluta, en hins vegar var niðurstaðan sú, að í þeim efnum sem og öðrum þarf þm. að hlýða samvisku sinni. Þessir hlutir hafa marggerst í þingsögunni áður, að menn hafa verið kosnir til þings á

vegum tiltekinna samtaka og á ferlinum hefur orðið þar aðskilnaður. Í þessum efnum hefur hegðunin verið nákvæmlega eins og fordæmi eru fyrir.

Hv. þm. notaði enn og bætti við u. þ. b. 10 sinnum orðinu siðleysi við hin 20 fyrri skipti. Látum það allt liggja á milli hluta. En kjarni málsins er sá, að ef eftir því er óskað þá mundi vitaskuld verða við því orðið.

Vegna þeirra fsp. sem fram komu hér í hita umr. um einhver allt önnur mál, fiskverð minnir mig, frá hv. 3. þm. Vestf., vil ég aðeins skýra frá því, að gangurinn að því er þessar tvær nefndir varðar hefur verið nákvæmlega eins og hann hefur verið árum saman. Ég veit ekki til þess að á nokkurn hátt hafi þar verið legið á neinum upplýsingum. Hins vegar hefur hlutum verið komið áleiðis hafi eftir því verið óskað, án þess að ég sé að fara í smáatriðum út í það. Þetta er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er hinn, að menn kjósa ákveðinn mann til trúnaðarstarfa á einhverju gefnu augnabliki. Forsendur kunna að breytast í millitíðinni, en kosningaúrslitum er ekki hnekkt fyrir bragðið. Þetta er hin almenna regla. En ég segi enn hér og nú — og hygg að menn hafi vitað um slíkt áður og það gildir auðvitað, hefur gilt í fortíð og mun gilda í framtíð — í ljósi þess hvernig þessum málum er háttað: Sé óskað eftir breytingum á því, þá er auðvitað sjálfsagt að verða við þeim. Það er það sem er kjarni málsins.

En ég vil enda með þeirri vörn fyrir minn gamla flokk, að ekki veit ég hvert hann er leiddur, en þangað er hann ekki leiddur að hann þurfi á þessum málsvara og þessari tegund af málsvörn að halda. Svo mikið fullyrði ég.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins andmæla því kröftuglega, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að hér væri um lítið mál að ræða. Hér er um prinsipmál að ræða og hér er auðvitað um samviskumál að ræða, sem við höfum heyrt. Hér er um það að ræða í stuttu máli, að maður er kjörinn til ákveðinna trúnaðarstarfa af ákveðnum samtökum. Hann segir síðan skilið við þau samtök. Þá hljótum við að spyrja: Hvaða rétt hefur hann þá til þeirra trúnaðarstarfa? Það má spyrja sem svo.

Og það er augljóst. Hann segir: Ég mun víkja úr þessum störfum ef eftir því verður leitað. Við höfðum ekki, sem erum í þingflokki Alþfl., frumkvæði um það að Vilmundur Gylfason hyrfi úr þingflokki Alþfl. Það hafði hann sjálfur. Þess vegna á auðvitað allt slíkt frumkvæði frá honum að koma. En það hefur komið í ljós, herra forseti, rækilega í þessum umr., að hv. þm. gerir töluvert aðrar kröfur í siðrænum efnum til annarra heldur en sjálfs sín.

Þessi hv. þm. sagði einu sinni setningu, sem varð fleyg og hefur oft verið vitnað til, að ákveðið athæfi væri löglegt en siðlaust. Það sem hann hefur gert í þessum efnum er auðvitað fullkomlega löglegt, en gjörsamlega siðlaust.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vona að forseti taki það ekki illa upp þó að ég lýsi því hér og nú, að ég fer ekki að taka upp á því á gamals aldri að taka hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson alvarlega. Ég hef ekki gert það áður og fer ekki að taka upp á því nú. En ræða síðasta ræðumanns, herra forseti, er merkileg vegna þess, að þetta er í fyrsta skipti sem fyrrum flokksbróðir minn gerir aths., með þeim hætti sem hér hefur verið gert, við setu mína í þessum tveimur nefndum. Það hefur enginn gert áður, hvorki með formlegum né óformlegum hætti. Og þar sem þessi ís hefur verið brotinn, herra forseti, af hv. þm. Eiði Guðnasyni, þá er alveg augljóst að mér er ekki fær nema einn kostur. Hér og nú segi ég af mér störfum í menntmn. og í allshn. Það er málið. Og ég vil þakka fyrir. Ég hef ekki vitað að svona hafi kraumað í krötunum út af þessu máli. Mér var fyrirmunað að vita um það, því að enginn hefur sagt það.

Hér talaði hv. þm. Árni Gunnarsson áðan og talaði til allt annarrar áttar. En það er málið að nú í fyrsta skipti hefur það skeð að kratarnir hafa komið upp á yfirborðið. Ég veit ekki hvort vel heppnuð fundarferð um Snæfellsnes skiptir einhverju máli í þessu sambandi, en af einhverjum ástæðum hefur þetta skeð. Hv. þm. Eiður Guðnason hefur gert aths. við það síðferði mitt að sitja í þessum tveimur nefndum. Þær röksemdir hef ég ekki áður heyrt frá mínum fyrri flokkssystkinum hér innan þessa húss. En svarið er auðvitað afar einfalt. Þar sem þetta hefur komið fram frá hv. 5. þm. Vesturl., Eiði Guðnasyni, þá, herra forseti, segi ég mig hér og nú úr menntmn. og allshn. Nd.

Ég fellst alveg á það að ég var kosinn þar af sjálfum mér og sex öðrum þm. Nd. Það er augljóst að þær forsendur hafa breyst með þessum hætti. Ég vil alls ekki af persónulegum ástæðum sitja þar gegn vilja þessara manna. En þetta er í fyrsta skipti sem það hefur komið í ljós, að vísu aðeins frá einum af þeim þremur hv. Alþfl.-mönnum, sem hér hafa tekið til máls. En gott og vel. Við skulum lúta þessum leikreglum að þessu sinni. Fyrir þessu munu að vísu ekki vera fordæmi, en við erum þá að búa þau til og það er aldeilis ágætt. En ræða hv. þm. Eiðs Guðnasonar brýtur ís að því leytinu til í þessu máli, að þessa aths. hefur ekkert af mínum fyrri flokkssystkinum gert fyrr.

Herra forseti. Þar sem ég er ekki lengur í þessum tveimur þingnefndum verður að kjósa til þeirra aftur. Ég vil aðeins óska eftir því að farið sé að réttum formum í þeim efnum. Þessi aths. hefur komið fram frá mínum fyrri flokkssystkinum. Ég hafði satt að segja vonast til þess, og við höfum reynt að gæta þess held ég, báðir aðilar, að viðskilnaður við gamla flokkinn væri með fremur kurteislegum hætti. En nú hafa mál vissulega þróast út á nýjar brautir. Ég hlýt að hegða mér samkv. því og ég þakka fyrir mig.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði að það hefði ekki verið sókn í minni ræðu. Ég skal ekki deila við hann um það, en í sinni síðustu ræðu játaði hann sína sök. Það er aðalatriði þessa máls.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur nú játað að það sé óeðlilegt að hann sitji í þessari nefnd. Hann hafi ekki til þess siðferðilegan rétt. Hann hefur vegna þessarar umr., sem hér hefur orðið í dag, verið til þess knúinn að haga sér eins og siðuðum manni sæmir. Það er vissulega árangur fyrir þingræðið og fyrir siðgæðið í þessari stofnun að það skuli takast hér í um það bil þriggja kortéra umr. að siðvæða hv. þm. Vilmund Gylfason. Maðurinn, sem í upphafi umr. stóð hér og belgdi sig út í ræðustólnum og sagðist hvergi víkja úr þessum nefndum, hann ætti til þess allan rétt, lagalegan og

siðferðislegan rétt, að sitja þar, lét sannfærast í umr. Játaði á sig sekt sína. Sá að hann gat ekki haldið þessu siðleysi uppi og sagði af sér. Ég held að það séu fá dæmi um það að umr. um þingsköp á Alþingi, sem ég hóf hér fyrir þremur kortérum síðan, beri jafnskjótan og góðan árangur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tek undir þau orð formanns Alþfl., sem hér voru mælt áðan, að auðvitað var það og hefur verið skoðun þingflokksins, að það væri fyrst og fremst ákvörðun viðkomandi einstaklings eða þm., í þessu tilfelli Vilmundar Gylfasonar, hvort hann segði af sér þeim trúnaðarstörfum sem þingflokkurinn fól honum í upphafi þessa þings.

Það hefur ekkert farið milli mála að hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur ekkert dregið úr árásum bæði á Alþfl. og annað flokkakerfi hér í landinu og talið það rotið, siðspillt og einvörðungu varðhunda valdsins, eins og hann hefur kosið að orða það. Í þessu máli held ég að sú staðreynd, að Vilmundur Gylfason hefur kosið að sitja sem fulltrúi Alþfl. áfram í þessum tveimur tilteknu þingnefndum, segi miklu meira en margt ef ekki allt annað um það, að honum er ekki eins leitt og hann lætur að sitja í skjóli þessa flokkavalds, í þeirri aðstöðu sem það fól honum á s. l. hausti, eins og það hefur gert áður. Og þó að hann nú hafi lýst yfir að hann segi sig úr þessum nefndum vegna þessarar umr., þá held ég að staðreyndir sýni það svo að ekki verður um villst að hann hefur kosið í nokkuð langan tíma að sitja sem fulltrúi þessara varðhunda valdsins, sem hann hefur talið Alþfl. vera ásamt öðrum flokkum hér, sem eiga fulltrúa á Alþingi. Honum hefur líkað sú seta ágæta vel allt þangað til í dag, að hann hefur tilkynnt hér úr ræðustól að hann segi sig úr þessum nefndum. Þetta segir miklu meira en mörg önnur orð um það hver afstaða og hugur hv. þm. Vilmundar Gylfasonar er til þess flokksræðis og flokkskerfis sem hann hefur verið að útata hér auri í þingsölum um nokkuð langan tíma.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Að minni hyggju er þessi umr. lágkúrulegri en maður á hér að venjast og á maður þó ýmsu að venjast. (**AS:** Innlegg í virðingu Alþingis.) Innlegg í virðingu Alþingis, ég tek undir það með hv. þm. Alexander Stefánssyni. En það er ekki málið, heldur er málið það, herra forseti, að ég vil ekki láta þessari umr. svo lokið, að derringi hv. 11. þm. Reykv. séu ekki gerð þau skil sem verðug eru.

Ég hef sagt mig úr þessum tveimur nefndum. Það kemur hans málflutningi nákvæmlega ekkert við og það er ekki kjarni málsins, heldur hitt, að ég hef staðið í þeirri meiningu að það væri verklag á milli sjálfs mín og minna fyrri flokksfélaga að niðurstöður þeirra kosninga sem hér fóru fram um miðjan okt. héldu þangað til næst verður kosið.

Með ræðu sinni upplýsti hv. 5. þm. Vesturl., sem er fyrrum flokksbróðir minn þangað til um miðjan nóv. s. l., að svo væri ekki. Það er í fyrsta skipti sem ég heyri slíkt. Ég hef aldrei verið inntur einna eða annarra erinda að því er þetta mál varðar fyrr en núna. Ég hef aldrei heyrt slíkar aths. frá þeim sem tilnefndu mig til þeirra trúnaðarstarfa fyrr en núna. Og það gefur auga leið að þá er ég í fyrsta sinni heyri aths. frá fyrrum flokksbróður í þessa veru, að hér hafi verið framið ósæmilegt athæfi, á þeirri sömu mínútu segi ég þessum störfum af mér. Ekki af því að mér sé það skylt, því að það er ekki málið, heldur af hinu, að ég tel það eðlilegt að með þeim hætti sé við þessu brugðist.

Ég vil, herra forseti, ræki lega undirstrika að uppákoma hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar kemur niðurstöðu þessa máls ekkert við, heldur hitt, að þegar þeir sem tóku þátt í þessu vali í upphafi þings, þegar þeir hið fyrsta sinni gera aths. þar við, þá er sjálfsagt að niðurstaðan sé þessi. Það er af þeirri ástæðu og þeirri ástæðu einni.

Það er staðreynd að hv. þm. Eiður Guðnason fór aðrar leiðir í þessari umr. en hv. þm. Árni Gunnarsson. Það er nú víst ekki í fyrsta sinni sem þeir fara nokkuð til tveggja átta. En hvað sem því líður voru þau orð sögð að það væri gagnrýni vert, ósæmilegt að ég sæti þarna vegna þess hver aðdragandinn hefði verið. Og þegar þau orð eru sögð af þeim sem til þeirrar nefndar kusu, þá er það eðlileg niðurstaða að um setu í þessum nefndum sé ekki lengur að ræða. Að öðru leyti sé ég ekki annað en hv. þm. hafi þó orðið til þess að fá hluti upp á yfirborð, sem augljóslega hafa kraumað undir án þess að mér væri um það kunnugt, og fyrir það hlýt ég auðvitað að þakka. Þetta er út af fyrir sig eðlileg niðurstaða. Gegn vilja þeirra sem til þessa kusu mig hef ég hvorki ástæðu né löngun eða döngun til að sitja í nefndum að störfum. Út af fyrir sig get ekki verið annað en þakklátur fyrir þessa niðurstöðu úr því að málin eru svona í pottinn búin, sem ég hins vegar sannast sagna vissi ekki um fyrr en nú. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, ég þakka fyrir mig að þetta skuli vera orðið lýðum ljóst. (**ÓRG:** Þetta er nú bara fyrsta kennslustundin.)

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta er einhver furðulegasta ræða sem ég hef heyrt hér á hinu háa Alþingi. Fyrst vil ég leiðrétta hv. þm. Vilmund Gylfason um það, að ég hafi kosið hann til trúnaðarstarfa í þær þingnefndir sem hér er um að ræða. Það get ég ekki. Ég sit í Ed., hann situr í Nd. Ég skil ekki hvers konar útúrsnúningur og undansláttur þetta er. Ég kom hér til að lýsa mínum persónulegu skoðunum og lýsti þeim hér með þeim hætti, að hann virðist hafa tekið þá ákvörðun að segja sig úr þessum nefndum. En að ég hafi kosið hann til þessara trúnaðarstarfa, það er út í hött. (Gripið fram í.) Þetta eru bara útúrsnúningar, hv. þm. Ég vil bara ítreka það hér að sú ræða sem hér var flutt áðan hlýtur að verða geymd í þingsögunni sem ein sú furðulegasta sem hér hefur verið haldin. En allt sem sagt hefur verið um löglegheitin og siðleysið stendur.

Vélhljólaslys, þáltill. (þskj. 52, n. 388 og 389). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um könnun á vélhjólaslysum og fengið umsagnir um það mál frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og umferðarráði.

Í umsögn umferðarráðs, sem er mjög athyglisverð, kemur m. a. fram, að umferðarráð hafi á undanförnum árum safnað upplýsingum af öllu landinu um umferðarslys, sem lögregla hefur skráð, þ. á m. um slys á bifhjólum og léttum bifhjólum. Fylgir yfirlit með um-

sögn umferðarráðs, þar sem einmitt er bent á nokkrar tölur um slík slys. Kemur þar m. a. fram, að fjöldi slysa á bifhjólum var á árunum 1975—1982 151, en á léttum bifhjólum 361 og að meðaltali á ári á bifhjólum 19 og léttum bifhjólum 45.

Umferðarráð telur þýðingarmikið að jafnan séu unnar sem ítarlegastar upplýsingar úr þeim gögnum sem fyrir hendi eru um umferðarslys í landinu, svo nota megi þær til stuðnings fyrirbyggjandi starfi. Í bréfi umferðarráðs kemur fram að umferðarráð hafi fengið mjög takmarkaðar fjárveitingar og umferðarráð hafi ekki haft svigrúm til jafnrækilegrar úrvinnslu upplýsinga um umferðarslys og æskilegt væri og til væri ætlast af löggjafanum.

Að því er varðar ráðstafanir til úrbóta vegna vélhjólaslysa bendir umferðarráð á nokkur atriði, sem ráðið telur að þurfi endurskoðunar við. Í fyrsta lagi þurfi að endurskoða aldur ökumanna, þjálfun þeirra og búnað. Lögfesting notkunar öryggishjálma bendir það á að hafi gefið góða raun. Einnig bendir það á að endurskoða þurfi gerð vélhjóla og afl, en upplýst er að brögð eru að því að léttum bifhjólum sé breytt eftir skráningu svo þau verði aflmeiri en lög gera ráð fyrir. Það bendir á notkun ljósabúnaðar án tillits til ljósatíma og að endurskoða beri notkun endurskins- og glitmerkja og umferðarreglur.

Í umsögn Bifreiðaeftirlitsins kemur fram: Bifreiðaeftirlitið bendir á að í umferð eru hjól, svonefnd torfæruhjól, sem ekki uppfylla lög og reglur um búnað til aksturs á vegum. Þau eru því ekki skráð, segir Bifreiðaeftirlitið, og munu í flestum tilvikum vera ótryggð.

Allshn. Sþ. telur mjög brýnt að gerð verði úttekt á tíðni, orsökum og afleiðingum vélhjólaslysa í umferðinni, eins og fram kemur í þessari till. til þál. á þskj. 51, og þá sérstaklega að leitað sé leiða til fyrirbyggjandi aðgerða og tillögum um úrbætur sé skilað í tillöguformi til Alþingis, eins og hér er gert ráð fyrir.

Allshn. gerir eina breytingu á tillgr., þar sem segir í upphaflegu tillgr. að könnunin skuli unnin á vegum heilbrrn. og dómsmrn. Allshn. telur að það þurfi að taka af allan vafa um hvort rn. eigi að hafa frumkvæði í þeirri könnun, sem gert er ráð fyrir í till., og gerir tillögu um að könnunin verði unnin á vegum dómsmrn. í samráði við heilbrrn. Nefndin telur einnig eðlilegt að inn í þessa könnun komi þeir sem hafa unnið að þessum málum og gert nokkra úttekt á þeim, þ. e. umferðarráð og landlæknisembættið.

Allshn. leggur til að till. á þskj. 52 verði samþykkt með eftirfarandi breytingu og tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ítarlega könnun á tíðni, orsökum og afleiðingum vélhjólaslysa í umferðinni. Könnunin skal unnin á vegum dómsmrn. í samráði við heilbrrn.

Skal áliti skilað í skýrsluformi til næsta reglulegs Alþingis ásamt tillögum um fyrirbyggjandi aðgerðir."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting rekaviðar, þáltill. (þskj. 118). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 118 hef ég leyft mér ásamt þeim hv. alþm. Páli Péturssyni og Sigurgeir Bóassyni að flytja till. til þál. um nýtingu og úrvinnslu rekaviðar og úrgangstimburs. Okkur flm. er að sjálfsögðu ljóst að till. þessi, ef samþykkt verður, veldur ekki neinum straumhvörfum í íslensku þjóðlífi eða skiptir sköpum fyrir það efnahagsástand sem hér ríkir og mörg mál, sem fjallað er um á hinu háa Alþingi, að sjálfsögðu þýðingarmeiri. Engu að síður teljum við að hér sé um þarft mál að ræða og engu síður athygli vert en margt annað sem hér ber á góma. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta framkvæma athugun á nýtingu og úrvinnslu rekaviðar og úrgangstimburs til iðnaðar og orkusparnaðar."

Okkur flm. þessarar till. til þál. finnst fyllilega tímabært að fram fari ítarleg athugun á því, með hvaða hætti megi nýta rekavið og úrgangstimbur með tilliti til orkusparnaðar, aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi, einkum til sveita, tekjuöflunar og gjaldeyrissparnaðar. Í grg. með þáltill. hefur því miður fallið niður brot úr setningu í prentun, þar sem við ræðum um að við flm. teljum eðlilegt að athugun þessi sé unnin sameiginlega á vegum landbrn. og iðnrn. Það er ekki getið um iðnrn. í grg. En við teljum eðlilegt að þessi tvö rn. vinni að einhverju leyti saman að þessari athugun, sem hér er lögð til, þar sem reki er í flestum tilfellum talinn til hlunninda á bújörðum og frekari nýting hans ætti að geta létt undir með landbúnaðinum, en á hinn bóginn getur einnig verið um verulegan orkusparnað að ræða og nýtingu á hráefni til iðnaðar.

Við allar byggingarframkvæmdir, stórar og smáar, þar sem hafður er sá hefðbundni byggingarmáti að slá upp steypumótum úr mótatimbri, fellur til meira og minna af úrgangstimbri sem að lokum hafnar á sorpeyðingarstöðum og er þar ýmist urðað eða brennt, oftast með ærnum tilkostnaði og til lítils gagns eða hagsbóta. Sömu sögu má sjálfsagt einnig segja hvað varðar úrgang frá hinum ýmsu trésmíðaverkstæðum. Þó er vitað að hluti þess úrgangs er þegar nýttur, og ánægjulegar eru þær fréttir að einstakar trésmíðjur hafa ekki þurft að kaupa orku til upphitunar um áraraðir.

Einhver rekahlunnindi munu vera á meiri hluta jarða er liggja að sjó. Um árabil hafa helstu afurðir úr rekaviði verið girðingarstaurar, en ekki nokkur vafi á að mikið af þessu rekatimbri er úrvalsviður sem efna má niður í planka og borðvið og nota síðan til smíða og hvers konar iðnaðar. — Þetta hef ég orðið var við á ferðum mínum um mitt kjördæmi, Norðurl. e., einkum á Melrakkasléttu. Þar hafa menn töluvert notað sér þessi hlunnindi og unnið þar ýmislegt úr rekaviði.

Einnig má nefna orkusparnað í þessu sambandi. Á því sviði er okkur nauðsynlegt að leita allra leiða og nýta alla þá möguleika sem tiltækir eru. Svonefndir trjálurkakatlar, sem brenna úrgangsreka, morviði og öðru slíku eldsneyti, eru nú að koma í umferð hér á landi. Þetta eru danskir katlar og eru 18—20 slíkir þegar í notkun hér og allmargir væntanlegir. Hefur notkun þeirra gefið mjög góða raun og líkað vel einmitt á þeim svæðum þar sem erfitt er um aðra orku, jafnvel ekki rafmagn til staðar og menn hafa þurft að kynda upp með olíu. Þar spara þessir katlar nú þegar mikið fjármagn.

Því miður liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um magn rekaviðar á strandlengju landsins, hversu mikið rekur hér á land árlega, hversu mikil verðmæti hér er

um að ræða, ef vel væri um hirt, hversu mikil hitaorka er fólgin í reka svo og úrgangi trésmíðaverkstæða, sorpi og fleira sem nýta mætti til upphitunar sveitabýla og fjarvarmaveitna í þéttbýli. Athugun sú, sem þáltill. gerir ráð fyrir, þarf að veita svör við þessum spurningum. Eðlilegt er að slík rannsókn eða upplýsingaöflun sé unnin af opinberum aðilum og í samráði við hagsmuna- og áhugaaðila. Margir þeirra hafa þegar sýnt þessum málum mikinn áhuga, svo sem Búnaðarfélag Íslands, einstök búnaðarsambönd og búnaðarfélög. Kaupfélag Norður-Þingeyinga á Kópaskeri og hreppsnefnd Presthólahrepps og fleiri aðilar hafa lýst áhuga á að taka þátt í frumkönnun á úrvinnslu rekaviðar á félagslegum grunni.

Þá hefur Búnaðarþing 1981 og fyrr ályktað um nýtingu rekaviðar. Hlunnindaráðunautur Búnaðarfélagsins, Árni G. Pétursson, hefur unnið mikið að þessum málum, safnað upplýsingum og hvatt til betri nýtingar þessara verðmæta.

Einstakir bændur hafa komið sér upp sögunaraðstöðu, í flestum tilfellum í mjög einfaldri útfærslu, og varla nokkurs staðar mun vera um fullnaðarúrvinnslu að ræða. Hitt er aftur á móti algengast, að engin sögun sé fáanleg í héraði og því drabbast niður reki í hrönnum á strandlengju landsins. Til athugunar kæmi að fá einstaklinga eða félagasamtök bænda til að taka að sér sögun og úrvinnslu í héraði. Má hér benda á að einfaldur sögunarbúnaður er ekki meira fyrirtæki en jarðvinnsluvélar ýmiss konar, og má því allt eins keyra um með sagarblað á milli bæja eins og herfi, plóg eða tætara.

Þetta hefur verið gert í smáum stíl. Ég veit dæmi um bændur austur á Héraði sem smíðað hafa slíkar hjólsagir og nota þær á dráttarvélum og einnig veit ég dæmi um að menn hafa verið að kaupa sér fullkomnari vélar til að geta unnið og nýtt þetta rekatimbur ennþá betur.

En ég vil í því sambandi minna á mikilvægi þess, að einnig verði samþykkt þáltill. nokkurra þm. Framsfl. um rafvæðingu dreifbýlis. Það er einmitt á ýmsum sömu stöðum og raforku vantar mest magn rekaviðar, t. d. á Melrakkasléttu, sem ég hef áður nefnt, en raforkan mundi auðvelda að nota aðra og betri tækni og auka möguleikana á því að nýta rekatimbrið og vinna ennþá meira úr því en nú er gert.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá Iðntæknistofnun, hafa starfsmenn þar í þó nokkrum tilvikum fjallað um hugsanlega nýtingu úrgangstimburs. Langar mig í því sambandi að vitna í tvær skýrslur, sem ég fékk frá þeirri stofnun, þar sem fjallað er um hvernig hugsanlega megi nýta úrgangstimbur og rekavið til iðnaðarframleiðslu. Önnur þessi skýrsla fjallar um vinnslu grillkola. Þar segir í kaflanum um könnun hráefna, með leyfi forseta:

„Hráefni til grillkolagerðar eru hvers konar timbur, bæði harðviður og mýkri viður. Nota má allt niður í litla búta, sag og spæni til framleiðslunnar.

Árið 1981 voru flutt inn til landsins ca. 130 tonn af grillkolum. Til framleiðslu á því magni grillkola með 15—20% nýtingu þarf um 700—900 tonn af hráefni, trjáviði. Ef gert er ráð fyrir að markaðurinn á ári sé rúm 160 tonn má gera ráð fyrir að hráefnisþörfin verði 1000 tonn með 15% nýtingu. Þetta er það magn sem könnun okkar gengur út frá að þurfi til framleiðslunnar.

Við öflun hráefnis koma til greina þrjár leiðir: í fyrsta lagi afgangsviður verkstæða o. fl. af stór-Reykjavíkursvæðinu, í öðru lagi innlendur trjáviður úr skógum og í þriðja lagi innfluttur trjáviður.

Afgangsviður verkstæða. Við könnun á þessum hluta verkefnisins höfðum við samband við nokkur stærstu trésmíðaverkstæðin og trésmiðjurnar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður könnunarinnar eru að sex stærstu aðilarnir hafa ca. 400 tonn í grófum afgangsviði og sennilega má fá hjá þeim helmingi meira magn af fínna afsagi, sagi og spónum, ca. 800 tonn. Við gátum okkur þess til, að a. m. k. 35 minni fyrirtæki þessarar tegundar væru á höfuðborgarsvæðinu og magn afgangsviðar hjá þeim í heild væri um 1050 tonn af grófari tegundinni og helmingi meira af fínna afsagi eða ca. 2100 tonn. Við getum því reiknað með því að nægilegt hráefni fáist á þennan hátt.

Helstu ókostir hráefnisöflunar eru í fyrsta lagi þeir, að hráefnið, en það er að mestu leyti flutt sem sorp á haugana, er óflokkað eftir grófleika og yrði flokkun þess sennilega talsvert kostnaðarsöm.

Í öðru lagi má e. t. v. líta svo á, að söfnun hráefnis hjá hinum ýmsu aðilum um Reykjavík og Kópavog gæti orðið talsvert stór kostnaðarliður í hráefnisöfluninni. Að því er virðist væri hægt að afla um 1200 tonna af hráefninu hjá sex stærstu aðilunum og miðað við núverandi markað mundi þetta magn nægja til framleiðslunnar, en þessi leið mundi krefjast geymsluhúsnæðis vegna söfnunar hráefnis allan ársins hring.

Í skýrslu útgefinni af Reykjavíkurborg og hagsýslustofnun kemur fram að mikið magn af timbri, sennilega aðallega mótatimbri, safnast á haugana í Gufunesi ár hvert. Hægt er að gera ráð fyrir að heildarmagn þess timburs sé 2000—2500 tonn. Þetta magn er því nóg til að framleiða það magn af viðarkolum sem íslenskur markaður þarfnast. Sennilegast yllu þó naglar, vírar og aðrir aðskotahlutir og önnur efni, eins og sement og málning, ófyrirsjáanlegum erfiðleikum í sambandi við nýtingu á þess kyns hráefni.

Til greina kemur að nota innlendan trjávið til framleiðslunnar, og kemur þá til með að verða notaður viður sem fæst við grisjun á stærstu skógum landsins."

Ég las hér tilvitnun í skýrslu Iðntæknistofnunar um vinnslu á grillkolum á Íslandi. Mig langar að vitna stuttlega í aðra skýrslu frá Iðntæknistofnun, sem fjallar um þilplötuverksmiðju á Suðurlandi, sem að vísu er ekki alveg ný, frá 1975, en þar kemur einnig fram að nýta mætti úrgangstimbur ýmiss konar í slíkri verksmiðju. Segir þar, með leyfi forseta:

„Ekki ættu að vera vandkvæði á því að ná því timburmagni saman sem til þarf. Miklu magni af timburúrgangi er árlega brennt eða hent. Er helst um að ræða spæni og afsögun frá trésmíðaverkstæðum, ónýtt mótatimbur, úr sér gengna bita og timburhús, grisjun á skógum, umbúðakassa og jafnvel rekatimbur."

Ég vildi nefna þessar tvær skýrslur frá Iðntæknistofnun í sambandi við þessa þáltill., sem við flytjum hér, til þess að vekja athygli á að það eru örugglega ýmsir möguleikar sem til greina koma.

Samkv. samtali, sem ég hef átt við starfsmann stofnunarinnar, Hörð Jónsson, hefur hann greint mér frá athugunum stofnunarinnar á þessum iðnaðarkostum og ýmsum öðrum sem til greina kæmu við nýtingu úrgangstimburs. M. a. nefndi hann til viðbótar við það, sem

áður er nefnt, svokallaðar hálmsementsplötur, sem bæði yrðu notaðar til milliveggjagerðar og hljóðeinangrunar. Í stað hálms væri hugsanlega einnig hægt að nota úrgangstimbur hvers konar.

Þessar rannsóknir Iðntæknistofnunar hafa sýnt að ýmsir nýtingarmöguleikar eru fyrir hendi. Það magn úrgangstimburs sem hér fellur til er miklu meira en þyrfti í þessar tvær framleiðslugreinar, sem ég hef sérstaklega gert að umræðuefni, og sýnir að möguleikarnir eru miklir.

Einnig mætti aðeins nefna það hér að væntanleg er skýrsla um trjákvoðuverksmiðju, sem einkum hefur verið nefnd í sambandi við Húsavík, vegna þess hversu Húsvíkingar hafa haft mikið frumkvæði um alla þá rannsókn og athugun í samráði við iðnrn. Er hugsanlegt að eitthvað af þessu timbri, sem til fellur hér hjá okkur, og rekavið eða rekatimbri mætti einnig nota eða nýta í sambandi við þá verksmiðju.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þessa till. Ég vonast til þess að hún fái skjóta afgreiðslu hér í þingi því að alllangt er síðan hún var lögð fram, en ýmislegt orðið til þess að það hefur dregist að mæla fyrir henni. Ég vil að lokinni þessari umr. mælast til þess að till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fíkniefnafræðsla, þáltill. (þskj. 312). — Ein umr.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál. um undirbúning og skipulag fíkniefnafræðslu. 1. flm. þessarar till. er Sigurlaug Bjarnadóttir, en hún átti sæti á Alþingi nú fyrir skömmu í veikindaforföllum hv. 1. þm. Vestf. Henni vannst ekki tími áður en hún hvarf af þingi að mæla fyrir þessari till. og því kem ég hér í hennar stað, en ég er 2. flm. Aðrir flm. till. eru hv. þm. Árni Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir og Pétur Sigurðsson. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að nú þegar verði hafinn á vegum menntmrn. skipulegur undirbúningur að fræðslu í grunnskólum landsins um áfengi, ávana- og fíkniefni.

Í upphafi verði sérstök áhersla lögð á:

a) átak í grunnmenntun og endurmenntun kennara varðandi þessa fræðslu.

b) útgáfu námsgagna á þessu sviði.

Jafnframt verði tryggt við afgreiðslu næstu fjárlaga nægilegt fjármagn til þessara verkefna."

Í grg. segir:

„Þessi till. til þál. er borin fram í tengslum við annað mál, sem nú liggur fyrir Alþingi, þ. e. lagafrv. sem felur í sér ákvæði er fellt skuli inn í 42. gr. grunnskólalaga um áfengis- og fíkniefnafræðslu. Frv. hefur verið afgreitt ágreiningslaust frá menntmn. Nd. og má vænta þess, að Ed. afgreiði málið jákvætt innan skamms."

Það má upplýsa hér nú að menntmn. Ed. hefur afgreitt þetta mál á fundi sínum í dag.

„Fram að þessu hefur sú litla fræðsla, sem farið hefur fram innan skólanna á sviði áfengis- og fíkniefna, verið framkvæmd samkv. reglugerð með áfengislögum frá árinu 1954. Reglugerðin tekur einungis til bindindisfræðslu að því er varðar áfengi, en ekki tóbak eða önnur fíkniefni, sem komið hafa hér til sögunnar á síðari árum. Framkvæmd reglugerðarinnar innan skólanna hefur þar að auki verið ærið brotakennd, að mestu komin undir áhuga einstakra kennara og skólastjóra. Það er mjög svo óeðlilegt, að lagaákvæði um skólastarf séu aðeins í áfenigslöggjöf, en ekki jafnframt í fræðslulöggjöf, og athyglisvert er, að í viðamikilli skýrslu, sem fyrir nokkru er komin fram frá sérstakri nefnd, sem falið var að endurskoða grunnskólalögin, er hvergi að finna tillögu um að ákvæði um áfengis- og fíkniefnafræðslu verði fellt inn í lögin. Áðurnefnt lagafrv., ef að lögum verður, er í sjálfu sér nokkur áfangi og er þessari þáltill. ætlað að fylgja nú málinu frekar eftir.

Svo margþætt og vandasamt verkefni sem hér er annars vegar þarf vandlegan undirbúning. Beinist þessi till. fyrst og fremst að þeim þætti. Ýmsir aðilar, einstaklingar og starfshópar á vegum menntmrn. hafa að undanförnu unnið að því að móta hugmyndir og stefnu í þessum málum og hafa verið flm. þessarar till. hjálplegir um ýmis gögn og upplýsingar. Sitthvað hefur þannig verið gert nú þegar til athugunar og undirbúnings, en heildstæð stefnumörkun varðandi þessa fræðslu, innan skóla sem utan, vantar. Hún þyrfti m. a. að fela í sér aukið samstarf allra þeirra aðila, sem að þessum málum vinna, og jafnframt gleggri verkaskiptingu. Niðurstöður viðamikilla erlendra rannsókna, m. a. á vegum UNESCO, eru tiltækar og koma okkur að sjálfsögðu að miklu gagni.

Þeir aðilar, sem að þessum málum vinna hér heima, leggja megináherslu á að við verðum að byrja á að gera stórátak í grunnmenntun og endurmenntun kennara, sbr. a-lið þessarar till., í samráði og samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Það er talið í alla staði eðlilegra og æskilegra, að hinn almenni kennari fái menntun og starfsþjálfun til að inna þessa fræðslu af hendi innan skólans fremur en fá til þess utanaðkomandi sérfróða aðila. Fræðslan á að falla sem eðlilegast inn í daglegt skólastarf og beinast að einstaklingnum sjálfum og umhverfi hans fremur en að fíkniefnin sjálf verði miðpunktur fræðslunnar. Að byggja upp ábyrgðartilfinningu nemandans, dómgreind og sjálfstæði gagnvart áhrifum ríkjandi tískuviðhorfa er talið mikilvægt markmið.

Útgáfa námsgagna á sviði fíkniefnafræðslu, sbr. b-lið till., er annað meginatriði hennar. Gert er ráð fyrir að fræðslan verði felld inn í ýmsar almennar námsgreinar, fyrst og fremst samfélagsfræði og líffræði. Engu að síður er nauðsynlegt að til sé sérstakt námsefni og námsgögn um einstaka þætti. Vandað erlent námsefni, þýtt á íslensku og staðfært, kemur þar vissulega til greina.

Hér þarf að ganga beint til verks, svo að unnt sé að taka myndarlega á þessari fræðslu og skipulagi hennar í framtíðinni. Til hennar þarf að vanda í hvívetna svo sem framast er kostur, ella kynni að vera verr af stað farið en heima setið. Ljóst er að til þess þarf bæði mannafla og fjármagn. Því er í niðurlagi till. farið fram á að tryggt verði við afgreiðslu næstu fjárlaga nægilegt fjármgn til þeirra verkefna sem í till. felast. Engum blandast hugur um hve mikilvægt það er og viðurhlutamikið að okkur takist að bægja frá íslenskum ungmennum því mikla böli sem áfengis- og fíkniefnaneysla er orðin meðal ýmissa grannþjóða okkar. Í þeim efnum má einskis láta ófreistað, og óhæfa er að íslenskir skólar fyrir sitt leyti leiði lengur hjá sér að takast á við þennan vanda. Það

væri hins vegar óraunhæft að ætla að skólarnir einir geti valdið þeim vanda. Skal í því sambandi vitnað í sjónvarpsviðtal fyrr í vetur við Sigurð Pálsson, sem starfar í skólarannsóknadeild menntmrn. að fíkniefnamálum:

„Mér finnst rétt að leggja áherslu á að ég tel óvarlegt að binda of miklar og þá óraunhæfar vonir við skólann í þessum efnum. Hér er við flókinn vanda að etja og allir þeir, sem hafa með börn og ungmenni að gera, verða að leggjast á eitt; heimilin, æskulýðsleiðtogar, fjölmiðlar o. s. frv. Skólinn er aðeins einn hlekkur í þessari keðju.““

Ég vil svo mælast til þess, herra forseti, að eftir að þessari umr. er frestað verði málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 1. mars.

Rekstrarafkoma nokkurra fyrirtækja.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Lárusar Jónssonar um rekstrarafkomu nokkurra fyrirtækja á þskj. 132, sent þm. 1. mars.

Spurt er:

1. Hver var rekstrarafkoma eftirtalinna fyrirtækja árið 1981, sem eru að hluta til eða öllu leyti í eigu ríkissjóðs, og hver er áætluð rekstrarafkoma þeirra árið 1982?
   1. Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.
   2. Kísiliðjunnar við Mývatn.
   3. Áburðarverksmiðju ríkisins.
   4. Álafoss hf.
   5. Sementsverksmiðju ríkisins.
   6. Síldarverksmiðja ríkisins.
2. Ef taprekstur hefur orðið eða er fyrirsjáanlegur hjá þessum fyrirtækjum, hvernig er hann fjármagnaður?
3. Hafa einhver þessara fyrirtækja tekið erlend lán undanfarin ár vegna rekstrartaps (1980—82) og hver er greiðslubyrði þessara lána á árinu 1982?

Svar:

Í eftirfarandi yfirliti er spurningunum svarað eins og þær koma fyrir í fyrirspurninni þ. e. 1.1. er svar við fyrstu spurningu, 1.2. er svar við annarri spurningu o. s. frv.

Eftirfarandi upplýsingar fengust hjá viðkomandi fyrirtækjum:

1. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði.

1.1. Rekstrartap járnblendifélagsins 1981 var 64,4 Mkr. Af því voru 37,3 Mkr. vextir, en 39,1 Mkr. afskriftir. Áætlað tap 1982 er 170 Mkr., þar af vextir 120 Mkr. og afskriftir 62,3 Mkr.

1.2. Eftirtaldar ráðstafanir voru gerðar til að mæta rekstrartapi félagsins:

a) Hluthafalán skv. upphaflegum fjármögnunaráætlunum voru jafnvirði 44 millj. norskra króna. Þessi lán þurfti ekki að nota til byggingar verksmiðjunnar þar eð hún varð verulega ódýrari en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Ásamt með venjulegum rekstrarlánafyrirgreiðslum í banka entust þessi hluthafalán til áramóta 1981/1982.

b) Með bankalánum að upphæð USD 6 millj. til 5 ára frá maí 1982, með ábyrgð eigenda félagsins. Lánið safnar upp vöxtum allan lánstímann.

c) Lánsheimild banka allt að USD 10 millj. ótryggð, en bundin skilyrðum um eignarfjárhlutfall fyrirtækisins. Þessi lánsheimild hefur ekki komið að notum vegna gengisþróunar milli norskrar krónu (NOK) og bandaríkjadollars (USD). Skuld skv. þessari heimild er því engin.

d) Hluthafalán 1982 námu samtals jafnvirði 54,6 millj. NOK, sem að verulegu leyti voru notuð til að greiða upp rekstrarlán skv. lið c).

e) Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um framtíðarfjármögnun félagsins.

1.3. Félagið hefur tekið öll þau lán sem að framan er getið og að hluta til samið um frestun afborgana af lánum. Lánin eru öll í erlendum gjaldmiðli. Svo er um samið í lánasamningum við aðra kröfuhafa að hluthafalán eða vextir af þeim megi ekki greiðast fyrr en seint og með miklum takmörkunum gagnvart öðrum lánveitendum. Því er greiðslubyrði félagsins vegna þessara lána 1982 engin.

2. Kísiliðjan við Mývatn.

2.1. Á árinu 1981 var rekstrarhalli 7 Mkr. Áætlaður rekstrarhalli á árinu 1982 er 6 Mkr.

2.2. Vegna taprekstur, endurgreiðslu lána og fjárfestinga hefur Kísiliðjan á árunum 1981 og 1982 átt við fjárhagsörðugleika að etja. Fjárvöntun hefur verið mætt með töku erlendra lána og yfirtöku ríkissjóðs og Manville á hluta af skuldum fyrirtækisins samtals USD 1 590 000.

2.3. Í árslok 1981 tók Kísiliðjan hf. með milligöngu ríkissjóðs lán sem nam USD 367 000 og á seinni hluta árs 1982 tók Kísiliðjan lán með milligöngu Landsbankans sem nam 350 þús. þýskum mörkum. Endurgreiðslur þessara lána hefjast á árinu 1983.

3. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Rétt er að taka fram að þetta fyrirtæki heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

3.1. Rekstrarhalli árið 1981 var 19 Mkr. eða 12,5% af veltu. Verulegur rekstrarhalli hefur orðið á árinu 1982 en tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

3.2. Rekstrarhalla var að stærstum hluta mætt með erlendum lánum.

4. Álafoss.

Framkvæmdasjóður er eigandi Álafoss.

4.1. Á árinu 1981 var tap á rekstri fyrirtækisins að upphæð 2,9 Mkr. Reiknað er með lítilsháttar hagnaði á árinu 1982.

4.2. Rekstrartapi ársins 1981 var mætt með því að ganga á eigið fé fyrirtækisins.

4.3. Engin erlend lán hafa verið tekin til að mæta rekstrartapi ársins 1981.

5. Sementsverksmiðja ríkisins.

5.1. Rekstrarhalli 1981 var 10,7 Mkr. Gert er ráð fyrir óverulegum rekstrarhalla á árinu 1982.

5.2. Með erlendum lántökum.

5.3. Greiðslubyrði vegna erlendra lána á árinu 1982 nam 6,0 Mkr.

6. Siglósíld.

6.1. Rekstrarhalli 1981 var 3,8 Mkr. Á árinu 1982 var verulegur rekstrarhalli hjá fyrirtækinu, enda framleiðsludagar aðeins 93.

6.2. Fjármögnun taprekstrar er þannig: a) Óendurkræf framlög ríkissjóðs, b) Bráðabirgðalán ríkissjóðs, c) Langtímalán atvinnuleysistryggingasjóðs og d) Langtímalán ríkisábyrgðasjóðs.

6.3. Fyrirtækið hefur ekki tekið erlend lán til að fjármagna taprekstur önnur en lán ríkisábyrgðasjóðs sem að stórum hluta hefur verið varið til fjárfestinga.

Efri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 254, n. 401). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar og mælir með samþykkt þess. Stefán Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Frv. kveður svo á að þegar ákveðið hefur verið að sameina tvö eða fleiri sveitarfélög geti félmrh. ákveðið að tala sýslunefndarmanna verði sú sama og var fyrir sameininguna, enda óski fráfarandi hreppsnefndir eftir því að svo verði. Frv. gerir ráð fyrir því að þetta efni verði fært í lög um sveitarstjórnir nr. 58/1961.

Þessi lagabreyting er m. a. gerð vegna eindreginna óska sveitarstjórna Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, en samþykkt var við almenna atkvgr., svo sem kunnugt er og fram fór hinn 14. nóv. s. l. í Dyrhóla- og Hvammshreppum, að þessir hreppar yrðu sameinaðir í einn hrepp.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Félmn. mælir með að það verði samþykkt, eins og ég áður hef sagt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Hreppstjórar, frv. (þskj. 257, n. 414). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um hreppstjóra. Nefndin kallaði á sinn fund Þorleif Pálsson deildarstjóra í dómsmrn. sem ásamt með öðrum í sérstökum starfshópi eða vinnunefnd hefur samið þetta frv. Í frv. er gert ráð fyrir breytingu á gildandi lögum um hreppstjóra.

Þær breytingar eru ekki stórar í sniðum. Eru þær helstar að í fyrsta lagi er hreppstjórum gert að hlíta almennum reglum um starfsaldurshámark opinberra starfsmanna, þ. e. að miðað verði við að þeir láti af störfum 70 ára að aldri. Það er eðlilegt að sama regla gildi um þá og aðra menn í opinberri þjónustu. Í öðru lagi er breytt reglum um útreikning launa hreppstjóra á þann veg að laun ákveðist sem tiltekinn hundraðshluti af launaflokki er fjmrh. ákveður nánar. Launin miðast að nokkru við íbúatölu í viðkomandi hreppi líkt því sem nú er. Þó er sú breyting gerð að hreppstjórar í hreppum með íbúa yfir 500 talsins fá sömu laun. Breytingin, sem hér er gert ráð fyrir, felur ekki í sér að þessi laun hækki neitt umfram það sem önnur laun hafa hækkað að undanförnu, heldur er aðeins í rauninni um kerfisbreytingu að ræða. Þá er gert ráð fyrir að greiða hreppstjórum, sem hafa umfangsmiklum störfum að gegna, nokkur viðbótarlaun umfram hin föstu, sem ákveðist þá af dómsmrh. að fenginni umsögn sýslumanns eftir áætluðu vinnumagni. Loks er í þriðja og síðasta lagi ákvæði um lífeyrisréttindi sem fjmrh. er heimilað að setja nánari reglur um.

Við 1. umr. þessa máls voru hér í þessari hv. deild gerðar aths. við frv. og því beint til allshn. af hv. 4. þm. Reykn. hvort ekki mætti fækka þessum tilteknu embættismönnum, hreppstjórunum. Það varð niðurstaða í allshn. að á þessu stigi máls og við umfjöllun þessara sérstöku laga væri ekki rétt að gera tillögur um slíkar breytingar, þó svo að nm. hafi að sjálfsögðu sínar skoðanir á því. Fækkun hreppstjóra verður sjálfsagt auðveldast að koma við með sameiningu sveitarfélaga, en um það er ekki fjallað í þessum lögum. Sú hugmynd kom upp hvort ekki mætti fækka hreppstjórum með því að leggja hreppstjóraembættið niður þar sem sýsluskrifstofur væru starfandi. Okkur þótti ekki heldur heppilegt á þessu stigi máls að gera tillögur um það, enda felur þetta frv. ekki í sér kostnaðarauka sem neinu nemur fyrir ríkissjóð. Hér er aðeins verið að setja nánari ramma utan um störf sem þegar eru unnin og meginbreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er að hreppstjórar láti af störfum við sjötugsaldur eins og aðrir embættismenn ríkisins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 402). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á vegalögum nr. 6 frá 25. mars 1977, 218. máli. Hér er um að ræða tvær breytingar sem samkomulag varð um í nefnd allra þingflokka sem á s. l. ári vann að gerð langtímaáætlun-

ar. Nefndin taldi nauðsynlegt að breyta þessum tveimur ákvæðum.

Fyrri greinin fjallar um stofnbrautakerfið og breytingar á því. Er þar gert ráð fyrir að færðir verði yfir í stofnbrautaflokkinn fleiri vegir en nú eru sem tengja ýmsa þéttbýliskjarna við stofnbrautakerfið. Fylgir með í grg. upptalning á þeim stöðum sem njóta mundu þessarar breytingar. Eins og þar kemur fram er þar samtals um 38.4 km að ræða. Þótt þessir vegarspottar hafi ekki að öllu leyti fullnægt þeim reglum sem gilt hafa um stofnbrautir til þessa, þá tengja þeir mikilvæga byggðakjarna stofnbrautakerfinu. Þótti nefndinni því réttmætt að þeir féllu undir stofnbrautakerfið.

Síðari greinin fjallar um að fella niður það ákvæði í vegalögum sem gerir ráð fyrir því að 12.5% af mörkuðum tekjum Vegasjóðs til þjóðvega fari til þjóðvega í þéttbýli, en svo hefur verið frá 1964. Þetta ákvæði var sett inn á sínum tíma til þess að hraða lagningu bundins slitlags og betri vega í þéttbýli. Segja má að á þessum tíma hafi þetta orðið til þess að vegir í þéttbýli hafa verið mjög bættir. Eins og segir í grg. hafa þjóðvegir í þéttbýli tekið miklum stakkaskiptum. Er þar birt tafla sem sýnir lengd þessara vega og ástand eins og það var í ársbyrjun 1982. Þar kemur fram að rúmlega 80% af akfærum vegum hafa nú bundið slitlag. Þeir vegir sem teljast óakfærir eru í flestum tilvikum vegir, sem hafa verið teknir inn í aðalskipulag en vart er tímabært að byggja, þ. e. vegir sem eru á teikniborðinu. Þess er jafnframt getið hér að til samanburðar er bundið slitlag á þjóðvegum landsins samtals um 7.5% eða 17% af stofnbrautum.

Með tilvísun til þess hvað mikið hefur áunnist og jafnframt þess hve þetta dreifist misjafnt á milli hinna ýmsu þéttbýlisstaða lagði nefndin til að þetta ákvæði yrði fellt niður, en í staðinn tekin upp sérstök fjárveiting til að aðstoða þá þéttbýlisstaði við lagningu bundins slitlags og betri vegi sem skemmra eru á veg komnir. M. ö. o. er fallið frá þeirri höfðatölureglu sem gilt hefur um úthlutun þess fjármagns, en til þess ætlast að því verði úthlutað við samþykkt vegáætlunar. Í vegáætlun fyrir árið í ár er gert ráð fyrir 5 millj. kr. byrjunarframlagi í þessu sambandi.

Þess skal þó getið að ýmsir aðrir vegir en þjóðvegir í þéttbýlisstöðum hafa orðið mjög út undan og ég vil skýra frá því að á vegum félmrn. hefur verið gerð áætlun um bundið slitlag á slíka vegi í þéttbýli. Sú áætlun er miðuð við 5 ára framkvæmdatíma. Í þeirri till. sem liggur fyrir í vegáætlun ásamt því fé sem fást mundi úr 25% sjóði og af þéttbýlisfé í þessu skyni er gert ráð fyrir því að unnt verði að ljúka lagningu bundins slitlags á þjóðvegi í þéttbýli á þessum tíma, þ. e. á 5 árum. Jafnframt hefur verið um það rætt að veitt verði lánsfé til sveitarfélaga til þess að vinna að gatnagerð á öðrum vegum í þéttbýliskjörnum en þjóðvegum. Mér sýnist því að með þessari breytingu og því framlagi sem gert er ráð fyrir í vegáætlun ætti að vera fullnægt þeirri hugmynd sem fram kemur í áætlun þessari sem ég hef nefnt og gerð hefur verið á vegum félmrn.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Því er allvel lýst í grg. En ég legg á það áherslu að þetta er fylgifrv. með vegáætlun og endurtek að það er flutt að tillögu þeirra þm., sem sátu í nefnd um langtímaáætlun s. l. ár.

Ég legg svo til að málinu verði að þessari umr. lokini vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umr. um breytingu á vegalögum er eins og fram kemur í grg. byggt á tillögum frá fulltrúum Vegagerðar og fulltrúum þingflokka sem unnu að langtímaáætlun í vegagerð. Ég átti sæti í þessari nefnd f. h. þingflokks Framsfl. og er þess vegna málinu nokkuð kunnugur. En ég vil aðeins vekja athygli á því í sambandi við skilgreininguna á þéttbýli, að það getur auðvitað orðið einhver togstreita um hvernig beri að skilgreina það, þar sem hreppurinn, sveitarfélagið getur verið annað og stærra en bara þéttbýlið. Þetta á reyndar við um tvo staði í Norðurl. e., þar sem ég er kunnugastur. Það er annars vegar þegar rætt er um Litla-Árskógssand, en í þeim hreppi er annað þéttbýli, Hauganes, sem hefur ekki 400 íbúa en er í sama sveitarfélagi. Hitt þéttbýlið er Grenivík, þar sem þéttbýlið sem slíkt nær ekki 400 íbúum, en íbúar í þeim hreppi öllum, Grýtubakkahreppi, eru yfir 400. Hér gæti komið upp mál sem þyrfti að skoða nánar eða taka á sérstaklega. Ég vildi vekja á því athygli hér í umr. að mér sýnist e. t. v. ekki liggja alveg nákvæmlega fyrir hvað átt sé við með þéttbýli, þar sem það getur verið innan hrepps eða sveitarfélags, sem er stærra og fjölmennara, og þá kemur sjálfsagt upp spurningin hvar á að draga mörkin þarna á milli. Ég skýt þessu hér inn í umr. og beini því til þeirrar nefndar sem fjallar um málið að gaumgæfa þetta.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í þessu sambandi tel ég rétt að vekja athygli á einni hlið þessara mála sem sérstaklega varðar Reykjaneskjördæmi. Mér virðist ljóst að eitt erfiðasta verkefni í vegamálum í Reykjaneskjördæmi á næstkomandi árum muni í rauninni ekki vera í kjördæminu sjálfu heldur í Reykjavík. Sannleikurinn er sá, að það er þegar farið að bera á því að alvarlegir umferðarhnútar verða þar sem samgönguleiðir koma úr Reykjaneskjördæmi inn í Reykjavíkurborg. Ég verð sjálfur var við það á hverjum morgni á áttunda tímanum að umferðin kemst ekki með greiðu móti af Kringlumýrarbrautinni eða Hafnarfjarðarveginum og inn í Reykjavíkurborg. Það sem á skortir er að samgöngumannvirki í Reykjavíkurborg sjálfri geti tekið við þeirri umferð sem kemur til Reykjavíkur frá nágrannabyggðarlögunum. Sama er uppi á teningnum að því er varðar umferðina af Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi inn í Reykjavík. M. ö. o., það viðfangsefni sem þm. Reyknesinga og íbúar í Reykjaneskjördæmi hafa fyrir augunum að vera muni mesta hagræði þeirra í samgöngumálum á komandi árum reynist vera innan Reykjavíkurkjördæmis, þ. e. samgöngumannvirki til að taka við þeirri umferð sem kemur úr nágrannabyggðarlögunum til Reykjavíkur. (**StJ:** Þurfa Reyknesingar að flýta sér til Reykjavíkur kl. hálfátta að morgni?) Ég geri ráð fyrir að þm. hafi hugmynd um það. Auk þess stunda ýmsir Reykvíkingar náttúrlega atvinnu í Reykjaneskjördæmi þannig að þessi umferð er í báðar áttir. En ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessu og tel það íhugunarefni hvort ekki sé rétt að ætla Reykjavíkurborg, Reykjavíkurkjördæmi í rauninni ákveðið fé til uppbyggingar í vegamálum eins og þetta viðfangsefni snýr við.

Ég held að ég þurfi ekki, herra forseti, að hafa öllu fleiri orð um þetta. Þetta liggur nokkuð ljóst fyrir. En

þetta er stórmál vegna þess að þau samgöngumannvirki sem hér um ræðir munu vera æði kostnaðarsöm. Og það er náttúrlega alveg sama hversu góðar umferðarleiðir verða lagðar að Reykjavíkurborg ef ekki eru fyrir hendi góð samgöngumannvirki til þess að taka við þeirri umferð sem hér um ræðir. Hér er vitaskuld um að ræða samgöngumannvirki af því tagi, að á gatnamótum sé hægar aðskilin umferð, og allir vita að þetta kostar verulega fjármuni.

Ég vildi koma þessu sérstaklega á framfæri í þessu sambandi, herra forseti, vegna þess að skoðun mín er sú, að þetta sé eitt af stærstu verkefnunum sem fram undan eru í samgöngumálum yfirleitt, og þá alveg sérstaklega á þessu svæði.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem fram kom hér í ræðu hv. 2. þm. Reykn. Þetta er stórt vandamál sem við stöndum frammi fyrir og þm. kjördæmisins hafa oft rætt sameiginlega á sínum fundum þegar verið er að ræða um vegamálin. Vegna innskots, sem kom frá hv. 4. þm. Norðurl. e., langar mig að geta þess jafnframt, að það er ekki bara að við Reyknesingar förum til Reykjavíkur, heldur er það ekki síður að Reykvíkingar fari til okkar Reyknesinga á hverjum einasta morgni til vinnu í byggðarlögin hér í kring. Ég held að allir geri sér ljóst að þetta svæði hér í kringum höfuðborgina, og jafnvel þó lengra sé litið, alveg út á Suðurnes, er og verður í framtíðinni eitt atvinnusvæði, enda eru samgöngumálin meðal þeirra skipulagsmála sem verið er að fjalla um um þessar mundir, þ. e. að almennar samgöngur á þessu svæði þurfi að vera skipulagðar sem ein heild. Ég vildi þess vegna aðeins staðfesta það sem kom fram hér í máli hv. 2. þm. Reykn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 73, n. 415). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Menntmn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 53 frá 1966, um vernd barna og ungmenna. Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt. Þarna er um það að ræða að aldurstakmörk séu miðuð við fæðingarár en ekki fæðingardag eins og verið hefur, þegar um er að ræða að banna unglingum aðgang að skemmtunum, t. d. kvikmyndasýningum eða öðrum samkomum.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen og Karl Steinar Guðnason, en undir nál. rita Ólafur Ragnar Grímsson, Jón Helgason, Salome Þorkelsdóttir, Davíð Aðalsteinsson og Þorv. Garðar Kristjánsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 80, n. 400). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 119, n. 416). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að þessi viðbót við lög um grunnskóla verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 210, n. 399). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að gerðar séu ýmsar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta frv. er liður í endurskoðun sem fram fer á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Það var ákvörðun stjórnar lífeyrissjóðsins, sem skipuð er fulltrúum starfsfólks og hins opinbera, að gera tillögur um að þessar breytingar næðu fram að ganga áður en heildarendurskoðun væri lokið.

Í nefndinni komu fram upplýsingar um að stjórn lífeyrissjóðsins mælir öll með því að frv. sé samþykkt óbreytt og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að frátöldum einum stjórnarmanni, mælir einnig með því að frv. sé samþykkt óbreytt. Það kom hins vegar fram við umfjöllun nefndarinnar um málið að ein grein í þessu frv. er verulegt ágreiningsefni innan raða opinberra starfsmanna og þeirra sem að lífeyrissjóðnum standa.

Forsaga þess ágreinings er á þann veg, að eftir að lögin um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna tóku gildi 1963 kom fljótlega fram sú túlkun að lífeyrisgreiðslur skyldu miðast við það starf sem félagi gegndi á lokadögum starfsferils síns. Þessi skilningur hafði í för með

sér t. d., að væri maður í hálfu starfi jafnvel í áratugi, en væri síðasta árið, jafnvel síðustu vikurnar, og e. t. v. síðustu dagana, á starfsferli sínum fluttur í fullt starf, þótt greiðslur hans í lífeyrissjóðinn hefðu í áratugi eingöngu miðast við hálft starf, skyldi hann engu að síður fá greitt eins og hann hefði verið í fullu starfi allan tímann. Á sama hátt hafði þessi skilningur í för með sér, að væri starfsframlag minnkað við lok starfsferils, t. d. síðasta árið í hlutastarf, mundu lífeyrisgreiðslur minnka að sama skapi.

Rétt er að geta þess, að þegar þessi skilningur kom fram fyrir um það bil tveimur áratugum munu fulltrúar fjmrn. hafa talið hann óeðlilegan á grundvelli lagagreinanna. Til nefndarinnar hafa einnig borist sjónarmið frá forsvarsmönnum eins af aðildarfélögum BSRB, Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þeir telja að í texta laganna sé ekki hægt að finna orðalag sem réttlæti þennan skilning. Engu að síður er það staðreynd, að um árarаðir hefur þessi skilningur verið framkvæmdur í reynd af stjórn sjóðsins. Þeir fulltrúar stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem komu á fund nefndarinnar og mæltu eindregið með því að frv. yrði samþykkt óbreytt töldu að þessi skilningur fæli í sér gat í lagatextanum sem skapaði möguleika á því að menn nýttu sér möguleika sem væru í sjálfu sér óeðlilegir, vegna þess að lífeyrisgreiðslur ættu fyrst og fremst að miðast við það fjármagn sem greiðandi hefði látið í té á starfsferli sínum, það væri óeðlilegt að einstaklingur, sem greitt hefði t. d. hálft gjald í sjóðinn í áratugi, gæti með því að fá sig færðan, jafnvel síðustu vikurnar á starfsferli sínum, í fullt starf fengið fullar lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum. Það sjónarmið kom fram, að þessi skilningur væri mjög óheppilegur fyrir orðstír sjóðsins og álit opinberra starfsmanna og byði heim ásökunum um misnotkun þeirra á lífeyrisréttindum.

Á hinn bóginn kom það sjónarmið einnig fram hjá þeim, sem skipaði minni hl. í stjórn BSRB og nefndin kallaði einnig á sinn fund, að innan samtakanna væru starfandi margir einstaklingar, sem hefðu farið að líta á þennan skilning á lögunum sem réttindi. Þeir gætu undir lok starfsferils síns breytt starfsframlagi sínu í fullt starf og fengið lífeyrisgreiðslur í samræmi við það. Hér væri einkum um að ræða starfsmenn í stétt kennara og hjúkrunarfólks, sem æðimargir eru á starfsferli sínum í hálfu starfi um lengri tíma, sérstaklega á fyrri hluta og um miðbik starfsferils síns, en flytja sig svo í fullt starf á seinni hluta, jafnvel síðustu árum, starfsferils síns. Með þeim ákvæðum sem í frv. væru töldu þessir talsmenn að réttur væri tekinn af þessu fólki, sem það hefði reiknað með að hafa. Til nefndarinnar bárust ályktanir frá stjórn Kennarasambands Íslands og frá jafnréttisnefnd BSRB, þar sem því var mótmælt að þessi breyting yrði gerð á þessu tiltekna atriði og lagt til að tekið yrði inn í frv. ákvæði á þann veg að lögin mundu ekki breyta rétti sem eldri lög hefðu gefið.

Sá skilningur var látinn í ljós á þessari tillögu Kennarasambandsins og jafnréttisnefndarinnar, að hún gæti haft í för með sér að einstaklingar, segjum í kringum þrítugt nú, sem væru í hálfu starfi, ættu að halda þeim rétti jafnvel 35 ár í viðbót eða fram yfir árið 2010 að geta þá flutt sig í fullt starf og notið lífeyrisréttinda í samræmi við það. Aðrir töldu hins vegar að skapa þyrfti umþóttunartíma, þar sem þessi réttindi giltu um skamma hríð, en yrðu síðan afnumin.

Herra forseti. Ég hef hér rakið í stuttu máli þau mismunandi sjónarmið, sem bárust til nefndarinnar varðandi þetta eina atriði í frv. Um öll önnur atriði virtist vera samstaða þeirra aðila sem þau snerta og enginn ágreiningur. Ég hef hins vegar fjallað ítarlega um þetta atriði eitt vegna þess að nefndin var sett í þá erfiðu stöðu að hér er lagt fram frv. sem er niðurstaða samkomulags sem gert hefur verið í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og fulltrúar starfsfólks og ríkisvaldins hafa báðir samþykkt. En til nefndarinnar berast eindregnar óskir og tillögur frá tilteknum aðilum innan BSRB um að breyta því samkomulagi, sem gert var í sjóðsstjórninni, á tiltekinn hátt. Nefndin kaus að senda þessar tillögur til stjórnar lífeyrissjóðsins. Okkur barst til baka svar frá stjórn lífeyrissjóðsins, þar sem hún leggur eindregið til að frv. sé samþykkt óbreytt.

Niðurstaða nefndarinnar var sú, eins og fram kemur hér á þskj., að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt, en áskilur sér rétt að flytja eða fylgja einstökum brtt., en minni hl. n., Kjartan Jóhannsson, skilar séráliti og flytur tvær brtt., sem hann mun gera grein fyrir hér á eftir. Önnur þeirra snertir þetta atriði, sem ég hef verið að fjalla um, en hin tengist ákveðnum galla í framkvæmd lífeyrisgreiðslna, sem flm. mun reifa.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú, að meiri hl. hennar tók sem slíkur ekki formlega afstöðu til þess hvort hann vildi fylgja frv. óbreyttu eða styðja brtt. við þetta eina atriði, sem deiluatriði virtist vera innan samtakanna. Meiri hl. n. fannst erfitt að kveða formlega upp úr með það, hvort nefndin ætti að taka sér fyrir hendur að breyta hér á þinginu samkomulagi sjóðsaðila, sem þeir hafa gert samning um, eða verða við óskum tveggja aðila innan BSRB, jafnvel þótt ljóst sé að ýmsir aðrir aðilar innan samtakanna eru þar andvígir. Þess vegna varð niðurstaða n. að einstakir nm. hefðu óbundnar hendur um það sem og aðrir hv. alþm. í þessari deild.

Það er ljóst að verið getur mjög flókið mál fyrir Alþingi að taka til meðferðar samkomulag aðila úti í þjóðfélaginu um stofnanir eins og lífeyrissjóði, sem formlegir stjórnaraðilar í sjóðnum eru allir sammála um, og gera á því breytingar. Og það er ljóst, og ég tel mér skylt að geta þess hér að ýmsir forráðamenn BSRB hafa beðið mig að koma því á framfæri, að slíkt gæti skapað fordæmi, sem gæti í senn verið opinberum starfsmönnum til tjóns eða góðs og skapað vinnureglur í stjórnun lífeyrissjóða, sem á ýmsan hátt gæti gert samkomulag milli sjóðsaðila erfiðara.

Herra forseti. Það efni, sem ég hef hér reifað, er því á margan hátt flókið. Það er flókið vegna þess að því er haldið fram, að sá skilningur, sem ríkt hefur í reynd, eigi sér ekki stoð í upphaflegum lögum, en hafi þó skapað rétt sem margir telji sig hafa gagnvart lögunum í dag. Það er verulegur ágreiningur innan samtaka opinberra starfsmanna um það, hvort þessi réttur eigi að haldast áfram um langan eða skemmri tíma eða hvort hann eigi að leggjast af með samþykkt þessa frv. Eins og oft er í mörgum tilfellum er réttur eins tap annars í uppgjöri af þessu tagi.

Herra forseti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. leggur til að frv. verði samþykkt, en í atkvgr. um brtt. hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að fylgja þeim ýmist eða vera á móti.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, frsm. meiri hl. í n., reifaði þetta mál allítarlega, en ég tel samt rétt að fara um það nokkrum orðum til viðbótar.

Eins og kemur fram í nál., sem dreift hefur verið, komu fram tvö atriði að því er varðar þetta frv. sem greinilega virðast þurfa við lagfæringar. Hv. frsm. meiri hl. n. taldi að hér væri um flókið mál að ræða. Ég tel í rauninni að svo sé ekki. Ég tel að þegar Alþingi kemur auga á missmíð á lögum eða lagafrv. hljóti það að vera skylda Alþingis að taka á þeirri missmíð alveg án tillits til þess hvernig það lagafrv. hefur orðið til og hvort um það hafi verið gert eitthvert samkomulag milli aðila úti í þjóðfélaginu. Það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að sjá til þess að réttsýni sé gætt.

Það kom greinilega fram í umfjöllun um þetta mál að forustumenn í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja margir hverjir, stór meiri hl. þeirra, töldu sig ekki geta svarað fsp. um breytinga- öðruvísi en þannig, að þeir vildu láta það samkomulag standa sem þeir höfðu gert á sínum tíma. E. t. v. áttu þeir erfitt um vik að svara því öðruvísi en þannig, því að ef þeir hefðu svarað því játandi að þeir vildu gera breytingar hefði það náttúrlega þýtt að þeir samningar, sem þeir hefðu staðið í við fjmrh., héldu ekki að öllu leyti og fjmrh. gæti haldið því fram að þeir vildu ekki standa við gert samkomulag.

Þau atriði, sem hér um ræðir, varða annars vegar rétt fólks, sem hefur verið og er í sjóðnum, sem fram kemur í lagafrv. að mundi skerðast ef frv. yrði að lögum. Hins vegar varðar þetta mál greiðslu á lífeyri, þegar dráttur hefur orðið á greiðslu hans, og ég ætla að leyfa mér að rekja eilítið dæmi um þann þáttinn fyrst.

Önnur brtt. sem ég flyt varðar þetta atriði. Það er fyrri brtt. Hún er þannig:

„Verði óeðlilegur dráttur á greiðslu lífeyris eða leiðréttingum á greiðslu lífeyris skal lífeyrissjóðurinn greiða það sem á vantar með verðtryggingu. Skal verðtryggingin miðuð við hækkun á lánskjaravísitölu frá þeim tíma er upplýsingar, sem réttur lífeyrisgreiðslna byggist á, hefðu fyrst getað komið í hendur sjóðsins og til þess tíma er greiðsla fer fram."

Það var eitt dæmi, sem rak á fjörur mínar, sem varð til þess að ég taldi nauðsynlegt að flytja nú þessa till. um breytingar á lögum um lífeyrissjóð: Hjá tilteknum einstaklingi kom það í ljós í nóv. eða des. s. l. að honum hafði verið vangreiddur lífeyrir allt frá 1. júlí 1977 eða yfir 5½ árs tímabil. Þessi vangreiddi lífeyrir var greiddur að hluta þegar þetta upplýstist, þ. e. þannig, að hver sú krónutala, sem hafði verið vangreidd á hverjum tíma, var greidd með óbreyttri krónutölu. Mér reiknaðist svo til, að með þessum uppgjörshætti væri vegna verðgildisrýrnunar verið að hafa 90 aura af hverri krónu, sem vangreidd var frá því í júlímánuði 1977. Sú króna, sem menn skulduðu þessari öldnu konu frá 1977, var í rauninni greidd með tíeyringi vegna þess að ekki var tekið tillit til verðgildisrýrnunar. Og sú króna, sem menn skulduðu þessari konu frá því 1978, frá miðju ári, var greidd með 25 aurum.

Þegar uppgjörshátturinn er þessi, og það var sá uppgjörsháttur sem sjóðurinn tíðkaði, er augljóst að það er stórlega verið að hlunnfara aldrað fólk sem á þarna lífeyrisrétt. Svona óréttlæti er vitaskuld ekki hægt að líða.

Það sem meira er: Þegar lífeyrissjóður vangreiðir með þessum hætti hefur hann í rauninni meira ráðstöfunarfé, sem hann getur ávaxtað, en hann hefði ella. Augljóslega hefur hann meira ráðstöfunarfé en ella til ávöxtunar ef hann vangreiðir á einhverjum tíma, eins og átti sér stað í þessu dæmi.

Nú er það svo, að lífeyrissjóðir kaupa verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs. Það er því eðlilegt að álykta, að þessi vangreiddi lífeyrir hafi verið ávaxtaður með einmitt kaupum á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Má reyndar líta svo á, að það væri vanræksla af hálfu sjóðsstjórnar ef hún ávaxtaði ekki ráðstöfunarfé sitt einmitt með þessum bestu kjörum, sem mögulegt er að hafa, þannig að það er ekki einungis, að hinn aldraði hafi verið stórlega hlunnfarinn, eins og í þessu dæmi, þar sem hann fékk tíeyring fyrir hverja krónu sem hafði verið vangreidd, heldur hefur lífeyrissjóðurinn með þessum uppgjörshætti beinlínis verið að hagnast á kostnað þessarar öldruðu konu, sem átti þennan lífeyrisrétt. Það er til þess að svona lagað komi ekki fyrir sem flutt er brtt. um verðtryggingu á lífeyri, sem vangreiddur er, og verðtryggingin sé miðuð við lánskjaravísitölu. Mér dettur ekki í hug að þetta sé stórmál fyrir lífeyrissjóðinn, en þetta getur verið stórmál fyrir þá sem lenda í því að lífeyririnn sé vangreiddur. Ég held satt best að segja að allir nm. hafi verið sammála því að þessa leiðréttingu væri eðlilegt að gera. Það leiðréttist þá ef svo er ekki.

Um hinn þátt málsins er það að segja, að það kemur fram í aths. við 2. gr. lagafrv. að um einhvern hluta þeirra, sem lífeyrisrétt eiga hjá opinberum starfsmönnum, muni eiga við að hag þeirra verði verr borgið með þeirri breytingu sem hér er lögð til. Það kemur beinlínis fram í grg. með frv. að hag ákveðins hóps opinberra starfsmanna muni vera verr borgið, hagur þess hóps muni verða lakari eftir samþykkt þessa frv. Þetta vekur menn vitaskuld til umhugsunar. Er það ekki svo, að einhver, sem hefur ráðið sig til ríkisins samkv. gildandi lögum um lífeyrisrétt, geti litið svo á að hann hafi gert samning við ríkið um að þiggja tiltölulega lág laun sem opinber starfsmaður gegn því að eiga nokkuð tryggan lífeyrisrétt? Gerir hann ekki ráð fyrir að þær reglur gildi sem eru og hafa verið í gildi þegar hann hóf sitt starf?

Nú hefur það verið framkvæmt svo í 20 ár, hvað sem lagastoðinni líður, að menn hafa hlotið lífeyrisrétt í samræmi við laun sín þegar þeir létu af störfum. Ég skal ekki fara nákvæmlega út í hvort það er miðað við seinustu vikuna, mánuðina eða árið, en auðvitað hefur það vakið tortryggni að menn gætu hækkað í launum, hækkað um launaflokk seint á starfsævinni og það hækkaði eftirlaunahlutfall. Það er engin brtt. gerð um það. Menn geta eftir sem áður, þrátt fyrir samþykkt þessa frv. hér, hækkað í launaflokki skömmu áður en þeir hætta störfum og fengið hærri lífeyrisgreiðslur út á það. Það hafa menn talað um sem gat í framkvæmdinni. Það er ekkert gert til þess að loka því gati í því frv. sem hér er til umr.

Frv. fjallar um það, að ef menn hafi verið í hálfum störfum einhvern hluta starfsævinnar, en fari síðan t. d. í fullt starf eða auki við sig starfshlutfalli á seinni hluta starfsævinnar, þá skuli mönnum ekki reiknast það, eins og hefur verið gert. Það er mjög auðvelt að búa til dæmi um hjúkrunarkonu, kennara eða einhvern annan opin-

beran starfsmann sem hefur verið 30 ár í störfum og er nú að nálgast það að fá eftirlaun. Við skulum segja að hann hafi verið 30 ár í störfum. Fyrstu 15 árin, til að hafa þetta einfalt, hafi hann verið í hálfu starfi. Þetta var kannske kennari, sem þurfti að hugsa um heimilið að einhverju leyti. Margar kennslukonur hafa nú haft þá reynslu og eru þess vegna í hálfu starfi til að byrja með. Síðan hækkar starfshlutfallið í fullt starfshlutfall. Við getum sagt að það hafi gerst fyrir 15 árum. Þessi aðili er við það að taka eftirlaun núna, t. d. um sextugt, 62 ára eða eitthvað slíkt. Nú gerist það á einni nóttu með samþykkt þessa lagafrv. að lífeyrisrétturinn verður ekki miðaður við þetta, sem hann hefur lifað við öll þessi 30 ár, sem hann hefur búist við öll þessi 30 ár eða a. m. k. 20 ár af þessum 30 árum, heldur lækkar úr því sem hann bjóst við og gerir ráð fyrir að fá, miðað við það starf sem hann er búinn að vera í í 15 ár, um fjórðung, lækkar um 25%. Nú á að taka starfshlutfallið yfir alla starfsævina. Það þýðir að eftirlaunagreiðslan til þessa aðila lækkar um fjórðung við samþykkt þessa lagafrv. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki tekið fram. Það tel ég að menn verði að athuga og þess vegna verði menn að fara fram með gát í þessum málum.

Það er verið að skerða rétt sem menn hafa haft í 20 ár. Menn geta auðvitað deilt um það núna, hvort það eru réttar lagalegar forsendur undir því. En aðdragandinn var, eins og hv. formaður nefndarinnar lýsti, sá, að starfsmenn fjmrn. vildu ekki túlka lögin með þessum hætti, en opinberir starfsmenn vildu gera það og það var gert í 20 ár. Svo og svo margir opinberir starfsmenn hafa ráðið sig til starfa og haft réttindi í samræmi við þessa framkvæmd í 20 ár. Samkv. frv. eins og það liggur fyrir er með einu pennastriki strikað yfir þann rétt. Menn geta haft allar skoðanir á því hvað sé sanngjarnt eða réttlátt í þessum efnum, en sá starfsmaður, sem hefur búið við þetta í 20 ár, hlýtur að geta haldið því fram að það sé í rauninni verið að brjóta á honum samning, hann hafi ráðið sig við þessi skilyrði, hann hafi gert ráð fyrir þessu. Sumir tala um að þetta sé að sumu leyti hliðstætt vátryggingarsamning. Ekki getur vátryggingarfélagið bara breytt iðgjaldinu, þegar þú ert búinn að borga iðgjald í þetta og þetta mörg ár, jafnvel þó að iðgjöldin hafi verið of lág hjá vátryggingarfélaginu, sem mundi þá vera það sem hér ætti við.

Það hafa líka komið fram efasemdir um það í nefndinni, og það var reyndar hjá hæstv. forsrh., að það stæðist lagalega að taka af mönnum rétt sem til hafi verið stofnað og hafi gilt í svona langan tíma. Ég skal ekki fjalla um lagalega hlið málsins. Ég ætla bara að fjalla um það sem manni virðist eðlilegt og sanngjarnt og hvernig þetta kemur niður á fólki. Ég horfi t. d. á mann sem á ekkert langt í að fara að taka lífeyri. Síðan er lífeyririnn, sem hann býst við að fá, lækkaður um t. d. 25%, eins og auðvelt er að búa til dæmi um, og það er hægt að búa til dæmi um hverja aðra prósentu sem manni sýnist, og þá finnst mér að menn hljóti a. m. k. að fara fram með mikilli gát.

Það er af þessum sökum sem ég flyt brtt. um ákvæði til bráðabirgða. Kannske er það ekki nógu strangt, en það er um aðlögunartíma upp á sjö ár. Fyrsta setningin er orðuð svo:

„Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkv. eldri ákvæðum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum.“

Þetta var í rauninni það sem fulltrúar starfshópa af þessu tagi, eins og stjórn Kennarasambands Íslands, samþykktu að óska eftir með öllum atkv. gegn einu, gegn atkvæði þess manns sem var búinn að binda sig í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja við samningagerðina við ríkið. Þetta vildu þeir fá, að þeir sem fengju réttinn fengju að halda honum. En ég geng að vísu ekki alveg svona langt, því að í næstu setningu segir:

„Það telst ekki skapa rétt samkv. eldri lögum í þessu sambandi, að starfshlutfall sjóðfélaga hækki eftir að 7 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.“ — Það er sem sagt sjö ára aðlögunartími.

Hugmyndin er líka sú, að eftir að sjö ár eru liðin og menn hafa lifað við að þetta væri svona væri mönnum auðveldara að greiða þá upp lífeyrisrétt aftur fyrir sig eða eitthvað slíkt, menn hefðu fengið að aðlaga sig hinum nýju aðstæðum.

Mér finnst þetta alls ekki flókið mál. Mér finnst það liggja beint við hvað í frv. felst. Það stendur í því sjálfu í aths. að það eigi að taka rétt af mönnum, þeir muni standa verr. Ég tel að það sé nauðsynlegt að fara fram með gát og þess vegna þurfi aðlögunartíma, sem hér er lagt til að sé sjö ár.

Mér finnst þetta heldur ekkert flókið gagnvart Alþingi. Þegar það uppgötvar að einhvers staðar í þjóðfélaginu hefur verið gert samkomulag, sem er svona gallað, hlýtur Alþingi ekki bara að beina athyglinni á stjórn þess sjóðs, forustumennina, sem gerði þetta samkomulag, það hlýtur að taka allan hópinn með í reikninginn, hlýtur að horfa á fólkið, sem verður fyrir þessu áfalli, ef lögin verða samþykkt óbreytt. Alþingi hlýtur að taka tillit til fólksins, sem verður fyrir þessu áfalli, ef frv. yrði samþykkt óbreytt, og reyna að vernda rétt þess og skapa ekki vandræði í þjóðfélaginu út af því.

Ég hef rætt við fulltrúa þessa hóps, og þó að hér sé ekki gengið eins langt og hann leggur til hef ég trú á því að þetta muni verða ásættanlegt fyrir þann hóp fólks. Það þarf enginn að segja mér að BSRB ætli bara að hafna þessu samkomulagi, ef þessar tvær leiðréttingar eru gerðar. Það þarf enginn að segja mér það. Þess vegna legg ég eindregið til að þessar tvær breytingar verði gerðar og þar með verndaður réttur þessa gamla fólks, sem er á leiðinni að taka lífeyri og hefur búið við það að þessi ákvæði giltu, og hins vegar þess hóps, sem ég gat um í upphafi að verður fyrir því að lífeyrir er vangreiddur eins og framkvæmdin er núna. Það verði hætt að borga mönnum með tíeyringi t. d. fyrir krónu, sem menn skulda, og vangreiðsla sé verðtryggð, það sem vanrækt er að greiða sé þó a. m. k. verðtryggt. Það er ekki einu sinni farið fram á vexti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 30, n. 417, 418). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á heilbrigðisþjónustunni. Eins og kunnugt er var þessu frv. vísað til nefndar í þessari hv. deild á liðnum haustdögum. Nefndin hefur því haft nokkuð langan tíma til að fjalla um málið og ekki nema eðlilegt að hún

gæfi sér rúman tíma til þess. Eins og venja er og almennt verklag og eins og nál. ber með sér sendi nefndin frv. fjölda aðila til umsagnar. Að vísu bárust ekki umsagnir frá öllum þeim aðilum, hygg ég, sem frv. var sent til, en fjölmargar umsagnir bárust. Reynt var eftir því sem tök voru á að taka tillit til þessara umsagna. Eins og fram kemur er þetta samkomulagsmál.

Herra forseti. Ekki síst vegna þess að óralangt er síðan mælt var fyrir þessu frv. og e. t. v. ekki öllum hv. dm. í fersku minni um hvað það fjallar tel ég rétt að fara fáum orðum um meginefni þess eins og það var lagt fram. Frv. var upphaflega samið af starfshópi sem í áttu sæti fulltrúar þingflokkanna. Í þessum starfshópi sat einnig landlæknir og fulltrúi frá rn.

Í frv. eru auk ýmissa leiðréttinga á fyrri lögum gerðar tillögur um nokkuð veigamiklar breytingar. Tel ég rétt að fara aðeins yfir þær. Hugtakið heilbrigðisþjónusta er rýmkað þannig að því er einnig ætlað að ná yfir tannlækningar og sjúkraflutninga. Það helst í hendur við þær breytingar sem lagðar eru til varðandi starfsemi heilsugæslustöðva og að þessum þáttum verði sinnt frá heilsugæslustöðvunum í framtíðinni.

Gerð er tillaga um stofnun sérstakrar nefndar til að sinna kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Landlæknir, sem samkv. gildandi lögum fer með slíkar kvartanir og kærur, hefur á undanförnum árum ítrekað óskað eftir því að einhvers konar ráðgjafarnefnd verði skipuð á þessu sviði honum til aðstoðar.

Í stað Heilbrigðisráðs Íslands er gert ráð fyrir að haldið verði heilbrigðisþing eigi sjaldnar en fjórða hvert ár og þangað verði stefnt fulltrúum hinna einstöku stétta og þátta heilbrigðisþjónustunnar.

Ennfremur eru lagðar til breytingar varðandi heilsugæslustöðvar og skipan heilsugæsluumdæma. Þannig er lagt til að heimilt verði að ráða fleiri en einn lækni frá H1 stöð og að hægt verði að ráða lækni með aðsetur á H stöð, mæli sérstakar ástæður með slíku. Samkv. gildandi lögum er eingöngu hægt að ráða einn lækni á H1 stöð og ekki gert ráð fyrir lækni á H-stöðvum. Þess ber að geta að með breytingum sem gerðar voru á lögunum fyrir tveimur árum var sett inn ákvæði er heimilar ráðningu aðstoðarlækna við H1 stöðvar. Hefur sú heimild verið nýtt við nokkrar stöðvar hluta úr ári. Hér er því í sjálfu sér ekki verið að kveða á um breytingar, er hefðu í för með sér verulegan kostnaðarauka, heldur eingöngu að það standist lögum samkvæmt að hægt sé að fjölga heilsugæslulæknum á H1 stöð.

Hvað snertir breytingar á heilsugæsluumdæmum er lagt til að í Grundarfirði verði H1 stöð í stað H stöðvar, á Eskifirði verði H2 stöð í stað H1, í Þorlákshöfn verði H1 stöð í stað H stöðvar og í Grindavík verði H1 stöð í stað H stöðvar. Ennfremur er lögð til formleg stofnun H stöðva á Hofi í Öræfum, á Stokkseyri og í Vogum á Vatnsleysuströnd. Hér er um að ræða staði þar sem læknamóttaka hefur verið fyrir hendi.

Ein allveigamikil breyting í frv. felst í því, að lagt er til að sjúkraþjálfarar verði ráðnir til starfa við heilsugæslustöðvar og verði þannig starfsmenn ríkisins eins og læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður. Fyrir þessu eru allgild rök, en þau eru helst hin brýna nauðsyn að færa sjúkraþjálfun sem mest út í héruðin til ótvíræðs hægðarauka fyrir þá sem þessarar þjónustu þurfa að njóta, en þörfin fyrir þá þjónustu er óumdeild. Þessi breyting mundi ekki fela í sér að sjúkraþjálfarar yrðu skilyrðislaust ráðnir við allar heilsugæslustöðvar, heldur eingöngu við þær stærstu, og allt samkv. nánari ákvörðun ráðuneytis og fjárveitingaryfirvalda að sjálfsögðu. Óhætt mun að fullyrða að sú stefna að reka sjúkraþjálfun í tengslum við heilsugæsluna mundi, þegar fram líða stundir, leiða til sparnaðar í sjúkrahúsakerfinu, því að ella yrði slík þjónusta rekin á sjúkrahúsunum sjálfum í enn ríkari mæli.

Í frv. er að finna ítarleg ákvæði um störf framkvæmdastjóra sjúkrahúsa og forstjóra ríkisspítalanna.

Í frv. er sérstaklega fjallað um sjúkraflutninga þannig, að settar verði reglur um framkvæmd og skipulagningu þeirra með hliðsjón af hverju umdæmi og sérstöðu þess, og að þar skuli kveða á um lágmarksmenntun sjúkraflutningamanna, réttindi þeirra og skyldur svo og um búnað flutningstækja.

Ég ætla ekki að fjalla lengur um það sem kalla mætti meginefni frv. Ég tók það fram í upphafi að ég gæti um þessa þætti ekki síst til upprifjunar fyrir hv. þdm.

Nefndin flytur nokkrar brtt. eins og ég hef þegar getið um. Má segja að hluti þeirra sé til orðinn vegna ábendinga sem fram komu í umsögnum um frv. Ég held að rétt væri, herra forseti, að ég færi aðeins yfir þessar brtt.

Fyrst er brtt. við 2. gr. Við leggum til að í stað sérstakrar nefndar, sem starfi til hliðar við landlækni til þess að sinna kvörtunum eða kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar, starfi nefnd þriggja aðila og að landlæknir verði formaður hennar. Hæstiréttur tilnefni tvo menn, annan embættisgengan lögfræðing, og skal hvorugur þeirra verða starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar. Á þennan hátt mundi nefndin fá öll slík mál til meðferðar án nokkurs millistigs. Vert er að benda á að landlæknir hefur ítrekað farið þess á leit að fá einhvers konar ráðgjafarnefnd sér við hlið. Með því að koma upp sérstakri nefnd til hliðar við landlækni, sem í sjálfu sér er góðra gjalda vert, er í reynd verið að kveða á um tvenns konar meðferð. Viðbúið er að landlæknir mundi vísa a. m. k. nokkuð mörgum málum beint til slíkrar nefndar án þess að taka afstöðu til viðkomandi mála. Að okkar dómi er því eðlilegast að landlæknir taki frá upphafi þátt í afgreiðslu mála og málin séu eingöngu í höndum þessarar nefndar. Þessi nefnd mundi fara með vald í þessum málum svo sem landlæknir hefur gert hingað til.

2. brtt. varðar 4. gr. frv., en 4. gr. fjallar um það að heilbrigðismálaráð héraðanna annist ekki skipulagningu á starfi ríkisspítalanna. Við leggjum til að greinin verði felld niður. Við teljum óeðlilegt að taka nokkrar af stærstu heilbrigðisstofnunum landsins undan starfssviði heilbrigðismálaráða. Yrði það gert mundi reynast örðugt eða ómögulegt fyrir heilbrigðismálaráðin að starfa í samræmi við þau fyrirmæli sem er að finna í lögum um starfsemi þeirra. Vert er að benda á að betra skipulag á uppbyggingu heilbrigðisstofnana og bætt áætlanagerð hefur um langt skeið verið eitt nauðsynlegasta keppikeflið á sviði stjórnunar heilbrigðismála hér á landi.

Í 3. brtt. leggur nefndin til orðalagsbreytingar á síðustu mgr. 9. gr. frv., þannig að skýrt kom fram að sjúkraliði, sem gegnir störfum á heilsugæslustöð, starfi ekki sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir, þar sem

þar er um lögvernduð starfsheiti og störf að ræða.

Í 4. brtt. er lagt til að 10. gr. falli niður. Við teljum að greinin sé óþörf þar sem þessi ákvæði eru að stofni til í lögum um skipan opinberra framkvæmda. Auk þess telur nefndin vafasamt að hægt sé að binda hendur fjárveitingavaldsins fram í tímann eins og raunar er lagt til í þessari grein.

5. brtt. hljóðar um þær breytingar á 11. gr. frv. að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli, auk þeirrar þjónustu sem þar er talin upp, veita hjúkrunarþjónustu, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun. Þetta er í samræmi við það sem lagt er til í öðrum greinum frv., að öðru leyti en varðar iðjuþjálfun, en telja má sjálfsagt að byggja upp iðjuþjálfun á heilsugæslustöðvum. Ennfremur er lagt til að undir heilsuvernd, eins og hún er skilgreind í lögum og í frv., verði felldar ónæmisvarnir.

Nefndin gerir ennfremur þær brtt. við 15. gr. að fellt verði niður hugtakið heilsugæslusjúkrahús, sem nefndin telur villandi, þar sem heilsugæsla er sú starfsemi samkv. lögunum sem rekin er utan sjúkrahúsa. Þess í stað leggur nefndin til að almennt sjúkrahús sé það sjúkrahús sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum og tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Breytingin er fólgin í því, að það sem kallað er heilsugæslusjúkrahús í frv. verði í reynd almennt sjúkrahús, og þar sé ekki nauðsynlegt að eingöngu starfi sérfræðingar í handlæknis- eða lyflæknisfræðum heldur og í heimilislækningum.

Ennfremur er lögð til sú breyting að vinnu- og dvalarheimili taki fatlað fólk til vistunar, auk þeirra sem þar eru upp taldir, þ. e. fatlaðir verði teknir til dvalar eða starfs.

Nefndin leggur til þær breytingar við 16. gr. frv. að fellt verði niður orðið „samstjórn", þar sem greinin sem slík sé allt of opin og engum skilyrðum bundið hvernig ráðh. getur komið slíkri samstjórn á. Þess í stað leggur nefndin til að ráðherra geti með reglugerð kveðið á um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Lagðar eru til þær breytingar við 20. gr. að felldur verði niður 2. tölul. 30. gr. í þeim búningi sem hann er í frv., en þess í stað verði haldið í það ákvæði sem er í gildi. Ennfremur leggur nefndin til að 30. gr. 5. tölul. eins og nú er gildandi í lögum verði áfram í lögum. Auk þess eru gerðar lagfæringar á greininni hvað snertir tölusetningu mgr.

Þær breytingar eru gerðar við 23. gr. frv. að felld eru niður ákvæði um framkvæmdir og hvernig að þeim skuli staðið varðandi sjúkrahúsbyggingar. Helst þetta í hendur við brottfall 10. gr. frv., sbr. það sem áður segir. Að öðru leyti er greinin óbreytt nema töluliðirnir eru lagfærðir, en á þeim eru misfellur í frv.

Við ákvæði til bráðabirgða gerir nefndin þær brtt. að starfa megi eftir lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957 um heilsuvernd, á þeim stöðum sem það er gert í dag til ársloka 1984 í stað 1983, þar sem vafasamt sé að sá frestur sé nægilega langur. Ennfremur leggur nefndin til að skýr ákvæði komi inn í ákvæði til bráðabirgða þess efnis að frá og með árslokum 1984 verði lög um heilsuvernd að fullu úr gildi gengin.

Herra forseti. Ég þykist hafa a. m. k. í stærstu dráttum gert grein fyrir þeim brtt. sem fluttar eru í einu hljóði af n. Ég skal sjálfur viðurkenna að mér sýndist, þegar við fengum þetta frv. í hendur á liðnu hausti, að af því mundi leiða, ef að lögum yrði, svo mikinn kostnað að ekki væri stætt á að fylgja því eftir hér í þinginu. Að betur athuguðu máli virðist svo sem kostnaðurinn verði ekki eins mikill og upphaflega hafði verið ráð fyrir gert samkv. umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Hér er um margar þarfar breytingar að ræða í þessu frv. Heildarkostnaður samkv. endurskoðun gæti hugsanlega numið á bilinu 10—12 millj. í stað verulega hærri fjárhæðar er tíunduð var í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Að vísu ber að taka til greina í slíkum kostnaðaráætlunum hversu hratt er gengið til þess verks að framkvæma þessi mál ef að lögum verða.

Að síðustu: Þetta er samkomulagsmál. Við leggjum að sjálfsögðu til að þessar brtt. nái fram að ganga og frv. verði samþykkt. Helgi Seljan skrifar undir nál. með fyrirvara og mun hann gera grein fyrir sínum fyrirvara hér. Jafnframt munu aðrir nm. vafalaust tjá sig eitthvað í þessu máli.

Helgi Seljan: Herra forseti. Í örstuttu máli vil ég gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef hér á. Af eðlilegum ástæðum treystir nefndin sér ekki til að hreyfa við þeirri viðkvæmu grein sem snertir heilsugæsluumdæmi og stöðvar umfram það sem í frv. var gert. Ég skil þá afstöðu, enda var ég í þeirri nefnd sem undirbjó frv. og þekki vel að þar er vandi nokkru um að þoka. Sjálfur hef ég ásamt öðrum þm. Austurl. flutt frv. hér aftur og aftur um tveggja lækna stöð á Eskifirði. Í þessu frv. er það ákvæði komið inn. Því ber að fagna. Í grg. segir svo um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir H2 stöð á Eskifirði í stað H1, enda fólksfjöldi á svæðinu orðinn það mikill að spurningin er um það hvort gera eigi Reyðarfjörð að H1 eða Eskifjörð að H2 í stað H1, en seinni leiðin er valin hér."

Með tilliti til þessa óskuðu Reyðfirðingar eftir breytingu í samræmi við síðasta hlutann sem þarna var í vitnað, þ. e. að H1 stöð verði á báðum stöðunum, Eskifirði og Reyðarfirði. Ég skil þessa ósk mætavel því ævinlega hefur framkvæmdin varðandi H2 stöð á Eskifirði verið bundin því í hugum Reyðfirðinga að annar læknir stöðvarinnar væri búsettur á Reyðarfirði, enda sjálfsagt öryggis- og réttlætissjónarmið. Það atriði var líka jafnan lagt til grundvallar og tekið skýrt fram í frv.-flutningi okkar þm. Austurl. hér í þessari hv. deild. Nú óttast sveitungar mínir auðvitað að þrátt fyrir ákvæði um tveggja lækna stöð á Eskifirði verði hvorugur læknirinn búsettur á Reyðarfirði, auk þess sem þeir óttast að uppbygging nauðsynlegrar aðstöðu á Reyðarfirði geti dregist lengur fyrir bragðið.

Minn fyrirvari nú er þessu tengdur. Og ég hygg að ég tali fyrir munn allra þm. Austurl. þegar ég áskil mér allan rétt til að taka þetta mál upp að nýju í ljósi reynslunnar. Í fyrsta lagi hvort búseta annars læknisins eftir breytinguna verður á Reyðarfirði, svo sem ég tel sjálfsagt, og eins hvernig til tekst með uppbyggingu mannvirkja í heilsugæsluumdæminu.

Svo sem fram kom í n. þarf einnig að nást sem víðtækust eining heima fyrir um þessi mál, því vissulega er tregða á því að fjölga heilsugæslustöðvum þar sem fjarlægðir eru ekki meiri en þarna eru á milli staða. Ég skil afstöðu n. mætavel, m. a. með tilliti til ýmissa

atriða annars staðar ef við verður hreyft á einum stað, en ítreka það að við þm. Austurl. teljum okkur skylt að fylgjast fast með framkvæmd og taka málið upp að nýju hvenær sem er, ef ekki er tryggt að sem best jafnræði ríki á milli íbúa þessara staða hvað varðar öryggi og þjónustu alla svo og um nauðsynlega aðstöðu.

Ég geri hins vegar ekki á þessu stigi till. um breytingu á frv. og tel þar vissulega um mikinn áfanga að ræða, ef framkvæmd verður á þann veg sem ævinlega hefur verið efst í öllum tillöguflutningi okkar þm. Austurl. og sá tillöguflutningur hefur byggst á, þ. e. búseta annars læknisins á Reyðarfirði og eðlileg aðstöðuuppbygging Þar einnig. Á slíka framkvæmd skal treyst, en annars verður að taka málið upp á ný.

Jón Helgason: Herra forseti. Frsm. hefur gert grein fyrir þeim brtt. sem hér liggja fyrir og ég ætla ekki að fjalla um þær. En það eru tvö atriði sem ég minntist á í n. sem mig langaði að koma hér á framfæri. Eins og við vitum hefur samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu verið á síðustu árum byggð upp mjög bætt þjónusta úti um allt land. Sem betur fer hefur í kjölfar betri húsakynna einnig komið hæfara og fjölmennara starfslið til þessara stöðva. Þess vegna er nú orðið hægt að veita þar miklu meiri þjónustu en áður var, svo síður þarf að senda fólk langar leiðir á sjúkrahús og það getur lengur dvalist í heimahúsum. Einn liður í þessu er að koma fólki til heilsugæslustöðvanna. Jafnvel þó að það eigi erfitt með að fara þangað á annan hátt en í sjúkrabíl hefur það komið upp að slíkir sjúkraflutningar eru ekki greiddir af almannatryggingum, þar sem það er bundið við að flytja fólk á sjúkrahús, enda þótt þarna sé um sambærilega þjónustu að ræða og margfaldur sparnaður bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið í heild miðað við það að þurfa að senda fólk langar leiðir á sjúkrahús. Hér virðist því þurfa að gera breytingu á svo að heimilt sé að greiða hluta af sjúkraflutningum að heilsugæslustöðvum ef þar er veitt sambærileg þjónusta og á sjúkrahúsum.

Annað atriði þessu skylt vildi ég líka nefna. Það er greiðsla fyrir störf meinatækna. Samkv. reglum endurgreiða tryggingar lægra hlutfall af slíkum störfum ef þau eru unnin á heilsugæslustöð heldur en ef þau eru unnin á sjúkrahúsi. Þetta virðist einnig vera óeðlilegt. Það hlýtur að eiga að vera eðli þeirra starfa sem miða á greiðslur við, en ekki hvar sú þjónusta er af hendi leyst, því vitanlega er það bæði seinlegra og kostnaðarsamara að senda slík verkefni langar leiðir en að reyna að vinna þau heima fyrir þar sem að aðstaða leyfir. Þetta tvennt vildi ég leggja áherslu á að þyrfti að samræma á þann hátt sem ég hef gert grein fyrir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég stend hér fyrst upp til þess að þakka hv. heilbr.- og trn. Ed. fyrir afgreiðslu hennar á þessu frv. Ég var satt að segja farinn að óttast að ekki tækist á þessu þingi að ljúka við málið, en nú sýnist geta farið svo að það takist. Eftir að hv. Ed. hefur komið því svona vel áleiðis á ekkert að vera því til fyrirstöðu að ljúka málinu því mér er tjáð að hv. heilbr.- og trn. Nd. hafi fylgst nokkuð með framgangi þess. Ég vil flytja n. þakkir mínar fyrir vel unnin störf.

Þær brtt. sem hv. n. flytur eru hins vegar margvíslegar og mismunandi eins og gengur. Ég get ekki neitað því að ég er ákaflega misjafnlega ánægður með þær sjálfur. Ég tel það t. d. orka nokkuð tvímælis að landlæknir eigi að vera formaður í þeirri nefnd sem á að sinna kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Ég tel hins vegar mjög til bóta að fá þessa nefnd, þó hún sé skipuð eins og hér er lagt til, þar sem inn í hana koma tveir fulltrúar úr Hæstarétti.

Ég tel að efnisatriði 10. gr. frv. hefðu gjarnan mátt halda sér, að vísu nokkuð breytt, því að ákvæði 10. gr. er óneitanlega gallað eins og það er hér í frv. upphaflega, þannig að ég skil það vel að n. skuli hafa hnotið um þetta ákvæði. En mér finnst þó að svona upp á seinni tímann sé rétt að halda því til haga að ég held að það þurfi að setja ákveðnari reglur í þessu efni en verið hefur. Og a. m. k. mætti vel vera einhvers staðar í lögum setning eins og sú sem er fyrst í frvgr., þ. e. „Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en fyrir liggur skriflegt samþykki rn."

Auðvitað hefur ekki verið mikið um það að hafnar hafi verið framkvæmdir án þess að fyrir lægi skriflegt samþykki rn., en engu að síður hefði ég talið góða ástæðu til að hafa þetta hér inni. Og ég leyfi mér að túlka niðurstöður n. þannig, þó að hún leggi til að greinin falli niður, að hún líti að sjálfsögðu svo á að nauðsynlegt sé í þessu efni að hafa strangt aðhald og að ekki sé hafist handa við framkvæmdir nema rn. samþykki.

Aðrar brtt. finnast mér ýmsar til bóta. Þó vil ég gera athugasemd við 7. brtt. Þar segir: „Ráðh. skal með reglugerð kveða á um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga". Nefndin leggur til að þessu verði breytt nokkuð frá því sem var í frv., en þar var einnig talað um „samstjórn" sjúkrahúsa. Í frvgr. var fyrst og fremst verið að fjalla um það að um yrði að ræða samstjórn þeirra sjúkrahúsa sem hér eru á Reykjavíkursvæðinu, og þá aðallega faglega samstjórn, ekki rekstrarlega heldur fyrst og fremst læknisfræðilega og faglega samstjórn.

Ég lít þannig á að þó að n. leggi til að fella út orðið „samstjórn" þarna sé hún í sjálfu sér ekki að taka illa í það sjónarmið að koma þurfi við faglegri samstýringu sjúkrahúsanna hér í Reykjavík. Ég hef þvert á móti skilið það svo, að hv. Alþingi sé þeirrar skoðunar að þarna þurfi betri samræmingu en verið hefur. Og mér finnst nauðsynlegt að halda þeim skilningi hér til haga í þessari ræðu vegna starfsemi rn. síðar, til þess að ekkert fari á milli mála um það til hvers er ætlast með þessari grein eins og hún lítur út og gerð er till. um af hálfu n., að ég skil greinina þannig að n. sé beinlínis að leggja til að upp verði tekið sem best faglegt samstarf sjúkrahúsanna í landinu, fagleg samvinna sjúkrahúsanna í landinu og heimilt sé að setja reglugerð um þá faglegu samvinnu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Það sveitarfélag sem hefur fyrst og fremst eitthvað með mál þessi að gera er auðvitað Reykjavík, þar sem svo háttar til að þar eru starfandi þrjú sjúkrahús og fagleg samvinna þeirra á milli er of lítil. Þar er um að ræða tvíverknað og margverknað í sumum tilvikum sem er allt of dýr fyrir okkar samfélag.

Síðan hlýt ég að játa að ég sakna ákvæðanna sem voru í 20. gr., lið 30.2., þar sem gert var ráð fyrir því að ráðh. tilnefndi einn mann í stjórn sveitarfélagasjúkrahúsanna. Ég teldi það mikla framför að heilbrmrn. gæti

haft mann í stjórnum þessara sjúkrahúsa. Hér er um að ræða rekstur, sem er kostaður að nær öllu leyti af ríkinu, og það er auðvitað alveg fráleitt að ríkið skuli ekki hafa fulltrúa í stjórnum þessara stofnana. Hér var svo vægilega í hlutina farið að rn. hefði einn fulltrúa af fimm, og skal hann vera búsettur í sveitarfélagi sem aðild á að sjúkrahúsinu. Hér var því alls ekki verið að taka neitt frá sveitarfélaginu heldur aðeins að tryggja að rn. ætti aðild að stjórn þessarar stofnunar, þessa sjúkrahúss sem sveitarfélagið er skrifað fyrir.

Ég hlýt að lýsa því yfir að ég sakna þess mjög að n. skuli ekki hafa treyst sér til að taka þessa grein inn í frv. við lokaafgreiðslu þess. Við því er ekkert að gera og ég ætla ekki að fara að setja mig upp á móti þessu. En ég vil að þessi afstaða mín komi hér fram. Ég mun beita mér fyrir því þótt síðar verði að ríkið fái aðild að stjórnum sjúkrahúsanna. Það hefur sums staðar reynst afleitt fyrir rn. að hafa ekki tök á því að eiga fulltrúa í þessum stofnunum. Ég get nefnt mörg dæmi þar sem vafalaust hefði verið hægt að halda betur á málum ef allir viðkomandi aðilar hefðu átt aðild að stjórn stofnananna. Í því sambandi ætla ég að nefna eitt dæmi sem ég veit að hv. 3. þm. Suðurl. þekkir vel. Það er sjúkrahúsið á Selfossi. Að öðru leyti, herra forseti, ætla ég að endurtaka þakkir mínar til hv. n. fyrir það góða starf sem hún hefur unnið.

Ég vil svo víkja að þeim atriðum sem fram komu í máli hv. 3. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, varðandi annars vegar sjúkraflutninga frá heilsugæslustöðvum og hins vegar meinatæknastörf á heilsugæslustöðvum.

Hér voru samþykkt á Alþingi í fyrra ný ákvæði um flutninga sjúklinga frá sjúkrahúsum. Þau lög áttu uppruna sinn í hv. Ed. og voru samþykkt hér samhljóða og eru nú komin í framkvæmd. Nú er það þannig, að eftir að þau lög voru sett eru komnar upp óskir um að sömu reglur séu látnar gilda um flutninga sjúklinga frá heilsugæslustöðvunum. Það hefur verið nokkuð ströng stefna í rn. að ríkið borgaði bara kostnaðinn við störf læknis, hjúkrunarfræðings og ljósmóður en ekki annarra aðila. Annar rekstrarkostnaður væri greiddur af sveitarfélögunum. Af þeirri ástæðu að manni hefur sýnst að þróunin færðist meira og meira inn í þann farveg að ríkið borgaði kostnaðinn við sjúkrahúsin en sveitarfélögin við heilsugæsluna, þá hef ég til þessa ekki verið tilbúinn að fallast á það að sömu reglur giltu um sjúkraflutninga frá heilsugæslustöðvunum og frá sjúkrahúsunum. Ég get hins vegar fallist á þau sjónarmið, sem hér komu fram hjá hv. þm. Jóni Helgasyni, að vitaskuld er eðlilegt að um þetta gildi nokkuð samræmdar reglur. Þegar um það er að ræða að sjúkir eru vistaðir jafnvel til langframa á heimilum þá geta verið í þessu efni fullgild rök. Ég kannast við erindi sem héraðslæknirinn í Kirkjubæjarklaustri, Lúðvík Guðmundsson, skrifaði heilbrmrn. núna fyrir nokkrum dögum um þetta mál, þar sem inn á þetta er komið og óskað eftir því að sömu reglur giltu um heilsugæslustöðvar og sjúkrahús í þessu efni. Það mál er nú til athugunar í rn. Sama gildir auðvitað um störf meinatæknanna. Við höfum ekki verið tilbúnir til að taka það inn hjá ríkinu.

Þegar við ræddum um það frv. sem hér liggur fyrir, sem nú er búið að vera til meðferðar hjá ríkisstj. og Alþingi í tvö ár, komu fram óskir um að sjúkraþjálfurum yrði bætt í hóp þeirra starfsmanna sem kostaðir eru af ríkinu og skipaðir af ráðh. Það kom fram mjög veruleg tregða við að taka sjúkraþjálfarana þarna inn ásamt hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og læknum, enda þótt mjög augljós rök mæli með því að stóraukinn hluti heilsugæslustarfs í landinu flytjist inn á þetta svið og endurhæfing verði aukin mjög verulega frá því sem verið hefur. Það er satt að segja eitt af því sem verið hefur lakast í heilbrigðisþjónustunni að við skulum ekki hafa gert endurhæfingunni hærra undir höfði í starfi okkar að heilbrigðismálum. Annars má segja að náðst hafi mikill árangur hér í heilbrigðisþjónustu á undanförnum árum og er víða litið til hennar sem fyrirmyndar af grannþjóðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég endurtek þakkir mínar til n. fyrir vel unnin störf.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 418, 1 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 418,2 (4. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.

5.—8. gr. (verða 4.—7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 418,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 418,4 (10. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 418,5 (ný 11. gr., verður 9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

12.—14. gr. (verða 10.—12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 418,6 (ný 15. gr., verður 13. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 418,7 (ný 16. gr., verður 14. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

17.—19. gr. (verða 15.—17. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 418,8 (ný 20. gr., verður 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

21.—22. gr. (verða 19.—20. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 418,9 (ný 23. gr., verður 21. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

24.—26. gr. (verða 22.—24. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 418,18 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 390). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til hafnlaga.

Endurskoðun á hafnalögum var unnin fyrst og fremst að ósk Hafnasambands sveitarfélaga, sem á aðalfundi sínum undanfarin ár hefur gert samþykktir þar sem talið er að ýmissa breytinga sé þörf. Þess vegna skipaði ég 23. jan. 1981 nefnd til að endurskoða hafnalög. Í nefndinni áttu sæti Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri, formaður nefndarinnar, Aðalsteinn Júlíusson hafnamálastjóri, Alexander Stefánsson alþm., Geir

Gunnarsson alþm. og Gunnar B. Guðmundsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga. Ritari nefndarinnar var Birgir Guðjónsson deildarstjóri.

Við endurskoðunina hafa samþykktir Hafnasambands sveitarfélaga verið hafðar til hliðsjónar, en auk þess hafa fjölmörg atriði úr reglugerð um hafnamál nr. 395 frá 30. des. 1974 verið tekin upp í tillögur nefndarinnar. Nefndin hefur auk þess kynnt sér erlend lög og reglugerðir um hafnamál, en ekki haft þar erindi sem erfiði.

Jafnframt því sem nefndin hefur rætt ræki*lega* ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi hafnalögum, sem allítarleg grein er gerð fyrir í grg. með þessu frv. og ég ætla ekki að fara allt of mörgum orðum um, hafa verið gerðar ýmsar smærri breytingar og eru þær einnig raktar í skýringum með einstökum greinum frv. En ég mun láta nægja hér að hlaupa yfir þær meginbreytingar sem felast í þessu frv.

Í fyrsta lagi er í I. kafla frv., eins og í núgildandi hafnalögum, fjallað um yfirstjórn hafnamála. Sú breyting er helst í þessum kafla, að ákvæði úr reglugerð um samstarfsnefnd um hafnamál eru tekin inn í 2. og 3. gr. frv. og jafnframt er heiti nefndarinnar breytt í hafnaráð. M. ö. o. er gert ráð fyrir að lögfesta hafnanefndina með þessu frv. Þannig yrði þessi tilhögun fest og er þá jafnframt gert ráð fyrir að Hafnasamband sveitarfélaga fái meiri áhrif á starfsemi Vita- og hafnamálastofnunar.

Í hafnanefnd hafa setið þrír fulltrúar, einn frá Hafnasambandi sveitarfélaga og tveir tilnefndir af ráðh. Nokkur undanfarin ár hefur annar fulltrúi ráðh. jafnframt verið meðlimur fjvn. Alþingis. Enda þótt nefndin hafi ekki viljað leggja það beinlínis til telur hún að þessi tilhögun hafi verið mjög hagkvæm þar sem allt samstarf viðkomandi aðila hefur orðið miklu virkara með þessum beinu tengslum við fjárveitingavaldið á Alþingi.

Í öðru lagi eru í frv. tekin af öll tvímæli um að frumkvæði um hafnargerðir sé hjá eigendum hafna og framkvæmdir við þær á ábyrgð þeirra, sbr. 20. gr. Jafnframt er gengið út frá því, að hafnarstjórnir annist sjálfar framkvæmd allra annarra verkþátta en þeirra sem kostaðir eru að fullu af ríkissjóði, annaðhvort með samningum eða útboði. Hins vegar annast Hafnamálastofnun, fari viðkomandi hafnarstjórn þess á leit, ákveðnar framkvæmdir eða hluta þeirra og skal þá samið um slík verk sérstaklega. Um þessar breytingar er fjallað í 22. gr. frv. Í mörg undanfarin ár hafa mjög verið ofarlega á baugi hugmyndir um að Hafnamálastofnun hefði fyrst og fremst með höndum rannsóknir og áætlanagerð, en aftur á móti verið vaxandi kröfur um að meira yrði boðið út af hafnarframkvæmdum og framkvæmdir væru meira í höndum hafnastjórna. Hér er því stigið skref í þessa átt og til þess ætlast að útboð á hafnaframkvæmdum verði aukin verulega frá því sem nú er.

Þá vil ég geta þess í þriðja lagi, að í frv. er gert ráð fyrir að starfsemi Hafnamálastofnunar beinist meira en verið hefur að frumrannsóknum, tæknilegu eftirliti og áætlanagerð, sbr. m. a. 5. og 6. gr. frv., og má segja að það fylgi þeirri breytingu, sem ég nefndi áðan, að framkvæmdir og útboð þeirra verði meira en nú er á vegum hafnanefnda.

Í fjórða lagi er í 26. gr. frv. fjallað um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum. Nefndin varði miklum tíma til að ræða um þennan þátt og voru fjölmargar hugmyndir og leiðir ræddar. Þær breytingar verða helstar á greiðsluþátttöku ríkissjóðs frá því sem nú er að ríkissjóður greiðir nú 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkv. nánari ákvæðum í reglugerð og 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn samkv. nánari ákvörðun samgrh., en þessir liðir eru nú að 75% framlag ríkissjóðs.

Þarna er sem sagt gert ráð fyrir aukinni þátttöku ríkissjóðs í þessum þáttum, þ. e. frumrannsóknum og dýpkun aðalsiglingaleiða. Nefndin taldi eðlilegt að ríkissjóður greiddi að fullu allar frumrannsóknir og jafnframt verði Hafnamálastofnun betur í stakk búin til að inna þær af hendi en nú er. Frumrannsóknir þurfa ekki ætíð að leiða til hafnargerðar, þær geta verið tímafrekar og dýrar, og því þykir nefndinni eðlilegt að kostnaðarþátttaka viðkomandi hafnarsjóðs hefjist ekki fyrr en með rannsóknum sem telja má beinan undanfara hafnarframkvæmda. Hvað varðar dýpkunarkostnað á aðalsiglingaleið getur verið um verulega þungan bagga á einstökum hafnarsjóðum að ræða. Tel ég því rétt, að ríkissjóður komi meira til móts við hafnarsjóðina en nú er. Vakin er sérstök athygli á því, að gert er ráð fyrir að stofnkostnaður við mengunar- og slysavarnir í höfnum verði styrkhæfur um 75%, en er ekki styrkhæfur að *neinu leyti* samkv. *núgildandi* lögum. Nefndin vill með tillögunni leggja áherslu á að þessar varnir séu í fullkomnu lagi í höfnunum.

Þá er gerð breyting á 8. gr. gildandi laga. Er þar leitast við að koma til móts við óskir hafnarsjóðanna. Greinin er nú svohljóðandi:

„Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landakaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni."

Um þetta er nú ákvæði í 24. gr. frv. Tekin eru nú öll tvímæli af um að vaxtakostnaður á byggingartíma svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistap á erlendum lánum teljist til styrkhæfs byggingarkostnaðar, enda verði kostnaðurinn til vegna kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í framkvæmdinni. Einnig er það skilyrði til greiðslu slíks kostnaðar að til hans hafi verið stofnað *með heimild rn. og fjvn. Alþingis.*

Hér er um mjög mikilvægan þátt að ræða, sem oft hefur valdið verulegum vandræðum á undanförnum árum, ekki síst þegar framkvæmdir hafa verið fjármagnaðar með lánsfé, og hefur það reynst ákaflega mikill baggi á höfnum að þurfa að standa undir vaxta- og gengismun af slíkum lánum. Því þykir rétt að leggja nú til að þessu verði breytt.

Þá vil ég nefna í fimmta lagi, að í 10. gr. núgildandi hafnalaga eru ákvæði um gerð áætlunar um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Jafnframt eru ákvæði um að áætlunin skuli gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir Sþ. sem þáltill. og að hún öðlist gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana. Óumdeilanlegt er að áætlunin hefur verið til gagns, eins og hugmyndin var þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin. Ætlunin með þessu ákvæði var sú að fá Alþingi til að afgreiða áætlunina sem þál.,

enda fengi hún þá fastara form, svipað og vegáætlun. Hins vegar er ýmislegt ólíkt með þessum tveimur áætlunum, m. a. fjáröflun. Eins og kunnugt er býr Vegasjóður við fastan markaðan tekjustofn, sem ekki er hægt að segja um hafnirnar, og einnig má nefna það atriði, að vegaframkvæmdir eru algerlega kostnaðar af ríkissjóði, en hafnarframkvæmdir eru blandaðar framkvæmdir, kostaðar af ríkissjóði og sveitarfélögum.

Raunin hefur orðið sú, að þótt hafnargerðaáætlunin hafi verið lögð fyrir Alþingi á tveggja ára fresti hefur hún aldrei fengið þá meðferð sem gert var ráð fyrir í greininni. Nefndin taldi þýðingarlaust að halda þessu ákvæði um meðferð áætlunarinnar á Alþingi til streitu og gerir því ráð fyrir í tillögum sínum að áætlunin sé lögð fram sem þskj.

Þetta atriði hef ég fjallað um m. a. á fundum Hafnasambands sveitarfélaga. Ég hefði að mörgu leyti talið æskilegt að lögbinda áætlunina eins og ráð var fyrir gert í lögum. Hins vegar er það staðreynd, sem kom fram í því sem ég nefndi áðan, að fjármögnun hafnaáætlana er á allt annan veg en vegáætlunar. Taldi ég því rétt að fallast á þessa tillögu nefndarinnar og hafnaáætlun verði í framtíðinni lögð fram sem þskj., eins og í raun hefur verið á undanförnum árum.

Þá vil ég í sjötta lagi nefna að mikilvæga breytingu frá gildandi lögum er að finna í 26. gr., þar sem segir m. a. að ríkissjóður greiði allt að 75% og 40% af kostnaði við hafnargerðir. Ennfremur segir í 27. gr. að fjvn. Alþingis geti ákveðið að fengnum tillögum samgrh., sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag til framkvæmda, sem eru styrkhæfar um 45—40%, verði lægra en þar greinir til hafna sem taldar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku en 25% og 60%. Sá mismunur framlaga úr ríkissjóði, sem þannig myndast, rennur sem sérstakar tekjur til Hafnabótasjóðs.

Ein höfn, sem fellur undir hafnalög, hefur yfirleitt ekki notið ríkisstyrks til framkvæmda, þ. e. Reykjavíkurhöfn. Talið hefur verið að sjálfsaflafé hennar nægði til að standa undir eigin framkvæmdum, og gildir því ekki um hana ofangreint ákvæði um að mismunur framlaga úr ríkissjóði renni í Hafnabótasjóð.

Nú er talið, að almennt bættur fjárhagur hafnanna geti leitt til þess að sumar þeirra yrðu færar um að standa undir meiri greiðsluþátttöku en gert er ráð fyrir í lögunum sem lágmark, en að mati nefndarinnar er vafasamt að ríkið styrki hafnir samkv. hámarksheimild til framkvæmda sem sjálfar geta að verulegu leyti staðið undir þeim af eigin tekjum.

Kannað var sérstaklega við hvaða skilyrði væri eðlilegast að miða við skerðingu ríkisframlags frá hámarksheimild. Hugmynd að verklagsreglum, sem nefndin hefur orðið sammála um að leggja til grundvallar slíku mati, liggur þegar fyrir.

Í sjöunda lagi vil ég svo nefna, að allar breytingar á gjaldskrám hafna hafa verið þungar í vöfum vegna ákvæða í gildandi lögum og vegna þess að sveitarfélögin hafa viljað halda fast í ákvörðunarrétt sinn um það efni. Talið er að þessu þurfi að breyta og að ekki sé lengur hægt að halda því fyrirkomulagi, sem tíðkast hefur, þ. e. að hver höfn um sig sæki um hækkun á gjaldskrá til samgrn. og gjaldskráin sé síðan birt sérstaklega í Stjórnartíðindum. Það hefur í för með sér að svo til samhljóða gjaldskrár 50—60 hafna eru birtar í Stjórnartíðindum tvisvar til þrisvar á ári. Því er lagt til í 13. gr. að ein gjaldskrá sé sett fyrir allar hafnir á landinu, sem lögin ná til, en þó er gert ráð fyrir heimild til fráviks frá þessari samræmdu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Þá vil ég í áttunda og síðasta lagi nefna, að í framhaldi af endurteknum samþykktum Hafnasambands sveitarfélaga voru teknar til athugunar óskir þess um að landshafnarformið yrði lagt niður og um landshafnir giltu sömu lög og um almennar hafnir. Nú eru þrjár slíkar landshafnir, þ. e. í Keflavík/Njarðvík, á Rifi á Snæfellsnesi og í Þorlákshöfn. Gildandi lög eru nr. 23 frá 1955 um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 38 frá 1951 um landshöfn á Rifi á Snæfellsnesi og lög nr. 61/1966 um landshöfn í Þorlákshöfn. Lögin um landshöfn í Keflavík/Njarðvík, sem eru elst þeirra, voru upphaflega sett árið 1946. Landshafnarhugmyndin er þannig orðin nærri 40 ára gömul. Hún kemur fram við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú ríkja. Tel ég því rétt að endurskoða hvort sú sérstaða eigi áfram að gilda um þessar hafnir, sem talin var vera fyrir hendi við setningu landshafnarlaganna.

Nefndin ræddi við sveitarstjórnarfulltrúa á þessum stöðum, þar sem landshafnir eru, um hugmyndir um að nema úr gildi þessi lög og breytingu á þessum landshafnarlagaframkvæmdum. Jafnframt var aflað ýmissa upplýsinga um hafnirnar, sem óskað var eftir, svo og reikningar þeirra skoðaðir og reikningsleg staða, framkvæmdaáætlanir, aðgangur að tæknilegum upplýsingum o. s. frv. Jafnframt hafa stjórnir landshafnanna fylgst með þessari athugun.

Eins og ég gat um voru hér allt aðrar aðstæður áður fyrr og þá voru höfuðrökin fyrir þessu fyrirkomulagi að engar nothæfar fiskihafnir væru til á ákveðnum landssvæðum, svo sem Reykjanesi, en þaðan væri hins vegar skammt í góð fiskimið og á þessi svæði sækti fjöldinn af aðkomubátum. Einnig var sagt, að ekki væri hægt að ætlast til þess að eitt sveitarfélag stæði þannig undir hafnargerðarkostnaði við höfn sem þjónaði fleiri sveitarfélögum. Þá ber að gæta þess, að á þessum tíma greiddi ríkissjóður minna til almennra hafnargerða en nú er. Þá var greitt 40% samkv. lögum, sem nú hefur verið aukið í flestum tilfellum í 75% og lagt er til að auka enn meir í einstökum tilfellum í þessu frv. Af öllum þessum ástæðum tel ég rétt að þessar hafnir verði teknar undir hin almennu hafnalög.

Herra forseti. Hér er um viðamikið mál að ræða, sem mjög ítarlega hefur verið að unnið um alllangt skeið og í nánu samstarfi við Hafnasamband sveitarfélaga. Var það, eins og ég nefndi, ekki síst tekið upp að ósk hafnasambandsins. Þetta mál var jafnframt rætt á síðasta fundi Hafnasambands sveitarfélaga. Þar fékk það ítarlega yfirferð og þar kom jafnframt fram mjög eindregin ósk um að frv. þetta yrði flutt.

Um frv. náðist fullkomin samstaða í þeirri nefnd, sem ég gat um áðan, nema hafnamálastjóri hefur haft fyrirvara um einstök ákvæði þessa frv.

Ég geri mér ekki vonir um að þetta frv. nái fram að ganga á þeim stutta tíma sem eftir er af þessu þingi, en mér þætti vænt um ef hv. samgn. tæki þó málið fyrir og sendi það út til umsagnar, þannig að umsagnir gætu þá legið fyrir þegar málið kemur fyrir að nýju.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2.

umr. og hv. samgn.

Jón Helgason: Herra forseti. Vegna þeirrar tillögu sem kemur fram í þessu frv. um breytingu á lögum um landshafnir vildi ég vekja athygli á sérstöðu Þorlákshafnar. Það er um að ræða tiltölulega fámennt sveitarfélag, en þar er stór og erfið höfn, sem þjónar að meira eða minna leyti öllu Suðurlandi. Ég held því að það þurfi að skoða rækilega aðstöðu þar áður en lögum er breytt. En ég á sæti í þeirri nefnd sem þessu máli hefur verið vísað til og skal því ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég vildi aðeins láta þetta sjónarmið koma hér fram.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Örstutt athugasemd.

Ég skil mætavel aths. hv. 3. þm. Suðurl. og vil til skýringar því sem ég sagði áðan lesa, með leyfi forseta, ákvæði til bráðabirgða. Þar segir:

„Samgrn. skal taka upp viðræður við hreppsnefndir Neshrepps utan Ennis og Ölfushrepps, sem og bæjarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur, um afhendingu mannvirkja landshafnanna á Rifi, í Þorlákshöfn og Keflavík/Njarðvík til viðkomandi sveitarstjórna til eignar og reksturs samkv. hafnalögum. Heimilt er í viðræðum þessum að ákveða að framkvæmdaskuldir téðra hafnarsjóða verði yfirteknar af ríkissjóði."

Mér þykir rétt að vekja sérstaka athygli á þessu vegna þess að mér er að sjálfsögðu ljóst að hér er um vandmeðfarið mál að ræða og að aðstaða er dálítið breytileg frá einni landshöfn til annarrar einmitt af þeim ástæðum sem hv. þm. nefndi. Því er gert ráð fyrir að um þetta fari fram ítarlegar viðræður og samningar við viðkomandi hafnarstjórnir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frv. (þskj. 366). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um tóbaksvarnir. Frv. er stutt, en tekur á flestum þáttum þessa máls, bæði yfirstjórn, sölu og auglýsingum á tóbaki, takmörkun á tóbaksreykingum og fræðslustarfsemi. Svo eru loks almenn ákvæði, eftirlit og viðurlög.

Í 1. gr. frv. segir að markmið laganna, ef samþ. verða, sé að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni sem hún veldur og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksneyslu.

Í 2., 3. og 4. gr. er nánar skýrt hvert sé hlutverk þessara laga, ef þau verða samþykkt, en í 5. gr. segir að ráðh. skipi tóbaksvarnaráð til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eigi sæti þrír menn, og skulu a. m. k. tveir vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Hlutverk tóbaksvarnaráðs verður að vera ríkisstj., heilbrh., heilbrigðisnefndum, Hollustuvernd ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.

Í þessari grein segir og að fjmrn. eigi að hafa samráð við tóbaksvarnaráð um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Þá segir þar, að tóbaksvarnaráð eigi að hafa samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, en í upphaflegri gerð þessa frv., þegar það kom frá nefndinni á sínum tíma, gerði hún ráð fyrir að tóbaksvarnaráð væri sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og starfslið. Við breyttum því þannig í ríkisstj., að þetta verði nefnd sem starfi í nánu samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Í 6. gr. er fjallað um sölu og auglýsingar á tóbaki. Þar segir að tóbak megi því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráð sé aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar og tóbaksframleiðendur eða umboðsmenn þeirra standi straum af kostnaði við merkingar samkv. þessari grein.

Í 7. gr. segir að hvers konar auglýsingar á tóbaki séu bannaðar hér á landi.

Í 8. gr. segir að tóbak megi ekki selja einstaklingum, sem eru yngri en 16 ára, og bannað sé að selja tóbak úr sjálfsölum.

Í III. kafla frv. er fjallað um takmörkun á tóbaksreykingum og hvernig henni verði best háttað. Þar er lagt til í 9. gr. að stöðva megi tóbaksreykingar í húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra, þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu, sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði. Um þá eru sérstök ákvæði í þessu frv. Einnig segir í greininni, að þar sem tóbaksnotkun sé óheimil skuli það gefið til kynna með merki eða á annan greinilegan hátt.

Í 13. gr. segir að tóbaksnotkun sé óheimil í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.

Í grg. frv. kemur það fram að það er samið af nefnd sem ég skipaði 27. mars 1980. Hefur málið verið alllengi til meðferðar og til umsagnar hjá fjölmörgum aðilum.

Í grg. koma fram upplýsingar um skaðsemi tóbaksreykinga og á hverju þær upplýsingar byggjast. Það kemur til dæmis fram, að árið 1940 var sala á sígarettum hér á landi 450 á mann á ári, en fjöldinn árið 1981 var 1760. Hér er auðvitað um að ræða geysilega breytingu. Það hefur verið orðað svo af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, að tóbaksnotkun eða reykingar séu alvarlegasti „menningarsjúkdómur" samtímans. Ég tel að stjórnvöldum sé skylt í samvinnu við félagasamtök og aðra, sem þessi mál þekkja og vilja skipta sér af þeim, að gera það sem unnt er til þess að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni, sem hún ótvírætt veldur, og að vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksneyslu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 2. mars, að loknum 53. fundi.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 254). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ.

með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 451).

Söluskattur, frv. (þskj. 80). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 452).

Hreppstjórar, frv. (þskj. 257). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 453).

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 73). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 454).

Grunnskólar, frv. (þskj. 119). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 455).

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 447). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Kosning eins manns í menntmn. og eins manns í allshn. í stað Vilmundar Gylfasonar.

Aðeins einn maður var tilnefndur í hvora nefnd. Samkv. Því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Í menntmn. Árni Gunnarsson.

Í allshn. Magnús H. Magnússon.

Vegalög, frv. (þskj. 354). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er endurflutt, var flutt á 103. löggjafarþingi, 1980—81, en varð ekki útrætt. Í aths. við frv. þá sagði:

„Frv. þetta er flutt til efnda því fyrirheiti sem ríkisstj. gaf í sambandi við launakjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, að ríkisstj. mundi á yfirstandandi Alþingi leggja fram frv. til l. um breyt. á vegalögum, þess efnis að orlofshúsnæði verkalýðsfélaga yrði undanþegið gjaldi því, sem um ræðir í þessu frv."

Í 1. gr. frv. segir:

„Undanskildar vegaskatti samkv. 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og ennfremur orlofsheimili í eigu stéttarfélaga og launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi."

Hér er sem sagt um að ræða að orlofsheimilum stéttarfélaga er bætt í upptalninguna.

Hér er frv. flutt nú í því formi sem það var eftir 2. umr. í Ed. á s. l. þingi, en þar var gerð sú breyting, að í stað orðanna í 1. gr. „orlofsheimili í eigu stéttarfélaga, launþega eða starfsmannafélaga" komi: orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er lögð til breyting sem þýðir að sýsluvegasjóðir tapa um 31 millj. kr. á ári. Það hlýtur að vera spurning, hvort það er yfir höfuð réttlætanlegt að leggja þá kvöð á sveitarfélög að mikil bílaumferð sé um þeirra sýsluvegi án þess að viðkomandi bílar greiði gjald til sveitarfélagsins. Mér sýnist að það ákvæði að taka orlofshúsin út sé nánast út í hött nema sýsluvegasjóðum sé þá bættur sá fjármissir sem þarna er verið að leggja til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1983, frv. (þskj. 412). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hérna fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Eins og kunnugt er felur frv. til lánsfjárlaga í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð, auk heimildar Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga til lántöku.

Í frv. eru einnig breytingar á lögum um fjárfestingarsjóði og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna, og er það í fullu samræmi við markaða stefnu í fjárlögum fyrir árið 1983, sem þegar hafa verið afgreidd, og er það því einungis staðfesting á þeirri stefnu sem þegar hefur verið mörkuð. Þá er leitað heimildar til viðbótarlántöku vegna ársins 1982.

Í grg. og fskj. er allítarlegt yfirlit um helstu þætti lánsfjáröflunar og ráðstöfun lánsfjár fyrir árið 1983.

Við undirbúning lánsfjáráætlunar komu fram tillögur og hugmyndir rn. og stofnana um lánsfjármagnaðar framkvæmdir og þá einkum erlenda lánsfjáröflun, og námu þessar tillögur alls um 5000 millj. kr. Sú tala var bersýnilega verulega miklu hærri en samrýmst gat þeim aðstæðum sem skapast hafa í efnahagsmálum okkar Íslendinga. Í viðræðum við fulltrúa Seðlabanka Íslands og bréfi, sem frá Seðlabankanum kom 6. okt. s. l., var sett fram það markmið að erlendar lántökur færu ekki yfir 3500 millj. kr. á árinu 1983 þannig að greiðslubyrði erlendra lána gæti orðið á bilinu 23—25% af útflutningstekjum, eins og orðað var í bréfi Seðlabankans á s. l. hausti. Viðmiðun ríkisstj. við gerð lánsfjáráætlunar hefur vissulega tekið nokkurt mið af þessu sjónarhorni Seðlabankans í sambandi við hámark erlendrar lántöku, en þó höfum við litið fremur á það, að unnt sé að slá því föstu að erlendar skuldir þjóðarinnar aukist ekki að raungildi á árinu 1983 frá árinu áður.

Föst erlend lán á meðalgengi ársins 1982 námu um 13 630 millj. kr. Sé gert ráð fyrir 6% verðbólgu í viðskiptalöndum okkar má hækka upphæðina í 14 448 millj. kr. Í forsendum Seðlabankans, þegar miðað er við reikniforsendur fjárlaga um 42% verðbreytingu milli áranna 1982/1983, er gert ráð fyrir 39.3% hækkun meðalgengis. Séu fyrrnefndar fjárhæðir færðar til meðalgengis 1983 nema þær 20 126 millj. kr. Ef lántökum er hagað á þann veg að erlendar lántökur verði innan þessa ramma verða þær að raungildi þær sömu og árið áður. Þetta hámark felur því í sér að erlendar lántökur megi ekki fara yfir 3439 millj. kr. miðað við 6% verðbólgu að meðaltali í viðskiptalöndum okkar. Niðurstöðutala þeirrar lánsfjáráætlunar, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að heildarlántökur erlendis nemi 3389 millj. kr. eða um 50 millj. kr. lægri fjárhæð en nam fyrrnefndu hámarki, sem ég nefndi nú seinast, og er sem sagt í frv. gert ráð fyrir að erlendar lántökur haldist innan þessa ramma.

Það þarf tæpast að geta þess, að þegar tillögur rn. og lánastofnana nema um 5000 millj. kr., en niðurstaðan er 3389 millj. kr., er um verulegan niðurskurð að ræða á tillögum og beiðnum. Er um að ræða niðurskurð sem nemur um 1600 millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga, að þjóðarframleiðslan hefur verið að dragast saman, þjóðartekjurnar hafa verið að dragast saman. Við höfum þegar gert ráðstafanir til þess að neyslan í landinu, kaupmáttur launanna, dragist saman um svipaðar hlutfallstölur og nemur samdrætti í þjóðarframleiðslunni, en af sjálfu leiðir að eðlilegt er að gera ráð fyrir hliðstæðum samdrætti í fjármunamyndun og fjárfestingum. Það er einmitt það sem stefnt er að í þessu frv.

Að mati Þjóðhagsstofnunar gæti fjármunamyndun árið 1983 numið 25—26% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er svipaður hundraðshluti og 1982. Ástæðan fyrir því að hundraðshlutinn lækkar ekki þrátt fyrir samdrátt í fjármunamyndun er að sjálfsögðu sú, að hvort tveggja lækkar, talan í teljaranum, þ. e. fjárfestingarnar, og talan í nefnaranum, deilitalan, þ. e. þjóðarframleiðslan. Þegar hvort tveggja lækkar um hliðstæðar hundraðstölur verður hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu svipaður hundraðshluti og áður eða í kringum 25—26% af vergri þjóðarframleiðslu.

Horfur eru sem sagt á því að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 7.6% frá árinu 1982 og svipuðu máli gegnir um byggingar og mannvirki hins opinbera, en þar er spáð samdrætti sem mun nema milli 9—10%. Íbúðabyggingar hafa aftur á móti ekki dregist saman frá því sem var á árinu 1981, og horfur eru á því að íbúðabyggingar geti orðið í raun áþekkar því sem var á árinu 1982. Hér veldur fyrst og fremst að verulegt átak hefur verið gert í byggingu íbúða á félagslegum grundvelli og aukið framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins.

Í heild er því spáð að fjárfesting dragist saman um tæplega 7%, þó svo að fjármunamyndun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu sé áþekk og 1982.

En þessar sveiflur í þjóðhagsstærðum, sem ég hef hér gert að umtalsefni, lýsa sér ekki aðeins í því að hundraðshluti fjármunamyndunar er áfram hliðstæður, jafnvel þótt um verulegan samdrátt í fjármunamyndun sé að ræða þegar tekið er mið af þjóðarframleiðslu. Annað glöggt dæmi um áhrif þessara sveiflna á hundraðstölur eru þær hundraðstölur sem nefndar eru um skuldabyrði og greiðslubyrði þjóðarbúsins út á við.

Eins og fram kemur í því frv., sem hér er til umr. hafa þessi hlutföll farið hækkandi. Þetta kemur nokkuð glöggt fram í fskj. 9 á bls. 15 í frv., en ástæðan er að sjálfsögðu einkum sú, að deilitölurnar hafa farið lækkandi og því fer heildarhlutfallið hækkandi.

Annað það sem hefur áhrif á greiðslubyrði þjóðarbúsins út á við er að sjálfsögðu vextir af lánum og breytingar á gengi einstakra mynta. Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli að vextir voru hlutfallslega mjög háir á s. l. ári. Sérstaklega voru dollaravextir mjög háir og dollarinn hækkaði mjög í verði, sem jafnframt leiðir að sjálfsögðu til aukinnar greiðslubyrði. Þetta er aðalskýringin á því að í töflunni á bls. 15, fskj. 9, hækkar greiðslubyrðin í prósentum og útflutningstekjum úr 16.4% í 24.5% árið 1982 samkv. bráðabirgðatölum Seðlabanka Íslands.

Eins og ég tók fram hér áðan er gert ráð fyrir að greiðslubyrðin verði svipuð í prósentum talið á árinu 1983 og var á árinu 1982. Er þó kannske von til þess að hún verði eitthvað lægri, vegna þess að þær prósentutöl-

ur sem ég vitnaði í áðan voru hafðar eftir Seðlabanka Íslands og eru frá því í okt. og nóv., voru settar fram þegar vextir í Bandaríkjunum voru allverulega miklu hærri en þeir eru nú. Hins vegar er rétt að benda hv. þm. á að það hefur reynst ákaflega erfitt að spá með nokkurri vissu um hlutfall greiðslubyrði af útflutningstekjum á líðandi stund eða því ári sem er að líða. Reynslan hefur oft orðið sú, að það hefur verið verulegur munur á því sem spáð var í upphafi ársins og endanlegri útkomu, bæði til lækkunar og til hækkunar, og hefur þar oft skeikað allverulega. Skýringin er sú, að ekki er í upphafi árs hægt að vita hvaða breytingar verða á hlutfalli helstu mynta, sem skuldir okkar standa í, ellegar á vöxtum á erlendum lánsfjármörkuðum, auk þess sem ég hef áður bent á að þjóðarframleiðsla hefur þarna veruleg áhrif á.

Um efni frv. er að öðru leyti ekki ástæða til að fjölyrða.

Ég vek á því athygli, að í frv. er ekki tiltekin sérstök tala varðandi kísilmálmvinnslu á Reyðarfirði. Hins vegar er kísilmálmvinnslan nefnd í upptalningu á erlendum langtímalántökum á árinu 1983, en engin tala er þar nefnd. Í neðanmálsklausu, sem fylgir þessari línu, segir, með leyfi forseta:

„Lántökuheimild er í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en notkun heimildar er háð sérstöku samþykki Alþingis. Flutt verður sérstök þáltill. um þetta mál, en iðnrh. hefur lagt til að varið verði 110 millj. kr. til framkvæmda við kísilmálmverksmiðju á árinu 1983."

Það er sem sagt ljóst að framkvæmdir og fjárútvegun í þágu kísilmálmverksmiðjunnar eru algerlega háð því að fjallað sé sérstaklega hér á Alþingi um það mál og gerð þar um það ályktun. Ef sú ályktun er samþykkt opnast leið til lántöku í þágu þess fyrirtækis, en að sjálfsögðu er ekki þar með sagt að 110 millj. kr. verði varið í þessu skyni. Ég hygg að sú upphæð verði í öllu falli eitthvað lægri.

Ég hef getið þess áður í umr. hér á Alþingi um lánsfjáráætlun að þingflokkunum var sent bréf í byrjun febrúarmánaðar og þeir beðnir um að taka afstöðu til fyrirhugaðrar byggingar kísilmálmvinnslu. Ég hef lengst af gert ráð fyrir að unnt yrði að átta sig á því, hvort lítil eða stór upphæð yrði tekin að láni í þágu kísilmálmverksmiðjunnar, áður en lánsfjáráætlunin yrði endanlega frágengin. Þarna er um háa fjárhæð að ræða og eðlilegast hefði verið að hægt hefði verið að setja fram ákveðna tölu í töfluyfirliti um það, hversu há tala væri þarna á ferðinni, þannig að heildaráhrif kæmu fram af erlendum lántökum.

Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að nokkuð hefur dregist að frv. til lánsfjárlaga væri lagt fram. Hins vegar hefur líka dregist að þingflokkarnir tækju afstöðu til þessa máls, og af þeirri ástæðu að ekki er hægt að bíða lengur eftir ákvarðanatöku þingflokka Alþingis um þetta efni verður að afgreiða lánsfjáráætlunina óháð því, hvort um verður að ræða lánsfjárútvegun í þágu kísilmálmvinnslu eða ekki. Það skiptir sem sagt engu máli hvort menn eru andstæðingar þessa fyrirtækis eða stuðningsmenn. Það hefði verið eðlilegast að við hefðum vitað um væntanlega afstöðu Alþingis áður en frá lánsfjáráætlun var gengið. Ég undrast því að menn hafa tekið svo til orða hér í þinginu að það skipti engu máli hvaða ákvörðun væri tekin um kísilmálmvinnsluna þar sem sérstök lántökuheimild væri fyrir hendi hennar vegna. Auðvitað er eðlilegast að Alþingi hafi heildaryfirlit yfir allar þær lántökur sem fyrirhugaðar eru á árinu, en vegna þess hvað Alþingi situr í skamman tíma á þessum vetri og hve stutt er þar til þing verður rofið verður að hafa þessa afbrigðilegu málsmeðferð að taka kísilmálmverksmiðjumálið sér á parti fyrir.

Önnur meginástæðan fyrir því að verulega hefur dregist að ganga frá þessu máli er sú, að harla óljóst hefur verið hvað væri algerlega óhjákvæmileg upphæð sem lánsfé í þágu Landsvirkjunar. Landsvirkjun bað um að fá að taka að láni tæpar 1600 millj. kr. Þar af var gert ráð fyrir framkvæmdum a landsvirkjunarsvæðinu sem námu um 1000 millj. kr. og vegna annarra framkvæmda 595 millj., þ. e. byggðalínu 289 millj., Blönduvirkjunar 261 millj. og Fljótsdalsvirkjunar 45 millj.

Það er ljóst að skiptar skoðanir hafa verið um það, hversu mikið fé ætti að útvega til orkuframkvæmda á því ári sem nú er hafið um leið og menn voru almennt sammála um að brýna nauðsyn bæri til að lántökur væru í lágmarki á þessu ári. Niðurstaðan hefur sem sagt orðið sú, að þessi lántökuáform Landsvirkjunar eru skorin niður í 880 millj., þannig að þær eru tæpur helmingur af því sem till. var gerð um.

Ég hygg að Landsvirkjun sé ekki alls kostar sátt við þessa niðurstöðu og sé enga ástæðu til að draga dul á það, að í bréfum sem við höfum fengið frá Landsvirkjun í seinni tíð eða á seinustu vikum hefur verið lögð áhersla á að Landsvirkjun þyrfti að fá heimild til að taka um 610 millj. kr. að láni vegna framkvæmda á Þjórsár-Tungnaársvæðinu, en í þessu frv. til lánsfjárl. er ekki gert ráð fyrir meira en 500 millj. kr. lántöku. Landsvirkjun hefur borið því við að búið sé að bjóða út það miklar framkvæmdir á þessu gamla landsvirkjunarsvæði að ekki sé hægt að komast af með minni upphæð en 610 millj. Þar ber hæst framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun, sem talið er að þurfi að nema um 100 millj. kr., og við Sultartangastíflu, sem talið er að þurfi að nema 271 millj. kr. Við höfum hins vegar við gerð þessa frv. ekki fallist á þessar háu tölur, teljum raunar að Landsvirkjun hafi ekki haft heimild til að ganga frá framkvæmdum í svo stórum stíl. Ljóst er að hvorki iðnrn. né fjmrn. hafa veitt heimild til þessa framkvæmda. Það verður að sjálfsögðu að ganga frá því hér á Alþingi hvaða upphæð verður þarna um að ræða.

Í þeim till. sem hér liggja fyrir er gert ráð fyrir að fjármagn til Hrauneyjafossvirkjunar nemi 75 millj. kr., en ekki 100 millj., eins og Landsvirkjun leggur áherslu á, og að lánsfjáröflun til Sultartangastíflu nemi 225 millj. í staðinn fyrir 271 millj., sem Landsvirkjun leggur áherslu á. Stjórn Landsvirkjunar hefði lagt til að varið yrði 189 millj. til framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar, en ríkisstj. telur ekki tímabært að ráðast í þá framkvæmd og ætlar því ekkert fé í þessu skyni.

Um framkvæmda- og lántökuáform fjárfestingarlánasjóðanna er það helst að segja að í grófum dráttum er fylgt tillögu þeirri sem barst frá Framkvæmdastofnun um útvegun fjármagns til stofnlánasjóðanna. Þó er tillaga Framkvæmdastofnunar skorin nokkuð niður eða sem nemur um 28 millj. kr. Ekki þarf þó að taka það fram að Framkvæmdastofnun hafði áður skorið niður óskir og tillögur fjárfestingarsjóðanna og námu þær verulega miklu hærri fjárhæðum.

Í sambandi við fjárfestingarsjóðina er rétt að láta

þess getið, að fallið hefur niður neðanmálsklausa á bls. 11, sem þar átti að vera og snertir Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þar átti að koma fram, að af þeim 84 millj., sem ætlaðar eru Stofnlánadeild landbúnaðarins, verði 7 millj. varið til uppbyggingar fóðurstöðva í þágu loðdýraræktar. Þessi neðanmálsklausa hefur fallið niður. Ég vænti þess að þskj. verði prentað upp og þetta komi skýrt fram í endurskoðuðu þskj.

Ég skal fúslega viðurkenna að þörf hefði verið á að lánsfjárlagafrv. kæmi fyrr fram en raun hefur orðið á. En það verður að segja hverja sögu eins og gengur, að nokkur óvissuatriði hafa tafið fyrir því að unnt væri að leggja frv. fram. Þessi óvissuatriði hafa numið svo háum fjárhæðum að ekki hefur þótt skynsamlegt að ganga ekki frá þeim áður en frv. væri fram lagt. Ég geri mér hins vegar vonir um það, að vegna þess að frv. er betur undirbúið nú en oft áður og hefur verið lengur í vinnslu en oft áður verði óveruleg hækkun á lánsfjárlagafrv. við meðferð málsins hér á Alþingi. Helst þyrftum við að tryggja að engin hækkun yrði á lántökuáformum.

Þegar frv. til lánsfjárl. hefur verið lagt fram fyrir jól hefur það gjarnan verið svo, að vegna hækkana sem orðið hafa á fjárlagafrv. fyrir jólin hefur frv. til lánsfjárlaga hækkað. Þannig var þetta í fyrra. Meginhækkunin sem varð á frv. til lánsfjárl. í meðferð málsins hér á Alþingi varð til sem afleiðing af þeim hækkunum sem samþykktar voru við meðferð fjárlagafrv. Nú hefur fjárlagafrv. verið afgreitt og inn í þetta frv. til lánsfjárl. hafa verið teknar allar þær hækkanir sem þar urðu, þannig að frv. til lánsfjárl. þarf ekki að hækka af þeirri ástæðu. Ég vil sem sagt leyfa mér að ítreka þá von mína að lánsfjáráætlunin hækki ekki í meðförum þingsins, enda tel ég að ekki sé þörf á því.

Ég þarf ekki að hafa uppi frekari útskýringar á því hversu seint lánsfjárlagafrv. er á ferðinni að þessu sinni. Það er margt afbrigðilegt í íslenskum stjórnmálum í dag. Það er margt afbrigðilegt í íslensku efnahagslífi í dag og það þarf engan að undra á þeim tímum þegar þjóðarframleiðslan er að dragast jafnfeikilega mikið saman og raun hefur orðið á. Því er meiri þörf á en nokkru sinni fyrr að takmarka erlendar lántökur, eftir því sem nokkur kostur er, að það taki þá lengri tíma að undirbúa frv. til lánsfjárl. að þessu sinni.

Ég vil eindregið vænta þess að Alþingi gefi sér ráðrúm til að afgreiða lánsfjárlagafrv. Satt að segja trúi ég ekki öðru en alþm. sameinist um að ganga frá þessu máli áður en þingi lýkur. Ég varð var við það, að hv. þm. Matthías Bjarnason kallaði mjög eftir frv. til lánsfjárl. ekki alls fyrir löngu og tók svo til orða, að ef frv. kæmi ekki fram innan fárra daga yrðu þm. að taka sig saman og koma saman frv. um þetta efni. Nú liggur frv. hér fyrir og verður sent hv. fjh.- og viðskn. vonandi í dag. Ég treysti því, og veit það raunar, að í þessum orðum hv. þm. felist fyrirheit um að greiða fyrir því eins og nokkur kostur er að þetta frv. fái hraða afgreiðslu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég get fullyrt það, og þar með vonandi róað hæstv. ráðh., að það stendur ekkert á stjórnarandstöðunni að vinna að þessu máli og reyna að fá það afgreitt áður en til þingslita kemur. Meira að segja var í hádeginu í dag haldinn fundur í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og sameiginlegur fundur nefnda beggja deilda til að hefja vinnu við þetta frv., sem lagt var fram á Alþingi í gær.

Mér reiknast til að frv. sé tæpum fimm mánuðum of seint á ferðinni. Það er, eins og hæstv. ráðh. sagði, vegna þess afbrigðilega ástands sem er í íslensku þjóðfélagi í dag. Vegna þess afbrigðilega ástands sem er í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar í dag, og það skal ég fúslega viðurkenna að er, tók það hæstv. ríkisstj. tæpa fimm mánuði, umfram þann tíma sem henni var ætlaður til þess, að leggja fram þetta frv. Og ef farið verður eftir því, sem heyrst hefur, að Alþingi ljúki störfum síðast í næstu viku, eru þm. ætlaðir tvisvar sinnum fimm dagar til að vinna að þessu máli, gera sér grein fyrir því og ræða það hér í þingi — málefni sem ríkisstj. þurfti, eins og ég sagði áðan, fimm mánuði til að koma sér saman um.

En þetta er ekki það eina sem þarf að víkja að þegar þetta frv. er rætt. Hæstv. ráðh. víkur að því að Alþingi muni vonandi vinna ötullega og koma þessu máli í gegn. Jafnvel hafi einn þm., hv. 1. þm. Vestf., haft orð á því að þm. yrðu að taka í taumana og semja frv. ef ríkisstj. ætlaði að heykjast á því. Ég vek athygli á því, að í lögum nr. 13 frá 1979, lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., sem hæstv. fjmrh. stóð að að flutt var og samþykkt, er eftirfarandi skýrt tekið fram. Í 7. gr. stendur, með leyfi forseta: „Með fjárlagafrv. ár hvert skal leggja fram áætlun, er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrv. tekur til."

Þá er ennfremur gert ráð fyrir að lögð skuli fram með fjárlagafrv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og það frv. sem hér er til umr.

Á fundi fjh.- og viðskn. nú í hádeginu gerði ég fsp. til formannsins um það, hvort búast mætti við því að á meðan þetta frv. væri til umr. og umfjöllunar í fjh.- og viðskn. yrði lögð fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, eins og gert er ráð fyrir í þeirri grein sem ég vék að áðan. Formaður nefndarinnar gat ekki gert grein fyrir hvort fjárfestingar- og lánsfjáráætlun yrði lögð fram. Ég leyfi mér því að víkja þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort búast megi við að það verði farið að lögum, eins og ég vék hér að áðan, og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 verði lögð fram.

Hæstv. ráðh. vék að vísu að því áðan að það væri dálítið erfitt að spá. Það er auðvitað alveg rétt að alltaf er erfitt að spá, og eins og maðurinn sagði: sér í lagi inn í framtíðina. Ég tala nú ekki um þegar önnur eins óvissa, óstjórn og stefnuleysi er í öllum málum hjá þjóðinni og er í dag. Út af fyrir sig er skiljanlegt að hæstv. ráðh. eða ríkisstj. treysti sér ekki til að leggja fram þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, einfaldlega vegna þess að ríkisstj. veit ekki hvað í slíkri áætlun ætti að standa og hefur þess vegna tekið þann kostinn að leggja hana ekki fram.

Ég vek athygli á því, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var fyrst lögð fram í því formi sem hún er og hefur verið að undanförnu í desembermánuði 1975, þegar afgreiðsla fjárl. fyrir árið 1976 fór fram, og þá var jafnframt lagt fram frv. til lánsfjárlaga og það samþykkt áður en fjárlögin voru samþykkt. Ég beitti mér fyrir þessu þá sem fjmrh. Ég viðurkenndi fúslega hversu seint þessi áætlun væri fram komin og beitti mér fyrir því að á árinu 1977, þegar fjárlög fyrir árið 1978 voru til umr. á Alþingi, tókst að koma þessari áætlun fram við 2. umr. fjárl. þannig að þm. höfðu þó nokkurn tíma til þess að fjalla um þessi mál. Þetta var enn gagnrýnt. Til

að staðfesta réttmæti þessarar gagnrýni aðila sem m. a. sitja í núv. ríkisstj. beitti ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar sér fyrir því á útmánuðunum 1979 — hún hafði þá ekki lagt fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun — að lögfest var að lánsfjáráætlun skyldi nú ekki lögð fram svona seint eins og í desembermánuði og hafði gerst í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar í höndum þess fjmrh. sem þá var. Nú skyldu vinnubrögðin verða allt önnur.

Það er fljótt hægt að fara yfir sögu. Lánsfjárlög hafa ekki verið afgreidd með fjárlögum síðan haustið 1977 og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ekki verið lögð fram fyrr en komið er fram á fjárlagaárið, að undanskildu því sem viðkom fjárlögum í fyrra. Og á þessu ári sýnist ráðh. telja skynsamlegra að gefa ekki út fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrr en árið er liðið, það sé miklu skynsamlegra, til þess að fá ekki einhverja lánsfjáráætlun sem ekkert sé að marka og ekkert hægt að byggja á, að gefa hana þá heldur út sem sögulegt plagg um það, hvílík þróun hefur verið í fjármálum þjóðarinnar og þá verði áætlunin fremur sögulegt plagg en stjórnunartæki fyrir þá sem fara með fjármál og efnahagsmál þjóðarinnar. Vonandi verður þetta ekki í framtíðinni niðurstaðan. Vonandi verður um að ræða breytingu á þessu og áframhald á því, sem ætlað var, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verði það stjórnunartæki sem til var ætlast og tókst að hafa á árunum 1976 og 1977 og árið 1978 að hluta til, þannig að hægt verði á sama tíma og fjárlög eru afgreidd að afgreiða frv. til lánsfjárlaga byggt á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir sama fjárlagaár.

Þegar svo þetta frv., sem hæstv. ráðh. talaði fyrir áðan, er lagt fram, þá víkur ráðh. að því og segir að hér sé um að ræða frv. sem sé nokkuð vel unnið, það verði því kannske lítið um hækkanir á þessu frv. frá því að það hefur verið lagt fram og þess vegna megi nú búast við að hér séu vinnubrögð sem séu til fyrirmyndar. Þegar þetta frv. er hins vegar skoðað verð ég að segja það alveg eins og er að ég get ekki með nokkru móti skilið hvernig menn eru reiðubúnir að láta frá sér fara annað eins pappírsgagn og þetta er, með öðrum eins vitleysum og villum og í þessu frv. felast. Það mátti heyra í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan að hann las upp úr aths. við frv. tölur sem ekki fá með nokkru móti staðist, jafnvel þegar komið er allt aftur á næstöftustu síðu þessa frv., þ. e. í fskj. 9 á bls. 15. Hann er sjálfur búinn að leggja fram skýrslu sem sýnir að það sem hann var að segja er löngu úrelt.

Ég vil vekja athygli ráðh. á því t. d., að hann er að lesa upp úr aths. að erlendar lántökur miðist við að skuldir aukist ekki að raungildi á árinu 1983. Hann segir: Föst erlend lán voru á meðalgengi 13 milljarðar 630 kr. á árinu 1982. Ef við flettum svo upp á töflu á bls. 15 stendur þar að löng erlend lán samkv. skýrslum Seðlabankans séu 14 milljarðar 700 millj. kr. Og ef við lesum skýrslu, sem kom frá Seðlabankanum, sem er dagsett 1. febr., er skýrt tekið fram að löng erlend lán í lok ársins 1982 færð á meðalgengi ársins 1982 séu 14 milljarðar 700 millj. kr. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig í þessu liggur að öðru leyti en því, að sá texti, sem hér er saminn, sé saminn fyrir svo löngu að aths. og uppgjör Seðlabankans, sem hefur komið eftir áramótin, hafi bara ekki verið skoðað af þeim ágætu ráðherrum sem um þetta mál hafa fjallað og menn geri sér þar af leiðandi ekki grein fyrir því hvað hér er um að ræða. Grundvallað á því sem segir í aths., þar sem talað er um 13 milljarða 630 og gert ráð fyrir 6% verðbólgu í viðskiptalöndum okkar, væri samsvarandi upphæð 14 milljarðar 448 millj. kr. Þegar hér er um að ræða 14 milljarða og 700 millj. geta menn reiknað út hvað 6% af því eru og þá breytist að sjálfsögðu heildartalan í samræmi við það.

Líka er hér sagt að heildarfjárhæðin, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að verði tekin að láni á árinu 1983, sé 3 milljarðar 388.6 millj. samkv. fskj. 7, og þá er verið að tala um að í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 var hliðstæð tala 2 milljarðar 255.7 millj. kr. og er hækkunin því 50.2% á milli ára. Ef enn er lesið í skýrslu Seðlabankans frá 1. febr. er þar tekið fram að alls er talið að innkomin löng lán hafi numið 3 milljörðum 550 millj. kr. og afborganir hafi verið 1 milljarður 270 millj., þannig að nettóaukning langra lána hafi verið 2280 millj. á meðalgengi ársins 1982 á móti 1720 árið 1981 reiknað á sama gengi. Þá spyr ég: Er í frv. þessu verið að tala um nettólántökur á árinu 1983? Samkv. því sem gert er ráð fyrir um ráðstöfun fjármagns í fskj. 7 er ekki gert ráð fyrir að þessar 3388.6 millj. kr. fari að neinu leyti til að greiða niður lán. Erlendar lántökur á árinu 1983 hljóta því að verða þessi upphæð plús allt sem þarf til að greiða niður lán og borga vexti.

Hér er um að ræða gersamlega ósambærilegar tölur. Þetta frv. leggur til að teknar séu að láni 3388.6 millj. Hér er um að ræða frv. til lánsfjárlaga. Við göngum út frá því að hér sé um að ræða nettólántöku, en ekki lántöku sem gerir ráð fyrir að greiða af lánum afborganir og vexti. Þá er borið saman við lánsfjárlögin 1982, sem áttu að sjálfsögðu að verða nettólántaka. Frv. verður að sjálfsögðu að bera saman við frv. sem ríkisstj. lagði fram á s. l. ári. Það hækkaði í meðförum Alþingis um hvorki meira né minna en 200 millj. kr. Þar er um að ræða 10% hækkun frá því að frv. er lagt fram og þar til það er afgreitt. Það var afgreitt nógu seint til þess að hægt væri að taka allt inn í það sem fjárlögin gerðu ráð fyrir. En ég spyr þess vegna hæstv. ráðh.: Er hér um að ræða frv. sem ríkisstj. hefur samþykkt? Ráðh. gefur mér strax merki um að svo sé.

Mér er ljóst af því sem í þessu frv. stendur og ég mun víkja að síðar að það er mjög óraunhæft. Ég gæti vel látið mér detta í hug að á meðan það væri til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. ættum við nm. eftir að fá heimsóknir eins og á s. l. ári, þegar næstum hver einasti aðili, sem þurfti á aðstoð eða einhverju því fé að halda sem þetta frv. gerði ráð fyrir, kom til þess að leita eftir einhverri leiðréttingu og lagfæringu. Þá var á pappírnum ekki samþykkt að hækka niðurstöðutölurnar nema um 200 millj., en þegar við svo fáum greinargerð Seðlabankans um innkomin erlend lán á s. l. ári er ekki um að ræða 2255.7 millj., heldur 350 millj. kr.

Allar þessar tölur eru grundvallaðar á sömu reiknireglum og fjárlagafrv., þ. e. 42% verðbreytingu, sem gerði ráð fyrir að verðbólgan frá upphafi til loka yrði ekki nema um 32—33%. Nú stöndum við frammi fyrir því, eins og auðvitað hafði verið bent á af stjórnarandstöðunni á sínum tíma, að hér er um óraunhæfar forsendur að ræða, eins og áður hefur verið, enda alveg hægt að reyna að móta sér stefnu og gera síðan breytingar á milli ára á grundvelli stefnunnar, því að við erum að fjalla um 70% verðbólgu frá upphafi árs, þ.e. 100% meiri verðbólgu en reiknireglur fjárl. gerði ráð

fyrir.

Nú eru þessar lántökuheimildir, sem hér er verið að sækja um heimild fyrir, byggðar á þessum tölum, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og þá gert ráð fyrir verðbólgu upp á 30—35%. Þessar forsendur eru þegar löngu orðnar úreltar. Það er nánast verið að búa til skjal sem verði innan ramma þeirrar stefnu, sem reynt var að kynna á sínum tíma í stjórnarsáttmálanum, en menn eru að sjálfsögðu löngu búnir að gefast upp á að halda.

Í aths. frv. er talað um að að mati Þjóðhagsstofnunar gæti fjármunamyndun 1983 numið 25—26% af vergri þjóðarframleiðslu. Þetta liggur strax fyrir að getur ekki staðist. Það liggur í augum uppi þegar allar tölur eru byggðar á 35% verðbólgu, sem síðan verður 70%, á sama tíma og það er vitað að þjóðarframleiðslan dregst nokkuð saman.

Í lokaorðum almennra aths. við þetta frv. segir, með leyfi forseta:

„Staða þjóðarbúsins vegna skulda og greiðslubyrðinnar veldur því m. a. að nauðsynlegt er að fjárfestingu 1983 verði stillt í hóf."

Þegar þannig stillt er í hóf, með hvaða aðferðum er það gert? Það er ekki gert með því að taka raunhæft á málum, koma hlutum þannig fyrir að ekki verði um að ræða of mikla fjárfestingu. Það er ekki gert með því að taka þau verkefni, sem nauðsynlegust eru, og setja þau í fyrirrúm. Nei, það er einfaldlega gert með því, eins og ráðh. lýsti réttilega áðan, að beiðnir stofnana eru skornar niður. Tölurnar eru ýmist skornar niður um þriðjung eða um helming og þá skiptir engu máli þó um sé að ræða framkvæmdir sem þegar er búið að gera samninga um. Það skiptir heldur engu máli hvort um er að ræða yfirlýsingar eða loforð, sem ríkisstj. er búin að gefa, menn hafa byggt á og eru byrjaðir á framkvæmdum samkvæmt, heldur aðeins reynt að sýna að lántakan á næsta ári sé ekki að verðmæti meiri en lántakan á s. l. ári. Þessar tölur eru skornar niður og ramminn í útgjöldunum fenginn einfaldlega út frá, eins og hæstv. ráðh. sagði, 3500 millj., þegar vitað er að erlendar lántökur á árinu 1982 voru 3550 millj. kr., eins og kemur frá Seðlabankanum.

Ég get vikið hér að ýmsum atriðum í sambandi við fjármögnun með erlendum lántökum. Það væri mjög við hæfi að spyrja að því, hvort erlend lántaka vegna skipa upp á 190 millj. kr. væri nægjanleg til þess að standa við þá samninga sem þegar hafa verið gerðir. Ég gæti miklu frekar ímyndað mér að tvöfalda þyrfti töluna til þess að dæmið gæti gengið upp. Mér er ljóst að það er verið að veita ábyrgðir til innlendrar skipasmíði og ábyrgðirnar verða ekki veittar öðruvísi en menn fái tækifæri til að taka erlend lán til að halda þeirri vinnu og þeim framkvæmdum áfram sem í gangi eru. Ég gæti ímyndað mér að til innlendrar skipasmíði, sem hér er ætluð til erlend lántaka upp á 200 millj., þyrfti ekki minna en 350 millj. til þess að standa við það sem þegar er búið að ákveða. Og þannig gæti ég horft á þau atriði, sem hér eru talin upp, á þau verkefni sem þegar er búið að ákveða, og þá gæti ég vel ímyndað mér að í staðinn fyrir 600 millj. í erlendri lántöku sé um að ræða ekki 700, ekki 800, heldur megi nálgast tvöföldun þegar raunhæft er horft á dæmið. Og þegar svona tölur eru settar niður á pappírinn verða menn að gera ráðstafanir til að stöðva eða til að breyta, en ekki setja niður tölu og segja að samkv. útreikningi með 6% verðbólgu erlendis verði lántakan samkv. þessum tölum innan þess ramma sem talið sé óhætt að miða við.

Við skulum gera okkur grein fyrir að erlendar lántökur á árinu 1982 voru með þeim hætti að svo er nú komið að nær 50% af þjóðarframleiðslunni eru í erlendum lánum og greiðslur afborgana og vaxta af löngum lánum voru á árinu 1983 24.5%. En hvað er nú þetta miðað við það sem hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að gera í upphafi, ef við lesum nú stjórnarsáttmálann, sem gefinn var út 8. febr. 1980 og mér var afhentur einu sinni sér í ræðustólinn af hæstv. forsrh. árituðum af honum, auðvitað til þess að geta nú borið virkilega saman, þegar væri komið að leiðarlokum, við það sem sagt var í upphafi, þ. e. orð og efndir. Mig langar til að lesa, með leyfi forseta, upp úr 5. tölul. á bls. 6. Þar stendur um erlendar lántökur:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil" — en það er víða sem það stendur í þessum stjórnarsáttmála — „15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum."

Við deildum um þetta, forsrh. og ég, skömmu eftir að fyrsta fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. var lögð fram. Ég benti á að þá þegar væri byrjað að sveigja af og ekki gert ráð fyrir 25% í fjárfestingar, heldur 27%. Þá benti hæstv. forsrh. á að hér stæði „um það bil" og það vissi náttúrlega hver maður að það gæti þýtt 10% af eða á og út frá því ætti þetta að vera 27. Við skulum bæta þessum 10% við og segja 16.5, því að um það bil 15 séu líka 16.5. Það hefði líka geta orðið 13.5 á hinn veginn, en er 16.5. Þegar hér er vikið að því að greiðslubyrðin er um 25% er orðinn nokkuð mikill munur. Við erum farin að nálgast tvöföldum á því hlutfalli af útflutningstekjum þjóðarinnar sem ríkisstj. taldi í upphafi að væri það æskilega og stefnt skyldi að af hennar hálfu.

Þetta hlutfall, sem ég er hér um að ræða, 24.5, er það hæsta sem um getur nokkurn tíma og kemur fram í grg. Seðlabankans að það var áður hæst árið 1969, 16.7%, og 1981, 16.4. Eru þær tölur þó ekki sambærilegar því að kringumstæður 1967, 1968 og 1969, þegar mikill samdráttur varð, voru allt aðrar en árið 1981.

Ég hef hér vikið að raunhæfni þeirri sem í þessu frv. er varðandi erlendar lántökur. Það sýnir okkur auðvitað að hér er stefnt í miklu hærri erlendar lántökur en stendur á pappírnum.

Þá er hin hlið málsins. Það er innlenda fjáröflunin. Með hvaða hætti er að henni staðið og hvernig eru þær tölur fundnar út?

Það kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir, þegar ég les þetta frv., hvað stendur efst á bls. 6, en stór hluti af innlendu fjármögnuninni er í sambandi við skuldabréfakaup lífeyrissjóða. Það er gert ráð fyrir hvað varðar innlenda fjáröflun að um sé að ræða útgáfu á spariskírteinum upp á 200 millj. kr. Ég get látið mér detta í hug af reynslu 1982 að hér sé um töluvert mikla ofætlun í spariskírteinasölu að ræða. Um innheimtu umfram innlausn á endurlánuðum spariskírteinum má segja nákvæmlega það sama. Hér gæti því verið um að ræða allt að 100 millj. kr. mismun ef koma á dæminu saman. Til þess að halda erlendu lántökunum niðri í orði kveðnu eru þessar tölur hækkaðar. Hvað varðar verðbréfakaup bankakerfisins og viðlagatryggingar er ég líka sannfærður um að þar er um mikla ofáætlun að

ræða.

Í fskj. 4 er rætt um skuldabréfakaup lífeyrissjóða og þar gert ráð fyrir að kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum verði um 860 millj. Ég á von á að útkoma ársins 1983 sýni að þar sé um að ræða 200 millj. kr. minni skuldabréfakaup en gert er ráð fyrir.

Það sem ég hef vikið að er um það bil mismunur upp á 1 milljarð í sambandi við erlendar lántökur og í sambandi við kaup og fjármögnun á innanlandsfjármagnsmarkaði. Það væri ekki úr vegi að líta svo á, að þessi lánsfjárlög séu sett þannig saman að það sé 1 milljarður sem á skorti í raun, auk þess sem það skorti á heimildir til lántöku til að greiða niður afborganir og vexti, eins og gerðist á s. l. ári. En það vekur furðu mína, og ég vildi gjarnan spyrja ráðh. að því, sem hér stendur neðst á bls. 5, þar sem fjallað er um skuldabréfakaup lífeyrissjóða:

„Alls er stefnt að fjáröflun hjá lífeyrissjóðum að fjárhæð 860 millj. kr., þar af koma 85 millj. í hlut ríkissjóðs." — En svo kemur það sem ég vildi spyrja ráðh. um: „en fjallað er um skuldabréfakaup lífeyrissjóða í umfjöllun um 27. gr." Ég var að spyrja ráðh. um efstu línuna á bls. 6, „en fjallað er um skuldabréfakaup lífeyrissjóða í umfjöllun um 27. gr." Þegar svo umfjöllun um 27. gr. á næstu síðu neðst er lesin er ekki vikið einu einasta orði að skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Ég mundi gjarnan vilja spyrja ráðh. hvort það væri einhvers staðar annars staðar fjallað um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Ég sé það að vísu ekki í umfjölluninni þarna. (**Fjmrh.:** Það er prentvilla þarna.) Þetta er prentvilla, segir ráðh. Þá eru margar prentvillur samankomnar í einni setningu.

Skýringin er sjálfsagt sú, sem lesa má út úr öllum textanum og tölunum, þegar þær eru bornar saman, að hér hefur verið ætlað að skýra hversu stórt hlutfall af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna ætti að ganga til ríkissjóðs. Á s. l. ári var talað um að lögfesta 40%, en af því sem ég hef lesið mig til grunar mig að það hafi ekki átt að láta sér nægja 40%, heldur hafi verið hugsunin að það skyldu verða tekin 45% af lífeyrissjóðnum til þess að fjármagna það sem annars er hér sagt á pappírnum. (**GJG:** Ýmsir borga 45.) Ýmsir borga 45, segir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Það má vel vera að einhverjir geri það, og það er út af fyrir sig að mínum dómi ekki röng fjárfesting, nema síður sé, fyrir lífeyrissjóðina. En hitt kemur glögglega fram í þessari grg., að fjmrn. hefur nú átt í einhverjum erfiðleikum samt sem áður við að fá ráðstöfunarfé þessara sjóða. Það má vel vera að ræðumaður kannist við það. En grunur minn er nú sá, að hér eins og áður hafi menn ætlað að lögfesta slíkt. Ég tel að þá hafi verið skynsamlegt að taka grein út og skýra heldur þessa línu sem prentvillu, eins og ráðh. gerði áðan.

Mér er fullkomlega ljóst að þó að einstaka aðilar séu reiðubúnir að ávaxta fé í verðtryggðum bréfum frá ríkissjóði hefur samt sem áður verið og er tilhneiging sjóðanna sjálfra að ráðstafa fénu með nokkrum öðrum hætti. Á sínum tíma þótti töluvert í ráðist, 1977 að mig minnir, þegar ég beitti mér fyrir skyldu sjóðanna til að ráðstafa fjármagninu þannig að um verðtryggð útlán væri að ræða. Þá stóðu hér upp ýmsir þeir sem nú mæla með því sem hér er að gerast og mótmæltu slíku harkalega. Ég man m. a. eftir forvera hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, 7. þm. Reykv., sem þá sat hér á þingi, formanni verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þegar hann stóð hér upp til að mótmæla því, sem þá var sett inn, að sjóðirnir skyldu ávaxta sitt fé með þessum hætti, en engin skylda hjá hverjum. Á þessu er töluvert mikill munur. Í fyrra tilfellinu var verið að tryggja fjármuni, í síðara tilfellinu er verið að gera kröfu til þess og lögfesta hver eigi að hafa forréttindi til þess fjármagns sem þarna er. Ég held þess vegna að sú tala, sem hér stendur, um skuldabréfakaup lífeyrissjóða, ég held að sú tala sem hér stendur um kaup á spariskírteinum og ég held líka að önnur fjáröflun á innlendum fjármagnsmarkaði standist ekki að fenginni reynslu 1982.

Ég hef hér vikið að þeim atriðum sem við fyrstu yfirsýn koma upp í huga minn þegar þetta mál er til umr. Hér stendur í fjölmörgum greinum: þrátt fyrir ákvæði þessara laga og þrátt fyrir ákvæði annarra laga. Það er skoðun mín að öll þessi ákvæði ættu heima inni í öðru frv. en lánsfjárlagafrv., einfaldlega til þess að menn geri sér grein fyrir að hér sé um að ræða frv. til lánsfjárlaga, en ekki frv. um undanþágur frá lagaákvæðum vítt og breitt um íslenska löggjöf.

Þá tölu um löng erlend lán, sem ég vék hér að áðan, er líka að finna í skýrslu fjmrh. um ríkisfjármálin 1982, sem hefði vissulega verið eðlilegt að taka til umfjöllunar að einhverju leyti. En ég vil taka fram, að mér finnst gott að sú skýrsla liggur fyrir til þess að alþm. fái tækifæri til að fjalla um og fá upplýsingar um ríkisfjármálin áður en ríkisreikningur kemur, sem oft kemur ekki fram fyrr en liðið er á árið, og þeirri venju, sem upp var tekin 1977, sé haldið.

Það er ljóst að samkv. þessu frv. er ætlað að afgreiða óraunhæfari lánsfjárlög en nokkru sinni fyrr. Það er í samræmi við önnur vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. treystir sér ekki til að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og lög gera ráð fyrir og því er þetta frv. gersamlega stefnulaust. Það eru engin markmið sett. Öllum fyrri yfirlýsingum hæstv. ríkisstj., einstakra ráðh., í efnahags- og fjármálum er kastað fyrir róða og er kannske búið að kasta fyrir róða fyrir löngu. Það eru óraunhæft skornar niður á pappírnum erlendar lántökur. Sumar hverjar eru beinlínis samningsbundnar eða hefðu orðið að vera vegna fyrri loforða ríkisstj. Það er óraunhæft áætlað um innlenda fjármögnun til að ná þessu dæmi saman á pappírnum. Allar eru þessar tölur þar að auki grundvallaðar á röngum forsendum eins og fjárlögin, og veldur það að sjálfsögðu áframhaldandi óðaverðbólgu. Þær eru aðeins settar fram til að ná fram ákveðnu hlutfalli í fjármunamyndun af þjóðarframleiðslu og fá hagstæðari útreikning á greiðslubyrði svo og erlendum lánum, sem hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Ríkisstj. er hér að fara fram á lántökuheimild til að láta kerfið sitt snúast í nokkrar vikur eða nokkra mánuði í viðbót, en treystist ekki til að setja fram stefnu í efnahags- og fjármálum, sem lög gera ráð fyrir og átti fyrir löngu að vera komin fram.

Það má vera, eins og ég gat um í upphafi, að þeir ráðherrar sem nú sitja í ríkisstj. hugsi sér að snúa dæminu við og áætlanir verði ekki lagðar fram af þeirra hálfu fyrr en árið sé liðið, þeir treysti sér ekki til að gera það fyrr. Eins og ég gat um í upphafi hefði hæstv. ríkisstj. átt að hafa tíma til að vinna þannig að þessum málum að hér á þingi þyrftu menn ekki kannske marga daga til að fá upplýsingar og fá vitneskju í sambandi við

fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlög. En á fjh.- og viðskn.-fundi í hádeginu óskuðu þm. að sjálfsögðu eftir því að þeir aðilar sem annaðhvort hafa fjallað um þessi lánsfjárlög eða hafa þar einhverra hagsmuna að gæta væru beðnir að koma til viðtals við nefndina til þess að menn geti séð og sannreynt það, sem ég hér hef sagt, að um er að ræða óraunhæfasta lánsfjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram af þessari ríkisstj. allar götur síðan 1978.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég legg megináherslu á að málið fái hraða ferð til fjh.- og viðskn. deildarinnar og vil alls ekki bæta hér neinu við, sem vekur upp umr.

Það voru nokkrar spurningar sem hv. þm. Matthías Mathiesen kom með áðan og ég mundi vilja gera þeim skil í fjh.- og viðskn. ellegar við 2. umr. málsins.

Ég viðurkenni að á einum stað má sjá misprentun í frv., þ. e. í athugasemdum við 1. og 2. gr. Skýringin, sem hv. þm. Matthías Mathiesen gaf á þessu, er alveg rétt. Það var inni í frv. ákvæði sem sneri að lífeyrissjóðunum, en þetta ákvæði var tekið út. Það er yfirsjón að menn hafa ekki tekið eftir því að vísað er til þessa ákvæðis í þessari athugasemd. Ákvæðin sem eru í gildi í lögum í dag um lífeyrissjóðina voru talin fullnægjandi að svo stöddu og því er ekki neitt ákvæði um lífeyrissjóðina í frv. eins og það liggur hér fyrir.

Hv. þm. benti líka á að þarna væri visst ósamræmi í því sem kæmi fram í greinargerð um upphæð langra erlendra lána annars vegar miðað við þá upphæð sem fram kemur í töfluviðaukanum á fskj. 9. Ég hygg að þetta séu sömu tölurnar, sem þarna er um að ræða, en þær séu reiknaðar á svolítið mismunandi forsendum. Ég hef því miður ekki getað náð sambandi við þá Seðlabankamenn til að skýra þennan mun. Það má vel vera að hann liggi einmitt í því, sem kemur fram í grg., að 6% verðbólga í viðskiptalöndum okkar sé tekin þarna inn í myndina. En ég þori sem sagt ekki að gefa á þessu stigi nákvæma skýringu á þessu misræmi, sem ég hygg nú samt að breyti engu um þá ályktun sem dregin er í greinargerðinni.

Það er rétt, sem hv. þm. tók fram, að á árinu 1982 hefur verið nokkuð farið fram úr við lántökur erlendis miðað við þá lánsfjáráætlun sem afgreidd var á s. l. ári, en það er gefin mjög nákvæm skýrsla um þetta í skýrslu fjmrh. um ríkisfjármálin 1982, sem dreift hefur verið hér í þinginu, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Ég vil þó aðeins fá að skjóta því að í framhjáhlaupi, að mismunurinn liggur aðallega hjá þremur aðilum. Í fyrsta lagi virðist Landsvirkjun hafa farið fram úr í lántöku. Í öðru lagi hefur Járnblendifélagið tekið 66 millj. kr. lán, sem ekki voru með í lánsfjáráætlun. Og í þriðja lagi hafa hitaveiturnar tekið lán umfram lánsfjáráætlun upp á 181 millj. Samtals gerir þetta tæpar 400 millj.

Ég vil benda á, að eftir að lánsfjáráætlun var afgreidd á s. l. ári voru samþykktar hér heimildir til Landsvirkjunar til aukinnar lántöku umfram það sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir, þótt ég verði hins vegar að viðurkenna að Landsvirkjun hefur greinilega farið fram úr þessum heimildum báðum tveimur, sennilega af illri nauðsyn vegna þess að menn voru að keppast við að ljúka við Hrauneyjafossvirkjun og hún hefur reynst dýrari en ráð var fyrir gert. Sama gildir um Járnblendifélagið. Þar er um að ræða lántöku sem var formlega samþykkt hér í þinginu eftir að lánsfjárlögin voru afgreidd. Þannig þarf engum að koma á óvart þó að nokkuð hafi verið farið fram úr við framkvæmd lánsfjáráætlunar.

Hins vegar bendi ég á það, að ef litið er á lántökur ríkissjóðs er niðurstaðan heldur í plús. Ríkissjóður hefur sem sagt tekið 57 millj. kr. minni fjárhæð að láni í A-hluta framkvæmdir en átti að gera samkvæmt lánsfjáráætlun. Aftur á móti hefur hann tekið 28 millj. kr. meiri upphæð að láni í B-hluta framkvæmdir. Heildarniðurstaðan er því sú, að hann hefur tekið 29 millj. kr. minni lán en ráð var fyrir gert. Hann hefur því staðið nokkurn veginn við það sem gert var ráð fyrir. En munurinn kemur fyrst og fremst fram hjá þessum þremur aðilum, sem ég nefndi, Landsvirkjun, Járnblendifélaginu og hitaveitum og svo hygg ég að atvinnufyrirtæki hafi tekið allverulega miklu meiri lán gegnum langlánanefnd en ráð var fyrir gert.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en ætla að koma með upplýsingar um þau atriði önnur, sem spurt var um, í meðferð málsins í fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 384). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 384 um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn eru hv. 5. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. e.

Aðaltilgangur frv. er að breyta núgildandi lögum þannig, að tryggt sé að foreldri sem lögheimili eiga hér á landi eigi rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi, hvort sem um er að ræða fólk í launuðum störfum á vinnumarkaði eða utan vinnumarkaðar, og fæðingarorlofsgreiðslur verði jafnháar til allra fæðandi kvenna, en samkvæmt núgildandi lögum er miðað við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. des. 1980, sem breytist ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma, samkvæmt 8. flokki kjarasamninga Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi. Þessi fjárhæð var frá 1. jan. s. l. 10 951 pr. mánuð óskert, en hækkaði 1. mars s. l. um 14.74% í 12 565 kr. pr. mánuð eða er 37 695 kr. í þrjá orlofsmánuði.

Í frv. er lagt til að fella úr gildi ákvæði 16. gr. laganna um að miða fæðingarorlofsgreiðslur við vinnustundafjölda með tilheyrandi vottorðum, með þeim afleiðingum að stór hluti fæðandi kvenna fær samkvæmt gildandi lögum aðeins ⅓ hluta orlofsgreiðslu eða ⅔ hluta greiðslu. Í frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að barnsburðarvottorð frá lækni verði nægjanleg sönnunarskylda til greiðslu fæðingarorlofs.

Með lögum um fæðingarorlof, sem samþykkt voru á Alþingi 19. des. 1980 og tóku gildi 1. jan. 1981, var vissulega gerð mikilvæg breyting á lögum um almanna-

tryggingar, þar sem ákveðið var að hverju foreldri með lögheimili á Íslandi verði tryggð greiðsla á fæðingarorlofi. Í athugasemdum með lagafrv. 1980 sagði m. a., með leyfi forseta:

„Tilgangur með fæðingarorlofi er sá að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu, sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldisþáttur, að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Því er rétti til fæðingarorlofs skipt milli fæðandi móður og uppeldisforeldris sé ekki um sömu aðila að ræða, sbr. 13. mgr. Hins vegar þykir rétt að framlengja fæðingarorlof þegar frekari umönnunar er þörf, t. d. við fleirburafæðingar eða í alvarlegum sjúkleikatilfellum barna, sbr. 11. mgr. Starf móðurinnar getur orðið æði umfangsmikið í slíkum tilfellum. Er því rétt að faðirinn fái tækifæri til að leysa hana af hólmi og hann fái yfirleitt tækifæri til að sinna barni sínu nánar."

Þegar frv. var til meðferðar hér á Alþingi 1980 gerði ég þær helstar athugasemdir við frv., að óeðlilegt væri að upphæð fæðingarorlofs væri ekki sú sama til allra fæðandi kvenna án tillits til tekna eða beinnar þátttöku á vinnumarkaði, og vísaði þar til aðaltilgangs laganna, sem ég tilfærði hér áður. Ennfremur vísaði ég til þess hrópandi óréttlætis gagnvart heimavinnandi konum sem mætti hafa hér um langt mál. Ég benti einnig á þá miklu skriffinnsku sem fylgja mundi vottorðum og sönnunarskyldu vegna atvinnuþátttöku, sem væri alger óþarfi þar sem barnsburðarvottorð læknis væri að sjálfsögðu aðalatriðið og aðalsönnunin.

Ég féllst á við meðferð málsins hér á Alþingi í des. 1980 að draga til baka þá brtt. sem ég hafði kynnt um málið, þar sem ljóst var að nauðsyn bar til að flýta afgreiðslu málsins fyrir áramótin 1980—1981 í tengslum við samkomulag ríkisstjórnarinnar við launþegasamtökin í landinu, sem lögðu aðaláherslu á málið vegna fólks í stéttarfélögum á vinnumarkaði.

Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, hafa rækilega komið í ljós þeir erfiðleikar við framkvæmd laganna sem ég benti á í umr. um þetta mál 1980. Það koma sífellt upp deilur um vottorð um atvinnuþátttöku kvenna, þar sem jafnvel 5—10 klukkustundir skipta máli um hvort viðkomandi kona á rétt á ⅓ hluta eða ⅔ hlutum eða óskertum fæðingarorlofsgreiðslum.

Það hafa komið upp deilur og eru deilur um mat á vinnu við ýmis heimastörf t. d., sem unnin eru af konum í tengslum við atvinnu eða opinber störf, svo sem vélritun í heimahúsum, jafnvel kökubakstur, saumaskapur, ýmiss konar heimilisiðnaður, svo eitthvað sé nefnt, hvernig á að meta þetta í klukkustundum, sem skiptir sköpum um það, hvað viðkomandi á að fá háar orlofsgreiðslur. Hvernig á að meta störf kvenna t. d. í landbúnaði? Engar matsreglur eru til um vinnutíma við ýmis slík tilfelli.

Viðkomandi ráðuneyti hefur ekki enn treyst sér til að gefa út reglugerð um þessa flóknu framkvæmd laganna. Í dag ríkir sem sagt margs háttar og flókin vottorðagjöf og skriffinnska og hrópandi óréttlæti varðandi þetta mikilvæga mál.

Mér þykir rétt að geta þess, að utan við gildandi lög um fæðingarorlof standa samkvæmt sérsamningum konur í Bandalagi háskólamanna, konur í Sambandi bankastarfsmanna og konur í BSRB, sem hafa þriggja mánaða óskert kaup í fæðingarorlofi samkvæmt sérsamningum í þessum samtökum.

Þegar lögin um fæðingarorlof voru til meðferðar hér á Alþingi haustið 1980 kom fram nokkuð hörð gagnrýni frá ýmsum félagasamtökum kvenna, sem töldu hrópandi óréttlæti að allar fæðandi konur hefðu ekki sama rétt til orlofsgreiðslu. Það mætti í þessu sambandi endurtaka, sem ég benti á við þær umr. hér í þessari deild 1980, þá furðulegu þögn sem var um málið frá ýmsum aðilum, ekki síst jafnréttisráði, forustusveit kvenna í kvenréttindabaráttu. Það vakti athygli við meðferð málsins á Alþingi að frá þessum aðilum heyrðist ekki eitt einasta orð, hvorki með né móti þessu mikilvæga máli. Við sem bentum á þetta óréttlæti við afgreiðslu málsins urðum í minni hluta og við urðum að beygja okkur fyrir yfirlýsingu og samkomulagi, sem ríkisstjórnin hafði gert við kjarasamninga, og þeirri yfirlýsingu, sem lögð var fram frá hendi hæstv. ríkisstjórnar, sem undirrituð hafði verið 27. okt. 1980.

Aðilar vinnumarkaðarins héldu fast fram að þessi ákveðna breyting ætti fyrst og fremst við konur á vinnumarkaði. Síðan þetta hefur gerst hafa ýmis samtök kvenna látið fara frá sér ályktanir um þetta mál. Ég minni á undirskriftasöfnun meðal samtaka kvenna, undirskriftasöfnun á fæðingardeildum, greinar og erindi í fjölmiðlum og víðar.

Ég get ekki stillt mig um að lesa hér upp úr athyglisverðri grein, sem birtist í Morgunblaðinu 10. febr. s. l., eftir Margréti Matthíasdóttur, þar sem hún ræðir ýmislegt óréttlæti í þjóðfélagi okkar. Með leyfi hæstv. forseta vil ég aðeins grípa niður í þessa ágætu grein. Þar nefnir hún þriðja dæmið í þessu óréttlæti og segir svo, með leyfi forseta:

„Þriðja dæmið, sem mér finnst þó almesta hneykslið, það fjallar um fæðingarorlof. Því er þannig varið, að ef ég el barn í þennan heim, kona sem er húsmóðir og hefur ekki of mikið af peningum, þá væri ég metin þurfa 3 300 kr. á mánuði í þrjá mánuði frá Tryggingastofnuninni.

Vinkona mín, sem ynni úti hálfan daginn til að drepa tímann og hefði þar með fengið úthlutað svolitlum láglaunabótum, hún ætti því pínulítið meira af peningum en ég, hún væri metin þurfandi fyrir 6 600 kr. á mánuði í þrjá mánuði frá tryggingunum.

Önnur vinkona mín, sem ynni úti allan daginn fyrir góðum tekjum og væri auk þess gift hálaunamanni og hefði þess vegna nægt fé milli handa, hún er dæmd þurfandi fyrir 9 900 kr. á mánuði í þrjá mánuði frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta var ákveðið í sölum Alþingis Íslendinga."

Svo spyr hún: „Hver þessara þriggja kvenna, sem allar væru að vinna sama verk fyrir þjóðarbúið, sem sagt að geta af sér nýjan þjóðfélagsþegn, munduð þið álíta að þyrfti hæstu greiðsluna, sú sem engin laun hefur eða hálaunamanneskjan?"

Fyrir nokkrum dögum birtist einnig í sama blaði áskorun á alþm. um að breyta fæðingarorlofslögum frá 166 konum, bæði konum á fæðingardeild Landspítalans og fleiri. Þar er viðtal við konu, sem er húsmóðir og bóndakona í sveit, og hún segir svo, með leyfi forseta:

„Ég hygg að ég mæli fyrir munn margra með því að halda því fram að með þessari löggjöf sé hlutur heimavinnandi húsmæðra lítils virtur. Það er í rauninni algjör fjarstæða að draga konur þarna í dilka eftir stöðu. Það er réttlætismál að fá þessu breytt, enda snertir þetta

stóran hluta íslenskra kvenna. Mér finnst það því ekki stórhöfðinglegt af alþm., þegar þeir semja þessi lög, að flokka konur svona í þrennt. Allar konurnar eru jú að fæða af sér nýja skattborgara fyrir íslenska ríkið og það veit enginn nema það verði betri skattborgarar sem alast upp hjá henni mömmu sinni, sem er heima, heldur en þeir sem alltaf þurfa að vera á dagheimili".

Og í lok greinargerðarinnar, þar sem hún er búin að rekja vottorðin, vinnustundirnar o. s. frv. segir hún:

„Ég skil alls ekki þessa útreikninga. Samkvæmt þeim eru húsmæður aðeins taldar vinna 515 dagvinnustundir eða minna. Það nær ekki tveimur stundum á dag. Ég býst við að fæstar húsmæður skilji þessa útreikninga. Bóndakona fær ⅔ fulls orlofs, það fékkst víst í gegn með einhverjum erfiðismunum, en húsmóðir fær aðeins ⅓ orlofs. Mér þykir þetta alveg fráleitt. Og ég veit það sjálf, hve mikið bóndakonur þurfa að vinna. Þær þurfa að vinna mikið meira en 516—1000 dagvinnustundir á ári. *Á meðan heimilið hefur jafnmikið að segja fyrir* þjóðfélagið og raun ber vitni, þá á ekki að mismuna konunni sem vill vera heima. Og við vitum hversu mikilvægur skerfur hennar er í uppeldinu."

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrisdeild, nam greiðsla fæðingarorlofs árið 1982 76 millj. 468 þúsund og 800 kr. vegna 4 266 fæðinga, sem skiptust þannig samkvæmt ákvæðum laganna:

Í 1. flokki, óskertar þriggja mánaða greiðslur, 2 401 fæðing, sem gerir 55 379 876 kr. Í 2. fl., þær sem fá ⅔ hluta, 853 fæðingar, sem gerir 13 257 293 kr. Í þriðja lagi, þær sem fá aðeins ⅓ hluta, þ. e. heimavinnandi konur, 1 012 fæðingar sem fá 7 831 653 kr.

1. jan. s. l. var fæðingarorlofið sem hér segir miðað við mánuð: Óskert 10 951 kr., til þeirra sem fá ⅔ hluta 7 301 kr. og til þeirra sem fá aðeins ⅓ hluta 3 650 kr.

Herra forseti. Ég skal ekki taka of mikinn tíma. Mér er fullkomlega ljóst að verulegt fjármagn þarf til að jafna þennan mun. Ég hef reynt þessa dagana að fá nákvæmar upplýsingar um það, hvernig fjárstreymið til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins, miðað við 20 gr. laganna, kemur inn til Tryggingastofnunarinnar frá atvinnurekstrinum. Eins og allir vita greiða atvinnurekendur 2% af greiddum vinnulaunum í lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins, en ríkið fjármagnar á móti. Því miður hefur ekki tekist að fá þessar upplýsingar nákvæmar. Það kemur inn á það, sem áður hefur verið rætt hér, að ákaflega erfitt er að fá nægjanlega greið svör við því hvernig fjárstreymið er bæði inn og út úr þessari mikilvægu stofnun okkar, Tryggingastofnun ríkisins. Þar af leiðandi er ekki hægt að gera sér grein fyrir því hvernig þessi mál standa í raun og veru hvað afmarkaðar fjárhæðir varðar.

Hér er um að ræða réttlætismál, sem er út af fyrir sig stórmál, ekki síst hvað varðar viðurkenningu á réttarstöðu heimavinnandi móður. Hér er um að ræða mál sem að mínu mati hefur þýðingarmikið gildi fyrir uppeldi barna, sem aldrei verður metið til fjár. Það væri full ástæða til að taka upp í þjóðfélaginu umræður sem eingöngu snerust um heimavinnandi konur, hlutverk þeirra, húsmæðranna, sem uppalenda barna okkar og gildi fjölskyldulífs yfirleitt. Þetta er mál sem þarf að taka miklu fastari tökum og ræða miklu meira opinskátt manna á meðal en gert hefur verið til þessa.

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að nefna í leiðinni að það væri á vissan hátt hægt að rökstyðja það að þessi leiðrétting á fæðingarorlofi gæti ef til vill dregið úr fóstureyðingum hér á landi. Á s. l. ári voru framkvæmdar um 600 fóstureyðingar á Íslandi. Það er vissulega óhugnanlega há tala í okkar litla þjóðfélagi. Félagslegar aðgerðir, sem dregið gætu úr þessari óheillavænlegu þróun, eru af hinu góða.

Í sambandi við það kemur einnig upp í hugann að fjöldi fólks er á biðlista ár eftir ár eftir því að fá að ættleiða börn erlendis frá. Félagslegar aðgerðir eins og hér er um að ræða, jafnt til allra fæðandi kvenna, gætu vissulega orðið til að fjölga fæðingum hér á landi og leysa ef til vill að einhverju leyti það vandamál, sem hér er nefnt.

Það er skoðun mín, að þriggja mánaða fæðingarorlof með óskertri greiðslu til allra fæðandi mæðra hafi heillavænlega þýðingu fyrir heilbrigt fjölskyldulíf hér á landi. Því skora ég á hv. alþm. að veita þessu máli *brautargengi á yfirstandandi þingi.*

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nauðsynlegt að það sé rifjað upp, að þegar ákvörðun var tekin um fæðingarorlof fyrir fáeinum árum var þar um að ræða mjög stórt og þýðingarmikið skref til réttarbótar og félagslegra framfara í þessu landi, sem kostaði verulega fjármuni. Ég minnist þess, að þegar ég flutti um það tillögu í ríkisstjórninni á sínum tíma að ríkisstjórnin stæði að því að fæðingarorlof yrði tekið upp þótti mönnum nóg um kostnaðinn í fyrstu, enda er það auðvitað ljóst að kostnaður við framkvæmd þessa er verulegur. Það verða engar félagslegar úrbætur tryggðar í landinu öðruvísi en að menn séu tilbúnir að greiða kostnaðinn af þeim umbótum. Það verður hins vegar ekki gert nema með því að menn afli til þess skatta eða spari annars staðar fyrir þessum umbótum. Þetta vil ég leggja áherslu á og minna á, herra forseti, að ekki er um að ræða fyrst og fremst að ágreiningur hafi verið um það hér í hv. Alþingi hvort vera ætti meiri réttur eða minni, heldur hefur það ekki verið þannig að menn væru tilbúnir að afla aukins fjár til að kosta þessi auknu mannréttindi, sem hér er verið að tala um, og það er auðvitað grundvallaratriði.

Í sambandi við þetta mál er einnig nauðsynlegt að það verði rifjað upp, að þegar fæðingarorlofið var ákveðið var það fyrst og fremst hugsað sem orlof frá vinnu þannig að móðirin sérstaklega gæti verið lengur frá atvinnu úti á hinum almenna vinnumarkaði hjá barni sínu. Þetta var grundvallaratriðið. Það var þess vegna sem menn sögðu sem svo: Kona sem vinnur heima og er yfirleitt heima hefur auðvitað talsvert aðrar aðstæður en hin, sem er og verður að vera úti á vinnumarkaðinum. Þess vegna var fyllilega eðlilegt að byrja á að tryggja réttindi þeirra kvenna sem voru úti á vinnumarkaðinum.

Ég held að það sé í rauninni mikið álitamál í þessu efni, ef á að stíga fleiri skref til réttindabóta á þessu sviði, sem er ekki nokkur vafi í mínum huga, hvort á að stíga næsta skref í þá átt að auka greiðslur til þeirra kvenna, sem eru heimavinnandi, eða hvort það á að auka greiðslur til þeirra kvenna, sem eru úti á vinnumarkaðinum, þannig að þær geti verið lengur en þrjá

mánuði hjá börnum sínum. Mér finnst að það sé ekkert sjálfgefið mál að við tökum næsta skref í þessu efni eins og hér er verið að tala um. Ég held að það sé nefnilega eitt það brýnasta í okkar samfélagi að við stuðlum að því að mæður geti verið hjá börnum sínum fyrstu mánuðina undanbragðalaust. Einn gallinn á framkvæmd þessara laga, að mínu mati, hjá okkur og í lögunum sjálfum hefur verið sá, að réttur feðranna til að vera hjá barninu hefur verið túlkaður þannig, að hann skerti um leið rétt móðurinnar, þannig að hún skilaði hluta af sínum rétti til föðurins. Það hefur að mínu mati ekki verið nærri nógu gott því að það er auðvitað algjör lágmarkstími að kona geti verið þrjá mánuði hjá barni sínu inni á heimili eftir barnsburð og þurfi ekki að fara út á vinnumarkaðinn á þeim tíma.

Ég held sem sagt að þetta séu grundvallaratriði, sem við verðum hér að ræða, um leið og ég undirstrika að vitaskuld ber okkur að stíga skref í þá átt að þróa þetta áleiðis og okkur ber að taka hugmyndum af þessum toga jákvætt, en við verðum að muna, að til að koma þeim í framkvæmd verðum við að afla til þess fjár, og um það eru hv. flm. mér vafalaust sammála.

Í sambandi við það atriði, sem hv. flm. ræddi sérstaklega, að þetta gæti stuðlað að fækkandi fóstureyðingum, er vonandi að þetta gæti gert það, en hitt er aftur annað, að þó að það séu nefndar háar tölur varðandi fóstureyðingar hér á landi eru fóstureyðingar á Íslandi mun lægra hlutfall en t. d. í grannlöndum okkar, þannig að munar verulega. Ég fór mjög rækilega yfir þessar tölur allar í umr. hér á Alþingi fyrir 1 eða 1½ ári. Þar kom fram að fóstureyðingar eru hér sem betur fer mun færri en annars staðar. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því og átta okkur vel á því, að eftir að réttur til fóstureyðinga var aukinn með lögum fyrir nokkrum árum fjölgaði þeim vitaskuld fyrst til að byrja með nokkuð frá því sem áður hafði verið, en síðan hefur hlutfall fóstureyðinga verið svipað um nokkurra ára skeið. (**Forseti:** Nú er forseti farinn að ókyrrast og hefur tekið sleggju sína. Vill hann fresta fundi.)

Já, herra forseti, ég hef senn lokið máli mínu og ætla ekki að tefja þessa umr. neitt, en ég vildi skjóta þessum atriðum að vegna þess að ég kom inn í salinn um það leyti sem hv. frsm. var að ljúka máli sínu. Ég tel að við eigum að fara rækilega og vandlega yfir þetta mál og athuga allar hliðar þess sem best.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð í sambandi við frv. um fæðingarorlof, sem ég mælti hér fyrir.

Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það sem hann sagði í þessum umr. Ég legg áherslu á það, að ég vona að ég hafi ekki misskilið hæstv. ráðh. og hann sé á sama máli og flm. um að það þurfi að gera leiðréttingu á þessum lögum og það sé ekki óeðlilegt að sú leiðrétting, sem gert er ráð fyrir, felist í þessu frv.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara að tefja þinghald með því að halda langa ræðu um þetta frekar en ég gerði í framsögu minni. Það er sannfæring mín og hefur verið frá fyrsta degi að þetta mál kom inn á Alþingi, 1980, eftir yfirlýsingu ríkisstj. í sambandi við kjarasamninga við verkalýðshreyfinguna, að hér væri um að ræða mál sem væri þess eðlis að leiðrétta þyrfti og það væri í hæsta máta óeðlilegt að allar konur hér á landi hefðu ekki sama rétt á fæðingarorlofi, bæði að tímalengd og upphæð fæðingarstyrks eða fæðingarorlofs. Þetta er bjargföst trú mín og ég hélt því fram við umr. 1980. Síðan hef ég verið að fylgjast með framkvæmd þessara mála.

Eins og ég rakti hér í framsögu hef ég fengið upplýsingar um hvernig þetta hefur verið í framkvæmd. Það hefur sífellt aukist óánægja í landinu með framkvæmd þessara mála jafnhliða því að Tryggingastofnun ríkisins, sem annast framkvæmd þessara laga, kvartar undan því og er í sífelldum vandræðum út af því, hvernig á að úrskurða ýmis deilumál, sem upp koma um réttindi fólks við þessa orlofstöku, sem er nákvæm staðfesting á þeirri gagnrýni sem ég hélt fram við lagasetninguna 1980.

Ég gæti rakið mörg dæmi um þetta, sem ég þekki. Persónulega hef ég fylgst með hvernig þetta óréttlæti virkar. Ég hef sjálfur fylgst með konu sem vann úti. Hún átti tvö börn. Hún sá að hún gat ekki samvisku sinnar vegna annað en verið heima og annast um uppeldi þeirra og hætti þess vegna í vel launuðu starfi á vinnumarkaðinum og fór heim og annaðist sín börn og sitt heimili. Síðan átti hún þriðja barnið. Þá fékk hún, eins og lögin gera ráð fyrir, aðeins ⅓ orlofsgreiðslu. Í sama stigagangi var önnur kona — vinkona hennar — sem hafði hinn háttinn á. Hún vann áfram úti, ekki fullt starf heldur óreglulegt starf, og setti sín börn á dagvistarstofnun. Hún átti einnig barn um svipað leyti og hin og tók sitt orlofsfrí, en fékk fulla greiðslu, eins og lögin gera ráð fyrir. Þarna var strax komið sláandi dæmi um þetta atriði málsins.

Ég tel ekki ástæðu til að rökstyðja þetta nánar. Ég er búinn að gera það í minni framsögu. Það kemur raunar fram í frv. Það kemur fram í tilgangi laganna. Það kemur fram í þeim rökstuðningi sem ég hef fylgt fram í sambandi við málið.

Ég hef einnig ástæðu til vegna orða hæstv. félmrh. að undirstrika þær hugleiðingar mínar, sem ég lýsti og eru til umhugsunar, um áhrif slíkra félagslegra aðgerða á þann óhugnanlega fjölda fóstureyðinga sem skýrslur t. d. s. l. árs sýna að fara fram hér á landi. Upplýst er að á s. l. ári voru framkvæmdar yfir 600 fóstureyðingar. Ég hefði talið eðlilegt að sami réttur til fæðingarorlofs mundi e. t. v. draga eitthvað úr þessari þróun. Ég stend fast við að það er mín skoðun að svo geti orðið. Að sjálfsögðu er ég ekki með þessu að segja að það eigi að banna fóstureyðingar eða fara í þær umr. Ég lagði þetta aðeins fram sem hugleiðingu um að aukinn félagslegur réttur á þessu sviði mundi leiða til góðs á öðrum sviðum, sbr. þetta atriði sérstaklega.

Ég vil svo segja það eins og er, að auðvitað er mér ljóst að þetta eykur útgjöld Tryggingastofnunarinnar eða það þarf aukið fjármagn til að gera þessa réttarbót.

Ég hef rætt það í umr. um fjárlög ríkisins eða fjárlagagerðina að mér hefur fundist og finnst að það sé ástæða til að hugleiða á hvern hátt er hægt að gera upplýsingastreymi í gegnum Tryggingastofnun ríkisins meira, betra og nákvæmara en er í dag. Ég sagði frá því við fjárlagagerð 1982 að okkur var tjáð í fjvn. að ekki væri hægt að gefa upplýsingar frá mánuði til mánaðar um alla þætti í útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins vegna þeirrar einföldu ástæðu að upplýsingar um t. d. fjárhag eða fjárstreymi sjúkrasamlaga landsins kæmu ekki inn í Tryggingastofnunina fyrr en mörgum mánuð-

um á eftir, þannig að þessar upplýsingar lægju alls ekki á borðinu. Ég hafði hins vegar fljótlega fengið upplýsingar um það sem ég rakti hér í framsögu í sambandi við útgjöld vegna fæðingarorlofs 1982. (Gripið fram í.) Ég get upplýst hv. fyrirspyrjanda um þetta atriði, hv. 7. þm. Reykv. Ég fór inn í Tryggingastofnun ríkisins, fór beint í tölvudeild stofnunarinnar, og fékk þessar upplýsingar nákvæmar. Það tók mig ekki nema 15 mínútur.

Hins vegar ætlaði ég að fá aðrar upplýsingar, sem mér þóttu forvitniverðar í sambandi við þetta stóra mál. Ég ætlaði að fá upplýsingar um hvað mikið fjármagn hefði komið inn í Tryggingastofnun ríkisins samkv. 20. gr. almannatryggingalaga, þ. e. út úr því framlagi sem atvinnureksturinn í landinu greiðir í lífeyristryggingarnar, 2% af greiddum vinnulaunum. Þessar upplýsingar gat ég ekki fengið, en mér var vísað í fjmrn. Í gærdag og aftur í morgun óskaði ég eftir því við fjmrn. að fá þessar upplýsingar. Ríkisbókhaldið var ekki með þessar upplýsingar á reiðum höndum. Þess vegna get ég ekki sagt það, sem ég ætlaði að segja hér, hvað þessar tekjur eru miklar eða gegnumstreymið í lífeyrisdeild tryggingganna, en það mundi varpa ljósi á hvað hér er um mikið fjármagn að ræða. Ríkissjóður er skyldugur til að greiða það sem á vantar. Skilgreining á þessari fjárhæð er mjög nauðsynleg þegar við ræðum um svona mikilvægan útgjaldaþátt í almannatryggingum.

Samt sem áður tel ég að hér sé um það mikið réttlætismál að ræða að ég get ekki fallist á að það sé neitt óeðlilegt við að við tökum upp umr. um það hér á Alþingi að leiðrétta óréttlætið, sem raunverulega allir ættu að vera sammála um. Þess vegna legg ég svo ríka áherslu á að þetta mál fái framgang hér á hv. Alþingi. Hér er verið að gera leiðréttingu á óréttlæti sem hefur alvarlegar afleiðingar. Við eigum að stuðla að því að efla fjölskyldulífið og við eigum að stuðla að því að gera hlut heimilanna og þá um leið heimavinnandi mæðra, húsmæðra á Íslandi, stærri, skapa þeim þann sess sem þeim ber í þjóðfélaginu og þær verða að hafa í þjóðfélaginu. Það hefur það mikið uppeldislegt gildi fyrir börn okkar að ekki verður metið til fjár.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af orðum hv. þm. Alexanders Stefánssonar, 1. þm. Vesturl. Ég vil ekki að það sé nokkur minnsti möguleiki á að mistúlka það sem ég sagði áðan og að það sé alveg skýrt hvað þar var átt við. Það er þetta:

Þegar möguleikar eru á að auka fjárframlög til fæðingarorlofs ber jafnframt að taka ákvörðun um hvert þeir peningar eiga fyrst og fremst að fara og hvert er nauðsynlegast að þeir fari. Það er um þrjá möguleika að ræða að mínu mati:

Sá fyrsti er sá hópur sem nefndur er hér, þ. e. heimavinnandi húsmæður. Annar er einstæðar mæður, sem eru útivinnandi. Ég tel að sá hópur hafi þarna algjöra sérstöðu vegna þess að staða hans sé erfiðari en flestra, ef ekki allra, annarra. Þriðji hópurinn er þær konur sem úti eru á hinum almenna vinnumarkaði. Ég er ekki að nefna þessi mál hér í mikilvægis röð, heldur bara til að undirstrika það, að þegar við tökum ákvörðun um að auka útgjöld til fæðingarorlofs eigum við að horfa á þessa mynd alla.

Í sambandi við það sem hér var rætt áðan og væntanlega í framsöguræðu hv. 1. þm. Vesturl., hvernig um framkvæmdina hefur tekist til, þá er það eins og gengur með nýjungar, að það tekur vafalaust tíma að koma þeim í sæmilegt lag og gera það þannig að skaplegt sé, og verður þó aldrei svo að öllum líki. M. a. hefur auðvitað verið rætt og deilt um með hvaða hætti þetta hefur verið framkvæmt, sérstaklega gagnvart bændakonum. En í þeim efnum hef ég lagt á það áherslu að haft væri samráð og samband við Stéttarsamband bænda. Við höfum reynt að meta þetta með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir um vinnuframlag kvenna í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. Nú höfum við enga aðra heimild til viðmiðunar í þessu efni, en ég þekki það mætavel sjálfur að vinnuframlag bændakvenna er stórkostlega vanmetið í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. En þetta er sú eina opinbera heimild sem við í rauninni höfum í þessu efni til að styðjast við. Og þegar við eru að undirbúa setningu reglugerðar um þessi efni munum við leggja á það höfuðáherslu að taka alveg sérstakt tillit til þeirrar reynslu sem fengin er varðandi stöðu kvenna í sveitum, auk alls annars.

Ég fagna því alveg sérstaklega að þetta frv. og þessi mál eru hér til umr. Ég tel að það sé ákaflega þýðingarmikið að við ræðum þessi mál og reynum að fara mjög vandlega og samviskusamlega yfir þau í okkar hóp. Ég dreg ekkert úr því. En ég vil aðeins að við reynum að líta yfir allt sviðið og áttum okkur á því, hvernig staðan er í heild í framkvæmd þessara mála, því að í þeim efnum liggja allar upplýsingar fyrir. Ég hef nýlega fengið skýrslu um framkvæmd fæðingarorlofs frá því að stofnað var til þess í upphafi samkv. núgildandi lögum, þannig að þar liggja allar upplýsingar fyrir í þessum efnum.

En, herra forseti, erindi mitt í stólinn að þessu sinni var aðeins að skýra það ögn betur, sem ég sagði hér áðan, vegna þess að mér fannst að hugsanlega hefði hv. flm. misskilið eitthvað af því. Til að koma í veg fyrir þann misskilning kvaddi ég mér hljóðs á nýjan leik.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hlýddi á mál hæstv. heilbr.- og trmrh., þar sem hann ræddi um þetta frv., og því miður varð mér ekki ljóst hvort hann er stuðningsmaður þess eða hvort hann ætlar að leggjast gegn því, og mæltist hann þó sérstaklega til þess að mál hans yrði ekki misskilið. Ég vænti þess því eindregið að hann tali það skýrt um málið að það liggi ljóst fyrir. Þetta mál er mikið réttlætismál, og það vekur undrun ef það er tilfellið að heilbrmrh. hikar við að veita því stuðning.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil minna á það, vegna þeirrar umr. sem hefur farið fram um þetta mál, að þegar lögin voru samþykkt 1975 um fæðingarorlof, sem að vísu var þá frv. til l. um breyting á atvinnuleysistryggingum, þá var sett bráðabirgðaákvæði, sem var um það, að fyrir 1. jan. 1976 skyldi ríkisstj. láta kanna á hvern máta mætti veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Það var sem sagt í upphafi ætlun Alþingis að þetta næði fram að ganga, að allar konur í landinu fengju sambærilegt fæðingarorlof, þ. e. 90 daga samtals.

Nú er komið árið 1983 og ekki hefur tekist að ná þessu marki. Ég tel að það sé kominn tími til að allar konur fái þennan rétt, eins og ætlast var til þegar þetta mál var tekið upp hér á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, frv. (þskj. 373, n. 419). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af fjórum þm. og er um heimild handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen. Þessi heimild er með þeim hætti, að það er farið fram á að ríkisstj. ábyrgist allt að 50 millj. kr. lán gegn tryggingu, sem fjmrn. telur fullnægjandi, enda liggi fyrir samþykki fjvn.

Nm. í fjh.- og viðskn. Nd. töldu eðlilegt að samþykkja þetta heimildarákvæði, enda er framkvæmd þess falin fjmrn. og fjmrh. og síðan mun fjalla um það fjvn. Alþingis, áður en ábyrgð verður að veruleika, og meta hvort viðkomandi tryggingar teljast gildar eða ekki.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt, en einn nm., Ingólfur Guðnason, skrifar undir álitið með fyrirvara.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls bar ég fram fsp. til hv. 1. flm. þessa frv. varðandi það, hvort ekki kæmi til greina að hollensk stjórnvöld tækju á sig hluta af þeirri peningalegu ábyrgð sem hér um ræðir. Mér finnst ennþá, eins og mér fannst þá, að hérna sé á ferðinni talsvert hættuspil, þegar ríkisvaldið ætlar að leggja fram ríkisábyrgð fyrir 50 millj. kr. og veðið sem er tekið er í skipi sem er á kafi í sandi.

Ég bar fram þessa fsp. að gefnu tilefni og ég spurði þá einnig — og fékk að hluta til svör — um það, hvernig væri háttað þeim tryggingamálum, sem getið er í grg. með frv., þar sem er sagt að það sé unnt að tryggja alla verkframkvæmdina hjá Lloyd's í London, og minnkar það áhættuna verulega, eins og það er orðað í grg. Ég hef ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um það, hversu langt þessar tryggingar ná. Eru þær fyrir slysum og skakkaföllum eða er það raunverulega tryggt, eins og mætti ætla í grg., að ef ekkert skipið fyndist nú hefðu menn tryggingu fyrir því að fá skaðann bættan að einhverju leyti? Ég bar þessar fsp. fram.

Ég held, herra forseti, að mönnum finnist nóg um í þjóðfélagi sem er þjakað af slæmu ástandi efnahagsmála, þyki það nokkuð stór biti að kyngja, að Alþingi samþykki á síðustu dögum sínum þessa ábyrgð án þess að leitað sé leiða til að draga úr því fjármagni sem ábyrgðin er veitt fyrir. Þess vegna bar ég fram þessa fsp. og ég óska eftir að henni verði svarað, þ. e. hvort það komi ekki til greina að hollensk stjórnvöld beri þó ekki væri nema um helming þess kostnaðar sem áætlað er að sé við að grafa skipið upp.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, BÍG, FrS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, HBl, MHM, MB, MÁM, PS, RA, SkA, SteinG, ÞS, SvH.

nei: GS, GHelg, ÓÞÞ, PP, SV, VG.

ÁG, EH, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, StH greiddu ekki atkv.

9 þm. (AG, FÞ, JBH, JÞ, KP, ÓE, PJ, SighB, SvG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þar sem ég hef ekki fengið svör við spurningum mínum varðandi það, hvort hollensk stjórnvöld geti ekki tekið á sig hluta af þeirri fjárhagsábyrgð sem felst í að grafa upp gullskipið úr sandinum, þá get ég ekki greitt atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Týnd og sokkin skip hafa ekki verið talin veðhæf. Ég tel ekki rétt að breyta þeirri hefð og segi því nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Í trausti þess að staðið verði við það, sem segir í 1. gr. frv., að veittar verði tryggingar, sem fjmrn. telur fullnægjandi, svo sem í verðmæti hins bjargaða og söluandvirði skipsins úr landi, enda liggi fyrir samþykki fjvn., og með hliðsjón af þeirri fullyrðingu að Hollendingar vilji mikið fyrir þetta skip gefa, þá þykir mér rétt að heimildin sé í öllu falli veitt, hvað svo sem verður um notkun hennar, og segi því já.

2. gr. samþ. með 15:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:5 atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 369, n. 395, 396). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd fjh.- og viðskn. Nd. fyrir 208. máli, sem kemur fram á þskj. 369, en flm. eru Albert Guðmundsson og fríð sveit 12 þm. úr öllum flokkum, sem þar fylgir. Að vísu er þarna ekki fulltrúi frá Bandalagi jafnaðarmanna, en ég geri frekar ráð fyrir að það sé vegna þess að honum hafi ekki verið boðið að skrifa upp á till. eða mistök hafi orðið hvað það snertir en það standi á efnislegri afstöðu þess hv. þm.

Hvað er það svo sem þetta frv. fjallar um? Þetta frv. fjallar um það, að tekjuskattsstofn manna, segir í þskj. 369, sem látið hafa af störfum vegna aldurs, skuli lækkaður um helming við útreikning skatts af tekjum sem þeir hafa aflað sér síðustu 12 mánuði starfstíma síns. Þessu fylgir svo stutt grg.

Nefndin tók þetta mál fyrir og leitaði umsagnar manna sem ég hygg að séu algerlega óumdeildir, annars vegar deildarstjóra í fjmrn., Árna Kolbeinssonar, sem þykir manna vísastur í lögum, hvort sem eru skattalög eða önnur, og hins vegar ríkisskattstjóra. Í samráði við þá, og reyndar útbúið af þeim, er lagt til að orðalag frv. verði á annan veg, þó efnisatriði séu þau sömu. Þeir leggja til í samráði við nefndina, sem nefndin gerir síðan að sínu, að í staðinn fyrir að breyta tekjustofnalögum verði þessi breyting tekin inn í 30. gr. skattalaganna, sem fjallar um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnureksturs, þ. e. þarna yrði miðað við atvinnutekjur, en

ekki tekjur sem kæmu af atvinnurekstri eða öðru.

30. gr. er um frádráttarliði. Þetta er A-liður 30. gr., sem er löng og mikil grein. 1. liður er um að skyldusparnaður manna á aldrinum 16—25 ára o. s. frv. sé frádráttarbær frá skatti. Síðan eru talin upp átta atriði sem eru frádráttarbær frá tekjum utan atvinnurekstrar. Brtt. frá n. orðist svona:

„Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr tölul. er verði 9. tölul. og orðist svo:

Helming tekna samkv. 1. tölul. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tölul. þessa stafliðar, [þ. e. ef það væru aðrir lögbundnir frádrættir] sem maður hefur aflað á síðustu 12 starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.

Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur samkv. 1. mgr. þessa tölul. við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

2. Á eftir 1. mgr. frv. komi tvær nýjar greinar er verði 2. og 3. gr. Jafnframt verði 2. gr. frv. 4. gr. þess. Greinarnar orðist svo:

a. (2. gr.) 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í stað frádráttar samkv. D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum samkv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. og 9. tölul. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.

b. (3. gr.) 7. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður.“

Þetta þýðir að helmingur af atvinnutekjum þeirra manna, sem hætta störfum vegna aldurs, er dreginn frá. Síðan njóta þeir t. d. 10% skattafrádráttar að eigin vali, eftir að búið er að draga helming tekna þeirra frá.

Síðan kemur að sjálfsögðu 2. gr. í frv. óbreytt: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1983 af tekjum ársins 1982.“

Breytingin er að felldur er niður 7. tl. 1. mgr. 66. gr. Þar skyldi taka til greina umsókn manna um skattalækkun. Eru taldir upp nokkrir liðir, veikindi o. s. frv., og síðast: „ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.“

Þarna er verið að gera afdráttarlaust bindandi, skýrt og ákveðið, að helmingurinn af tekjum þeirra sem hætta störfum sökum aldurs skuli dreginn frá skatti.

Það þarf ekki að fara um þetta mörgum orðum. Menn þekkja þann vítahring sem menn komast í. Þetta er oft ærið kvíðvænlegt ár. Yfirleitt stórlækka tekjur manna þegar þeir komast á eftirlaun og ellilífeyri. Það er meginreglan.

Reynslan hefur verið sú af 66. gr., að þeir sem fyrst og fremst hafa notfært sér hana eru menn sem kunna verulega á skattakerfið. Ég er ekki að segja að heimildinni hafi ekki verið beitt ef sótt hefur verið um lækkun samkv. 66. gr., en ég hef orðið áberandi var við það meðal almennings, að menn sem ekki eru vel að sér í skattalögum hafa ekki athugað sinn rétt í þessu.

Í frv. og brtt. n. er skýrt og hreint helmingur af tekjum síðasta árs dreginn frá skattskyldum tekjum þegar menn láta af störfum, áður en lagt er á tekjurnar.

Nauðsyn ber til að þetta fljúgi í gegnum þingið, því að ríkisskattstjóri leggur á það áherslu að hann þurfi að auglýsa þessa breytingu mjög rækilega, þannig að menn sem látið hafa af störfum geti komið til viðkomandi skattstofu upplýsingum um að þeir hafi látið af störfum. Ef einhver vafi leikur á, maður fari kannske í annað starf, fæst þessi frádráttur ekki nema einu sinni.

Það sem unnið er með þessu er að þessi mál eru orðin hrein og skýr með samþykkt þessara tillagna. Það á ekki að vera efni í andvökunætur eða kvíðvænlegt að menn séu komnir í ákveðinn vítahring þegar þeir láta af störfum. Þeir eiga óskiptan og lagalegan rétt til að helmingur tekna þeirra sé dreginn frá. Aðra frádráttarliði, eins og 10%, eiga þeir að sjálfsögðu líka. Misnotkun á ekki að geta átt sér stað, vegna þess að það er bundið niður með þessum lagagreinum að maður eigi bara rétt á þessum frádrætti í eitt skipti og búið.

Ég vona og held að ég megi fullyrða að vilji þm. sé í þá átt að létta sköttum af mönnum þegar þeir láta af störfum, tekjur þeirra hrapa niður o. s. frv. Í þessum brtt., sem nefndin flytur, liggja fyrir lagagreinar samdar af færustu skattamönnum og þá þarf þetta ekki að orka tvímælis. Ég er sannfærður um að ríkisskattstjóri þarf að auglýsa þetta vel til að þetta komist til almennings. Ég er sannfærður um að meginþorra fólks finnst þetta réttlætismál og eðlilegt að slík ákvæði séu lögfest og séu lögfest á þann hátt að málin séu hrein og klár, það eigi ótvíræðan lagalegan rétt á að fá felldan niður helminginn af sínum tekjum til skatts síðasta starfsárið sem það vinnur. Ég vona að hv. þm. séu nefndinni sammála í að afgreiða þetta mál fljótt og vel.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þar sem ég var einn af flm. þessa frv. og þar sem hv. 1. flm., Albert Guðmundsson 3. þm. Reykv., er fjarverandi og hefur lögmæt forföll vildi ég þakka fjh.- og viðskn. þessarar deildar sérstaklega fyrir hvað hún hefur brugðist skjótt við í þessu mikilvæga máli og hvað hún hefur afgreitt það á jákvæðan hátt. Sannleikurinn er sá, að hér er um að ræða stórmál. Ég hygg að flestir þm. hafi oft orðið varir við að það sækir mikill kvíði að eldra fólki þegar starfsævinni lýkur einmitt vegna skattamálanna, og það er enginn vafi á að það er stór hópur eldra fólks í þessu þjóðfélagi sem pínir sig til að vinna lengur en það raunverulega getur, einungis vegna áhyggna yfir því að það geti ekki lokið við að greiða skatta sína fyrir síðasta starfsárið. Þess vegna er hér um mikið réttlætismál að ræða.

Ég ítreka þakkir mínar til n. fyrir það, hve hún hefur brugðist skjótt við, og ég vænti þess, að við í þessari deild verðum sammála um að afgreiða þetta mál bæði skjótt og vel svo að það geti gengið til Ed. og orðið að lögum á þessu þingi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins betrumbæta þær þakkir, sem hv. þm. sem hér var að tala, Birgir Ísl. Gunnarsson, var að flytja, og þakka þeim flm. sem stóðu að flutningi þessa frv.

Ég þekki nokkuð til þess vandamáls sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson minntist á í framsöguræðu sinni. Þetta er eitt af þeim málum sem komu upp í umræðum í sambandi við hugsanlegar lagabreytingar til hagsbóta fyrir aldrað fólk á liðnu ári, en þá var, eins og hv. þm. er kunnugt, mikil umræða um málefni aldraðra vegna þess að árið var tileinkað málefnum aldraðra í

landinu.

Ég vil sem sagt taka undir þakkir hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar til nefndarinnar, sem hafði með málið að gera, og ég vil líka lýsa sérstakri ánægju og þakklæti í garð þeirra fjölmörgu hv. þm. sem höfðu forgöngu um að flytja þetta mál á þingi. Ég tek svo sannarlega undir það með þeim, sem hér hafa talað, að við munum reyna að standa að því að koma málinu sem fyrst áleiðis til Ed. þannig að það verði að lögum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal lýsa því strax að ég er því miður ekki nógu vel kunnug þessu frv. og síst af öllu þeim breytingum sem nú hafa verið til umr., en ég treysti mér ekki til að greiða þessu atkv. fyrr en ég fæ svör við nokkrum spurningum og hlýt að gera það með dæmi.

Eftir því sem mér hefur skilist fær hver sá sem orðinn er sextugur, hættir að vinna einhvern tíma á miðju ári, sjálfkrafa helming tekna sinna skattfrjálsan, og nú bið ég fjh.- og viðsknm. að leiðrétta mig ef þetta er vitleysa. Nú er mér fullkunnugt um að fjöldi kvenna og karla í landinu tapar ekki svo miklum tekjum þó að þau hætti að vinna. Þau hafa lífeyrissjóðstekjur, sem slaga verulega upp í þær tekjur sem þau höfðu. Ég vil nefna dæmi. Fólk sem komið er á ellilífeyri og hefur einnig lífeyrissjóðstekjur hækkar í mörgum tilfellum í tekjum, t. d. Iðjufólk og aðrir slíkir. Hálauna-ríkisstarfsmenn, svo að við förum nú upp á toppinn, — ég er ekki að segja að það fólk skipti máli, það er ekki svo margt, — getur hækkað í tekjum. Og ég hlýt að spyrja: Er það eðlilegt að þetta sé svona sjálfgefið? Ég tel það orka meira en tvímælis. Sannast sagna hef ég töluverða reynslu af undanþágum frá skatti í þessum tilvikum. Ég hef orðið vör við það í mínum störfum að heimildin sem í gildi hefur verið er notuð undantekningarlaust. Það kann að vera rétt, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði hér áðan, að fólk hafi ekki alltaf áttað sig á að þessi heimild væri til, en áreiðanlega í öllum þeim tilfellum sem fólk vissi um hana og fór þess á leit við sveitarstjórnir og ríkisskattstjóra að beiðni um skattalækkun yrði afgreidd, var orðið við því.

Ég skal síst af öllu koma í veg fyrir að frv., sem bætir í einhverju hag aldraðs fólks, nái fram að ganga, en þó held ég að mér beri skylda til, samvisku minnar vegna, að spyrja þessara spurninga, hvort þetta sé ekki of afgerandi, ef menn t. d. lækka alls ekki í launum við það að hætta að vinna. Og ég væri þakklát fyrir að menn mér kunnugri þessum málum svöruðu því, því að ég skal fúslega játa, eins og sjálfsagt kemur fyrir fleiri alþm. en mig, að ég kemst ekki yfir að þrautkanna hvert einasta mál, sem hér kemur í þingsal, og síst af öllu flókin skattafrv., svo að ég hlýt að óska eftir svörum við þessu áður en ég treysti mér til að greiða atkv.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Vegna orða síðasta hv. ræðumanns, þá kemur þetta nú ekki sjálfkrafa. Það er talað um að menn þurfi að taka það fram á sínu skattframtali, hvenær þeir vilja njóta þessa. Það kemur ekki sjálfkrafa. (Gripið fram í.) Þeir þurfa að taka það fram á framtölum sínum hvenær þeir telja sig hætta vinnu og hvenær þeir vilja njóta þess arna.

Ég held að það sé nú ekki tilfellið að einhverjir hækki í launum, nema þá hæstaréttardómarar eftir gömlu reglunni. Opinberir starfsmenn ná yfirleitt ekki nema 60% af dagvinnutekjum. Eftir því sem við förum lengra og lengra út í það að hafa aðrar tekjur en dagvinnutekjur, allra handa uppmælingu, akkorð og aukavinnu, fasta aukavinnu og lausa aukavinnu, rýrna þessi 60% alltaf meira og meira. Ég þykist vita að opinberir starfsmenn almennt fái ekki nema kannske 40%, þó að þeir hafi unnið í 30 ár, af raunverulegum tekjum. Ég tel þetta frv. mjög þýðingarmikið og skora á þessa hv. deild og hv. Ed. að afgreiða málið á þessu þingi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil benda á, svo að þessar aths. mínar valdi ekki misskilningi, að allar bætur almannatrygginga eru skattskyldar. Dæmin sem ég tók varða t. d. fólk sem orðið er 67 ára. Það hefur um 5 þús. kr. á mánuði, hygg ég það nálgist núna, í tekjutryggingu og ellilífeyri. Síðan kemur venjulegast lífeyrissjóður stéttarfélagsins, og þessar tekjur samanlagðar eru vissulega hærri en 8 tíma dagvinna í mörgum tilvikum. Ég átta mig ekki alveg á hvort þetta þýðir þá, að bætur almannatrygginga, sem slíkur maður t. d. nýtur, séu eftir sem áður skattskyldar.

Ég viðurkenni að ég er hreint ekki örugg í þessu máli, en ég vil aðeins leyfa mér að vara við að þessu máli sé hespað hér í gegn. Þetta er mjög nýtt mál hér í þinginu. (**Forseti:** Atkvgr. verður frestað til morguns a. m. k.) Það er gott að heyra það, herra forseti.

Ég vil benda á mér til afsökunar fyrir að vera að þvæla málið hér að þetta er mjög nýtt mál í þinginu, það er 208. mál, og hefur verið afgreitt af óvenjulegum hraða í hv. fjh.- og viðskn., svo að ekki sé meira sagt, þannig að ég óska eftir því að fá að skoða þetta mál, þó ekki sé nema til morguns eins og hæstv. forseti hefur hér tekið fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 241, n. 394). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur rætt þetta mál á fundum sínum og leitað umsagna og komist að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykki frv., en þrír nm. voru að vísu fjarstaddir.

Ég vil sérstaklega geta um skilning okkar nm. á því hvað felst í skilgreiningunni „ofbeldiskvikmynd". Í frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„„Ofbeldiskvikmynd" merkir í lögum þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir."

Við í menntmn. teljum að þetta orðalag sé nægilega skýrt til þess að það taki til svokallaðra klámkvikmynda. Við teljum að þar sé um misþyrmingar á mönnum að ræða og teljum að slíkar kvikmyndir rúmist innan þeirrar skilgreiningar sem hér er gefin á orðinu „ofbeldiskvikmynd".

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Við teljum sem sagt að það sé mjög nauðsynlegt að ákvæði af þessu tagi komi í lög. Reynslan hefur sýnt það. Síðar meir má svo koma við lagfæringum á 1. gr. ef þurfa þykir.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil

leyfa mér að þakka hv. menntmn. fyrir góða og skjóta afgreiðslu þessa máls og vænti þess að hv. þd. geti orðið við þeirri till. n. að málið verði samþykkt hér í Nd. og gangi sína leið.

Ég vil taka það fram, eins og ég gerði þegar ég flutti framsöguræðu fyrir þessu máli, að vissulega er hér um mjög alvarlegt mál að ræða, þegar til þess ráðs er gripið að hvetja til ákveðins banns á slíkum kvikmyndum, vegna þess að það er nokkurn veginn sannað mál að þessar kvikmyndir, sem hér er um að ræða, hafa mjög ill uppeldisleg áhrif á börn og jafnvel eldra fólk sem þær sér. Ég held því að það sé mikil nauðsyn að grípa inn í þetta.

Hitt vil ég reyndar taka fram, að það er mjög alvarlegt í sjálfu sér að þurfa að grípa til slíkrar ritskoðunar, ef svo má til orða taka. Vissulega er þetta „sensúr", eins og það heitir á útlendum málum, en eigi að síður kann það stundum að vera eðlilegt að beita slíkri hörku í lagaframkvæmd. En ég vil taka það fram, að með þetta vald verður vissulega að fara af mikilli gát, og það má alls ekki líta svo á, að hér sé verið að fara út í að ritskoða kvikmyndir af engu tilefni. Ég vil að það komi mjög skýrt fram, enda veit ég að hv. menntmn. er mér sammála um það. Ég hef lagt á það mikla áherslu að hér hlýtur að vera um undantekningaratriði að ræða, en eigi að síður hef ég fallist á þau rök, sem fram hafa komið í ítarlegum viðræðum margra áhugaaðila og uppalenda hér í landinu þar sem ég hef verið viðstaddur, að það sé nauðsynlegt að grípa til kvikmyndaskoðunar með þessum hætti.

Ég vil minna á að kvikmyndaskoðun er engan veginn nýtt fyrirbæri í okkar landi né í öðrum löndum. Það má segja, að hér sé aðeins um nýja útfærslu á beitingu slíkra ákvæða að ræða í raun og veru. Við höfum haft hér um margra áratuga skeið eftirlit með kvikmyndum, en hins vegar er það eftirlit með þeim hætti að það nær aðeins til ákveðinna kvikmynda í raun. Má segja að það nái eingöngu til þeirra kvikmynda eða bíómynda sem sýndar eru almennt í kvikmyndahúsum, en ekki nær þetta til sjónvarpskvikmynda, því að sjónvarpið hefur sjálft verið talið hafa vald á því hvaða myndir eru þar sýndar eða á þess vegum. En það sem þetta snertir fyrst og fremst er vídeóefnið, sem farið er að berast í stríðum straumum til landsins. Mjög mikið af því efni er óneitanlega menningarsnautt efni og greinilega verið að leitast við að sýna myndir sem eingöngu eru framleiddar og sýndar til að ala á ofbeldishneigð eða þar sem eingöngu er sóst eftir því að sýna ofbeldið ofbeldisins vegna. Ég fagna því að sjálfsögðu að hv. nefnd hefur tekið vel í þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt hér í Nd. og það megi halda áfram allt til enda og verða að lögum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vildi aðeins að þau sjónarmið kæmu fram við þessa umr., að ég er einn af þeim sem er og vil vera og tel að við eigum að vera ákaflega feimin í öllum slíkum lagasetningum, þar sem verið er að leggja til boð og bönn. Ég undirstrika þó, að mér er fullkunnugt um að hér er átt við mjög sérstakt vandamál, þ. e. að vegna algerra tækninýjunga í því sem kallað hefur verið vídeó hafa komið inn í landið eftirlitslaust og hafa verið sýndar börnum og unglingum kvikmyndir af því tagi að vitaskuld mundu ekki teljast boðlegar undir nokkrum kringumstæðum í tengslum við neitt það sem siðmenning getur kallast. Vegna þessara sérstöku aðstæðna og vegna þess að tæknibylting hefur farið fram má út af fyrir sig leiða að því gild rök, eins og bæði hv. frsm. og hæstv. menntmrh. hafa raunar gert, að hér sé um tímabundna nauðsyn að ræða.

En engu að síður, vegna þess og til undirstrikunar því hvað þessar brautir geta verið hættulegar, og þegar menn eru að setja lög af þessu tagi hafa þeir í huga tilteknar kvikmyndir, margar reyndar, sem eru víst svo andstyggilegar að orð fá vart lýst, mega menn aldrei gleyma að lagasetning af þessu tagi felur í sér hættur. Einhverjir menn, hugarins gamalmenni, sem oft eru, á öllum aldri, fara þá að skilgreina orðið „ofbeldi" víðar en ætlun er með löggjöfinni þegar hún er sett. Ekki skal ég þó efast um góðan hug eða þá nauðsyn sem vakir fyrir bæði rn. eða starfsmönnum á þess vegum, sem þetta frv. hafa tekið saman, og eins þeim hv. nm., sem fyrir því mæla.

Ég vil skjóta því hér inn, að eftir á að hyggja tel ég að hið háa Alþingi hafi seilst nokkuð langt þegar það ekki alls fyrir löngu setti lög til varnar þjóðsöngnum. Eins og hér kom fram við þá umr.: Hvert erum við þá komin ef við ekki næst förum að setja lög til varnar Passíusálmunum og svo áfram?

En ég viðurkenni þó um leið þetta frv. Þar er verið að taka á tilteknum vanda. Menn hafa tiltekið efni í huga þegar lögin eru sett. Hvergi skal úr því dregið að það er beinlínis viðurstyggilegt, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Mundi ég þó telja æskilegt að vandlega væri athugað milli 2. og 3. umr. þessa máls, ef um það næðist samkomulag, hvað hér er verið að fjalla um hættulegt prinsip, þó að það vefjist ekki fyrir nokkrum manni að hin tímabundna nauðsyn er til staðar, hvort ekki sé skynsamlegt einmitt í málum af þessu tagi, að um leið og lögin eru sett sé í þeim ákvæði um að þau vari t. d. til fimm ára, að lögin falli úr gildi að fjórum eða fimm árum liðnum og hv. Alþingi þurfi þá að endurnýja lögin, ef ástæða þykir til.

Við vitum að það er með lögin í landinu eins og félagsmálakerfið í landinu. Það hefur innbyggða tilhneigingu til íhaldssemi og sjálfsvarnar. Við því er út af fyrir sig ekkert að segja. En ég mundi halda að þessi aðferð, sem menn hafa nefnt „sólarlagsaðferð", eigi nákvæmlega við í máli af þessu tagi, um lög sem eru sett vegna tímabundinnar nauðsynjar. Þó að hér sé orðað, eins og í lögum er, með almennu orðalagi hafa menn tiltekið og ákveðið efni í huga, en þar kemur að ástæður þess að lögin voru sett kunna að gleymast. Eftir stendur lagabókstafurinn kaldur og ber og menn fara að skilgreina hann í nefndum og ráðum og teygja hann býsna langt og miklu lengra en nokkurn tíma var ætlast til.

Ég vildi því mega ræða það við nm. og hæstv. ráðh. milli 2. og 3. umr., hvort um það gæti ekki orðið gott samkomulag að einmitt í máli af þessu tagi yrðu þessi lög sett, en jafnframt kveðið svo á í 5. gr. eða gildistökugr. að lögin féllu úr gildi að tilteknum tíma liðnum, en telji menn á þeim tíma og það Alþingi sem þá situr ástæðu til að endurnýja lögin í þessari mynd eða í annarri mynd geri Alþingi það á þessum tíma.

Það kom bæði fram hjá frsm. Halldóri Blöndal og eins hjá hæstv. menntmrh. að hér er ekki verið að setja almennt bann. Við skulum aðeins huga að því um leið hvað ofbeldi er. Hér hafa verið sýndar kúrekamyndir

áratugum saman, sem vitaskuld eru ekki ofbeldislausar. Menn eru þó ekki að tala um slíkt. Menn eru að tala um allt annað, eins og öllum er auðvitað kunnugt um. En hér gætum við laganna vegna farið út á hættulegri og aðrar brautir en fyrir þeim, sem lögin setja nú, vakir.

Það er þetta, herra forseti, sem ég vildi koma á framfæri að því er þetta varðar og fá a. m. k. vel athugað á milli 2. og 3. umr., hvort einmitt í lagasetningu af þessu tagi sé ekki skynsamlegt að fara að með þessum hætti.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Við í menntmn. Nd. töldum að þörfin á slíkri lagasetningu væri svo brýn að við vildum með öllum hætti greiða fyrir því að málið næði fram að ganga.

Ég vil bæta því við, að ég sé engan tilgang í því að fara að setja lög til fimm ára eða svo, jafnvel þó að þau séu þess efnis sem þetta frv. er. Á þýðingu og gildi þessa frv. mun reyna stöðugt, og það er engin hætta á að þeir menn, sem hafa atvinnu af því að selja mönnum alls konar dægurkvikmyndir sér til framfæris, muni ekki vera vakandi ef þeim finnst að eftirlitið sé of strangt. Sömu sögu held ég að megi segja af samtökum listamanna, ef til þess kæmi að myndir sem teldust hafa listrænt gildi væru bannaðar. Ég held því að í praxís muni mjög reyna á þessi lög, þau verði mjög undir eftirliti.

Ég held líka að Alþingi hafi annað við tímann að gera en vera stöðugt að samþykkja sömu lagabálkana upp aftur og aftur á fimm ára fresti. Mér hefur aldrei fundist það virkilega sniðugt. En ef menn eru í þeim hugleiðingum að reyna að finna upp á einhverju nýju og vekja athygli á sér með þeim hætti er það alveg sársaukalaust af minni hálfu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Um þingsköp.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil gera athugasemdir við það, hvernig forseti fer í dagskrána. Hér hafa verið tekin fyrir mál, sem eru nr. 211 og 208 og hafa þau fengið forgangshraða bæði í gegnum deildina og hv. fjh.- og viðskn. Hér er einnig á dagskrá deildarinnar mál sem er nr. 14 og er komið hér til 2. umr. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann ætli að leiða hjá sér það mál sem er með lægsta númeri á dagskránni og er komið til 2. umr. og hefur verið hér á dagskrá til 2. umr. í nokkra daga. (**Forseti:** Ekki aldeilis. Þetta mun koma fyrir næstnæst.)

Tónskáldasjóður Íslands, frv. (þskj. 114, n. 380). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 380 um frv. til l. um Tónskáldasjóð Íslands, sem hv. þm. Halldór Blöndal, ásamt meðflytjendum frá öllum flokkum, hefur flutt.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Inntak þess er að stofnaður skuli Tónskáldasjóður Íslands, sem veita skal framlög til tónsmíða, starfslaun fyrir þá sem að tónsmíðum vilja vinna, en jafnframt til útgáfu íslenskrar tónlistar á hljómplötum, snældum og nótum og til kynningar á íslenskri tónlist innanlands og utan. Gert er ráð fyrir að á fjárlögum hvert ár verði veitt í sjóðinn eigi lægri fjárhæð en sem samsvarar tíföldum meðalárslaunum menntaskólakennara, eins og þau eru á hverjum tíma.

Ég hygg að við þurfum ekki að ræða mikið um nauðsyn þessa máls. Öllum er ljós sú gróska sem verið hefur í tónlistarlífi Íslendinga nú á síðustu árum. Bæði tónskáld og tónflytjendur hafa vakið athygli meðal þjóða sem eiga aldagamla hefð í þeim efnum að baki. Það nægir t. d. að nefna að á s. l. ári var frumflutt ný íslensk ópera, sem vakti verulega athygli, ekki bara hér heima heldur jafnframt erlendis, Silkitromman, eftir Atla Heimi Sveinsson. Fjölmargar þjóðir hafa beðið um að fá þetta verk til flutnings og raunar þá uppfærslu sem sýnd var hér, en ekkert fé er til slíkrar kynningar.

Ég vil benda á að á hverju ári hefur verið varið verulegu fé og þó að margra mati hvergi nærri nógu til svokallaðra listamannalauna. Nú hefur það gerst eftir umræður í mörg ár að úthlutunarnefnd listamannalauna varð sammála um að álykta að þessi heiðurslaun, eins og þau heita nú víst, verði lögð niður. Menn geta hugsað sér hve mikið gagn það er list í landinu að tugir listamanna fá, eins og var nú, 7500 kr. eða 15 000 kr. til að vinna að list sinni. Slík fjárveiting er auðvitað gjörsamlega út í hött og kemur fæstum að nokkru gagni.

Ég vil geta þessa vegna þess að ég vænti þess að hæstv. menntmrh. láti skoða hvort ekki sé rétt að verja þessu fé á annan hátt.

Menntmn. Nd. hefur fjallað um þetta mál, frv. til l. um Tónskáldasjóð Íslands, og hefur orðið einróma sammála um að mæla með samþykkt þess. Hins vegar tókum við ekki eftir þegar við afgreiddum málið, sem var flutt snemma á þinginu, að svo segir í 2. gr.: „Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1983." Það er auðvitað óraunhæft að láta það ártal standa þarna. Ég hef rætt við formann nefndarinnar og við höfum orðið ásátt um að nefndin flytji skriflega brtt. við frv. sem hljóði svo:

„1. málsliður 2. gr. verði:

Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1984."

Ég held að það sé óeðlilegt að gera fjárveitinguna afturvirka þegar gengið hefur verið frá fjárlögum. Ég vænti þess að hv. deild taki þessa breytingu til greina.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta mál kom fyrir þingið síðla, ef ég man rétt, á síðasta þingi og var þá flutt af sömu flutningsmönnum. Þá sagði ég nokkur orð um þetta frv. og hafði ekki annað en allt jákvætt um það að segja og geri það enn.

Hér hefur það borið nokkuð á góma í ræðu hv. frsm. menntmn. að listamannalaunin kunni að vera úrelt. Ég er frsm. alveg sammála um að svo sé, og ég held að það sé mjög mikil nauðsyn einmitt að taka þau mál til athugunar, vegna þess að listamannalaunin, eins og þau eru nú og hafa reyndar verið, hafa verið stórlega gagnrýnd af úthlutunarnefnd nú nýlega. Það er hverju orði sannara að þau geta varla átt langa lífdaga úr þessu. Ef ég man rétt kom ég einmitt inn á þetta atriði, þegar umr. fóru fram um þetta mál í fyrra, að það væri full ástæða til að taka til endurskoðunar laun listamanna og hvernig listamenn hljóta styrki eða laun af

opinberu fé. Ég held sem sagt að það sé kominn tími til þess að það verði gert. Þetta frv. og ýmis fleiri, sem fram hafa komið, stefna í þá átt að slík endurskoðun eigi sér stað. En vafalaust mun eðlilegt að þessi mál verði endurskoðuð skipulega, og að því mun ég einmitt hyggja og ekki síst eftir að hafa fengið þá miklu gagnrýni á úthlutun listamannalauna frá nefnd þeirri, sem Alþingi hefur kosið til þeirra hluta, nú alveg nýlega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 14, n. 371). — Frh. 2. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég óskaði eftir því að fjmrh. yrði við til að svara spurningum, sem til hans yrði beint vegna þessa máls, en hann hefur nú kosið að víkja af fundi. (**Forseti:** Má ég leggja tillögu fyrir hv. ræðumann? Við 3. umr. verður þess sérstaklega gætt, og hv. deild fær tíma kl. 2 á morgun, að hæstv. fjmrh. verði við og hv. þm. fái svör við fyrirspurnum sínum.)

Ég mun verða við tilmælum forseta og halda áfram ræðu minni. En þær spurningar sem vakna við lestur þessa frv. eru: Í fyrsta lagi hvort það sé eðlilegra að ákvæði um stuðning við tannviðgerðir séu í skattalögum eða almannatryggingalögum. Hér er út af fyrir sig um grundvallarspurningu að ræða. Það hlýtur að vakna hjá hverjum manni sú hugsun, hvort það sé sanngjarnt að þeir sem greiða tekjuskatt skuli sleppa betur við greiðslur gagnvart tannlæknakostnaði en þeir sem minna mega sín í þjóðfélaginu og greiða ekki tekjuskatt. Ég held þess vegna að það hljóti að vera eðlilegt að það viðhorf fjmrh. komi fram hér, hvort hann telur að sá háttur, sem lagt er til að sé á hafður, sé sá rétti í þessum efnum.

Ég minnist þess, að í umr. á Alþingi á liðnum vetri, þegar rætt var um undanþáguheimild gagnvart þeim sem þurfa að leggja í sérstakan kostnað til að koma nemendum í skóla á grunnskólastigi, kom það fram hjá ráðh. að hann lagðist mjög harkalega gegn því að undanþáguákvæðin yrðu notuð, og í viðræðum við hann hefur komið fram að hann telur að það eigi frekar að greiða kostnað þennan beint úr ríkissjóði, þannig að allir njóti, hvort sem þeir greiða tekjuskatt eða ekki. Mér sýnist að hér hljóti að gilda það sama. Ef samfélagið tekur þá ákvörðun að það eigi að taka þátt í greiðslu tannlæknakostnaðar fæ ég ekki séð að það sé eðlilegt að það mál verði afgreitt á þann veg að samfélagið taki aðeins þátt í greiðslu tannlæknakostnaðar ef menn greiða tekjuskatt, en sá hópur, sem er fyrir neðan skattamarkið, greiði tannlæknakostnað sjálfur.

Ég óska eindregið eftir því að fjmrh. svari þessum spurningum áður en þetta mál fer út úr sölum þingsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útvarpsrekstur, frv. (þskj. 79). — Frh. 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Þessu máli var frestað á fundi sem það var rætt á. Þá stóð þannig á, að hæstv. menntmrh. var á Norðurlandaráðsfundi og ég bað um það að hæstv. forseti, sem þá réð ríkjum hér í hv. Nd., frestaði málinu til þess að hæstv. ráðh. fengi tækifæri til að svara fsp. sem ég beindi til hans.

Ég hef þegar flutt framsöguræðu fyrir málinu. Málið er endurflutt. Í fyrra þegar það var flutt í fyrsta skipti flutti ég ítarlega ræðu um málið. Nú er komið í ljós að útvarpslaganefnd, sem hæstv. ráðh. skipaði sjálfur til að endurskoða útvarpslögin, hefur skilað áliti — gerði það í okt. í haust í frv.-formi. Þar er komið til móts við sjónarmið sjálfstæðismanna, en þá vill svo til að frv. kemur ekki fram á hinu háa Alþingi, þótt formaður útvarpslaganefndar sé Markús Á. Einarsson flokksbróðir hæstv. ráðh. Síðan gerist það fyrir fáeinum dögum að saksóknari sækir mál á hendur Video-son, en ef ný lög hefðu verið í gildi má ætla að fyrirtæki á borð við Video-son hefði fengið rekstrarleyfi til sinnar starfsemi. Það vekur jafnframt athygli, að aðeins er stöðvuð starfsemi Video-son, en ekki samsvarandi fyrirtækja úti á landi. Ennfremur vil ég láta það koma fram hér og nú, að til mín hafa hringt ýmsir aðilar utan af landi, þar á meðal frá Hellissandi, og bent mér á að ef þetta frv. yrði að lögum gæfist tækifæri til að senda út sjónvarpsefni þráðlaust með miklu ódýrari hætti en gert er með kapalsjónvarpi, enda stendur þannig á á Hellissandi að byggðakjarninn er í þrennu lagi.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. geri grein fyrir því, hvernig á því standi að frv. það sem hæstv. menntmrh. lét útbúa liggur enn í skrifborðsskúffu ráðh. og hvort ætlunin sé að leggja það fram á hinu háa Alþingi, hvort hann sé sammála efnisatriðum frv. og, ef hann vildi vera svo góður að gera skýra grein fyrir því, hvernig á þessari málsmeðferð stendur.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er rétt, að útvarpsmálin í landinu hafa verið mjög til umræðu undanfarin ár og vissulega hefur það sjónarmið komið fram mjög skýrlega hjá allstórum hópi manna og stækkandi hópi að ýmsar breytingar þurfi að gera á útvarpslögum, sem þó eru reyndar ekki nema um 10 ára gömul. Það er víst hverju orði sannara að lög úreldast oft á skömmum tíma og ég hef ekki farið neitt dult með það, að ég tel að þó að útvarpslögin hafi reyndar verið góð á sinni tíð, fyrir um 10—12 árum, vel úr garði gerð á þeim tíma og á ýmsan hátt betri en þau sem áður giltu, sé vafalaust og áreiðanlega komið að því að endurskoða þurfi þessi lög. Ég hef tekið undir þá almennu skoðun. Og ég beitti mér fyrir því eftir að ég varð ráðh., mun hafa verið á árinu 1981, að kveðja til og stjórnskipa tiltekna nefnd til að fara yfir útvarpslögin og gera tillögur um breytingar á þeim lögum eða semja ný útvarpslög ef svo vildi verkast.

Það er rétt, að þessi nefnd vann rúmlega eitt ár og skilaði áliti sínu í okt. 1982. Í þessari nefnd voru fulltrúar allra stjórnmálaflokka og það voru í henni auk þess fulltrúar frá Ríkisútvarpinu sjálfu. Þessi nefnd skilaði allítarlegu áliti og þar á meðal ákveðnum tillögum, þ. e. drögum að nýjum útvarpslögum.

Ég skal ekki fara efnislega út í þetta. Þetta er mál sem menn nauðaþekkja reyndar og ekki ástæða til að fara mikið út í þetta nú. Ég vil að það komi líka fram, að þegar ég fékk þetta álit í hendur leist mér á margan hátt

vel á þær hugmyndir sem þar komu fram, og ég hef áreiðanlega látið það eftir mér hafa opinberlega, og hvað þá um þrengri hópa, að ég teldi að þetta frv. væri þess eðlis að það væri vel frambærilegt og full ástæða til þess að það sæi dagsins ljós hér í þingsölum.

Hitt er svo annað mál, að það hefur orðið dráttur á því að ég flytti frv. Ég vil gjarnan greina frá því hver ástæðan er til þess að sá dráttur hefur orðið. Hún er einfaldlega sú, að ég hef sem pólitískur ráðh. og sem partur af flokki og ríkisstjórn talið mér skylt að bera mig saman við mína flokksmenn og mína samþingismenn og samráðherra mína, þá sem starfa með mér í ríkisstjórninni.

Að sjálfsögðu hefur þetta mál verið kynnt öllum þingflokkum og menn vita hvað í þessu frv. stendur. Þetta mál var rætt mjög ítarlega á flokksþingi framsóknarmanna, sem haldið var í vetur, og það hefur einnig verið rætt í þingflokki framsóknarmanna og ég veit ekki annað en það hafi verið rætt í öllum þingflokkum meira og minna. Og niðurstaðan af þessum umr. hefur satt að segja, og það viðurkenni ég fúslega, ekki verið uppörvandi fyrir mig og þær skoðanir, sem ég kann að hafa látið í ljós, um að í þessu frv. væri margt gott að finna og það væri fullkomlega frambærilegt til framlagningar.

Ástæðan til þess að frv. bíður er einfaldlega sú, að ég tel mig ekki hafa fengið það mikinn stuðning meðal flokksmanna minna né heldur meðal þeirra sem standa saman um ríkisstj. nú með mér að ég teldi mér fært að leggja það fram. Reyndar er það svo, að ég hef ekki fengið, þrátt fyrir eftirgrennslan, samþykki fyrir því að þetta mál verði flutt sem stjfrv. Hitt er svo annað mál, og ég hef reyndar látið það nýlega koma fram, þegar blaðamaður hringdi til mín frá Dagblaðinu nú á dögunum greindi ég honum frá því með almennum orðum, að ég hef ekki mikla trú á því að þetta mál yrði flutt sem stjfrv. Okkar samtal var ekki ítarlegt og ekkert endanlegt í því sem þar kom fram, en ég vil þó geta þess, að ég hef í rauninni aldrei gefið upp vonina um að svo gæti orðið, þótt stutt sé til þingloka, að e. t. v. yrði þetta frv. flutt sem stjfrv., og ennþá er ég með fsp. um það til minna samráðh. og samstarfsmanna í ríkisstj. hvort svo geti orðið. En ég segi það af einlægni hér, að ég er vondaufur um að ég fái heimild til þess að flytja þetta frv. sem stjfrv., hvorki af hálfu minna eigin flokksmanna né heldur af hálfu annarra sem með mér starfa í ríkisstj. Þetta vil ég að komi alveg skýrt og skorinort í ljós.

Hins vegar kemur það til, ef svo til tækist að þetta mál yrði ekki flutt sem stjfrv. í eiginlegum skilningi, að ég flytti það til kynningar í eigin persónu, undir nafni menntmrh. Slíkt kemur auðvitað til greina. Í rauninni eru þessi mál öll til athugunar enn hjá mér, hvaða endanlega úrslit þetta mál kann að fá hér, þó að stutt sé til þingloka.

Þetta var nú held ég meginefni þess sem kom fram í fsp. hv. þm., en ef það er ekki rétt bið ég hann að leiðrétta mig, ef það er eitthvað fleira sem hann vildi spyrja sérstaklega út í. En ég vona að það hafi komið skýrt fram hver sé ástæðan fyrir því að ég hef ekki flutt frv. Hér er um að ræða eðlilega pólitíska ástæðu; tillitssemi við þann flokk sem ég fylli og þá menn sem ég sit með í stjórn. Því hef ég ekki flutt þetta frv., jafnvel þó að það sé heyrum kunnugt að ég tel þetta frv. frambærilegt. Þó að breyta þurfi í því einstökum greinum kannske, orðalagi á stöku stað og einstökum greinum, tel ég að þarna hafi verið unnið mjög gott verk og frv. hefði verið full frambærilegt að flytja hér á þinginu. En ástæðurnar fyrir því gagnstæða eru þær sem ég hef greint.

Ég veit þó ekki hvort ég á að fara efnislega út í þetta. Ég er ekki alveg viss um að við yrðum sammála um allt í sambandi við þessi mál efnislega. Ég er t. d. mjög í vafa um að það sé rétt athugað að Video-son hefði fengið útvarpsrekstrarleyfi ef þetta frv. hefði orðið að lögum. Ég er mjög í vafa um að svo gæti orðið. Á það hefur raunar ekkert reynt. En þar er gert ráð fyrir að tiltekin nefnd veitti slík leyfi og það var ætlunin að sett yrðu ákveðin skilyrði fyrir slíku. Ég er ekki viss um að Video-son hefði uppfyllt þau skilyrði. Auk þess er kannske sitthvað við það að athuga líka og reyndar nokkuð við það að athuga af minni hálfu að fela þetta vald tiltekinni nefnd. Ég held að leyfisveitingin eigi að vera í höndum ráðh., en þá að sjálfsögðu eftir að hafa leitað ráða hjá aðilum af því tagi sem þar er gert ráð fyrir, þ. e. einskonar nefnd sem fjallaði sérstaklega um leyfisbeiðnir. En endanlegt vald hefði að sjálfsögðu átt að vera hjá ráðh., að mínum dómi. En ég vil þó að gefnu tilefni í ræðu hv. flutningsmanns láta í ljós efa minn um að Video-son hefði fengið slíkt rekstrarleyfi. Ég held að það sé mjög mikill vafi að það hefði verið gert.

Ég vænti þess sem sagt að það hafi komið skýrt í ljós hverjar ástæður mínar eru fyrir þessu. Ég hef ekkert legið á því hverjar þær eru. Ég hef bæði lýst mínum eigin hug í þessu sambandi, en jafnframt því, að ég hef talið mér skylt að taka tillit til þeirra manna sem ég starfa annars með hér í hv. Alþingi.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég skal tala örstutta stund.

Það er athyglisvert, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh., að hann virðist vera stuðningsmaður meginstefnu frv. sem útvarpslaganefnd samdi á sínum tíma. Hann lýsir því jafnframt yfir að hann hafi ekki fengið stuðning í ríkisstj. og ekki í sínum flokki. Það þykir mér athyglisvert með tilliti til þess, að Markús Á. Einarsson, formaður útvarpslaganefndar, er einn af varaþm. Framsfl.

Varðandi Video-son vil ég segja það, af því að hæstv. ráðh. efaðist um að þetta fyrirtæki fengi leyfi til að reka sína starfsemi, að samkv. tillögum útvarpslaganefndar eru það sveitarfélögin sem hafa fyrst og fremst ráðstöfunarrétt á slíku og það er á grundvelli afstöðu þeirra sem útvarpsréttarnefnd hefði veitt leyfið. Það liggur fyrir að Reykjavíkurborg hefur samþykkt starfsemi Video-son, sem ugglaust stríðir gegn íslenskum lögum, þannig að það eru miklar líkur á að starfsemin hefði fengið að vera í friði að mínu áliti. En það finnst mér furðulegt, að eftir þrjú ár, sem það fyrirtæki hefur fengið að starfa, skuli, í stað þess að fylgja fram frv., sem hæstv. ráðh. segist vera fylgjandi, saksóknari ríkisins taka upp á því að kæra og hefja málsókn á hendur fyrirtækisins og taka það eitt fyrirtækja sinnar tegundar út úr til að stöðva starfsemi þess.

Þessar yfirlýsingar gera það að verkum, herra forseti, að ég tel afar brýnt að mál það sem hér er til umr. komist til nefndar og fáist á það reynt hvort ekki sé meiri hl. hv. alþm. fyrir málinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 55. fundur.

Fimmtudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók bæði dagskrármálin út af dagskrá.

Neðri deild, 49. fundur.

Fimmtudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Útvarpsrekstur, frv. (þskj. 79). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 384). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 29, n. 333). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 241, n. 394). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 14, n. 371). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. felld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁG, ÁG, GJG, GGÞ, GHelg, HBl, JS, JBH, JÞ, MHM, SvH.

nei: SkA, SV, StH, SvG, VG, ÞS, AS, FÞ, FrS, GS, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA.

SteinG, BÍG, JE, PS greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, GeirH, KP, SighB) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel algjörlega óeðlilegt að setja ákvæði af þessu tagi inn í lög um tekju- og eignarskatt og miklu nær sé að koma til móts við þá, sem þurfa að leita tannlækninga, með öðrum hætti, þ. e. í gegnum almannatryggingakerfið. Spurningin í þessu efni hefur jafnan snúist um það, hvort Alþingi væri reiðubúið að stofna til þeirra útgjalda sem ákvæði af þessum toga hefðu í för með sér. Samkv. því nál. sem fyrir liggur frá heilbr.- og trn. hv. deildar, þá virðist hv. deild reiðubúin til slíks og með tilliti til þess held ég og hef ég talið að það væri eðlilegra að nota fjármunina öðruvísi. Af þeim ástæðum var þetta mál tekið fyrir í ríkisstj. í morgun. Þar var ákveðið að heimila mér að breyta reglugerð um greiðslu sjúkrasamlaga í tannlækniskostnaði á þann veg að endurgreiða hinum tryggðu 20% kostnað við tannlæknaþjónustu, sem er þá viðbót við það sem almannatryggingar þegar greiða í þessu efni. Af þessari ástæðu og fleirum, herra forseti, segi ég nei við frv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Með tilvísan í það, sem hæstv. heilbrrh. hefur hér sagt og upplýst, og með sömu rökum og þeim, sem hann hefur flutt, segi ég nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þetta frv. var flutt til að reyna að létta kostnaði af þeim einstaklingum sem verða fyrir mjög umtalsverðum útgjöldum vegna tannlæknakostnaðar. Það sýnir sig þegar, að það hefur þó haft þau áhrif að knýja ríkisstj. til að grípa til ráðstafana í þessu máli. Ég segi já.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Að mínum dómi er þetta mál vitlaust í flestöllum atriðum sem hægt er að gera vitleysur í. Að mínum dómi er röng aðferð að veita skattafslátt, því hann nýtist ekki fátæku fólki, sem þarf að borga dýrar tannviðgerðir, ef þetta fólk borgar ekki tekjuskatt hvort sem er. Það eru þeir sem fyrst og fremst þurfa á aðstoð að halda. Fyrir utan það er málið auðvitað sett í vitlausa nefnd og allt þar fram eftir götunum. Ég segi nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem einstakir ráðh. fara á bak við Alþingi í sambandi við útgjöld úr ríkissjóði til að reyna að eigna sér tillöguflutning einstakra þm. á hinu háa Alþingi. Ég minnist þess, að í fjárlögum fyrir árið 1983 er aflað heimildar vegna tollaeftirgjafar sem hæstv. fjmrh. veitti á s. l. ári af því að honum var um megn að segja já við frv., sem ég flutti hér í deildinni, og vildi heldur fara aftan að hlutunum. Það liggur nú fyrir að heilbr.- og trn. hefur verið sammála um að fara þessa leið til að mæta kostnaði við tannlækningar. Mér hefði þótt eðlilegt að hæstv. trmrh. hefði sett sín sjónarmið fram þegar málið var til umr. hér í deildinni, sem hann gerði ekki, heldur hleypur aftan að þm. Með hliðsjón af þessu og eins og málið er vaxið segi ég já.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Á síðasta

Alþingi lagði ég fram frv. sem fól í sér 20% þátttöku almannatrygginga í tannlækningum. Þá var ekki fyrir því fylgi að samþykkja slíkt. Nú virðist það vera breytt og það sé fylgi fyrir að samþykkja slíkt. Það er ekki sama hvort þm. flytja mál eða ríkisstj., virðist vera. Ég mun þegar í dag leggja fram þetta frv., fyrst það virðist fá stuðning hér á hv. Alþingi. Þegar ég ræddi um það mál í fyrra ráðlagði hæstv. heilbrrh. mér og taldi að það væri eðlilegra að fara skattaleiðina en greiða úr almannatryggingum. Þessu er hægt að fletta upp í Alþingistíðindum. Ég fór eftir því sem hæstv. heilbrrh. sagði þá og lagði fram þetta frv., og ég segi já við þessu frv., en ítreka að ég mun leggja fram frv. um almannatryggingar strax í dag.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í þessu máli hefur sannast að það er illt að eiga vonda ráðgjafa. Ráðgjöf hæstv. félmrh. frá í fyrra hefur ekki reynst ýkjavel. Hins vegar er það sérstakt fagnaðarefni að hann hefur ekki reynst kvensterkur í þessu máli, og er það ekki í fyrsta sinn sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir knýr ríkisstj. til undanhalds. Ég segi já.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Í skattalögum er heimilt að draga frá kostnað vegna sjúkrakostnaðar, ef hann er verulegur, og ég sé engan eðlismun á því, hvort það er vegna almennra veikinda eða vegna tannviðgerða. Það er sagt að þetta nýtist ekki fátæku fólki. Flestir borga eitthvert útsvar og persónuafsláttur nýtist til þess að borga það, en auðvitað þyrfti að gera ónýttan persónuafslátt útborganlegan, eins og við höfum margoft lagt til, en ekki fengið stuðning annarra þm. með. Ég læt í ljós ánægju mína með að ríkisstj. skuli þó hafa mannað sig upp í að koma þarna til móts við fólk að nokkru leyti, að hluta til í sömu átt og við lögðum til í fyrra. Ég segi já.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það undarlega skeði, að þessu frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt var vísað til heilbr.- og trn. og kom það á óvænt mönnum í þeirri nefnd. Ég er fyrir mitt leyti hlynntur því að greiða hluta af tannlækningakostnaði fólks, en hitt var leiðinlegra atriði að taka þetta inn í skattalög, og vísa ég m. a. í það sem hv. 4. þm. Suðurl. sagði. Ég tel að yfirlýsing og reglugerðarútgáfa heilbr.- og trmrh. hafi komið á móti þessu, þó að ég telji það vera réttari leið að Alþingi taki ákvörðun um slíkt, en ekki ráðh., þegar mál er komið á lokastig. En eigi að síður, hvernig sem farið er að þessu máli, er það nú tryggt, eftir upplýsingum heilbrrh. að dæma, að 20% verða greidd af tannlæknakostnaði. Því tel ég ekki ástæðu til að fara inn á þessa braut eftir það, og segi því nei.

Matthías Á. Mathiesen: Með skírskotun til þess, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, segi ég nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Það virðist vera samstaða um það hér í deildinni að reynt sé að greiða niður tannlæknakostnað fólks. Fjórir hv. þm. Alþfl. leggja til að þeir einir njóti þessara hlunninda sem hafa nægilegar tekjur til þess að þeir greiða tekjuskatt. Ég tel að þetta væri harla ósanngjörn og óeðlileg niðurstaða, og raunar **mikið ranglæti gagnvart láglaunafólkinu í landinu, og er** því algjörlega mótfallinn þessari leið. Ég er hins vegar hlynntur þeirri aðferð, sem heilbrmrh. hefur gert að till. sinni í ríkisstj., en það hefur þar verið samþykkt, að greiða þennan kostnað eftir almannatryggingaleiðinni, og þess vegna segi ég nei.

Frv. þar með fallið.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 369, n. 395, 396). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 396,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, SV, SteinG, AG, ÁG, BÍG, FrS, GeirH, GJG, GGÞ, HBl, IGuðn, JE, JS, JÞ, MHM, MB, ÓE, ÓÞÞ, PS, SvH.

nei: GHelg.

RA, StH, VG, AS, FÞ, GS, HÁ, HG, JBH, PP, PJ greiddu ekki atkv.

7 þm. (SighB, SvG, ÞS, EH, IGísl, KP, MÁM) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hygg, eftir þeim heimildum sem ég hef aflað mér, að samþykkt þessarar till. muni ekki hafa ýkjamikinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, vegna þess að í skattalögum eru nú heimildir til að lækka tekjuskattsstofn manns, sem lætur af störfum, og mér er tjáð að skattstofur og ríkisskattstjóraembættið beiti þessum heimildum þegar við á. Hins vegar er hér gert ráð fyrir því að ákvæði af þessu tagi skuli beitt í öllum tilvikum, án tillits til tekna. Ég er ekki að öllu leyti ásáttur við orðalag þessa ákvæðis eins og það er hér borið fram og greiði því ekki atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á, að verði þetta frv. að lögum er vikið í fyrsta skipti og eina frá þeirri meginreglu skattalöggjafarinnar í landinu að gjaldþol ráði skattagreiðslum manna. Þetta frv. felur í sér, að hver sá sem hættir störfum og fer að taka eftirlaun hafi sjálfkrafa heilming tekna sinna frían frá skatti. Þess vegna munu þeir sem hæst laun hafa í þjóðfélaginu að loknum starfsdegi mest fríðindi fá. Í núverandi skattalögum er heimild til að lækka skatt manna sem lokið hafa störfum, ef tekjur þeirra minnka á því ári, og þess vegna tel ég þessa löggjöf með öllu óþarfa. Þess vegna segi ég, og ég vil ítreka: fyrst og fremst af þessu ástæðum, að gjaldþol manna skal ráða sköttum í landinu. Hér er frá því vikið og því hlýt ég að segja nei.

Brtt. 396,2 (tvær nýjar gr., verða 2. og 3. gr.) samþ. með 21:1 atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 23:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. **með 25 shlj. atkv.**

Tónskáldasjóður Íslands, frv. (þskj. 114, n. 380). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, frv. (þskj. 373). — 3. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ævintýramennska er auðvitað alltaf ágæt og skemmtileg og setur „kultør på livet", eins og sagt er á skandinavískum málum, en það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að ævintýramennska eins og sú, sem þetta frv. fjallar um, sé kostuð af almannafé með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Og það sem meira er: Þetta er heldur ómerkileg leið til vinsældaöflunar, að með almannafé eigi að fara að ábyrgjast og væntanlega greiða fyrir þá starfsemi sem hér um ræðir. Ég vona og vænti þess, að frv. af þessu tagi nái ekki fram að ganga, þó að ekki væri nema vegna fordæmisins sem það hlýtur að fela í sér. (**HBl:** Veit þm. um fleiri gullskip?) Auðvitað er kjarni málsins sá, að það er bæði skemmtilegt og menningarlegt sem þarna er að gerast og kannske skilar þetta árangri, en þetta er verkefni fyrir einstaklinga, ekki almannasjóði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, SteinG, ÞS, AG, BÍG, FrS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, HBl, JÞ, MHM, MB, ÓE, PS, SvH.

nei: SB, StH, VG, AS, FÞ, GS, GHelg, JBH, ÓÞÞ, PP, PJ.

ÁG, HG, IGuðn, JE greiddu ekki atkv.

8 þm. (SvG, EH, IGísl, JS, KP, MÁM, RA, SighB) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það eru miklir erfiðleikar í þessu þjóðfélagi. Það vantar víða peninga til að reka fyrirtæki sem eiga að geta skilað þjóðfélaginu arði. Ég lít svo á, að við höfum allt annað að gera við peninga en að fleygja þeim í 300 ára gamalt strand. (**Forseti:** Og hvað segir svo þm.?) Auðvitað nei.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tek undir sparnaðarviðleitni og ráðdeild á erfiðum tímum. Ég geri ráð fyrir að hv. 4. þm. Suðurl. hafi áttað sig á að þessi vonarpeningur er ekki í Suðurlandskjördæmi, heldur í Austurlandskjördæmi, en þrátt fyrir það tel ég hann allvel geymdan í sandi um sinn og greiði ekki atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. forseti Nd. greiddi atkv. með því við 2. umr. að hægt væri að veðsetja sokkin og týnd skip. Ég óttast mjög um gengi Framkvæmdastofnunarinnar, verði þetta almennt upp tekið, og segi nei.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hér er lagt til að ríkissjóður ábyrgist 50 millj. kr. lán til að leita að horfnu strandgóssi, margra alda gömlu. Við höfum að undanförnu verið að fjalla um undirbúning lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga og þurft þar mjög að skera við nögl, miklu meir en sumum þykir gott við að búa. Við þessar aðstæður sé ég ekki ástæðu til að greiða fyrir lánsfjárútvegun til þessa verkefnis og segi nei.

Sverrir Hermannsson: Forseti ætlar eins og nú standa sakir ekki að deila við skrifara sinn um skipsströnd og þaðan af síður við landlukta Reykhyltinga um skipsströnd á Vestfjörðum og segir því já.

Frv. afgr. til Ed.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 438). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt að beiðni stjórnar sjómannadagsráðs og Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og er efni þess að framlengja heimild þessara aðila til rekstrar happdrættis um 10 ár eða til ársloka 1994.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna var komið á fót með lögum á árinu 1954. Gilti sú heimild í 10 ár, en hefur tvívegis verið framlengd í 10 ár í senn, síðast til ársloka 1984. Vegna framtíðaráætlana er nú sótt um framlengingu í 10 ár, þótt enn sé rúmt ár eftir af heimildinni.

Ágóði af happdrættinu rennur lögum samkvæmt í Byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt er stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna þó að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Ég tel eigi þörf á að rekja hér framkvæmdir þær sem unnið hefur verið að fyrir fé Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Hv. alþm. eru þær kunnar, byggingarnar að Hrafnistu í Reykjavík og í Hafnarfirði. Á Hrafnistu í Reykjavík dvelja nú 380 manns, á vistdeild, hjúkrunardeild, sjúkradeild og hjónagörðum. Á Hrafnistu í Hafnarfirði eru 188 manns, í almennri deild og í hjúkrunardeild. Á báðum stöðum er fjöldi manns á biðlista.

Enn er ólokið ýmsum framkvæmdum við Hrafnistu í Hafnarfirði, svo sem um aðstöðu til endurhæfingar, sundlaug, lóð o. fl. Þar eru og fyrirhugaðar byggingar smáhúsa með litlum íbúðum, sem byggðar verða í samvinnu við ýmsa aðila, verkalýðsfélög, góðgerðarfélög og sveitarfélög. Einnig er þar fyrirhuguð þriðja stóra byggingin, ætluð fyrir almenna vist og aldraða með geðræn vandamál.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja hér frekar fyrirætlanir sjómannadagsráðs. Allar eru þessar áætlanir byggðar á því að samtökin njóti áfram þess stuðnings sem leiðir af rekstri Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Vegna undirbúningsframkvæmda og fjárskuldbindinga er stjórn Sjómannadagsráðs brýnt að fá afgreiðslu á þessu erindi og vænti ég þess, að unnt verði að

afgreiða frv. þetta nú á þinginu, þótt liðið sé mjög á þingtímann.

Ég tek fram að stjórnir sjómannadagsráðs og happdrættisins hafa látið ráðuneytinu í té nokkru gleggri greinargerð en ég hef hér rakið, og er hún að sjálfsögðu til reiðu fyrir þá nefnd sem fær málið til meðferðar. Þá er sjómannadagsráð án efa reiðubúið að láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Fimmtudaginn 3. mars, að loknum 49. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 29). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 241). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það hastar nú mjög í þingstörfum og mál eru afgreidd með óvenjulegum hraða og þar með þetta frv. um bann við ofbeldiskvikmyndum, sem hér var afgreitt frá 2. umr. í gær.

Nú er það etnislega um þetta frv. að segja, eins og hv. þm. vita, að það er flutt vegna sértækra aðstæðna, sem nú eru uppi í samfélaginu, sem sé þær, að það hefur orðið tæknibylting á næstliðnum mánuðum með svokallaðri vídeóvæðingu og, sem mönnum mjög eðlilega hrýs hugur við, að inn í landið hafa flætt og eru bornar á borð fyrir börn og unglinga m. a. allsendis ósæmilegar kvikmyndir. Þetta eru ekki margar kvikmyndir, en allnokkrar, svo sem frá hefur verið skýrt í fjölmiðlum og við höfum fengið upplýsingar um. Það er því ofureðlilegt að frv. eins og þetta sé flutt.

En ég flutti hér í gær viðvörunarorð um það, að öll lög hafa í sér innbyggða íhaldssemi. Þau eru flutt af einhverjum tímabundnum og sértækum ástæðum, alveg eins og þetta frv. er. En ímyndum okkur að að fjórum eða fimm árum liðnum, þegar meira jafnvægi hefur komist á hina nýju tæknivæðingu og annað slíkt, sé sú hætta til staðar að einhverjir hugarins íhaldsmenn sitji í einhverjum opinberum nefndum og ráðum og fari að skilgreina orðið „ofbeldi“ með allt öðrum hætti en nú sannlega vakir fyrir löggjafanum. Því er það með lög af þessu tagi, sem fela í sér boð og bönn, hversu eðlileg þau eru á augnablikinu þá þau sett eru, að ekki er þar með sagt að þau eigi að standa um aldur og ævi, enda trúi ég ekki að það vaki fyrir löggjafanum.

Ég held að í menningarmálum eða skyldum málaflokkum þurfi menn að fara ákaflega varlega í lagasetningar af þessu tagi. Ég undirstrika, og ég veit að enginn hv. alþm. misskilur mig að því leyti, að auðvitað er mér eins og öllum öðrum fullljós nauðsynin á þessu í augnablikinu og þær mér liggur við að segja andstyggilegu ástæður sem valda þessari löggjöf. En það breytir engu. Að nokkrum árum liðnum kunna aðstæður að vera orðnar allt aðrar. Þá er sú hætta fyrir hendi að í opinberum ráðum sitji einhverjir aðilar, standi lögin þá, sem annaðhvort hafa gleymt eða vita ekki um upphaflegan tilgang lagasetningarinnar og verða frekir til túlkunar um hvað eigi að skilgreina t. d. sem ofbeldi.

Sannleikurinn er sá, að að því er alla listsköpun varðar geta oft verið mjög óljós skil á milli annars vegar hreins plebejisma og hins vegar listsköpunar af öllu tagi. Það er sá vandi sem við ævinlega stöndum frammi fyrir.

Hér voru sett fyrir nokkrum dögum lög, ákaflega hæpin af minni hyggju, til varnar þjóðsöng Íslendinga. Ekki svo að skilja að hann eigi ekki að njóta verndar, heldur hitt, að það er vafamál um túlkun og framhald slíkra laga. Næst kynni svo að fara, að við færum að setja lög um það, eins og hér var raunar nefnt, að ekki mætti lesa Passíusálma nema með ákveðnum áherslum o. s. frv.

Nú skil ég algerlega á milli annars vegar þeirra sérstöku ástæðna, sem nú um stundir vara í landinu og vitaskuld þarf að stemma stigu við, og hins vegar þeirrar hættu, sem af leiðir að setja lög sem standa um aldur og ævi og menn eru farnir að túlka að ekki löngum tíma liðnum allt öðruvísi en var upphaflegur tilgangur löggjafans.

En því, herra forseti, nefndi ég þetta, að víða eru menn farnir að taka upp nýjar aðferðir við lagasetningu af þessu tagi, þ. e. þá, að lög af þessu tagi séu samþykkt vitandi um hina tímabundnu nauðsyn, en jafnframt sé í lögunum ákvæði um að þau falli úr gildi að ákveðnum tíma liðnum. Þetta hefur verið nefnt „sólarlagsaðferð“. Ef mönnum þykir að þremur eða fjórum árum liðnum ástæða til að hafa slík lög í gildi fái Alþingi aftur, það Alþingi sem þá kemur til með að sitja, að samþykkja slík lög. Með þessu koma menn í veg fyrir hættuna sem af því leiðir að lög af þessu tagi verði í framkvæmd og í framtíð túlkuð með allt öðrum hætti, þegar hinar tímabundnu sérstöku aðstæður hafa gleymst.

Fyrir slíkri lagaframkvæmd og túlkun höfum við svo mörg fordæmi í t. d. menningarsögunni að það þarf að taka sérstakan vara við því. Ég veit að enginn hv. þm. snýr svo út úr máli mínu að ruglað sé saman annars vegar þeim sérstöku aðstæðum sem til þessa frv. leiða, ég hef fulla samúð með þeim í sjálfu sér, og hins vegar því langtímamarkmiði sem við verðum að hafa í huga, ekki bara um þessa lagasetningu heldur um alla lagasetningu.

Af þessari ástæðu, herra forseti, og ég áttaði mig ekki

á því að svo væri hastað að þetta mál kæmi til 3. umr. með afbrigðum daginn eftir 2. umr., vildi ég í mikilli vinsemd mælast til þess að þessu máli yrði frestað til mánudags, því mig langar til að fá að athuga hvort ekki er hægt að ná um það samkomulagi, og nefndi það raunar við hæstv. ráðh. í gær, að setja einmitt „sólsetursákvæði" inn í þessi lög, þannig að þau gildi í ákveðinn tíma og falli svo úr gildi, en Alþingi endurnýi þau ef enn þykir ástæða til þegar þessi tæknibylting er komin í meira jafnvægi en er nú um stundir.

Mér sýnist einmitt að „sólarlagsaðferðin", sem svo er kölluð, eigi hvergi betur við. Ég hlýt að trúa því að hið háa Alþingi sé svolítið hugsi yfir boða- og bannabraut í menningarmálum af þessu tagi. Ég vildi því, herra forseti, mælast til þess að þetta mál yrði ekki tekið til endanlegrar afgreiðslu héðan úr deildinni fyrr en á mánudag, eftir að sýnt þykir hvort aðrir alþm. mundu fallast á þessa aðferð, m. ö. o. að lögin yrðu samþykkt, en jafnframt yrðu ákvæði um að þau féllu úr gildi að tilteknum einhverjum skynsamlega ákvörðuðum tíma og Alþingi yrði að taka málið upp að nýju, ef enn þætti vera hætta á því ósæmilega athæfi, skulum við segja, sem vissulega er tilefni lagasetningar af þessu tagi. Því, herra forseti, vildi ég mælast til að þessu máli yrði frestað til mánudags og við fengjum tíma í millitíðinni til að athuga okkar gang aðeins betur að því er þetta varðar.

Umr. frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 460). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Hér urðu í gær nokkrar umr. um 208. mál. Ég held að það hafi verið skýrt efnislega og sé óþarfi að fara nokkuð ítarlegar í það en gert var í gær. Ég vil þó leggja skýra áherslu á að tilgangur þessa frv. er að taka af öll tvímæli svo að menn þurfi ekkert sérstaklega að vera að sækja um niðurfellingu vegna aldurs. Reynslan hefur sýnt að þeir sem fyrst og fremst sækja um eru þeir sem eru kunnugir þessum lögum. Það er mjög áberandi og gegnumgangandi að fólk hefur ekki kunnugleika á rétti sínum þarna. Þetta þarf að vera afdráttarlaust og skýrt.

Ég sé engum ofsjónum yfir því þó svo helmingur dragist frá skattskyldum tekjum þegar maður lætur af störfum. Þarna er yfirleitt um að ræða fólk sem er búið að vinna langan og strangan vinnudag. Og hvað er svona voðalega hættulegt við þetta? Það sem er hættulegt og er búið að vera lengi hættulegt er það, að gamalt fólk eða fólk sem er að hætta störfum getur bókstaflega ekki hætt vinnu vegna þess að það er komið inn í ákveðinn vítahring skattakerfisins. Aðrir eiga í erfiðleikum með þetta. Menn hafa andvökur af þessu og hvers kyns skelfingu. Af hverju er ekki hægt að gera lög hér einföld? Þegar maður lætur af störfum skal helmingurinn af hans tekjum dreginn frá skattskyldum tekjum. Síðan koma frádráttarliðir eins og lög ákveða. Hreint borð, engir vafningar, ekkert að vefjast fyrir fólki. — Það má kannske benda á einstakar undanþágur. Það má nefna hæstaréttardómara o. s. frv. Ég vil ekki fórna réttindum almenns verkafólks vegna þess að 5, 6 eða 10 menn í landinu mundu e. t. v. græða á þessu og hafa þó nóg fyrir.

Hér kom fram í umr. í gær, og ég hafði hreinlega ekki skap í mér til að svara því, en það kom að nokkru leyti fram í grg. fyrir atkvæði, að jafnvel væri verið að víkja frá meginreglu skattalaganna því að sumir gætu hækkað. Hverjir mundu hækka? Jú, það gæti verið verkamaður með 8 tíma vinnu, það gæti verið iðnverkamaður eða iðnverkakona með dagvinnu. Það eru möguleikar á að þetta fólk gæti hækkað. Þvílík ósköp, ef skattur á þessu fólki félli nú niður um helming eða skattskyldar tekjur þess yrðu helmingaðar þegar það léti af störfum! Ég sé enga hættu í þessu. Mér finnst það réttlætismál. Og það vita allir, sem til þessara mála þekkja, að þetta er áhyggjumál hjá fullorðnu fólki, sem er að láta af störfum, og algjör óþarfi að vera að slá eitthvað um sig og tala um grundvallarprinsip skattalaga.

Ég gat þess áður, að nefndin hefði kvatt sér til ráðuneytis sérfróða menn. Ég gat þess líka, að þeir hefðu ekki verið af verri endanum. Þar hefðu verið Árni Kolbeinsson deildarstjóri fjmrn., einn alhæfasti og óumdeildasti maður á því sviði, og ríkisskattstjóri. Vitanlega er till. ekki þeirra, en hún er samin af þeim í anda frv. og nær þeim tilgangi sem kemur fram í upphaflega frv. á þskj. 369.

Ég gat þess líka, að það væri þörf á að þetta mál færi fljótt í gegn því að ríkisskattstjóri þyrfti að auglýsa. Ef málið verður hér samþykkt skeður það hneyksli, að manni skilst, að ríkisskattstjóri verður að auglýsa til allra þeirra sem látið hafa af störfum að þeir komi bréfi eða orðsendingu til skattstofunnar um að þeir hafi látið af störfum og þá verði tekið tillit til þess við skattálagningu á þessu ári. Ja, þvílíkt hneyksli!

Það er satt að segja þyngra en tárum taki að vera að deila við flokksbræður sína eða systkini um svona lagað, en sleppum því.

Þeir embættismennirnir eru nákvæmir. Þó skýrt sé frv. að öllu leyti hafa þeir við mjög nákvæma skoðun séð að með því að fella niður 7. málslið í 66. gr. væri líka felld niður heimild til að lækka eignarskatt. Verð ég að koma hér núna vegna þess að þetta var tekið fyrir með viðbótartillögu. Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta. Það er brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 o. s. frv., um tekjuskatt og eignarskatt:

„Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein er verði 4. gr. Jafnframt verði 4. gr. frv. 5. gr. þess. Greinin orðist svo:

2. málsgr. 80. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 9. tölulið A-liðs 1. málsgr. 30. gr. og 1. tölulið 1. málsgr. 66. gr. greinir, enda hafi gjaldþol manna skerst verulega af þeim ástæðum"

Með brottfellingu ákvæðisins í 66. gr. er raunverulega felld niður heimild skattstjóra til að taka tillit til gjaldþols manns í sambandi við eignarskatt, að hann geti sótt um lækkun á honum. Það er ekki sjálfvirkt, heldur aðeins um það heimildarákvæði. Þessi till. er eðlileg og sjálfsögð efnislega, svo ekki sé farið að vitna í 10—20 lög. Með brtt. á þskj. 396 er heimild skattstjóra til að lækka eignarskatt felld niður. Með þessari nýju

brtt., sem yrði 4. gr., er þessi heimild tekin inn í eignarskattslögin og veitt skattstjóra eins og áður var.

Ég vil jafnframt taka fram í sambandi við brtt., sem var verið að greiða hér atkvæði um áðan, á þskj. 396, að brtt. er um að það séu eingöngu atvinnutekjur sem helmingist. Það mátti skilja áður en frv. var breytt að það væru allar tekjur. En með breytingunni á þskj. 369 er skýrt að það eru eingöngu atvinnutekjur.

Ég vona að forseti taki þessa till. til greina þó að hún sé hér munnlega flutt. Ég ítreka að þetta er nákvæmlega yfirfarið og er að öllu leyti í samræmi við lög. En umfram alla muni bið ég hv. þm. að vera ekki að sjá neinum ofsjónum yfir því þó skýr ákvæði séu um að þegar maður lætur af starfi sé einu sinni — þetta er ekki hægt að endurtaka ef maðurinn fer í einhverja aðra vinnu — felldur niður helmingurinn af tekjum hans til skatts. Mikið held ég að almennt fólk í landinu sé þessari till. sammála.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 463) samþ. með 22 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég held að ég hljóti að hefja mál mitt eftir ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, sem mælti hér af miklum tilfinningahita fyrir því frv. sem hann hefur flutt ásamt öðrum þm. hér, á því að spyrja hv. Nd. hvert sé hlutverk þm. Það er nokkuð skýrt kveðið á um það í stjórnarskrá landsins hvernig menn skuli greiða atkvæði á Alþingi Íslendinga og síðan undirritum við eið að því að fara að stjórnarskránni þegar við gerumst þm. Þess vegna — þó að það séu að koma kosningar — hlýt ég að greiða atkvæði áfram, eins og ég hef gert hingað til, samkvæmt sannfæringu minni. Sú sannfæring er ekki endilega fólgin í því, vona ég, að leita eftir vinsældum, og eflaust getur þetta frv. verið vinsælt. En ég tel þetta rangt frv. og ég tel öll vinnubrögð í sambandi við það röng líka. Þetta er 208. mál þingsins, það er nýlagt fram. Ég leyfi mér að efast um, hv. þm., að margir ykkar hafi farið nákvæmlega ofan í þetta frv. Síðan kemur það út úr nefnd á örfáum dögum, reyndar að formanni fjh.- og viðskn. fjarverandi. (**GJG:** Þú hefur ekki alltaf saknað hans.) Ekki veit ég hvaðan hv. þm. hefur vitneskju um hvenær ég sakna hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Ég hef reynt að geyma það með mér.

Þegar nál. er skilað í deildinni í gær sátu hér inni svona 4—5 þm., og þetta var ekkert venjulegt nál. Það voru umfangsmiklar brtt. í tveim liðum, sem eru líklega einar 15 prentaðar línur. Sjálft var frv. tvær línur. Þetta er ætlast til þess að við afgreiðum hér í deildinni án þess að skoða í hverju þessar brtt. felast nákvæmlega. Ég tel að svona vinnubrögð við löggjöf þjóðarinnar séu algjörlega forkastanleg.

Efnislega vil ég segja það um þetta frv., að í fyrsta lagi er það óþarfi vegna þess að í núverandi skattalögum eru heimildarákvæði sem undantekningarlaust eru nýtt hjá öllum sveitarfélögum og hjá ríkisskattstjóraembættinu. Að fólk viti hugsanlega ekki um heimildina til að fá lægri skatta þegar tekjur minnka er annað mál, og það er mál framkvæmdavaldsins að upplýsa þjóðfélagsþegnana um ákvæði í lögum. Mér er hins vegar verulega til efs að þeir séu margir sem vita ekki um þetta, og það væru þá hæg heimatökin fyrir skrifstofur stéttarfélaganna að upplýsa sína öldnu starfsmenn um þennan rétt. Ég get sjálf vitnað um það, að ég hygg að ég hafi skrifað fyrir viðskiptavini Tryggingastofnunar ríkisins fyrstu 500 bréfin til skattyfirvalda og ég veit aldrei til annars en að þau hafi verið afgreidd umyrðalaust, fljótt og vel.

Í öðru lagi erum við hér að setja mjög sérkennilegt ákvæði í núverandi skattalög. Sú skattalöggjöf byggist á því, að menn skuli greiða skatta eftir gjaldþoli, eftir efnum og ástæðum, við skulum a. m. k. segja að svo eigi að vera. Löggjöfin er alla vega byggð þannig upp. Hér er hins vegar ákveðnum hópi þjóðfélagsþegna gefinn sjálfkrafa eftir helmingur tekna sinna til skatts án þess að gjaldþol sannarlega þurfi að lækka, og það er þetta sem ég er að gera athugasemd við. Ég tel að þessi löggjöf sé röng, hún hafi verið fljótfærnislega unnin hvað sem öllum vinsældum málsins kann að líða. Ég get ekki staðið hér að löggjöf sem mér finnst röng og illa unnin.

Alþingi Íslendinga á að setja lög sem skipta máli. Vandræðum einstakra þjóðfélagsþegna, sem vera kann að viti ekki um núgildandi heimildarákvæði, má breyta með því að hæstv. fjmrh. drífi sig nú í það, sem hann lofaði þegar núverandi ríkisstjórn tók til starfa, að koma á staðgreiðslukerfi skatta. Þá er þetta mál og þessi vandræði úr sögunni.

Ég sé hins vegar ekki, hvorki pólitískt, siðferðilega né lagalega, nokkra ástæðu til að menn sem hætta störfum og hækka kannske verulega í tekjum, því það er til og það eru ekki bara hæstaréttardómarar, fái sjálfkrafa skattalækkun. Fólk sem hefur unnið 8 stunda vinnudag hækkar í sumum tilvikum í launum, þegar það hættir störfum, þegar saman koma bætur almannatrygginga og lífeyrissjóðsgreiðslur.

Ég tel ekki ástæðu til að taka þessar tekjur allar út úr skattakerfinu. Ég hygg líka að það geti orkað meira en tvímælis, og ég veit ekki einu sinni hvort flm. þessa frv. gera sér alveg ljóst að allar bætur almannatrygginga, lífeyrir, tekjutrygging, eru skattskyldar tekjur. Hins vegar koma sjaldnast skattar á þær einar, vegna þess að ef fólk hefur ekki aðrar tekjur nær það ekki skattstiga og þar af leiðandi koma ekki skattar á slíkar tekjur. Mér er það stórlega til efs að hægt sé með frv. sem þessu að strika þessar tekjur út úr skattalöggjöfinni.

Ég geri mér fullkomlega ljóst að ég á ekki eftir að græða á þessari afstöðu minni, síst rétt fyrir kosningar. Ég treysti því hins vegar vegna annarra starfa minna hér á Alþingi að aldrað verkafólk í landinu viti að ég er ekki höfuðfjandi þess. Ég ætlast til þess að fólki sé það ljóst og treysti því að þessi afstaða mín verði skilin. Ég geri náttúrlega ráð fyrir að fjölmiðlar snúi út úr henni eins og vant er og einhverjar fyrirsagnir komi um hversu vond ég sé við gamla fólkið. (**HBl:** Þú hefur nú reynslu fyrir því.) Svoleiðis leik er hægt að leika. Ég neita að taka þátt í honum.

Ég er ábyrg fyrir þeim lögum sem fara héðan út úr deildinni. Þessi lög eru fljótfærnisleg, þau eru röng, þau eru illa unnin og ég hlýt að hafna því að greiða atkvæði með þeim. Mér þykir leitt að við skulum þurfa að standa hér upp í hárinu hvort á öðru, hv. félagi minn Guðmundur J. Guðmundsson og ég og hv. 1. þm. Reykv., en ég vænti þess að þeir skilji þessa afstöðu mína og meti hana sem slíka. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir hafi mín góðu ráð að neinu. Þau góðu ráð, sem

gefin eru hér í hinu háa Alþingi, þjóna sjaldnast nokkrum tilgangi ef menn eru nógu staffírugir að standa á málum sem þessu. En ég hlýt að segja enn og aftur að ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði.

ATKVGR.

Brtt. 463 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24:2 atkv. og afgr. til Ed.

Tónskáldasjóður Íslands, frv. (þskj. 114). — 3. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil geta þess vegna þeirrar skrifl. brtt., sem ég kynnti óvart áðan, sem er í því fólgin að ártali er breytt úr 1983 í 1984, að 1. flm. upplýsir mig um að ártalið sé prentvilla, þannig að þarna eigi að standa 1984. Leyfir forseti sér að leiðrétta þessa prentvillu án frekari umsvifa, og skoðast það samþykkt ef enginn mælir því í gegn, ella mundi hann taka brtt. til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 60. fundur.

Fimmtudaginn 3. mars, að loknum deildarfundum.

Nýting rekaviðar, þáltill. (þskj. 118). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Fíkniefnafræðsla, þáltill. (þskj. 312). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv.

Vélhjólaslys, þáltill. (þskj. 52, n. 388, 389). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 389 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 470).

Hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, þáltill. (þskj. 32, n. 321). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur rætt um þáltill. Eyjólfs Konráðs Jónssonar o. fl. um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri á mörgum fundum og í samráði við utanrrh. var haft samband við Hans G. Andersen sendiherra. Var hann fenginn til að koma hingað til lands. Mætti sendiherrann á fund nefndarinnar og lagði þar fram mjög fróðlega og skýra grg. um réttindi okkar á þessum slóðum og benti á hvernig heppilegast væri að halda á málinu áfram.

Hér þarf að hyggja að jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum könnunum, en eins og kunnugt er hefur strandríki samkv. ákvæðum hafréttarsáttmálans fullveldisrétt yfir landgrunninu innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar og einnig utan þeirra marka, allt frá útjaðri landgrunnsbrekkunnar, svo sem nánar er skilgreint í ákvæðum hafréttarsáttmálans.

Það sem skiptir máli varðandi yfirráð strandríkisins yfir landgrunni er að tiltekið svæði sé eðlilegt framhald af landinu sjálfu, og koma þar til álita bæði sjónarmið varðandi landslag á sjávarbotni og jarðfræðileg sjónarmið, eins og ég gat um áðan.

Nefndin var eftir þessar umr. sammála um að leggja til að tillgr. orðist svo sem getið er í nál. á þskj. 321. Með leyfi forseta er brtt. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yfirráð Hatton-Rockall hafsbotnssvæðisins í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans.

Alþingi felur utanrmn. að starfa með ríkisstj. að framgangi málsins."

Í till. hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar var gert ráð fyrir að sérstök nefnd væri skipuð til að starfa með ríkisstj. að framgangi málsins. Utanrmn. taldi eðlilegt að þetta væri á verksviði utanrmn., en gekk út frá því að utanrmn. mundi þá væntanlega skipa undirnefnd, þar sem þingflokkar ættu sinn fulltrúa, til að fylgjast með málinu, ef það þætti auðveldara í meðferð málsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. utanrmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Eins og frsm. nefndarinnar gat um áðan varð fullkomið samkomulag í nefndinni. Það var mikið unnið að athugun málsins. Fagna ég mjög þeirri niðurstöðu sem þar varð. Eina efnislega breytingin er sú, að utanrmn. starfi með stjórnvöldum að framgangi málsins í stað þess að Alþingi kjósi fimm manna nefnd. Það gat ég samþykkt, auðvitað að því áskildu að utanrmn. haldi sérstaka fundi um þetta langmikilvægasta mál þessa Alþingis og langmikilvægasta mál landsins í dag, að ég tel, og að nú verði ekki beðið lengur og þrýst mjög á um að þessara réttinda okkar verði gætt til hins ýtrasta og leitast við að ná samkomulagi við nágranna okkar um það.

Hans G. Andersen kom á fund nefndarinnar að hennar ósk og utanrrn. og flutti mjög ítarlega og greinargóða skýrslu. Í þeirri skýrslu er í rauninni staðfest allt það sem sagt hefur verið um að við eigum mest réttindi á Rockall-svæðinu, allt það sem sagt hefur verið nú í 4½ ár, þannig að engum getur lengur dulist að þarna er langstærsta sjálfstæðismál okkar á ferðinni.

Þetta sokkna land er eins og menn vita álíka stórt og Ísland. Það er talið að þar geti verið bæði olía og gas, en auk þess tilheyra allir skelfiskar, krabbadýr og slíkt botninum og þess vegna er mikilla réttinda þarna að leita. En það gæti verið hætta á að við töpuðum þarna

rétti ef ekki er haldið vel á málum. Þess vegna er það samdóma álit utanrmn. að leitað verði samninga við Færeyinga eða Dani fyrir þeirra hönd, Íra og Breta, enda þótt ljóst sé að Írar og Bretar eigi samkv. 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, langminnstra réttinda að gæta þarna, kannske eigi þeir í raun engar kröfur á réttindum á Rockall-svæðinu, heldur séu það fyrst og fremst Íslendingar og svo Færeyingar. Engu að síður viljum við semja við þá t. d. þannig, að við ættum t. d. helming þessa svæðis, Færeyingar kannske 30%, en Bretar og Írar sín 10% hver. En þessa samninga þarf að taka upp og hraða þeim nú sem mest má verða. Og við treystum því auðvitað að Hans G. Andersen, sem er einhver þekktasti og hæfasti þjóðréttarfræðingur veraldarinnar, verði okkur þar að liði og forustan verði í hans höndum, þ. e. samhliða auðvitað utanrrn., sem hlýtur að vinna að málinu.

Þessi skýrsla hefur ekki verið birt enn, en þó hefur Hans G. Andersen, með leyfi nefndarinnar, skýrt frá nokkrum atriðum í henni. Eins og ég sagði er þar staðfest allt sem við, sem höfum verið að berjast fyrir þessu, höfum sagt, og meginefnið er raunar í grg. með þáltill., sem hér er til umr., — allt sem þar er sagt er staðfest.

Hér er gífurlegra réttinda að gæta. Og menn skyldu hafa í huga að það eru ekki einungis lífvérurnar á botninum sem við getum verndað þegar við höfum náð yfirráðum á þessu svæði og á Reykjaneshrygg, sem hér er til umr. líka, heldur hlýtur það að leiða af sjálfu sér, að þegar fiskveiðar eru stundaðar á þessum svæðum, eins og t. d. karfaveiðar Rússa á Reykjaneshrygg, þá getum við sent varðskipin þar til eftirlits, og komi þeir upp með skelfisk og krabba er það okkar eign og við getum stuggað þeim út fyrir. Og auðvitað verður þróunin sú, að sá sem á hafsbotninn hefur líka yfirráð yfir hafinu þar yfir. Þess vegna er þetta eitt af stærstu málum sem Íslendingar hafa barist fyrir í allri landhelgisbaráttunni. Þetta er gífurlega þýðingarmikið mál og það má ekki fresta því deginum lengur að gera allt sem hugsanlegt er til að tryggja þessi réttindi.

Ég lofaði, herra forseti, að vera stuttorður og skal reyna það.

Í gærmorgun gerðist það, að í Morgunblaðinu birtist grein um að Færeyingar veiddu nú lax í miklum mæli utan sinnar efnahagslögsögu, þ. e. á opna svæðinu austur af Íslandi. Ég hafði þá samband við hæstv. utanrrh. og óskaði eftir því að hann svaraði nokkrum spurningum frá mér utan dagskrár í Ed. í gær, en að samkomulagi varð að það yrði gert hér í Sþ. í dag og þá í þessum umr. til að tefja tímann ekki meira en nauðsyn krefur. En þarna er um mjög mikið alvörumál að ræða.

Ég vil sérstaklega undirstrika það, að þegar Færeyingar veiða nú utan sinna 200 mílna brjóta þeir ekki einungis hafréttarsáttmálann, því að grundvöllur hafréttarsáttmálans er sá, að laxveiðar skuli alls ekki stunda á úthafinu utan efnahagslögsögu, nema í sérstökum undantekningartilfellum, sem alls ekki geta átt við þarna, — það er ekki nóg með að þeir brjóti 66. gr. hafréttarsáttmálans, heldur þverbrjóta þeir líka þann samning sem gerður var hér í fyrra og þeir eru aðilar að eða Danir fyrir þeirra hönd. Besta ákvæði þess samnings er í upphafi 2. gr., þar sem segir: „Laxveiðar eru bannaðar utan fiskveiðilögsögu strandríkja“, ósköp einfalt, stutt og laggott. Veiðarnar eru algjörlega bannaðar.

Þarna eru Færeyingar sem sagt að veiðum nú. Þeir eru að veiða íslenskan lax. Það vill svo til, að stórlaxinn í norðlensku ánum er að verða útdauður. Ég held að það sé svo um Laxá í Aðaldal, að það munu vera til um 20 þús. eins árs seiði af þeim stofni. Hann er sem sagt að verða útdauður. En spurningar mínar eru þessar:

Hefur utanrrn. nú þegar mótmælt þessum veiðum Færeyinga utan 200 mílna sinna? Ef ekki, hvenær verða slík mótmæli þá fram borin?

Og númer tvö: Hefur það verið hugleitt að senda varðskip þarna út á miðin til að gæta þess réttar sem við þar höfum að gæta?

Og í þriðja lagi: Hefur nú verið leitað samstarfs við aðrar upprunaþjóðir laxastofnsins, önnur upprunaríki Atlantshafsstofnsins, um þessa réttargæslu, og á ég þar ekki síst við Norðmenn og nágranna okkar aðra?

Ég tel algjörlega nauðsynlegt að fljótt verði brugðist við og treysti því að utanrrn. geri þetta, því að Færeyingar gætu hugsanlega unnið sér réttindi, ef þeir væru látnir óáreittir við þessa rányrkju, ekki einungis innan sinna 200 mílna, sem líka er lögbrot á hafréttarsáttmálanum, heldur jafnvel utan 200 mílnanna, sem er bæði brot á hafréttarsáttmálanum og þeim samningi sem gerður var hér í Reykjavík fyrir um það bil ári. Ég vænti svara frá hæstv. utanrrh.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu sammála þeirri þáltill. sem hér er til umr. og vil skýra frá því, að það hefur verið unnið að því máli sem þar er rætt um.

Það hafa farið formlegar könnunarviðræður fram við Breta og Dani fyrir hönd Færeyinga. Við Íra hafa farið fram óformlegar viðræður, af því að þeir hafa ekki enn fengist til þess að taka upp formlegar viðræður um þetta efni. En það verður haldið áfram á þessari braut og unnið að málinu. Ég tel að sá undirbúningur, sem hefur farið fram í þessum undirbúningsviðræðum, hafi verið nauðsynlegur og eðlilegur fyrir framhald málsins.

Í þessari þáltill. er vísað til hafréttarsáttmálans, en vitaskuld verður að taka fram í því sambandi að hafréttarsáttmálinn er ekki kominn í gildi. Hafréttarsáttmálinn gengur ekki í gildi fyrr en tilteknum tíma eftir að ákveðinn fjöldi þjóða hefur fullgilt hann. Þar fyrir utan eru vissir erfiðleikar í þessu sambandi að því leyti til, að Bretar hafa ekki undirritað hafréttarsáttmálann ennþá og það er með öllu óvíst um hvort þeir verða aðilar að honum. Þess vegna verður sjálfsagt erfitt um málflutning við þá út af fyrir sig á grundvelli hafréttarsáttmálans. En málið þarf auðvitað að flytja með þeim rökum sem tiltæk eru, og það verður auðvitað gert án þess að það sé nú tímabært, að mínum dómi, að fara út í einhvern prósentureikning um það, hvað tilheyri hverjum í þessu sambandi. Að sjálfsögðu hafa hinn pólitíski utanrrh. á hverjum tíma og utanrmn. forustu í þessum málum.

Viðvíkjandi því efni, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hreyfði hér, um laxveiðar Færeyinga, þá er það svo, að laxveiðar þeirra hafa verið Íslendingum mikið áhyggjuefni. Það er alþekkt hér, sem þarf ekki að fara mörgum orðum um, að veiðar Færeyinga á laxi fóru stórkostlega vaxandi, þó aðeins hafi nú verið dregið úr þeim, og á sama tíma hefur það gerst að veiði í íslenskum laxám hefur minnkað mjög verulega. Það er

enginn vafi á að þetta er eitt aðalvandamálið eins og stendur í samskiptum Íslands og Færeyja.

Það er grundvallarsjónarmið í hafréttarsáttmálanum, sem að vísu er enn ekki kominn í gildi eins og ég gat um, að það sé eðlilegt að það ríki, sem einstakur laxastofn á uppruna sinn í, beri ábyrgð á stjórn veiða á stofninum. Þó verður það að segjast um þessi ákvæði hafréttarsáttmálans, sem eru í 66. gr., að þau eru nú byggð á ýmiss konar málamiðlun. En þar er þó skýrt, að þar eru viðurkenndir hagsmunir upprunalandsins að því er varðar stjórnun laxveiða. Það er líka rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að veiðar utan efnahagslögsögu skuli að öllu jöfnu ekki fara fram. Þó er gert ráð fyrir því í vissum undantekningartilfellum. Og ennfremur er það, að þegar um er að ræða veiðar innan efnahagslögsögu er gert ráð fyrir að viðkomandi strandríki eigi samráð við ríki það sem laxinn er upprunninn í.

Ríki við Norður-Atlantshafið hafa ákveðið að haga samstarfi á þessu sviði á grundvelli Reykjavíkursamningsins um verndun lax í Norður-Atlantshafi, sem undirritaður var í mars s. l., með því að banna laxveiðar utan 12 mílna alls staðar í Norður-Atlantshafi nema innan lögsögu Færeyja og við Vestur-Grænland. Þess vegna gengur þessi Reykjavíkursamningur lengra í því að takmarka veiðar en hafréttarsáttmálinn.

En hér er einnig sá hængur á, að þessi samningur hefur ekki enn tekið gildi. Það hafa ekki nægilega mörg ríki ennþá gengið frá fullgildingu hans. Fjórir aðilar hafa þegar fullgilt hann og það er vonast til þess að þessi samningur geti tekið gildi næstkomandi haust, þá muni Kanada fullgilda, en þá er runninn út samningur Kanada varðandi laxveiðar við Grænland.

Þó að samningurinn hafi ekki öðlast gildi hefur tíminn verið notaður til að undirbúa starfsemi alþjóðastofnunar, sem sett verður á laggirnar samkvæmt samningum, og það er ætlast til að stofnunin taki til starfa strax eftir gildistöku samningsins og verði raunhæfur vettvangur til verndunar laxastofna á svæðinu. Nýlega var einmitt haldinn fundur í Edinborg með þeim aðilum sem skrifuðu undir samninginn. Eftir því sem ég veit best er fullgilding í undirbúningi hjá Noregi og Svíþjóð.

Eins og ég sagði eru laxveiðar Færeyinga mjög mikið alvörumál og áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga. Samkv. þeirri ákvörðun, sem tekin hefur verið af Efnahagsbandalaginu um laxveiðar Færeyinga, hefur kvóti þeirra verið minnkaður mjög frá því sem þeir veiddu þegar þeir veiddu mest, þannig að nú er gert ráð fyrir því, eins og var s. l. ár, að þeir veiði 625 tonn. Það er að sjálfsögðu allt of mikið að mati okkar Íslendinga.

Á nýlegum fundi Norðurlandaráðs hitti ég Pauli Ellefsen, lögmann Færeyja, og ræddi nokkuð þessi mál við hann. Þau mál hafa líka verið rædd við embættismenn í Færeyjum og auðvitað hafa þau verið rædd á fundum með Dönum, þeim sem haldnir hafa verið, þar sem þeir hafa komið fram fyrir hönd Færeyinga. Það verður einmitt eitt meginviðfangsefni þessarar stofnunar, sem setja á á stofn til verndar laxveiðistofnunum í Norður-Atlantshafi, að fá Færeyinga til að draga úr þessum veiðum eða helst láta af þeim með öllu.

Auðvitað verðum við að skilja að þetta er allþýðingarmikill þáttur í atvinnulífi Færeyinga eins og stendur. Ég hygg að þeir hafi nú skilning á því að þetta er okkur mikið áhyggjuefni. Þar fer fram sérstakt eftirlit núna með þessum veiðum á vegum vísindastofnunar og ennfremur er það, að Íslendingar hafa haft þarna eftirlitsmann. Þar er m. a. nú eftirlitsmaður, sem er um borð í laxveiðiskipi eða laxveiðiskipum. Því er náttúrlega haldið fram af Færeyingum að það hafi ekki verið sannað að sá lax sem þeir veiða sé héðan kominn, en vitaskuld er það hald manna hér almennt að eitthvað af þessum laxi, sem Færeyingar veiða, sé upprunnið í íslenskum ám. Það er þess vegna full ástæða til að fylgja þessu máli fast eftir og það verður reynt að gera.

Þessi fregn, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði að umtalsefni um laxveiðar skammt undan okkar efnahagslögsögu, hefur auðvitað vakið óhug með mönnum hér. Af því tilefni var reynt að hafa samband við þann embættismann í Færeyjum sem hefur nú sérstaklega haft með þessi mál að gera, en það náðist ekki í hann. Það var haft samband og hefur verið haft samband bæði við Dani og Norðmenn um þetta efni, en það er ekki hægt að segja að það hafi í þeim samtölum, sem við ráðherrar höfum átt símleiðis, komið verulega nýtt fram í málinu, en þeirra hugur er vitaskuld, sérstaklega Norðmannanna, sá sami og okkar, að það verði að gera allt sem hægt er til að sporna gegn.

Landhelgisgæslan lét fljúga yfir svæðið í dag. Það reyndist svo, að 5 færeysk skip voru að veiðum, og þau voru u. þ. b. 12 sjómílur utan íslenskrar efnahagslögsögu, en um 70 sjómílum utan við efnahagslögsögu Færeyinga.

Þessi mál eru til athugunar, en mótmæli hafa ekki verið borin fram enn. Meðan Reykjavíkursamningurinn er ekki genginn í gildi verður e. t. v. erfitt að finna lögmætan grundvöll fyrir mótmælum meðan þeir halda sig utan við íslenska efnahagslögsögu. Hins vegar væri full þörf á því að hafa meira eftirlit með þeim og gæta þess að þeir skjótist nú ekki inn í íslenska efnahagslögsögu. Það er auðvitað ekki nægilegt þó að flogið sé yfir svæðið og það kannað með nokkru millibili.

Ég mun sem sagt halda áfram að kanna þetta og hafa samband við Færeyinga út af þessu, en eins og ég sagði var beðið líka eftir upplýsingum, og þær komu rétt áðan, um það, hvar skip væru að veiðum. Þau eru, eftir þessum upplýsingum Landhelgisgæslunnar að dæma, utan við okkar efnahagslögsögu, en mjög skammt. Ég mun reyna að gera mér far um að fylgja þessu eftir eins og tök eru á.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir það tækifæri sem ég fæ hér til að ræða mál utan dagskrár — mál sem hefur að undanförnu verið æðimikið rætt bæði manna á meðal og eins í fjölmiðlum. Ég hef rætt við hæstv. samgrh. og hann hefur fallist á að svara hér nokkrum spurningum varðandi þetta mál, sem fjallar um ráðningu flugmálastjóra, en í síðustu viku gerðist það að hæstv. samgrh. skipaði í stöðu flugmálastjóra Pétur Einarsson lögfræðing, þrátt fyrir að flugráð, bæði aðalmenn og varamenn, væri á einu máli um að Leifur Magnússon ætti að verða fyrir valinu. S. l. þriðjudag varð nokkur umr. um þetta mál. Hóf ég hana eingöngu til að skýra frá því, að hæstv. ráðh. gæti ekki orðið við beiðni minni fyrr en í dag af ástæðum sem

þegar hafa komið fram á þingfundum.

Það er ljóst að hæstv. samgrh. hefur um árabil tekið ákvarðanir í flugmálum sem hafa þótt furðu sæta, og kastar þó tólfunum nú, þegar hann skipar flugmálastjóra þvert ofan í einhuga álit flugráðs. Ástæðan, sem hæstv. ráðh. hefur fyrst og fremst bent á sjónarmiðum sínum til stuðnings, er sú, að ekki megi það bitna á Pétri Einarssyni að hann sé framsóknarmaður.

Það eru einkum tvö atriði sem ég vil gera hér að umtalsefni: Í fyrsta lagi held ég að það sé full ástæða til þess fyrir hv. Alþingi að krefjast þess af hæstv. samgrh. að hann skýri hver séu sjónarmið að baki slíkri embættisveitingu og í öðru lagi að hann standi hér og nú fyrir máli sínu þegar hann sendir orðsendingar til flugráðs og telur störf flugráðs, einkum varðandi þetta mál, vera aðfinnsluverð.

Í Morgunblaðinu hinn 27. febr. s. l. er viðtal við hæstv. samgrh., þar sem hann segir m. a., með leyfi forseta:

„Mér finnst reyndar ekki drengilegt að ganga fram hjá manni, sem hefur gegnt starfinu aðfinnslulaust við erfiðar aðstæður í veikindum fyrrverandi flugmálastjóra. Þá hafa mér borist mörg meðmæli með Pétri og stuðningsyfirlýsingar, t. d. frá öllum umdæmisstjórum flugmálastjórnar" o. s. frv.

Hér vitnar hæstv. ráðh. til aðila, sem ekki hafa umsagnaraðild að þessu máli, sér til afsökunar, þegar hann gengur á svig við einhuga afstöðu flugráðs. Síðar í þessu viðtali spyr blaðamaður, og er orðrétt tekið hér úr Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Var ekki óþarfi að leggja málið fyrir flugráð með hliðsjón af framgangi málsins? „Mér finnst ákaflega einkennilegt hvernig staðið var að málum í flugráði. Einn ráðsmaður skrifar upp tillöguna fyrir fund ráðsins og lætur síðan hina skrifa undir fyrir fundinn. Þeir höfðu ekki einu sinni fyrir því að skoða umsóknirnar og ræða þær á fundinum. Ég er alls ekki ánægður með afgreiðslu af þessu tagi. Málið er reyndar afgreitt fyrir fram, sem er ákaflega einkennilegt", sagði Steingrímur Hermannsson að síðustu."

Ég vil geta þess, að á þingflokksfundi sjálfstæðismanna skýrði hv. þm. Albert Guðmundsson frá þeim umsóknum, sem borist höfðu um þessa stöðu, og þær voru ræddar á þeim fundi, þar sem hann bað um veganesti í þessu máli. Var það sjónarmið ríkjandi í þingflokknum að augljóst væri að Leifur Magnússon væri hæfastur til starfans. Mér er jafnframt kunnugt um að aðrir flugráðsmenn könnuðu umsóknir umsækjenda rækilega. Þess vegna undrast ég þessa yfirlýsingu hæstv. samgrh. og krefst þess að hann geri frekari grein fyrir máli sínu.

Nú má kannske segja að hæstv. samgrh. hafi sagt þetta í hita og þunga dagsins, en þá ber þess að geta, að tveimur dögum síðar er viðtal við hæstv. ráðh. í málgagni Framsfl., Tímanum, og þar segir, með leyfi forseta:

„Steingrímur sagði jafnframt: „Um meðferð flugráðs á málinu, þá hef ég gert athugasemdir við það, að mér þótti undarlegt að það skyldi ekki gefa sér tíma til að ræða þær 11 umsóknir sem bárust um starfið, heldur var lögð fyrir fundinn í upphafi tillaga og hún samþykkt án þess að málið væri nokkuð rætt. Meðal þessara 11 umsækjenda voru vissulega hæfir menn og hefði mátt skoða sumar þeirra umsókna betur. Mér finnst því að gagnrýni frá flugráði komi úr hörðustu átt, þegar þeir gagnrýna meðferð málsins"." Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

Flugráð kom saman til fundar hinn 28. febr. s. l. og skrifaði þar greinargerð, sem hefur verið send alþm. Í þessari greinargerð er vikið að þessu máli allítarlega.

Í upphafi greinargerðarinnar er þess getið, að hæstv. samgrh. sýni í verki dæmalausa lítilsvirðingu á lýðræðislegum hefðum. Þá er í öðru lagi skýrt frá því, að í lögum nr. 119 frá 1950, um stjórn flugmála, standi skýrum stöfum að ráðh. skuli skipa flugmálastjóra að fengnum tillögum flugráðs. Mér er auðvitað kunnugt um að vissulega getur hæstv. samgrh. skipað annan mann til starfans, en það er held ég nánast einsdæmi að hæstv. ráðh. leyfi sér að fara gegn fullskipuðu ráði bæði aðalmanna og varamanna í slíkum efnum, einkum og sér í lagi þegar þess er gætt að flugráð er að verulegum hluta til skipað þingkjörnum mönnum.

Í greinargerð flugráðs er sagt frá því, hver tillaga var samþ. á þeim fundi ráðsins sem hafði með þetta mál að gera. Þar segir — og þá skýri ég frá hver var ályktun flugráðs, sem samþ. var, en hún er svohljóðandi:

„Flugráð leggur samhljóða og eindregið til að Leifur Magnússon verði skipaður flugmálastjóri. Hann hefur ótvírætt að baki víðtækustu reynslu og þekkingu umsækjenda á öllum þáttum íslenskra flugmála, þar á meðal varðandi starfrækslu íslensku alþjóðaflugþjónustunnar á Íslandi, ásamt öðrum alþjóðlegum samskiptum Íslands á sviði flugmála." Varla getur verið skýrar komist að orði.

Um hlutverk flugráðs er það að segja, að um það er sagt í 1. gr. laga um stjórn flugmála að flugráð sé skipað fimm mönnum, þrír skuli kosnir hlutfallskosningu í Sþ., síðan skipi ráðh. tvo menn með sérþekkingu á flugmálum og með sama hætti séu síðan skipaðir fimm varamenn. Á þessu sést að þeir menn sem skipa flugráð hafa allir mjög góða þekkingu á flugmálum, enda er við þetta að bæta að í starfsreglum flugráðs er sagt að flugráð fari með stjórn flugmála, en flugmálastjóri annist framkvæmd ályktana ráðsins og daglegan rekstur flugmála. Það skiptir því afar miklu máli í þessu tilviki, eins og svo mörgum öðrum, að það sé gott samkomulag á milli flugmálastjóra og flugráðs og auðvitað hefur það meginþýðingu að flugráð hafi talsvert með þá embættisveitingu að gera.

Í greinargerðinni er síðan vikið að alþjóðaflugþjónustunni á Íslandi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Leifur Magnússon var um 18 ára skeið fulltrúi Íslands á fjölda alþjóðaráðstefna, þar sem verkefni og framtíð íslensku flugþjónustunnar voru til sérstakrar meðferðar".

Það hefur komið fram víða í fjölmiðlum að Leifur Magnússon hefur verið sá einstaklingur sem lagt hefur grunn að samstarfi Íslands og alþjóðaflugþjónustunnar.

Loks er í greinargerð flugráðs vikið að ráðningu framkvæmdastjóra, en þar er skýrt nákvæmlega frá því, hvernig staðið var að auglýsingu og stöðuveitingu þegar staða framkvæmdastjóra við flugmálastjórn var auglýst á sínum tíma, en það var sumarið 1980. Ég leyfi mér, herra forseti, að rekja þetta mál, en í greinargerðinni segir:

„Á 976. fundi flugráðs var vakin sérstök athygli á því, að engin skýring var veitt á verksviði framkvæmdastjórans og væntanlegir umsækjendur hafi þá þegar fengið

mismunandi upplýsingar frá samgrn. um slíkt verksvið. Með bréfi til ráðuneytisins sama dag óskaði flugráð því eftir nánari upplýsingum um hvaða stöðu væri átt við með téðri auglýsingu.

Með bréfi 6. ágúst 1980 óskar samgrn. eftir umsögn flugráðs um þær fimm umsóknir um slíka stöðu framkvæmdastjóra sem borist höfðu. Í niðurlagi bréfsins segir að ráðuneytið hafi í hyggju að stofna á ný til stöðu framkvæmdastjóra flugvalla og verður meðferð þessara umsókna við það miðuð.

Eftir nánari bréfaskipti flugráðs og ráðuneytisins 7. og 19. ágúst 1980 sendir flugráð 29. ágúst ráðuneytinu athugasemdir sínar við meðferð málsins ásamt nánari skýringu."

Er síðan vitnað til þess, að það fylgi myndir með þessu bréfi, sem ég ætla ekki að lýsa, enda nær ótækt í mæltu máli.

„Samt sem áður skipar samgrh. 3. sept. 1980," segir svo í þessari tilvitnun, „Pétur Einarsson í stöðu framkvæmdastjóra flugvalladeildar og jafnframt varaflugmálastjóra. Við þessar ráðningar var beitt óvenjulegri málsmeðferð og skipað í umræddar stöður án nokkurra meðmæla flugráðs þrátt fyrir að í 2. gr. laga um stjórn flugmála segi m. a. eftirfarandi:

„Ráðh. ræður og skipar fasta starfsmenn flugmálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.""

Á þetta minni ég hér, herra forseti, til að rifja upp hvernig áður hefur verið staðið að stöðuveitingum við flugmálastjóraembættið.

Að allra síðustu segir í þessari greinargerð flugráðs:

„Í yfirlýsingu til fjölmiðla hefur samgrh. talið ástæðu til að upplýsa, að „allir umdæmastjórar úti á landi", svo og formaður Vélflugfélagsins og formaður Félags ísl. flugumferðarstjóra, hafi lýst stuðningi sínum við Pétur Einarsson. Af því tilefni vekur flugráð sérstaka athygli á því, að umræddir umdæmisstjórar eru aðeins þrír talsins, eru jafnframt næstu undirmenn Péturs í flugvalladeild og hafa verið skipaðir í þær stöður af núverandi ráðh. Formennirnir tveir tala hér aðeins sem einstaklingar, og hvorki hlutaðeigandi stjórnir né félagsfundir hafa veitt þeim neitt brautargengi til slíkra stuðningsyfirlýsinga í nafni félaganna."

Svo er sagt frá því, að við flugmál á Íslandi starfi 1500 manns þar af tæplega 300 hjá ríkisstofnunum, og loks segir í yfirlýsingu flugráðs að flugráð fordæmi þá fádæma valdníðslu er felst í vinnubrögðum samgrh. í máli þessu.

Hér er um þung orð að tefla og harða gagnrýni. Það er alveg ljóst að umsagnaraðildin er hjá flugráði. Ég staðhæfi að þar sem ég þekki til í öðrum slíkum ráðum, sérstaklega þar sem Alþingi kýs, hafa viðkomandi stöðuveitingayfirvöld farið að tillögum slíkra ráða í langflestum tilvikum, en þó eru undantekningar, sérstaklega ef viðkomandi ráð skiptast í meiri og minni hluta. En því var ekki að heilsa í þessu máli. Get ég sem dæmi nefnt t. d., að þegar ráðningar eru hjá Ríkisútvarpinu er föst regla útvarpsstjóra að fara að tillögum útvarpsráðs.

Herra forseti. Ég hef nú nokkuð rakið þetta mál og vitna þar til greinargerðar flugráðs. Ég ítreka að ástæðan fyrir því að ég hef beðið um skýringar hæstv. ráðh. er auðvitað fyrst og fremst að hann hlýtur að þurfa að gera hv. Alþingi grein fyrir því, hver voru sjónarmiðin að baki því að fara gegn einhuga afstöðu flugráðs í þessum efnum, jafnvel þeirra manna sem hann sjálfur hefur skipað til að gera slíkar tillögur, og í öðru lagi hvernig hæstv. ráðh. hyggst standa við það, sem hann hefur sagt oftar en einu sinni í dagblöðum, að flugráð hafi ekki sinnt sínum störfum varðandi þessa tillögugerð eins og efni standa til. Ef ekki koma haldbær svör við þessum spurningum hlýtur það að vera niðurstaðan að hér sé um óverjandi pólitíska misnotkun valds að tefla.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í lögum um stjórn flugmála frá 1950 segir: „Ráðherra skipar flugmálastjóra að fengnum tillögum flugráðs." Eins og reyndar hefur komið hér fram eru ekki bornar brigður á þetta vald ráðh.

Þegar staða flugmálastjóra losnaði við fráfall fyrrverandi flugmálastjóra var staðan að sjálfsögðu auglýst og bárust 11 umsóknir. Þær voru allar sendar flugráði og þeim var dreift til einstakra flugráðsmanna, eftir því sem ég best veit líklega 16. febrúar s. l., þ. e. daginn áður en fundur var haldinn í flugráði. Ég fór yfir þessar umsóknir. Það vakti athygli mína að margar þessara umsókna eru frá einstaklingum sem tvímælalaust eru vel hæfir til að gegna umræddri stöðu. Ég ætla ekki að fara að nefna nein nöfn í því sambandi, en nöfnin hafa verið birt og geta menn sjálfir gengið úr skugga um það.

Málið var tekið fyrir á fundi flugráðs, sem haldinn var 17. þ. m. Ég hef fengið fundargerð frá þeim fundi, 1041. fundi flugráðs. Þar segir um stöðu flugmálastjóra:

„Lagt fram bréf samgönguráðuneytisins, dags. 11. febr. 1983, þar sem fram kom að eftirfarandi sóttu um stöðuna". — Ég sé ekki ástæðu til að lesa þá upp. „Ljósrit voru send flugráðsmönnum af umsóknum þeirra, er sóttu um stöðuna, miðvikudaginn 16. febr. s. l. Eftirfarandi tillaga kom fram."

Ég fékk einnig þá tillögu. Hún er í handriti, eins og menn sjá hér, og 1. flm. Albert Guðmundsson. Er hún augsýnilega með hans hönd skrifuð. Tillagan er svona:

„Flugráð leggur samhljóða eindregið til að Leifur Magnússon verður skipaður flugmálastjóri. Hann hefur ótvírætt að baki víðtækustu reynslu og þekkingu umsækjenda á öllum þáttum íslenskra flugmála, þar á meðal varðandi starfrækslu íslensku alþjóðaflugþjónustunnar á Íslandi, ásamt öðrum alþjóðlegum samskiptum Íslands á sviði flugmála."

Undir þessa tillögu skrifa 8 aðal- og varamenn. Till. er samþykkt með 5 samhljóða atkvæðum.

Um aðrar umsóknir varð ekki umræða á fundi flugráðs. Ég hef aldrei sagt að einstakir flugráðsmenn hafi ekki kynnt sér umsóknirnar. Ég hef gert athugasemd við það, að ekki skyldi sameiginlega fjallað um þessar umsóknir á fundi flugráðs. Það var ekki gert.

Ég sagði áðan að ég tel að í hópi umsækjenda séu ýmsir sem hafi svo sannarlega verðskuldað að um þá yrði fjallað og vel hafi komið til greina hjá flugráði að benda á fleiri en einn umsækjanda hæfa í þessa stöðu. Ég vona því að ég hafi svarað þessari spurningu hv. fyrirspyrjanda. Ég tel fyrir mitt leyti, og dreg það ekki til baka, að það sé óeðlilegt af flugráði að fara ekki yfir umsóknirnar og fjalla um þær í staðinn fyrir að samþykkja tillöguna umræðulaust.

Mér var að sjálfsögðu send þessi niðurstaða samstundis. Ég tel að mér sé skylt samkv. þeirri lagaskyldu

sem á mér hvílir að skoða málið vandlega. Það gerði ég. Ég ræddi við ýmsa menn um skipun flugmálastjóra. Til mín bárust einnig ýmsar umsagnir. Að sjálfsögðu er mönnum frjálst að senda slíkt inn þó þeir séu ekki tillöguaðili að skipun flugmálastjóra.

Af því að þær umsagnir hafa verið gerðar að umræðuefni vil ég geta þess, að mér barst bréf frá Félagi flugumsjónarmanna þar sem mælt er með skipun Leifs Magnússonar í þessa stöðu. Mér barst einnig bréf frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna þar sem mælt er með skipun Leifs Magnússonar í þessa stöðu. Mér barst skeyti frá Bjarna Jónssyni flugmanni í Vestmannaeyjum, sem mælir með skipun Péturs Einarssonar. Undirrituð ályktun barst frá þremur umdæmisstjórum þar sem mælt er með skipun Péturs Einarssonar. Þeir eru: Guðbjörn Charlesson, Ísafirði, Ingólfur Árnason, Egilsstöðum, Rúnar H. Sigmundsson, Akureyri. Þá barst bréf frá formanni Vélflugfélags Íslands, Þorkatli Guðnasyni, þar sem hann mælir með skipun Péturs Einarssonar. Bréf barst frá Arngrími Jóhannssyni yfirflugstjóra, þar sem hann mælir með skipun Péturs Einarssonar. Þá barst undirskriftarlisti frá 27 mönnum, sem að flugmálum starfa, þar sem mælt er með skipun Péturs Einarssonar. Á minn fund gekk formaður Félags flugumferðarstjóra og mælti með skipun Péturs Einarssonar. Einnig barst mér í hendur listi, undirskrifaður af 212 mönnum, þar sem út af fyrir sig er ekki mælt með neinum, en því andmælt að verið sé að safna undirskriftum til stuðnings Pétri Einarssyni.

Ég kannaði líka í ráðuneytinu og víðar hvernig mönnum hefðu líkað störf Péturs Einarssonar. Það kom eindregið fram að störf hans hafi líkað mjög vel og talið að þau 2½ ár sem hann hafði gegnt starfi varaflugmálastjóra og svo sem settur flugmálastjóri hefði verið hin besta regla á hans störfum öllum. Ég vil leyfa mér að fullyrða að sú hafi einnig orðið niðurstaðan í fjmrn., sem hefur haft mikið saman við Pétur að sælda í sambandi við þessi mál.

Mín niðurstaða varð því sú, að það væri ekki rétt að ganga fram hjá Pétri Einarssyni. Það hafa ekki komið fram þau rök í málinu sem réttlættu að ganga fram hjá manni sem skipað hefur stöðu varaflugmálastjóra í 2½ ár. Ég vek jafnframt athygli á því, að Leifur Magnússon, sem lengi hafði gegnt þessari stöðu og vissulega með ágætum, yfirgaf flugráð og tók upp annað starf. Mér sýnist ekki að það sé sjálfgefið að maður geti svo komið til baka og krafist þess að fá stöðu flugmálastjóra. En ég vil taka fram, eins og ég hef hvað eftir annað tekið fram, að ég hef ekkert nema gott um Leif Magnússon að segja. Ég tel hins vegar að með tilvísun til þess ágæta vitnisburðar sem Pétur Einarsson hefur fengið frá öllum hefði verið í hæsta máta ódrengilegt að ganga fram hjá honum í þessu sambandi.

Ég hef áður vakið athygli á ummælum Alberts Guðmundssonar, sem birtust í Dagblaðinu 26. febr., þar sem Albert Guðmundsson segir:

„Ég vil á sama tíma að það komi fram að Pétur Einarsson hefur gegnt stöðunni með ágætum þennan stutta tíma sem hann hefur verið þarna. Hann hefur gegnt bæði stöðu varaflugmálastjóra og flugmálastjóra í ágætu samstarfi við flugráð."

Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að mjög mikilvægt er að gott samstarf sé á milli flugmálastjóra og flugráðs og ég met þess vegna mikils þennan vitnisburð Alberts Guðmundssonar. Reyndar hef ég heyrt það frá fleirum í flugráði að samstarf við Pétur Einarsson hafi verið með ágætum.

Ég verð að lýsa nokkurri undrun minni á því að málið skuli hafa verið afgreitt í þingflokki Sjálfstfl. Við tókum málið ekki fyrir í þingflokki Framsfl. Þetta kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda.

Ég vil svo segja það, að þetta er ekki í fyrsta sinn sem ráðherra hefur verið gagnrýndur fyrir skipun í embætti. Það hefur oft tíðkast. Meðal annars gerðist það 1954. Þá var þáverandi dóms- og menntmrh. Bjarni Benediktsson gagnrýndur mjög harðlega fyrir skipun í kennaraembætti, prófessorsembætti og þess háttar. Þá var borin fram á hann vantrauststillaga. Með leyfi forseta vil ég lesa stuttan kafla úr svari Bjarna heitins Benediktssonar. Hann segir:

„Um enga af þessum stöðum er því haldið fram, að ég hafi ekki haft vald til að ráðstafa henni eins og ég gerði. Hinu hefur verið hreyft, að ég hafi ekki fylgt tillögum þeirra aðila sumra, sem tillögurétt áttu um stöðuveitinguna. Þetta er rétt. En ef það væri skylda að fylgja ætíð tillögum þeirra, sem slíkan tillögurétt eiga, væri veitingarvaldið vitanlega ekki hjá ráðh., heldur hinum, sem tillöguréttinn á. Það, að ráðh. hefur samkvæmt skýlausum ákvæðum laga ákvörðunarvaldið, fær honum bæði rétt og skyldu til að kanna hvert mál sjálfur og veita stöðuna eftir því sem hans eigin sannfæring segir til um, en ekki einhverra annarra. Ef hann bregst þessari skyldu sinni, hefur hann sýnt, að hann er ekki hæfur til að gegna því mikilsverða embætti sem honum hefur verið veitt. Nafn hans er þá ekki annað en stimpill, sem aðrir geta sett á sínar gerðir þeim til staðfestingar. Ég hef aldrei verið slíkt verkfæri í annarra höndum og vona, að ég verði það seint", sagði Bjarni heitinn Benediktsson, og ég vil leyfa mér að gera þessi orð hans að mínum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Síðustu orð hæstv. samgrh. eiga svo sannarlega ekki við hann samkvæmt þeim ummælum sem eftir honum eru höfð í blaðaviðtölum, þar sem hann segir sjálfur að það sem réði hans afstöðu við ráðningu flugmálastjóra hafi verið þrýstihópur hér og þrýstihópur þar, flugvallaeftirlitsmenn úti á landi, sem eru þrír, formaður Vélflugfélagsins og svo áskoranir þar fyrir utan. Það er eins og aukaatriði að viðkomandi og núverandi flugmálastjóri hafi staðið sig sæmilega vel í þeirri stöðu sem hann gegndi fram að þeim tíma.

Það er alveg furðulegt hvað margir vildu Lilju kveðið hafa og hvað margir stjórnmálamenn, sem skortir yfirleitt allt til þess að vera valdhafar, vildu vera Bjarni Benediktsson í dag. En ég lái þeim það ekki.

Ég sagði í lok viðtals í Morgunblaðinu 27. febr., sem er næstum við hliðina á viðtalinu sem Morgunblaðið hafði við hæstv. samgrh., að það væri ekki öllum gefið að fara með völd. S. l. þriðjudag kom hér upp ágætur hæstv. ráðh., sem er séní á mörgum sviðum, og undirstrikaði þetta svo sannarlega, þegar hann sagði: Hæstv. samgrh. skortir ýmislegt annað en hugrekki. Ég vil taka undir það. Hann skortir ýmislegt annað.

Nú vil ég undirstrika alveg sérstaklega ummæli mín um Pétur Einarsson og hans störf. Hans samstarf við flugráð þann tíma sem hann hefur starfað þar, og ég mun gera nánari grein fyrir þeim tíma síðar í minni

ræðu, hefur verið mjög gott. En í ummælum hæstv. samgrh., þegar hann vitnar í mín ummæli, kemur fram sá tónn að Pétur Einarsson hafi gegnt embætti flugmálastjóra. Það hefur hann alls ekki gert. Hann var á sínum tíma ráðinn án umsagnar flugráðs, þrátt fyrir umsagnarrétt flugráðs, sem gæslumaður flugvalla og þar ber honum að fara eftir ákvörðunum flugráðs og að fjárhagsáætlunum og að sjálfsögðu undir stjórn flugmálastjóra.

Þessu starfi hefur hann gegnt vel, en það er bókstaflega engin reynsla á manninum sem flugmálastjóra. Því starfi hefur hann gegnt frá andláti fyrrverandi flugmálastjóra í samtals tvo mánuði, sem er eins og meðal sumarfrí, og aldrei á þann hátt, sem felst í starfi flugmálastjóra, að taka þátt í erlendum samningagerðum og erlendum samskiptum almennt.

En áður en ég kem frekar að því langar mig til að fara nokkrum orðum um ýmislegt sem hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. Hann segir að valdsvið ráðh. sé að skipa *flugmálastjóra að fenginni tillögu flugráðs.* Einarðari tillögu flugráðs og flugráðsmanna en gerð var var ekki hægt að fá. Þarna eru menn sem koma frá hægri og vinstri í þjóðfélaginu, hafa ólíkar skoðanir, koma úr ólíku umhverfi og hafa ólíkar hugsjónir, sem þeir bera í brjósti, enda valdir af hinum pólitísku flokkum, en þeim tekst að ná algjöru samkomulagi. En ráðh. kýs að hunsa það samkomulag á — ja, mig langar til að segja á svívirðilegan máta, gagnvart þeim mönnum, sem sitja *kjörnir fulltrúar Alþingis Íslendinga í flugráði, og taka* frekar mark á þrýstihópunum úti um land, sem eru þó fámennir, frekar en þá þrýstihópum fagfélaga, sem hann var að upplýsa úr þessum virðulega ræðustól að hefðu skrifað og mælt með Leifi Magnússyni.

Virðulegur ráðh. sagði líka að margir vel hæfir menn hefðu sótt um stöðuna. Það er líka alveg rétt. Þeir voru allir með mjög góð prófskírteini og reynslu á þessu sviði og verkfræðingar, sem við þurfum á að halda því það er mikið um verklegar *framkvæmdir og undirbúning* að verklegum framkvæmdum, og eru tæknimál rædd undir stjórn flugmálastjóra. Það veit hæstv. ráðh. manna best, sem ekki einungis var í flugráði, heldur er í flugráði. Mér var sagt það ítrekað, bara af því ég vildi fá staðfestingu á því, að hann væri ennþá flugráðsmaður.

Þá erum við komnir að ráðuneytinu sjálfu. Ráðuneytið er mjög ánægt með störf Péturs Einarssonar. Flugráð er mjög ánægt með störf Péturs Einarssonar, sem eru á allt öðru sviði en flugmálastjórasviðinu. Ég get tekið undir þetta. En ég hef þær fréttir úr ráðuneytinu að ráðuneytismenn hafi mælt með Leifi Magnússyni. Ráðh. getur komið hingað upp og sagt að það sé rangt. Ég skal þá trúa ráðh. (**Sjútvrh.:** Það er rangt.) Það er rangt, kallar ráðh. Þá skal ég trúa honum. En trúverðugir menn sögðu mér þetta.

Þá á það að vera framlag til þessa máls frá hæstv. ráðh. að Leifur Magnússon skyldi taka tímabundið við annarri stöðu. Það var einmitt vegna þess að viðkomandi fyrirtæki vantaði hæfasta manninn til að endurskipuleggja ákveðna deild, manninn með mestu þekkinguna, og fékk lánaðan til að byrja með Leif Magnússon, sem flengdist svo. En að það eitt skuli vera álitið nóg til þess að maðurinn missi þann rétt, sem hann hafði og hafði áunnið sér um 17—20 ára starfsaldursskeið hjá flugmálastjórn sem yfirmaður þar, er furðuleg fullyrðing.

Þá vil ég líka geta þess að allar þær tilvitnanir, sem ráðh. hefur gripið til í mín orð og sem mæla með Pétri í því starfi sem hann hefur verið í og gegnt ágætlega, grípur hann í eins og hálmstrá í rökfærslu með sínum vondu gjörðum. En það eru rök sem koma fram eftir að ráðherra hefur valið í stöðu flugmálastjóra. Það er billegt. Það er eins billegt og að bera sig saman við stjórnmálamann á borð við Bjarna Benediktsson. Það er alveg rétt að ráðh. hefur völd, en ráðh. verður líka að gera sér það ljóst að völdum fylgir ábyrgð. Það er ekki öllum gefið að fara með slík völd.

Ráðh. segir í blaðaviðtali við Morgunblaðið 27. febr., með leyfi forseta:

„Það fer ekki á milli mála, að bæði Pétur Einarsson og Leifur Magnússon eru hæfir menn, eins og reyndar margir aðrir umsækjendur, sem flugráð hefði mátt velta fyrir sér.' Þá hef ég ekki fengið nema bestu umsagnir um störf Péturs, en hann hefur starfað á þriðja ár sem varaflugmálastjóri" — sem er rangt — „aðfinnslulaust, og við í samgrn. erum mjög ánægðir með hans störf og ég held að ég geti fullyrt að svo er ennfremur með fjmrh."

Hér er verið að gefa til kynna að Leifur Magnússon hafi þá staðið sig illa. Það var þó 17—18 ára reynsla af hans störfum, ekki bara heima fyrir, eins og hjá Pétri Einarssyni, heldur erlendis líka á öllum þeim sviðum sem flugráð kallar á og krefst í því starfi, en ekki bara við umsjón með flugvallagerð innanlands og eftirlit með verklegum framkvæmdum. Og ég undirstrika: Það er rangt sem ráðh. segir, að núverandi flugmálastjóri hafi gegnt því starfi varaflugmálastjóra, sem hér er vitnað til, í þrjú ár. Það eru tveir mánuðir og á þessum tveim mánuðum veit ég ekki til þess að neitt hafi komið upp sem hafi kallað á hans vinnu og samstarf við útlönd. Ég veit það ekki en það gæti svo sem hugsast.

Síðan kemur hérna í sömu grein, með leyfi forseta:

„Mér finnst reyndar ekki drengilegt að ganga fram hjá manni, sem hefur gegnt starfinu aðfinnslulaust við erfiðar aðstæður í veikindum fyrrverandi flugmálastjóra."

Hvað var það í starfi flugmálastjóra sem á reyndi fyrir fyrrverandi varaflugmálastjóra og kom upp á þessum tveim mánuðum? Ekki eitt einasta atriði sem flugráðið hefur verið upplýst um. Ég vissi ekki einu sinni að það væri búið að skipa hann flugmálastjóra í veikindaforföllum. Flugráði var ekkert tilkynnt um það. Það er eins og allt annað sem við fréttum.

Síðar segir ráðh. í þessu sama viðtali:

„Það, sem hins vegar vegur þyngst hjá mér, er sú staðreynd að ég hef ekki fengið neinar aðfinnslur við störf Péturs og því finnst mér ekki drengilegt að ganga fram hjá honum."

Þá segi ég: Á þessum 17—18 ára ferli Leifs Magnússonar, sem gekk inn í störf flugmálastjóra á öllum sviðum, komu upp margar aðfinnslur. Er það aðalástæðan að kvartað var undan störfum Leifs Magnússonar, en þessa tvo mánuði, sem Pétur Einarsson hefur gegnt starfi flugmálastjóra, hafa ekki komið neinar aðfinnslur? Það er alveg furðulegt, alveg dæmalaust. Ég undirstrika það orð vegna þess að það á við þegar menn tala til hæstv. samgrh.

Ennfremur stendur, með leyfi forseta, í sama blaðaviðtali.

„Mér finnst ákaflega einkennilegt hvernig staðið var að málum í flugráði."

Hvaða sneið er þetta til flugráðs? Hvað var svona einkennilegt? Er það einkennilegt að flugráðsmaður skuli koma undirbúinn á flugráðsfund? Er þetta sama og ráðh. segði við flugráðsmenn: Þið megið helst ekki undirbúa ykkur undir fundi. Þið verðið að koma algjörlega óundirbúnir og helst ekki vita nokkurn skapaðan hlut um málið áður en þið komið. Síðan megið þið ekki tala ykkur saman. Þið verðið að taka ákvarðanir, án þess að bera ykkur saman, þegar til fundar kemur.

Þá segir hæstv. ráðh. í sama viðtali, með leyfi forseta:

„Einn ráðsmaður skrifar upp tillöguna fyrir fund ráðsins og lætur síðan hina skrifa undir fyrir fundinn."

Hvaðan hefur ráðh. þessar upplýsingar? Það sem er rétt í þessu máli er að sjálfsögðu það sem kom fram hjá virðulegum 4. þm. Vesturl. og hann rakti hér úr ræðustól s. l. þriðjudag, þegar ráðh. hafði minni tíma til að gegna skyldustörfum hér en vera viðstaddur veisluhöld. Ég er að tala um sjötugsafmæli virðulegs utanrrh. Hann átti afmæli allan daginn og ráðh. gat farið á hvaða tíma sem var þangað. — Hvaðan hefur ráðh. þessar upplýsingar? Það rétta er, að eins og oft vill verða með þm. tala þeir saman á Alþingi þar sem þeir starfa. Ég talaði hér við Skúla Alexandersson, virðulegan þm., og sagði honum minn hug. Það kom í ljós að ákvarðanir okkar lágu saman. Ég skrifaði þá tillögu sem þarna var gerð og kom með hana á fundinn og lagði hana fram á sama hátt og mörgum sinnum hefur skeð í flugráði og hæstv. ráðh. hefur tekið þátt í með mér. Ég hef áður skrifað tillögur sem aðrir hafa skrifað undir. Í þessu tilfelli voru menn ekki beðnir um það. Það kom bara í ljós að menn höfðu kynnt sér málið. Þeir höfðu lesið þau gögn sem samgrh. sendi flugráðsmönnum fyrir fundinn. Það voru umsóknir umsækjenda ásamt upplýsingum um starfsferil og námsferil hvers og eins. Allir flugráðsmenn og varamenn höfðu lesið gögnin og þeim bar saman um að enginn af umsækjendum hefði betri eiginleika en Leifur Magnússon til að vinna starf flugmálastjóra á þann hátt sem flugráð vissi af reynslu að yrði til sóma fyrir ráðherra og flugráð og landið í heild, vegna þess að samskipti við útlönd eru stór hluti af starfi flugmálastjóra.

Ég mótmæli fullyrðing hæstv. ráðh., að við flugráðsmenn hefðum ekki einu sinni skoðað þau gögn sem hann sendi. Við komum það vel undirbúnir og það vel lesnir að ekki var talið nauðsynlegt að lesa öll gögn upp þann morgun. Hvernig dirfist ráðh. að fullyrða að málið hafi verið afgreitt fyrir fram? Hvaðan hefur ráðh. þessar upplýsingar? Er nauðsynlegt fyrir ráðh. að vera að gefa í skyn eitthvað sem hann hefur ekki hugmynd um eða er eðli ráðherra að segja meira en hann veit? Ég held að það sé. Ég held að honum sé ekki sjálfrátt, aumingja manninum.

Ég er alls ekki ánægður með þessa afgreiðslu. Það er eðlilegt. Menn voru allir vel undirbúnir. Ráðh. vildi hafa þá óundirbúna. Ég sé ekki hvað er svona einkennilegt við málið allt. Málið verður ekki einkennilegt fyrr en hæstv. ráðh. fer að hafa afskipti af því. Þá er það ekki bara einkennilegt, það er tortryggilegt líka.

Ég vil sérstaklega undirstrika það, og það skal enginn í flugráði segja neitt annað, að varamaður ráðh. í flugráði hefur reynst þau ár sem við höfum setið þarna saman einhver sá sjálfstæðasti sem til er í flugráði þegar taka þarf ákvarðanir. Enginn reyndi að hafa áhrif á hans ákvörðun, en hún var samstiga okkar. Ég hef óljósan grun um að ráðh. hafi þó reynt að hafa samband við hann, en varafulltrúinn er vanur að standa og falla með sínu. Það skyldi þó aldrei eiga eftir að ske að hann verði hreinlega rekinn úr flugráði og kannske flæmdur úr Framsfl. vegna þess að hann er sjálfstæður maður.

En hann segir mér, með leyfi forseta, í Morgunblaðinu frá 27. febr.:

„Það er í raun ákveðin lífsreynsla að lenda í því, að ráðh. telur sig ekki þurfa að fara eftir vilja flugráðs aftur og aftur í mjög veigamiklum málum. Í þessu máli er verið að velja flugmálastjóra, en ekki pólitískan frambjóðanda og ég er því mjög ósáttur við þessa veitingu persónulega."

Þetta er flokksbróðir og trúnaðarmaður ráðh. í flugráði. Og þetta er þungur dómur á gerðir ráðh., ekki bara í þessu máli, því hann sér ástæðu til þess að taka aðrar ákvarðanir ráðh. inn í þetta svar sitt, ákvarðanir sem ég þekki ekki, ég held mér við það sem er til umræðu.

Það fer ekki mikið milli mála að ráðh. telur flokksskírteini í Framsfl. ofar öllum prófum. Ef hann hefði viljað fara eftir skírteinunum einum held ég það hafi verið annar maður fremri og fremstur hvað snertir prófskírteini. En flokksskírteini í Framsfl. er öllum prófskírteinum ofar.

Ég er hér með grein sem ég get ekki dagsett en ég reikna með að hún sé frá 27. febr. Hún var í Tímanum og ágætis vel upp sett. Þm. hafa eflaust séð hana. Greinin er hægra megin á blaðinu. Ráðh. er spurður hvort hann óttist ekki að honum verði núið því um nasir að þetta væri flokkspólitísk ákvörðun, og hæstv. ráðh. svarar:

„Eflaust verður það gert, en ég vil hins vegar segja að enginn framsóknarmaður eigi að gjalda þess að vera framsóknarmaður ef ég fæ nokkru ráðið."

Fyrr má nú vera! Að öðru jöfnu hefði verið farið eftir prófskírteinum, hefði verið farið eftir starfsaldri, hefði verið farið eftir reynslu í starfi og störfum innan stofnunarinnar. Þá skiptir engu máli hvaða flokksskírteini menn hafa. En hér er eingöngu farið eftir flokksskírteini í Framsfl., eins og kemur fram í viðtali við fulltrúa ráðh. og Framsfl. í flugráði: „Það er í raun ákveðin lífsreynsla" o. s. frv. Og varafulltrúinn heldur áfram: „Og ég er því mjög ósáttur við þessa veitingu persónulega." Það er vegna þess að hún er pólitísk.

Það er mikið vitnað í starfsreynslu Péturs Einarssonar. Hann er búinn að vera varaflugmálastjóri og flugmálastjóri í þrjú ár, aðallega varaflugmálastjóri, samkvæmt viðtali við ráðherra, sem hann hefur ekki leiðrétt. En starfsferillinn er svohljóðandi:

Pétur Einarsson hefur verið hjá flugmálastjórn í tvö ár og einn mánuð, frá 1. ágúst 1978 til 31. ágúst 1980, sem fulltrúi hjá flugmálastjórn. Í tvö ár og fjóra mánuði, eða frá 1. sept. 1980 til 23. des. 1982, hefur hann verið framkvæmdastjóri flugvalladeildar og jafnframt varaflugmálastjóri, en skipaður í báðar þessar stöður af Steingrími Hermannssyni án umsagnar flugráðs.

Til samanburðar vil ég geta þess, að það er litið fram hjá þeim starfsferli Leifs Magnússonar að hann var hjá flugmálastjórn samtals 17 ár og 9 mánuði, þar af 5 ár og

3 mánuði sem varaflugmálastjóri, og er ekki minnst á það neins staðar að Leifur Magnússon hefur tekið þátt í 45 ráðstefnum um flugmál og Pétur Einarsson hefur aldrei komið sem fulltrúi Íslands á slíkan fund.

Við skulum ekki bera saman störf þessara tveggja manna. Þau eru ekkert sambærileg.

Ég ætla ekki að fara út í þá skýrslu sem flugráð hefur látið fara frá sér, en hún er undirrituð af öllum aðalmönnum í flugráði. Varamenn voru ekki beðnir um að undirskrifa hana og áttu ekki kost á að undirskrifa þessa skýrslu, en hún er undirrituð af öllum í flugráði, hvort sem þeir eru framsóknarmenn eða annarra flokka menn. Ætlar ráðh. líka að segja að það sé ekkert mark takandi á henni? Í þessari skýrslu frá 28. febr. er málið í heild rakið að gefnu tilefni vegna blaðaummæla og vegna framkomu ráðh., sem hefur verið svo forkastanleg og ósæmandi ráðherra Íslands að hann ætti að koma hér fram fyrir stólinn á hnjánum og biðja Alþingi afsökunar á gjörðum sínum. (**Sjútvrh.:** Fyrir framan Albert Guðmundsson.) Ég vil gefa ráðh. orðið á eftir ef hann óskar eftir því. — Fyrir framan Albert Guðmundsson, já, sem flugráðsmann. Ég hef visst stolt sem fulltrúi Alþingis út á við, í flugráði í þessu tilfelli. Það er kominn tími til fyrir ráðh. að átta sig á því að hann er ráðh. Vegna þess að hann situr hátt er kannske betur tekið eftir því hvað hann gerir og hvernig hann gerir það.

Ég ætla ekki að bera saman frekar en orðið er umsækjendur, en þetta mál er ráðh. til skammar og það verður eins mikið honum til skammar og þau orð voru Bjarna Benediktssyni til virðingar sem hann mælti. Það er ekki hægt að bera saman þessi tvö mál. En hæstv. ráðh. hefði getað tekið annað mál og borið það saman, vegna þess að það var líka gert að flokksmáli, og það var ráðning í yfirlæknisstöðu á fæðingardeildinni fyrir nokkrum árum, þegar annar framsóknarmaður gegndi ráðherrastöðu.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það er dálítið erfitt að koma hér upp í ræðustól eftir þessa þrumuræðu hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann hefur flutt mál okkar flugráðsmanna mjög rækilega, tíundað rök okkar og bent á veika punkta í málflutningi hæstv. samgrh. í þessu máli.

Hæstv. samgrh. valdi þann kost að hafna tillögu flugráðs um skipun Leifs Magnússonar í embætti flugmálastjóra þótt flugráð stæði einhuga að þeirri tillögu bæði aðal- og varamenn í ráðinu. Á fundi sínum s. l. mánudag samþykkti flugráð greinargerð og mótmæli gegn þessari ákvörðun ráðherra. Þeirri samþykkt hefur verið dreift til allra hv. alþm. og fjölmiðla. Ég vænti þess að allir hv. alþm. hafi kynnt sér mótmælin og efni greinargerðarinnar. Ég sé því ekki ástæðu til að rekja efni hennar hér.

Þegar blaðamaður Morgunblaðsins spurði mig hvort ég liti ekki á ákvörðun ráðh. sem vantraust á flugráð og hvort flugráð mundi ekki segja af sér af þessu tilefni svaraði ég því til að stofnun eins og flugráð yrði að taka ýmsum aðgerðum ráðh. án þess að segja af sér. Ég vil láta það koma fram að með þessu svari mínu taldi ég mig vera að reyna að forða því að aðgerðir ráðh. bitnuðu á áframhaldandi starfi flugráðs. Ég var mjög óánægður með ákvörðun ráðh. og að hann skyldi ekki hafa tekið einróma samþykkt og tillögu flugráðs til greina, en að embættisveitingunni gerðri taldi ég ekki rétt að svara með stóryrðum og stofna í hættu áframhaldandi starfi flugráðs.

Rök flugráðs fyrir því að mæla með Leifi Magnússyni voru einföld og skýr, en í bókun flugráðs og samþykkt segir svo, með leyfi hæstv. forseta. — Þessi samþykkt hefur reyndar verið lesin upp hér í ræðustól áður, en ég tel rétt að ítreka þetta og svo góð samþykkt má vel birtast nokkrum sinnum í þingtíðindum. Tillaga okkar og samþykkt var þannig: „Flugráð leggur samhljóða og eindregið til að Leifur Magnússon verði skipaður flugmálastjóri. Hann hefur ótvírætt að baki víðtækustu reynslu og þekkingu umsækjenda á öllum þáttum íslenskra flugmála, þar á meðal varðandi starfrækslu íslensku alþjóðaflugþjónustunnar á Íslandi ásamt öðrum alþjóðlegum samskiptum á sviði flugmála."

Þarna er sagt fyrst og fremst: Hann hefur ótvírætt að baki víðtækustu reynslu og þekkingu umsækjenda á öllum þáttum íslenskra flugmála. — Þetta var sameiginlegt álit allra flugráðsmanna um það, á hvern hátt Leifur Magnússon skæri sig úr hópi umsækjenda. Þetta voru rök okkar fyrir því að hann yrði skipaður flugmálastjóri, jafnt mín og þeirra sem voru á stundum taldir svolítið hallir undir skoðun ráðh., þegar mál voru afgreidd í flugráði, sem og annarra manna sem flugráð skipa.

Hæstv. ráðh. féllst ekki á tillögu okkar. Þótt maður spyrði sig þeirrar spurningar, hver væri eiginlega tilgangur þess að flugráð skyldi hafa tillögurétt um skipun manns í þessa stöðu og hvort ráðh. hefði ekki með þessari afstöðu sinni verið að lýsa yfir tilgangsleysi flugráðs, þá fannst mér rétt að viðurkenna ekki að slíkt gæti legið að baki ákvörðun ráðh.. Enn væru þó í gildi lög sem segðu fyrir um stjórn flugmála og þar væri svo mælt fyrir um flugráð að það hefði á hendi stjórn flugmála á Íslandi.

Ég varð því meira en lítið undrandi þegar umsagnir hæstv. ráðh. um þessa embættisveitingu fóru að heyrast og birtast í fjölmiðlum og þá fyrst það atriði að aðrir umsagnaraðilar hefðu verið teknir gildari en við í flugráði. Það er furðulegt að ráðh. skuli upplýsa að hann hafi tekið meira mark á umsögnum annarra en þess aðila sem samkv. lögum á að hafa umsagnarrétt í þessum málum. Slíkum vinnubrögðum mótmæli ég.

Þá er í annan stað að geta um furðulegar fullyrðingar hæstv. ráðh. um einkennileg vinnubrögð flugráðs í þessu máli. Ég vil til viðbótar við það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um þessar umsagnir ráðh. fara nokkrum orðum um þær.

Í Morgunblaðinu, líkast til 27. febr. s. l., segir ráðh.: „Einn ráðsmaður skrifar upp tillöguna fyrir fund ráðsins og lætur síðan hina skrifa undir fyrir fundinn".

Ég lýsti því hér á fundi s. l. þriðjudag, hvernig tillaga þessi hefði orðið til og hv. 3. þm. Reykv. jók við þær upplýsingar nokkuð í ræðu sinni áðan. En ég ætla enn á ný að segja frá því, hvernig þessi tillaga varð til.

Hún varð til á þann máta, að við hittumst hér við Albert Guðmundsson í þann mund að ég var að fara úr þinghúsinu. Ég þurfti að sinna öðrum störfum og því miður á þingfundartíma. Þá kemur í ljós að við höfum sömu skoðun í þessu máli, eftir að hafa kynnt okkur þær umsóknir sem okkur höfðu verið sendar. Ég fer fram á það við Albert Guðmundsson frekar en að Albert hafi boðist til þess, að hann undirbúi till. sem við svo flyttum

í þessu máli þegar við kæmum á flugráðsfund. Þegar við síðan komum á flugráðsfund kemur í ljós að það eru fleiri flugráðsmenn en við Albert Guðmundsson á þeirri skoðun að sjálfsagt sé að mæla með Leifi Magnússyni. Það býðst hver flugráðsmaðurinn af öðrum til að skrifa undir þessa till. okkar. Þannig voru hin einkennilegu vinnubrögð sem við í flugráði höfðum í frammi í sambandi við tillögugerð og sú er skýringin á að undirskriftir áttu sér stað áður en fundur hófst í flugráði.

Í annan stað lætur hæstv. ráðh. hafa eftir sér í Morgunblaðinu: „Þeir höfðu ekki einu sinni fyrir því að skoða umsóknirnar og ræða þær á fundinum."

Hv. 3. þm. Reykv. hefur reyndar rætt um þennan þátt mála og bent á að við flugráðsmenn reynum að kynna okkur mál áður en við komum á fund, þó að vitaskuld séu mál undir ýmsum kringumstæðum tekin til frekari yfirvegunar þar, sem eðlilegt er. En undir þessum kringumstæðum höfðum við kynnt okkur málin og tekið afstöðu. Frekari umræður og vangaveltur yfir þeim 11 umsóknum, sem þarna lágu fyrir, voru algerlega tilgangslausar.

Hæstv. ráðh. telur sig þurfa að setja ofan í við flugráð vegna ákvörðunar í sambandi við þetta mál, en það sýnir ekkert annað en að sú ákvörðun, sem hæstv. ráðh. tók, er röng. Hann er að reyna að réttlæta sínar gerðir með því að gera okkar gerðir eitthvað tortryggilegar.

Í þriðja lagi hefur hæstv. ráðh. talað um að það hafi verið ódrengilegt að taka ekki tillit til starfs Péturs Einarssonar sem varaflugmálastjóra og starfsmanns flugmálastjórnar í 2½ ár. Það getur vel verið að hæstv. ráðh. líti á það sem ódrengilegt að viðurkenna ekki góð störf manna. Þá er hann reyndar að segja það, að við höfum verið ódrengilegir að viðurkenna ekki þessi störf Péturs. En hvað mikill ódrengskapur er hafður í frammi þegar viðurkennd eru ekki öll þau störf sem Leifur Magnússon hefur innt af hendi við flugmál á Íslandi? Það er ástæðulaust að jafna því saman.

Allt það sem ráðh. er að segja um störf flugráðs í sambandi við þetta mál eru rökleysur.

Ég mótmæli því að hæstv. samgrh. skuli leyfa sér að vera með slíkar ósannar aðdróttanir á hendur stofnun sem heyrir undir hann sjálfan og skora á hann að færa frekari sönnur á það sem ég hef hér eftir honum haft. Þessar rangfærslur ráðh. hvað snertir vinnubrögð flugráðs eru til þess eins að reyna að réttlæta hans eigin vafasömu gerðir. Ekkert sannar betur en slík vinnubrögð hve vafasamar gerðir hæstv. ráðh. hafa verið. Þegar slíkar rangfærslur bætast við fyrri gerð hans í sambandi við embættisveitinguna hlýtur sú spurning að vakna hvort stofnun eins og flugráð hafi nokkurn tilgang, a. m. k. á meðan hæstv. núverandi samgrh. situr í samgrn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér er til umr. embættisveiting sem öll skynsamleg rök segja okkur að sé af pólitískum toga spunnin. Ég ætla að ræða um þetta mál út frá athöfninni sem slíkri og þeim möguleika að hér sé á ferðinni valdníðsla af því tagi sem megi ógilda.

Máli mínu til áréttingar vil ég, herra forseti, fá að lesa úr bók Ólafs Jóhannessonar prófessors í lögum um stjórnarfarsrétt, þar sem hann fjallar um viljaágalla og valdníðslu. Vil ég nú biðja menn að taka vel eftir.

„Valdníðsla. Í fljótu bragði gæti virst, að það skipti ekki máli um gildi stjórnarathafnar, hverjar ástæður eða hvatir kunna að liggja til hennar, ef hún er gerð af hæfu og þar til bæru stjórnvaldi, með réttum hætti og í réttu formi og efni hennar er eigi sérstaklega andstætt lögum. En sú ályktun er eigi alls kostar rétt. Sérhvert stjórnvald hefur ákveðinn og afmarkaðan verkahring, svo sem gerð hefur verið grein fyrir áður. Stjórnvaldið á að miða athafnir sínar við þann verkahring, og er því auðvitað fyrst og fremst óheimilt að taka sér vald til athafna, sem heyra undir annað stjórnvald. Geri það slíkt, þá er um valdþurrð að tefla. En því ber jafnframt að beita valdi sínu í réttu augnamiði, það er að segja með þá opinberu hagsmuni eina fyrir augum, sem því ber að sýsla. Stjórnvaldið á ekki að miða athafnir sínar við óskyld og annarleg sjónarmið. Fyrst og fremst er auðvitað varhugavert, að stjórnvald hafi í huga ólögmæt markmið — stefni með stjórnarathöfn að einhverju ólögmætu takmarki, enda þótt það felist ekki beint í henni.

Slík ólögmæt sjónarmið geta verið mjög margvísleg, svo sem t. d. ef stjórnvald lætur stjórnast af persónulegri vináttu eða óvild, einkahagsmunum, flokkslegum sjónarmiðum, stéttarhagsmunum, fjárhagshagsmunum annarra einstaklinga eða jafnvel hins opinbera, ef slík hagsmunagæsla er ekki í verkahring þess stjórnvalds. Hér verður raunar að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Þótt flokksleg sjónarmið eigi t. d. oftast að réttu lagi að vera útilokuð við val manna í opinberar stöður, þá verður þó stundum talið rétt að taka tillit til pólitískra viðhorfa umsækjenda. Er jafnvel stundum beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t. d. bæjarstjórastöður."

Herra forseti. Ég skýt því inn í að hér erum við ekki að ræða um stöðu bæjarstjóra, og ég held áfram.

„Ólögmæt sjónarmið leiða stundum til þess, að stjórnarathöfn er bundin ólöglegu skilyrði. Stjórnarathöfnin getur þó orðið ógildanleg vegna þessa ólögmæta skilyrðis. Hugsanlegt er þó einnig, að skilyrðið sé metið óskráð, en ákvörðun stjórnvaldsins að skilyrðinu slepptu sé að öðru leyti gild.

En hvernig fer, ef hin ólögmætu sjónarmið birtust eigi í ólöglegum skilyrðum eða með öðrum áþreifanlegum hætti? Samt sem áður hafa þau getað verkað mjög óheppilega á efni stjórnarathafnar. Sé hægt að henda reiður á þeim, gæti verið ástæða til að láta þau varða ógildingu ákvörðunar. Sú ákvörðun, sem byggð er á ólöglegum forsendum, eða stefnir öðrum þræði að óleyfilegum augnamiðum, er alltaf tortryggileg, þótt hin ólögmæta ákvörðunarástæða stjórnvalds birtist eigi beinlínis. Það getur verið full þörf á að ógilda þvílíkar stjórnarathafnir, er byggjast á ólögmætum ákvörðunarástæðum, enda þótt þeim sé ekki sjáanlega áfátt að öðru leyti.

Því er löngu játað af stjórnarfarsfræðingum, að ólögmæt sjónarmið geti verið sjálfstæð ógildingarástæða."

Herra forseti. Í greinargerð frá flugráði, sem hefur verið ítrekuð í þessari umr. segja flugráðsmenn, með leyfi forseta:

„Flugráð fordæmir þá fádæma valdníðslu er felst í vinnubrögðum samgrh. í máli þessu."

Samkvæmt þessu gæti hér verið um valdníðslu að ræða, sem unnt væri að ógilda samkv. gildandi lögum.

Ég vil þá koma að öðrum þætti þessa máls, og mun ég reyna að forðast að ræða hæfileika og eiginleika manna,

sem hér hafa verið til umræðu, en engu að síður held ég að ég verði að segja við hæstv. samgrh.: Hann orðaði það í viðtölum við blöð að framsóknarmenn mættu ekki gjalda þess að vera framsóknarmenn þegar slík mál bæri á góma eða væru tekin til ákvörðunar. Ég get vel tekið undir þetta með hæstv. ráðh., en ég vil segja við hann um leið: Þeir mega ekki heldur gjalda þess, hæfileikamennirnir, sem sækja um stöður af þessu tagi, að þeir eru hæfileikamenn þótt þeir séu ekki eyrnamerktir framsóknarmenn.

Ég hef haldið því fram hér á þingi áður, að af hálfu *íslenskra stjórnvalda hafi ríkt tiltekið stjórnleysi í flug*málum þessarar þjóðar. M. a. af þeirri ástæðu fluttu ég og flokkur minn till. um opinbera stefnu í flugmálum, sem m. a. hæstv. samgrh. tók undir að nokkru leyti, ekki öllu leyti, við umr. fyrr á þessu ári.

Ég hef sjálfur gagnrýnt embættisfærslur ráðh., en mun ekki fara fleiri orðum um það. Ég vil taka það fram, að einhver mjög alvarleg átök hljóta að eiga sér stað á milli flugráðs annars vegar og hæstv. ráðh. hins vegar, ef marka má það frv. sem hann hefur nú flutt ásamt ríkisstjórninni um stjórn flugmála. Þar er beinlínis lagt til að flugráð verði lagt niður, hvorki meira né minna, eða völd þess stórlega skert.

Þá vil ég geta þess, að ég tel að Alþingi beri mikla ábyrgð gagnvart flugráði og þegar flugráð telur að það hafi verið gengið þvert á vilja þess ályktа ég sem svo, að það hafi verið gengið þvert á vilja Alþingis, vegna þess að Alþingi kýs fulltrúa í flugráð.

Ég vil hins vegar segja það, að í þessu máli þurfa *menn auðvitað ekki að fara í neitt skæklatog.* Það er alveg augljóst hvernig á ákvörðun ráðh. stendur. Það þarf ekki mörg orð að hafa um það. Úr því að ráðh. tók sér í munn orðið „drengilegur" hefði hann bara átt að koma hingað upp og segja að núverandi flugmálastjóri hefði verið valinn í þetta embætti af því að hann er framsóknarmaður. Það hefði verið mun drengilegra af ráðh. en að fara í einhverja orðaleiki, orðahnippingar og orðaskak við menn um það, hvernig að þessu máli hefur verið staðið, hver aðdragandinn er o. s. frv.

Hér hafa verið raktar og ræddar umsagnir ýmissa aðila um þá menn sem til greina komu í þessa stöðu. Ég ætla ekkert að fara nánar út í það, en ég ætla að geta þess, að á fundi framkvæmdastjórnar Verkfræðingafélags Íslands í gær var samþykkt ályktun í þessu máli. Ég ætla að fá að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjórn Verkfræðingafélags Íslands hefur kynnt sér gögn varðandi umsækjendur um starf flugmálastjóra og nýlega skipun yðar í það embætti. Stjórnin vill af því tilefni koma á framfæri við yður, herra samgrh., eindregnum mótmælum félagsins. Við þessa stöðuveitingu er gróflega gengið fram hjá þeim umsækjanda sem hlaut einróma og eindregin meðmæli lögboðins umsagnaraðila, flugráðs. Hann er jafnframt félagi í Verkfræðingafélagi Íslands. Þó ekki sé getið um sérstakar kröfur um menntun flugmálastjóra í núverandi lögum um stjórn flugmála fer ekki á milli mála að verkfræðimenntun væri þar sjálfsögð krafa eða a. m. k. langæskilegasti kosturinn, líkt og gildir um stjórnendur hliðstæðra tæknistofnana sem heyra undir samgrn."

Hér vil ég skjóta inn í, að þarna er auðvitað átt við Vita- og hafnamál, Vegagerðina og fleiri slíkar stofnanir.

„Á það skal einnig bent, að auk Leifs Magnússonar sóttu fjórir aðrir verkfræðingar um þessa stöðu, þ. e. einn flugverkfræðingur, tveir flugvélaverkfræðingar og einn rafeindaverkfræðingur, sem allir eru félagsmenn í VFÍ. Framkvæmdastjórn Verkfræðingafélags Íslands telur að með þessari stöðuveitingu sé verið að vanvirða tæknimenntun, sérfræðilega þekkingu og starfsreynslu. Með því að velja í embættið reynslulítinn umsækjanda án flugtæknilegrar menntunar og fagþekkingar er stofnað til kringumstæðna sem hæglega geta leitt til truflana og tafar á eðlilegri framþróun íslenskra flugmála. Því ítrekar framkvæmdastjórn Verkfræðingafélags Íslands *hér með mótmæli sín og minnir á að fimm ágætlega* hæfir verkfræðingar sóttu um embætti flugmálastjóra."

Nú ætla ég ekki að leggja dóm á niðurstöðu framkvæmdastjórnar Verkfræðingafélagsins um þann ugglaust ágæta mann sem valinn hefur verið til starfans. Ég hirði ekki um það, herra forseti, að fara nánar út í þetta mál, ekki í þessari umferð a. m. k., en gefist til þess tilefni eru nægar ástæður til þess að koma með mörg rök af ýmsu tagi gegn þessari ákvörðun hæstv. samgrh. Ég verð að segja það eins og er, að ég harma að hæstv. ráðh. skyldi taka þessa ákvörðun. Mér finnst það slæmt meðal annars vegna þess, að þessi ákvörðun er áfall fyrir íslensk stjórnvöld og það mátti ekki á það bæta að mínu mati.

Ég endurtek það, að eins og ráðh. sagði sjálfur, að hann vildi ekki láta sína flokksbræður gjalda þess að þeir væru framsóknarmenn, þá geri ég þá siðferðilegu kröfu til hæstv. samgrh. að hann láti ekki aðra menn gjalda hæfileika sinna, menntunar, þroska og þekkingar á störfum framvegis.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það hefur nú þegar verið sagt nógu mikið um þetta mál, þannig að ég þarf ekki að vera margorður.

Þetta er ákaflega leiðinlegt mál. Við vitum að hæstv. samgrh. hefur farið rangt að og við vitum líka að hann veit það sjálfur. Þess vegna neyðist hann til að setja sig í leiðinlegar varnarstellingar til þess að reyna að afsaka þessi mistök. En þessi mistök verða líklega ekki aftur tekin og ber að harma að ráðh. í ríkisstjórn misbeiti valdi sínu eins gróflega og raun ber vitni.

Það er alltaf ákaflega erfitt að ræða um mál á opnum fundi í Alþingi, það sem snertir einn eða tvo einstaklinga, eins og í þessu tilfelli, því að ef menn tala ekki gætilega gæti ræðan komið þannig út að maður væri að draga annan umsækjandann niður um leið og maður reynir að hefja hinn upp.

Ég hef haft, herra forseti, nokkurn áhuga, held ég að mér sé óhætt að segja, á íslenskum flugmálum um alllangt skeið. Hins vegar hef ég ekki ráðið þar miklu, og er það skaði fyrir flugmálin auðvitað. Ég þekki þessa menn báða, sem hér er um að tefla, og hef unnið með þeim báðum. Ég verð að segja að samvinna við þá báða var góð, þó að samvinna mín við Leif Magnússon nái yfir langtum lengri tíma, margfalt lengri tíma. Ég var kominn úr flugráði þegar ég vann að dálitlu verkefni með tveimur öðrum mönnum um að breyta lögum um flug á Íslandi og lappa upp á einhverjar reglugerðir. Þau mál hafa nú gengið hægt í gegnum kerfið og hefði betur verið búið að afgreiða þau fyrir löngu því að þó að þau verk séu ekki fullkomin voru þau aðeins lagfæring á vissum atriðum í þessum málaflokki.

Við sem vorum í flugráði og þeir sem voru með mér í

flugráði — ég var nú þar í átta ár — urðum aldrei varir við mikil völd hjá þeirri stofnun, og ef það er rétt, sem hv. þm. Árni Gunnarsson segir, að með hinu nýja frv. sé verið að skerða stórlega völd flugráðs, er ekki mikið eftir. Ég segi þetta ekki síst með tilliti til þess að hæstv. ráðh., sem leitar eftir tillögum frá flugráði, hunsar algjörlega einróma niðurstöðu. Til hvers eru menn yfirleitt að spyrja flugráð um eitt eða neitt þegar þeir eru fyrir fram ráðnir í því að hafa álit þess að engu? Hvað svo sem segir í gömlum eða nýjum lögum um flugráð og vald þess hefur hæstv. ráðh. gert áhrif þess og völd nákvæmlega að engu.

Því miður er það svo, að ráðh. getur leyft sér að ganga algjörlega á móti einróma samþykkt flugráðs. Það voru margir ágætir umsækjendur sem sóttu um þetta starf og sumir þeirra mjög vel menntaðir. Pétur Einarsson, núverandi flugmálastjóri, er einnig vel menntaður. Hann er lögfræðingur, hann hefur unnið við fasteignasölu og ýmislegt af því tagi og unnið flest til lands, eins og hann segir sjálfur í sinni umsögn, og hefur brugðið fyrir sig logsuðu og alls konar suðu og kannske niðursuðu, það veit ég ekki. Það er alltaf gott að kunna þetta. Hann er einnig trésmiður, sem sýnir að hann getur unnið á mörgum sviðum, og hann er duglegur einnig.

Ég er ekki að gera lítið úr þessari menntun, síður en svo, en hún passar ekki í þetta starf. Hversu vel sem menn eru menntaðir í þessum greinum hentar það ekki þessu embætti. Hins vegar er Leifur Magnússon ekki aðeins búinn að vinna að íslenskum flugmálum í meira en tvo áratugi, eða má segja að alla sína ævi hafi hann starfað að flugmálum, heldur er hann einnig hámenntaður í sinni grein, þrautreyndur í starfi og margsannaður afbragðsmaður í því efni. Hann hefur líklega meiri reynslu í þessum efnum, sem tillit þarf að taka til varðandi slíka umsókn, en nokkur annar maður í landinu. En auðvitað er þetta pólitísk veiting. Það veit ég og það veit hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson einnig. Flokksskírteini í Framsfl. er tekið fram yfir allt annað, menntun, hæfileika og fyrri störf, og það er ömurleg staðreynd.

Hæstv. samgrh. hefur sagt í fjölmiðlum að það væri ódrengilegt að ganga fram hjá Pétri Einarssyni. Ég tel, eins og ég sagði áðan, Pétur Einarsson alls góðs maklegan, en í þessu tilfelli verður maður að bera saman eins og segir í öllum auglýsingum um ákveðnar atvinnuumsóknir. Það er beðið um aldur, menntun og fyrri störf. Það er það sem þarf að skoða. Það hefur hæstv. ráðh. ekki skoðað, heldur bara áðurnefnt skírteini. En það var auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að afsaka sig með því að það væri erfitt að ganga á móti þessum umsækjanda, vegna þess að hæstv. ráðh. setti sjálfur þennan mann inn í stofnunina fyrir tveimur til þremur árum. Hann hefur kannske ekki verið ráðh. þá, en hann hefur verið með puttana á hljóðfæri Framsfl. alllengi.

Því miður verð ég að segja það, að ég er jafnvel enn leiðari yfir þessari embættisveitingu vegna þess að svo ágætur maður eins og Steingrímur Hermannsson, hæstv. ráðh., á í hlut. Ég harma að þetta mikla slys hefur komið fyrir og vona satt að segja að hann láti slíkt ekki henda sig aftur.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála að langhæfasta umsækjandanum var hafnað, umsækjandanum sem hefur bestu menntunina, mestu reynsluna og lengsta starfsaldurinn hjá flugmálastjórn, 18 ár. En sá sem skipaður var hefur verið þar í tvö og hálft ár.

Hæstv. ráðh. segir að hans sé valdið og hann megi beita því að vild. Til hvers, hæstv. ráðh., segir í lögum að ráðh. skuli skipa flugmálastjóra að fengnum tillögum flugráðs? Til hvers stendur það í lögunum? Auðvitað til þess að eftir því sé farið. A. m. k. þegar lögboðnir umsagnaraðilar eru algerlega sammála, eins og hér var raunin á.

Flugráð er að mestu kosið af Alþingi. Það er fulltrúi Alþingis. Það er þingkjörin nefnd sem er hunsuð. Það er Alþingi sem er hunsað. Það er oft deilt á skipanir ráðh., embættisveitingar og með mismunandi miklum rökum. En ég man þó ekki til þess að ráðh. hafi gersamlega hunsað algerlega einróma tillögur lögboðinna umsagnaraðila, allra aðal- og varamanna þingkjörins ráðs.

Herra forseti. Hér er um herfilega valdníðslu að ræða af hendi hæstv. ráðh. og ber að mínu mati vott um sorglega mikla siðblindu. Og eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði, þetta er áfall fyrir íslenska stjórnsýslu, mikið áfall.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um flestar þær ræður sem hér hafa verið haldnar. Þær hafa verið málefnalegar flestar, allar nema ein. En út af síðustu ræðu vil ég segja það, að hv. þm. skipaði flugráð það sem nú situr og það voru ýmsir sem undruðust þá skipun. Ég held að sumir hafi talið að þá væri gengið fram hjá hæfileikamanni. Ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég vil segja það vegna orða hv. þm. Árna Gunnarssonar að hann er fyrsti maðurinn sem vefengir að þessi skipan hafi verið lögmæt. Það er sjálfsagt að láta á það reyna. Ég hef ekkert við það að athuga. Ég fullyrði að hún er að öllu leyti lögmæt. Ef hún er ekki lögmæt ber að sjálfsögðu að afturkalla hana.

Ég vil taka það fram að ég skal svo sannarlega láta hæfileikamenn njóta sín og tel mig hafa gert það. Ég hef hvað eftir annað sagt að Pétur Einarsson hefur gegnt þessu starfi með ágætum. Hér var gert lítið úr reynslu hans og menntun. Það gerði hv. þm. Garðar Sigurðsson á sinn máta. Hann tók sem sérgrein í lögfræðinni flugmál. Það tel ég út af fyrir sig einnig vera kost. Ég tel það heldur engan ókost að hann hefur unnið mörg störf til lands og sjávar. Kom það úr hörðustu átt að heyra það gagnrýnt á þennan máta.

Það er mikill misskilningur að með nýju frv. sé gert ráð fyrir því að leggja flugráð niður og sæmir ekki að flytja mál þannig úr þessum fundarstól. Þetta mál liggur fyrir Ed. Þar er sérstakur kafli um flugráð, þar sem sérstaklega er getið um mikil verkefni flugráðs. Það er náttúrlega alrangt, og ég held að það hafi nú bara verið mismæli hjá hv. þm., að flugráð ætti með því að leggja niður. Staðreyndin er sú, að með þessu frv. er verið að reyna að setja lög um flugráð í þeim anda nánast sem flugráð hefur starfað. Flugráð fer núna með þau verkefni sem ráðh. felur því. Flugráð á að mínu mati ekki að fjalla um daglegt amstur í flugmálastjórn og hefur ekki gert það nema að litlu leyti, svo að þetta er mikill misskilningur. Að verkfræðimenntun hafi verið

eðlilegri í þessu sambandi, um það má lengi deila. Fyrrverandi flugmálastjóri, sem allir báru að sjálfsögðu hina mestu virðingu fyrir og treystu, var ekki verkfræðingur. Ég heyrði engan efast um hans hæfileika. Lögin gera ekki þá kröfu að þarna sé um verkfræðimenntun að ræða. Ég er almennt heldur á móti því að í lögum sé sett slík krafa. Ég er á móti því og tel einmitt að þar eigi hæfileikar fremur að ráða en krafa í lögum um ákveðna menntun.

Hv. þm. Skúli Alexandersson talaði hér málefnalega og ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga sem hann sagði. Við erum ekki á sama máli um þessa skipun og ég geri að sjálfsögðu enga athugasemd við það. Hv. þm. sagði að ég hefði leitað til annarra eftir umsögnum — en leiðrétti sig svo einhvern veginn á þann máta að ég hefði farið eftir öðrum umsögnum. Ég leitaði ekki til annarra eftir umsögnum, ég vil láta það koma skýrt fram. Hins vegar hefur þeim sem mjög oft eru kallaðir hagsmunaaðilar, hv. þm. Albert Guðmundsson kallaði þá þrýstihópa, verið talið frjálst að láta sínar skoðanir í ljós, og ég tel alveg sjálfsagt að skoða slíkt einnig þó að lögum samkvæmt hafi þeir ekki tillögurétt. Ég tel t. d. ákaflega mikilvægt að gott samstarf sé með flugmálastjóra og umdæmisstjórum um landið. Þeir hafa, eins og allir vita, mjög mikið saman að sælda og æskilegt að þar sé góð samstaða, engu síður en á milli flugmálastjóra og flugráðs. Ég vil sérstaklega taka fram út af því sem hv. þm. sagði um störf flugráðs að ég gæti í mörgu hælt flugráði, sem nú situr, fyrir góð störf. Flugráð hefur haldið reglulega fundi, skilað af sér ítarlegum tillögum í fjölmörgum málum og góðum fundargerðum. Þær hafa verið glöggar og ég hef verið mjög ánægður með það. Ég get að sjálfsögðu nefnt hér fjölmörg mál, þar sem ég hef farið eftir tillögum flugráðs, en ég hef ekki gert það í öllum tilfellum. Og ef ég sit í þessu embætti áfram vil ég alls ekki lofa því að ég muni gera það í öllum tilfellum.

Það var gert töluvert úr því að ég hefði sagt í blaðaviðtali að menn hafi verið látnir skrifa undir. Það má vel vera að það sé ofmælt að menn hafi verið látnir skrifa undir. En var það ekki líka ofmælt að menn — eða allir a. m. k. — hefðu boðist til að skrifa undir? Vill ekki hv. þm. segja mér hvort allir hafi boðist til að skrifa undir? Ég hef nefnilega óljósan grun um að það sé ekki alveg 100%. (**Gripið fram í:** Allir.) Allir aðalmenn, já. En ekki meir um það.

Um ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar get ég því miður ekki sagt það sama og ég hef sagt um aðrar ræður. Ég get notað þau orð sem hann notaði um mig. Hún var dæmalaus. Hins vegar vakti hún enga undrun hjá mér, því ég hef löngu vanist þessum stóryrðum hans og ræðum, sem byggðar eru vægast sagt á hálum ís eins og þessi ræða hans.

Hann hneykslaðist á því að ég léti undan þrýstihópum og fullyrti að ég hefði borið fram þá skýringu helsta að aðrir hefðu mælt með Pétri Einarssyni. Hins vegar las hann svo seinna í ræðunni ummæli mín úr blöðum, sem ég skrifaði hér niður, að ég hefði sagt: Hins vegar vegur þyngst hjá mér að Pétur Einarsson hefur staðið sig vel í starfi og við erum ánægðir með hann í ráðuneytinu og ég tel ódrengilegt að ganga fram hjá manni sem hefur sinnt þessu starfi aðfinnslulaust þennan tíma. Ég hef hvað eftir annað tekið það fram að þetta réði fyrst og fremst minni ákvörðun. Menn hafa talað hér um flokksskírteini og fullyrt að það hafi ráðið. Ég hef sagt áður: Að öðru jöfnu þá mun sannarlega ekki framsóknarmaðurinn gjalda þess, og gæti þar reyndar vísað í aðra stjórnmálamenn sem hafa látið sér svipuð orð um munn fara. En það sem réði minni ákvörðun var sú staðreynd, sem er staðfest hér af manni eftir mann, að Pétur Einarsson hefur staðið sig vel í starfi. Og þegar hv. þm. var að hneykslast á því að ég hefði sagt að hann hefði gegnt starfi flugmálastjóra, þá las ég upp ummæli hans úr Dagblaðinu, þar sem hann sjálfur talar um það að hann hafi fyrst sem varaflugmálastjóri og svo sem flugmálastjóri sinnt sínu starfi vel.

Mér er að sjálfsögðu ljóst að Pétur Einarsson hefur ekki sinnt starfi flugmálastjóra nema skamman tíma. Hins vegar er það alrangt hjá hv. þm. að hann hafi ekki sinnt starfi varaflugmálastjóra nema í tvo mánuði. Hann var skipaður varaflugmálastjóri í ágúst 1980, ef ég man rétt, eins og reyndar kemur fram í þeim gögnum sem flugráð hefur sent frá sér. Hann hefur því sinnt starfi varaflugmálstjóra í tvö ár og 4—5 mánuði. Fyrirgefið, ég held að það hafi ekki verið í ágúst, það var í lok ársins 1980. Hins vegar hefur Pétur Einarsson verið starfandi hjá flugmálastjórn í 4½ ár. Hann var skipaður fulltrúi í ágúst 1978 svo að hann hefur starfað hjá flugmálastjórn lengur en þann tíma sem hann hefur verið þar varaflugmálastjóri.

Ég sagði aldrei að flugráðsmenn hefðu ekki skoðað gögnin. Hér flutti hv. þm. langt mál um það að ég heimtaði að menn kæmu óundirbúnir á fund. Ég hef að vísu setið í flugráði með hv. þm., og hann kom sjaldan undirbúinn á fund og hljóp venjulega af fundi áður en hann var hálfnaður, en ég var einmitt að segja að ég gerði fastlega ráð fyrir því að menn hefðu skoðað þessi gögn, því að þeir fengu þau send heim allir daginn áður, eða á sína skrifstofu. Ég gerði fastlega ráð fyrir því. Ég endurtek hins vegar að ég hefði talið eðlilegt að einhverjar umræður hefðu orðið í flugráði og þeirra hefði þá verið getið í fundargerð. Menn hefðu tjáð sig um hinar ýmsu umsóknir, sem þarna komu fram, en það er ekki.

Ég verð að segja það að ég hef óljósan grun um ýmislegt í þessu máli — svo ég noti einnig þau orð sem hv. þm. notaði um mig — ég hef óljósan grun um ýmislegt, en ætla ekki að fara að rekja það hér. Ég endurtek að það sem ráðið hefur mínum gerðum í þessu er það — ég undirstrika og legg áherslu á það — að enginn hefur vefengt það, heldur ekki nú, að Pétur Einarsson hefur sinnt þessu starfi með ágætum þann tíma sem hann hefur verið varaflugmálastjóri, sem er á þriðja ár. Það hefur enginn vefengt það. Það hefur meira að segja komið fram að hann hefur starfað vel með flugráði. Það hefur komið greinilega fram, meira að segja hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni. Ég tel ódrengilegt að ganga fram hjá manni, sem sinnt hefur starfinu vel, oft við erfiðar aðstæður, á þriðja ár og starfað hjá flugmálastjórn á fimmta ár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég held að hæstv. samgrh. sé nú ljóst að þm. eru almennt furðu lostnir yfir þeirri ákvörðun ráðh. sem hér hefur verið á dagskrá.

Ég vil taka það fram að málið er ekki um Pétur Einarsson, nýráðinn flugmálastjóra, eða Leif Magnússon. Það þýðir ekkert fyrir ráðh. að ætla að koma sér út úr málefnalegum umræðum um aðgerðir ráðh. í þessu

máli. Við skulum halda okkur að því. Ég viðurkenni það hvar og hvenær sem er að ég átti þátt í því ásamt hæstv. samgrh. að Pétur Einarsson var ráðinn til flugráðs á sínum tíma. Ég hef aldrei þurft að sjá eftir því og staðfesti það sem ég hef sagt, að maðurinn hefur staðið sig með prýði í því starfi sem hann var ráðinn til að gegna. En hann hefur aldrei nálægt flugmálastjóraembættinu komið fyrr en fyrrverandi flugmálastjóri, Agnar sálugi Kofoed-Hansen, þurfti á sjúkrahús eða til að leita lækninga. Við erum þá að bera saman annars vegar starfsaldur sem eru 2 ár og 4 mánuðir hjá Pétri Einarssyni og 17—18 ár hjá öðrum. Það fer ekkert á milli mála að þarna er gríðarlega mikill munur á. En annar hefur flokksskírteini, rétta flokksskírteinið, hinn ekki.

Ég er alveg sannfærður um það, að ef Henry gamli Ford kæmi hér inn í Ford-umboðið og bæði um vinnu sem bílaviðgerðarmaður yrði hann fyrst spurður hvort hann hefði skírteini. Og þegar hann gæti ekki sýnt að hann væri lærður bifvélavirki, þá fengi hann ekki vinnu. Þetta er nákvæmlega það sama. Ef maður gengur inn í nýtískulegt starf, fag, og hann hefur ekki rétta skírteinið, þá fær hann ekki vinnu. Þá á ég við starfsreynslu, staðfestingu á starfsreynslu og menntun, og það að bera saman starfsreynslu, því margur maðurinn sem er miklu vitrari en ég og vitrari en hæstv. ráðh. hefur sagt að menntun hefjist að námi loknu.

Hverjum dettur í hug að bera þetta saman við starfsreynslu og sjálfsmenntun, sem fyrrverandi flugmálastjóri hafði, sem segja má að hafi flutt flugið til Íslands í þeirri mynd sem það er í dag, og byggði upp alla flugvelli og alla aðstöðu sem til er í landinu af miklum dugnaði, meiri dugnaði en stjórnvöld yfirleitt vildu viðurkenna, og hefði gert miklu meira ef hann hefði fengið réttan stuðning? Það er ekki hægt að hlífa sér bak við þann skjöld að ekki hafi fyrrverandi flugmálastjóri verið verkfræðingur. Það er bara ekki hægt. Þetta er eins billegt og að bera sig saman við Bjarna Benediktsson sáluga og hans aðgerðir. Það er alveg furðulegur málflutningur hjá hæstv. ráðh.

Virðulegur ráðh. segist hafa vanist stóryrðum hér úr þessum ræðustól frá mér. Hvenær? Ég hef aldrei þurft á því að halda að ræða við ráðh. um hans aðgerðir. Ég hef haft ástæður til þess oft og mörgum sinnum, en ég hef setið á mér. En þegar um það er að ræða að fullyrðingar hans snerta störf mín sem þingkjörins fulltrúa í flugráði, þá er kominn tími til að segja við ráðh.: Gerðu nánari grein fyrir þínum fullyrðingum. Fullyrðingum eins og hér komu fram og ég er reyndar búinn að vitna í, en ég geri það aftur með leyfi forseta: „Mér finnst ákaflega einkennilegt hvernig staðið var að málum í flugráði." Hvernig var það einkennilegt? Á hvern hátt var það einkennilegt? Það sem er einkennilegt í málinu er að ráðh. skuli ekki skýra frá því hvernig þessi einkennilegheit áttu sér stað. Nema það sé einkennilegt að menn skyldu koma undirbúnir til fundar.

Við sátum í mörg og löng ár saman í flugráði hæstv. ráðh. og ég. Ég minnist þess aldrei að hann hafi hlýtt mér sérstaklega yfir til að vita hvað ég væri vel undirbúinn. Ég lagði það nú ekki heldur á mig að hlýða honum yfir. En við áttum margar góðar stundir saman og vorum yfirleitt sammála. Það var afskaplega gott samstarf okkar á milli. Okkur hefur líklega tekist að fela fávisku okkar í þessum málum ef hann hefur ekki komið undirbúinn. En ég get fullyrt að það kom nú fyrir jafnvel meðan ráðh. sat í flugráði að ég kæmi undirbúinn.

Síðan fullyrðir hæstv. ráðh. og ætlar að láta fólk í landinu trúa því: „Einn ráðsmaður skrifar upp till. fyrir fund ráðsins og lætur síðan hina skrifa undir." Hvernig dettur hæstv. ráðh. í hug að segja slíkt? Hafa þm. yfirleitt þá reynslu hver af öðrum að þeir láti einn eða annan skrifa undir eða gera yfirleitt það sem þeir ekki vilja gera? Svo heldur hann áfram: „Þeir höfðu ekki einu sinni fyrir því að skoða umsóknirnar." Við höfðum ekki fyrir því að skoða umsóknirnar. En það er staðfest hér af hv. varaformanni Sjálfstfl. að ég leitaði einmitt stuðnings í Sjálfstfl., til þeirra sem ég er tilnefndur af hér til hv. Alþingis, um afstöðu til ákvörðunar minnar, sem ég hafði sjálfur komist að eftir að hafa kynnt mér allar þær umsóknir sem lágu fyrir. Ég bar þá ákvörðun undir þingbræður mína og systur til þess að vita hvort mitt mat var rétt eða rangt í þeirra augum. Og það reyndist rétt. Svo fullyrðir ráðh. fyrir alþjóð í virtasta og útbreiddasta blaðinu, Morgunblaðinu, að menn skoði ekki gögn. Hvaðan hefur ráðh. þetta? Ekki svarað. Síðan segir hann að umsóknir hafi ekki einu sinni verið til umræðu á fundinum. Þær voru til umræðu, en flugráðsmenn töldu ekki þörf á því að lesa þær aftur upp, hafa eflaust verið búnir að margfara yfir þær sjálfir heima, enda kom það í ljós. Slíkur málflutningur er ráðh. ekki til sóma. Hann getur kallað það stóryrði eða hvað sem hann vill, þegar hann heyrir sannleikann, því sannleikurinn er oftast nær það sem ráðh. vill síst af öllu fá að heyra.

Ég hef ekkert vikið að Pétri Einarssyni í starfi flugmálastjóra. Það er hæstv. ráðh. sem hefur komið að því. En ég vil segja það að hann hefur ekki nokkra reynslu í því, ekki nokkra. Ég vona bara þjóðarinnar vegna, vegna þess að þetta er áríðandi starf, að hann reynist eins vel þar og hann reyndist sem flugvallarstjóri. Þess starfs er ráðherra alltaf að vitna til þegar hann talar um að Pétur Einarsson hafi staðið sig vel. (**Sjútvrh.:** Var hann ekki varaflugmálastjóri?) Hann var varaflugmálastjóri líka, það er alveg rétt. En við skulum bara fá skilgreiningu á störfum varaflugmálastjóra og flugmálastjóra. Það eru ekki sambærileg störf né heldur ábyrgð, en við skulum vona að Pétur Einarsson reynist maður til að axla þau störf úr því sem komið er.

Ég veit ekki hvaða óljósa grun ráðh. var að tala um. Af hverju má ekki þingheimur vita hvað er óljóst? Ég held að ég hafi talað þannig hér áðan að lítið væri eftir ósagt eða óljóst í mínu máli. Það er yfirleitt ekkert óljóst þegar ég þarf að koma skilaboðum til annarra manna, sérstaklega ef þau eru áríðandi. Það sem er óljóst er sú heilaflækja sem býr í kollinum á ráðh. og ekkert annað.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að ekkert af því sem hefur komið fram hjá ræðumönnum hér í dag snertir persónu Péturs Einarssonar, störf hans eða framtíð. Þó hún sé — og hans væntanlegu störf séu mjög áríðandi þá er það ennþá meira áríðandi að ráðherra Íslands, hver sem hann er hverju sinni, kunni að fara með þau völd sem Alþingi Íslendinga felur honum í hendur.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Í framhaldi af þeirri umr. sem hér hefur átt sér stað í dag er nauðsynlegt að spyrja hæstv. samgrh. tveggja spurninga. Við fyrri

spurningunni vil ég fá afdráttarlaust svar, sem felst í jái eða neii, en hann ræður auðvitað hvernig hann svarar hinni síðari.

Fyrri spurningin er þessi: Var skipun í embætti flugmálastjóra pólitísk skipun eða ekki? Ég bið hann að svara já eða nei.

Seinni spurningin er þessi: Hverjir eru „við í ráðuneytinu" sem vitnað hefur verið til? Ég vildi gjarnan fá svör við því líka.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður.

Það er komið að lokum þessarar umr. utan dagskrár, sem hefur tekið ærinn tíma af störfum okkar á hinu háa Alþingi. Ég tel ástæðu til þess, eftir að þessi umr. hefur farið fram, að draga það skýrt fram sem hefur komið í ljós.

Það ber enginn brigður á að stöðuveitingavaldið er hjá hæstv. ráðh., en hins vegar er öllum, sem hafa tekið til máls, ljóst að með það vald var farið öðruvísi af hæstv. ráðh. en gera má ráð fyrir að eðlilegt sé. Það er ljóst af lögum, sem um þessi mál fjalla, að þeir menn sem starfa í flugráði eru annars vegar kjörnir menn af löggjafarþingi þjóðarinnar og hins vegar menn með sérstaka þekkingu á flugmálum. Þess vegna er, þegar aðili eins og flugráð kemst að einhuga niðurstöðu, algjörlega útilokað að um pólitíska niðurstöðu sé að ræða, sem hallist að einum flokki.

Þetta nefni ég sérstaklega vegna þess að hæstv. ráðh. vitnaði til annarrar stöðuveitingar, þar sem um var að ræða prófessorsembætti. Ef ég man rétt varð ekki samhljóða niðurstaða um prófessorsstöðu í guðfræðideild. Þar var ekki um kjörna fulltrúa að ræða, heldur fulltrúa sem höfðu verið skipaðir og höfðu þar umsagnaraðild. Það er allt annað mál. Það kemur sem sagt í ljós að jafnvel flokksbræður hæstv. ráðh., sem sæti eiga í flugráði og eru varamenn þar, komust að sömu niðurstöðu eftir umhugsun og þeir hv. þm. sem hér hafa talað og eiga sæti í flugráði. Hæstv. ráðh. fer hins vegar algjörlega gegn þessari niðurstöðu. Ég staðhæfi að það er ákaflega fátítt, en viðurkenni að mikill kjarkur býr að baki, enda hefur hæstv. ráðh. sýnt ærinn kjark í málefnum flugs hér á landi á undanförnum árum, en ekki held ég að allir séu sammála um að allar hans ákvarðanir hafi verið réttar. Um það ætla ég ekki að fjalla hér og nú.

Hitt, sem hefur komið fram í þessum umr. og ber að undirstrika, er það, að aðdróttanir hæstv. ráðh. í garð flugráðs eru með öllu tilhæfulausar. Aðdróttanir hæstv. ráðh. um óvönduð vinnubrögð hafa verið hraktar hér lið fyrir lið. Hæstv. ráðh. lét að því liggja að menn hefðu verið píndir, þeir hafi verið látnir skrifa undir plagg. — Ja við skulum hverfa frá orðinu „píndir", en hæstv. ráðh. orðaði það þannig, að einn ákveðinn flugráðsmaður hafi látið aðra skrifa undir. Í því felst auðvitað sú aðdróttun, að það hafi nánast farið fram gegn vilja hinna mannanna. Það er verið að gefa í skyn að menn hafi ekki fengið tækifæri til að kynna sér umsóknir, einn flugráðsmaður hafi síðan komið og látið hina skrifa undir ákveðna tillögu. Þetta eru aðdróttanir sem ekki eru hæstv. ráðh. sæmandi, og hér hafa þær verið hraktar eftirminnilega. Slíkar aðdróttanir í blöðum eru auðvitað ekki drengilegar, svo að ég noti orðbragð hæstv. ráðh., sem hann grípur oft til þegar hann á erfitt um rökstuðning.

Ég vona, herra forseti, að umr. um þetta mál verði lexía sem draga megi lærdóm af, en ekki fordæmi fyrir aðra ráðh. eða hæstv. ráðh. sjálfan, hvernig standa skuli að embættaveitingum í framtíðinni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er aðeins út af spurningum hv. þm. Árna Gunnarssonar.

Ég hef svarað mjög ítarlega hvað réð því að ég skipaði Pétur Einarsson. Svar mitt við fyrri spurningunni er því nei. Það var alls ekki stjórnmálaskoðun sem réð þar. Hins vegar hef ég hvað eftir annað sagt og hef hér endurtekið, að öðru jöfnu munu menn ekki gjalda þess að vera framsóknarmenn.

Ég ætla ekki að fara að telja hér upp menn í ráðuneytinu. Þar eru náttúrlega þeir menn sem hafa fjallað um flugmálin m. a. Ég sé ekki ástæðu til að fara að tíunda það hér.

Hér nefndi hv. fyrirspyrjandi að það mundi vera næstum því einsdæmi að gengið sé gegn einróma *till.* Svo ég vísi nú aftur í orð doktors Bjarna Benediktssonar, þá upplýsi ég til fróðleiks að dr. Björn Þórðarson mun hafa veitt Sigurbirni Einarssyni embætti gegn eindregnum till. allrar guðfræðideildar. Ég skal ekki segja hvorir eru marktækari guðfræðingarnir eða alþm., en þarna er þó a. m. k. eitt dæmi sem ég hef hér við hendina. (**Gripið fram í:** Séra Sigurbjörn var þó guðfræðingur líka, ekki satt?) Jú, hann var guðfræðingur og Pétur Einarsson hefur flugpróf — ég get bent hv. þm. á það — eins og Leifur, svo ég held að það sé nú út af fyrir sig sambærilegt.

En menn hafa hneykslast á því að ég vísa hér í Bjarna Benediktsson. Bjarni var að sjálfsögðu með hinum allra mætustu stjórnmálamönnum sem hér hafa verið. Ég vísa fyrst og fremst til hans lögskýringa, sem hér eru. Það er meira, sem ég held að hv. þm. ættu að kynna sér, um skyldur ráðh. í slíku sambandi.

Og ég vil segja það að lokum, að ég verð hvorki gúmmístimpill í hendi hv. þm. Alberts Guðmundssonar né neins annars. Hann verður að finna þá sjálfur.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þetta hafa verið nokkuð fróðlegar umr. og margt hægt að lesa út úr þeim um ýmislegt. En að gefnu tilefni, af því að menn voru að tala um vönduð vinnubrögð o. s. frv., langar mig til að bera upp þá fyrirspurn til hæstv. ráðh. hvort flugráð hafi í sínum vönduðu vinnubrögðum gefið honum umsögn um allar umsóknir um embætti flugmálastjóra eða umsögn um alla umsækjendur. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að fá fram í umr., vegna þess að það er talað mikið um að það hafi verið vönduð vinnubrögð og úr vöndu að ráða. Þetta er mikilvægt embætti og margir hæfir menn, eins og hér hefur komið fram. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að fá að vita um hvort flugráð hafi gefið umsögn um alla umsækjendur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að fá að svara fyrir félaga mína, sem ráðh. heldur áfram að bera þeim orðum að þeir séu verkfæri í mínum höndum, mínir fulltrúar, gúmmístimplar. (**Sjútvrh.:** Ég sagði: Ég er ekki gúmmístimpill.) Nei, en það voru hinir sem ég réði. (**Sjútvrh.:** Ég hef aldrei sagt það.) Þetta er óheiðarlegur málflutningur og á að hætta. Hitt er annað mál, að flugráð svaraði og gaf ráðh. þær umsagnir sem

var beðið um.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Aðeins út af þeim orðum sem hv. 1. þm. Vesturl. hafði um vinnubrögð okkar í flugráði og kom þá með fyrirspurn um hvort við hefðum ekki gefið umsögn um alla umsækjendur.

Tilætlun samkvæmt lögum er sú, að við gerum tillögu um hvern skuli ráða. Við eigum ekki að raða mönnum upp í röð eða flokka í gæðaflokka. Ég held að áður en að hv. 1. þm. Vesturlands tekur sig til og heldur að hann sé að veita flokksbróður sínum í ráðherrastól einhvern stuðning með svona fyrirspurnum ætti hann frekar að kynna sér hvert er starfssvið flugráðs.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fram komi vegna fyrirspurnar hv. þm. Alexanders Stefánssonar, að þeir menn, sem skoðað hafa umsóknir, sem bárust um þessa tilteknu stöðu, eru þeirrar skoðunar — og nú vil ég skora á hv. þm. að lesa umsóknirnar, það er auðvelt að fá þær, — að a. m. k. þrír umsækjenda hafi verið hæfari til starfsins en sá sem hlaut það.

Efri deild, 56. fundur.

Föstudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, frv. (þskj. 373). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vildi aðeins mælast til þess, sem þó ætti ekki að þurfa, við hv. nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, að hún kynni sér það rækilega og athugi það mjög gaumgæfilega. Mér sýnist hér vera á ferðinni mál nokkuð sérstaks eðlis. Hér er um að ræða ábyrgðarheimild fyrir mjög verulegri fjárhæð. Það getur áreiðanlega brugðið til beggja vona hvers virði þau verðmæti eru, sem kunna að bjargast þarna, og hversu mikla tryggingu þau gefa fyrir þeirri fjárupphæð sem hér er um að tefla, auk þess sem líklegt er, verði um björgun að ræða á einhverjum verðmætum, að þau séu hvort eð er eign ríkisins, séu fornminjar að verulegu leyti. Ef svo væri ekki, þá er í bréfi rn. á sínum tíma tilskilið að 12% af andvirði skuli renna til ríkisins.

Ég get ekki neitað því, að þó að þetta sé orðað sem ábyrgðarheimild sýnast mér nokkrar líkur, svo að ekki sé meira sagt, benda til þess að þessi fjárhæð muni skella á ríkissjóði. Í því ástandi sem nú ríkir í fjármálum og í þeim þrengingum sem um er að tefla varðandi lántökur til ýmissa nauðsynlegra og æskilegra framkvæmda sýnist mér full ástæða til að athuga sinn gang áður en mál eins og þetta rennur í gegnum Alþingi eins og á bandi. Þetta mál bar að vísu á góma við afgreiðslu fjárlaga, en ég hygg að það hafi ekki tekið ýkja langan tíma að afgreiða þetta í hv. Nd. Vel má vera að þeir sem afgreiddu það þar hafi treyst eins og áður fyrr á hv. Ed., að hún mundi gaumgæfa málið betur.

Ég tel það út af fyrir sig lofsvert framtak, sem þarna hefur átt sér stað, að leita að þessu skipi. Og lofsverð þrautseigja hjá þeim mönnum sem staðið hafa að þessari björgun — að þessari leit réttara sagt, vegna þess að enn er ekki um neina björgun að tefla. Ég er ekki á þessu stigi að gefa út neinar yfirlýsingar um afstöðu mína við endanlega afgreiðslu þessa máls, heldur aðeins að taka fram að mér þykir það nokkuð vafasamt að þetta mál sé afgreitt með þvílíku hraði eins og mér virðist hafa átt sér hér stað. Þetta er þó vissulega ekkert smámál.

Löngum hefur gullleit verið ævintýri. Reyndar mun talið líklegt að ekki sé neins gulls að vænta á þeim slóðum þar sem þetta skip og þau verðmæti, sem í því kann að vera að finna, eru. Samt sem áður má náttúrlega með ýmsum hætti kalla þetta ævintýri. Stundum eru ævintýri lofsverð og það getur það vissulega verið í þessu tilfelli. En þannig getur staðið á fyrir mönnum að þeir hafi ekki mikil ráð á því að leggja út í ævintýri. Þessi fáu orð sem ég mæli hér eru bara varnaðarorð um það, að menn verði að líta á hlutina í nokkru samhengi og verði að aðgæta hvernig ástatt er áður en þeir afgreiða svona mál alveg með hraði.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er vissulega á ferðinni mál sem tvímælis orkar hvort Alþingi eigi að hafa nokkur afskipti af. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi ekki að hafa nokkur afskipti af þessu máli. Hér er, eins og hæstv. utanrrh. komst að orði áðan, vissulega um lofsvert framtak að ræða. En ef þetta er jafngott mál og ábatavonin jafnrík og aðstandendur málsins hafa látið í skína, þá ætti þeim að vera auðvelt að afla sér lána og þeirra trygginga sem til þarf með öðrum hætti en þar komi til atbeini Alþingis Íslendinga. Ég held að þetta mál þurfi að athuga mjög vel, en einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að ákveðinn hópur þm. hafi tekið sig saman um að keyra þetta mál hér í gegn. Það hefur, eins og þegar er komið fram og að mér virðist, ekki fengið mjög ítarlega athugun í Nd. Ég get í rauninni tekið undir hvert orð sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan.

Þegar maður stendur í því rétt fyrir hádegið að fjalla um útgerðarvandamál togara í sjávarplássi, sem er í þann veginn að stöðvast vegna þess að fjármagn skortir til eðlilegs viðhalds, fjármagn sem er ekki nema brot af þeirri upphæð sem hér er um að ræða og þar sem kannske 100—200 manns eiga á hættu að missa sína atvinnu, og það virðist standa á fyrirgreiðslu ríkisins í því efni þó svo hún hafi runnið greiðlega í gegn annars staðar, þá er afskaplega erfitt að standa að því að samþykkja 50 millj. kr. ríkisábyrgð á ævintýri sem þessu. Mér er það ekki nokkur leið. Menn verða auðvitað að gera það upp við sig, vega og meta hvað þeir meta mest. Ef menn telja að ríkið hafi frekar efni á því að standa undir svona happdrættisábyrgð, sem ég held að þetta sé, en að greiða fyrir og tryggja atvinnuöryggi í sjávarplássum, þá verða menn auðvitað að vera frjálsir að því að hafa þá skoðun. En þá skoðun get ég ekki haft. Ég lýsi því yfir að ég get ekki greitt þessu frv. atkvæði.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hér hafa talað, hæstv. utanrrh. og hv. þm. Eiði Guðnasyni, í því efni, að mér finnst vera ýmsir meinbugir á því, eins og ástatt er hér á Alþingi nú, að samþykkja þetta mál. Ég skal ekki ræða frekar um málið sjálft. Það kemur fram í grg. hvers eðlis það er. En ef litið er til þess að nú er Alþingi að fást við

frv. til lánsfjárlaga, þá er auðvitað alveg ljóst að í þeirri miklu verðbólgu, sem nú er og sem verið hefur um langa hríð, er einn mesti vandinn varðandi lánsfjáráætlun einmitt að safna saman nægilegum fjármunum til þess að standa undir þeirri fjárfestingu sem þar er ráðgerð. Ég held að flestir hv. þm. og raunar fleiri séu sammála um það að ekki sé ráðlegt, svo að ekki sé meira sagt, að ganga lengra en gert hefur verið í því efni að taka erlend langtímalán. Sú stefna sem nú hefur verið mörkuð í lánsfjáráætlun varðandi langtímalántökur er að þær hækki ekki að raungildi frá því sem var um s. l. áramót.

Ég geri ráð fyrir því að þetta verði talsvert erfitt verkefni eins og ástatt er og það verði einnig talsvert erfitt verkefni að afla þess fjár innanlands sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Hér er um að ræða framkvæmd sem kostar verulegt fé og sem vitanlega verður að fjármagna á meðan. Það verður að fjármagna hana annaðhvort með innlendu fé eða þá með öðrum hætti. Um annað er ekki að ræða. Og þegar af þeirri ástæðu hversu þröngt er um fjáröflun til nauðsynlegra framkvæmda, til lífsnauðsynlegs rekstrar atvinnuveganna víðs vegar um landið, held ég að það yrði ekki Alþingi til sæmdar að samþykkja þetta mál eins og það liggur fyrir, þó að ég vilji í sjálfu sér ekkert nema gott eitt um málið sjálft segja. Það er, eins og hér hefur komið fram, lofsvert framtak manna. En það er allt annað mál hvort það á að koma inn á Alþingi og hvort á að samþykkja ríkisábyrgð til þess að standa undir hugsanlegu tapi vegna þessa verks. Ég fyrir mína parta get því vel lýst þeirri skoðun minni að ég verð andstæður þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er eðlilegt að menn óski eftir því að fjh.- og viðskn. þessarar deildar fjalli um þetta frv. með eðlilegum hætti. Ég get lofað þeim tveimur hæstv. ráðherrum, sem þess hafa óskað, að það verði gert. Hins vegar finnst mér nokkuð sérkennilegt að hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson og hæstv. viðskrh. Tómas Árnason skuli gera því skóna hér í ræðum að fjh.- og viðskn. Nd. hafi ekki kannað þetta mál nægilega vel og dómur n. um málið sé byggður á því að hún hafi ekki fjallað um það á gaumgæfilegan hátt.

Fjh.- og viðskn. Ed. hefur haft gott samband við fjh.- og viðskn. Nd. í mörgum málum. Reynsla mín sem formanns í fjh.- og viðskn. Ed. er þvert á móti sú, að formaður fjh.- og viðskn. Nd., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, vandar mjög vinnubrögð sín við meðferð mála, einkum og sér í lagi ef í hlut á ákvörðun sem skuldbindur opinber yfirvöld á fjárhagsgrundvelli. Ég veit að ég þarf ekki að lýsa því hér fyrir hv. deild að í fjh.- og viðskn. er hópur manna sem kappkostar að skoða mál vel. Ég get ekki séð að það sé hægt að beina því til okkar, fjh.- og viðskn. Ed., að ástæðan fyrir því að við eigum að fjalla sérstaklega um málið sé sú, að vinnubrögðin hafi ekki verið nægilega vönduð í hv. Nd. Ég get ekki tekið við málinu á þeim grundvelli. Einkum og sér í lagi væri það ósanngjarnt í ljósi góðrar samvinnu minnar við hv. formann fjh.- og viðskn. Nd. að ég tæki við málinu á þeim forsendum.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson er auk þess formaður bankaráðs Seðlabankans, sem ber m. a. skylda til að tryggja það að erlendar lántökur séu ekki úr hófi. Það er líka skemmtileg söguleg staðreynd að fyrirrennarar hans tveir í starfi endurskoðanda Sambands ísl. samvinnufélaga voru þeir tveir hæstv. ráðherrar, sem töluðu hér áðan, fyrst Ólafur Jóhannesson og síðan hæstv. ráðh. Tómas Árnason. (**Utanrrh.:** Ætli sú endurskoðun sé ekki í lagi, bæði nú og fyrr?) Jú, það var nú einmitt það sem ég ætlaði að víkja að, að störf þeirra allra þriggja að þeim málum reyndust vel í gegnum tíðina. Það þekki ég af vettvangi samvinnuhreyfingarinnar a. m. k. og þarf í sjálfu sér ekki að fara um það fleiri orðum. Ég skal verða við þeirri ósk að skoða þetta mál. En ég vildi strax taka það hér fram, að ég vil hins vegar ekki taka við málinu beinlínis á þeim forsendum sem óskin var borin fram. Við skulum hins vegar skoða þetta á sjálfstæðan hátt.

Vegna þess að hæstv. viðskrh. vék hér að lánsfjáráætlun og rökstuddi mál sitt sérstaklega með tilvísun til hennar vil ég upplýsa það, að í meðferð fjh.- og viðskn. þessarar deildar og Nd. á frv. til lánsfjárlaga, sem nú hefur staðið hér í nokkra daga, hefur komið fram að sá liður sem Seðlabankinn telur að þurfi helst að hækka á lánsfjáráætluninni er sá liður sem heyrir beint undir hæstv. viðskrh., þær lántökur sem fara í gegnum langlánanefnd. Og vegna þess að hæstv. viðskrh. lýsti réttilega áhyggjum sínum af því að erlendar lántökur yrðu auknar í meðferð þingsins, frá því frv. sem hér hefur verið lagt fram, vil ég nota þetta tækifæri til að koma þeirri ósk á framfæri við hann, að hann noti nú helgina til þess að tryggja að frá viðskrn. komi strax á mánudaginn álitsgerð á þann veg að ekki þurfi að hækka frv. til lánsfjárlaga, hvað snertir þann lið sem undir langlánanefnd og viðskrn. heyrir, jafnmikið og Seðlabankinn hefur lagt til.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar varðandi langlánanefndina vildi ég aðeins upplýsa það fyrir þá sem kannske eru því ekki svo kunnugir hvernig þau mál ganga til, að langlánanefndin starfar þannig að hún heldur fundi reglulega og tekur fyrir mál. Hún afgreiðir þau. Síðan ganga fundargerðir til allra ráðh. og ef þeir hafa ekki gert aths. við afgreiðsluna innan viku gengur ályktunin fram sem ákvæðin hefur verið af langlánanefndinni. M. ö. o., þessi mál heyra þannig undir alla ríkisstj. og hafa gert um áratugi að ég ætla. Eigi að síður er það alveg rétt hjá hv. þm. að þessi mál heyra undir viðskrn. sem slík og ráðuneytisstjóri viðskrn. er formaður í langlánanefnd.

Hins vegar hefur það oft komið fyrir að ríkisstjórnir hafa tekið ákvarðanir um lántökur af ýmsu tagi. Sérstaklega er það vegna atvinnumála, vegna skipakaupa eða einhvers því um líks, og það hefur jafnvel verið gert enda þótt langlánanefnd hafi synjað um slíkar lántökur.

Ég vildi aðeins upplýsa þetta að gefnu tilefni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er einkennilegt sérkenni þessa máls að koma fram ævinlega á síðustu stundu. Síðast kom það til umr. við afgreiðslu fjárlaga þegar nokkuð langt var á þá afgreiðslu liðið. Var þá mikið kapp lagt á að sú afgreiðsla næðist á skammri hríð. Það varð nú ekki. Nú gerist það aftur, þegar þingið er í miklum önnum og fer væntanlega rétt að ljúka, að frv. um þetta efni kemur hér til umfjöllunar. Ég held að það sé augljóst mál að þeir sem geta

hugsað sér að standa að aðstoð við leit að skipinu Het Wapen vilji fá að skoða það mál mjög gaumgæfilega. En hér er ekki einu sinni um að ræða frv. varðandi leit að skipinu Het Wapen, heldur heitir það til björgunar skipsins Het Wapen. Skipið er náttúrlega fyrir löngu strandað. En ekki hefur það verið sannað með óyggjandi hætti að þeir viðarspænir eða annað, sem hefur fundist þarna, séu akkúrat úr þessu skipi. En vel má það vera og kannske benda miklar líkur til þess.

Hins vegar verður það líka að teljast nokkuð vafasamt í þessu máli að veðið sé í hlutum sem við vitum ekki hvort eru til, sem við vitum ekki hverjir eru og vitum ekki hvort fundist hafa, því að hér segir að þetta skuli vera gegn tryggingu sem fjmrn. telur fullnægjandi, svo sem í verðmæti hins bjargaða, þ. e. í því sem ekki hefur verið bjargað. Peningana eiga menn að fá fyrir fram, en veðin eiga að hluta til að vera í hlutum sem menn vita ekki hvort eru þarna eða hvort eru til né hversu verðmætir muni reynast. Ég held að það sé ákaflega háskasamleg braut fyrir ríkið að ætla sér að taka jafnvel þó ekki sé nema einhvern hluta af veðinu í hlutum sem menn vita ekki hvort eru til eða hversu verðmætir eru.

Í annan stað held ég að það sé ákaflega hæpið fyrir Alþingi Íslendinga, á sama tíma og verið er að tala um mikil erlend lán, að ætla sér að láta ríkið ganga í ábyrgð fyrir svo hárri fjárhæð sem hér um ræðir, 50 millj. kr. Við umfjöllun um lánsfjáráætlun í fjh.- og viðskn. hefur komið fram það álit Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka að erlend lánsfjárþörf til atvinnuveganna sé ekki 590 millj., eins og stendur í frv. til lánsfjárlaga, heldur 1 150 millj. bara vegna þeirra loforða sem ríkisstjórnin hefur þegar gefið. Þarna skortir upp á aðrar 500 millj. og vel það, 5–600 millj. vegna loforða sem þegar eru gefin. Nú eru menn að tala um að halda lánum í lágmarki. Þessu er alveg eftir að mæta. Og það er alveg sama hvernig lánsfjárlögin verða samþykkt, hvort þau eru samþykkt með 590 millj. eða réttri tölu, 1 150 millj., því að við höfum þær staðreyndir fyrir augunum að það er þá bara farið fram úr sem því nemur. Á sama tíma og menn eru að tala um að erlend lán eigi að takmarka og munu standa frammi fyrir þessu 5–600 millj. kr. verkefni held ég að sé erfið aðstaða til þess að Alþingi láti ríkið ganga í ábyrgð fyrir 50 millj. kr.

Nú kunna einhverjir að segja: Ja, þetta þarf nú ekki að vera erlent lán. En ef þetta væri innlent lán þá fer það þó ekki í atvinnureksturinn í landinu af innlendu fé. Og þörf atvinnurekstrarins í landinu fyrir fé verður þá bara þeim mun meiri í erlendum lánum. Það kemur því út á eitt hvort lánið er innlent eða erlent. Það má vel vera að hið opinbera eigi að aðstoða við leit að þessu skipi. Ég vil kalla það leit en ekki björgun. Það getur vel verið að það eigi að gera það. En ég held að það sé ekki góð aðstaða til þess nú og ég held að það eigi ekki að gera það með þeim hætti sem hér er lagt til.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þess hefði ég viljað óska, að hv. alþm. og landsfeður hefðu fyrrum verið jafn varkárir í veitingu ábyrgða af hálfu hins opinbera eins og þið nú eruð. Ég tel að nokkurn veginn sannað sé að hinn forni farkostur sé nú fundinn á söndunum þarna eystra, sem strandaði þar 1667. Ég get tekið undir það með hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni að líkur eru að vísu litlar á því að gull muni finnast í skipinu. Ég tek aftur á móti trúanlegar upplýsingar sem lúta að verðmæti þessa skipsskrokks sjálfs. Og þó ekki fyndist nú annað í honum en ballestin fræga, koparballestin, þá hygg ég að það sé nokkurn veginn borðleggjandi fyrir okkur að skrokkurinn og ballestin ein muni standa undir ábyrgðinni sem hér er farið fram á.

Ég get vel tekið undir það að á þeim tíma þegar okkur skortir fé til nauðsynlegra framkvæmda á sviði atvinnumála þá eigum við heldur að halda að okkur höndum um fjárfestingu í ævintýrum. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar að draumurinn sjálfur um að finna þetta skip hafi nú ræst og ævintýrið, sem fram undan er, sé fremur áhættulítið. Ber þá að geta þess, að ríkið sjálft á vinnings von í þessum verðmætum, hvort þau verða mikil eða lítil, sem þarna eru í sandinum.

Út af varnaðarorðum hv. þm. Eiðs Guðnasonar varðandi þessa ríkisábyrgð á fyrirtækið til þess að heimta fram í dagsljósið og nútímann forna sögu, gamalt ævintýr, sem kann að vera misjafnlega nákvæmlega frá sagt, vil ég rétt aðeins rifja það upp að það var nú 150 árum eftir strand þessa skips sem landssjóður lagði of fjár á þess tíma mælikvarða í það að ræsa fram seftjörn í kjördæmi hans í leit að skrímsli nokkru sem kallað var Katanesdýrið. Ekki er mér kunnugt um það að þm. Vestlendinga hafi nokkru sinni andmælt þeirri leit, þeim tilkostnaði. (**Gripið fram í:** Voru þeir spurðir?) Eftir því sem ég kemst næst þá beittu þeir sér fyrir þessari fjárveitingu. Ég sakfelli að vísu ekki hv. þm. Eið Guðnason fyrir það, því þetta var nokkru fyrir fæðingu hans, en af því svæði var hugmyndin að þessari gagnmerku fjárfestingu runnin. Ég held að áhætta í sambandi við þetta, sem eftir er þarna á söndunum, sé tiltölulega lítil og ef við viljum nota orðið ævintýri þá hygg ég að við höfum lagt peninga í annað verra og arðminna á liðnum áratugum heldur en að leyfa því að rætast.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. er sérstakt að því leyti, að hér er ekki verið að fjalla um venjulega fjárfestingu og venjubundnar tryggingar, sem menn láta í té, heldur er hér um að ræða viðleitni til að bjarga menningarverðmætum eða fornminjum. Á slíkt er aldrei hægt að leggja sams konar mælikvarða og lagður er á ábyrgðir gagnvart fjárfestingum atvinnuvega eða annarra aðgerða sem á okkar tímum eiga að skila hörðum arði. Auk þess er ljóst að meðal Hollendinga er mikill áhugi á þessu máli og Íslendingar geta hugsanlega þurft að meta það, hvort þeir vilja láta þessa björgunarstarfsemi og þessa könnun vera okkar fyrirtæki, okkar verk eða hvort við, vegna þeirra viðhorfa sem hér hefur verið lýst í nokkrum ræðum, látum það kannske að meginhluta í hendur Hollendinga. Þetta bið ég menn að íhuga, þar til málið kemur aftur til meðferðar í deildinni, en ætla ekki að fara nánar á þessu stigi í efnislegar umr. um málið.

Hitt er rétt, eins og bent var á hér af hv. þm. Stefáni Jónssyni, að mjög hefur á skort að þeir sem gegnt hafa ráðherrastöðum á undanförnum árum og áður fyrr hafi verið jafn varkárir í ríkisábyrgðum eins og komið hefur fram hjá þeim tveim ráðh. sem hér hafa talað. Er ég viss um að ef reikningar Ríkisábyrgðasjóðs væru skoðaðir kæmi greinilega í ljós að mörg hafa þau nú verið skipin, þó fljótandi séu og traust og siglingarhæf, sem ekki hafa skilað þeim arði að ekki féllu vextir og afborganir á

Ríkisábyrgðasjóð. Má t. d. leita slíkra skipa í kjördæmi hv. þm. Eiðs Guðnasonar og víðar.

Að lokum, herra forseti, lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að hann væri nánast ábyrgðarlaus á störfum langlánanefndar. Væri þar aðeins einn af 10 ráðh. og hefði ekki miklu meira með það mál að gera en aðrir. Ég andmæli þessum skilningi algerlega. Eins og fram hefur komið hvað eftir annað, m. a. hjá hæstv. ráðh. Ólafi Jóhannessyni, er ríkisstj. ekki fjölskipað stjórnvald og samkv. þeim réttarreglum og venjum sem tíðkaðar eru í okkar stjórnkerfi starfar langlánanefnd á ábyrgð hæstv. viðskrh. Það er staðreynd, sem við blasir, að þegar fjh.- og viðskn. fær frv. til lánsfjárlaga frá hæstv. ríkisstj., þar með hæstv. viðskrh., til meðferðar, þá er það einn liður sem er svo í mótsögn við það sem Seðlabankinn kallar raunveruleikann, að ef ætti að breyta frv. í samræmi við grg. Seðlabankans þyrfti liðurinn að hækka um meira en 100% eða um röskar 500 millj. Og það er sá liður sem heyrir undir langlánanefnd og þar með undir hæstv. viðskrh. Það er a. m. k. mikill ábyrgðarhluti hjá hæstv. viðskrh., ef honum hefur verið þetta kunnugt, að láta hv. fjh.- og viðskn. Nd. og svo hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar fá það verkefni óleyst í hendur, sem nú er ljóst að hefur orðið, að í frv. er gert ráð fyrir 500 millj. kr. í lánveitingar á vegum langlánanefndar, en Seðlabankinn telur að það þurfi að vera röskar 1 100 millj. Hæstv. viðskrh. getur ekki skotið sér undan hinni stjórnarfarslegu ábyrgð á þessum þætti, eins og mér fannst hann vera að gera hér áðan, og fjh.- og viðskn. situr nú uppi með það að þessi hv. nefnd, sem aðsetur hefur í viðskrn. og ráðuneytisstjórinn í viðskrn. mætti hjá fjh.- og viðskn. í morgun til þess að gera grein fyrir hennar störfum, hefur samþykkt 500–600 millj. kr. meiri erlendar lántökur á árinu 1983 til ýmiss konar verkefna en gert er ráð fyrir í því frv. til lánsfjáráætlunar sem hæstv. ríkisstj. lagði hér fram á Alþingi fyrir nokkru.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er óþarfi að gera lánsfjáráætlun og lánsfjárlagafrv. að umræðuefni hér nú. (**ÓRG:** Hæstv. ráðh. gerði það áðan.) Það verður upplýst hér síðar hvernig að þeim málum er unnið. Það mætti fræða hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson talsvert um það hvernig unnið er að lánsfjáráætlun, því að hann virðist ekki vel að sér í þeim efnum, svo að ekki sé meira sagt. Það eru nokkrar stofnanir sem undirbúa hana undir forustu fjmrh. Í fyrsta lagi er það Seðlabankinn. Seðlabankinn hefur skrá yfir öll lán og allar ráðstafanir, sem hafa verið teknar, og ákvarðanir varðandi lán. Síðan er það Framkvæmdastofnun ríkisins varðandi Framkvæmdasjóð Íslands og Þjóðhagsstofnun. Þetta eru þær stofnanir sem vinna að undirbúningi lánsfjáráætlunar. Viðskrn. kemur ekki þar nærri sem slíkt, þó að ég hafi unnið að henni sem ráðh. ásamt fjmrh. og dómsmrh. Það er annað mál. En ég skal ekki ræða nánar um þetta atriði nú. Það gefst tækifæri til þess síðar.

Varðandi það mál sem hér er á dagskrá vildi ég aðeins upplýsa það að mér er kunnugt um að fyrirtækið, sem stendur að þessum tilætluðu björgunarframkvæmdum, hefur leitað eftir láni til banka og fengið þau svör að ekki sé um að ræða lánveitingar nema þá erlent lán og þá því aðeins að ríkisábyrgð fáist fyrir allri upphæðinni. Þetta tel ég rétt að komi fram þegar við 1. umr. málsins hér í Ed.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu fara að óskum forseta um að tefja ekki þetta mál því að mér er umhugað um að það geti gengið sína leið til nefndar þegar við þessa umr. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að í frv. er kveðið svo á, að bæði skuli afla tryggingar og eins er tekið fram að það eigi að hafa samráð við fjvn. um lokaákvörðun. Þarna er því um að ræða vissar bremsur sem engin leið er að líta fram hjá þegar um málið er fjallað.

Varðandi það sem fram kom hjá hæstv. viðskrh. hér áðan og er að sjálfsögðu óþarfi að ræða nánar, þá var innlegg hans að því leyti gagnslaust sem rök gegn þessu máli, að lánsfjáráætlun og útvegun fjár hennar vegna er allt annað mál en það sem hér er um fjallað. Ég tek undir það sem komið hefur hér fram í þessum umr., m. a. hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að menn eru mjög bjartsýnir og telja sig nánast hafa vissu fyrir því að skipið sé fundið. Það er að sjálfsögðu hægt að fá vitneskju um það frá mörgum aðilum, bæði erlendum og innlendum. En það sem ég legg nú hvað mest upp úr í þeim efnum eru skoðanir manna sem þekkja til á þessum stöðum og kunna sögur um strönd við sandana í Austur-Skaftafellssýslu. Ég hef oftar en einu sinni og oftar en tvisvar talað mjög rækilega um þetta mál við Ragnar í Skaftafelli, sem kann sögu þessa skipsstrands mjög rækilega og veit mjög greinilega hvernig varningur úr þessu skipi dreifðist. Hann hefur sínar skoðanir á því hvernig sá farangur sem var neðan þilja í skipinu muni hafa varðveist, m. a. vegna þess að það hafi ekki verið unnt að bjarga honum. Skoðanir þessa mæta manns hafa mjög eflt trú mína á því að þarna væri um merkan skipsfund að ræða.

Ég ætla ekki að tefja þetta frekar, en vænti þes að fjh.- og viðskn. greiði fyrir þessu máli í gegnum deildina.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta mál á ákaflega sterk ítök í mörgum þm. að því er virðist og mér sýnist að sumu leyti óskiljanlega sterk. Það er alveg rétt sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan, að hér er ekki um venjubundið mál að ræða. Það er kannske mergurinn málsins. Sömuleiðis má segja um þá félaga, hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 11. þm. Reykv., að þeirra málflutningur í þessu máli og þeirra rök voru heldur ekki venjubundin. Satt best að segja sé ég ekki alveg með hverjum hætti Katanesdýrið kemur málinu við. Þó má kannske segja það með þeim hætti sem hv. þm. gerði hér og okkur til skemmtunar. Síðan var rekstri Akranesferjunnar, Akraborgar, flækt hér inn í umr. Það gerði hv. 11. þm. Reykv. Ég sé heldur ekki með hverjum hætti það mál tengist þessu. En þetta er nú kannske önnur saga og ég ætla ekki að blanda mér í þær umr. sem hér hafa orðið um lánsfjáráætlun.

Þegar þetta mál var til umr. í Sþ. við meðferð fjárlaga minnist ég þess, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti langa og mjög hástemmda ræðu um menningarverðmæti. Það er alveg rétt, þetta eru menningarverðmæti. En þetta eru hollensk menningarverðmæti. Þessi verðmæti snerta ekki Ísland eða íslenska sögu nema aðeins með þeim mjög óbeina og tilviljanakennda hætti, að þetta skip skyldi reka hingað undan ofviðri og stranda. Þetta skip átti aldrei að koma hingað og átti

hingað ekkert erindi. Þetta eru hollensk menningarverðmæti. (Gripið fram í.) Vissulega. Og hvers vegna þá ekki? Ef þetta mál er jafnmikilsvert þeim Hollendingum og hér er látið í skína hljóta þeir, eftir að hafa kynnt sér gögn málsins, að vera meira en fúsir til að ganga í nokkra ábyrgð og freista þess að bjarga þessum verðmætum, sem eru einstæð fyrir hollenska sögu, en skipta okkur og íslenska sögu, íslenska menningu ákaflega litlu máli. Er þar kannske forvitnilegt hliðarspor, tilviljanakennt þó.

Mér sýnist að ef þetta mál er jafnglæsilegt og þær vonir, sem við björgunina eru bundnar, jafngylltar og hér er óspart látið í skína, þá eigi auðvitað að gera þetta með þessum hætti. Það er ekki nokkur ástæða til þess að íslenskum þegnum sé bökuð fjárhagsleg ábyrgð og þeir taki á sig fjárhagslegar skuldbindingar vegna þessa framtaks nokkurra dugmikilla einstaklinga. Það er líka furðulegt að hér skuli mönnum vera álasað fyrir það að vilja nú fara varlega með þeim rökum að það hafi nú ekki verið farið varlega áður. Slíkur málflutningur er auðvitað gersamlega með endemum. Ég held að það sé rík ástæða til þess að fara hér varlega, m. a. af þeim ástæðum sem ég rakti hér áðan, þeim mikla vanda sem við eigum við að stríða um þessar mundir. Atvinnuöryggi er í hættu út um allt land. Þm. Vesturlands sátu á fundi í morgun með fulltrúum útgerðarfyrirtækis í Ólafsvík þar sem blasir við stöðvun. Þar er um smávægilega upphæð að ræða miðað við þetta. Það gengur illa að fá eðlilega fyrirgreiðslu í því máli til að tryggja atvinnu á þeim stað. Hvernig í ósköpunum er svo hægt að ætlast til að menn hlaupi til og rétti upp hendina þegar beðið er um 50 millj. kr. lánstryggingu, gegn tryggingum í því sem við vitum ekki hvort er til? Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til þess? Mér finnst ekki hægt að ætlast til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Varnir gegn mengun frá skipum, frv. (þskj. 385, n. 440, 441). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til laga um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingu, sem birt er á sérstöku þskj., þ. e. að 1. gr. frv. orðist svo, með leyfi forseta: „Ráðh. þeim sem fer með siglingamál er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og fjalla um mengun frá skipum.“ Þarna er nánast um að ræða breytingu á orðaröð en enga efnisbreytingu. Greinin hljóðaði áður þannig, með leyfi forseta: „Ráðh. þeim sem fer með siglingamál er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum um mengun frá skipum, sem Ísland er aðili að“. Mönnum þótti það heldur óeðlileg orðaröð og því er þessi brtt. flutt, herra forseti.

ATKVGR.

Brtt. 441 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 466). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tónskáldasjóður Íslands, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Skipamælingar, frv. (þskj. 386, n. 439). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Samgn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Hér er nánast um að ræða smávægilega tæknilega breytingu til þess að unnt sé að uppfylla skilyrði í alþjóðasamningum sem við erum aðilar að.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 311, n. 421). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdótir): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. og mælir með að það verði samþykkt. Hér er um að ræða stjfrv. sem má segja að sé flutt í framhaldi af þeim lagfæringum sem gerðar voru á lögum um kosningar til Alþingis og ég ásamt fleiri hv. þm. Ed. flutti frv. um á sínum tíma.

Það eru ýmis atriði hér sem mig langar til að minnast á. Varðandi 2. gr. frv. kom það í ljós eftir að kjördagur var fluttur frá sunnudegi til laugardags að ýmsir töldu sig af trúarástæðum ekki geta sótt kjörfund á kjördegi, þ. e. laugardegi. Þessari breytingu mun ætlað að koma til móts við þessa aðila, enda þykir sjálfsagt að taka tillit til slíks.

Síðan eru það margumræddir stimplar sem um er fjallað í 3. gr. frv. Er hér lagt til að áfram verði sá valkostur að menn geti ýmist skrifað eða stimplað bókstaf þess lista sem viðkomandi vill kjósa. Eins og mörgum hv. alþm. mun vera minnisstætt fóru þessir stimplar nokkuð fyrir brjóstið á þeim embættismönnum sem annast undirbúning kosninga og bera ábyrgð á þeim. Það er ef til vill skiljanlegt þegar um slíkar nýjungar er að ræða að menn vilji fara varlega, en ég vil ítreka það að stimplarnir varðandi utankjörstaðaratkvæðagreiðslu voru í fyrsta lagi hugsaðir til að auðvelda blindum, sjóndöprum og handarvana að kjósa hjálparlaust, þ. e. að nota þau mannréttindi sem leynileg atkvæðagreiðsla er án aðstoðar, og í öðru lagi til að fækka ógildum atkvæðum.

Eftir sveitarstjórnarkosningar á síðasta vori óskaði ráðuneytið eftir greinargerð kjörstjóra um reynslu af notkun stimplanna við utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Einnig var leitað álits yfirkjörstjórna í kaupstöðum og Blindrafélagsins. Það er ánægjulegt til þess að vita að niðurstöður yfirkjörstjórna voru þær að stimplanotkunin hefði komið sér vel í störfum þeirra. Hún hefði auðveldað talningu og fækkað vafaatkvæðum verulega. Að vísu lét yfirkjörstjórnin í Reykjavík þess getið, að til hennar hefði verið kvartað yfir því, að það hefði mátt sjá af röðun stimplanna, þegar kjósandi hafði lokið kosningu, hvaða stimpil hann hafði notað. Sömuleiðis hefði mátt sjá í gegnum atkvæðaseðilinn hvernig kosið var, væri seðillinn borinn upp að ljósi. Nú hefur það nú að vísu ekki með stimplana að gera hvernig atkvæðaseðlarnir hafa verið útfærðir, en langflestar yfirkjörstjórnir mæltu með áframhaldandi notkun stimpla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Svör kjörstjóranna voru nokkuð mismunandi, en þó töldu langflestir stimplanotkunina vera til bóta. Getið er um bæði kosti og galla varðandi notkun stimplanna. Gallarnir eru fyrst og fremst taldir tæknilegir, t. d. að blindraletrið á stimplunum hafi ekki verið af réttri stærð og því erfitt fyrir blinda að átta sig á því, að merking með bókstöfunum hafi ekki verið nógu greinileg fyrir sjóndapra og að stimplarnir hafi viljað festast við notkun.

Blindrafélagið taldi reynslu af notkun stimplanna jákvæða, en bendir jafnframt á að lagfæra þurfi stærð letursins.

Mér þótti rétt að koma hér aðeins inn á þessi atriði. Einnig langar mig að koma því hér að varðandi útfærsluna á svonefndum „skapalónum", sem áttu að fylgja stimplunum, að hún var fyrir neðan allar hellur. Á sínum tíma hafði verið látið fylgja skapalón með stimpli, þegar ráðuneytinu voru send þessi gögn, en útfærslan á þeim er með ólíkindum. Ég vildi láta þessa getið hér vegna þess að ég hef komið ósk á framfæri við ráðuneytið um að úr þessu verði bætt. Það er ekki mikill kostnaður sem því fylgir að skera út eitt lítið pappaspjald með ramma af réttri stærð fyrir stimpilinn sem nota á. Þetta er það sem ráðuneytið lét útbúa. Þetta er eins og það á að vera. Það þykir mér rétt að komi hér fram.

Nefndinni þótti rétt að samþykkja það að framlengja þennan valkost, þ. e. að menn geti enn valið um að rita eða stimpla á kjörseðilinn þann bókstaf sem þeir velja, og fá lengri reynslutíma í trausti þess að reynt verði að finna lausn á þeim tæknilegu göllum sem fram hafa komið og bent hefur verið á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 402, n. 457). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Samgn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. *til breytingar á* vegalögum. Hún fékk til fundar við sig vegamálastjóra til að skýra þau sjónarmið er að baki þessari breytingu liggja. Hér er um tiltölulega litla breytingu að ræða, sem þó kemur til góða fámennum þéttbýlisstöðum í allmörgum tilvikum. Það varð niðurstaða nefndarinnar að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir, en það tengist þeirri vegáætlun sem nú er verið að fjalla um hér á Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef óskað eftir því við hæstv. utanrrh. að fá að taka til máls utan dagskrár um málefni olíustöðvarinnar í Helguvík í tilefni af viðtali sem var við hæstv. ráðh. sunnudaginn 27. febr. í dagblaðinu Tímanum. Í þessu viðtali segir hæstv. ráðh., og ég les með leyfi forseta:

„Að því er varðar Helguvík, þá er það allt ennþá í undirbúningi. Framkvæmdir eru ekki hafnar. Gert er ráð fyrir því, að á þessu ári verði tveir stórir olíutankar fluttir úr hlíðinni fyrir ofan byggðina á fyrirhugað svæði, sem þeim er ætlað, og þar með verði helmingurinn fluttur. Jafnframt verði lagðar leiðslur frá þeim upp á flugvöllinn og vegur byggður. En að því er varðar löndunaraðstöðuna, þá eru ekki komnar neinar endanlegar teikningar af því, enda engar framkvæmdir fyrirhugaðar á þessu ári. Þarna tel ég mig aðeins vera að framfylgja vilja Alþingis, því það var samþykkt á þingi að flytja þessa tanka. Og að því er varðar löndunaraðstöðu og höfn, þá er óhjákvæmilegt að flytja þetta úr Njarðvíkurhöfninni, en þar brotnaði bryggjan sem þar var".

Ég les ekki lengra, herra forseti, að vísu mun átt við Keflavíkurhöfn í þessu tilviki, en það skiptir kannske minnstu máli.

Það sem skiptir máli í þessu er tvennt: Hér segir hæstv. utanrrh. að það sé hugmyndin að flytja tankana úr hlíðinni fyrir ofan byggðina á fyrirhugað svæði, og hitt atriðið, sem skiptir máli, varðar löndunaraðstöðuna. Nú verður þetta ekki skilið öðruvísi en að þeir tankar sem eru í hlíðinni verði fluttir á hið nýja svæði í Helguvík. Og þá hlýtur sú spurning að vakna: Er það virkilega svo, að hugmyndin sé að flytja þessa gömlu og afdönkuðu tanka í einu stykki út í Helguvík? Ef svo er er þar um algjöra stefnubreytingu að ræða, en ef svo er ekki er orðalagið, sem valið er í þessu viðtali, af því tagi að það gefur ekki rétta mynd af þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og þess vegna rétt að hæstv. utanrrh. fái tækifæri til að leiðrétta það og kveða skýrar að orði um hverjar séu hinar fyrirhuguðu framkvæmdir á Helguvíkursvæðinu.

Í annan stað hafði ég skilið það svo, að fyrirhugað væri að það berg, sem væri sprengt á þessu svæði, yrði notað einmitt í hafnarframkvæmdirnar. Jafnframt hafði ég skilið það svo og tel að áætlanirnar séu þannig, að þeir tankar sem yrðu reistir á Helguvíkursvæðinu yrðu einmitt sprengdir í berg og niðurgrafnir. Ég vil þá spyrja af þessu tilefni, hvort það sé ekki enn áformað að ganga þannig frá málum að þeir tankar sem þarna verði byggðir verði sprengdir í berg og hvort ekki sé ætlunin að nýta það grjót, sem fram komi við þær sprengingar, til þess að vinna jafnframt að því að koma upp hafnargarði og löndunaraðstöðu, eins og fyrirhugað hafði verið og hæstv. utanrrh. hefur látið koma fram hér í umr. á Alþingi.

Að lokum hefði ég óskað skýringa hæstv. utanrrh. á því, hvernig á því standi að þetta mál hafi dregist svona lengi. Þegar þáltill. var flutt um þetta efni á sínum tíma — Ólafur Björnsson flutti þáltill. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík — var þess getið að byggingartíminn væri áætlaður um 7 ár, en hann mætti stytta um eitt ár, ef íslensk stjórnvöld hefðu lagt út í að byrja strax á árinu 1981. Það varð reyndar ekki, en mér sýnist að þessar framkvæmdir hafi haft tilhneigingu til þess að tefjast nokkuð mikið. Svo framarlega sem þetta er rétt hefðu framkvæmdir átt að geta verið í fullum gangi á árinu 1983, en það verður ekki sagt að þær framkvæmdir séu komnar í gang og verður ekki ráðið fyllilega af viðtalinu við hæstv. utanrrh. hversu mikil umsvif verði á þessu ári. Þess vegna hefði ég óskað eftir upplýsingum um það, hvort orðið hafi einhverjar ófyrirsjáanlegar tafir, hver heildarbyggingartími sé nú áætlaður og hversu mikið verði unnið á næstu árum.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þá komið þessum fyrirspurnum á framfæri. Ég tel nauðsynlegt að þessi mál liggi skýrt fyrir og hef borið mínar fyrirspurnir fram við hæstv. utanrrh.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar er stutt.

Í þessu ívitnaða viðtali hef ég ekki orðað þetta af nægilegri vísindalegri nákvæmni. Það er auðvitað ekki meiningin að flytja eigi þá tanka til sem standa þarna í hlíðinni fyrir ofan byggðarlagið og það hefur aldrei staðið til, enda býst ég við að flutningur á þeim gæti verið ýmsum vandkvæðum bundinn.

Þegar hefur verið úthlutað leyfi til byggingar tveggja nýrra tanka, sem hafi rými fyrir nær því helming af þeim eldsneytisbirgðum sem eru geymdar í hinum gömlu tönkum fyrir ofan byggðina, en það er kunnugt og hefur margoft verið rætt á Alþingi að það hefur verið talin ákaflega óheppileg staðsetning á olíugeymunum að hafa þá þarna rétt fyrir ofan byggðina og er hugsanlegt að af þeim gæti stafað mengunarhætta. Það er þess vegna um það að ræða að leyfi er til þess að byggðir séu tveir nýir tankar á þessu svæði. Það er ætlunin að þeir verði grafnir eða sprengdir í jörð niður og verða að öllu leyti þannig í jörð. Það er óbreytt frá þeim áætlunum sem um það hafa verið gerðar.

Um það, hvort það grjót sem kemur upp við þær sprengingar sem þar kunna að eiga sér stað eða grjót af öðrum stöðum kunni að verða notað í hafnargarð, er það að segja að enn hafa ekki farið fram fullnægjandi rannsóknir á því, hvort það grjót sé talið nothæft, en það eru hugmyndir uppi um það og hafa verið uppi um það að nota grjótið eða bergið, ef það reynist til þess hæft, í uppfyllingu. Þær hugmyndir eru sem sagt ennþá fyrir hendi, en nægilegar rannsóknir eru ekki taldar enn hafa farið fram á því, hvort það sé nothæft.

Út af því, sem hv. þm. spurðist fyrir um, hvort það hafi verið tafir á þessu. Það er ekki neitt nýtt að tafir hafi orðið á framkvæmdum þeim sem leyfðar hafa verið hjá varnarliðinu. Ég bendi t. d. á skýrslu mína um utanríkismál, þar sem framkvæmdir sem leyfðar hafa verið á fyrri árum, en eftir er að framkvæma, verða kannske aldrei framkvæmdar sumar hverjar, eru um þrisvar sinnum meiri en nýjar framkvæmdir sem leyfðar eru á þessu ári.

Það hafa tafist nokkuð bæði rannsóknir og teikningar. En ég hef gert það að skilyrði fyrir því að leyfi yrðu veitt til hafnargerðar eða löndunaraðstöðu að teikningar væru lagðar fyrir mig. Þær hafa ekki enn verið lagðar á mitt borð.

Ég vænti að ég hafi svarað fsp. hv. þm. með þessu.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég fagna því að utanrrh. hefur leiðrétt missögn í Tímanum frá 27. febrúar s. l., hvar mátti skilja að flytja ætti gamla og úr sér gengna olíutanka yfir á svæðið í Helguvík — tanka sem margsinnis hefur verið krafist að yrðu rifnir vegna þess að íbúarnir í Njarðvíkum óttast að olían, sem í tönkunum er, leki niður í vatnsbólin, mengi vatnsbólin og geri mönnum lífið óbærilegt eftir það. En það kemur fleira fram í þessu viðtali, sem er vafalaust missögn. Þar segir að olíubryggjan í Njarðvíkurhöfn hafi brotnað. Þar hefur aldrei nein olíubryggja verið og þess vegna ekki brotnað. Hins vegar brotnaði hafskipabryggjan í Keflavík á sínum tíma og eru menn í vandræðum með að losa olíu í þeirri höfn einmitt nú.

Ég hef hins vegar verið að furða mig á því, hvað það gengur seint að efna þá samþykkt, sem Alþingi gerði varðandi þessi olíutankamál, hvar ætlast var til þess að gengið yrði fljótt í málin, og einkum vegna þess að menn óttast að núverandi ástand verði íbúunum mjög til tjóns.

Þegar þetta viðtal hafði birst var það að bæjarstjórn Keflavíkur tók málið til umfjöllunar og gerði sérstaka samþykkt. Sú samþykkt sýnir fram á þann ótta sem fyrir hendi er í byggðarlaginu, og hann er einnig í öðrum byggðarlögum þarna. En samþykktin er þannig:

„Bæjarstjórn Keflavíkur ítrekar fyrri samþykktir sínar um að olíutankar og leiðslur varnarliðsins verði fjarlægð og minnir á að með hverju árinu sem líður

hrörnar þetta dót og verður auk þess sífellt meira fyrir skipulaginu. Einnig minnir bæjarstjórn á að olíubryggjan hvarf fyrir nokkrum árum og leyfi til löndunar olíu í Keflavíkurhöfn var aðeins til bráðabirgða. Ennfremur samþykkir bæjarstjórn að leita til Almannavarna ríkisins með mál þetta, þar sem nú er upplýst að þrátt fyrir samþykkt Alþingis 21. maí 1981 ætla stjórnvöld ekki að framkvæma neitt sem gagn er að á næstunni."

Þetta var samþykkt með 8 atkv. gegn 1 — samþykkt ekki aðeins af Alþýðuflokksmönnum heldur líka framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum. Till. var jafnframt vísað til bæjarráðs og skyldi ræða við önnur sveitarfélög um málið og þá einkum við Njarðvíkurbæ.

Í grg., sem fylgdi till. og bókuð var sérstaklega í fundargerðarbækur Keflavíkurbæjar, segir svo, með leyfi forseta:

„Það er nú ljóst að utanrrh. ætlar að fara að vilja Alþb. og Olíufélagsins í svonefndu Helguvíkurmáli þrátt fyrir samþykkt Alþingis frá 21. maí 1981 og marggefin fyrirheit um að beita sér fyrir skjótri lausn á grundvelli samkomulags frá 1980.

Í viðtali Tímans við ráðh. s. l. sunnudag kemur fram að núna, tveimur árum eftir að Alþingi fól honum að hraða því verki „sem kostur er," liggur ekkert fyrir um framkvæmdir annað en að færa tvo gamla tanka út á berg og, að því er best verður séð, leggja hringleiðslu kringum Keflavík til að fylla á þá. Eftir margra ára stríð höfðum við loforð um að losna við þetta löngu ónýta og ólöglega dót og í staðinn kæmu niðurgrafnir tankar, frágengnir að nútímakröfum. Nú er hins vegar ætlunin að flytja aðeins til á svæðinu sama draslið. Þetta verður að stöðva.

Þá er ástæða til að vekja athygli á þeim auglýsingum, sem glumdu í útvarpinu í gærkvöldi, þegar bátar okkar voru að berjast að landi í vitlausu veðri, vegna þess að verið var að losa stórhættulegan olíufarm í höfninni.

Ráðh. hefur hvað eftir annað villt um fyrir sveitarstjórnarmönnum. Alþingi skeytir svo ekki um framkvæmd sinnar samþykktar fremur en fyrr. Við teljum því lágmark að bæjarstjórn mótmæli þessum vinnubrögðum og minnum á að samkvæmt niðurstöðum, sem gengið var frá við fulltrúa NATO veturinn 1980, gátu framkvæmdir hafist strax á árinu 1981.

Að lokum látum við fylgja hér með kafla úr tilvitnuðu viðtali við utanrrh.", og fylgir það í fundargerðarbókinni.

Þetta er harðorð ályktun og ber þess merki að menn óttast að ekkert eigi að gera í þessum málum. Sjálfsagt er það ekki svo, en það hefur dregist ótrúlega lengi að koma því af stað, sem fullyrt var að ætti að gera, þ. e. að flytja olíustöðina frá Njarðvík, en Njarðvík og Ketlavík liggja þarna saman, og yfir í Helguvík, flytja þessa starfsemi til að forða því að vatnsbólin í Njarðvíkum mengist af olíu.

Ég vona að þessar framkvæmdir geti hafist sem fyrst, þessum rannsóknum ljúki sem fyrst og það takist að uppfylla kröfur og óskir íbúanna þarna syðra um úrbætur í þessum málum.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil aðeins taka fram nokkur atriði út af fundahöldum dagsins.

Menn hafa spurt mig nokkuð hér í deildinni um það, hvaða ráðagerðir séu uppi um fundahöld í dag. Ég hafði hugsað mér nýjan fund hér með 3. umr. um nokkur þeirra mála sem voru nú afgreidd við 2. umr., 2. umr. um orkulög t. d., sem nál. er komið ágreiningslaust um, og jafnvel að sjá til hvað Húsnæðisstofnun ríkisins kæmist hér áfram. Ég vildi aðeins taka það fram að mér er tjáð að stjórnarskrárnefndir hafi verið kallaðar til fundar núna kl. 3.30. Getur það vissulega orðið til þess að raska nokkuð, þegar sjö menn úr hv. deild hverfa, möguleikum á því að halda hér fram fundarstörfum. En ég mun að sjálfsögðu freista þess að þoka málum áfram og hlýt þá að halda mitt strik með fundahöld eftir sem áður. Ég vænti þess þá, að þeir ágætu menn, sem í þessum nefndum starfa, sjái sér fært að verða hér við atkvæðagreiðslur þegar á þeim þarf að halda síðar, annaðhvort á þessum fundi eða á næsta fundi. En nú verður fram haldið umr. utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það eru senn tvö ár síðan Alþingi hafði til meðferðar till. um mengunarhættu vegna olíugeyma hersins í nágrenni Keflavíkur og Njarðvíkur. Við afgreiðslu till. lá fyrir að kleift væri að forða mengunarhættu í byggðarlögunum tveimur á tæpum tveimur árum með því að binda endurnýjun tankanna eingöngu við einfalda endurnýjun, en tengja ekki framkvæmdirnar stækkun á eldsneytisgeymarými hersins né heldur tengja það hafnargerð á vegum Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjahers á Íslandi.

Fulltrúar Alþb. gerðu þá grein fyrir því í umr. að fram hefðu komið í álitsgerðum frá þeim mönnum, sem annast hafa olíusölu og olíuþjónustu við herinn um áraraðir og rekstur olíugeymanna, tillögur um með hvaða hætti mætti endurnýja geymana og forða byggðarlögunum frá núverandi mengunarhættu, ef áhuginn væri eingöngu bundinn við mengunarhættuna, en ekki bundinn við stækkun eldsneytisgeymarýmisins eða hafnarframkvæmdir. Við gerðum grein fyrir því, að í greinargerðum frá Olíufélaginu hf. hefði komið mjög skýrt fram að slíkt væri kleift. Það er því mikill misskilningur, sem kom fram hér í ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, og sérkennilegt, svo ekki sé meira sagt, í ályktun bæjarstjórnar Keflavíkur, að hæstv. utanrrh. hafi farið að ráðum og tillögum Alþb. varðandi þetta mál. Margt má nú bera á hæstv. utanrrh., en ég held að þeir menn sem flytja slíkan málflutning í fullri alvöru hér í þingsölum hljóti að hafa verið staddir á tunglinu á undanförnum misserum en ekki dvalist hér á meðal okkar.

Málið er hins vegar það, að ekki hefur verið farið að þeim tillögum, sem Alþb. lagði fram í þessu máli. Það er meginástæðan fyrir því hvers vegna byggðarlögin búa enn við óbreytt ástand tveimur árum síðar. Það væri miklu nær fyrir bæjarstjórn Keflavíkur að huga að þeim tillögum, sem Alþb. flutti á sínum tíma, kynna sér þær greinargerðir og hugleiða hvort ekki hefði verið rétt hjá bæjarstjórnaryfirvöldum í þessum byggðarlögum að lýsa yfir stuðningi við þessar till. því það hefur gerst í þessu máli, sem við sögðum að mundi gerast, væri þessi leið farin, að það mundi taka áraraðir að breyta ríkjandi ástandi, vegna þess að bandarísk hernaðaryfirvöld og hagsmunaaðilar hér á landi væru búin að hengja aftan í þennan mengunarvanda áform hersins um stóraukna eldsneytisgeymaaðstöðu á Suðurnesjum og hafnaraðstöðu fyrir herinn í tengslum við herstöðina í Keflavík. Það eru fyrst og fremst þessar

kröfur um stóraukna eldsneytisgeymaaðstöðu fyrir herinn á Suðurnesjum og hafnaraðstöðu fyrir Bandaríkjaher á Suðurnesjum sem orsaka þennan mikla drátt. Hefði málið eingöngu verið bundið við það, sem var talin meginorsökin, að leysa mengunarvanda íbúa á Suðurnesjum, væri nú þegar búið að leysa þetta mál. En það er eins og oft áður þegar vandi hefur steðjað að byggðarlögunum á Suðurnesjunum frá hernum og átt hefur að leysa hann, að þá hafa sameinast í eina sæng bandarísk hernaðaryfirvöld og íslenskir hagsmunaaðilar og tengt aftan í lausnir á þeim vanda alls konar óskyld mál.

Það er skoðun Alþb., að sú „lausn" sem nú liggur fyrir á mengunarvanda olíugeyma hersins gagnvart íbúum Suðurnesja skapi byggðarlögunum stórfelldari vanda í framtíðinni en núverandi geymar. Sá vandi er einkum tvíþættur. Hann er fólginn í því í fyrsta lagi, að tekið er mjög verðmætt og dýrmætt byggingarsvæði, sem samkvæmt skipulagi átti að vera eitt helsta framtíðarbyggingarsvæði íbúa í Keflavíkurkaupstað, fyrir þessa geyma, og í öðru lagi er hættan, sem byggðarlögunum stafar af nábýli við herstöðina á tímum ófriðar og styrjaldar, mögnuð enn frekar með því að staðsetja umfangsmestu birgðastöð hersins í nágrenni við byggðarlagið sjálft.

Ég vænti þess, að í utanrrn. á Íslandi hafi menn kynnt sér þær greinargerðir hernaðarsérfræðinga, sem til eru fjölmargar, um hvers konar staðir séu líklegastir til þess að vera skotmörk á tímum styrjaldarátaka á okkar tímum. Það er niðurstaða slíkra athugana, að í átökum milli risaveldanna, og reyndar öðrum hernaðarátökum einnig, séu eldsneytisbirgðastöðvar þau skotmörk sem einna fyrst eru líkleg til að hljóta árás. Það er ósköp einföld skýring á slíku. Hún er sú, að eldsneytið er sá drifkraftur sem vígbúnaður óvinarins þarf fyrst og fremst á að halda. Séu eldsneytisbirgðastöðvarnar eyðilagðar er hernaðargeta óvinarins lömuð á svo afgerandi hátt að hann verður nánast magnlaus á eftir þótt hann hafi tæki sín og tól að mestu ósködduð. Hann hefur einfaldlega ekki það efni, eldsneytið sjálft, sem þarf til að reka vígvélarnar. Þetta er ein af þeim meginbreytingum, sem orðið hafa á samsetningu skotmarka á síðari árum, að ásamt flugbrautum, höfnum og fjarskiptastöðvum eru eldsneytisbirgðastöðvar þau skotmörk sem einna fyrst og helst munu hljóta árás ef til átaka kemur.

Það er ljóst að íbúar Keflavíkur búa í námunda við flugbrautir. Það er ljóst að þeir búa einnig í námunda við fjarskiptastöðvar. Þetta allt skapar þeim ákveðna hættu, ef til átaka kemur á styrjaldartímum og Ísland verður fyrir árás. En hitt er einnig jafnljóst, að þegar búið er að byggja inn í berg í 1 km fjarlægð eða svo frá meginbyggðarlaginu á Suðurnesjum höfuðeldsneytisbirgðastöð Bandaríkjahers á Íslandi er verið að kalla á slíka árás á þetta svæði og sprengjumagn og eyðileggingargetu að byggðarlagið sjálft mundi tortímast. Sprengjukrafturinn, sem þarf til þess að eyðileggja þessa traustu geyma, sem byggja á inn í sjálft bergið, eins og hér hefur komið fram í umr., er slíkur að hann mundi tryggja, ef svo má orða það, eyðingu byggðarlagsins sjálfs.

Ég hef lýst því yfir hér í umr. áður um þetta mál, að þótt við Alþýðubandalagsmenn séum algerlega andvígir dvöl bandarískra hersins á Íslandi áskiljum við okkur rétt til að taka fullan þátt í umr. um það, með hvaða hætti framkvæmdum á vegum hersins er fyrir komið hér á landi, einkum og sér í lagi þegar ljóst er að þær framkvæmdir geta stóraukið árásarhættuna á íslensk byggðarlög, bæi og kauptún þar sem þúsundir landsmanna búa. Eg hef lýst þeirri skoðun minni, að meðan bandarískt herinn er hér er óvit, hreint og klárt óvit, hvað sem líður skoðunum manna með eða móti dvöl hersins hér á landi, að reisa meiri háttar eldsneytisbirgðastöð í næsta nágrenni við byggðarlög þar sem búa þúsundir Íslendinga. Að því leyti er miklu skynsamlegra að hafa eldsneytisbirgðastöð í Hvalfirði eða annars staðar á Suðurnesjum, þar sem tugir km eða enn meiri fjarlægð væri til þeirra kaupstaða og kauptúna þar sem þúsundir landsmanna búa. Ég segi það hreint út, að það er mikill ábyrgðarhluti af hálfu þeirra íslensku ráðamanna, sem eiga að gæta hagsmuna Íslendinga við ákvörðun um framkvæmdir af þessu tagi, að samþykkja slíka staðsetningu geymanna, að samþykkja að varanleg og meiri háttar eldsneytisbirgðastöð, tengd hafnaraðstöðu, sé reist í næsta nágrenni við þúsunda manna byggðarlög hér á landi. Ég fullyrði að í Bandaríkjunum eða öðrum hernaðarveldum mundi slíkt aldrei gerast, vegna þess að þar eru ráðamenn svo kunnugir þeirri hættu sem felst í fyrirkomulagi slíkra hluta að þeir mundu aldrei samþykkja slíka staðsetningu.

Nú er það að vísu rétt, að Íslendingar eru svo fjarri öllum hernaðarhugsunarhætti að menn leiða ekki að þessu hugann hér, en ég hef þó búist við því, að a. m. k. þeir sem styddu dvöl bandaríska hersins hér væru búnir að laga sig svo að þeim afleiðingum, sem fylgja dvölinni, að þeir væru farnir að gera ráð fyrir að þar sem risaveldi hefur herstöð getur komið til átaka og stórátaka, stórárása hins risaveldisins. Það er eitt af grundvallarlögmálum nútímahernaðar að risaveldin stefna fyrst og fremst árásargetu sinni á hernaðarbækistöðvar hvors annars. Nú eiga sér stað sérstakar viðræður milli risaveldanna tveggja vegna þess að menn viðurkenna slíkt eðli vígbúnaðarkapphlaupsins á undanförnum árum.

Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til að koma þeim tilmælum í fullri einlægni og einurð á framfæri við fulltrúa annarra flokka, að hvað sem líður deilum manna um veru bandarískra hersins hér á landi ræði menn nú á nýjan leik hvað felst í þeirri staðsetningarákvörðun sem tekin hefur verið. Það er að vísu rétt, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, að ekki er stefnt að því að í byrjun verði reistir nema tveir nýir tankar á þessu svæði. En það er ljóst að í þeim áætlunum, sem lagðar hafa verið fram, er stefnt að því að reisa fleiri tanka og það er stefnt að því að reisa höfn af þeirri stærðargráðu að hún geti tekið við meiriháttar eldsneytisflutningum. Þar með væri búið að reisa í nágrenni við þúsunda manna byggð á Suðurnesjum stærstu eldsneytisbirgðastöð sem Bandaríkjamenn hafa aðgang að í nágrenni við herstöðvar sínar á norðlægu Norður-Atlantshafi, í þeim heimshluta sem hernaðarafstaða Íslands miðast fyrst og fremst við. Og ég fullyrði aftur, að í heimalandi þeirra hermanna sem hér dvelja mundi engum stjórnvöldum detta í hug að samþykkja slíka staðsetningu.

Sem betur fer tel ég að Helguvíkurmálið, eins og það hefur löngum verið nefnt, sé ekki á enda runnið enn. Það hafa ekki öll stjórnvöld veitt það samþykki sem þarf áður en hægt er að hefja framkvæmdir. Skipulagsyfirvöld, þau hin æðstu hér í þessu landi, eiga eftir að

fjalla um þetta mál, og áður en framkvæmdir geta hafist þurfa fleiri aðilar en hér hafa tekið þátt í umr. eða verið vitnað til að samþykkja þær fyrir sitt leyti. Þess vegna er ekki öll nótt úti enn í þessu efni, og það mun gefast tími síðar á þessu ári til að reyna að fá menn til að átta sig rækilega á að það er þjóðarnauðsyn að menn fari aðra leið til lausnar þeim mengunarvanda, sem núverandi staðsetning geymanna hefur skapað, en þá leið sem stóreykur þá hættu sem byggðarlögunum á Suðurnesjum er búin af dvöl bandarískra hersins og hefur það í för með sér að bandarískt herinn fengi umfangsmeiri hafnaraðstöðu hér á landi en menn hafa löngum talið ráðlegt að veita honum.

Ég vona að þótt menn hafi ólíkar skoðanir á því hvort bandarískt herinn eigi að vera á Íslandi eða ekki beri menn gæfu til þess að ræða af fullri hreinskilni hvað er skynsamlegt varðandi þá hættu sem landsmönnum er óhjákvæmilega búin af því að hafa herinn hér í landinu. Menn hafa náð um það samstöðu að forða þjóðfélaginu frá óeðlilegum áhrifum af dvöl bandaríska hersins. Þegar fyrirrennari hæstv. utanrrh. tók þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að breyta leyfisveitingum varðandi samskipti bandaríska hersins við Íslendinga sameinuðust allir nefndarmenn í utanrmn., fulltrúar allra flokka, um að mótmæla þeirri ákvörðun og ráðh. dró hana til baka. Ég vona varðandi þetta mál að fulltrúar allra flokka setjist niður og skoði með opnum huga hvers konar ákvörðun það er sem hér er verið að knýja á um að verði framkvæmd og kanni rækilega þær aðrar leiðir til lausnar á þessari mengunarhættu, sem bent hefur verið á, og sameinist um að finna leið sem í senn getur komið til framkvæmda á skömmum tíma og hefur það í för með sér að hvorki umsvif né árásarhætta verði aukin vegna dvalar bandarískra hersins hér á landi.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði, vil ég geta þess, að mér hefur ekki borist þessi ályktun frá bæjarstjórn Keflavíkur. Ég vil þess vegna ekki ræða hana eða gera hana að umtalsefni fyrr en ég hef skoðað hana. En ég hef kappkostað að eiga sem besta samvinnu í þessum efnum við bæjaryfirvöld eða réttara sagt hlutaðeigandi sveitaryfirvöld, sem þarna suður frá eru. En það eru náttúrlega fleiri sem þar koma til en bæjarstjórn Keflavíkur ein, þó að það sé hún fyrst og fremst. Ég held að það hafi verið góð samvinna um öll þau atriði sem varða undirbúning þessa máls. Um það atriði vil ég sem sagt ekki ræða fyrr en ég hef kynnt mér þessa ályktun, en af lestri hennar virtist mér mega ráða að hún væri að einhverju leyti a. m. k. byggð á svipuðum misskilningi og fram kom hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að það væri um að ræða flutning á þessum gömlu geymum. (Gripið fram í.) Já, orðalagið er sjálfsagt mitt og það er nú svo, að almenningur talar gjarnan og hefur talað um „flutning" á þessum geymum. Ég hjó eftir því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson byrjaði einmitt að tala um að flytja geyma, en lagfærði það eftir á. Þetta sýnir að mönnum er nokkuð tamt að nota þetta orðalag, en auðvitað meinar enginn það og hefur aldrei meinað það, að geymana, sem eru þarna og margir eru orðnir gamlir, ætti að flytja úr stað, heldur á að reisa nýja geyma sem rúma það eldsneyti sem geymt hefur verið í þeim tönkum sem þarna eru.

Ég vil ekki fara út í neinar almennar umr. um þessi svokölluðu Helguvíkurmál. Mér finnst eðlilegra að gera það þegar og ef — ég vona að það verði — skýrsla utanrrh. um utanríkismál verður rædd. En ég vil samt undirstrika að það hefur alltaf legið fyrir og var gert ráð fyrir því í áætlunum, sem gerðar voru, að þessar framkvæmdir tækju nokkur ár. Þeim hefur eitthvað seinkað, en það fullyrði ég að er ekki mikið. Þeim hefur seinkað af því, eins og ég sagði áðan, að undirbúningur virðist hafa tekið nokkuð lengri tíma en ráð var fyrir gert. En ég hygg að það hafi aldrei verið gert ráð fyrir því í þessum plönum að verulegar framkvæmdir ættu sér stað fyrr en á árinu 1983 og síðan gert ráð fyrir, ef ég man rétt, að þetta tæki 6 eða 7 ár. En út í það vil ég ekki fara nánar hér, enda hef ég ekki gögnin við hendina þar sem hægt er að fletta upp á þessu og sjá hvernig þetta var lagt fyrir.

Út af því, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði, að það væri ætlunin að leggja þarna skipulagt svæði undir geymana, þá er það á misskilningi byggt. Geymarnir verða byggðir utan svæðis Keflavíkur og á varnarliðssvæði sem tilheyrir Sandgerðishreppi. Þeir verða byggðir í meiri fjarlægð frá Keflavík en mönnum hafði kannske fyrst dottið í hug. Það sem ég hef leyft að byggja þarna af geymum, og það liggur fyrir skriflega, eru geymar fyrir jafnmikið rými og geymarnir í hæðunum fyrir ofan kaupstaðina hafa og meira ekki. Það voru óskir um að byggja fleiri geyma, sem rúmuðu meira. Ég hef aðeins gefið leyfi fyrir fjórum geymum og af þeim hafa tveir verið leyfðir í ár. Meðan það stendur er náttúrlega aðalbirgðastöðin í Hvalfirði eftir sem áður. Hvað síðari utanrrh. kunna að gera er ekki á mínu valdi að segja um.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin við fsp. mínum. Ég tel að nauðsynlegt hafi verið að þessi umr. færi hér fram svo að ekki væri misskilningur á ferðinni um að það væri hugmyndin að flytja gamla og ónýta tanka yfir á Helguvíkursvæðið, heldur ætti að standa að framkvæmdum eins og til hefði staðið í upphafi. Að því leytinu tel ég að þessi umr. hafi verið gagnleg. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. beiti sér fyrir því að þessum framkvæmdum verði hraðað eftir mætti í samræmi við ályktun Alþingis og að ekki þurfi að verða á þessu frekari dráttur en orðinn er með tilliti til þess hversu nauðsynlegt þetta mál er og hverjir hagsmunir eru í húfi fyrir byggðarlögin á þessu svæði og að því er varðar bæði mengunarhættu og eldvarnir.

Að því er varðar ræðu hv. 11. þm. Reykv., Ólafs Ragnars Grímssonar, þá skiptir það náttúrlega ekki máli þó að hann haldi sömu ræðuna hér í sjötta sinn, því að hann hefur haldið hana fimm sinnum áður. Það eru engir á þeirri skoðun, sem hann heldur hér fram, í byggðarlögunum þarna suður frá. Það eru engir á því að fara þessa Esso-leið, sem hann vill fara í þessum olíutankamálum, aðrir en forstjóri Esso og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson — eða hugsanlega hans þingflokkur. Það mál er því gjörsamlega afgreitt.

Hitt fannst mér líka heldur óviðkunnanlegt hjá þm., þegar hann hafði í hótunum um að eitthvert minnihlutavald í skipulagsmálum yrði hugsanlega notað til að stöðva þetta mál. Það er yfirgnæfandi meiri hluti fyrir framgangi málsins hér á Alþingi. Alþingi hefur látið í ljós álit sitt, hæstv. utanrrh. er að framkvæma það og

það verður auðvitað að hafa sinn gang og þýðir ekki að beita nokkrum bolabrögðum minni hlutans í því. En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er mesti misskilningur hjá hv. 11. þm. Reykv. að menn séu að velta því fyrir sér hvar þessi nýja olíustöð eigi að vera. Það er búið að ákveða það fyrir löngu. Við erum að ræða um hér að Njarðvíkingar og Keflvíkingar óttast um vatnsból sín, óttast að þau verði menguð olíu og krefjast þess að olíutankarnir í hlíðinni fyrir ofan Njarðvík verði fjarlægðir. Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að byggja nýja stöð í Helguvík, og það verður gert. Olíutankarnir verða ekki innan bæjarmarka Keflavíkur og verða ekki á íbúðasvæði, eins og hv. þm. fullyrti. Þeir verða ekki í Sandgerði, eins og hæstv. utanrrh. sagði, heldur í Gerðahreppi, sem á landið hvar tankarnir verða staðsettir.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hélt hér hjartnæma ræðu um varnarmálin og þær hættur sem stöfuðu af varnarliðinu. Álíka ræður er ástæða til að flytja undir öðrum dagskrárlið. Það er búið að afgreiða þetta mál. En styrrinn stendur um það hvort ályktun Alþingis um að flýta beri framkvæmdum verði efnd eða ekki. Mér sýnist að svo hafi ekki verið og olli það vonbrigðum mínum er hæstv. utanrrh. sagði hér áðan að hann vissi ekki hvað því seinkaði mikið. Það var von þeirra sem verða að nota vatnsbólin í Keflavík/Njarðvík að þessu máli yrði flýtt og hægt yrði að forða þeim ósköpum sem það tankadrasl sem nú er þar getur valdið.

Þá er nú rétt að geta þess, að Alþb. var í upphafi alveg á móti því að gera nokkurn skapaðan hlut þarna, var bara á móti því að hreyfa við úrbótum í þessum efnum. Manni datt helst í hug, að Alþb. þætti sæmst að íbúarnir þarna drykkju olíumengað vatn. En þær skoðanir hafa sem betur fer breyst yfir í það að hirða upp lausn — eða tillögur vil ég orða það frekar — sem forstjóri Olíufélagsins hf. bar fram, en það er eini íslenski hagsmunaaðilinn í þessu máli. Þar mættust A!þb. og þessir íslensku hagsmunaaðilar, sem sameinast um það að framkvæma þetta verk á allt annan og verri hátt en íbúarnir í byggðarlögunum syðra hafa óskað eftir og allir dómbærir menn hafa mælt með og stofnanir.

Frá því að þessar tillögur komu frá Olíufélaginu hf. hefur Alþb. tekið þær upp á sína arma og verið að minnast á þær annað slagið, en ekki af neinni alvöru. Mig minnir að þeir hafi aldrei gert formlega tillögu um það, að sú leið yrði farin, heldur bent á að notast mætti við þær tillögur.

Ég vil og minna á það, að þrátt fyrir áhyggjur hv. þm. af styrjaldarhættu og eyðileggingu hafa í tíð Alþb. átt sér stað á Keflavíkurflugvelli stórfelldari framkvæmdir en oftast nær áður. Eru því þessi ummæli hugarórar alveg út í hött.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur greinilega komið fram í þessum umr. að þeir sem eru stuðningsmenn þessarar lausnar á olíugeymavandamálum hersins, sem er kennd við Helguvík, treysta sér alls ekki út í neinar málefnalegar umr. um það, hvaða afleiðing þessi staðsetning hernaðarmannvirkjanna hafi. Slíkar umr. hafa ekki farið fram og það er athyglisvert að íslensk yfirvöld hafa ekki, svo mér sé kunnugt um, leitað til neinna óháðra sérfræðinga hérlendis eða erlendis til að meta hvort staðsetning eldsneytisbirgðastöðva af þessu tagi og hafnarmannvirkja í þágu hennar sé í þágu svokallaðra varnarhagsmuna fólksins, sem býr í Keflavík og Njarðvík, eða ekki. Ég er viss um það, eftir þeim kynnum sem ég hef af nýjustu ritum hernaðarsérfræðinga um eðli skotmarka í styrjöld á okkar tímum og á næstu árum og áratugum, að niðurstaða slíkrar athugunar væri sú, að þessi staðsetning væri ekki í þágu varnarhagsmuna fólksins sjálfs. Það er athyglisvert að þeir sem tala mest um varnir Íslands og nauðsyn þess að hafa hérna varnarlið, eins og síðasti ræðumaður hv. þm. Karl Steinar Guðnason, eru ekki reiðubúnir að skoða hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir varnarhagsmuni fólksins sjálfs. (**KSG:** Það er búið að skoða alls staðar.) Það er ekki búið að skoða það neitt. Þetta er aumingjalegt framíkall hjá þm. sem veit að þessi hlið málsins þolir ekki skoðun.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason var að kvarta yfir því að seint hefði gengið með framkvæmdir. Það er alveg rétt, sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, að það lá ljóst fyrir, þegar þessi áætlun um Helguvíkurframkvæmdirnar var kynnt, að hún mundi taka 6—7 ár. Og það sýnir best hvað bæjarstjórn Keflavíkur og hv. þm. Karl Steinar Guðnason hafa lítið vitað um þetta mál þegar þeir koma nú og fara að fjargviðrast yfir því að þetta sé ekki búið. (**Gripið fram í:** Alþingi gerði ályktun.) Alþingi gerði ályktun, það er alveg rétt, en það lá fyrir í þeim gögnum, sem þá voru kynnt hæstv. Alþingi, að þetta mundi taka a. m. k. 6—7 ár og væri í fyrsta lagi hægt að byrja á framkvæmdum á árinu 1983.

Það er satt að segja fagnaðarefni að hv. þm. Karl Steinar Guðnason skuli hafa afhjúpað jafnrækilega hvað lítið hann veit um þetta mál. Ályktun bæjarstjórnar Keflavíkur er satt að segja hneyksli. Ég get sagt það þó hæstv. utanrrh. þurfi embættis síns vegna að vera kurteisari í orðavali og kjósi að segja ekkert um hana vegna þess að hann sé ekki búinn að sjá hana. Orðavalið og röksemdafærslan á þessari ályktun sýnir best hve mikill skortur á málefnalegri umfjöllun um þetta mál ríkir í þeirri ágætu stofnun sem þetta lét frá sér fara. Auðvitað vita allir að orðalagið „flutningur mannvirkja“ er iðulega notað um að byggja nýtt í stað eldra á öðrum stað. Það er almenn málvenja í þessu landi. Að láta sér detta í hug að þar með sé verið að gefa út stefnuyfirlýsingu um að það eigi að taka núverandi tanka og setja þá annars staðar sýnir bara best á hvers konar stigi málið er í hugum þeirra sem stóðu upp hér utan dagskrár til að spyrja ráðh. sérstaklega að því. Ef það eitt var tilefnið held ég nú að hugarástandið hjá Alþfl.-þm. fyrir Reykjaneskjördæmi sé sérkennilegt.

Meiri hluti Alþingis hefur ákveðið að annað af risaveldunum skuli hafa hér í landinu víðtæka hernaðaraðstöðu. Ég er andvígur þeirri skoðun, en ég tel engu að síður nauðsynlegt að metið sé hverju sinni hvort þær tillögur sem frá risaveldinu koma um framkvæmdir þjóni svokölluðum varnarhagsmunum íbúa hér á landi eða ekki. Auðvitað er hægt að koma aðstöðu hersins fyrir hér á margvíslegan hátt. Þótt hæstv. núverandi utanrrh. hafi, eins og hann hefur ítrekað hér, eingöngu leyft geymarými á þessum nýja stað, álíka að stærð og það geymarými sem fyrir er, hefur verið mörkuð þarna stefna. Það hefur verið stigið veigamikið skref sem vísar

inn í framtíðina og gerir þeim sem með þetta embætti fara síðar miklu auðveldara að stækka umsvifin og reisa enn öflugri birgðastöð á þessum stað og knýr einnig á um að þrýstingurinn af hálfu Bandaríkjanna á að svo verði verður mun meiri en ella — ég tala nú ekki um ef þarna verður einnig reist höfn.

Það er alveg rétt, að þessar umr. eru ekki vettvangur til að fjalla ítarlega um þetta mál, en það eru þó ýmsir þættir, sem eru óræddir í þessu efni, t. d. það, hver er eignaraðilinn að hugsanlegum hafnarmannvirkjum sem þarna verða reist. Er það bandarískt herinn og er það ætlunin að bandaríska hernum verði þannig afhent til eignar veigamikið hafnarmannvirki á þessum stað? Þannig mætti nefna ýmsa fleiri þætti.

Það er mikill misskilningur, sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að afstaða æðsta yfirvaldsins í skipulagsmálum, hæstv. félmrh., hver sem hann svo er á hverjum tíma, skipti engu máli í þessu efni og það sé ekki hægt að beita því stjórnvaldi í samræmi við það sem viðkomandi ráðh. telur skynsamlegast, ef hann er á annarri skoðun en heimamenn. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, bæði þegar hann var ráðh. og síðar, hefur hvað eftir annað lýst því yfir að sjútvrh. eigi að hafa aðra skoðun á skipakaupum en heimamenn. Þótt heilt byggðarlag, jafnvel hver einasti maður, óski eftir því að fá að kaupa nýjan togara hefur hv. þm. Kjartan Jóhannsson hvað eftir annað lýst því yfir að sjútvrh. eigi að neita slíkri beiðni. Það er því sérkennilegt að sami þm. stendur hér upp og segir að ráðh. skipulagsmála eigi ekki að hafa sama stjórnarfarslega rétt og hann hefur krafist hér á Alþingi hvað eftir annað að ráðh. sjávarútvegsmála taki sér. Það er alveg ljóst að ráðh. skipulagsmála hefur fullan rétt til að fjalla um ýmsa þætti þessa máls.

Ég vil að lokum, herra forseti, endurtaka það sem ég hef áður sagt: Þetta mál er ekki komið í höfn. Það á enn þá eftir að fjalla um það af réttum aðilum. Síðar á þessu ári mun það verða tekið til meðferðar. Þá er það von mín, að þeir sem ábyrgð bera á lífi og öryggi íbúa Suðurnesja fjalli ekki um þann þátt málsins af álíka léttúð og hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði áðan.

Neðri deild, 51. fundur.

Föstudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 241, 462). — Frh. 3. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka fyrir það umburðarlyndi að umr. um þetta mál var frestað í sólarhring til þess að færi gæfist á að kanna möguleika á flutningi brtt. Sú brtt. hefur verið flutt á þskj. 462 og er flutt af okkur hv. þm. Pétri Sigurðssyni.

Þessi brtt. felur í sér, að þau lög, sem hér um ræðir, sem eru lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, jafnframt því sem þau þegar öðlist gildi, svo sem venja er í flestum tilvikum, falli úr gildi við árslok 1987. M. ö. o., beitt sé því sem stundum er kallað „sólarlagsaðferð" við lagasetningu.

Ástæðan, eins og hér kom fram í gær, fyrir flutningi þessarar brtt. er auðvitað ekki sú, að menn hafi við það að athuga, vegna þeirra sérstæðu aðstæðna sem skapast hafa með tæknibyltingu í myndvarpi, að þetta frv. sé flutt. Því valda sérstæðar aðstæður og við þeim þarf að bregðast, svo sem bæði hæstv. ráðh. og hv. flm. á vegum menntmn. hafa gert ráð fyrir. En engu að síður, þegar menn eru að leggja til boð og bönn af þessu tagi, sem ævinlega eru hættuleg, t. d. á sviði menningarmála, þá verða menn auðvitað að fara sér afar hægt og verða að vera varir um sig vegna þeirrar hættu að fyrr en varir hafi hinn upphaflegi tilgangur lagasetningarinnar gleymst, en í staðinn séu komin kannske opinber ráð eða nefndir, sem fari jafnvel býsna geyst í því að skilgreina hvað kunni að vera ofbeldi, svo að nokkuð sé nefnt.

Það er auðvitað deginum ljósara hvað fyrir lagasmiðum vakir að þessu sinni, en þegar þær sérstæðu aðstæður, sem þessu valda, eru liðnar hjá kann hinn upphaflegi tilgangur að hafa gleymst og lögin öll að fá á sig aðra mynd. Þetta geta menn og eiga menn að óttast og af þeim ástæðum, herra forseti, er hér lagt til að 5. gr. frv., þ. e. gildistökugrein þess, orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gildi til ársloka 1987."

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil enn á ný þakka hv. menntmn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á þessu máli og hef í rauninni ekki neinu sérstöku að bæta við það sem ég hef áður sagt um þetta frv., bæði í framsöguræðu minni í upphafi og einnig nú þegar það var rætt við 2. umr. Ég vil einnig þakka hv. síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Reykv., fyrir að hafa tekið efnislega undir efni þessa frv., og ég finn ekki að það sé neinn sérstakur ágreiningur milli okkar í sambandi við þetta frv. í sjálfu sér.

Hins vegar hefur honum þótt ástæða til að flytja hér brtt., sem að vísu sýnist ekki mikil eða stór í sniðum og ég get vel fallist á það í sjálfu sér að svo er ekki. Í sjálfu sér getur ekki skaðað þetta mál neitt endanlega þó að þessi brtt. yrði samþykkt. Hins vegar fæ ég ekki séð að þetta sérstaka ákvæði, sem hv. þm. hyggst beita þarna, þessi sérstaka löggjafaraðferð, breyti stórlega í sambandi við þetta mál og að því leyti til sé ég ekki ástæðu til að mæla með þessari brtt.

En ég hvet til þess enn og aftur að þetta frv. verði samþykkt og vil þakka fyrir þá meðferð, sem það hefur fengið í n., og þær góðu undirtektir, sem deildin hefur sýnt þessu frv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil, eins og þeir ræðumenn sem um þetta mál hafa talað hér, taka undir það, að að sjálfsögðu hljóti allir að vera sammála því, að við þessum ofbeldismyndum beri að setja slíkar hömlur að þær komist helst ekki á þann markað sem við höfum fyrir vídeómyndir hér innanlands. Ég fæ hins vegar ekki séð að það sé fyrirbyggt með þessu frv.

Ég vil reyndar hefja mitt mál með því að segja, að það er fulldjúpt í árinni tekið hjá hæstv. menntmrh. þegar hann þakkar allri menntmn. fyrir stuðning við málið því að ég fæ ekki séð annað á þskj. en það sé aðeins lítill meiri hl. n. sem hefur staðið að afgreiðslu þessa máls. En nóg um það.

Til n. bárust mjög ítarlegar aths. frá aðilum. Í fyrsta lagi frá aðilum sem hafa fyrst og fremst í huga að fyrirbyggja að þessar myndir komist til barna og

reyndar alls almennings vegna þeirra tengsla sem hljóta að vera á milli möguleika unglinga og barna að komast í slíkt myndefni, ef fullorðnir hafa það. En í öðru lagi komu fram mjög ítarlegar aths. um framkvæmd þessa máls. Það er pólitískt skipuð nefnd, það er nefnd skipuð af ráðh. sem á að fá nokkurs konar ákvörðunarvald og dómsvald í hendur um hvaða efni sé flutt inn og hvað heyri undir hugtakið sem verið er að móta með þessari lagasetningu.

Aðilar sem þekkja til innflutnings slíkra mynda bentu á það og óskuðu eftir því, að þau tvö frv. sem liggja fyrir hv. Alþingi til umfjöllunar og athugunar væru skoðuð saman, það frv. sem liggur fyrir Ed. og 1. flm. að er hv. þm. Eiður Guðnason og það frv. sem hæstv. ráðh. flytur hér í hv. Nd. Ég hefði talið mjög æskilegt að þetta hefði verið gert og að sjálfsögðu getur sú nefnd sem fær málið til meðferðar í Ed. gert það ennþá, hv. menntmn. þeirrar deildar. Ég óska eftir því, og mun koma þeirri ósk minni á framfæri við þá n., að nefndin taki bæði frv. til athugunar um leið. Ég þykist vita að það verði gert.

En ég tel að það sé margt að varast í sambandi við samþykkt þessa frv. og ég er ekki viss um hvort það samræmist því starfi sem við vinnum hér á Alþingi að við séum að afhenda ólöglærðum skoðunarmönnum rétt til að framfylgja bönnum og hvort við eigum að vera að framselja nokkurs konar dómsvald til þeirra. Ég held að þetta sé á móti og samræmist illa þeirri réttarvitund sem Íslendingar búa við, að löggjafinn leggi þær skyldur á herðar þegnunum að þeir eigi ekki að fremja það sem saknæmt getur talist en þegnarnir geti hins vegar ekki gert kröfu til þess að fá vitneskju um það fyrirfram hvers konar athæfi sé þeim óheimilt og hvað sé saknæmt, en það er ekki hægt fyrir innflytjendur samkv. þessu frv.

Þá vil ég benda á að það stendur ekki í sambandi við þetta frv. þó að það hafi komið fram miklar og harkalegar aths. í garð þeirra sem með þessi mál fara fyrir hönd framkvæmdavaldsins um það hvernig sjálfsögðum lagaskyldum í sambandi við tolla, söluskatt og verslunarleyfi er framfylgt. Því hefur verið haldið fram hér á Alþingi og er haldið enn fram, að af ríkissjóði séu hafðar stórmiklar tekjur með þessari starfsemi eða ýmsum þáttum þessarar starfsemi, sem rekin er á hinum frjálsa markaði.

Fleira er mjög athugavert í þessu frv., t. d. í sambandi við kostnað sem hlýtur að leiða af framkvæmd þessara laga. Ég er ekki viss um að það sé rétt að leggja hann á þann aðila sem kannske einn er nefndur til í þessu tilfelli. Að sjálfsögðu ætti framkvæmd laganna að vera á kostnað ríkissjóðs fyrir hönd þegnanna allra.

En ég endurtek það, að ég styð þá brtt. sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur haft forgöngu um að flytja. Ef þetta frv. gengur áfram í gegnum Ed. og verður samþykkt sem lög frá Alþingi tel ég einmitt rétt að reynslan leiði í ljós hvort frekari breytingar þurfi að gera. Ég tel að þessi aðferð geti verið góð í mörgum tilfellum, þegar ágreiningur er uppi um framkvæmd vissra mála, að það geti verið gott ákvæði að eftir ákveðinn tíma skuli vera búið að endurskoða lögin áður en skylt er að leggja þau aftur fyrir Alþingi til samþykktar að nýju.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þeir nm., sem skrifuðu undir nál. þess efnis að mæla með því að þetta frv. yrði samþykkt, höfðu fyrst og fremst í huga að það hefur komið fram í fréttum og frásögnum að ýmis myndbönd hafa verið flutt til landsins sem hafa satt að segja afskaplega ömurlegt gildi frá flestum sjónarmiðum. Tilgangurinn á bak við það frv. sem hér liggur fyrir er að koma í veg fyrir að slík slys hendi oftar. Það má auðvitað alltaf deila um það, hvort rétt sé að reyna að vernda allan almenning fyrir sóðalegum kvikmyndum og ruddalegum, en ég held að fyrir því liggi fullnægjandi upplýsingar að slíkar myndir geti verkað skaðlega á börn og unglinga og spillt fyrir þroska þeirra, þannig að ég er í engum vafa um að við verðum að gera einhverja tilraun til að sporna við því að klúrar ofbeldiskvikmyndir flæði yfir landið.

Ég vil í annan stað vekja athygli á því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því í aths. að innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda greiði kostnaðinn við skoðun þeirra almennt, en hins vegar ekki sá sem skoðunar beiðist eins og nú er. Ég skil þessi orð í grg. svo, að það sé ætlunin að leggja á almenn gjöld vegna innflutnings myndbanda til að standa undir nauðsynlegum kostnaði við skoðun kvikmyndanna.

Ég hef svo ekki meira um þetta að tala.

Sólarlagsaðferðum Vilmundar, hvort sem þær eru nú í pólitík eða lagasetningu, hef ég ekki miklar áhyggjur af og mun að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þeirri brtt. sem hann flutti hér.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í framhaldi af orðum síðasta hv. ræðumanns vil ég aðeins segja, að sá kjarni sem fram gekk af hans munni er ástæðan fyrir því af hverju maður telur stundum að svona lagasetningu beri að forðast eða a. m. k. megi vera mjög hræddur við hana.

Hann ræddi um innfluttar kvikmyndir sem hættulegar væru frá ýmsum sjónarmiðum. Kjarni málsins er sá, að það er ekki til nema einn endanlegur dómari um það, hvað almenningi hentar í þessum efnum og öðrum skyldum, og það er almenningur sjálfur. Og ef við erum að tala um hluti eins og menningarstig er auðvitað aðeins einn endanlegur dómstóll og mælikvarði á það, hvert menningarstig er og með hverjum hætti, og það eru þeir sem menningarinnar neyta og njóta. Sú haftahugsun, sú menningarlega haftahugsun, sú forsjárhyggja, sem fram kom í máli síðasta hv. ræðumanns, það er nákvæmlega þetta sem menn hafa ástæðu til að óttast þegar til lengri tíma er litið.

Ég undirstrika að þetta er eitt mál. Annað mál er hitt, að tilteknar fáar kvikmyndir, sem hér hafa verið fluttar inn, hafa kannske haft skaðleg áhrif á þá sem ungir eru og sem fyrir vikið hafa verið að sjá hluti sem óhollir og óheilbrigðir geta talist fyrir æsku sakir. Það er allt annað mál.

En mér heyrðist einmitt að í síðustu ræðu hv. þm. hafi verið saman dregið í örstuttu máli nákvæmlega það sem óttast ber við lagasetningu af þessu tagi. Sannast sagna verður maður hræddur ef einhver lesari Alþingistíðinda fer í framtíðinni að draga dóm af því hvað þessi lög þýði af ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Á þessu, herra forseti, vildi ég vekja athygli eftir síðustu ræðu. Því brýnna er að „sólarlagsaðferðinni" sé beitt vegna þess að hinn endanlegi dómari um almenningsheill í þessum efnum og öðrum er ekki hv. þm.

Halldór Blöndal, heldur almenningur sjálfur.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. miklu lengur, en mig langar þó til að koma með nokkrar ábendingar fyrir hv. þd. til athugunar.

Í frv. segir að bannið sem hér um ræðir nái ekki til kvikmyndar vegna listræns gildis hennar. Nú langar mig að spyrja hv. menntmnm.: Hver á að dæma um hvað sé listrænt ofbeldi? Eru það stjórnendur menntamála þjóðarinnar, hverjir eru það? Sjónvarpið? Þetta bann nær ekki til sjónvarpsins. Eigum við ekki að gefa íslenskum foreldrum kröfurétt á sjónvarpið, ef það sýnir ofbeldiskvikmynd sem að mati foreldra skaðar börn þeirra?

Mat manna á þessu og öðru er ákaflega breytilegt. Við skulum taka sem dæmi skoðanir almennings á því hvað felst í orðinu „klám". Hv. þm. Halldór Blöndal sagði í framsöguræðu sinni, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Við teljum í menntmn. að þetta orðalag sé nægilega skýrt til þess að það taki til svokallaðra klámkvikmynda. Við teljum að þar sé um misþyrmingar á mönnum að ræða og teljum að slíkar kvikmyndir felist innan þeirrar skilgreiningar sem hér er gefin á orðinu „ofbeldiskvikmynd"."

Nú liggur fyrir að það sem fyrir nokkrum árum var talið klám í kvikmyndum þykir í dag eðlilegt að sýna sem eðlileg samskipti karls og konu. Ég veit satt að segja ekki hvernig menntmn. þessarar hv. deildar fær þessu komið undir ofbeldi. Ég verð að biðjast velvirðingar á því, en ég skil það ekki.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það leikur ekki vafi á því, að það er mikil þörf á að takmarka eða reyna að draga úr innflutningi og sýningum á hvers konar ofbeldiskvikmyndum. Þessu er ég auðvitað algerlega sammála, eins og allir hugsandi menn hljóta að vera. Hins vegar hef ég þá aths. að gera við það frv., sem hér er til umr., að ég tel að það sé betra að láta ógert að setja ákvæði í lög sem er ljóst að ekki er hægt að framfylgja. Ég held til dæmis að það sé ekki nokkur leið að framfylgja banni við innflutningi á ofbeldismyndum. Það er alveg ljóst að þvílíkur hópur manna ferðast til og frá Íslandi á hverju ári að það yrði að æra óstöðugan að leita uppi allar þær kassettur sem þetta fólk óneitanlega hlýtur að flytja með sér inn í landið.

Ég er sannfærður um að ofbeldi leiðir af sér ofbeldi. Sjálfur hef ég orðið vitni að ofbeldisstyrjöld í heilan mánuð og veit nokkuð hvað ég er að tala um.

Ég vil hins vegar benda hæstv. ráðh. þm. á það, að fram hefur verið lagt í Ed. hins háa Alþingis frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Þar þykir mér vera farin miklu geðslegri leið í þessu máli. Þetta frv. er flutt af hv. þm. Eiði Guðnasyni og Kjartani Jóhannssyni, þar sem ráð er fyrir því gert að ráðherra tilnefni, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, sérstaklega þar til hæfa menn til 5 ára í senn til þess að annast skoðun kvikmynda sem sýndar eru í kvikmyndahúsum og úrskurða um sýningarhæfni kvikmynda sem seldar eru eða leigðar á myndböndum eða myndplötum. Fyrir minn smekk og mitt geðslag tel ég þetta miklu affarasælli aðferð en þá sem talað er um í frv. hæstv. ráðh.

Ég skal hins vegar alveg játa að þær ofbeldismyndir sem hafa komið hingað til lands eru þess eðlis að auðvitað hefði þurft að vera hægt að stöðva innflutninginn á þeim með öllum ráðum. Vil ég þá nefna t. d. þá kvikmynd, sem sérstakt tillit var tekið til í Noregi og Svíþjóð fyrir nokkrum vikum, þar sem þótti sannað að Indíánakona hefði raunverulega verið myrt svo að kvikmyndagerðarmenn gætu tekið mynd af því og gert um það kvikmynd. Þetta eru þvílíkir skelfingaratburðir að það tekur engu tali og segir okkur í stuttu máli langa sögu um siðferði homo sapiens.

En boð og bönn orka stundum tvímælis. Ég hefði haldið að vegna þeirrar gagnrýni, sem hefur komið fram, sum með réttu, önnur af þeim toga spunnin að ég tek ekki mark á henni, um að þetta jaðri við að tjáningarfrelsinu í landinu sé ógnað, hefði verið hægt að fara betri leið, þ. e. leið eftirlits, en ekki banna. Ég hef yfirleitt ekki trú á bönnum og ég hefði talið miklu æskilegra, eins og í till. hv. þm. Eiðs Guðnasonar kemur fram, að sett hefði verið í þetta nefnd sérfróðra manna, sem hefði haft eftirlit með þessu og gæti þá tekið úr umferð þær myndir, sem óheppilegar þættu á hverjum tíma, ef menn kæmust að því að þær væru sýndar annaðhvort í heimahúsum eða á opinberum stöðum.

Her er talað um og segir, með leyfi forseta, að „sala, dreifing og sýning mynda af þessu tagi er bönnuð í íslenskri lögsögu frá gildistöku laganna." — „Ofbeldiskvikmynd" merkir í lögum þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers konar misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir." Þá er talað um að brot gegn ákvæðum þessara laga varði sektum eða varðhaldi allt að 12 mánuðum.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé svipað því og menn ætluðu sér að leysa áfengisvandann með því að banna innflutning á áfengi. Við munum hvernig það tókst til hér á landi hér fyrr á árum. Ég er sannfærður um að ef menn vilja skoða ofbeldiskvikmyndir gera þeir það hvort sem það er bannað með lögum eða ekki. Ég held að það sé miklu betra að reyna að koma á ströngu eftirliti, en um leið styð ég auðvitað allar tilraunir í þá átt að draga úr sýningum á þessum kvikmyndum, sem í fyrsta lagi eru mannskemmandi og kalla í öðru lagi fram ofbeldi eins og ofbeldi kallar ævinlega fram ofbeldi.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það verða umr. um þetta mál og er ekkert við því að segja. En þessar umr. hafa orðið allmiklar og menn hafa lýst sjónarmiðum sínum fyrr í þessum umr. Það er kannske nokkuð seint að koma með athugasemdir við 3. umr. og hætt við að menn séu að velta fyrir sér svipuðum spurningum og menn hafa verið að gera strax í upphafi, þegar þetta mál kom fram og var rætt við 1. umr.

Menn spyrja sig t. d. þeirrar spurningar, hvort tjáningarfrelsið sé skert með þessu frv., en mér virðist að niðurstaða allra þeirra, sem eru að velta vöngum yfir þessu, sé sú, að svo sé ekki og að menn skilji réttum skilningi það sem stendur í 1. gr. þessa frv., þar sem orðið „ofbeldiskvikmynd" er skilgreint. Og ég fæ ekki betur séð en allir, sem hér tala, séu nokkurn veginn klárir á því hvað í þessu felst. Það sem fyrst og fremst felst í þessari skilgreiningu er það, eins og segir berum orðum og varla er hægt að misskilja, að „ofbeldiskvikmynd" merkir kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst

eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Kjarni málsins er sá, að það þarf að vera aðalmótívið með myndinni að sýna og sækjast eftir því að sýna hrottalegar drápsaðferðir af verstu gerð, þannig að það er nokkuð augljóst hvað hér er átt við.

Ég lýsti þessu nokkuð í frumræðu minni og benti einmitt á það, sem segir í 1. gr. ennfremur, að bannið tekur ekki til kvikmynda, þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar. Það er sem sagt augljóst mál að það er ekki verið algerlega að banna kvikmyndir þó að fjallað sé um ofbeldi í kvikmyndunum eða jafnvel ofbeldi sé sýnt. Og við vitum að það eru til listrænar myndir sem óneitanlega eru meira og minna með ofbeldissenum, eins og t. d. Hitchcock-myndirnar sem frægar eru og fleiri af slíku tagi, og vissulega má sjá margar allhrottalegar slagsmálasenur og annað í myndum sem engum manni dettur þó í hug að banna.

Það sem verið er að banna eru vitanlega þessar — ég vil taka svo stórt upp í mig og segja: þessar viðbjóðslegu og algerlega ólistrænu kvikmyndir, sem á boðstólum eru og ýmsir seilast til að hafa til sýnis á heimilum sínum. Ég vil taka það fram að slíkar myndir eru aldrei mér vitanlega sýndar í kvikmyndahúsum í landinu, vegna þess að kvikmyndahúsaeigendur hafa sín siðaboð að sjálfsögðu. Ég held að það sé nokkuð hægt að treysta því. Þeir hafa sín siðaboð og gera ekki tilraunir til þess að koma með slíkar myndir inn á hinn almenna kvikmyndamarkað. Það er verið að laumast með þetta fyrst og fremst við vídeódreifinguna. Fyrst og fremst er verið að koma þessu inn á heimilin, og vissulega mun það vera svo í mörgum tilfellum að fullorðið fólk hefur þetta með höndum og sýnir það fyrir sig og ætlast ekki til þess að börn sjái þessar myndir og ég geri ráð fyrir að í flestum tilfellum sé það svo að fullorðna fólkið reynir að varna því að börn hafi þessar myndir undir höndum eða komist yfir þær, en hitt er alveg jafnvíst, að allar athuganir, sem gerðar hafa verið, bæði í Ameríku og á Norðurlöndum, sem við þekkjum til, benda til þess að þessar vídeóspólur með þessu hrottalega kvikmyndaefni séu í umferð meðal barna, jafnvel ungra barna og unglinga, þannig að þetta rennur fram hjá allri gæslu heimilanna, gæslu yfirvaldanna og hvers konar gæslu sem hægt er að hugsa sér.

Það segir held ég í aths. við þetta frv. einhvers staðar, og er þar vísað til manna sem um þetta fjalla, fjölmiðlafræðinga, að sjónvarpið sem slíkt, hið venjulega sjónvarp, kalla menn fjölskyldumiðil. Fjölskyldan safnast um þennan miðil í heild og allir horfa á efni hans og geta nokkurn veginn treyst því yfirleitt að sjónvarp flytji boðlegt efni sem öll fjölskyldan getur horft á. Hins vegar hafa menn nefnt vídeóspólurnar, vídeótækin, eins konar hópmiðil og þá er átt við að það eru tilteknir hópar sem rotta sig saman til að horfa á kvikmyndir og þá stundum laumulega. Það er einmitt það sem gerist í þessu tilfelli, að börn og unglingar verða sér úti með ýmsum hætti um þessar kvikmyndir og koma sér fyrir einhvers staðar þar sem þeir geta horft á þær, t. d. á heimilum þar sem foreldrar eru ekki til staðar eða fullorðið fólk til þess að hafa gæslu á hendi. Þetta er sú aðferð sem beitt er í þessu tilfelli, og ég er alveg sannfærður um það, að ef mikið af þessum myndum verður í gangi í landinu og þær komast inn í landið og komast inn á heimilin munu börnin auðvitað halda áfram að sækjast í þessar myndir.

Ég vil taka það fram hér mjög skýrt, eins og ég er búinn að gera reyndar í hverri ræðunni á fætur annarri, að ég er í hjarta mínu mjög hræddur við allt sem heitir sensúr, alla ritskoðun sem við köllum, hvort sem það nær til ritaðs máls eða kvikmynda. Ég er mjög hræddur við það efni og vil síst af öllu gerast forgöngumaður fyrir slíku. Hins vegar þýðir ekkert að vera að stinga höfðinu í sandinn eða gera sér upp sérstakar skoðanir eða góðan hug í þessu efni. Við verðum að líta raunsætt á þessi mál og viðurkenna að það er ekki alltaf hægt að komast hjá því að beita eins konar ritskoðun og/eða eftirliti með því efni sem á boðstólum er fyrir almenning og þá sérstaklega fyrir börnin og jafnvel unglingana. Þetta höfum við reyndar viðurkennt hvað kvikmyndir varðar, ég held frá fyrstu tíð, og kvikmyndahúsaeigendur hafa sætt sig við þessa skoðun, gengist undir þessa kvöð á sinni atvinnustarfsemi. Ég held að þetta hafi yfirleitt farið vel úr hendi og ég sé því ekki að það sé á nokkurn hátt óeðlilegt þó að aðrar tegundir kvikmynda og kvikmyndatækni verði líka að lúta þeim boðum og bönnum sem kvikmyndahúsaeigendur verða að sætta sig við — menn sem þó eiga atvinnu sína að verja í þessu og gegna að sjálfsögðu mikilvægu hlutverki í okkar menningarlífi þar sem kvikmyndahúsin eru og sýningar kvikmynda eru.

Ég held því að við ættum ekki að deila mjög mikið um þetta mál hér, heldur gera eins og hv. menntmn. hefur gert, þ. e. þeir menn sem á fundi voru þegar menntmn. hélt sinn fund, að leggja til að þetta frv. verði samþykkt án breytinga. Ég vona að það geti orðið. Þessar umr. held ég að séu ekki endilega jákvæðar í þessu máli. Ég held að það sé miklu mikilvægara að við reynum að sameinast um að koma þessu máli fram efnislega og að það geti farið til Ed. og fengið þar sömu meðhöndlun sem það hefur fengið hér nú.

En ég hlýt þó að segja að lokum að það er hverju orði sannara, og það held ég hafi komið skýrt fram hjá mér í frumræðu minni þegar ég mælti fyrir þessu frv., að framkvæmd þessa, ef að lögum verður, er vissulega mjög vandasöm. Mér er fyllilega ljóst að framkvæmdin á þessu er mjög vandasöm og þar verður ekki hjá því komist að setja um framkvæmdina reglugerð, sem ég fúslega viðurkenni að er vandasamt að semja. En það má samt sem áður ekki fæla okkur frá því að taka afstöðu til þessa máls og vera annaðhvort með eða móti þeim voða sem af því hlýst að hafa slíkar ógeðslegar kvikmyndir í gangi og inni á heimilum fólks, eins og hér er um að ræða. Ég held að við ættum að þora að hafa á þessu skoðun og vera annaðhvort hreint með því eða á móti. Ég hygg að besta aðferðin verði sú, eins og ég hef reyndar komist að raun um fyrir mína eigin athugun og með flutningi þessa máls, að altækt bann, ef svo má segja, sé rétta leiðin í þessu, jafnvel þó að ég viðurkenni það, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var að nefna hér, að vissulega verður framkvæmdin erfið. En við megum ekki láta það ógna okkur.

Hv. þm. vísaði til meðferðar okkar á áfengum drykkjum og talaði um að eitt sinn hefði bann verið hér algert á innflutningi áfengis. Það er hverju orði sannara, þó að hvorugur okkar muni það nú í reynd vegna

þess að það er svo langt síðan að við munum hvorugur hvernig það gekk fyrir sig, þó að við þekkjum það nokkuð af sögunni, og menn eru engan veginn sammála um hvernig það bann hafi gengið fyrir sig. Það vita allir að þetta bann var stórlega brotið og það var bruggað í landinu á þessum tíma og allt það. Við vitum það. Hins vegar er það held ég alveg ljóst að á þessum tíma var drukkið miklu minna áfengi en nú. Áfengisvandamálið var miklu minna í landinu á þessum tíma, þegar svo var, en nú er. Það er alveg ljóst að svo var.

Ég vil líka nefna að við höfum býsna stranga áfengislöggjöf um margt. Það er mikið af boðum og bönnum í okkar áfengislöggjöf, þó að um þá áfengislöggjöf megi svo sannarlega deila því að hún er auðvitað full af alls konar hræsni. Það er annað mál. En eitt af því sem bannað er í þeim lögum er bruggun í heimahúsum. Við vitum samt sem áður, eða mér er sagt svo og ég hygg að flestir kannist við það, að bruggun í heimahúsum á Íslandi er þó nokkur þrátt fyrir þetta bann, enda hefur það verið svo að jafnvel hafa innflytjendur með dugnaði sínum og áhuga á því að koma góðum varningi til fólks séð um að bruggefni og bruggtæki eru flutt inn í landið, og yfirvöldin hafa ekki séð sér fært að banna þetta þó að allir viti í sjálfu sér að það er ekki verið að brugga einhvern liðónýtan Egilsbjór á heimilunum, sem eiga þessi tæki, heldur roksterkan áfengan bjór. Þannig er auðvitað ljóst að það er oft erfitt að framfylgja lögum fyllilega og/eða bönnum sem sett eru í lög. Það er rétt. En jafnvel það eigum við ekki að óttast.

Við verðum aldrei svo helgir og heilagir, homo sapiens, eins og hv. þm. sagði, að við höldum ekki áfram að vera örlítið spilltir og fullir af löngun til að brjóta lög. Ýmis lög eru nú þannig, að þau hafa aldrei kannske fengið fulla staðfestu í almenningsálitinu. Slík lög eru brotin. En ég held að það eigi naumast við um það sem við erum að tala hér um núna, bann við ofbeldiskvikmyndum. Ég held að það hafi ekki unnið sér sömu hefð og t. d. áfengisdrykkja, sem homo sapiens hefur stundað núna miklu lengur en elstu menn muna a. m. k. og jafnvel ágætir sagnfræðingar eins og vinur minn hv. 4. þm. Reykv. þekkja. Ég veit ekki hvað margir eru búnir að vera að drekka sig fulla í mörg árþúsund, ég veit það ekki, en það er víst orðinn afar langur tími. Það er komin eins konar hefð á það, og það hefur aldrei fyllilega fengið staðfestingu í hugum margra að ekki væri heimilt að hafa áfengi um hönd og ákaflega erfitt að framfylgja þar bönnum. En það getur hreint ekki átt við ofbeldiskvikmyndir, síst af öllu þær ofbeldiskvikmyndir sem nú eru fluttar inn til landsins á þessum dæmalausu vídeóspólum, sem er hálfheilagt orð, og hafa ekki unnið sér neinn þann sess að ekki sé óhætt fyrir okkur Íslendinga að taka þar í taumana strax og banna þetta með altæku banni, ekki bannsins vegna og ekki vegna þess að við séum slíkir bannvösólfar, heldur af því að við viljum vernda okkar börn og okkar unglinga fyrir skaðlegum áhrifum þessara viðbjóðslegu mynda. Þess vegna vona ég það reyndar, að hv. þm. fallist á að þetta frv. verði að lögum og verði afgreitt héðan frá deildinni og síðan afgreitt til hv. Ed. og geti orðið þar að lögum.

Ég held að þó að það sé vafalaust hægt að hugsa sér einhverjar breytingar á frv. væri æskilegt að þær yrðu ekki gerðar. Slíkt gæti orðið til þess að tefja framgang þessa máls. Ég er ekki viss um að það væri okkur alþm. til verulegs sóma ef við reyndum ekki nú að nota lagið og koma nokkurri reglu á þetta mál.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hæstv. menntmrh. gat þess, að of miklar umr. hefðu farið fram um þetta mál. Það vill svo til að svo er alls ekki. Þessu máli var útbýtt á síðasta ári í hv. deild. Það gengur athugasemdalaust til nefndar. Það kemur frá nefnd athugasemdalaust og er lagt til að það verði samþykkt. En það er fyrst við framhald 3. umr. að menn sjá ástæðu til að gera aths. svo að um munar og taka málið efnislega til meðferðar og tala sig meira en dauða. Ég veit ekki betur en ég eigi að vera hér í þjónustu m. a. hæstv. ríkisstj. til að koma fram málum hennar tugum saman áður en þingi lýkur, en samt þykjast menn hafa efni á því að verja tímanum í þessar umr. endalaust. Ef þessu fer fram sem nú horfir hlýt ég að taka þetta mál endanlega út af dagskrá.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda þeim á það báðum tveim, hæstv. forseta deildarinnar og ráðh., að 3. umr. fer að sjálfsögðu fram samkv. þingsköpum og við erum hér til þess að ræða mál og ræða þau ítarlega. Ég bendi ennfremur á að ég og hv. þm. Vilmundur Gylfason flytjum brtt. við þessa umr. og erum m. a. að rökstyðja þá brtt., sem við höfum fulla heimild til samkv. þingsköpum og íslenskum lögum. Og hæstv. ráðh., sem hafði orð á því að hér væri verið að efna til umr., er búinn að tala jafnlengi og allir aðrir ræðumenn í Nd. um þetta mál. Ég hef verið að benda á ónákvæmni, sem hefur komið fram, og við erum að rökstyðja að frv. eigi að fá þá meðferð sem við leggjum til. Ég tek aðeins eitt atriði til viðbótar til þess að sýna fram á þetta svo að hæstv. ráðh. viti um það.

Það stendur í 1. gr. frv. að þetta bann taki ekki til kvikmynda sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna. Ég met það fólk, sem samdi þetta frv., ákaflega mikils. Sumar persónur þekki ég persónulega og hef bestu kynni af þeim, en hér hefur þeim yfirsést.

Það eru framleiddar kvikmyndir, sem hafa verið sýndar hér heima, þar sem ákveðnir kaflar myndarinnar eru gerðir fyrir viss lönd í heiminum, og fer það eftir þeim skoðunarreglum sem gilda í viðkomandi löndum. Til Íslands hafa kvikmyndahús ekki flutt aðrar kvikmyndir en þær sem fylgja hinu strangasta eftirliti og síðan er skoðað hér heima af íslenska kvikmyndaeftirlitinu og þá oft til viðbótar klippt úr þessum myndum. Samkv. þessu frv. verða myndir með því nafni sem er á þeirri kvikmynd sem hér hefur verið sýnd ekki skoðaðar aftur. Aðrir innflytjendur, sem flytja inn myndbönd, geta tekið þá útgáfuna sem er óþokkalegust og flutt hana inn og haft hana á markaði hér á Íslandi án nýrrar skoðunar.

ATKVGR.

Brtt. 462 samþ. með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, AG, ÁG, BÍG, FrS, GS, GeirH, GJG, GHelg, JE, JS, JBH, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SkA, SteinG.

nei: ÞS, AS, GGÞ, HBl, IGuðn, IGísl, PJ, SV, SvH.

12 þm. (EH, FÞ, HÁ, HG, JÞ, KP, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, StH, SvG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 438, n. 472). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um það að framlengja heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til að starfrækja happdrætti. Heimildin á að gilda til ársloka 1994.

Nefndin hefur fjallað um efni frv. og mælir einróma með því að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, frv. (þskj. 178, n. 458, 459). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi. Nefndin fjallaði um og sendi frv. til umsagnar og fékk umsagnir frá dómsmrn. og sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Að athuguðu máli komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja til breytingu á 2. gr. frv. þar sem stendur að stofnsett skuli sérstakt fógetaembætti í kaupstaðnum, en leggja til að í stað þessi komi: Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins. Þetta er gert með hliðsjón af sams konar breytingum sem gerðar voru í þeim sveitarfélögum sem fengið hafa kaupstaðarréttindi á liðnum árum, og vísað þar til Grindavíkurkaupstaðar, Dalvíkur, Eskifjarðar, Seltjarnarness og Selfoss. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að hafa sams konar aðferð við þetta mál, að leggja ekki til að stofnað verði til nýs fógetaembættis, heldur að sýslumaður á viðkomandi svæði yrði jafnframt bæjarfógeti í Ólafsvíkurkaupstað.

Jafnframt er undirstrikað með grg. frv. að öll réttindi, sem þessu fylgja, flytjist til þessa staðar, svo að öll opinber skjöl og veðmálabækur séu á staðnum til daglegrar notkunar og slík þjónusta almennt.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari einu brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 459 (ný 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 22, n. 461 og 465). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. hv. félmn., sem mælir með því að frv. verði samþykkt, en það felur það í sér að lækka fasteignagjöld af sumarbústöðum, enda eru sumarbústaðir aðeins notaðir hluta af árinu. Það er óþarfi að fara fleiri orðum um þetta mál, en ég vil vekja athygli á því að undir nál. skrifa sex af sjö nm. hv. n., en þrír þeirra með fyrirvara. Hv. þm. Alexander Stefánsson skilar séráliti. Ég leyfi mér að benda á að í hans áliti kemur það fram að réttara sé að létta álögum af sumarbústaðaeigendum með því að fella niður gjald til sýsluvegasjóðs af sumarbústöðum. Um þetta var rætt í n., en meiri hl. taldi að það væri sérstakt mál og ætti ekki heima sem brtt. við það frv. sem til umr. var og umfjöllunar í nefndinni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess að deildin samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem varðar tekjustofna sveitarfélaga. Ég er einn af þeim sem hafa haldið því fram, að sveitarfélögin ættu sjálf að ráða yfir sínum tekjustofnum og það hljóti að vera á valdi hverrar sveitarstjórnar fyrir sig að veita afslátt eða lækka álagningu á þessu gjaldi, fasteignagjaldi. Við vitum mörg dæmi þess, að sveitarfélögin hafa gert það.

Þetta mál hefur verið til meðferðar hér á Alþingi oftar og ég vil benda á það sérstaklega að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem skilaði áliti um þetta mál, lagði eindregið til — bæði nú og eins áður þegar þetta mál hefur verið til umr. — að þetta frv. yrði ekki að lögum. Það hafa komið umsagnir frá fleirum í sambandi við þetta mál, m. a. frá hreppsnefnd Kjósarhrepps, sem mælti eindregið gegn frv. og færði fyrir því margvísleg rök sem ástæða hefði verið til að rekja hér, en til að tefja ekki tímann mun ég ekki gera það.

Ég tek fram í mínu nál. að ég hafi vissa samúð með sumarbústaðaeigendum. Ég tel að leiðrétta þurfi þær álögur sem á þeim eru. Og ég vil benda á að eins og hér liggur fyrir eru sumarbústaðir, sem byggðir eru á vegum stéttarfélaga, launþegahreyfingarinnar í landinu, þegar undanþegnir þessum gjöldum. Svo er einnig um nokkra fleiri aðila. Ég hef bent á það að eðlilegra væri að létta álögur á sumarbústaðaeigendum að því er varðar sýsluvegasjóðsgjald og gæti rökstutt það nánar. Ég hef þegar fært það í tal í samgn., sem fjallar núna um vegalögin, og einmitt í dag er verið að gera útreikning á því hvað þetta gjald vegur þungt í sýsluvegasjóð. Ég geri ráð fyrir því að það komi í ljós þegar nál. frá samgn. í því máli kemur fram. Það er miklu eðlilegri leið að þar sé gerð leiðrétting gegnum löggjöf, en að sveitarfélögin sjálf ráði hvað þau gera með sína ákveðnu tekjustofna, sem þau eiga eðlilega að ráða yfir.

Herra forseti. Ég legg því til að þetta frv. verði felllt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er sammála þeim rökum sem flutt hafa verið fyrir því frv. sem hér er á dagskrá. En við megum ekki gleyma því, að það má ekki ganga svo langt að sveitarfélögin telji sig beinlínis tapa á því fjárhagslega að leyfa byggingu sumarbústaða innan sinna vébanda. Ég er hræddur um að svo langt sé gengið ef farið er ofan í ¼, eins og hér er talað um. Því er ég með brtt., herra forseti, um það, að í staðinn fyrir ¼ komi ½%. Hún er í vélritun og ég mun leggja hana fram.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 5. þm. Suðurl. boðar skrifl. brtt. Hv. 4. þm. Vesturl. tekur til máls. Ég vil benda hv. 5. þm. Suðurl. á að umr. mun vera að ljúka og hann á þess kost að flytja brtt. við 3. umr. Ef till. verður ekki komin fram áður en þessari umr. lýkur mundi hún verða tekin til 3. umr.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil taka undir þá skoðun hv. 1. þm. Vesturl. að það sé ekki rétt að Alþingi sé að skipta sér af því hvaða leiðir sveitarfélög velja til þess að afla sér tekjustofna. En ég vil jafnframt lýsa því yfir að ég hef fulla samúð með þeim aðilum sem eiga sumarbústaði vítt og breitt um landið. Á þá eru lögð ansi mikil gjöld.

Með þeirri till. sem hér er til umr. er býsna langt seilst. Svo sem 1. þm. Vesturl. upplýsti er einnig til meðferðar á hv. Alþingi till. um að fella gjöld af sumarbústöðum í sambandi við sýsluvegaskatt. Ég tel það miklu fýsilegra að sú leið verði farin. Það verður að viðurkenna að sá skattur er óeðlilegur og ranglátur vegna þess að sýsluvegir að þessum sumarbústaðabyggðum eru mjög lítið gerðir. Aftur á móti verða sveitarfélögin að halda ýmissi þjónustu uppi vegna þessara sumarbústaðabyggða. Ég teldi því eðlilegt að meðan mál um sýsluvegaskattinn er í athugun í samgn. verði beðið með að afgreiða þetta mál. Ég tel að það væri mjög góð lausn fyrir sumarbústaðaeigendur ef það fengist í gegn að gjöld til sýsluvegasjóðs verði felld niður af sumarbústöðum. Þá mætti hitt óbreytt standa, þ. e. tekjurnar til sveitarfélaga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 479) samþ. með 26 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra þá miklu samúð sem sumarbústaðaeigendur allt í einu njóta meðal þm., sem hafa legið á þessu máli frá því að það var flutt hér á fyrstu þingdögum. Ég veit ekki hvar frv., sem ríkisstj. hafði lofað verkalýðshreyfingunni að fylgja fram á þessu þingi, stendur í meðferð þingsins í dag. Ég veit ekki hvort það er komið frá nefnd eða hvort það liggur enn í nefnd. En nú er boðið upp á það af þeim mönnum sem eru andstæðir þessu frv. okkar fjórmenninganna að rífa það áfram, vegna þess að það sé sanngjarnara og leggi meiri kvaðir á sumarbústaðaeigendur heldur en það sem við nú ræðum.

Ég vil undirstrika það, að ég beitti mér fyrir flutningi þessa frv. vegna þess að það er réttlætismál. Það er ekkert réttlæti í því að Alþingi Íslendinga mismuni þegnunum á þann hátt sem hér er gert, að íbúar í einu sveitarfélagi eigi að njóta miklu meiri réttinda, minni skattlagningar heldur en þeir sem hafa komið sér upp sumarbústað í sama héraði og dvelja þar kannske 2—3 mánuði á hverju ári. Ég er mikill stuðningsmaður þess að bændur efli sínar aukabúgreinar, en að gera okkur þéttbýlisbúa að aukabúgrein því er ég algerlega á móti.

Ég bendi á það að í íslenskum lögum, samþykktum hér á Alþingi, segir að þeir sem búa, hafa atvinnu af sínu búi, reka atvinnurekstur í sínu sveitarfélagi, borgi af fasteignamati íbúðarhúsa ½%. En af öðrum fasteignum, þ. á m. sumarhúsum, eiga utanhéraðseigendur, sem þar dvelja kannske einn, tvo eða í mesta lagi þrjá mánuði á ári, að borga 1%. Mér finnst réttlætismál að þetta verði ¼% miðað við ársbúsetu þeirra sem borga ½%. Ég mun því halda mig við þessa till. og verða á móti þeirri brtt. sem hér hefur verið fram borin af hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni.

Ég tek undir það með þeim sem hér hafa talað um sýsluvegasjóðsgjaldið, að það er auðvitað alveg jafnóréttlátt og óeðlilegt og ranglátt, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson komst að orði. Ég vænti þess því að þessir tveir hv. stuðningsmenn ríkisstj., sem hafa talað þannig um frv. sem ríkisstj. hefur lagt fram, kalli þá sem skjótast eftir að það verði samþykkt á þessu þingi, og ég skal verða með fyrstu mönnum til þess að rétta höndina upp með samþykkt þess. En að halda því fram að sveitarfélög, þar sem mikill fjöldi sumarhúsa þéttbýlisfólks er, hafi mikinn kostnað af þjónustu vegna þeirra, því mótmæli ég harðlega. Sú þjónusta er í algeru lágmarki þar sem ég þekki til. Að ég tali nú ekki um sýsluvegasjóðsgjaldið. Í fyrsta lagi hafa viðkomandi sýslur ekki lagt þessa vegi. Þeir eru lagðir af þeim aðilum sem eiga sumarhúsin, jafnvel á einkajörðum þeirra þar sem sumarhúsin eru, en samt sem áður er tekinn skattur af þeim í þennan svokallaða sýsluvegasjóð. Og það er ekki einu sinni hægt að fá viðkomandi aðila til að renna yfir vegina að vorlagi eða sumarlagi. Það fæst ekki ofaníburður ofan í vegina úr þessum sýsluvegasjóði, hvað þá meira, þannig að þetta er auðvitað alveg sama óréttlætið eins og hitt.

Ég hef heyrt talað um nokkrar af þeim röksemdum sem hafa komið fram m. a. frá hreppsnefnd Kjósarhrepps. Það væri vissulega verðugt að taka hverja og eina þeirra röksemda fyrir og ræða ítarlega. Ég veit ekki til þess að landbúnaður hafi stöðvast vegna sumarbústaða eða gott gróðurlendi hafi verið tekið undir sumarhús. Hins vegar er mér kunnugt um að tekin hafa verið örreytisholt og hraunbreiður undir þessi hús og slíkt land hafi verið ræktað upp af viðkomandi þéttbýlisfólki. En að það hafi sett einhvern hemil á búrekstur á jörðunum, ég mótmæli þeim fullyrðingum. Ég treysti á þá réttlætiskennd, sem virðist nú uppi meðal alþm. í sambandi við þá sem búa víðs vegar um landið, að þetta réttlæti verði líka látið ná til þeirra þéttbýlisbúa, sem koma sér upp sumarhúsum af litlum efnum og eiga lítið jarðnæði þar í kring og rækta það upp á þann veg að sómi er að, og að þetta frv. verði samþykkt óbreytt. Það er flutt af þm. úr öllum flokkum Alþingis. Þegar það var flutt var Bandalag jafnaðarmanna ekki komið á koppinn.

Frsm. minni hl. (Alexander Stefánsson): Herra for-

seti. Aðeins örstutt aths. Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. 1. landsk. þm. að við sem mælum gegn því að létta þessum skatti af sumarbústöðum séum að fjandskapast við þetta fólk. Ég vil aðeins benda á það, sem er aðalrökstuðningur minn í þessu máli, að ég álít að sveitarfélögin sjálf eigi að ráða yfir þessum tekjustofni og löggjafinn á ekkert að vera að skipta sér af því meir. Þetta er sjálfstæður tekjustofn sveitarfélaga og þau eiga að ráða því sjálf hvort þau gefa afslátt af þessu gjaldi eða ekki. Mörg þeirra gera það. Hitt er svo annað mál, að ég er sammála hv. þm. um það, að sýsluvegasjóðsgjaldið er umdeilanlegt. Þar erum við alveg á sama máli. Ég vil fella það niður af sumarbústaðaeigendum vegna þess að það er viðurkennt að sýsluvegir eru yfirleitt ekki lagðir að sumarbústöðum, nema þá þeim sem eru undanþegnir fasteignasköttum. Það liggur fyrir líka. Ég treysti því að hv. þdm. fari ekki að hrófla við tekjustofnum sveitarfélaga. Þau eiga að hafa þá í friði og ráða því sjálf hvernig þeim er hagað.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég tel vera fyllstu ástæðu til þess að afgreiða þetta mál og tek undir þær rökserndir sem komu fram hjá 1. landsk. þm. Það má ugglaust deila um það hvort það eigi að vera fjórðungur eða hálft prósent, eins og kemur fram í brtt. hv. þm. Magnúsar Magnússonar.

Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Alexanders Stefánssonar, þá er það auðvitað misskilningur, sem kemur fram hjá honum, að hér sé verið að ráðstafa tekjustofnum sveitarfélaga. Hér er verið að ákvarða hverjir tekjustofnarnir skuli vera. Það er gert með lögum og hefur ætíð verið gert með lögum. Alþingi hefur ætíð sett lög um þau atriði, en síðan hafa sveitarstjórnirnar auðvitað haft fullan ráðstöfunarrétt yfir slíku, nema — og nú vona ég að hv. þm. hlusti — nema þegar um það er að ræða að ríkisvaldinu er sigað á viss sveitarfélög og gert að skyldu að taka þessa tekjustofna til þess að greiða með þjónustu, eins og t. d. hjá Strætisvögnum Reykjavíkurborgar. Þá er verið að ráðstafa tekjum, en ekki með þessum hætti. Þetta er alveg tvennt ólíkt, sem verið er að tala um. Annars vegar er verið að setja lög um það hverjir tekjustofnar skuli vera, en þegar það hefur verið gert eiga auðvitað sveitarfélögin að ráðstafa þeim tekjum sem sveitarfélögin fá. Þess vegna gætir æði mikils misskilnings í þessu máli.

Það skiptir auðvitað ákaflega miklu máli að þau sjónarmið sem hv. þm. Alexander Stefánsson kom fram með, sem eru alveg hárrétt, nái fram að ganga. Ég vænti stuðnings hans í því, því að nú er í nefnd í Nd. mál, sem er brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, þar sem gert er ráð fyrir því að verðlagsyfirvöld geti ekki skyldað sveitarstjórnir til að greiða með opinberri þjónustu eins og gert er hér í Reykjavík. Um það snýst það mál sem hv. þm. fjallaði um. En auðvitað getur Alþingi ætíð sett lög um hverjir tekjustofnarnir skuli vera.

Umr. frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62, n. 473 og 474). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að framlengja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á þessu ári. Sams konar frv. var fyrst flutt að mig minnir haustið 1978 og kom til framkvæmda á árinu 1979. Síðan hefur þessi skattlagning verið viðhöfð. Sjálfstfl. lýsti yfir fullri andstöðu við þennan skatt þegar slíkt frv. var fyrst flutt og skoðun okkar er óbreytt og hefur verið síðan. Við teljum óeðlilegt að leggja sérstakan skatt á húsnæði fyrir einhverja eina ákveðna atvinnugrein í landinu. Því höfum við verið andvígir þessu frv.

Auk okkar skrifar undir þetta nál. fulltrúi Alþfl., Magnús H. Magnússon. Alþfl. lýsti því yfir fyrir ári síðan að hann vildi lækka þennan skatt um helming á þessu ári, því að þegar þessi skattur hafði upprunalega verið lagður á hafði verið reiknað með að hann yrði til mjög skamms tíma. Flokkurinn hafði svo tekið ákvörðun um að greiða atkv. gegn skattinum á árinu 1983. Við skipum því meiri hl. í fjh.- og viðskn. í þessu máli. Leggur þessi meiri hl. n. til að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 474. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að hafa mörg orð um þetta. Frv. fjallar um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þetta er gamall kunningi. Þessi skattur var í fyrsta skipti lagður á 1979 og hefur verið í gildi síðan. En til að gera þetta sem styst, þá mælir minni hl. fjh.- og viðskn. með því að frv. verði samþykkt. Minni hl. skipa auk mín hv. þm. Halldór Ásgrímsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 387). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. til l. um Landsvirkjun. Með því er gert ráð fyrir að lögfesta ýmsar þýðingarmiklar breytingar sem varða skipulag raforkuvinnslu og raforkuflutnings, sem undirbúnar hafa verið m. a. af eignaraðilum Landsvirkjunar, þ. e. ríkinu, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Flutningur þessa frv. er eins konar lokaþáttur í starfi sem unnið hefur verið að um margra ára skeið á vegum iðnrn. Ég tel rétt, áður en vikið er að meginefni frv., að bregða ljósi á nokkra þætti í þróun raforkumála, sem varða þessi efni, og leyfi mér þá að vitna til fyrrv. orkumálastjóra, Jakobs Gíslasonar, sem skipt hefur þróun raforkumála í landi okkar fram að þeim tíma sem Landsvirkjun var stofnuð, á árinu 1965, í tvö 30 ára tímabil.

Fyrra tímabilið, 1904—1934, kallar Jakob Gíslason frumbýlingsárin. Á því tímabili byggðu sveitarfélög hvert fyrir sig litlar rafstöðvar og ráku rafveitur sem takmörkuðust við einstök sveitarfélög. Á þessum árum voru stofnaðar 38 rafveitur. Uppsett afl þeirra var samtals um 5 mw. og langsamlega stærsta rafstöðin var Elliðaárstöðin með 3.2 mw. afli. Orkuvinnsla var við lok þessa tímabils árið 1934 um 10 gwst. á ári. Síðara tímabilið, 1934—1964, kallar Jakob samvirkjunar- eða

samveitutímabilið. Það einkenndist af samtengingu einstakra rafveitna og byggingu virkjana fyrir slík samtengd svæði. Stærstu framkvæmdir á þessu tímabili voru Sogsvirkjun fyrir Suðvesturland og Laxárvirkjun fyrir Norðurl. e. Í lok þessa tímabils voru átta samveitusvæði á landinu auk þess sem hvert kauptún hafði sína dísilrafstöð. Uppsett afl rafstöðva landsins var árið 1964 um 150 mw. og árleg orkuvinnsla um 650 gwst.

Þriðja tímabilið í raforkusölu landsins telur Jakob Gíslason hefjast með stofnun Landsvirkjunar árið 1965. Kallar hann það landsvirkjunar- eða landsveitutímabilið. Stofnun Landsvirkjunar var á sínum tíma hugsuð sem sameining Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar í eitt fyrirtæki, sem gert var ráð fyrir að samtengt yrði og hefði það hlutverk með höndum að annast meginraforkuöflun og flutning raforku. Þó fór svo, vegna ólíkra sjónarmiða nyrðra og syðra, að orkuveitusvæði Landsvirkjunar takmarkaðist í reynd af hinu samtengda svæði frá Vík í Mýrdal til Borgarness og eigendur urðu aðeins tveir, ríkið og Reykjavíkurborg. Í lögunum um Landsvirkjun frá 1965 með breytingum samkv. lögum nr. 36/1969 og 37/1971 voru veittar heimildir til þriggja stórvirkjana á Þjórsár-Tungnaársvæðinu, þ. e. Búrfells-, Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana. Jafnframt voru sett ný lög um Laxárvirkjun þar sem ríkið er 35% eigandi á móti Akureyrarbæ og heimild er veitt fyrir 12 mw. viðbótarvirkjun í Laxá við Brúar. Raunar er í þeim lögum heimild fyrir ríkið að gerast helmingseigandi að Laxárvirkjun á móti Akureyrarbæ. Í landsvirkjunarlögunum frá 1965 eru þó ákvæði sem veita Laxárvirkjun einhliða rétt til að ganga í Landsvirkjun, sbr. 17. gr. laga um Landsvirkjun.

Frá því að lögin um Landsvirkjun voru sett hefur fyrirtækið byggt þær þrjár stórvirkjanir, sem heimild var veitt fyrir í lögunum frá 1965, fyrst Búrfellsvirkjun með 240 mw. afl, þá Sigölduvirkjun með 150 mw. afl og loks Hrauneyjafossvirkjun með 210 mw. afl. Til að flytja raforkuna frá þessum virkjunum til notenda hafa verið lagðar öflugar 220 kw háspennulínur, m. a. Búrfellslína I og Búrfellslína II og síðast Hrauneyjafosslína, sem svo er kölluð, frá Sigöldu um Hrauneyjafoss að Brennimel í Hvalfirði. Á sama tíma hafa verið byggðar eða aukið við eftirtaldar vatnsaflsstöðvar í öðrum landshlutum: Á Vestfjörðum er um að ræða stækkun Mjólkárvirkjunar úr 2.4 mw. í 8.1 mw., á Norðurlandi stækkun Laxárvirkjunar úr 12.5 mw. í 20.5 mw. og stækkun Skeiðsfossvirkjunar úr 3.2 mw. í 4.9 mw. Á Austurlandi bygging Smyrlabjargaárvirkjunar með 1 mw. afli og Lagarfossvirkjunar með 7.5 mw. afli. Á Vesturlandi stækkun Andakílsárvirkjunar úr 3.5 mw. í 7.9 mw. Þá hefur og verið hafist handa um virkjun gufuafls á þremur stöðum á þessu tímabili: Við Bjarnarflag með um 3 mw. afkastagetu, við Kröflu þar sem afköstin eru nú um 20 mw., en vélaafl fyrir hendi fyrir allt að 60 mw., og við Svartsengi þar sem um er að ræða gufuaflsstöð með 8 mw. afl. Á þeim svæðum þar sem virkjanlegt vatnsafl hefur ekki verið fyrir hendi eða ekki nægt til að fullnægja raforkuþörfinni þurfti að framleiða raforku með olíu. Þetta olli miklum kostnaði við orkuöflun, einkanlega eftir olíuverðshækkunina 1973 og síðar, og ýtti á eftir samtengingu hinna smærri orkuveitusvæða við hin stærri. Þannig tengist Snæfellssvæðið og Búrfellssvæðið landskerfinu og einnig svæðið í Vestur-Skaftafellssýslu við Kirkjubæjarklaustur og grennd.

Kerfið á Norðurlandi vestra tengdist Laxárvirkjunarkerfinu og við það tengdust einnig Skeiðsfosskerfið og byggðarlög í Norður-Þingeyjarsýslu. Á Austurlandi voru Borgarfjörður eystri og Vopnafjörður tengdir aðalraforkukerfinu í landshlutanum. Í samtengingu orkuveitusvæða munar þó mest um svokallaðar byggðalínur. Lagning þeirra hófst árið 1974 með byggingu Norðurlínu frá Brennimel í Hvalfirði til Akureyrar. Bráðabirgðatenging Norðurlínu var gerð í des. 1976 og lokið við línuna í nóv. 1977. Síðan hefur að heita má sleitulaust verið unnið að framkvæmdum við aðrar byggðalínur. Kröflulína milli Kröfluvirkjunar og Akureyrar var tengd í apríl 1977. Austurlína frá Kröflu að Hryggstekk í Skriðdal var tengd í des. 1978, Vesturlína frá Hrútafirði að Mjólkárvirkjun var tengd í okt. 1980 og Suðausturlína frá Skriðdal til Hornafjarðar var tengd 1981. Nú er unnið að Suðurlínu frá Hornafirði um Prestsbakka á Síðu að Sigöldu og að þeirri framkvæmd fullgerðri verður orkuveituhringnum lokað.

Hér hefur verið rakið að nokkru það helsta sem gert hefur verið í framkvæmdum við raforkuöflun og raforkuflutning frá stofnun Landsvirkjunar til þessa dags. Nú standa mál þannig, að heita má að allt landið sé samtengt í eitt orkuveitusvæði. Uppsett afl í vatnsaflsstöðvum er nú um 750 mw. auk 25 mw. í jarðgufustöðvum og 125 mw. í olíustöðvum, sem fyrst og fremst eru varastöðvar. Orkuvinnsla er áætluð um 3600 gwst. á þessu ári, en orkuvinnslugeta hins samtengda kerfis með uppsettu afli, sem hér var rakið, er talin vera um 4000 gwst. á ári.

Eftir að lögin um Landsvirkjun og Laxárvirkjun voru sett 1965 voru sett ný orkulög nr. 58/1967, þar sem m. a. var fjallað almennt um raforkuvinnslu, raforkuflutning og raforkudreifingu. Að settum orkulögum 1967 var næsta skref stjórnvalda vegna skipulags raforkumála að Magnús Kjartansson, þáv. iðnrh., setti á fót nefnd um raforkumál í nóv. 1971, eins og það var orðað, til að fjalla um skipulag orkuöflunar og orkudreifingar hérlendis og semja frv. til l. um þessi efni. Í nefndinni áttu sæti sjö menn undir forustu Jakobs Gíslasonar þáv. orkumálastjóra. Nefnd þessi lagði til, eins og orðað var í áliti, að fyrsta skrefið til endurskoðunar á skipulagningu á raforkuöflun og raforkudreifingu hérlendis verði það, að ríkisstj. leggi fyrir Alþingi till. til þál. um raforkumál. Í till. þessari til þál., sem lögð var fyrir Alþingi 19. apríl 1972, segir m. a. um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning:

„Stefnt skal að því að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila, að því að raforkukerfi einstakra landshluta verði tengd saman og að því að verð á raforku verði sem næst því að vera hið sama um land allt."

Markmiðum þessum skyldi ná í áföngum með því að raforkuvinnslufyrirtæki í hverjum landshluta sameinuðust í landshlutaveitur, sem hefðu með höndum raforkuvinnslu, raforkuflutning og heildsölu til dreifiveitna. Þessi landshlutafyrirtæki skyldu vera sameign ríkissjóðs og þeirra sýslu- og sveitarfélaga á svæðinu sem þess óskuðu og verðmæti legðu fram. Eignarhluti ríkissjóðs skyldi þó aldrei verða minni en 50% í slíkum fyrirtækjum. Í samræmi við þáltill. þessa var nefndinni í okt. 1972 falið að athuga möguleika á stofnun Norðurlandsvirkjunar, sem þá var talið vera orðið tímabært mál.

Ýmsar leiðir voru kannaðar til að stofna slíkt fyrirtæki sem sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga, en ógerlegt reyndist að ná samstöðu um það mál. Stofnun landshlutafyrirtækja var til umr. og athugunar í öðrum landshlutum, einkum á árunum 1975—1978, en þau áform hafa hvergi komið til framkvæmda nema á Vestfjörðum, þar sem stofnað var Orkubú Vestfjarða, sem tók til starfa 1. jan. 1978.

Hinn 17. jan. 1977 skipaði þáv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, nefnd átta manna undir forustu Þorv. Garðars Kristjánssonar alþm. til að endurskoða orkulög og gera tillögur um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála, eins og það var orðað í skipunarbréfi. Nefnd þessi skilaði áliti í okt. 1978 í formi frv. til orkulaga, til laga um Rafmagnseftirlit ríkisins og til laga um Jarðboranir ríkisins. Að því er varðaði þann þátt er sneri að orkuvinnslu klofnaði nefndin í afstöðu sinni. Meiri hl. hennar stóð að till. um að stefnt skyldi að stofnun eins fyrirtækis, landsorkuveitu, sem hefði með höndum alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku eftir meginorkuflutningskerfi landsins til sölu til almenningsrafveitna og stórnotenda. Fyrirtæki þetta skyldi vera eign ríkisins og þeirra rafveitna sveitarfélaga sem vildu gerast eignaraðilar. Minni hl. nefndarinnar taldi það hlutverk Landsvirkjunar hins vegar að reisa og reka raforkuver, en sérstökum landshlutafyrirtækjum væri það heimilt í viðkomandi landshlutum. Stofna skyldi sérstakt samvirkjunarráð til að vera vettvangur samvinnu milli Landsvirkjunar og landshlutafyrirtækja.

Hinn 6. okt. 1978 skipaði ég sem iðnrh. nefnd átta manna undir forustu Tryggva Sigurbjarnarsonar verkfræðings til að gera tillögur um á hvern hátt vænlegast væri að ná fram því stefnumiði þáv. ríkisstj. að koma á fót einu landsfyrirtæki er annist meginraforkuframleiðslu og raforkuflutning um landið eftir aðalstofnlínum. Nefnd þessi skilaði áliti í febr. 1979 og lagði til að stofnað yrði landsfyrirtæki úr þáverandi Landsvirkjun, Laxárvirkjun og 132 kílóvolta byggðalínum. Í framhaldi þess skipuðu bæjarráð Akureyrar, borgarráð Reykjavíkur og iðnrn. samninganefndir væntanlegra eignaraðila í mars 1978. Samninganefndir þessar náðu samkomulagi um sameignarsamning á grundvelli nál. um útvíkkun á starfssviði og eignaraðild Landsvirkjunar og um frv. til nýrra laga um Landsvirkjun. Samninganefndirnar undirrituðu þennan samning hinn 6. júlí 1979. Hann var síðan staðfestur af ríkisstj. og bæjarstjórn Akureyrar, en náði ekki fram að ganga í borgarstjórn Reykjavíkur.

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir í nóv. 1979 samþykktu eigendur Laxárvirkjunar að halda áfram undirbúningi að sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar á grundvelli gildandi laga um Landsvirkjun. Í framhaldi af þeirri samþykkt tilnefndu eignaraðilar Landsvirkjunar, ríkið og Reykjavíkurborg, hvor sína viðræðunefnd til viðræðna við fulltrúa Laxárvirkjunar. Niðurstaða þeirra viðræðna var að hinn 12. des. 1980 var undirritað samkomulag um sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og skyldi það taka gildi hinn 1. júlí 1983, en frá 1. jan. 1981 skyldi rekstur fyrirtækjanna samræmdur. Hinn 27. febr. 1981 var síðan undirritaður nýr sameignarsamningur um Landsvirkjun af fulltrúum eignaraðilanna þriggja og hann staðfestur.

Í lögum um raforkuver nr. 60 frá 1981 er ríkisstj. heimilað að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Í grg. sem lögð var fram með frv. til þeirra laga var ennfremur tekið fram að eðlilegt væri að leitað yrði samninga við Landsvirkjun um að fyrirtækið tæki einnig við meginstofnlínum landsins sem eignar- og rekstraraðili. Í ágúst 1981 skipaði ég sem iðnrh. nefnd fjögurra manna undir forustu Tryggva Sigurbjarnarsonar verkfræðings til viðræðna og samninga við Landsvirkjun, en Landsvirkjun tilnefndi af sinni hálfu fjögurra manna nefnd undir forustu dr. Jóhannesar Nordals stjórnarformanns Landsvirkjunar.

Niðurstaðan af starfi nefndar þessarar var að hinn 11. ágúst 1982 var undirritaður og síðan staðfestur samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o. fl. Þar er gert ráð fyrir að Landsvirkjun taki að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun og yfirtaki jafnframt rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir við þessar virkjanir af Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun. Einnig yfirtekur Landsvirkjun 132 kílóvolta byggðalínuna af ríkinu til rekstrar og eignar.

Með gerð samnings þessa hefur orðið grundvallarbreyting á hlutverki og starfssviði Landsvirkjunar. Hlutverk Landsvirkjunar hefur þannig vaxið í að reisa og reka öll meiri háttar raforkuver í landinu og annast raforkuflutning milli landshluta. Starfssvæði fyrirtækisins verður nánast landið allt. Með þessum samningi skuldbindur Landsvirkjun sig til að selja raforku í heildsölu samkv. sömu gjaldskrá til allra landshluta og er þetta atriði eitt hið þýðingarmesta úr þessum samningi.

Hið breytta hlutverk og starfssvið Landsvirkjunar gerir það eðlilegt að sett séu ný og endurskoðuð lög um fyrirtækið. Í sameignarsamningnum um Landsvirkjun frá 27. febr. 1981 var m. a. ákveðið til bráðabirgða, þar sem aðilar lýstu samkomulagi um að vinna á aðlögunartímabilinu fram til 1. júlí 1983 að endurskoðun á fyrirkomulagi á stjórnarkjöri Landsvirkjunar og nauðsynlegri lögfestingu á samkomulagi þeirra þar að lútandi. Með hliðsjón af ofangreindum samningum leitaði iðnrn. eftir því í samhljóða bréfum til Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar, dags. 28. okt. 1982, að sveitarfélögin tilnefndu fulltrúa til viðræðna um endurskoðun laga um Landsvirkjun. Jafnframt tilkynnti iðnrn. að það hefði tilnefnt af hálfu ríkisins til viðræðnanna fjóra menn, Tryggva Sigurbjarnarson verkfræðing, Helga Bergs bankastjóra, Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra og Halldór J. Kristjánsson lögfræðing sem ritara. Í framhaldi af bréfi þessu voru tilnefndir til viðræðnanna auk ofangreindra: Af hálfu Reykjavíkurborgar Davíð Oddsson borgarstjóri, Birgir Ísl. Gunnarsson alþm., Sigurjón Pétursson borgarfulltrúi og Kristján Benediktsson borgarfulltrúi. Af hálfu Akureyrarbæjar Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri, Jón G. Sólnes fyrrv. alþm. og Helgi Bergs bæjarstjóri.

Nefndirnar komu saman til fyrsta fundar 22. nóv. 1982 og héldu alls níu formlega viðræðufundi, hinn síðasta þann 28. jan. 1983. Á þeim fundi var undirrituð sameiginleg bókun nefndanna um samkomulag um frv. það til l. um Landsvirkjun sem ég hér mæli fyrir. Ég vík nú að helstu nýmælum samkv. frv. en þau eru:

Lögfest eru ákvæði hins nýja sameignarsamnings um eignarhlut eignaraðila, sem samkv. sameignarsamningn-

um frá 27. febr. 1981 verður þannig: Ríkissjóður á 50%, Akureyrarbær á 5.475% og Reykjavíkurborg á 44.525%. Eignarhlutdeildin er byggð á sérstöku mati á eignum Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar, sem framkvæmt var í tengslum við samkomulag eignaraðila um sameiningu fyrirtækjanna frá 12. des. 1980 og miðast matið við verðlag 1. nóv. 1980. Samkv. matsgerðinni var eignarhlutur aðila þannig: Ríkissjóður 48.40%, Reykjavíkurborg 45.95% og Akureyrarbær 5.65%. Eignarskipting þessi var lögð til grundvallar sameignarsamningi aðila frá 27. febr. 1981. Í 3. gr. sameignarsamningsins er ákvæði um að ríkissjóði sé heimilt að auka eignarhlut sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70 millj. 137 þús. kr. Fjárhæðin miðast við dagsetningu matsgerðarinnar, þ. e. 1. nóv. 1980, og leiðréttist í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu.

Við gerð samningsins frá 11. ágúst 1982 varð að samkomulagi milli ríkisstj. og Landsvirkjunar að hluti af greiðslu fyrirtækisins fyrir byggðalínur, sem samkv. matsgerð voru seldar á 437.5 millj. kr. miðað við verðlag 1. jan. 1982, skyldi greiðast með skuldajöfnun við framlag ríkisins vegna 50% áframhaldandi eignaraðildar ríkissjóðs að Landsvirkjun samkv. 3. gr. sameignarsamningsins. Sú greiðsla studdist ennfremur við 17. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, sem heimilar ríkisstj. að ákveða að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til nýtt fjárframlag, þannig að helmingseign verði tryggð við sameiningu fyrirtækjanna. Fjárhæð skuldajöfnunarinnar var á verðlagi 1. jan. 1981, miðað við byggingarvísitölu 909, 117.8 millj. kr. Skuldajöfnunin kemur til framkvæmda 1. júlí 1983, þ. e. við sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun.

Eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum og með því að samið hefur verið um að Landsvirkjun taki að sér að reisa og reka næstu stórvirkjanir hefur orðið grundvallarbreyting á hlutverki og starfssviði Landsvirkjunar. Hlutverk fyrirtækisins verður þannig að reisa og reka öll meiri háttar raforkuver í landinu og annast raforkuflutning milli landshluta. Starfssvæði fyrirtækisins verður nánast landið allt. Ákvæðunum um tilgang fyrirtækisins er því breytt til samræmis við þessa breytingu. Kveðið er á um tilgang fyrirtækisins að hafa með höndum meginhluta orkuöflunar og heildsölu raforku í landinu. Jafnframt er aukin skylda Landsvirkjunar til að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Með hliðsjón af hinu þýðingarmikla hlutverki Landsvirkjunar við raforkuöflun er í frv. lagt til að fyrirtækið verði skyldað til að gera samninga við aðra raforkuframleiðendur um samræmingu á rekstri raforkuvera, svonefnda samrekstrarsamninga, en tilgangurinn með gerð slíkra samninga er m. a. sá að tryggja sem best heildarhagkvæmni raforkuvinnslunnar í landinu.

Í núgildandi lögum um Landsvirkjun er starfssvæði fyrirtækisins nefnt orkuveitusvæði. Í frv. er lagt til að starfssvæði fyrirtækisins verði nefnt orkusvæði til aðgreiningar frá hugtakinu orkuveitusvæði, sem mun þá fyrst og fremst eiga við um starfsemi orkufyrirtækja sem dreifa orku til notenda í smásölu. Er með þessu ætlað að auðkenna starfsemi fyrirtækisins, þ. e. að hafa með höndum meginraforkuöflun og raforkuflutninginn í landinu, svo og heildsölu raforku. Orkusvæði Landsvirkjunar er skilgreint sem landið allt, eftir því sem raforkuver fyrirtækisins, stofnlínur og aðveitustöðvar ná til.

Höfuðstólsframlög Landsvirkjunar eru annars vegar stofnframlög, sem eigendur hafa lagt til fyrirtækisins frá upphafi og munu leggja til fyrirtækisins við sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun 1. júlí 1983, og hins vegar sérstök eiginfjárframlög eigenda, sem eigendur hafa lagt til fyrirtækjanna til viðbótar við stofnframlögin. Í frv. er lagt til að ef til komi arðgreiðsla til eigenda skuli hún ákveðin sem hundraðshluti af hinum sérstöku eiginfjárframlögum. Til ársloka 1982 námu eiginfjárframlögin til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar alls 288 924 729 kr. á verðlagi 1. nóv. 1982, sem sundurliðast sem hér segir: Frá Akureyrarbæ 2 484 187 kr., frá Reykjavíkurborg 142 889 465 kr. og frá ríkissjóði kr. 143 551 077. Hér hafa eiginfjárframlögin verið færð til verðlags 1. nóv. 1982 eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Eru þar meðtalin framlög ríkisins til Landsvirkjunar að fjárhæð 13 341 686 kr. vegna Hrauneyjafossvirkjunar og sams konar framlag Reykjavíkurborgar að sömu fjárhæð, í báðum tilvikum lögð fram eftir 1. nóv. 1980.

Til samræmis við skuldbindingu Landsvirkjunar samkv. samningum 11. ágúst 1982 og samkv. sameignarsamningnum frá 27. febr. 1981 er lagt til að lögfest verði að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna frá afhendingarstöðum fyrirtækisins sem nú eru í öllum landshlutum. Að öðru leyti eru ákvæði um að stjórn Landsvirkjunar setji gjaldskrá fyrir fyrirtækið, að fengnum tillögum Þjóðhagsstofnunar, óbreytt frá gildandi lögum. Þrátt fyrir óbreytt ákvæði í landsvirkjunarlögum um setningu gjaldskrár er ljóst að Landsvirkjun — eins og önnur fyrirtæki — lýtur almennum lögum um verðlagningu vöru og þjónustu í landinu, sem sett kunna að verða, hvort sem slík löggjöf nær til verðlagningar almennt eða til verðlagningar á orku. Frv. um það efni hefur raunar nýlega verið flutt og er til athugunar nú í hv. iðnn. Ed.

Samkv. 1. gr. frv., sem hér er mælt fyrir, eru óbreytt ákvæði þess efnis að eigendur eru í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Sem fyrr er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun sé heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og skuldbindingum í sama skyni. Til að tryggja ábyrgð eignaraðila á skuldbindingum vegna Landsvirkjunar þarf eins og áður samþykki þeirra hvers fyrir sig hverju sinni, fari skuldbindingar fram úr vissu marki. Til þessa hefur verið miðað við ákveðna upphæð, sem ákveðin var árið 1965 10 millj. gkr. á ári, að meðaltali á 5 ára tímabili. Fjárhæð þessi er nú úrelt, þar sem í lögum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 var ekki gert ráð fyrir að hún fylgdi verðlagsbreytingum, auk þess sem hún þarf að hækka að raungildi ef hún á að hafa raunhæft gildi með hliðsjón af auknum umsvifum fyrirtækisins. Hefur því orðið að ráði að leggja til að ákveða umrædda viðmiðun sem 5% af endurmetnum höfuðstól, þ. e. bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs. Endurmetinn höfuðstóll fyrirtækisins var í árslok 1982 3.7 milljarðar kr. og 5% af höfuðstól eru því 185 millj. kr. Þegar samþykki eignaraðila er nauðsynlegt fyrir skuldbindingum samkv. ofangreindu er lagt til að samþykki ríkisins sé háð staðfestingu bæði iðnrh. og fjmrh. Í framkvæmd

hefur iðnrh. hingað til veitt umræddar staðfestingar, en eðli málsins samkv. er talið rétt að iðnrh. og fjmrh. eigi hér sameiginlega hlut að máli.

Með sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum og nýjum virkjunum samkv. lögum um raforkuver nr. 60 frá 1981 verður starfssvæði Landsvirkjunar nánast landið allt. Landsvirkjun er því og verður meginorkuöflunarfyrirtæki landsmanna og snertir vöxtur þess og rekstur hagsmuni allra landsmanna. Það er því talið rétt að gera ráð fyrir vissum möguleikum fyrir útvíkkun á eignaraðild að Landsvirkjun frá því sem nú er.

Í frv. er því lagt til að sýslufélög, sveitarfélög, samtök þeirra og sameignarfélög þeirra geti gerst eignaraðilar að Landsvirkjun með eftirgreindum skilyrðum:

1. Tilkynna skal það stjórn Landsvirkjunar með 12 mánaða fyrirvara.

2. Sá sem eignaraðildar óskar skal taka á sig þær skuldbindingar sem fylgja eignaraðild að Landsvirkjun.

3. Sá sem eignaraðildar óskar skal leggja fram verðmæti er nema skulu minnst 1% af endurmetnum höfuðstól Landsvirkjunar í upphafi þess árs er eignaraðild kemur til framkvæmda. En 1% af endurmetnum höfuðstól er nú 37 millj. kr.

Verði eignarhlutur ríkisins undir helmingi vegna tilkomu nýs eignaraðila er kveðið svo á að ríkisstj. skuli leggja Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taka að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins. Leiði fjölgun eignaraðila til þess að nýr eignaraðili eigi jafnan eða stærri hlut en sá aðili sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara er lagt til að skipan stjórnar verði tekin til endurskoðunar. Er þá gert ráð fyrir því að stjórnarmönnum sé fjölgað án þess þó að stjórnarhlutdeild raskist milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar.

Með tilliti til þess að Landsvirkjun mun starfa í öllum landshlutum er lagt til að komið verði á föstum samráðsvettvangi við samtök sveitarfélaga í hinum einstöku landshlutum um málefni fyrirtækisins. Í frv. er lagt til að haldinn verði ársfundur Landsvirkjunar í aprílmánuði ár hvert með þátttöku fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, þar sem kynntar verði áætlanir og afkoma Landsvirkjunar og þar sem fulltrúar sveitarfélaga geta komið sjónarmiðum um málefni Landsvirkjunar á framfæri. Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða, enda verður að telja nauðsynlegt að hafa slíkan samráðsvettvang eigenda og samtaka sveitarfélaga til að ræða málefni Landsvirkjunar, svo sem um afkomu fyrirtækisins, áform varðandi framtíðarverkefni, öryggi í orkuvinnslu og raforkuflutningi og atriði er varða raforkuverð.

Samkv. frv. er lagt til að fjórir menn frá hverjum eiganda sitji ársfundinn og fjórir frá hverjum hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga auk stjórnar og forstjóra Landsvirkjunar. Í frv. er lagt til að stjórnarmönnum verði fjölgað um tvo, úr sjö í níu, og skal stjórnarkjör fara þannig fram: Sameinað Alþingi kýs fjóra stjórnarmenn hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun formanns skal hann skipaður af Hæstarétti. Þá er lagt til að kjörtímabil stjórnar verði stytt úr 6 árum í 4 ár. Með það fyrir augum að styrkja tengsl milli yfirstjórnar orkumála og Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að ráðherra orkumála skipi fulltrúa til setu á stjórnarfundum.

Með samþykkt laga nr. 60/1981 um raforkuver og samþykkt þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu frá 6. maí 1982 hefur tekist víðtækt samkomulag um næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir, m. a. um virkjanaröð. Í frv. er því lagt til að felld verði inn í lög um Landsvirkjun ákvæðin í lögum nr. 60 frá 4. júní 1981 um raforkuver, þar sem kveðið er á um að Landsvirkjun reisi og reki Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun, og þá að fengnu leyfi ráðherra orkumála samkv. 7. gr. frv., en í þeirri grein er að finna óbreytt ákvæði frá lögum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965, að því er varðar virkjunarleyfi. Landsvirkjun þarf því sem fyrr leyfi þess ráðherra sem fer með orkumál til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína.

Um heimild Landsvirkjunar til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum raforkuvera sinna sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma, m. a. með stíflugerðum og vatnsveitum, og um heimild Landsvirkjunar til að reisa eldsneytisrafstöðvar fer eftir lögum um raforkuver.

Herra forseti. Hér hefur verið reynt að bregða nokkru ljósi á helstu þætti þróunar raforkumála síðustu ára og ræddar helstu framkvæmdir í raforkumálum frá því að lög um Landsvirkjun voru sett árið 1965. Jafnframt hefur verið vikið að skipulagsmálum raforkuiðnaðarins og þeirri vinnu sem átt hefur sér stað á s. l. áratug til að treysta og samræma stjórn raforkumála í landinu. Þá hefur verið gerð grein fyrir þeim samningum sem tekist hafa um Landsvirkjun og starfsemi hennar á s. l. tveimur árum og því frv. til l. um Landsvirkjun sem hér er mælt fyrir og undirbúið var af nefndum á vegum eignaraðila að Landsvirkjun, eins og áður er fram komið. Jafnframt hefur verið gerð grein fyrir helstu nýmælum frv., sem miða að því að lögfesta ýmsar þýðingarmiklar breytingar, er varða skipulag raforkuvinnslu og raforkuflutnings. Með hliðsjón af því að nýr sameignarsamningur um Landsvirkjun tekur gildi 1. júlí 1983 er lögð áhersla á að reynt verði að afgreiða frv. þetta á yfirstandandi þingi. Ég vænti þess að það megi takast, þar sem víðtækt samkomulag hefur verið haft um undirbúning þessa máls og það milli þeirra aðila sem það mest varðar, en eðlilegt er að sjálfsögðu að hv. alþm. vilji kynna sér þetta viðfangsmikla mál, sem lagt var fyrir þingið í byrjun þessarar viku.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að votta þakkir þeim fjölmörgu sem unnið hafa að undirbúningi þessa máls og þeirra samninga sem eru undirstaða þess frv. sem hér er fram lagt.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að frv. þessu verði vísað til hv. iðnn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. til l. var rætt í borgarstjórn Reykjavíkur nýlega gerði ég þá aths. við það, að það samkomulag sem verið var að lögfesta var gert milli Akureyrarbæjar, ríkisins og Reykjavíkurborgar á allt öðrum forsendum en þessi lög gera ráð fyrir. Þá var gerður samningur og samstarfssamningur milli ríkisins og umræddra sveitarfélaga um hlutafélag, sem skyldi rekið sem slíkt. Síðan hafa verið sett lög um Landsvirkjun, um byggingu orkuvera og

rekstur orkuvera, þannig að sá sameignarsamningur sem var gerður á milli þeirra aðila sem ég gat um getur tæplega orðið undirstaða undir slíku ríkisfyrirtæki, sem hér er nú verið að stofna til, þrátt fyrir samþykkt borgarstjórnar. Ég mun því greiða atkv. gegn þessu frv. m. a. vegna þess að ég tel óeðlilegt að einstök sveitarfélög, eins og t. d. Reykjavíkurborg eða Akureyrarbær, séu eignaraðilar. Eignaraðilar, sem hafa út af fyrir sig ekki mikið að segja en taka á sig ábyrgð langt umfram það sem eðlilegt er, miðað við það að Landsvirkjun er að verða ríkisfyrirtæki og á þess vegna að vera 100% ríkiseign. Réttast hefði verið að ríkið keypti bæði Akureyrarborg og Reykjavíkurborg út úr þessum samstarfssamningi.

Ég ætla ekki að halda hér langa tölu, en ég ætla þó að benda á nokkra punkta, t. d. í 10. gr., svo að ég stikli á stóru. Ég ætla að taka betur til máls á seinni stigum, þegar frv. hefur fengið meðferð í nefnd, og sjá hvernig það lítur þá út. Í 10. gr. er gert ráð fyrir að aðrir aðilar en eignaraðilar komi saman á landsfund eða eins konar ársþing fyrirtækis, sem þeir eru alls ekki að neinu leyti ábyrgir fyrir rekstrarlega eða lántökulega séð. Ég tel það algerlega óeðlilegt, þó svo að þetta sameignarfyrirtæki svokallað eigi að selja sína framleiðslu í öllum landshlutum.

Þá vil ég benda á atriði í 12. gr. Og ég bið hæstv. ráðh. að taka mjög vel eftir því sem ég segi nú, vegna þess að það er algerlega óeðlilegt og ég tel síðlaust, eins og hv. 4. þm. Reykv. tekur svo oft til orða. Í þessu tilfelli á það við. Ég ætla að bíða þar til hæstv. ráðh. heyrir örugglega mál mitt. Það stendur, með leyfi forseta, í 12. gr.:

„Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins."

Ég tel það algerlega óviðeigandi og alls ekki Alþingi sæmandi að stjórn fyrirtækis sem þessa ráði sjálft þá endurskoðendur sem eiga að fara yfir reikninga og endurskoða störf þess. Það er í lögum eins og er og ég hef bent á það hér. Það er líka í seðlabankalögunum. Það þarf að breyta þessari 12. gr. þannig, að Alþingi ráði löggilta endurskoðendur til þess að fylgjast með rekstri fyrirtækisins. Það á náttúrlega ekki að ræða það hér, en sama á við um Seðlabanka Íslands. Á þetta legg ég mjög mikla áherslu.

Þá er í 13. gr. talað um að stjórn Landsvirkjunar setji sjálf að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Það er út af fyrir sig allt í lagi ef ekki væri sagt neðar í sömu grein að slíkir samningar megi ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Þarna er verið að færa hugsanlegan taprekstur eða hækkunarkostnað frá Landsvirkjun yfir á hinar einstöku rafveitur, þ. e. viðskiptavini Landsvirkjunar, án þess að rafveiturnar, viðskiptavinir Landsvirkjunar, megi hækka hlutfallslega raforkuverðið til neytenda. Það er algerlega útilokað að hægt sé að samþykkja slíkt. En þannig hefur það verið og þessu þarf að breyta.

Þá segir í 14. gr. með leyfi forseta: „Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni". Áfram þarf ekki að lesa frekar. Þetta er alveg fráleitt vegna þess að sveitarstjórnir tvær eru eignaraðilar að hálfu, Reykjavíkurborg annars vegar og Akureyrarbær hins vegar, og að gefa Landsvirkjun sjálfdæmi um að ráðstafa á þann hátt sem hún hefur gert fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna er fyrir neðan allar hellur. Þessu vil ég mótmæla hér. Þessu hef ég mótmælt í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ég hef þær upplýsingar frá ábyrgum embættismanni borgarinnar að skuldir Landsvirkjunar séu nú um helmingur af heildarskuldbindingum íslenska ríkisins erlendis. Að vísu var þetta leiðrétt á fjh.- og viðskn.-fundi nýlega af forstjóra Landsvirkjunar, þar sem hann viðurkenndi að skuldir Landsvirkjunar væru kannske rúmlega 30% af heildarskuldum þjóðarinnar erlendis. En sá sami forstjóri gaf þessum ábyrga embættismanni borgarinnar það upp, að heildarskuldir Landsvirkjunar væru um 7 milljarðar ísl. kr., sem er þá um helmingur heildarskulda þjóðarinnar erlendis. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt.

Og það sem er að ske núna allra síðustu daga er að Landsvirkjun hefur tekið 400 millj. kr. erlent lán alveg nýlega og lánveitendur erlendis taka ekki lengur Landsvirkjun sem góðan og gildan lántakanda. Ábyrgð fyrirtækisins og eignaraðila er ekki lengur talin fullnægjandi nema til komi viðbótartrygging frá eignaraðilum, sem eru ríki og höfuðborg, þess efnis að eignaraðilar sjái til þess að viðkomandi lán verði örugglega greitt ekki síðar en 6 mánuðum frá gjalddaga. Þetta kemur einfaldlega til af því að það er alveg ljóst að Landsvirkjun sem slík er rekin með miklu tapi og lánveitendur sjá að hún getur ekki undir neinum kringumstæðum staðið í skilum með afborganir og vexti af þeim lánum sem þegar hvíla á fyrirtækinu. Þess vegna krefjast lánveitendur nú viðbótartryggingar frá höfuðborginni og frá ríkinu sjálfu. Þetta er alveg augljóst. Við erum ekki lengur góðir lántakendur, sem þýðir að Reykjavíkurborg sem eignaraðili verður að taka á sig sinn hlut, sem er tæp 46% af þessum viðbótarskuldbindingum, og Akureyri 5%, eins og gefur að skilja, því að fyrirtækið stendur ekki sjálft undir þessu. Ég get fullvissað virðulegt Alþingi um það, að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar stendur ekki undir þessum skuldbindingum. Ef þær halda áfram að falla á fyrirtækið og eignaraðilar þurfa að standa í skilum, sem er alveg augljóst að þeir þurfa að gera vegna þess að fyrirtækið er rekið með tapi þá nægja ekki þrjár fjárhagsáætlanir Reykjavíkurborgar til að standa undir þessum kvöðum þó að enginn peningur fari annað en í að greiða skuldir Landsvirkjunar.

Nú er það svo, að skuldum Landsvirkjunar er velt áfram á sama hátt og nýlega er byrjað að velta skuldum ríkisins áfram, með nýjum og nýjum skammtímalánum. Þetta kostar allt peninga og þar af leiðandi aukast skuldirnar, aukast kvaðirnar á eignaraðilum í staðinn fyrir að minnka á gjalddögum. Þetta er náttúrlega alveg óþolandi vitahringur. Eins og kemur hér fram í frv., er Reykjavíkurborg beint ábyrg fyrir 45% af kvöðunum. Síðan er Reykjavíkurborg, miðað við höfðatölu Reykvíkinga í heildaríbúafjölda landsins, ábyrg fyrir þeim 50% sem ríkið á, svo að við skulum bara átta okkur á því hvað er að ske hér.

Ég er búinn að segja alveg nóg til þess að menn sjái í stórum drættum á hvaða rökum ég er á móti þessu frv. Ég vil undirstrika og ítreka að fyrirtæki, sem er svona rekið, á að sjálfsögðu alls ekki að vera undir endurskoðendum sem stjórn þess ræður sjálf. Það hlýtur að

segja sig sjálft. Þó að engin önnur breyting fáist á þessu frv. en bara sú, þá ætti Alþingi með því móti að geta fengið hlutlausara mat á reikningum fyrirtækisins.

Hitt er svo alvarlegra umhugsunarefni, að sá maður sem í senn er stjórnarformaður þessa fyrirtækis og seðlabankastjóri landsins — og enginn hefur betra yfirlit yfir heildarskuldir landsins og heildargreiðsluþol — skuli koma fram í sjónvarpi og segja: Það eru vondir stjórnmálamenn sem eru að sökkva landinu í erlent skuldafen — í staðinn fyrir að það er hans staða að segja: Hingað og ekki lengra, þegar hættumerki eru á lofti um erlendar lántökur. Og ef þá er ekki farið eftir hans ráðum, sem kannske er sá eini sem hefur fullkomið yfirlit yfir erlendar lántökur því að allt gengur þetta með einhverjum hætti í gegnum Seðlabankann, þá á hann bara að segja af sér á þeim forsendum að vondir stjórnmálamenn, sem hann er að vitna í, séu þrátt fyrir hans aðvörunarorð að koma landinu dýpra og dýpra í það fen sem hann sagði að við værum að sökkva í þegar við hann var talað á fundi fjh.- og viðskn. í gær. Ég vil því leggja áherslu á það við hæstv. ráðh., sem hefur kynnt þetta mál með sínum venjulega góða og mjúka málflutningi þegar hann þarf að fá eitthvað stórt í gegn, að ég vara við þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því hér á hv. Alþingi eins og ég gerði í borgarstjórn Reykjavíkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 434). — 1. umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Jóhann Einvarðsson og Guðrún Helgadóttir.

Þetta frv. felur í sér þá einu breytingu, að starfsmenn fræðsluskrifstofa geti gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með samþykki stjórnar sjóðsins. Í dag hefur stjórn lífeyrissjóðsins heimild til að veita aðild starfsmönnum bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana sem þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga og ýmsum fleiri, en starfsmenn fræðsluskrifstofa eru ráðnir af fræðsluráðum. Fræðslustjóri er hins vegar embættismaður ríkisins, en fræðsluráð er kosið af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Þess vegna eru starfsmenn fræðsluskrifstofa hvorki ráðnir af ríkinu né sveitarfélögum, þótt þeir séu í raun opinberir starfsmenn.

Rekstrarfé fræðsluskrifstofa kemur úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Það hefur verið leitað eftir því við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að starfsmenn fræðsluskrifstofa fengju aðild að sjóðnum, en lagaheimild skorti til þess að stjórnin geti heimilað aðild. Vegna þessa er þetta frv. flutt, til þess að stjórn sjóðsins geti veitt umræddum starfsmönnum fræðsluskrifstofa aðild að sjóðnum. Verðtrygging, sem slíkri aðild fylgir, yrði að sjálfsögðu greidd af því fjármagni sem fræðsluskrifstofur hafa til umráða. Þarna er ekki um fjölmennan hóp að ræða, um það bil 25 manns. Telja verður sanngirnismál að þessir aðilar fái þessa aðild. Þeir hafa til þessa borgað í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda hjá fjmrn.

Þótt skammt sé til þinglausna vona ég að samkomulag verði um afgreiðslu þessa máls, þannig að frv. geti öðlast samþykki nú á þessu þingi.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 408). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 447). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 22, n. 461 og 465). — Frh. 2. umr.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að ég vil láta afstöðu mína koma fram.

Ég sé enga ástæðu til þess að lækka fasteignagjöld á sumarbústöðum og hafa þessar litlu tekjur af fámennum og fátækum sveitarfélögum. Þeir sem hafa efni á því að eiga sumarbústaði ættu að geta borgað þessar 100 kr. fyrir að fá að búa þar og vera og valda meira og minna mikilli umferð og beinu og óbeinu ónæði. Þarna er um ákaflega litlar upphæðir að tefla í langflestum tilfellum og ég undrast þegar forustumenn verkalýðsfélaga, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og hv. þm. Pétur Sigurðsson, eru að kveinka sér undan því að greiða þessa smámuni úr sínum sjóðum, sem áreiðanlega eru nógu feitir til þess að borga fasteignagjöld þessum hreppum. Ég sé ekkert eftir því þó að þeir taki nú upp budduna einstaka sinnum, þessir herramenn, því að þeir eiga nóg af peningum.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem minni hl. þessarar n. hefur lagt hér fram. Ég vil ekki viðurkenna að það sé eðlilegt að lækka fasteignagjöld sem hafa verið lögð á sumarbústaðaeigendur, bæði á sumarbústaði og lóðir. Þetta er, eins og hér hefur komið fram, á misskilningi byggt. Mér sýnist að ýmislegt sem sveitarfélögin þurfa að sjá um sé

ekki tekið með í reikninginn þegar lagt er til að þetta gjald, sem sumarbústaðaeigendur eiga að borga, verði lækkað. Ég vil minna á að t. d. fellur í hlut sveitarfélaganna að sjá um brunavörslu. Ef kviknar í sumarbústað eru það fyrst og fremst sveitarfélögin sem eiga að koma til og sjá um að slökkvibíll sé til reiðu. Ég tel líka að það hafi verið sveitarfélaga, a. m. k. þar sem ég þekki til, að sjá um ýmiss konar aðra vörslu og þjónustu svo sem sorpeyðingu. Því hefur verið komið á sveitarfélögin að hirða um það a. m. k. á sumum stöðum. Ég vil benda á *það líka, að það hefur komið í ljós að sums staðar er því* miður ekki nægilega sinnt um umhirðu á girðingum og öðrum þeim mannvirkjum sem eru í kringum sumarbústaði og það hefur þá gjarnan skapað erfiðleika og vandamál, t. d. hvað varðar fjárgæslu. Það hefur *jafnvel farið svo, að kindur hafa fest sig í vír.* Hefur auðvitað komið á sveitarfélögin að sjá um að greiða úr þessu.

Það má minna á fleiri þætti í sambandi við þetta mál. En mér finnst óeðlilegt að fasteignagjöldin verði lækkuð. Ég get tekið undir með þeim sem hafa hér bent á að það væri vel til athugunar að fella algerlega niður sýsluvegasjóðsgjaldið. Þetta er ekki það hár tekjuliður fyrir sýslurnar að það er tæplega að það borgi sig að innheimta gjaldið, hvað þá meira. Og ég vil segja að þar sem ég þekki til, og hef verið í sýslunefnd, hefur verið gert töluvert að því að hefla vegi heim að sumarbústöðum og eins líka að bera ofan í vissa vegi, en það hrökkva ekki langt í því skyni þær krónur sem sumarbústaðaeigendur hafa borgað í sýsluvegasjóðinn.

Þess vegna vil ég segja að ég gæti vel fylgt því að sýsluvegasjóðsgjaldið væri lagt niður, en ég er eindregið á móti því að að minnka hlut sveitarfélaga eins og meiri hl. n. leggur til að verði gert með því að ákveða fasteignagjöld á sumarbústaði með lögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 134, n. 424, 426). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. um málefni fatlaðra. Þetta frv. hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun í n., bæði á þessu þingi og eins á síðasta Alþingi eða 104. löggjafarþingi, þegar það var fyrst lagt fram. Á því þingi gerði félmn. við það margar brtt. og skilaði nál. um málið, en lengra en til 2. umr. komst málið ekki á því *þingi. Þegar málið var á nýjan leik lagt fram á yfirstand*andi Alþingi hafði það tekið þeim breytingum að upp voru teknar inn í frv. allar brtt. félmn. frá fyrra þingi og frv. lagt fram í þeim búningi, en sem fskj. með frv. voru lagðar fram brtt. frá samráðsnefnd um málefni fatlaðra, *sem fjallað hafði um málið á milli þinga. Hefur nefndin* haft þær brtt. til hliðsjónar nú við afgreiðslu málsins í nefndinni, auk þess sem málið var á nýjan leik sent til fjölmargra aðila til umsagnar, eins og fram kemur í nál. félmn. nú.

Áður en ég geri grein fyrir brtt., sem félmn. flytur á sérstöku þskj., er rétt að geta þess, að einstakir nm. lögðu til við umfjöllun nefndarinnar um málið ýmsar aðrar brtt. við nokkrar greinar frv., sem ekki náðist samstaða um í n. En til þess að ná samkomulagi um málið nú á þessu Alþingi og freista þess að fá afgreiðslu, jafnvel þótt einstakir nm. væru ekki fullkomlega sáttir við ýmis ákvæði frv. varð það þó niðurstaða n. að afgreiða málið úr nefndinni með sameiginlegum brtt., sem fluttar eru á þskj. 426. Í því sambandi má nefna að gildistaka laganna er ekki fyrr en 1. jan. n. k., nema ákvæðis til bráðabirgða, sem nefndin leggur til að taki gildi strax. Ýmis ákvæði frv. krefjast nokkurs undirbúnings, svo sem að koma á fót og skipa svæðisstjórnir á hverju svæði og skipa stjórnarnefnd, auk þess sem á fjárlögum á yfirstandandi ári er ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði sem af frv. leiðir. Því gefst tækifæri á næsta Alþingi að gera breytingar á einstökum greinum, sem einstakir nm. leiða hjá sér á þessu stigi málsins að gera brtt. um, til að freista þess að ná samkomulagi í deildum þingsins og afgreiða málið nú fyrir þinglok.

Ég vil þá gera grein fyrir brtt. n. Í fyrsta lagi telur n. rétt að þar sem málefni fatlaðra heyra undir þrjú rn. samkv. frv. sé eðlilegt að úrskurði um ágreiningsatriði sé vísað til ráðh. sem það mál heyrir undir sem ágreiningurinn stendur um. Í 1. tölul. í brtt. er lagt til að 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

„Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til viðkomandi ráðh."

Félmn. leggur til að í 3. tölul. 6. gr. sé bætt inn ákvæði um námsráðgjöf, en í þeirri grein er talin sú þjónusta sem á að vera á hverju svæði.

Í 6. gr. frv. er talin upp sú þjónusta sem stefnt skuli að að sé á hverju svæði. Þar er tekið fram að veita skuli fötluðum þjónustu á almennum stofnunum eftir því sem unnt er, og er það auðvitað meginreglan, að eftir því sem við verður komið fái fatlaðir þjónustu á almennum stofnunum.

En í 7. gr. eru taldar upp þær stofnanir sem eru fyrir fatlaða. Í grg. með frv. er skilgreint hvað við er átt með hverri stofnun, sem þar er upp talin, en nánari skilgreining hefði þó þurft að vera á 5. tölulið um meðferðarheimili. Þar er einkum átt við heimili fyrir börn og unglinga með geðrænar truflanir eða aðrar meiri háttar fatlanir. Heimili af þessu tagi eru m. a. ætluð börnum og unglingum sem þarfnast dvalar um lengri tíma. Einnig má benda á varðandi skóladagheimili að það hefði þurft nánari skilgreiningar við í grg., en hér er átt við dagvistunaraðstöðu fyrir börn á skólaskyldualdri sem geta lítið eða ekkert séð um sig sjálf og ekki þykir ástæða til eða allsendis ófært að hafa á almennum skóladagheimilum.

Í 8. gr. er fjallað um umsóknir og vistun á stofnunum fatlaðra, og er þar ákvæði um að svæðisstjórn á viðkomandi svæði mæli með vistun á stofnunum fatlaðra að höfðu samráði við forstöðumann stofnunar og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Nefndin leggur til að í stað „Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins" komi: viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili. — Þykir rétt að binda samráð ekki eingöngu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, enda gæti í einhverjum tilfellum greining og meðferð á fötluðum einstaklingum farið fram á hinum einstöku svæðum, sem ráð er fyrir gert í frv., og verið í höndum sérfræðinga utan Greiningarstöðvar ríkisins. Gera má þó ráð fyrir að í flestum tilfellum verði samráðsaðili Greiningarstöð ríkisins.

Sama á við um 10. gr., en þar er lagt til að í stað „Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins" komi: viðkom-

andi greiningar- og ráðgjafaraðili.

Í 14. gr. frv. er fjallað um tilkynningarskyldu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samráði við foreldra að tilkynna það svæðisstjórn. Jafnframt skal í heilsugæslustöð fara fram frumgreining. Skal foreldrum gerð grein fyrir hugsanlegri fötlun. Tilkynna skal niðurstöður frumgreiningar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ef þurfa þykir."

Sú efnisbreyting, sem félmn. Nd. leggur til í þessari grein, er að svæðisstjórn og Greiningarstöð ríkisins verði ekki tilkynnt um hugsanlega fötlun fyrr en fram hefur farið greining sem leiði í ljós að þörf sé frekari greiningar og meðferðarúrræða. Þessi mál eru viðkvæm og vandmeðfarin og óþarfi að tilkynna það svæðisstjórn eða greiningarstöð nema niðurstaða frekari greiningar leiði í ljós nauðsyn frekari greiningar og frekari meðferðarúrræða.

Þá kem ég að IV. kafla frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Umfjöllun um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur verið mjög ítarleg í nefndinni, bæði meðan þetta mál var í n. nú og eins á síðasta þingi. Því er ekki að leyna að um þennan kafla frv. hefur verið mikill ágreiningur. Þó einstakir nm. hafi haft efasemdir um Greiningarstöð ríkisins, m. a. í ljósi umsagna um málið, tel ég að allir nm. hafi lagt sig verulega fram í að finna ásættanlega lausn á þessum kafla frv. og góð samstaða hafi verið í nefndinni um að leysa þennan erfiða þátt frv.

Ágreiningurinn um þennan kafla frv. var fyrst og fremst milli menntmrn. og félmrn., auk þess sem ýmsir umsagnaraðilar, svo sem læknafélagið, höfðu aths. við þennan kafla frv. Ágreiningurinn milli ráðuneyta fólst í því, að fulltrúi menntmrn., Magnús Magnússon sérkennslufulltrúi ríkisins, taldi að óþarfi væri að setja á fót sérstaka Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem IV. kafli frv. gerir ráð fyrir, en taldi nægjanlegt að bæta við 13 sérfræðingum inn á þær stofnanir sem fyrir eru, sem að einhverju leyti sjá nú um greiningu og meðferð fyrir fatlaða. Það má segja að hér sé um stefnubreytingu að ræða, ef sú er skoðun menntmrn., því að það er ekki lengra síðan en tvö ár er Greiningarstöð ríkisins var eitt af forgangsverkefnum menntmrn.

Í Athugunar- og greiningardeildinni, Kjarvalshúsi, hefur farið fram frá árinu 1975 greiningar- og ráðgjafarstarfsemi hliðstæð þeirri sem ráð er gert fyrir í frv. Þessi deild hefur verið stjórnunarlega í tengslum við Öskjuhlíðarskólann undir yfirstjórn menntmrn. Ég tel engum vafa undirorpið að sú starfsemi, sem þar hefur farið fram við mjög þröngan kost, hefur þegar sannað hvílík nauðsyn er á því starfi sem þar fer fram. Það væri of langt mál að fara að rekja það starf, sem þar hefur farið fram, og rökstyðja frekar nauðsyn þess þó efalítið væri á því full nauðsyn miðað við þá gagnrýni sem fyrirhuguð Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur fengið, en það segir sína sögu að þar er nú tveggja ára biðlisti barna sem bíða eftir því að komast þangað. Starfið sem þarna fer fram byggist aðallega á greiningu á fötlun, að leita réttra meðferðarúrræða svo og ráðgjöf fyrir foreldra. Sú þjónusta, sem þarna fer fram, er því ómetanleg og mikilvæg undirstaða þess að mikið fatlað barn hafi möguleika til að ná sem bestum andlegum og líkamlegum þroska og kannske ekki síst það, að strax þegar fötlunarinnar verði vart dragist ekki að finna rétt meðferðarúrræði. Félmn. Nd. kynnti sér með sérstakri heimsókn starfsemina, sem fer fram í Athugunar- og greiningardeildinni, og sú heimsókn varpaði mjög skýru ljósi á hve brýn og nauðsynleg sú starfsemi er sem þarna fer fram. Það er í raun aðdáunarvert hverju fámennt starfslið fær þar áorkað í allt of litlu húsnæði.

Ég tel rétt, herra forseti, þar sem svo margar efasemdir eru á lofti um réttmæti Greiningarstöðvar ríkisins, sem ráð er fyrir gert í þessu frv., sem einnig hafa komið fram opinberlega, að vitna í örfá atriði úr greinargerð sem félmn. fékk frá Athugunar- og greiningardeildinni. Þar segir, með leyfi forseta, um það starf sem þar fer fram.

„Við athugun og greiningu á fötluðum einstaklingi er samvinna margra sérfræðinga, sem hafa faglega sérhæfingu á mörgum sviðum, forsenda þess, að rannsóknarniðurstöður verði marktækar og gagnlegar fyrir einstaklinginn. Þá er samtímis litið á alla þá þætti er skipta máli þegar lagt er mat á andlegan og/eða líkamlegan og félagslegan þroska einstaklingsins og þroskamöguleika hans. Foreldrar og aðrir, sem til málanna þekktu, börðust fyrir því á s. l. áratug að einn staður hefði með höndum athugun, greiningu og hlutlaust mat á þörf fyrir þjónustu, þjálfun og kennslu. Á þennan stað gætu allir leitað þegar um væri að ræða frávik í þroska eða grun um það. Þaðan yrði engum vísað frá. Reynsla fjölmargra foreldra fyrir þennan tíma var bæði ómannúðleg og óverjandi. Sérstaklega þegar sýnt hefur verið fram á að unnt er að byggja þjónustuna upp á annan veg en þá tíðkaðist. Áður þurftu foreldrar að ganga milli margra sérfræðinga, staða og stofnana. Þótt stundum tækist að fá upplýsingar um eðli og orsök vandamálsins skorti oftast meðferðarúrræði, sem síðan leiddi til óeðlilegrar tafar í meðferð og þjálfun og gat jafnvel haft það í för með sér að foreldrar gæfust upp á þíslargöngu sinni. Mikils ósamræmis gætti oft bæði í greiningu og meðferð og enginn einn aðili bar ábyrgð á því að fatlað eða þroskaheft barn fengi viðeigandi sérþjálfun og meðferð að greiningu lokinni."

Í bréfi Athugunar- og greiningardeildarinnar kemur fram, að ef leggja á niður greiningar- og ráðgjafarstarf eins og fram fer í Kjarvalshúsi boði það afturhvarf til þess tíma þegar foreldrar voru á vergangi með börn sín til að leita að þjónustu, sem var alls staðar og hvergi, og enginn bar ábyrgð á að tryggja sjálfsagða og nauðsynlega þjónustu. Ennfremur kemur fram, að með því að greining fari fram á einum stað skapist meira öryggi, að börn fari þegar í upphafi á rétta meðferðarstofnun og ekki fari dýrmætur tími til spillis í leit að þeirri meðferðarstofnun sem við á hverju sinni.

Þá er ennfremur bent á að mikilvægt sé að benda á þá hættu, sem er því samfara að foreldrar gefist upp í leit að úrræðum fyrir barn sitt, vegna þess að meðferð mistókst á einni eða fleiri meðferðarstofnunum, — ekki vegna hæfileikaskorts starfsfólks stofnunarinnar, heldur vegna þess að viðkomandi stofnun var ekki réttur meðferðaraðili. Áður gat það skeð að börn týndust þannig í kerfinu og jafnvel fóru mörg dýrmæt ár til spillis.

Herra forseti. Ég gæti rakið ýmislegt annað fróðlegt í þessari grg., sem ég hef vitnað til frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, en ég læt þetta nægja

að sinni.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að ræða nokkuð ítarlega þennan kafla og mun gera frekar, ef tilefni er til, við umr. um þetta mál í þessari hv. deild. Eins og fram kemur í nál. hefur sá ágreiningur, sem uppi var um þennan kafla milli rn., nokkuð tafið afgreiðslu málsins úr n. og eins og þar kemur fram taldi n. nauðsynlegt að fá á sinn fund menntmrh. og félmrh. N. telur þó að með ákvæði sem flutt er til bráðabirgða, svo og breytingu sem gerð er á 16. gr., sé eftir atvikum sá ágreiningur leystur, en í því sambandi tel ég ástæðu til að draga hér fram einn þátt er varðar greiningarstöðina, sem ég tel að hafi átt drjúgan þátt í að móta andstöðu margra á móti greiningarstöðinni.

Í lögum um aðstoð við þroskahefta, sem samþ. voru á Alþingi 1979, var ákvæði um að komið yrði á fót Greiningarstöð ríkisins. Með stoð í þeim lögum liggur nú fyrir nokkur skipulags- og hönnunarvinna vegna byggingar greiningarstöðvar. Um er að ræða byggingu ca. 3000 fermetra húsnæðis, sem margir telja óeðlilega stóra og dýra byggingu, ekki síst með tilliti til þess fjármagns sem Framkvæmdasjóður öryrkja hefur yfir að ráða, en áætlaður kostnaður er um 70 millj. Ekki síst óttast margir, að þegar sjóðurinn þarf að taka á sig slíka fjárhagslega byrði hafi hann næstu árin ekki fjárhagslegt bolmagn, miðað við stöðu hans, að taka á sig nema að mjög takmörkuðu leyti uppbyggingu annarra þjónustuþátta fyrir þroskahefta og öryrkja, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Undir þessar efasemdir get ég tekið varðandi aðra þjónustuþætti.

Ég tel það einnig vera skoðun margra, m. a. flestra nm., að hér væri, miðað við aðstæður, ráðist í of stóra byggingu, ekki síst með tilliti til þess að erfitt var að skipta henni í áfanga. En þó að þessar efasemdir séu uppi varðandi stærð byggingarinnar er ekki verið að draga í efa nauðsyn þeirrar starfsemi, sem þar fer fram, en þessu hefur of mikið verið ruglað saman. Því hefur nefndin orðið ásátt um það ákvæði til bráðabirgða, sem flutt er á þskj. 426, að skipuð verði sérstök nefnd sem geri tillögur um fyrirkomulag og framtíðarskipulag Greiningarstöðvar ríkisins og tillögur nefndarinnar þar að lútandi verði lagðar fyrir Alþingi. Nefndarmenn telja eðlilegt að það verði gert í formi þáltill., sem fjvn. fjalladi síðar um, þar sem upplýsingar kæmu fram um fyrirkomulag ásamt upplýsingum um rekstur og stofnkostnað. Nefndin flytur brtt. við 16. gr., þar sem lagt er til að upphaf 16. gr. verði svohljóðandi:

„Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum samkv. 6. gr., skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð o. s. frv."

Þetta ákvæði er sett til að gefa því aukið vægi að ekki er eingöngu fyrirhugað að greiningar- og ráðgjafarstarf fari fram í þessari einu greiningarstöð, heldur verði einnig um að ræða ákveðna greiningarstarfsemi um land allt í samræmi við ákvæði 6. gr. frv.

Við þessa grein leggur n. einnig til þrjár aðrar brtt.:

1. Að það verði ekki bundið við ákveðinn aldur hverjir fá þjónustu á Greiningarstöð ríkisins, þannig að hún sé opin öllum aldurshópum sem þangað þurfa að leita. Í annan stað leggur nefndin til að í 11. tölul. komi Hjálpartækjaþjónusta í stað Hjálpartækjabanki fyrir börn. Í þriðja lagi leggur nefndin til að í 8. tölulið, þar sem kveðið er á um að Greiningarstöð ríkisins eigi að vera umsagnaraðili varðandi umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum fatlaðra, bætist við orðin „þegar þess er óskað", enda ætti að vera óþarfi að Greiningarstöð ríkisins sé skilyrðislaust umsagnaraðili vegna vistunar á þær þjónustustofnanir, sem upp eru taldar í 8. tölul., svo sem sumardvalarheimili.

Við 22. gr. leggur nefndin til, í kaflanum um atvinnumál í 2. mgr. 22. gr., að niður falli orðin „og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu", en í þessari grein er fjallað um tengsl atvinnuleitar við aðra aðila, sem fjalla um atvinnumál fatlaðra. Heppilegra þykir að í stað Tryggingastofnunar ríkisins og tilvitnunar í reglugerð með stoð í öðrum lögum komi ákvæði um að atvinnuleitin starfi í nánum tengslum við félmrn., vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila. Það er það sem n. bætir við: og aðra hlutaðeigandi aðila.

Félmn. leggur til að 3. mgr. 22. gr. orðist svo:

„Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða, og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Jafnframt skulu svæðisstjórnir í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum."

Hér er ekki um neina veigamikla efnisbreytingu að ræða, og má segja, að það áhersluatriði, sem hér er lögð áhersla á, felist í því að í frv. var kveðið á um að svæðisstjórnir skyldu kanna með viðræðum við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmann hlutaðeigandi stéttarfélags hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða. Í brtt. nefndarinnar er kveðið á um að svæðisstjórnir skuli beita sér fyrir fjölgun starfa fatlaðra á vinnustöðum í samráði við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn stéttarfélaga.

Í 24. gr. er fjallað um ef gengið er á rétt fatlaðs manns við veitingu í starf, en samkv. þessu ákvæði getur svæðisstjórn krafið veitingarvaldshafa um greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitingu ef bersýnilega er gengið á rétt fatlaðs manns við stöðuveitinguna. Lagt er til af hálfu n. að orðið „bersýnilega" falli brott.

Í 1. mgr. 27. gr. er einungis um prentvillu í frv. að ræða, sem er leiðrétt með brtt.

Við 28. gr. gerir n. till. um það ákvæði er snertir kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við rekstur tiltekinna þjónustustofnana fatlaðra. Í stað þess að orða það þannig að sveitarsjóður greiði 15% kostnaðarins, þá komi: sveitarsjóðir greiði 15% kostnaðar. Þetta er sama fyrirkomulag og er nú í lögum um aðstoð við þroskahefta. Er litið þannig á, að öll sveitarfélög í hverju svæðisstjórnarumdæmi taki þátt í kostnaði stofnana óháð því í hvaða sveitarfélagi tiltekin stofnun er staðsett.

Í 4. mgr. 28. gr. er ákvæði um að ríkissjóður greiði alfarið reksturskostnað annarra stofnana, sem kveðið er á um í 7. gr., og ekki er kveðið sérstaklega á um kostnaðarskiptingu í þeirri grein.

Í 28. gr. frv. leggur n. til að við bætist eftirfarandi: nema þar sem um sértekjur er að ræða. — Þetta ákvæði er sett inn því að til að mynda á sambýlum greiða vistmenn hluta af örorkulífeyri til reksturs sambýlis og sama má segja um rekstur stofnana, t. d. á vegum Öryrkjabandalagsins, þar sem vistmenn greiða leigu af bótum sínum og lífeyrisgreiðslum.

Í 34. og 35. gr. er fjallað um Framkvæmdasjóð fatlaðra, hlutverk hans og tekjur. Þar leggur nefndin til að í stað þess að ríkissjóður skuli árlega leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 33 millj. miðað við 1. jan. 1983 komi 55 millj. — Varðandi þessa breytingu er þess fyrst að geta, að þegar félmn. fjallaði um þennan þátt frv. á síðasta þingi lagði nefndin til að 33 millj. rynnu í sjóðinn miðað við 1. jan. 1982, sem síðar fylgdi hækkun byggingarvísitölu. Þegar frv. er lagt fram nú er kveðið á um 33 millj. miðað við 1. jan. 1983 í stað 1982 og því hefur talan ekki verið framreiknuð sem eðlilegt hefði verið, ef taka hefði átt mið af því sem félmn. lagði til á síðasta þingi. Benda má einnig á að Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, sem nú fjármagnar framkvæmdir sem unnið er að samkv. ákvæðum laga um aðstoð við þroskahefta hefur á yfirstandandi ári tæpar 40 millj. kr. Hér er því um óeðlilega lækkun að ræða, ekki síst með tilliti til þess að verkefni Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra eru stórlega aukin með ákvæðum þessa frv. Um það ræddi ég við 1. umr. þessa máls og skal ekki endurtaka hér. Auk þess er langt í frá að sjóðurinn geti fjármagnað, miðað við stöðu hans, þær framkvæmdir sem lögin um aðstoð við þroskahefta kveða á um. Reyndar er svo komið að skuldbindingar hans eru orðnar það miklar að hann getur ekki nema að litlu leyti bætt við sig nýjum verkefnum, a. m. k. næstu tvö árin, miðað við óbreytt fjármagn. Hér er ekki um mikla viðbót að ræða, sem lögð er til, en ef samþykkt verður sýnir hún viðleitni löggjafarvaldsins til þess að hægt sé að byrja að hrinda í framkvæmd að einhverju leyti ákvæðum þessa frv.

Í 39. gr. frv. er kveðið á um að svæðisstjórnir skuli fylgjast með framkvæmd laganna og gera tillögur um úrbætur. Nefndin gerir tillögur um að við bætist að tillögur um úrbætur séu sendar viðkomandi rn., sem hefur með höndum þann málaflokk, sem úrbóta er þörf í.

Í 41. gr. er kveðið á um skyldu svæðisstjórna og stofnana fatlaðra til að senda viðkomandi rn. reikning yfir rekstur eigi síðar en fyrir lok febrúar. Svæðisstjórnir hafa lagt áherslu á að í stað febrúar komi mars og telja sig þurfa þann tíma til að skila inn reikningum og skýrslum yfir veturinn. Félmn. hefur fallist á þessa till. og leggur til að í stað febrúar komi mars.

Í 2. mgr. 41. gr. er einungis um leiðréttingu að ræða, þar sem talað er um sundurliðað kostnaðarálit í stað kostnaðaryfirlits.

Í 43. gr. leggur n. til nýja mgr. svohljóðandi: „Reglugerðir, er snerta framkvæmd 10.—16. gr. og 19. gr. laga þessara, skal senda félmn. Alþingis til umsagnar. — Hér má segja að sé um nýmæli að ræða, að því er ég best veit, í lögum. Í þessum lögum er gert ráð fyrir setningu allmargra reglugerða, sem nefndin telur rétt að félmn. fylgist með og fái sendar til umsagnar.

Í fyrsta lagi er það reglugerð um Greiningarstöð ríkisins, sem umdeild er eins og ég hef hér áður lýst. Í öðru lagi telur nefndin rétt að fá til umsagnar reglugerð um 19. og 10. gr. laganna, enda útgjöld vegna þessara greina mjög óviss, en í reglugerð má kveða á um skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta styrkjar samkv. ákvæðum greinarinnar. Sérstaklega er það 19. gr., sem hægt er að túlka mjög víðtækt, og því ástæða að félmn. sé umsagnaraðili um ákvæði þeirrar greinar.

Í 44. gr. gerir n. tillögur um breytingu á gildistöku-ákvæði greinarinnar, þannig að lögin taki gildi um næstu áramót, enda þurfa sum ákvæði frv. nokkurs undirbúningstíma við, auk þess sem á fjárl. nú er ekki gert ráð fyrir fjármagni vegna framkvæmda þessara laga. Nefndin undanskilur þó ákvæði til bráðabirgða, sem fjallar um Greiningarstöð ríkisins, er nefndin leggur til að öðlist þegar gildi. Annars vegar er um að ræða skipun nefndar til að gera tillögur um framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. laganna og ég hef áður lýst. Hins vegar er um að ræða ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Menntmrn. skal þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi.

Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Verði um kaup að ræða á húsnæði sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sbr. 16. gr. skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmdasjóðs öryrkja, sem fjármagnar stofnkostnað, sbr. 1. lið ákvæðis til bráðabirgða II."

Um það eru allir sammála, að það þolir enga bið að finna húsnæði til bráðabirgða fyrir þá starfsemi sem nú fer fram í Kjarvalshúsi, þ. e. starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar, eins og ég hef hér áður rakið. Bæði er það húsnæði mjög óhentugt til starfseminnar og allt of lítið fyrir þá starfsemi sem nú fer þar fram. Nokkur tími getur liðið þar til lausn finnst á framtíðarfyrirkomulagi Greiningarstöðvarinnar, ekki síst ef ákvörðun verður tekin um byggingu. Í þessu sambandi minni ég á þann tveggja ára biðlista, sem þegar er til staðar, og þau fjölmörgu börn, sem hafa ekki fengið þá nauðsynlegu þjónustu, sem Athugunar- og greiningardeildin veitir, og ég tel það ekki verjandi að lausn finnist ekki á vandamálum þess stóra hóps sem nú bíður eftir að komast í greiningu og meðferð. Auk þess er mér kunnugt um að það starfslið, sem nú vinnur í Athugunar- og greiningardeildinni, er hreinlega að gefast upp á aðstæðum og aðbúnaði í Kjarvalshúsi. Nefndin leggur til að þessi tvö ákvæði til bráðabirgða öðlist þegar í stað gildi.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem n. flytur á þskj. 426. Ég vil þó ekki skilja við þetta mál án þess að geta lauslega um álit fjárlaga- og hagsýslustofnunar á kostnaði við þetta frv., en félmn. leitaði eftir kostnaðarmati fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Það gefur auga leið að mjög erfitt er að gera kostnaðarmat á þessu frv., sérstaklega þar sem ekki er vitað hvað stór hópur það er í raun og veru sem þjónustuúrlausn fær samkv. ákvæðum þessa frv. Minni ég í því sambandi á skilgreiningu frv. í 2. gr. á hvað orðið „fatlaður" merkir, en þar segir:

„Orðið fatlaður í þessum lögum merkir þá sem eru andlega eða líkamlega hamlaðir."

Segir það sig sjálft að ógerningur er að kveða upp úr með hve stór sá hópur er og þá um leið hver verða útgjöldin t. d. samkv. 7. gr., þar sem talað er um stofnanir fyrir fatlaða, hve margir þurfi t. d. á að halda sambýlum, sumardvalarheimilum, meðferðarheimilum, vernduðum vinnustöðum o. s. frv. Fjárlaga- og hagsýslustofnun telur viðbótarkostnað vegna þessa frv., umfram það sem er samkv. gildandi lögum um fatlaða,

rúmar 90 millj. Auk þess bendir fjárlaga- og hagsýslustofnun á ýmis ákvæði frv., sem ógerningur sé að meta hvaða áhrif hafa á útgjöld, þannig að hér er örugglega um töluvert meiri útgjaldaaukningu að ræða. Einnig kemur fram hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun að árleg útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna samþykktar frv. verður að lágmarki 26 millj., vegna aukins reksturs, en þetta er meira en tvöföldun fjárveitingar 1983 til framkvæmdar laga um aðstoð við þroskahefta, en hún er 19.8 millj., segir í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Ég tel að útgjaldaaukningin, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun bendir á, sé síst ofmetin og jafnvel í sumum tilfellum frekar vanmetin, eftir því sem ég hef kynnst þessum málum, og á ég þá sérstaklega við 7. gr. um stofnanir þroskaheftra, þar sem fjárlaga- og hagsýslustofnun telur kostnaðaraukningu vera um 3.3 millj., en ég tel, eins og ég hef áður bent á, að hafi í för með sér miklu meiri útgjaldaaukningu þar sem umtalsverð fjölgun verður á þeim hóp sem mun njóta réttar samkv. þessum lögum frá því sem var samkv. ákvæðum laga um aðstoð við þroskahefta.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt frekar en orðið er. Ég ítreka það, sem ég hef áður sagt, að í þessum brtt. felast þau ákvæði sem hægt var að ná samkomulagi um í n. Ég er sjálf ekki fullkomlega ánægð með ýmis ákvæði frv. og hef gert grein fyrir því í n., en tel þó eftir atvikum að sú samstaða sem náðist í nefndinni sé viðunandi og mun því ekki flytja brtt., þó að ég hefði viljað sjá ýmis ákvæði frv. öðruvísi frá gengin en raun varð á. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi, þó stutt sé til stefnu. Æskilegra hefði verið að þetta mál hefði komið fyrr frá nefndinni, en ég tel mig hafa skýrt nægjanlega hvers vegna tafir urðu á afgreiðslu málsins. Auk þess er um viðamikinn lagabálk að ræða, sem krefst ítarlegrar yfirferðar og umfjöllunar, enda hefur málið fengið mjög ítarlega skoðun í n., bæði á þessu þingi og því síðasta.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram að þrjú mál, þar á meðal þetta, þurfa að mínum dómi nauðsynlega að ná til 3. umr. og út úr hv. Nd., en vegna mjög mikilvægs og áríðandi fundar í Alþb. höfum við aðeins 20 mínútur til umráða.

Ég má til með að biðja hv. þdm., af því að hér er ekki um ágreiningsmál að tefla, að sitja nú sem fastast undir atkvgr. og taka þátt í henni, og ég má ennfremur til með að biðja 21 hv. þdm., og fleiri ef þeir finnast, um að sýna þolinmæði, því að ég þarf nauðsynlega að setja nýjan fund með fjórum málum, sem ég hygg að ættu að geta gengið hratt fram þann veg að það næðist fullnaðarafgreiðsla á þeim í hv. Nd., þ. á m. þessu veigamikla frv. um málefni fatlaðra, sem við göngum til atkvgr. um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 426,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 426,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 426,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 426,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 426,5 (ný 14. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 426,6 samþ. með 22 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 426,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 426,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 426,9 samþ. með 22 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 426,10 samþ. með 22 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
29.—33. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 426,11 samþ. með 22 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
36.—37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 426,12 samþ. með 22 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 426,13 samþ. með 21 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 426,14 samþ. með 23 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 426,15 samþ. með 24 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 426,16 samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Föstudaginn 4. mars, að loknum 51. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 464). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl. og Sjálfstfl. Frv. sama efnis var flutt á 104. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Eins og hv. þdm. er kunnugt var í gær í þessari hv. deild fellt frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þess efnis, að ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum, þá skuli skattstjóri veita viðkomandi skattafslátt.

Við atkvgr. um þetta mál í gær upplýsti heilbr.- og trmrh. að á ríkisstj.-fundi þá um morguninn hefði verið ákveðið að almannatryggingar greiddu 20% tannlækningakostnaðar fyrir alla landsmenn, sem ákveðið yrði með reglugerð með stoð í almannatryggingalögum.

Það frv. sem ég flutti á síðasta þingi var svipaðs efnis að því er varðar hlutdeild í tannlækningakostnaði fyrir alla landsmenn og ríkisstj. hefur nú ákveðið að gera án afskipta löggjafans. Að efni til fjallaði frv. á síðasta þingi um það, að almannatryggingar greiddu 25% kostnaðar við allar tannlækningar aðrar en gullfyllingar, krónu og brýr, en fyrir þær skyldi hlutdeild almannatrygginga verða 20%. Ástæða þess að ég hef ekki fyrr endurflutt þetta frv., en kvaðst þess í stað freista þess að með lögum yrði veittur skattafsláttur vegna tannviðgerða, var að frv. um hlutdeild almannatrygginga í tannlækningum hlaut lítinn hljómgrunn á síðasta þingi, auk þess sem heilbr.- og trmrh. upplýsti þá að önnur leið kæmi til greina en frv. kvað á um, þ. e. að veita skattafslátt vegna mikilla útgjalda við tannlækningar.

Nú hefur heilbr.- og trmrh. breytt um skoðun og sagði í umr. í gær að það væri algerlega óeðlilegt að setja ákvæði af þessu tagi inn í lög um tekju- og eignarskatt. Miklu nær væri að koma með öðrum hætti til móts við þá sem þurfa að leita tannlækningar, þ. e. í gegnum almannatryggingakerfið. Jafnframt sagði heilbr.- og trmrh. orðrétt með leyfi forseta:

„Spurningin í þessu efni hefur jafnan snúist um það, hvort Alþingi væri reiðubúið til þess að stofna til þeirra útgjalda sem ákvæði af þessum toga hefði í för með sér. Samkv. því nál. sem fyrir liggur frá heilbr.- og trn. hv. deildar virðist hv. deild vera reiðubúin til slíks. Með tilliti til þess held ég og hefði talið að eðlilegra væri að nota fjármunina öðruvísi. Af þeim ástæðum var þetta mál tekið fyrir í ríkisstj. í morgun. Þar var ákveðið að heimila mér að breyta reglugerð um greiðslu sjúkrasamlaga í tannlækningakostnaði á þann veg að endurgreiða hinum tryggðu 20% kostnaðar við tannlækningaþjónustu."

Nú er það mín skoðun, að það sé miklu meiri útgjaldaaukning í því fólgin að fara þá leið sem ráðh. upplýsti í gær, þ. e. 20% hlutdeild almannatrygginga í tannlækningakostnaði allra landsmanna, heldur en að fara skattaleiðina, þar sem hvert tilfelli er metið og einungis veittur skattafsláttur þegar um veruleg útgjöld er að ræða. Þegar ráðh. vísar í nál. hv. heilbr.- og trn., sem mælir með samþykkt frv. um skattaafslátt vegna verulegra útgjalda við tannviðgerðir, og þegar ráðh. dregur þá ályktun af því að Alþingi sé reiðubúið til þeirra útgjalda, sem ákvörðun ríkisstj. frá því í gær hefur í för með sér, þá finnst mér hann túlka það nokkuð frjálslega, þar sem ég er sannfærð um að á því er verulegur munur og ekki sambærilegt hvor leiðin hefur meiri útgjöld í för með sér. Auðvitað er margfalt ódýrara fyrir ríkissjóð að fara skattaleiðina.

Einnig er það mín skoðun, að draga verði í efa að ráðh. geti með einfaldri reglugerðarbreytingu farið þá leið sem ákveðin hefur verið af ríkisstj., þar sem í almannatryggingalögum er talað um reglugerðarákvæði, sem heimilar viðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin er í þeirri grein laganna, þ. á m. að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa — ég undirstrika það, að hér er talað um hópa en ekki alla landsmenn — en gert er ráð fyrir í almannatryggingalögum og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirra greina hvernig þátttöku skuli hagað í tannlækningakostnaði viðbótarhópa. Hér er einungis talað um viðbótarhópa, eins og ég segi, og því dreg ég í efa að heilbrmrh. hafi þessa heimild. Ég tel að mjög frjálslega og djarflega hafi verið túlkuð sú reglugerðarheimild sem fyrir hendi er.

Ég hef haft samband við Gunnar Möller lögfræðing, sem á sæti í tryggingaráði og hefur setið þar mjög lengi og er manna kunnugastur almannatryggingalöggjöfinni, og hann telur þetta mjög hæpna lagatúlkun. Þess má líka geta, að hann átti sæti í nefnd sem undirbjó breytingu á almannatryggingalöggjöfinni, sem kvað á um að útgjöld fyrir tiltekna hópa yrðu greidd gegnum almannatryggingarnar, og hann telur þetta mjög hæpna lagalega túlkun. Ég tel því að ákvörðun ríkisstj. í þessu máli sé í alla staði hæpin.

Nú virðist svo vera, sem mig óraði ekki fyrir, að vilji sé fyrir því og hljómgrunnur hér á Alþingi að fara þá leið sem ég lagði til á síðasta þingi og lagði fram frv. um. Því hef ég lagt fram þetta frv., því að ég tel eðlilegt að Alþingi samþykki þá ákvörðun að fara þessa leið, bæði vegna þess að hér er um veruleg útgjöld að ræða og eins að löggjafinn taki af allan vafa um að svo skuli gert, en ekki sé einungis stuðst við reglugerðarákvæði sem frjálslega eru túlkuð af framkvæmdavaldinu og hæpið að hafi stoð í lögum. Í útvarpinu í gærkvöld var haft eftir hæstv. fjmrh. að þessir fjármunir væru til. Þeir yrðu teknir af tekjuafgangi ríkissjóðs og eðlilegt væri að ráðstafa þeim í þessu skyni. Það virðast m. ö. o. vera til peningar til að stofna til þessara útgjalda. Þá er auðvitað eðlilegt að löggjafinn fjalli um þetta mál og samþykki að fara þessa leið, sem mér heyrist að sé mjög víðtæk samstaða um á Alþingi.

Ég vil geta þess, herra forseti, að í því frv. sem ég lagði fram í fyrra og hef ásamt nokkrum öðrum þm. endurflutt nú, er kannske ekki um nákvæmlega sömu leið að ræða eins og ríkisstj. leggur til. Þar er talað um 25% kostnaðar við tannlækningar og 20% við gullfyllingu, krónu- og brúaraðgerðir. Ég tel auðvitað eðlilegt að nefndin fjalli um þetta, og ef hún telur eðlilegt að taka upp óbreytta þessa ákvörðun ríkisstj. og setja inn í lögin, þá get ég auðvitað sætt mig við það.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki lengra síðan en í gær að við vorum að fjalla um mál sem er skylt þessu. Það var auðvitað fellt hér, enda slæmt mál. Ég fagna því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur orðið sömu skoðunar og ég var hér í gær, þegar ég mælti á móti hennar frv., og flutti langa ræðu hér áðan, a. m. k. mörg orð á stuttum tíma, svo stuttum að það þarf alveg sérstakan móttakara til að ná slíkum ræðum, því að þarna hefði maður giskað á að ræða hefði verið flutt á svona 100 km hraða. (Gripið fram í.) Miðað við

klukkustund. Já, ég hef nú ekki tekið eftir því hingað til að hv. þm. Guðrún Helgadóttir gæti ekki farið með býsna mikilli ferð, þegar sá gállinn er á henni, svo að ég tek þetta nú ekki til mín. (Gripið fram í.) Oft farið hátt upp og komið illa niður. En ef menn vilja fara að tala svona hér, eyða dýrmætum tíma rándýrrar stofnunar í að vera að kalla hér á mig og trufla mig á meðan ég er að flytja hér merka ræðu, þá þeir um það. Ég er í ágætu skapi og treysti mér til að svara hér hverjum sem er um þetta mál.

En það merkilega hefur skeð, að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði fyrir svona tannviðgerðamáli í gær og var alveg hneyksluð yfir því að ég hafði sitthvað við það að athuga. — Svo kemur það í ljós núna í þessari ræðu, sem maður náði svona einum og einum punkti úr og m. a. nokkrum af því tagi, að hún var farin að tala á móti málinu sem hún talaði fyrir í gær. Svona geta Alþfl.-menn sveiflast til á stuttum tíma. Er ekki furða þó að landslýður sé orðinn býsna þreyttur á slíkum vingulshætti.

Þetta frv. er auðvitað flutt af einskærri sýndarmennsku, til þess að geta þakkað sér framgang þess að fólk fái endurgreiddan hluta kostnaðar við tannviðgerðir, og engu öðru, því að hæstv. ráðh. er búinn að lýsa því yfir hér úr þessum ræðustóli að tryggingarnar greiði 20% af tannviðgerðarkostnaði. Málið, sem rætt var hérna í gær, var auðvitað allt annars eðlis. Það var þess eðlis, að ef fólk þyrfti að leggja út einhverja umtalsverða fjármuni til tannviðgerða, þá væri heimilt að draga það frá skatti. Umhyggja Alþfl. í þessu máli í gær var fólgin í því að styrkja þá efnuðu, sem borguðu skatta, til þess að greiða sínar tannviðgerðir. En þeir sem höfðu svo lágar tekjur að þeir fengu ekki skatt máttu borga þetta sjálfir án þess að fá nokkra aðstoð til þess. Þannig er nú komið fyrir Alþfl. á Íslandi. Að vísu er Alþfl. minnsti flokkurinn í þessu landi og heldur áfram að vera það sjálfsagt, jafnvel þó að einhverjir frambjóðendur skjótist inn með einn og einn aukaflokk nú um næstu og væntanlegar kosningar.

Herra forseti. Ég nenni satt best að segja ekki að ræða þetta mál efnislega að nokkru ráði. Það er raunar óþarfi að flytja þetta mál því að lausn er fundin og er í sjónmáli. Hæstv. fjmrh. sagði nokkuð í gær — eða kannske í dag við fjölmiðla og það sem hann sagði var mjög ánægjulegt. Hann hafði nefnilega fundið afgang í ríkiskassanum. Þrátt fyrir böl og alheimsstríð er þar einhver lögg eftir, ef miðað er við orð hæstv. fjmrh. Það er svo sannarlega gleðiefni og ekki það vitlausasta sem gert er að ræða þessum milljónum upp í landsmenn. En ég undrast hversu hraður gangur er á þessu máli. Þetta mál er tekið hér fyrir í dag. Það er ekki dagsett. Það er líklega lagt fram í gær. (**Forseti:** Þetta mál var hér á dagskrá í fyrra.) Það vill nú svo til, að þinginu hefur verið slitið á milli. Ef hæstv. deildarforseti hefur ekki tekið eftir því, þá er rétt að hann rifji það upp. Þetta er sem sagt afturganga líka og er það alveg í stíl. En það breytir því ekki að þetta er endurflutt frv. og það er skyndilega komið hér, mál nr. 230, til umr. umsvifalaust. Mér er alveg ómögulegt að skilja hvernig stendur á því að þetta mál fær svo góða fyrirgreiðslu, eins og tíska er að orða hlutina í dag, á sama tíma og jafn gagnmerk löggjöf og brbl. þurfti að vera hér í marga mánuði. (Gripið fram í.) Ég verð nú að segja það, að þegar verið er að fjalla um mál er varða almannatryggingar og þau eru tekin hér til 1. umr., þá fyndist mér, ef þetta frv. á þá ekki að fara í einhverja allt aðra nefnd, eins og frv. sem þessi hv. þm. var að tala fyrir hér í gær. (**Forseti:** Ég má til að trufla hv. ræðumann. Forseti hefur sem mest að vinna við að ná góðu samkomulagi við hv. þdm. Þetta mál er þess eðlis að það hefur verið rætt hér lengi þótt það hafi ekki verið í þessum búningi, sem var gert í fyrra. Ég lofaðist til þess í gær að málið fengi að koma hér til umr. á fundi, sem ég hugðist halda allar götur til kl. 7 en hef nú vegna þrábeiðni Alþb. og þingflokksformanns þess fallist á að stytta, en að sínu leyti liggur mér ekkert á. Ég get ekki séð að menn geti nú, þegar við erum í slíkri tímaþröng, verið að setja sérstaklega út á það, þótt þetta mál nái inn í nefnd. Þetta eru skýringar sem ég sé mig tilneyddan að gefa. En allar ástæðurnar eru þær, að ég er sem mest að reyna að sigla á milli skers og báru í þessu vandasama samkomulagi, sem ég verð að ná til þess að hafa einhvern skapnað á starfsemi þessarar deildar.)

Það væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er skerið eða báran í þessu dæmi, en skiptir engu. Það er bent á að þetta frv. hafi verið rætt hér í fyrra. Ég er búinn að vera í 12 ár í þessari virðulegu stofnun. Þar hefur t. d. verið talað um efnahagsmál á hverju ári og í hverjum mánuði allan þann tíma og engin lausn fundin enn. Það er því vissulega ástæða til að ræða mál þegar þau rísa upp úr gröf sinni svo skyndilega eins og raun ber vitni.

Ég skal ekki eyða of miklum tíma í að ræða þetta. Það er til lítils. Þetta frv. er óþarft og það er flutt í sýndarmennskuskyni, eins og vænta mátti. Ef þm. eru svo gráðugir í að flytja einhver frv. um eitthvað til þess að þykjast elska fólkið í landinu meira en hinir, þá má það fyrir mér. Ég geri það ekki. En ég undrast að menn skuli vera að ræða hér mál eins og þetta við 1. umr. þegar vantar hlutaðeigandi ráðh., meira að segja tvo, því að þetta er mál hæstv. trmrh. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. bað mig að skila því til deildar að hann mundi ekki ansa því þótt um hann yrði beðið á fund hér í dag.) Og ég vil benda á það, að sá ráðh. sem á að borga þetta, hæstv. fjmrh., er hér ekki heldur, enda er mér líka auðvitað alveg sama.

Herra forseti. Ég held að það ætti að gefa fleiri þm. kost á að ræða þetta mál, jafnvel þó það sé flutt í þessu yfirborðsskyni, og legg til að umr. verði frestað en ekki lokið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef orðið vör við það áður að hv. 4. þm. Suðurl. harmar hversu hátt ég fló og hve illa ég kom niður á hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. En ekki ber að ræða það hér úr ræðustól. Ég vil hins vegar lýsa því yfir hér sem formaður heilbr.- og trn. Nd. að ég mun að sjálfsögðu veita þessu máli framgang. Það er fundur í þeirri nefnd á mánudaginn kemur og þar verður þetta mál tekið fyrir. Ég sé enga ástæðu til þess að það fái öðruvísi meðhöndlun en önnur mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 490 (sbr. 134)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég vil benda á það að á undanförnum árum hafa margir aðilar í þessu þjóðfélagi talað um þessi mál sem sín sérmál og að mínu mati sýnt í því mikla sýndarmennsku. Þegar þetta mál er hér til afgreiðslu í Nd. Alþingis, þetta mikla og þýðingarmikla mál fyrir fatlaða, þá láta þeir sem ábyrgð hafa á málinu þau boð út ganga að þeir megi ekki vera að því að sitja þingfundi til þess að veita því brautargengi. Ég óska eftir því við forseta að það verði staðfest í þingskjölum hverjir eru hér viðlátnir til þess að mál þetta náist fram og að fram fari atkvgr. með nafnakalli.

ATKVGR.

Fallið frá nafnakalli að beiðni forseta.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, frv. — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, frv. (þskj. 438). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 57. fundur.

Föstudaginn 4. mars, kl. 4.30 síðdegis.

Varnir gegn mengun frá skipum, frv. (þskj. 484). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipamælingar, frv. (þskj. 386). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 311). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 491).

Vegalög, frv. (þskj. 402). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orkulög, frv. þskj. 382, n. 468). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Hér mun víst um neðrideildarmál að ræða. Iðnn. fjallaði um þetta mál. Smávægilegar breytingar voru gerðar á frv. í Nd. Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt fjallar frv. fyrst og fremst um niðurfellingu aðflutningsgjalda og niðurfellingu söluskatts af borverkum. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því ef jarðborun reynist árangurslaus, að heimilt sé að fella niður endurgreiðslu lána til Orkusjóðs. Þetta eru þær tvær meginbreytingar sem frv. felur í sér. Iðnn. var samstiga í þessu máli og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að ráðh. sé viðstaddur þegar stjfrv. er tekið til 1. umr. í deildinni. Það er nær viðtekin regla að svo sé. Kannske eru undantekningar, en þá er um veigaminni mál að ræða en hér er. Þó þetta mál sé ekki mikið að vöxtum þá fjallar það um efni sem er mikilsvert.

Forseti (Helgi Seljan): Ég tek það fram að ég vil ekki taka þetta dagskrármál fyrir ef aths. eru við það gerðar. Það er óeðlilegt að ráðh. mæli ekki fyrir sínu máli hér. Ég samdi um það varðandi eitt gamalkunnugt mál í hv. þd., almannatryggingar eða sjúkratryggingagjaldið, fyrr í dag. Ég þarf að láta athuga hvort hæstv. ráðh. er í húsinu. Ef svo er ekki verður þetta mál ekki tekið fyrir nema hann birtist. Það er ástæðulaust að doka þar við.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 151, n. 449 og 450, 456). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið til meðferðar það frv. sem hér er á dagskrá, um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ekki hefur orðið samstaða í n. um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson auk mín, leggur fram álit sitt á þskj. 449 og till. um afgreiðslu málsins.

Þetta frv. er allveigamikið að fyrirferð. Hins vegar var það ekki afgreitt til n. fyrr en ég hygg á síðasta degi Alþingis fyrir jólaleyfi. Nefndin gerði þá ráðstafanir þegar í stað til þess að leita umsagnar um frv. og sendi bréf til 14 aðila um það efni. Þrátt fyrir ítrekanir hafa ekki nema fimm af þessum aðilum orðið við óskum n. um að senda umsagnir um frv. Og það vekur athygli að meðal þeirra sem ekki gera slíkt er Húsnæðisstofnun ríkisins, sem þetta mál varðar að sjálfsögðu mest, þar sem hér er um að ræða frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Með tilliti til þessa teljum við í meiri hl. n. að nauðsynlegt hefði verið fyrir n. að hafa lengri tíma til umfjöllunar um frv. Ennfremur er þess að geta að sum atriði frv. eru mikil ágreiningsmál. Meiri hl. n. telur því útilokað að frv. geti fengið nægilega meðferð á þessu þingi sem gert er ráð fyrir að verði rofið innan nokkurra daga. Með tilliti til þessa gerum við í meiri hl. till. á þskj. 449 um rökstudda dagskrá á þá leið að í trausti þess, að frekari endurskoðun verði gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og frv. um það efni lagt fram á næsta reglulegu þingi, taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég vil taka fram að það er álit okkar að ekki þurfi að verða neinn skaði að þeirri töf sem yrði á þeirri afgreiðslu málsins með því að vísa því til næsta reglulegs þings. Það er ekki um slíkt atriði hér að tefla að það þurfi að breyta þeirri afstöðu að afgreiða málið ekki á þessu þingi. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. deildarmenn sjái að það er ábyrg afstaða í þessu máli að afgreiða það á þann hátt sem hin rökstudda dagskrá gerir ráð fyrir. Ég vænti þess því fastlega að sú till. verði samþykkt. En ef svo skyldi fara móti von minni og ætlan að till. yrði felld áskil ég mér rétt til að bera fram brtt. við frv. við 3. umr.

Frsm. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að gera ýmsar leiðréttingar og breytingar á lögum um húsnæðismál og Húsnæðismálastofnun. Frv. hlaut vandlegan undirbúning af hálfu stjórnar stofnunarinnar og þær breytingar sem þar er lagt til að verði leiddar í lög eru byggðar á þeirri reynslu sem fengist hefur af gildandi lögum. Hér er um að ræða ýmiss konar breytingar í þágu þess fólks, sem fyrst og fremst þarf á ódýrum íbúðum að halda, og ýmsar lagfæringar á rekstri húsnæðismálakerfisins til að breikka grundvöll þess og efla þjónustu þess við fólkið í landinu, sérstaklega yngra fólk og efnaminna fólk.

Það hefur komið rækilega fram í umfjöllun n. um málið að undirbúningurinn hefur verið vandaður. Það kann að vera meginskýringin á því að n. hafa ekki borist umsagnir allra þeirra aðila sem hún ritaði á sínum tíma. Tel ég því að aðra ályktun megi draga af þeirri staðreynd en hv. frsm. meiri hl. n., Þorv. Garðar Kristjánsson, dró hér áðan.

Við erum þeirrar skoðunar, sem stöndum að því nál. sem ég mæli hér fyrir, að það væri mjög óráðlegt að láta þessar nauðsynlegu lagfæringar og breytingar á núgildandi lögum bíða þar til síðar á þessu ári. Reynslan hefur sýnt að verði málið ekki afgreitt nú og þurfi að leggja það fyrir nýtt þing næsta haust, getur fjöldi manna orðið að bíða þess í eitt ár eða svo að fá þau réttindi sem í frv. felast.

Nefndinni hafa borist tilmæli frá samtökum stúdenta, frá leigjendasamtökum og ýmsum öðrum aðilum um að afgreiða frv. og utan þings eru fjölmargir sem bíða eftir því að Alþingi samþykki frv. Þess vegna leggjum við til að frv. verði samþykkt en flytjum brtt. við 1. gr., sem er ekki efnisbreyting en eingöngu formbreyting á þeim efnislið sem þar er rakinn. Brtt. er flutt á sérstöku þskj. Þar er tilgreind sú upphæð sem grunnur hækkunar á að miðast við á næstu árum, en í frv. eins og það liggur fyrir nú var fjallað um þetta almennum orðum án þess að nefna upphæðir.

Herra forseti. Við leggjum til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ræða hv. 11. þm. Reykv. gæti gefið mér ærið tilefni til þess að fara að ræða húsnæðismálin almennt og frammistöðu hæstv. ríkisstj. og sér í lagi flokksbróður hv. 11. þm. Reykv., hæstv. félmrh., í þessum málum. Frammistaða sú er með endemum.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði að það væru ýmsar leiðréttingar gerðar á löggjöfinni um Húsnæðisstofnun ríkisins með þessu frv. Ég get fallist á að það megi finna dæmi þess að svo sé gert. En ég hygg að sú skoðun standist, sem ég lét í ljós hér í mínum orðum áðan, að það skaðar ekki þau mál þó að frv. bíði til næsta þings þar sem löggjöfin sé tekin til endurskoðunar á miklu gagngerðari hátt en hér er gert ráð fyrir og jákvæðari.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði að það hefði verið vandlegur undirbúningur að þessu frv. Ég hef enga tilhneigingu til að gera lítið úr þeim undirbúningi sem kann að hafa farið fram að þessu frv. og hef aldrei látið þess getið að sá undirbúningur hafi ekki verið vandlega gerður.

Hv. þm. sagði að breytingarnar í frv. væru í þágu þess fólks sem þarf á ódýrum íbúðum að halda. Ég held að þetta sé ekki rétt lýsing á þessu frv. þegar haft er í huga að meginatriðið fyrir hið fátæka fólk, sem þarf á húsnæði að halda, er að Byggingarsjóður ríkisins sé fjármagnaður þannig, að hann sé þess megnugur að veita þau lán sem nægja almenningi í landinu til að koma sér upp þaki yfir höfuðið með þeim kjörum sem fólkið getur staðið undir af almennum launatekjum.

Það er síður en svo nokkuð gert til að bæta úr því hörmulega ástandi sem hefur skapast í þessum málum frá því að núv. hæstv. ríkisstj. svipti Byggingarsjóð ríkisins þeim tekjustofni sem honum er ætlaður samkv. lögum, 2% launaskatti.

Af því að verið er að tala um breytingar í þágu þess fólks sem þarf á ódýrum íbúðum að halda verður huganum reikað að Byggingarsjóði verkamanna. Ekkert er gert til þess að breyta þeirri firru sem stendur í lögum núna og þýðir að ríkissjóður getur ekki eða á ekki samkv. bókstaf laganna að fjármagna nema 30% af byggingarkostnaði verkamannabústaða. Það mál eitt út af fyrir sig er hneykslunarhella og ætti að vera svo fyrir þá sem eru stöðugt með á vörunum að þeir vilji gæta hags fátæka fólksins í landinu og þeirra sem þurfa á ódýrum íbúðum að halda. Þetta frv. fjallar ekki um neina bót í þessu efni.

Skal ég ekki ræða þetta frekar, en aðeins víkja einu orði að þeirri frumlegu skýringu hv. 11. þm. Reykv. að hv. félmn. hefðu ekki borist umsagnir um frv. vegna þess að það hefði verið svo vandlegur undirbúningur að því. Ég hygg nú að flestir þeirra níu, sem ekki hafa sent umsagnir um frv. en voru beðnir um það, viti harla lítið um undirbúninginn að þessu frv. nema einn aðili, Húsnæðisstofnun ríkisins að sjálfsögðu. En þó að Húsnæðisstofnun ríkisins sé vel kunnugt um undirbúning að þessu máli þá lýsir það ekki miklum áhuga fyrir framgöngu þess að Húsnæðisstofnun ríkisins skuli ekki hafa sent umsögn eða sýnt nokkurn lit á því að tjá sig um frv.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði að stúdentar og leigjendasamtök hefðu komið á framfæri óskum um breytingar á húsnæðislöggjöfinni eins og hún er núna og vilji fá þau sjónarmið sín viðurkennd í frv. því sem hér er til umr. Þetta er alveg rétt. En það hefur fyrst og fremst borið á óánægju þessara aðila með ákvæði frv. sem snerta þá sjálfa. Hv. 11. þm. Reykv. hristir höfuðið þegar ég segi þetta. Það breytir ekki neinu um þetta efni því þessir aðilar hafa tjáð mér skoðanir sínar á þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 483 (sbr. 241)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að mæla hér fyrir stjfrv. til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum. Þetta mál var upphaflega flutt í hv. Nd. og hefur verið afgreitt þaðan hingað til hv. Ed. Um frv. var, eins og lög gera ráð fyrir, fjallað í menntmn. Nd. og þeir nm., sem á fundi voru þegar málið var til lokaafgreiðslu þar, rituðu þar undir nál. Fjórir nm. lögðu þar til að frv. yrði samþykkt óbreytt. Síðan urðu við 2. umr. nokkrar umræður um þetta mál, sem leiddu til þess að fram kom brtt. við 3. umr., sem flutt var af hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og Pétri Sigurðssyni við 5. gr. frv., sem varðar gildistökuákvæði frv. Það segir í 5. gr. upphaflega: „Lög þessi öðlast þegar gildi." Var frv. samþykkt hingað til þessarar hv. deildar með þeirri breytingu að 5. gr. hljóðar þannig nú: „Lög þessi öðlast þegar gildi og gildi til ársloka 1987." Þannig er settur þarna sérstakur frestur um hversu lengi lögin skuli gilda, en að öðru leyti voru lögin samþykkt óbreytt efnislega eins og þau voru lögð fram.

Þetta lagafrv. er, eins og menn sjá, ekki langt. Það er ekki margar lagagreinar. Þær eru aðeins fimm. Kjarninn í þessu frv. er í 1. gr., þar sem lagt er bann við því að framleiða í landinu eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir, sbr. 2. mgr. Síðar kemur, í 2. mgr. 1. gr., fram skýrgreining á því hvað „ofbeldiskvikmynd" merkir. Þar segir að „ofbeldiskvikmynd" merki kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Síðan heldur áfram í sambandi við skilgreininguna:

„Bannið tekur ekki til kvikmynda, þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda, sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966. Ef ástæða þykir til er skoðunarmönnum þó heimilt að meta að nýju sýningarhæfni kvikmynda, sem áður hafa verið metnar."

Síðan segir í 3. mgr. og er það eins konar hluti af skilgreiningunni:

„„Kvikmynd" merkir í lögum þessum myndefni af hvaða tæknibúnaði sem er, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum."

Í rauninni er kjarni málsins í þessari grein, 1. gr., og það sem felst í greininni er það, að það er altækt bann við framleiðslu á slíkum ofbeldiskvikmyndum og öllum viðskiptum í sambandi við slíkar myndir og eignarhald á ofbeldiskvikmyndum. Umræður í hv. Nd. urðu að sjálfsögðu mjög miklar um þetta atriði, um skilgreininguna, og það, hvort auðvelt sé að skilgreina ofbeldiskvikmynd. Mér virtist reyndar að menn yrðu að lokum nokkuð sammála um að það mundi vera hægt og að ekki væri hætta á því að nein oftúlkun yrði í þessu efni og menn skildu yfirleitt hvað við er átt, að ofbeldiskvikmynd er það þegar sérstaklega er sóst eftir því að sýna viðurstyggilegar kvikmyndir, sem eru með misþyrmingum á mönnum og dýrum og drápsaðferðum sem teljast hrottalegar. Hins vegar er strax í þessari skilgreiningu reynt að koma í veg fyrir að menn líti svo á, að allar myndir þar sem ofbeldi komi fram þurfi endilega að vera af hinu illa. Þar er m. a. vísað til listræns gildis myndarinnar. Þetta er auðvitað þungamiðjan í þessu og kannske það sem er mest vandmeðfarið. En ég held sem sagt að það eigi ekki að þurfa að vefjast mjög fyrir mönnum hvað hér er átt við, þegar til kastanna kemur, og ég segi það, að eftir umr. í Nd. virtist það ekki vera vandamál hjá mönnum hvernig skilja bæri þetta, hvernig skilja bæri á milli ofbeldiskvikmyndar í merkingu þessa frv. og svo annarra kvikmynda, jafnvel þó að þær kunni að fjalla um ofbeldi eða sýna ofbeldi.

Að sjálfsögðu átta menn sig á því, að ýmsar tækninýjungar verða til þess að frv. af þessu tagi verður til. Ég vil taka það fram, sem ég hef fyrir mína parta lagt á mjög ríka áherslu, að ég tel að það sé á ýmsan hátt hættubraut sem farið er út á þegar tekin er upp ritskoðun eða sensúr í lýðfrjálsu landi. Á þetta vil ég

leggja mikla áherslu og ég hef lagt á það mikla áherslu að fara varlega með vald af þessu tagi. Menn verða að vita hvað þeir eru að gera. Þannig verður að skilgreina þetta allt mjög þröngt og af mikilli gætni.

Hér má alls ekki líta svo á að það sé verið að taka upp almenna ritskoðun, það er síður en svo. Það er auðvitað hægt að setja sig í þær stellingar að vera algerlega á móti allri ritskoðun eða t. d. eftirliti með kvikmyndum, en ég held að það sé nokkuð erfitt að ætla sér það á þessari stundu vegna þess að við höfum haft kvikmyndaeftirlit í landinu afar lengi, ég skal nú ekki fullyrða hversu lengi, en a. m. k. frá því að víðtæk lög um barnavernd voru hér sett fyrir 35 árum eða svo. Líklega er kvikmyndaeftirlitið eldra þó ég hafi ekki kannað það nákvæmlega. Þannig er í sjálfu sér ekki nýtt að það hafi verið af löggjafans hálfu talið eðlilegt að hafa vit fyrir mönnum í þessu efni. Við skulum gæta þess að þegar út í svona er farið, ritskoðun af þessu tagi eða kvikmyndaeftirlit, er slíkt auðvitað ekki gert í þeim leiða tilgangi einræðisherranna að stöðva eitthvað sem ekki má sjást, heldur er þetta beinlínis gert í varnarskyni við okkar æsku, við börnin og æskufólkið. Það er einmitt á þeim grundvelli sem þetta hefur verið viðurkennt og reyndar þrautrætt mál. Við höfum haft kvikmyndaeftirlit mjög lengi og það hefur starfað núna á þeim lagagrundvelli sem er að finna í lögunum um barnavernd, sem eru nú að vísu frá 1966, en eiga sér eldri sögu.

Það þýðir að við höfum haft sensúr á kvikmyndum alllengi. Þarf því ekki að koma mönnum neitt á óvart þó að það sé enn sú hugmynd uppi að slíku þurfi að beita. En það sem gerist í sambandi við barnaverndarlögin nú er það, að kvikmyndaeftirlitsmennirnir eða skoðunarmenn kvikmynda hafa í rauninni takmarkað vald, takmarkað verksvið, og verksvið þeirra takmarkast fyrst og fremst við að skoða það sem við köllum almennt bíómyndir og sýna á í almennum kvikmyndahúsum og nær til þess að banna myndir börnum eða unglingum undir 16 ára aldri. Verksvið þeirra er þannig mikið þrengt. Sjónvarpið sem slíkt hefur ekki heldur verið háð kvikmyndaskoðun, heldur hefur það sjálft annast sínar skoðanir eða ákveðið hvað sýningarhæft telst fyrir almenning í sjónvarpi. Veit ég ekki annað en það hafi verið fullkomlega eðlileg framkvæmd á því og ekki heyrt mikla gagnrýni hvað það varðar.

En það sem hefur náttúrlega verið að gerast hér undanfarin ár er að tæknin er að gerbreytast. Það er hægt að koma kvikmyndaefni núna á svo auðveldan hátt inn á heimilin að það er ekki meiri vandi en að kaupa bók eða blað að eignast myndefni, og menn eiga tiltölulega einfaldan tæknibúnað á heimilum sínum til að sýna þetta, þannig að það er ekki lengur nauðsyn fyrir fólk að fara annaðhvort í kvikmyndahús og sjá þar myndir ellegar þá að horfa á það í sjónvarpi eftir venjulegum reglum, heldur er það nú möguleiki fyrir fólk að hafa nánast að segja sitt eigið kvikmyndahús, safna að sér kvikmyndaefni á viðráðanlegum og meðfærilegum spólum og sýna þetta heima. Það er þetta sem gerir það að verkum að flætt hafa yfir löndin spólur með myndefni sem er áreiðanlega mjög misjafnt að gæðum og beinlínis skaðlegt fyrir ungt fólk á að horfa og jafnvel eldra fólk líka, en þetta myndefni hefur verið algerlega eftirlitslaust.

Þetta hefur verið áhyggjuefni víða um lönd og þetta mál hefur verið einmitt til umræðu núna alveg síðustu árin, bæði í fyrra og hitteðfyrra, hér á Norðurlöndum, og sums staðar á Norðurlöndum er það reyndar enn til umræðu, eins og Finnlandi þar sem ég hygg að þetta sé til meðferðar á þessum vetri. Af þessu leiðir það, að við höfum verið að hugleiða þessi mál hér á Íslandi. Að sjálfsögðu hefur það komið í minn hlut sem menntmrh. að fjalla um þetta málefni sérstaklega. Þetta frv. er árangur af ýmsum fundum og álitsgerðum sem orðið hafa til í vinnu á vegum menntmrn. um þetta efni, og hér liggur þetta frv. fyrir. Sú niðurstaða varð að flytja frv. sem felur í sér bann á ofbeldiskvikmyndum, þ. e. algert bann á þeim. Það má segja að kannske sé hægt að fara aðra leið til að hefta þetta og tempra notkun og dreifingu þessara mynda, en þessi leið er valin. Hv. Nd. féllst á þessa leið í prinsippinu og því er það að þetta mál er nú komið hingað til hv. Ed. til meðferðar.

Herra forseti. Það er óneitanlega hægt að tala mjög lengi og ítarlega um þetta mál. Ég veit ekki hvort ég geri það þó á þessu stigi. Ég vænti þess hins vegar að hv. Ed. taki þetta mál til umfjöllunar og það skjótrar umfjöllunar að málið fái meðferð í n. eins og lög gera ráð fyrir. Jafnframt er það ósk mín, herra forseti, að n. geti starfað nokkuð hratt. Ég vil og leyfa mér að fara fram á að þessi hv. deild fjalli svo hratt um þetta mál, þótt stutt sé til þingloka, að frv. geti orðið að lögum áður en að þingi lýkur. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, herra forseti, en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. þegar þessari umr. lýkur og að hv. menntmn. fjalli síðan um málið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mér þykir vænt um að hæstv. menntmrh. skuli hafa gert sér grein fyrir því að hér á landi hefur á undanförnum árum átt sér stað bylting, og sú bylting er tilkoma myndsegulbandstækjanna. Hins vegar hefur hann og hans ráðuneyti vaknað nokkuð seint í þessum efnum, en frv. það sem hér um ræðir, bann við ofbeldiskvikmyndum, hefði vissulega mátt vera nokkuð fyrr fram komið. Nokkru áður en þetta stjfrv. kom fram hafði ég lagt fram hér frv. til breytinga á lögum um vernd barna og ungmenna, sem hnígur mjög í sömu átt, en gengur að vísu ekki alveg eins langt.

Ég get sagt að ég er út af fyrir sig ekki ósamþykkur því að slíku banni verði komið á, sem hér um ræðir, vegna þess að margar af þeim myndum, sem hér um ræðir, eiga hreinlega ekkert erindi til fólks vegna þess að þar er um hreint rusl að ræða. Hins vegar brá mér svolítið þegar hæstv. ráðh. talaði um að ofbeldi þyrfti ekki endilega að vera af hinu illa. Ég þekki ekkert ofbeldi sem er af hinu góða, og ég held að slíks séu bara hreint engin dæmi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, heldur aðeins mælast til þess við þá n., sem fær þetta mál til athugunar, að hún fjalli um þetta frv. og frv. til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna samtímis, vegna þess að þessi mál eru skyld og þegar er búið að vísa því frv. til n.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni, herra forseti.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir það, með hvaða hætti hann hefur staðið að samningu þessa frv., sem hér um ræðir, og einnig fyrir að hafa ýtt á eftir því að frv. þetta geti orðið

að lögum nú á þessu þingi, svo skammt sem eftir lifir af því.

Ég þarf aðeins að biðja hann skýringar á breytingunni sem samþykkt var á 5. gr., sem hann minnist lauslega á í framsöguræðu sinni, þar sem segir að lög þessi skuli gilda til ársloka 1987. Mér finnst alveg nauðsynlegt að við fáum að vita hérna í deildinni hvernig þessi brtt. er hugsuð og grunduð, hvort það sé eindregið álit þeirra hv. Nd.-manna að Íslendingar skuli fá að horfa á viðbjóðslegar ofbeldis- og klámmyndir á nýársnótt 1988 og þaðan í frá. Hvernig er þessi hugsun grunduð? Ef ekki eru rök fyrir þessari breytingu, aðeins tiktúruskapur og hégiljuháttur, mun ég nú leggja til að þessi brtt. verði felld í Ed.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem töluðu um þetta mál hér. Ég held að við séum allir sammála um það í megindráttum að þetta er málefni sem þarf að snúast við.

Ég skal ekki þrátta við hv. þm. Eið Guðnason um það, hvort fyrr eða síðar hefur verið brugðist við þessu af minni hálfu, en frv. liggur a. m. k. hér fyrir og má vel segja sem svo, að það hefði mátt vera fyrr á ferðinni, og skal ég ekkert rengja hann um það.

Þá gat hv. þm. þess, að ég hefði tekið svo til orða að ekki þyrfti allt ofbeldi að vera af hinu illa. Hv. þm. má ekki leggja allt of mikið í þessi orð. Það sem ég á við er að sjálfsögðu það, að við komumst ekki hjá því einhvern tíma að fjalla um ofbeldi í kvikmyndum eða bókmenntum eða á annan hátt. Ég held að það sé ekki mögulegt að stefna að því að hafa algera dauðhreinsun á myndefni hvað þetta varðar og við verðum að gera þarna nokkurn greinarmun á því, í hvaða tilgangi, hvert sé mótívið fyrir því að fjallað er um ofbeldi í kvikmyndum. Það er nú þetta sem ég á við, en ég held að það hljóti almennt að verða öllum ljóst að ég sem ráðh. og sem persóna hef áhuga á að það verði lagt bann við ofbeldiskvikmyndum því annars hefði ég ekki flutt þetta mál og ekki flutt þær ræður sem ég hef flutt fyrir efni þessa frv.

En svo ég snúi mér aftur að hv. þm. Stefáni Jónssyni, þá gerir hann þarna athugasemd við þá breytingu sem gerð var í Nd. Það er kannske að fara í geitarhús að leita ullar að biðja mig um skýringar á þessu, vegna þess að í fyrsta lagi var ég ekki tillögumaður að þessu og talaði gegn þessu, en var auðvitað ofurliði borinn í þessu máli, því miður, af minni ágætu Nd. En eins og fram kom í máli tillögumanna heitir þetta, að láta lög gilda til ákveðins tíma, „sólarlagsaðferðin". Felst í því að lög skuli gilda í ákveðinn tíma og séu þá tekin til endurskoðunar. Þetta er eins konar biðtími. (**EG:** Þá þarf ráðh. að breyta nafni laganna og láta þau heita um „tímabundið bann".) Já, ekki skal ég þrátta um hvort svo sé. Það má ræða um það í n. hvort ástæða sé til þess, enda er hér um að ræða bann við ofbeldiskvikmyndum, hvort sem það telst nú tímabundið eða ekki. (Gripið fram í.) En skýringin er eingöngu þessi, að tillögumennirnir töldu að hér væri um að ræða mál sem vissulega væri mikilsvert, en þó væri nauðsynlegt að endurskoða það fljótlega. Þess vegna var þessu ákvæði bætt inn í. Ég held að þetta skaði ekki málið mjög mikið í sjálfu sér. Efnislega heldur það sér, og þetta er þó fimm ára gildistími eða svo. Þess vegna vona ég að hv. Ed. taki þetta til athugunar og greiði fyrir því að frv. verði að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 58. fundur.

Mánudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Orkulög, frv. (þskj. 382). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 505).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 151, n. 449 og 450, 456). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 449 felld með 9:7 atkv.
Brtt. 456 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2.—44. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 210, n. 399 og 433, 432). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 432, 1 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
8.—9. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 432,2 samþ. með 10:1 atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 383, n. 471). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sjútvn. Ed. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

Nefndin hefur rætt frv. og varð sammála um að leggja til við þessa ágætu deild að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Geir Gunnarsson og Karl Steinar Guðnason.

Alþt. 1982. B. (105. löggjafarþing).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 438). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og komið er óbreytt frá hv. Nd., er flutt að beiðni stjórnar sjómannadagsráðs og happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og er efni þess að framlengja heimild þessara aðila til rekstrar happdrættis um 10 ár eða til ársloka 1994.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna var komið á fót með lögum á árinu 1954. Gilti sú heimild í 10 ár, en hefur tvívegis verið framlengd um 10 ár í senn, síðast til ársloka 1984. Vegna framtíðaráætlana er nú sótt um framlengingu um 10 ár þótt enn sé rúmt ár eftir af heimildinni.

Ágóði af happdrættinu rennur lögum samkv. í Byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt er stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna þó að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Ég tel eigi þörf á að rekja hér framkvæmdir þær sem unnið hefur verið að fyrir fé happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Hv. alþm. eru þær kunnar, byggingarnar að Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði. Að Hrafnistu í Reykjavík dvelja nú 380 manns á vistdeild, hjúkrunardeild, sjúkradeild og hjónagörðum. Á Hrafnistu í Hafnarfirði eru 188 manns í almennri deild og í hjúkrunardeild. Á báðum stöðum er fjöldi manna á biðlistum. Enn er ólokið ýmsum framkvæmdum við Hrafnistu í Hafnarfirði, svo sem við aðstöðu til endurhæfingar, sundlaug, lóð o. fl. Þar eru og fyrirhugaðar byggingar smáhúsa með litlum íbúðum sem byggðar verða í samvinnu við ýmsa aðila, verkalýðsfélög, góðgerðarfélög og sveitarfélög. Einnig er þar fyrirhuguð þriðja stóra byggingin, ætluð fyrir almenna vist og aldraða með geðræn vandamál.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja hér frekar fyrirætlanir sjómannadagsráðs. Allar eru þessar fyrirætlanir byggðar á því að samtökin njóti áfram þess stuðnings sem leiðir af rekstri happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Vegna undirbúnings framkvæmda og fjárskuldbindinga er stjórn dvalarheimilisins brýnt að fá afgreiðslu á þessu erindi og vænti ég þess að unnt verði að afgreiða frv. þetta nú á þinginu þótt liðið sé mjög á þingtímann.

Ég tek fram að stjórnendur sjómannadagsráðs og happdrættisins hafa látið rn. í té nokkru gleggri grg. en ég hef hér rakið. Er hún að sjálfsögðu til reiðu fyrir þá n. sem fær málið til meðferðar. Þá er sjómannadagsráð án efa reiðubúið að láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 490 (sbr. 134)). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. um málefni fatlaðra, sem ég mæli hér fyrir, á sér alllangan aðdraganda. Það má segja að með atkv. sínu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1976 hafi Ísland ákveðið að helga eitt ár málefnum fatlaðra. Það var árið 1981 sem kallað var Alþjóðlegt ár fatlaðra.

Við undirbúning þess árs var ákveðið í ríkisstj. á árinu 1980 að undirbúa m. a. frv. til laga um heildarlöggjöf um málefni fatlaðra. Það frv. var unnið af nefnd sem kölluð var Alfanefnd og var skipulögð í sept. 1980. Starfaði hún undir forustu Margrétar Margeirsdóttur deildarstjóra í félmrn., en auk hennar sátu í Alfanefndinni fulltrúar frá ýmsum samtökum fatlaðra, Sambandi ísl. sveitarfélaga svo og frá rn., þ. á m. menntmrn.

Þetta mál fékk síðan rækilega meðferð í ríkisstj. og var lagt fyrir þing á s. l. vetri 1982. Félmn. Nd. fékk málið til meðferðar og skilaði áliti í apríl 1982 og lagði til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á frv. Frv. náði ekki fram að ganga á þinginu 1981—1982 og var því endurflutt á þessu þingi með þeim breytingum sem félmn. Nd. hafði gert á frv. á árinu 1982. Málið hefur síðan verið til meðferðar í hv. félmn. Nd. Hefur hún farið rækilega yfir málið og kallað fyrir sig fjölmarga aðila, leitað umsagnar og ábendinga. Málið hefur einnig verið rætt talsvert innan þingflokkanna hér á hv. Alþingi og fór svo að félmn. Nd. skilaði ekki aðeins frá sér almennu nál., heldur einnig allmörgum brtt. við hinar ýmsu greinar frv. og birtast þær á þskj. 490.

Meginþáttur breytinganna fjallar um svokallaða Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og hvert hlutverk hún eigi að hafa. Það eru allmiklar breytingar frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir um greiningarstöðina sem þar er gerð tillaga um. Þeim fylgir svo ákvæði nr. II til brb. þar sem gert er ráð fyrir að félmrh. eigi í framhaldi af samþykkt þessa frv. að skipa fimm manna nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntmrh. skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni í Kjarvalshúsi, heilbrrh. einn fulltrúa frá nýburadeild Landsspítalans, félmrh. einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna — sameiginlegri tillögu væntanlega. Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna svo einn fulltrúa hvort í nefndina. Þegar tillögur þessarar nefndar liggja fyrir er gert ráð fyrir að þær verði lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar.

Ég lít svo á, að til þess að leggja mál fyrir Alþingi til staðfestingar séu tveir eða þrír möguleikar uppi. Sá fyrsti er auðvitað að gera það í frv.-formi, sem ég teldi óþarft í þessu tilviki. Annar möguleikinn er sá að gera það í formi þáltill., sem lögð yrði fyrir Alþingi og óskað eftir því að Alþingi segði álit sitt á efni till. Þriðji möguleikinn er sá, að afgreiðsla og afstaða fjvn. og hv. Alþingis við afgreiðslu fjárlaga dugi í þessu efni. Ég teldi að rétt væri að hafa í þessum efnum uppi síðasta kostinn, þ. e. að hér yrði afstaða við afgreiðslu fjárlaga látin nægja, og mun ég halda mig við þann skilning, nema að aðrar ábendingar komi fram frá hv. félmn. Ed. þegar hún fjallar um þetta mál.

Í ákvæði II til bráðabirgða segir að menntmrn. eigi þegar í stað að gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðisins skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Þarna er gert ráð fyrir að með lögum væri þetta mál tekið út úr verksviði stjórnarnefndar málefna fatlaðra. Verði um kaup að ræða á húsnæði sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmdasjóðs öryrkja, sem fjármagnar stofnkostnað, sbr. 1. lið ákvæðis til bráðabirgða II. Um þetta er í sjálfu sér gott eitt að segja. Greiningarstarfsemin býr við mikil þrengsli eins og sakir standa og er nauðsynlegt að bæta þar úr.

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir byggir á því að gerð er tillaga um að samræma nokkur lög sem snerta málefni fatlaðra og þroskaheftra. Þar er þá fyrst um að ræða lögin nr. 27/1970, um endurhæfingu og endurhæfingarráð, og 2. og 3. gr. laga nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. Með þessu frv., ef samþykkt verður, er sem sagt gert ráð fyrir að starfsemi endurhæfingarráðs í núverandi mynd falli niður, en stjórnarnefnd um málefni fatlaðra yfirtaki það starf, eins og segir í 3. gr. frv. Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að inn í það og inn í lögin um málefni fatlaðra verði tekin öll ákvæði laganna frá 1979 um aðstoð við þroskahefta og að þar með sameinist í eitt endurhæfingarstarfsemin annars vegar fyrir fatlaða og aðstoð við þroskahefta hins vegar.

Í frv. er einn kafli um markmið og stjórn, þar sem gerð er grein fyrir svæðisskiptingu í þessu efni. Í II. kafla er fjallað um þjónustu og stofnanir fyrir þroskahefta og fatlaða. Í III. kafla er rætt um tilkynningarskyldu, þ. e. ef í ljós kemur að ætla megi að barn sé fatlað eigi viðkomandi aðili að tilkynna það foreldrum eða viðkomandi stofnunum vegna hugsanlegrar greiningar eða frumgreiningar. Í IV. kafla er svo fjallað um greiningarstöðina og á honum er kannske aðalbreytingin gerð frá því sem var í upphaflegu frv. Í V. kafla er fjallað um hæfingu og endurhæfingu. Er þar um að ræða þau ákvæði sem sótt eru einna helst í endurhæfingarlögin. Í VI. kafla er fjallað um húsnæðis- og atvinnumál fatlaðra. Þar er m. a. gert ráð fyrir að atvinnuleit fyrir fatlaða verði starfrækt í tengslum við vinnumálaskrifstofur. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að lögin um vinnumiðlun eru nú í sérstakri endurskoðun með tilliti til aðildar Íslands að norræna vinnumarkaðnum. Í VII. kafla er svo fjallað um kynningu á málefnum fatlaðra hvernig henni eigi að haga. Þar segir t. d.: „Að ákvörðun menntmrn. skal tileinka einn dag á ári kynningu á málefnum fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins.“ Í VIII. kafla er svo fjallað um rekstur og kostnað. Þar er gert ráð fyrir algerlega óbreyttri kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá því sem nú er. Við treystum okkur ekki til þess að gera tillögu um breytingar í því efni við þessar aðstæður og í þessu frv. Þess vegna eru tillögur hér um algerlega óbreytta kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Í IX. kafla er fjallað um Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem gert er ráð fyrir að heiti svo, og hann yfirtaki Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja, sbr. lög nr. 47/1979, og hann yfirtaki einnig það fé úr Erfðafjársjóði sem fer til framkvæmda í þágu fatlaðra. Í brtt. er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi til árlega á næstu fimm

árum jafnviröi 55 millj. kr. miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.

Ég vek athygli hv. Ed. á því að mér sýnist að ákvæði II til bráðabirgða eins og það kemur frá Nd. sé rangt orðað. Þar er greinilega gert ráð fyrir að sjóðurinn haldi sama nafni áfram, en hann á að heita Framkvæmdasjóður fatlaðra en ekki Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra áfram eins og í brtt. Nd. er gert ráð fyrir. Þetta er væntanlega ritvilla úr Nd. og sjálfsagt einfalt að leiðrétta það.

Herra forseti. Það er engin launung á því að þetta mál er eitt þeirra málefna sem ríkisstj. hefur sett á þann lista yfir mál sem hún óskar eftir að fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Þó að skammt sé eftir þings óskum við eindregið eftir því. Málið hefur fengið mjög rækilega meðferð hér á hv. Alþingi. Það hefur verið í félmn. Nd. lengi. Og ég veit að hv. þm. hafa gert sér grein fyrir því að fjöldi samtaka fatlaðra og samtaka aðstandenda fatlaðra hefur látið frá sér fara mjög eindregnar ábendingar og ályktanir um að Alþingi ljúki þessu máli. Ég heiti á hv. félmn. Ed., svo og deildina alla, að reyna að sjá um að svo verði.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, frv. (þskj. 493 (sbr. 178)). — 1. umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er um sérstætt mál að ræða, a. m. k. eins og það kemur nú til þessarar hv. deildar.

Frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi er Nd.-mál. Flm. þess þar eru hv. þm. Alexander Stefánsson, Jósef H. Þorgeirsson, Skúli Alexandersson og hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson, sem sagt allir þm. Vesturlandskjördæmis sem sæti eiga í Nd. Þegar þetta frv. var lagt fram hljóðaði 2. gr. þess, með leyfi forseta, svo sem hér segir:

„Stofnsett skal sérstakt bæjarfógetaembætti í kaupstaðnum."

Í meðförum Nd. varð hins vegar sú breyting á, að samþykkt var brtt. frá félmn. hv. Nd. á þá lund að 2. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins."

Nú hefði maður haldið að frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, þar sem hæstv. dómsmrh. er einn flm., hefði nokkra möguleika til þess að komast nokkurn veginn óbrenglað í gegnum þá hv. deild sem hér átti hlut að máli. Svo hefur þó ekki orðið í þessu tilviki. Ég finn mig mjög knúinn til við 1. umr. þessa máls í Ed. að fara um það nokkrum orðum og greina frá því, að ég mun við 2. umr. málsins, verði ekki sú niðurstaðan í n. að breyta frv. í upphaflegt form, flytja brtt. við 2. gr. frv. þannig að hún verði orðuð eins og upphaflega var kveðið á um í frv. þegar það var lagt fram.

Um mörg undanfarin ár, mjög lengi, hefur verið ríkjandi óánægja í Ólafsvík með þá þjónustu sem íbúar staðarins hafa notið frá embætti sýslumannsins í Stykkishólmi. Þangað hafa komið starfsmenn þess ágæta embættis öðru hverju til þess að inna af höndum þá þjónustu sem íbúarnir þurfa að sækja til sýslumannsembættisins einu sinni til tvisvar í viku, kannske á stundum oftar. Í 1200 manna byggð þurfa menn auðvitað mikið á þessari þjónustu að halda vegna margvíslegra löggerninga og greiðslna opinberra gjalda og þess háttar og það er óhagræði — og það er meira en óhagræði, það er erfitt og oft og tíðum næstum úitlokað — að komast þarna á milli á vetrum þegar færð er slæm. Þeir sem búa úti á Hellissandi t. d. þurfa að fara fyrir Enni og Búlandshöfða, þeir sem búa í Ólafsvík þurfa að fara langan veg inn í Stykkishólm.

Ég geri ráð fyrir að menn hafi það á móti stofnun bæjarfógetaembættis í kaupstaðnum að því fylgi verulegur kostnaður. Sjálfsagt fylgir því einhver kostnaður, ekki skal ég úr því draga, en það er hins vegar ólíku saman að jafna, Ólafsvík eða þeim stöðum sem síðast fengu hér kaupstaðarréttindi, svo sem Grindavík og fleiri stöðum þar sem menn hafa hlemmiveg og skamman veg að fara til þess að njóta þeirrar þjónustu sem hér um ræðir.

Hér er um hagsmunamál að ræða, sem íbúar Ólafsvíkur hafa lengi barist fyrir. Hinn 22. maí 1982 fór fram skoðanakönnun meðal kjósenda í Ólafsvíkurhreppi um það, hvort æskja skyldi kaupstaðarréttinda fyrir staðinn. Á kjörskrá þar voru 714 einstaklingar, en þátt í skoðanakönnuninni tóku 558 eða 78% kjósenda. 538 af þeim sem atkv. greiddu voru fylgjandi því að Ólafsvíkurhreppur fengi kaupstaðarréttindi, aðeins 9 voru því andvígir, 11 seðlar voru auðir og ógildir. Og ég ítreka það og legg áherslu á það, að meginástæðan að baki þess að svo breiður vilji hefur myndast meðal íbúa kaupstaðarins til þess að sækja um kaupstaðarréttindi er fyrst og fremst að bæta þjónustu í byggðarlaginu. Menn hafa átt ákaflega erfitt með að sætta sig við það að þurfa að sækja þessa þjónustu um svo langan veg sem er frá Ólafsvík inn í Stykkishólm.

Nú er þetta ekki nýtt mál, síður en svo. Um þetta hafa umr. verið á döfinni í meira en áratug. Í janúar 1974 sendi oddviti Ólafsvíkurhrepps bréf til dómsmrn. varðandi óskir hreppsbúa um aukna þjónustu. Síðan hafa töluvert fleiri bréf verið send og raunar fyrr. Í júlí 1973 var þess óskað að þarna yrði breyting á og í janúar 1973 gerði hreppsnefndin í Ólafsvík samþykkt og óskaði þá aðeins þess, að fulltrúi með dómararéttindum yrði staðsettur í Ólafsvík til þess að sjá um afgreiðslu dómsmála, tollafgreiðslu o. fl. En þessar óskir íbúanna hafa ekki fengið neinn hljómgrunn eða svo til neina náð fyrir augum yfirvalda.

Sumarið 1980 voru enn uppi miklar óskir um að úr þessu yrði bætt. Þá hafði ég samband við dómsmrn. Frá rn. fékk ég svohljóðandi bréf, sem ég leyfi mér að lesa hér, með leyfi forseta:

„Að beiðni yðar hefur verið farið í gegnum skjöl rn. varðandi aukna þjónustu sýsluskrifstofunnar í Stykkishólmi við Ólafsvík. Hjálögð fylgja ljósrit af þeim bréfum sem fyrirfinnast, en nokkur bréf virðist vanta." — Ég skýt hér inn í: Það er þau bréf ljósrituð sem ég var að vitna til, en eitthvað virðist skjalavörslu ábótavant ef

bréf þarna glatast, eins og þetta bréf rn. ber með sér. — „Eins og bréfin bera með sér var aldrei neitt loforð gefið um staðsetningu fulltrúa í Ólafsvík og málið afgreitt með vikulegum ferðum." — Og ég skýt hér inn í aftur: Það er sem sagt sú þjónusta sem íbúar þessa staðar máttu una við. Það var vikuleg ferð frá sýslumannsembættinu til Ólafsvíkur. Ég held áfram hér, með leyfi forseta: „Á nokkrum stöðum á landinu er í dag veitt sérstök þjónusta utan sýsluskrifstofu, t. d. í Húnavatnssýslu, en þar er farið einu sinni í viku til Hvammstanga og einnig til Skagastrandar, svipað og gildir á Snæfellsnesi. Á Dalvík er sérstök umboðsskrifstofa. Sama er í Grindavík og sama er á Seltjarnarnesi. Skoðun rn. hefur verið sú, að þessi mál þyrfti að afgreiða heildstætt, en ekki láta undan þrýstingi eða ásókn í nýjar umboðsskrifstofur hér og þar. Þá blandast inn í þetta mál umboðsmenn sýslumanna í hverjum hreppi, þ. e. hreppstjórar, og hvert hlutverk þeim er ætlað. Í rn. hefur verið ákveðið að gera úttekt á starfsskyldum og störfum hreppstjóra og er það mál á undirbúningsstigi. Má vænta þess að í kjölfar slíkrar úttektar verði mörkuð stefna varðandi umboðsskrifstofur.

f. h. ráðherra,
Hjalti Zóphóníasson."

Þetta bréf er dagsett 6. ágúst 1980.

Því miður hefur rn. tekið á þessu máli með þessum hætti, að það eigi ekki að láta undan þrýstingi eða ásókn í nýjar umboðsskrifstofur. Ég verð að lýsa því, að mér finnst þetta alveg furðulegt sjónarmið vegna þess að hér er um að ræða þjónustu sem íbúarnir eiga vissulega kröfu til.

Nú er þess að geta, að eftir að frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi kom fram og þar sem gert var ráð fyrir stofnun sérstaks bæjarfógetaembættis í kaupstaðnum hefur nokkur breyting orðið á afstöðu rn. og er þess skylt að geta. Það segir í umsögn dóms- og kirkjumálarn. um þetta lagafrv., með leyfi forseta:

„Á undangengnum árum hafa talsvert mörg þéttbýlissveitarfélög óskað eftir og fengið kaupstaðarréttindi. Hins vegar hefur Alþingi ekki fallist á stofnun nýrra embætta í því sambandi um nokkuð langt árabil þótt eftir væri leitað, sem hefur mjög oft verið. Hins vegar hefur á síðasta áratug verið í auknu mæli farið inn á þá braut að stofna til umboðsskrifstofa í þéttbýliskjörnum, gjarnan í tengslum við lögreglustarfsemina. Slík umboðsskrifstofa í Ólafsvík mun taka til starfa á næstunni og á að vera til þess fallin að auka verulega þjónustu við borgarana. Einnig skal vakin athygli á því, að sú vélvæðingarþróun sem fram undan er, tölvur o. s. frv., hvetur frekar til fækkunar en fjölgunar miðstöðva slíkrar starfsemi af hagkvæmni- og kostnaðarástæðum. En sú vélvæðing, sem líkleg er á næsta áratug, verður mjög kostnaðarsöm."

Það hefur sem sagt orðið sú breyting á afstöðu hins háa rn., að nú hefur það allt í einu verið að láta undan þrýstingi eða ásókn í nýjar umboðsskrifstofur, og liggur beinast við að álykta að það sé vegna þess frv. sem hér liggur nú fyrir. En ekki get ég að því gert að mér þykir þetta svolítið undarleg afstaða af hálfu hins háa rn.

Um þetta mál barst til félmn. Nd., herra forseti, umsögn frá sýslumanni í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Sú umsögn er í flestum atriðum mjög neikvæð, og ég ætla að leyfa mér að vitna hér til nokkurra orða þar um. Ég skal ekki gerast langorður. Þetta eru sex vélritaðar síður. Hér segir, með leyfi forseta:

„Stundum eru auðvitað sérstök rök fyrir stofnun kaupstaðar og bæjarfógetaembættis af landfræðilegum ástæðum þótt um fámenn byggðarlög sé að ræða. Dæmi um slíkt eru t. d. Bolungarvík og Ólafsfjörður, en það er síður en svo æskileg þróun að slíkt gerist undantekningarlaust eftir pöntun um löggjöf hverju sinni eða sé tilviljunum háð, jafnvel sem metnaðarmál eða út af metingi milli byggðarlaga."

Ég verð nú að lýsa svolítilli furðu á þessum umr. Ef landfræðileg rök eru einhvers staðar til staðar eru þau til staðar í Ólafsvík. Þau eru til staðar í Ólafsvík alveg eins og kannske fremur en í Bolungarvík. Þar gildir að vísu sama um samgöngur, nema hvað ennþá lengri leið er fyrir íbúa Ólafsvíkurhrepps en þá sem búa í Bolungarvík. — Síðan segir hér enn á ný, með leyfi forseta:

„Lítum aðeins fram í tímann" — þetta er umsögn sýslumanns í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu — og skoðum nánar það tilvik sem hér um ræðir. Hljóti Ólafsvíkurhreppur kaupstaðarréttindi með lögum, þá má gera ráð fyrir að hreppsnefnd Stykkishólmshrepps óski einnig fljótlega eftir kaupstaðarréttindum fyrir Stykkishólm, enda hefur það mál þegar verið rætt í hreppsnefnd. Ekki skal ég spá um þróun mála næstu árin í Grundarfirði, sem er þriðji stærsti þéttbýlisstaðurinn í sýslunni og er að vísu enn með nokkuð færri íbúa en fámennasti kaupstaðurinn í landinu. Hins vegar er ljóst að sveitarstjórnarmenn þar gætu sem hægast með sömu rökum þegar íbúafjöldi leyfði sett fram ósk um að Grundarfjörður yrði einnig gerður að kaupstað með lögum."

Ég verð að segja alveg eins og er að ég sé ekki samhengi þarna á milli. Mér finnst þetta vægast sagt málflutningur alveg á mörkum þess sem opinber embættismaður getur leyft sér. — En síðan segir:

„Þá blasir við sú mynd, að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Snæfellsnesið í allri sinni tign og fegurð, væri á að líta sem stjórnarfarslegur óskapnaður, sýslufélag fjárhagslega lamað og vanmegnugt klofið í sundur af þremur kaupstöðum, alls fjögur lögsagnarumdæmi þar sem verið hefur eitt umdæmi s. l. 112 ár."

Ég get nú ekki séð að veiting kaupstaðarréttinda til Ólafsvíkur komi mikið við fegurð Snæfellsness, sem enginn dregur í efa og er áreiðanlega óumdeild í flestra hugum.

En mér finnst öll umfjöllun þessa máls bera svolítinn keim af því að menn hafi misst sjónar af því sem þarna er um að ræða. Ég veit að íbúum Ólafsvíkur er þetta mjög mikið kappsmál. Þeir vilja að fólkið þar eigi kost á þeirri þjónustu, sem hér um ræðir, án þess að þurfa að leggja á sig ferðalög um langan veg og oft við mjög erfiðar aðstæður. Mér er einnig kunnugt um það, að hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur í hyggju að koma hingað suður til Reykjavíkur við fyrstu hentugleika, væntanlega á morgun, til þess að ræða við þm. kjördæmisins um þetta mál, sem þeim þykir horfa mjög alvarlega við eftir þá breytingu sem gerð var í hv. Nd.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð. Eins og ég sagði hér áðan þykir mér furðulega farið með frv. sem hæstv. dómsmrh. stendur að.

Væntanlega hafa honum verið ljósar allar hliðar þessa máls þegar hann skrifaði upp á þetta frv. og gerðist flm. þess. Það er svo handleggur út af fyrir sig hvort ráðh. mega vera flm. þmfrv. Það væri kannske ástæða til að ræða sérstaklega. Það er ný venja, sem verið hefur að skapast hér í þinginu, að ég hygg núna á síðustu árum, og mér finnst ekki vera af hinu góða. Ég held að þarna eigi að vera skil á milli eðli máls samkvæmt. En mér finnst furðulegt hver örlög þessa frv. hafa orðið í ljósi þessarar staðreyndar.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég skora á hv. félmn. þessarar deildar að breyta nú frv. aftur í fyrra horf. Sjái n. ekki kost á því og treysti sér ekki til þess mun ég við 2. umr. málsins flytja brtt. sem miðar að því að færa þetta frv. í það horf sem það var þegar það var lagt fram í Nd., og ég mun fylgja þeirri till. eftir.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Aðdragandi þessa máls var rakinn þegar mælt var fyrir þessu frv. í Nd. og jafnframt hefur hv. 5. þm. Vesturl. gert þann aðdraganda nokkuð að umtalsefni hér og raunar meðferð frv. í þinginu, þannig að ég þarf ekki að bæta þar neinu við í sjálfu sér. Ég geri ráð fyrir að hv. félmn. Nd. hafi reynt til þrautar að fylgja frv. eftir í upprunalegri gerð þess. Eins og komið hefur fram er þetta frv. flutt ekki síst á grundvelli eindreginna óska íbúa þess byggðarlags sem hér er fjallað um. Ég vil líta svo til að umfjöllunin í Nd. og niðurstaða þar hafi orðið á grundvelli samkomulags, þar hafi menn náð svo langt sem tök voru á að sinni.

Það var getið um það úr þessum ræðustól af hv. síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Vesturl., að fulltrúar byggðarlagsins væru á leið til Reykjavíkur á morgun, skilst mér, væntanlega til þess að ræða við hv. alþm. kjördæmisins um það sem einhverjir kalla nú örlög þessa frv. Gott og vel. En ég vil leggja áherslu á, að verði gerð breyting í hið upphaflega horf frv. verði það ekki til þess að málið strandi hér í þinginu. Ég legg áherslu á að hv. félmn. hyggi mjög að því.

Ég set mig ekki á móti því að frv. fái sinn upphaflega búning, svo fremi að málið nái fram að ganga. Að sjálfsögðu verður það þá að fara á nýjan leik til Nd. Eins og frv. liggur fyrir núna er gert ráð fyrir að sýslumaður Snæfellinga gegni störfum bæjarfógeta í Ólafsvík. Þarna er að sjálfsögðu ekki gengið jafnlangt, og upphaflega gerð frv. gerði ráð fyrir. Hins vegar liggur í augum uppi að það verður sett upp skrifstofa í Ólafsvík sem innir af hendi þá þjónustu með sama hætti eða mjög svipuðum og um væri að ræða fast embætti og aðsetur þess aðila í Ólafsvík, enda þótt ekki sé gengið alveg jafnlangt og með stofnun sérstaks embættis.

Ég tek raunar þátt í þessari umr. einvörðungu til að ítreka að málið stöðvist ekki hér í þinginu. Ég hvet hv. félmn. til þess að sjá svo til að málið nái fram að ganga. Að mínum dómi er að mestu leyti komið til móts við íbúa þessa byggðarlags, enda þótt það sé ekki í jafnríkum mæli og upphafleg frv.-gerðin gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1979, frv. (þskj. 431). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1979. Frv. þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1979, sem lagður hefur verið fyrir þingið samtímis frv. Í frv. eru raktar niðurstöðutölur ríkisreiknings.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið jafnaugljóst og það er, en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts, frv. (þskj. 173, n. 391, 392, 393). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta frv. gerir í óbreyttri mynd ráð fyrir að lækka gjaldstofn við álagningu eignarskatts á fasteignum, sem eru íbúðarhúsnæði, á höfuðborgarsvæðinu. Ég hefði talið eðlilegra að þessi lækkun næði jafnt til allra, án tillits til þess hvar þeir búa á landinu. Auðvitað má um það deila hversu mikil þessi lækkun skuli vera, en ég hef í samræmi við frv. sem ég flutti áður gert till. um að hér skuli í raun veittur 20% afsláttur, sem þýðir það, að gjaldstofninn hækkar um nálægt 42%, ef ég man rétt, milli ára í stað 78% hér á höfuðborgarsvæðinu. Auðvitað geta verið skiptar skoðanir um það, hversu mikill þessi afsláttur skuli vera, en það hafði ég til viðmiðunar í þessum efnum, að þessi gjaldstofn þyngdist ekki meir en svaraði til tekjuþróunar milli áranna, heldur væri frekar þeim megin að gjaldbyrðin af þessum sköttum léttist enn frekar en þyngdist með tilliti til þess að nú eru horfur á samdrætti í kaupmætti og hann reyndar kominn fram að hluta.

Það er jafnframt ákvæði í þessari brtt. um að við álagningu annarra gjalda eða skatta til ríkisins, svo sem erfiðafjárskatts og stimpilgjalda, skuli miða gjaldstofn við 80% af fasteignamatsverði þessara eigna þrátt fyrir ákvæði annarra laga. Mér sýnist eðlilegt að þessi gjaldstofn sé yfirleitt lækkaður um sama hlutfall alls staðar, þar sem hér er greinilega um það að ræða að menn telja ekki rétt að nýta þennan gjaldstofn til fulls eða leggja þessar álögur á landsmenn til fulls.

Brtt. felur sem sagt í sér í fyrsta lagi að þessi lækkun nái jafnt til allra, hvar sem þeir búa á landinu, í annan stað að það nái til annarra gjalda, sem líka eru reiknuð af fasteignamati, stimpilgjalda og erfðafjárskatts, þannig að það sé gert almennt að því er álagningu ríkisgjalda varðar að fasteignamatið sé ekki reiknað upp um þá háu prósentutölu sem fasteignamatsnefnd hefur ákveðið, heldur verði nýtt að þessu sinni sem lægri gjaldstofn, en þá með sama hætti í öllum tilvikum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Við þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flytjum brtt. við þetta frv. á þskj. 393. Sú brtt. er í hátt við frv. sem nokkrir þm. Sjálfstfl. hafa flutt, en hún orðast svo, með leyfi forseta:

„1. gr. orðist svo:

Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamati. Fasteignir, sem notaðar eru til íbúðar, skulu sem skattstofn eignarskatts þó ekki hækka meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu."

Eins og hv. þm. er kunnugt er skattvísitala hækkuð í ár miðað við árið í fyrra um 52%. Það er gert ráð fyrir að tekjur manna milli áranna 1982 og 1983 hækki um nálægt 52%. Að vísu er mér ekki kunnugt um nýjar athuganir á þessu sviði, en þegar fjárlög voru afgreidd var gengið út frá því. Við teljum að eignarskattar af íbúðarhúsnæði eigi ekki að hækka meira en sem nemur tekjum manna almennt. Það skapast ekkert nýtt fjármagn í húsnæði sem hækkar að fasteignamati meira en sem tekjunum nemur. Þessi rökstuðningur er á bak við okkar till.

Við teljum á hinn bóginn að þetta frv. sé út af fyrir sig réttlætismál, að fasteignamat hækki jafnt á landinu sem eignarskattsstofn, en ekki meira hér á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. En það sýnir að menn hafa áhyggjur af því að eignarskattsstofn hækki langt umfram það sem nemur þeim tekjum manna sem þeir hafa til að greiða þessa skatta.

Herra forseti. Þetta er sem sagt sú brtt. sem við flytjum, enda skrifum við undir nál. með fyrirvara um að flytja eða fylgja brtt. En við erum út af fyrir sig samþykkir þessu frv. sem slíku.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. hafa e. t. v. tekið eftir ritaði ég ekki undir það nál. sem fjh.- og viðskn. lét frá sér fara vegna þessa máls. Í raun og veru er hér á ferðinni frv. þess eðlis, þ. e. eins og það var lagt fram og liggur hér fyrir, að lækka skal viðmiðunina, þegar um er að ræða álagningu eignarskatts á íbúðarhúsnæði, frá gildandi fasteignamati, á ákveðnu landssvæði, hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í þessu sambandi hlýtur maður að huga að því, með hvaða hætti þetta fasteignamat er skráð og hvernig stendur á því að fasteignamatið hefur hækkað um 78% á milli ára. Ég vil hiklaust halda því fram, að til grundvallar því liggi að raunvirði þessara eigna hafi hækkað svo mikið, ef ekki meira. Öðrum þræði er það hinn frjálsi íbúðamarkaður, sem gildir um allt land og ekki síst hér í Reykjavík, sem veldur þessari hækkun, og fasteignamatið hefur verið viðmiðun við álagningu eignarskatts í slíkum tilfellum. Því væri í sjálfu sér eðlilegra að huga að fasteignamatinu sjálfu. Þetta frv. gefur ekki síst til kynna að menn séu með einhverjum hætti að vefengja það, enda þótt aðrar skýringar hafi verið gefnar á flutningi frv., þ. e. lægri launahækkanir en hækkun fasteignamatsins. En ég vil minna á að hér er um eignarskatt að ræða, en ekki tekjuskatt. Ég vil hiklaust halda því fram, og það er raunar þannig, að ef þetta frv. verði samþykkt sé fólki utan þessa þéttbýlissvæðis hér gert að greiða hærri eignarskatt sem hlutfall af hinu raunverulega verðmæti eignarinnar. Frv. táknar það í raun og sannleika.

Brtt. eru hér fluttar við frv. Annars vegar er brtt. frá hv. þm. Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni. Sú brtt. hljóðar um að það skuli miðað við skattvísitölu. Þegar staðið yrði upp frá slíkri skattlagningu táknaði það raunar alveg sömu mismunun og ég er að reyna að færa rök fyrir, þ. e. verðmæti íbúðarhúsnæðis er verulega meira hér á Reykjavíkursvæðinu, skattgreiðslan sem hlutfall af raunvirði íbúðarhúsnæðisins hærri úti á landi.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson flytur jafnframt brtt. sem miðar að allverulega meiri lækkun, raunar lækkun fasteignaskattsins af íbúðarhúsnæði. Þar er gert ráð fyrir að lækkunin komi jafnt niður um allt land, en hún er það mikil samkvæmt brtt. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar að ég treysti mér ekki til að standa að og samþykkja þá brtt.

En að öllu þessu samanlögðu má til viðbótar kannske segja að meginrök mín fyrir því að standa ekki að slíku frv., sem hér er til umr. séu sá skollaleikur sem hér er leikinn. Við í fjh.- og viðskn. Ed. erum að fjalla um álagningu nýs skatts, veggjald heitir það. Að vísu er gert ráð fyrir að það veggjald sé greitt af bifreiðum landsins, en bifreiðarnar, sem þar um ræðir fyrst og fremst, gefa ekkert af sér. Þennan skatt verða menn að greiða af launum sínum alveg eins og eignarskattinn. Við erum sem sagt að taka með annarri hendinni og víkja að fólkinu með hinni.

Mér segir svo hugur um að ríkissjóði veiti ekki af þeim tekjum sem ætlað er að greiða á þessu ári, þó ég ætli ekki að fara að gerast sérstakur talsmaður ríkissjóðs, en hann er okkar sameiginlegi sjóður. Ég vil minna á að fyrir örfáum dögum samþykktum við frv. í þessari hv. deild sem varðar heilbrigðisþjónustuna. Þetta frv. kostar þó nokkur útgjöld úr ríkissjóði. Ekki gerðum við ráð fyrir neinni tekjuöflun í því sambandi. Við vékum ekki einu orði að því. Að öllu þessu samanlögðu, en fyrst og fremst því, að ég tel frv. fela í sér mismunun á milli dreifbýlis og þéttbýlis, þ. e. Stór-Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðarinnar, og annað hitt, að ég vil helst ekki taka þátt í því að leggja á skatt annan daginn og fella niður skatt hinn daginn, mun ég greiða atkv. á móti frv.

Varðandi húsnæðiskostnað hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu til samanburðar við það sem er úti á landi er afar ólíku saman að jafna. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma. Ég vil aðeins minna á verulega meiri kostnað að því er varðar upphitun íbúðarhúsnæðisins. Ég hygg að nægi að nefna þetta atriði. Skattgreiðslur eru ekkert annað en kostnaður við íbúðarhúsnæðið.

Ég mun greiða atkvæði gegn því frv. sem hér er til umr. og brtt.

ATKVGR.

Brtt. 392 felld með 7:4 atkv.
Brtt. 393 (ný 1. gr.) samþ. með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 7. mars, að loknum 58. fundi.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 506). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 383). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 495). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú fyrst biðja hæstv. forseta afsökunar og síðan þm. í þessari hv. deild sömuleiðis, og hafa þeir þó e. t. v. ýmislegt fleira að fyrirgefa mér, en þetta mál er borið hér fram fullseint.

Tildrög þessa máls eða afskipta minna af þessu máli eru þau, að þegar ég tók sæti í tryggingaráði fyrir senn fjórum árum bárust oft inn á borð hjá tryggingaráði tilmæli refsifanga um miskunn nokkra í sambandi við greiðslu barnsmeðlaga, er þeir voru ófærir um vegna fangelsisvistar að vinna fyrir. Ljóst þótti að yfirsýn hinna vitrustu manna, og vil ég þar nafngreina Gunnar J. Möller hæstaréttarlögmann, sem lengst hefur átt sæti í tryggingaráði, að tryggingalöggjöfin gerði ekki kleift fyrir Tryggingastofnunina að gefa þar nokkuð eftir. Við umfjöllun þessara mála kom einnig í ljós, að enda þótt meðlögin væru refsiföngum þung í skauti er þeir kæmu út úr fangelsi og þessi gjöld hefðu safnast upp ásamt með vöxtum væru enn önnur gjöld, sem þeim var gert að greiða og upp hlóðust meðan þeir voru í fangelsinu, enn þyngri, þar sem voru skuldir af opinberum gjöldum, útsvari og sköttum með refsivöxtunum sem hlaðast á þessar skuldir meðan mennirnir sitja inni. Enn leiddi eftirgrennslan það í ljós með mjög marga þessara fanga, að þegar þeir koma út er það svo, þó að ekki megi segja að það sé að fara úr öskunni í eldinn að losna út úr fangelsinu, að þá má kannske orða það þannig að þeir stígi af þröskuldi fangelsisins út í sökkvandi skuldafen þar sem þeir eiga sér litla bjargarvon margir hverjir.

Eins og segir í grg. með frv. er hér ekki um að ræða neitt nýtt mál, en það hefur tekið á sig nýja mynd á hinum síðari misserum og síðari árum vegna sífellt hækkandi refsivaxta. Það mun því miður vera svo, að ekki gerist það ætíð, og kannske of sjaldan, að afbrotamenn okkar komi úr fangelsum staðráðnir í því fyrst og fremst að bæta sitt framferði en guði sé lof eru það þó nokkrir þeirra sem koma út með þann staðfasta ásetning. En með þeim hætti sem hafður hefur verið með innheimtu þessara gjalda, sem um er fjallað í frv., hefur þetta viljað fara svo, að þeir hafa hvergi getað ráðið sig í vinnu vegna þess að innheimtustofnanir, og þá fyrst og fremst Innheimtustofnun sveitarfélaga, hafa verið á eftir þeim með innheimtu á þessu fé og hirt hefur verið af þeim allt sem þeir hafa getað unnið sér inn þannig að þeir hafa átt lítinn kost sér til lífsframfæris og hafa orðið, ef svo má segja, að fara huldu höfði á vinnumarkaðnum. Dæmi veit ég þess með þó nokkuð sterkum líkindum, að einmitt það hvernig búið er að föngunum varðandi þessi skuldaskil er út kemur hafi valdið því að menn hafi lent inn í fangelsinu á nýjan leik.

Það hvarflar ekki að mér að þeir sem um þessi mál hafa fjallað hafi viljað þyngja refsingu fanganna með þessum hætti. Ég hef ástæðu til að ætla að mönnum hafi sést yfir þetta atriði að sjá þeim farborða að þessu leyti, það hafi dregist úr hömlu að gera það, og kemur í ljós að það er ekki hægt að gera það með breytingu á tryggingalöggjöfinni.

Ég naut aðstoðar fyrrnefnds Gunnars J. Möllers hæstaréttarlögmanns við samningu þessa frv. og það er samið í fullkomnu samráði við Baldur Möller ráðuneytisstjóra í dómsmrn.

Ég vil ekki orðlengja þetta fremur, en gefa aðeins skýringu á niðurlagi 1. gr. Greinin hljóðar svo:

„Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknað í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri skulu ekki innheimt. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins."

Merking niðurlags greinarinnar er í sem skemmstu máli að Innheimtustofnunin skal svo sem áður innheimta frá sveitarfélögunum til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar. Hér er um að ræða þann hóp manna sem efalítið stendur verst í skilum með greiðslu á meðlögum til hins opinbera, og ef þetta væri ekki tekið fram í 1. gr. gæti þetta leitt til þess að gjöld sem Tryggingastofnunin hefur ekki áður greitt lentu á Tryggingastofnuninni. Innheimtustofnunin á sem sagt að halda áfram að standa skil á meðlagsgreiðslum, sem hún sækir til sveitarfélaganna, til Tryggingastofnunarinnar. Önnur atriði í þessu frv. skýra sig sjálf með lesningu grg.

Ég vil svo í lokin, ef svo má segja, hnykkja á afsökunarbeiðni minni að leggja þetta frv. svo seint fram. Ég hef ástæðu til að ætla að við getum þrátt fyrir allt, eins og málið er í pottinn búið, fengið það afgreitt á þessum hala þingsins, ef við komum okkur saman um að flýta afgreiðslu þess hér í Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár til að fá að bera fram stutta fsp. til hæstv. samgrh., en nú gerist stutt eftir þingtím-

ans og þess vegna óhægt um vik að koma fyrirspurnum á dagskrá í Sþ.

S. l. föstudag varð sá atburður að dýpkunarskip Vita- og hafnamálastofnunar sökk hér úti á Faxaflóa í mjög slæmu veðri. Þetta skip, dýpkunarskipið Gretti, átti að nota allvíða í sumar. Nú verður það ekki gert og þess vegna er ljóst að skapast mun erfitt ástand í allmörgum höfnum þar sem ætlunin var að nota þetta afkastamikla tæki til framkvæmda. Því vildi ég spyrja hæstv. samgrh. hvort horfur séu á að unnt sé að bjarga skipinu, þ. e. að ná því upp þaðan sem það liggur, eða hvort það sé á meira dýpi en svo að slíkt sé framkvæmanlegt.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hvaða áhrif þetta óhapp muni hafa á framkvæmdir við hafnargerð hér á landi í sumar, og sömuleiðis, ef ekki reynist tæknilega unnt að bjarga skipinu þaðan sem það nú er, hvort gerðar hafi verið eða muni verða gerðar á næstunni ráðstafanir til að afla nýs dýpkunarskips.

Ennfremur mætti um það spyrja hér að lokum, vegna þess að við þetta hafa allmargir starfsmenn Vita- og hafnamálastofnunar haft atvinnu, hvort þetta óhapp muni leiða til fækkunar starfsliðs þar eða til uppsagnar.

Ég held, herra forseti, að það sé óþarfi að hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er að vísu nokkuð skammt liðið frá því að þetta óhapp varð, svo að ég hef ekki fengið fullkomnar upplýsingar um sumt af því sem ég hef sett í gang í þessu sambandi. Þó get ég svarað a. m. k. hluta af því sem hv. þm. spurði um.

Í fyrsta lagi segja mér sérfróðir menn að það sé mjög ólíklegt að unnt sé að bjarga Gretti þar sem hann liggur. Þó verður það eitthvað nánar kannað. En svarið sem ég fékk var að það væri mjög ólíklegt.

Hvaða áhrif hefur þetta á verkin í sumar? Fyrirhugaðar voru dýpkanir í sumar á eftirtöldum höfnum: Á Húsavík 19 þús. m^3. Það er talið munu kosta 4 millj. kr. Á Þórshöfn 7 þús. m^3 á 1750 þús. kr. Á Stöðvarfirði 6 þús. m^3 á 1500 þús. kr. Á Breiðdalsvík 4800 m^3 á 1200 þús. kr. Í Sandgerði 2200 m^3 á 500 þús. kr. Í Grindavík 4800 m^3 á 1200 þús. kr. Í Hafnarfirði 3200 m^3 á 1. millj. kr. Þetta eru samtals 47 þús. m^3 og talið munu kosta 11 millj. 150 þús. kr. Í landinu eru ekki tæki til að framkvæma a. m. k. sumar þessar dýpkanir, t. d. á Húsavík og Þórshöfn, Breiðdalsvík, Sandgerði og Hafnarfirði. Í Sandgerði og Hafnarfirði hefur þetta áhrif á síðari verkáfanga sem einnig var fyrirhugað að vinna á þessu ári. Þar átti að nota Grettí til að moka upp sprengdri klöpp úr fyrirhuguðum skurði fyrir stálþil. Þetta hefur því enn önnur eftirköst í för með sér eins og ljóst má vera af þessu.

Þá er spurt hvort þetta leiði til fækkunar í áhaldahúsi Hafnamálastofnunar. Í fyrsta lagi má segja að án Grettis eða sambærilegs skips sé rekstrargrundvöllur áhaldahússins í raun og veru brostinn. Nú skal ég ekki um það segja á þessu stigi hvort unnt er að fá sambærilegt skip á skömmum tíma. Það er einmitt eitt af því sem ég hef óskað eftir að verði athugað en ekki fengið svör við. Ef það tekst ekki er ekki um annað að ræða en endurskipuleggja reksturinn. Að öllum líkindum hefði það verulega fækkun á mannskap í för með sér, og mætti nánast segja að áhaldahús í núverandi mynd yrði ekki starfrækt. Í áhaldahúsinu starfa nú 33 menn.

Ég held að öllum megi vera ljóst af því sem ég las áðan um þær framkvæmdir sem Gretti voru ætlaðar að það verður allt gert til að komast yfir annað skip. Hins vegar höfum við ekki upplýsingar um það á þessu stigi. Ég hef einnig látið athuga hvort komi til greina að bjóða verkin út a. m. k. núna og fá þau þannig unnin. En það eru erfiðleikar á því með mörg þessara verka því að það eru ekki til tæki í landinu til að vinna þau. Það kann að vera að einstök verk megi fá verktaka til að gera, en það er mikill minni hluti. Eins og menn vita var Grettir mjög sérhæft skip og notað til dýpkana á hörðum botni, sprengdri klöpp og öðrum slíkum verkefnum, sem önnur dýpkunartæki ráða ekki við. Þessi verkefni eru þar að auki takmörkuð að umfangi og ekki þörf fyrir nema eitt slíkt tæki í landinu. Við aðstæður sem þessar er ekki grundvöllur til heilbrigðs útboðs og því er að mínu mati eðlilegt að ríkið eigi svona sérhæft tæki. Ég held að varla sé hægt að gera ráð fyrir því að verktakar, sem gjarnan þyrftu að vera fleiri en einn til að sem sanngjörnust tilboð fengjust, fái sér svona tæki og reyndar alls ekki æskilegt. Ég hygg að þetta sé eitt af þeim verkefnum sem eðlilegt er að Vita- og hafnarmálaskrifstofan sjálf annist.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta voru nú kannske eins greið svör og menn gátu búist við hjá hæstv. ráðh. á þessu stigi málsins. En ég held að ekki fari á milli mála að það sé mjög nauðsynlegt að gera allt sem unnt er til að fá tæki af þessu tagi til notkunar hér í sumar. Annars kunna allar framkvæmdaáætlanir að raskast og það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þau pláss þar sem hugmyndin var að vinna verk í sumar.

Í annan stað held ég að það sé alveg einsýnt að ríkið verði að eiga tæki af þessu tagi. Hér er um mjög sérhæft verkfæri að ræða sem nauðsynlegt er að Vita- og hafnamálaskrifstofan hafi full umráð yfir. Þess vegna nægir náttúrlega ekki að hugsa sér t. d. leigusamning um slíkt skip í sumar, það væri einungis til þess að brúa bil, heldur verður að stefna að því að Vita- og hafnamálaskrifstofan eigi tæki af þessu tagi. Ég vil minna á að það er heimild í fjárlögum til þess að kaupa borpramma sem hefur verið talið nauðsynlegt að eiga til notkunar hér á landi. Á ýmsum stöðum eru hafnarskilyrði þannig að nauðsynlegt er að vinna mikið að borunum til þess að geta sprengt. Að því er framtíðaráform varðar vildi ég þess vegna benda á þann möguleika að kannað yrði hvort með nokkru móti sé hægt að samnýta tæki til þessara tveggja verkefna, annars vegar til þess að stunda uppgröft í höfnum af því tagi sem Grettir hefur stundað, og hins vegar til þess að sinna því verkefni að framkvæma boranir, tæki sem okkur hefur vantað hér. Þessu vildi ég einungis koma á framfæri, taka undir þau sjónarmið ráðh. að það sé nauðsynlegt að Vita- og hafnamálaskrifstofan eigi tæki af þessu tagi, leggja áherslu á að reynt verði með öllum tiltækum ráðum og eins skjótlega og unnt er að fá nýtt tæki til nota hér í sumar og benda á þessa heimild í fjárlögum í sambandi við borpramma og koma því sjónarmiði á framfæri að möguleikar verði kannaðir á nýtingu þeirrar fjárveitingar líka í tengslum við það óhapp sem við höfum nú orðið fyrir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Ég held að það hafi komið mjög glögglega fram bæði í svari hans og í máli hv. 2. þm. Reykn. að það er óhjákvæmilegt að við Íslendingar eigum tæki af þessu tagi, og eins og fram hefur komið sé eðlilegast að það sé í eigu Vita- og hafnamálastofnunar eins og verið hefur og hefur gefið góða raun.

Ég vil sem sagt ítreka þakkir mínar til sjútvrh. fyrir þessi svör og skora á hann að beita sér í því máli að reyna að afla hingað grafskips af þessu tagi, annaðhvort með því að leigja það nú í sumar eða helst með því að kaupa nýtt skip handa Vita- og hafnamálastofnun, eins og ég hygg að öllum sé ljóst að verði að gera. Ég álít brýnt að að því verði undinn bráður bugur.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 500 (sbr. 151), 501). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls kvaðst ég mundu ásamt fleirum flytja brtt. við frv. þetta við 3. umr. ef dagskrártillaga mín og minna félaga um frávísun málsins væri ekki samþykkt. Nú er svo komið að frv. er til 3. umr. og ég hef ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Eyjólfi Konráði Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur borið fram brtt. við frv. á þskj. 501.

Ég vil strax taka fram að það kann að hafa verið ástæða til þess að bera fram fleiri brtt. en hér er gert, því að svo miklir gallar og meinbugir eru á því frv. sem hér liggur fyrir. Hins vegar hefur okkur þótt rétt að beina athyglinni fyrst og fremst að því sem mest ríður á að fá breytt, og höfum við því látið liggja á milli hluta ýmis önnur atriði frv., sem vissulega hefði komið til greina og verið eðlilegt að breyta, ef vandaðri endurskoðun laganna hefði farið fram. Ég ætla ekki við þessa umr. að fara að ræða almennt um þetta frv. eða almennt um galla þess, en vísa í því efni til þess sem ég sagði við 1. umr. um frv. Ég mun þá snúa mér beint að því að gera grein fyrir brtt. okkar á þskj. 501.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv. og fjallar um tvö atriði. Annars vegar er að það sé tekið upp í frv. ákvæði um að tekjur skuli ganga til Byggingarsjóðs ríkisins með árlegum framlögum af byggingarsjóðsgjöldum, 1% álagi, er innheimta skal aukalega á tekju- og eignarskatt og 0.5% á aðflutningsgjöld samkv. tollskrá. Við höfum talið rétt að gera brtt. um þetta efni. Þetta er raunar ekkert annað en var í lögum eins og gengið var frá lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1970, og raunar var ákvæði sem átti að þýða þetta í lögunum frá 1980, en hefur ekki verið framkvæmt vegna þess hve óljóst þetta lagaákvæði var. Þetta ákvæði hefur ekki mikla þýðingu, hvorki sem tekjumissir fyrir ríkissjóð né tekjuauki fyrir Byggingarsjóð, en við höfum talið rétt að það stæði sem áður var ákveðið í þessum efnum.

Hitt atriðið, sem varðar breytingu við 1. gr. frv., er aðalatriði varðandi þessa grein. En þar er gert ráð fyrir að til Byggingarsjóðs ríkisins gangi 2% launaskattur samkv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum. Það er alltaf verið að tala um húsnæðisástandið í landinu og það er mikið verið að tala um að það þurfi að bæta það, það þurfi að efla veðlánastarfsemi til íbúðabygginga og það þurfi að gæta ýmislegs í þeim efnum, sem ekki hefur verið gert áður, útvíkka hlutverk laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins og hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins. Okkur er öllum kunnugt um þetta, og það er næstum því stundum eins og menn keppist við að tíunda hvað þurfi að gera, á sama tíma sem ekkert er gert til þess að skapa grundvöll fyrir því að þetta sé gert. Ekki er einungis það að ekkert sé gert til þess að skapa grundvöllinn, heldur hefur það skeð í tíð núv. hæstv. ríkisstj. að kippt hefur verið stoðum undan aðaltekjuöflunarleið Byggingarsjóðs ríkisins, á þann veg að svipta hann þeim hluta af launaskattinum sem byggingarsjóðnum ber samkv. lögum. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp á hvaða forsendum launaskatturinn var settur. Hann var settur til þess að efla Byggingarsjóð ríkisins og bæta húsnæðisástandið í landinu. En nú er hann lagður á á fölskum forsendum síðan Byggingarsjóðurinn var sviptur því fjármagni sem inn kemur fyrir launaskattinn. Við viljum með brtt. okkar við 1. gr. frv. bæta úr þessu og kveða á um það að 2% launaskattsins skuli ganga til Byggingarsjóðs ríkisins.

Önnur brtt. er við 2. gr. frv. og fjallar um það að sú grein frv. sé felld niður. Þetta er engin efnisbreyting. Þessi grein er algerlega óþörf ef gengið er út frá því, sem ég held að verði nú ekki neitað, að byggingarsamvinnufélög séu framkvæmdaraðilar í byggingariðnaðinum. Auðvitað er það og þarf ekki að taka sérstaklega fram, enda gera lögin ráð fyrir því að sjálfsögðu að svo sé.

Þriðja brtt. er sú að á eftir 3. gr. frv. komi ný grein sem fjallar um það að lán Byggingarsjóðsins skuli veitt gegn 1. veðrétti og lánstíminn skuli veru 42 ár. Hér er um að ræða veigamikla breytingu frá núgildandi lögum, því að í lögum er nú kveðið svo á að lánstíminn skuli vera 26 ár, en við gerum brtt. sem felur í sér að lánstíminn verði 42 ár, ekki 26. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það hvaða þýðingu lenging lánstímans hefur til þess að bæta lánskjör þeirra sem þurfa að taka lán úr Byggingarsjóði ríksins og er eitt af veigameiri atriðum sem til hagsbóta geta orðið.

Ég kem þá að 4. brtt. sem er við 10. gr. frv. Þessi brtt. fjallar um að 1. mgr. 10. gr. frv. verði felld niður. Hvers vegna skyldi það nú vera? Það er vegna þess að þar er kveðið svo á, að ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skuli tekin af ríkisstj. að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands. Við teljum að þetta sé ekki rétt að gera, viljum halda okkur við löggjöfina eins og hún er, viljum að það sé ákveðið í húsnæðislöggjöfinni eins og hefur verið frá fyrstu tíð, hver vaxtakjörin séu. Og samkv. núgildandi lögum er ákveðið að vextirnir skuli vera 2%. Hví skyldi nú vera lagt til að breyta þessu og fara að óskum Seðlabankans í þessu efni? Það gefur auga leið. Það er til þess að opna leið til að hækka vextina. Við flm. brtt. erum andvígir þessu. Við viljum ekki gera lánskjörin lakari, við viljum gera þau betri. Þess vegna stefnir þetta ákvæði í öfuga átt. En ég veit hvað hv. stjórnarliðar segja sér til varnar í þessu efni því

að það hefur komið fram oftar en einu sinni. Þeir segja að það sé nauðsynlegt að hækka vextina til þess að það sé grundvöllur fyrir rekstri Byggingarsjóðsins, vegna þess að þau lán sem Byggingarsjóðurinn þarf að taka til starfrækslu sinnar bera hærri vexti en útlánsvextir sjóðsins eru.

Það er alveg rétt að það þarf að gera ráðstafanir í þessu tilfelli. En höfum þá í huga hvers vegna ástandið er svona. Það er vegna þess að búið er að svipta Byggingarsjóð ríkisins megintekjustofni sínum sem er óafturkræft framlag gegnum launaskattinn. Þetta er afleiðing af því að sjóðurinn hefur verið sviptur launaskattinum. Við viljum ekki gera lánskjörin lakari til að bæta úr þessu. Við viljum taka fyrir orsakir vandans með því að láta Byggingarsjóð ríkisins hafa launaskattinn sem tekjustofn eins og honum ber raunar samkv. lögum um launaskatt.

Þessar ástæður liggja að baki þeirri brtt. okkar að 1. mgr. 10. gr. falli niður.

Ég kem þá að 5. brtt. Hún fjallar um það að í frv. komi ný grein um það hvernig haga skuli fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna. Er þá gert ráð fyrir samkv. tillögu okkar að 37. gr. laganna taki breytingum sem eru mjög veigamiklar. Samkv. 37. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er framlag ríkisins bundið við það, að það geti ekki farið fram úr 30% af byggingarkostnaði íbúða verkamannabústaðakerfisins. Jafnframt er gert ráð fyrir í gildandi lögum að framlag sveitarfélaga nemi 10% af byggingarkostnaðinum, þ. e. að samkv. gildandi lögum getur framlag hins opinbera til Byggingarsjóðs ríkisins ekki numið meiru samtals en 40% af byggingarkostnaði. Þetta teljum við að sé hin mesta óhæfa í gildandi lögum og það er augljóst hvers vegna, enda er þetta tilkomið fyrst með lögunum frá 1980. Alla tíð frá því að verkamannabústaðakerfið var sett á stofn um 1930 hefur það verið svo að fjármagnið til þessarar starfsemi hefur komið sem óafturkræft framlag, um 80 eða 90%, frá ríki og sveitarfélögum.

Við flm. þessara brtt. viljum breyta þessu í fyrra horf, enda er stoðum kippt til langframa undan allri eðlilegri starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna ef það er ekki gert. Þess vegna leggjum við til að framlag ríkisins nemi 80% af byggingarkostnaði, en óbreytt standi framlag sveitarfélaga 10%. Eigendur leggi svo til 10%.

Þá er önnur veigamikil breyting í þessari brtt. okkar. Í gildandi lögum segir að stefna eigi að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. ⅓ hluta af árlegri íbúðarþörf landsmanna. Við teljum að þetta sé röng stefna að Byggingarsjóður verkamanna nái til svo margra. Að vísu byggist þessi skoðun á þeirri forsendu að hinn almenni byggingarsjóður, Byggingarsjóður ríkisins, sé þess umkominn að veita nægilega há lán til þess að almenningur í landinu geti komið sér upp íbúðum og með nægilega hagstæðum kjörum til þess að hægt sé að standa undir þeim lánum af almennum launatekjum. Það verður ekki gott ástand í lánamálum til húsbyggjenda fyrr en við erum búnir að ná þessu marki. Það verður að segja eins og er að lengi vel miðaði nokkuð í þessa átt, þó of hægt gengi, þar til bakslagið kom með aðförum og stefnu núv. hæstv. ríkisstj. En ef við göngum út frá því að hinn almenni byggingarsjóður, Byggingarsjóður ríkisins, sé þess megnugur að gegna því hlutverki sem ég hef hér gert grein fyrir, þá á hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna ekki að vera annað en að aðstoða, veita aðstoð þeim sem verst eru settir og það er oft af ósjálfráðum ástæðum. Það á að vera ærleg félagsleg aðstoð, ekki til málamynda, heldur í það ríkum mæli að þessu fólki sé hjálpað eins og þarf að hjálpa því. Þannig miða tillögur okkar flm. þessara brtt. á þskj. 501 að því að byggja upp Byggingarsjóð verkamanna í slíkum félagslegum anda.

Ég kem þá að 6. brtt. sem er við 18. gr. frv. og er um það að sú grein frv. falli niður. Það er vegna þess að þessi grein frv. virðist ganga út frá því að það sjónarmið verði útfært betur en nú er orðið, að Byggingarsjóður verkamanna verði nokkurs konar almennur byggingarsjóður við hliðina á Byggingarsjóði ríkisins, en ekki slíkur byggingarsjóður til að aðstoða hina verst settu, eins og ég var að gera grein fyrir nú áður að Byggingarsjóður verkamanna ætti að vera. Hér er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir fari að lána í byggingar verkamannabústaða, en samkv. því sjónarmiði sem ég túlkaði er það óeðlilegt, því að það á að koma óafturkræft framlag frá hinu opinbera, sem nemi 90% af byggingarkostnaðinum, og lífeyrissjóðalán eiga því ekki heima í þessu kerfi. Hins vegar er ærin ástæða að hagnýta þá fjáröflunarmöguleika fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Þetta liggur til grundvallar þeirri till. að fella 18. gr. niður.

Þá kem ég að 7. brtt. Hún er við 19. gr. og er um það að 2. og 3. mgr. falli niður. Um 2. mgr. er það að segja, að ef 18. gr. verður felld niður, þá leiðir af sjálfu sér að rétt sé að fella niður 2. mgr. 19. gr. Skal ég ekki fjölyrða frekar um það.

Þá kemur 3. mgr. 19. gr. Okkar brtt. er um það að fella þá mgr. líka niður. Og það er ein veigamesta brtt. sem við leggjum fram. Hvers vegna skyldi það nú vera? Það er vegna þess að ef 3. mgr. frv. er samþykkt, þá er e. t. v. lagt smiðshöggið á það að eyðileggja verkamannabústaðakerfið. Og á hvern hátt? Með því að fella niður úr lögum að það séu ákveðnir 0.5% vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Frv. gerir ráð fyrir að fella þetta niður úr lögum og fela ríkisstj. að ákveða vextina að tillögu Seðlabankans. Ef þetta er gert, þá liggur beint við að vextirnir verða stórhækkaðir. Það er tilgangurinn með þessu ákvæði frv. Það hefði enga þýðingu nema sá væri tilgangurinn. Og þegar svo er komið óttast ég að það geti komið að því, eins og ég orðaði það áðan, að lagt væri smiðshöggið á það óþurftarverk að rífa niður Byggingarsjóð verkamanna, sem að mörgu leyti hefur verið aðalsmerki félagslegrar aðstoðar í hálfa öld.

Við flm. brtt. viljum koma í veg fyrir þessa þróun og leggjum því til að 3. mgr. 19. gr. verði felld niður.

Ég kem þá að 8. brtt. okkar. Hún er við 26. gr. frv. sem fjallar um lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga og annarra aðila. Það er tekið fram að þessi lán megi vera 80% af áætluðum byggingarkostnaði. En í frv. er gerð undantekning frá þessu um það að sum lán til leiguíbúða megi ekki nema hærri upphæð en 65% af byggingarkostnaði. Við flm. viljum ekki gera þennan greinarmun á þeim leiguíbúðum sem 26. gr. frv. fjallar um. Við viljum að allir þeir aðilar, sem hafa heimild til lána vegna leiguíbúða samkv. 36. gr. laganna, hafi sama rétt til lánanna. Þetta er ekkert hégómamál fyrir þá sem flokkaðir eru samkv. frv. í hinn óæðri flokk. Það eru m. a. stúdentar, svo að ég nefni eitthvert dæmi, en Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur

kynnt hv. félmn. skoðanir sínar og óskir í þessu efni, sem falla saman við brtt. okkar félaga, sem ég er hér að lýsa.

En hér er einnig um aðra veigamikla breytingu að ræða samkv. brtt. við 26. gr. frv. Hún er um það að lán til leiguíbúða skuli bera sömu vexti og lán Byggingarsjóðs verkamanna, hin eiginlegu lán til verkamannabústaða, þ. e. að vextirnir séu 0.5%, eins og við viljum hafa þá. Í gildandi lögum eru vextirnir 2%, en ríkisstj. vill losa um 2% á þann veg að hafa það opið fyrir ríkisstj. að hækka vextina að fengnum tillögum Seðlabankans. Við viljum koma í veg fyrir allt þetta og það sé ákveðið að vextir til leiguíbúða séu 0.5%. Þessi till. okkar mætir óskum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem hefur sent okkur bréf um þessi efni, og óskum Leigjendasamtakanna, sem hafa sent okkur bréf um þessi efni einnig, og Félagsmálastofnunar stúdenta. Það er ekki óeðlilegt að þessir aðilar hafi komið á framfæri óskum um þetta efni, þegar litið er á það að það er algerlega óeðlilegt að gera greinarmun á þessum félagslegu ráðstöfunum og þeim, sem felast í verkamannabústöðum, byggingu hinna eiginlegu verkamannabústaða, svo ég tali ekki um að skipta aðilum í tvo flokka, verðuga og óverðuga, þegar um er að ræða leiguíbúðir. Þetta eru ástæðurnar fyrir brtt. okkar við 26. gr. frv.

Ég kem þá að 9. brtt. okkar, sem er um það að 31. gr. frv. falli niður algerlega. Og hvers vegna skyldi sú grein falla niður? Það er vegna þess að í þessari gr. frv. eru ákvæði sem ganga mjög harkalega að æskunni í landinu, menntamönnum, skólafólkinu, mjög harkalega eins og segir í bréfi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands. Og það verður að segjast að þegar svo er komið, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur svipt Byggingarsjóð ríkisins aðaltekjustofni sínum, að hún sér helst þau úrræði að þrengja að menntamönnum, skólafólkinu í landinu, til þess að rétta við fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins, þá er helst til langt gengið. Ég skil ekki hvernig hv. stjórnarliðar geta forsvarað fyrir sjálfum sér, fyrir samvisku sinni, fyrir yfirleitt nokkrum manni að fylgja slíku, sem felst í þessari gr. frv., sem við leggjum til að verði felld niður.

Þá kem ég að 10. og síðustu brtt. okkar félaga. Hún er um það að 32. gr. orðist svo sem gert er ráð fyrir í brtt. okkar. Það er ákvæði um það að húsnæðismálastjórn sé heimilt að veita viðbótarlán við önnur lán úr Byggingarsjóði ríkisins þeim sem taka út sparifé sitt til þess að kaupa eða byggja íbúð. Húsnæðismálastjórn skal setja nánari reglur um þær lánveitingar, segir í till. okkar. En þessi till. okkar er nú í raun og veru ekki okkar. Við verðum að setja hana fram formsins vegna, þar sem við leggjum til að greinin að öðru leyti sé felld niður, 32. gr. En það sem ég var að tíunda hér að fælist í brtt. okkar felst í 3. mgr. 32. gr. frv. Og það er að okkar mati það eina nýtilega sem felst í þeirri gr. Þess vegna tökum við það upp í okkar breytingu eða tökum fram að það skuli standa. En ég verð að segja að það er að sjálfsögðu ánægjulegt að þetta ákvæði í 3. mgr. 32. gr. skuli standa, þ. e. að það sé hægt að hygla þeim æskumönnum í íbúðalánum sem hafa lotið skyldusparnaðinum. Áður en núv. ríkisstj. fór að hafa afskipti af þessum málum var það í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins að þetta skyldi gert. En það var fellt úr lögunum frá 1970 þegar endurskoðunin fór fram 1980. Þá var felld brtt. frá mér og öðrum sjálfstæðismönnum um að taka þetta ákvæði þá upp. En mönnum hefur farið fram síðan og nú koma þeir með þetta ákvæði inn í 32. gr. Ég sagði áðan að þetta væri það eina nýtilega í 32. gr. Og meira en það. Það nær ekki nokkurri átt að láta annað efni gr. standa. Þess vegna leggjum við til að greinin falli niður, 32. gr., að öllu leyti nema að því er varðar það ákvæði sem ég hef hér gert grein fyrir.

En hvað felst í því sem við leggjum til að falli niður? Það er sú breyting frá núgildandi lögum, sem nú er lögð til í þessu frv., að námsmenn séu ekki lengur undanskildir skyldusparnaði. Fram að þessu hefur verið gengið út frá því að skólafólk, námsfólk í landinu væri í þeirri aðstöðu að það væri ekki raunhæft eða sanngjarnt að leggja á það þær skyldur að hlíta skyldusparnaðinum. En nú vill hæstv. ríkisstj. breyta þessu. Og þetta sem viðkemur skólafólki í landinu eru einu ráðstafanir til þess að efla Byggingarsjóð ríkisins. Það er eina úrræðið að námsmennirnir, námsfólkið leggi meira fé af mörkum. Er hægt að komast lengra í úrræðaleysinu og óhæfunni í þessum efnum en gert er með slíkri tillögugerð, sem hér liggur frammi frá hæstv. ríkisstj. og lýsir sér í þessu? Ég held ekki. Það er því ekki að ófyrirsynju að við, sem berum fram brtt. á þskj. 501, leggjum til að ekki verði horfið að slíkum ráðum og því verði greinin öll felld niður nema síðasta mgr. sem ég hef gert grein fyrir.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir allar brtt. okkar á þskj. 501, 10 að tölu, og sumar í undirliðum. Ég hef leitast við að stilla máli mínu í hóf. Það hefði verið ærin ástæða að ræða um sum þessi efni, sem ég hef komið inn á, miklu nánar. En ég vænti þess, að það megi vera ljóst af máli mínu að eðlilegt sé að samþykkja þessar brtt. Og ég leyfi mér að vona að það þurfi ekki að vera fyrir fram gefið, að hv. stuðningsmenn núv. ríkisstj. sjái sér ekki annað fært en að fylgja ríkisstj. í þeim verkum sem hún leggur til að við samþykkjum. En mörg þeirra eru hrein óþurftarverk fyrir byggingarmálin í landinu.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir greinargóðan málflutning varðandi frv. og brtt. þær sem við sameiginlega höfum lagt fram.

Það frv. sem ríkisstj. hefur nú lagt fram um Húsnæðisstofnun ríkisins er afskaplega illa gert — og það sem verra er, í því eru stórhættulegar leiðir, sem verða húsbyggjendum mjög til trafala á næstunni, ef þær verða samþykktar. Það er mjög athyglisvert að í 1. gr. segir, að ríkissjóður eigi að tvöfalda verðgildi framlags til Húsnæðisstofnunar á fjárlögum árið 1982. Það er mjög athyglisvert að þetta kemur fram nú í lok þings, þegar til kosninga hefur verið boðað, og sýnir það reyndar að þarna eru menn að reyna að bæta úr því vandræðaástandi sem þeir hafa komið húsbyggjendum í. En í raun meina þeir ekkert með þessu vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu til að framkvæma þessa hluti. Það verður búið að koma þessari ríkisstj. og þessum þingmeirihluta frá þegar til þess kemur að efna þessi fyrirheit.

Það er mjög athyglisvert að fjöldi almennra byggingarlána árin 1977—1979 er að meðaltali 1800 byggingarlán á ári, en fjöldi byggingarlána árin 1980—1982, í tíð þessarar ríkisstj., er sem næst 1300 að meðaltali á ári, þ. e. byggingarlánum hefur fækkað að meðaltali um 500. Og það er áætlað að árið 1983, þ. e. á þessu ári, verði byggðar 1200 íbúðir. Varla er hægt að komast

neðar á svo skömmum tíma sem gert hefur verið nú. Sannleikurinn er sá, að húsnæðiskerfið er að þrotum komið. Verðgildi almennra byggingarlána er að verða minna en nokkru sinni fyrr eða aðeins um 10—12% af raunverulegum byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Geigvænlegir erfiðleikar steðja að húsbyggjendum, einkum yngra fólki. Afleiðing þess er samdráttur í íbúðabyggingum, uppsprengt verð á fasteignamarkaði og sprengingar á leigumarkaði. Fjárhagsgrundvöllur Byggingarsjóðs ríkisins er brostinn. Hann mun tæpast geta haldið í horfinu á þessu ári og er nú rekinn með stórfelldum yfirdráttarskuldum. Yfirstjórn Alþb. í húsnæðislánakerfinu hefur orðið hefndargjöf fyrir íslenska alþýðu og æskufólk.

Alþfl. lítur á endurreisn húsnæðislánakerfisins sem mannréttindamál og mun gera það að forgangsverkefni þegar til kemur. Hefði stefna Alþfl. náð fram að ganga árið 1979 væru lán til almennra húsbyggjenda nú 45% af byggingarkostnaði viðmiðunaríbúða og hver lánshluti reiknaður við útborgun fram til verðlags á útborgunardegi. Alþfl. sýndi fram á það með ítarlegri úttekt á húsnæðislánakerfinu og áætlunargerð, að stefna hans væri raunhæf og framkvæmanleg. Þessari stefnu munum við framfylgja þegar til kemur.

Mig langar til þess að gefa hér nokkurt yfirlit yfir fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Enda þótt aðeins væru veitt 1 182 nýbyggingarlán á síðasta ári versnaði sjóðsstaðan um 43.9 millj. kr. Nú er sjóðurinn yfirdreginn um ca. 120 millj. kr. hjá Seðlabanka og veðdeild. Þessar tölur eru frá 2. febr. og enn hefur staðan versnað. Nýjustu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 1983 gera ráð fyrir 60 millj. kr. fjárvöntun þótt verðgildi lánanna verði óbreytt og fjöldi þeirra aðeins 1 200 eins og þessir herrar ætla sér nú. Þá er gert ráð fyrir að skuldabréfakaup lífeyrissjóða verði 220 millj. kr. á árinu, sem er 68.5% aukning frá raunverulegum kaupum á síðasta ári og sjá menn á þessu hversu fjarstæðan er mikil. Í drögum að lánsfjárlögum er gert ráð fyrir að þessi skuldabréfakaup verði 321 millj. kr., sem er víðs fjarri öllum veruleika, en handhæg aðferð til að ná endum saman. Sama aðferð var notuð árið 1982. Þá vantaði 58 millj. eða 31.1% upp á skuldabréfakaupin. Þetta sýnir okkur hvernig staðan er nú og hvernig þessum málum er komið, hversu illa hefur verið á málum haldið. Það er mjög einkennandi fyrir þessa umr. einmitt í þessum sal að þegar við erum að ræða þessi brýnu mál og hvernig hefur verið farið með húsbyggjendur í landinu, þá hverfa Alþb.-menn af vettvangi. Hver og einn einasti þeirra er á burt og vill ekki heyra hversu illa hefur verið á þessum málum haldið.

Ég og félagar mínir teljum það frv. sem nú liggur fyrir alls ekki verða til þess, ef samþykkt verður, að bæta úr fyrir húsbyggjendum, öðru nær. Við sem myndum meiri hl. í félmn. leggjum fram ítarlegar brtt. og ég vona að stjórnarliðar sjái sóma sinn í því að fylgja þeim till., till. sem eru tilraun til að bæta úr þeirri ánauð sem húsnæðislánakerfið hefur orðið að þola í tíð þessarar ríkisstj.

Það mætti fara mörgum orðum um það hvernig á þessum málum hefur verið haldið, en ástæðulaust er að þylja slíkt yfir hálftómum sal. Hitt er annað mál, að verði þetta frv. samþykkt, þá er vegið enn frekar en gert hefur verið að Byggingarsjóði verkamanna eða fólkinu sem á að njóta þeirra íbúða er þetta kerfi byggir. Það á að gera í því formi að hækka vexti til húsbyggjenda og er meiningin að gera það á þann hátt að ríkisstj. og Seðlabanka verði falið það vald.

Ég læt þessu lokið að sinni. En ég vænti þess að tillögur okkar í meiri hl. félmn. verði samþykktar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 22, n. 461 og 465, 479). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 479 felld með 14:8 atkv.
1. gr. samþ. með 20:10 atkv.
2. gr. samþ. með 17:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27:2 atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62, n. 473 og 474). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, VG.

nei: AG, ÁG, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, SvH.

2.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 367, n. 485, 409, 469, 486). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32:1 atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Stjórnarskrárnefndir í báðum deildum hafa rætt efni þessa frv. og voru sammála um að gera breytingar á 2. gr. frv. Undirrita allir nm. í Nd. þetta nál., þar sem þeir mæla með því að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem er á þskj. 486, á orðalagi 2. gr. Till. sem fyrir lá frá hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni var rædd í n. og var það ákvörðun n. að sú till. kæmi til atkv. við atkvgr. hér við 2. umr.

33. gr. núverandi stjórnarskipunarlaga er svohljóðandi:

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði. — Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar."

Í því frv. sem hér liggur fyrir voru gerðar á þessu verulegar breytingar þannig að aldursmörk eru lækkuð niður í 18 ár og ákvæði um að enginn geti átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð er fellt burtu. Það er ekki lengur í samræmi við réttarvitund nútímans að hafa slíkt ákvæði inni. Þá mega menn nú kjósa ef þeir hafa átt hér lögheimili einhvern tíma á síðustu fjórum árum fyrir kosningar. Kemur þetta ákvæði til móts við hagsmuni námsmanna erlendis og þeirra mörgu sem ráða sig til vinnu erlendis um skeið. Samkv. frv. glatast kosningarréttur ekki sem fyrr. Hagstofustjóri Klemens Tryggvason kom á fund nefndarinnar til að ræða þetta atriði og að fengnum hans upplýsingum og tillögum varð nefndin sammála um að leggja fram þessa brtt., sem er hér á þskj. 486. Vil ég því fara um hana nokkrum orðum, því að hér er um veigamikla breytingu að ræða.

Að því er varðar 2. gr. frv. leggur n. til að breytt verði ákvæði hennar um lögheimili á Íslandi sem kosningarréttarskilyrði. Í stað þess skilyrðis að maður hafi átt lögheimili hér á landi á síðustu fjórum árum fyrir kjördag komi: Lögheimili á Íslandi þegar kosning fer fram er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Í grg. með frv. segir að ákvæði 2. gr. um lögheimili sem skilyrði kosningarréttar sé rýmkun á búsetuskilyrði kosningarréttar og að komið sé til móts við hagsmuni þeirra sem ráða sig til vinnu eða eru við nám erlendis. Ástæðurnar fyrir þessari till. nefndarinnar eru aðallega tvær:

Annars vegar telur hún að sú rýmkun á búsetuskilyrðum, sem er sögð felast í 2. gr. frv., leysi ekki þann vanda sem kom upp þegar Ísland á árinu 1969 gerðist aðili að Norðurlandasamningi um almannaskráningu. Samkv. honum urðu íslenskir námsmenn á Norðurlöndum almennt að láta í té samnorrænt flutningsvottorð við komu til viðkomandi lands, en þar með fluttist lögheimili þeirra frá Íslandi og þeir hurfu af almannaskrá þar. Varð af þessum sökum að gera sérstakar ráðstafanir til að íslenskir námsmenn á Norðurlöndum héldu kosningarrétti, enda er þeim í lögheimilislögum tryggður réttur til að halda lögheimili og þar með kosningarrétti á Íslandi. Þær sérstöku ráðstafanir, sem hér er um að ræða, voru samþykktar af þáv. ríkisstj. og fulltrúum stjórnmálaflokkanna. Þetta var neyðarúrræði, sem aðeins átti að gilda til bráðabirgða, en við svo búið hefur staðið við allar almennar kosningar eftir 1970. Miklir annmarkar og margvísleg vandkvæði hafa fylgt þeirri aðferð, sem gripið var til 1971, auk þess sem hún hefur verið vinnufrek og kostnaðarsöm. Gert var ráð fyrir að úr þessu yrði bætt við næstu endurskoðun stjórnarskrár. Eins og áður segir felur ákvæði 2. gr. frv. ekki í sér lausn á þessu máli. Má marka það af því, að síðustu árin hafa íslenskir námsmenn á Norðurlöndum samkv. bráðabirgðatilhöguninni getað verið allt upp í átta ár búsetulausir á Íslandi án þess að missa kosningarrétt þar og það kemur varla til greina að færa þetta árabil niður í fjögur ár eins og frv. gerir ráð fyrir og miðar við að bundinn verði endi á það ófremdarástand sem ríkt hefur síðan 1971 í þessum efnum.

Hin aðalástæðan fyrir þessari till. n. er sú, að vegna byltingarkenndra breytinga á samskiptum Íslands við umheiminn kemur til greina að láta búsetukröfur sem skilyrði kosningarréttar víkja að einhverju leyti fyrir öðrum sjónarmiðum, sem þýðir að íslenskir ríkisborgarar sem slíkir búsettir erlendis fái aukinn rétt. Vegna stórbættra samgangna eru Íslendingar erlendis nú margir hverjir í miklu nánari tengslum við íslenskt samfélag en áður var. Það er orðið ekki óalgengt að Íslendingar erlendis séu virkir þáttakendur í ýmiss konar starfsemi í heimalandinu, séu t. d. aðilar að atvinnurekstri í einhverju formi og jafnvel með eigin fyrirtæki, að ég tali nú ekki um eigið húsnæði. Þá mælir og augljóslega margt með því að Íslendingar, sem dveljast lengi erlendis til að fullkomna sig í annarri starfsgrein og ætla flestir að hverfa heim aftur, haldi kosningarrétti þótt þeir teljist ekki vera við nám. Margt fleira mætti hér tína til. Þá yrði og mikið framkvæmdahagræði að þessu, því ef íslenskt ríkisfang eitt ætti að vissu marki að nægja til að Íslendingar erlendis héldu kosningarrétti yrði að verulegu leyti komist hjá mikilli vinnu og stórfelldum tilkostnaði ríkisaðila, sveitarfélaga og stjórnmálaflokka, sem óhjákvæmilega fylgir núverandi kerfi, og einnig þeirri tilhögun sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv.

Það virðist ekki vera fjarri lagi að íslenskir ríkisborgarar erlendis haldi kosningarrétti í 8 eða 10 ár eftir að þeir fluttu lögheimili sitt frá Íslandi, þó með nánar tilgreindum undantekningum. Til þess að slíkt fyrirkomulag yrði einfalt og kostnaðarlítið í framkvæmd yrðu hlutaðeigendur að tilkynna Hagstofunni ósk sína um að komast á kjörskrá á þar til gerðu eyðublaði, er væri fáanlegt hjá öllum sendiráðum og ræðismannaskrifstofum Íslands. Á þessu eyðublaði mundu menn eiga að tilgreina nafnnúmer sitt samkv. þjóðskrá og að öðru leyti gera grein fyrir sér, þar á meðal sanna að þeir séu enn íslenskir ríkisborgarar. Nokkur fyrirhöfn mundi þannig fylgja því að maður sé tekinn á kjörskrá, og svo á að vera, því að ástæðulaust er að á kjörskrá komi aðrir en þeir sem vilja og hafa áhuga á því að vera þar. Þessi tilhögun hefur það mikla kosti að ekki þarf að hafa áhyggjur af öllum þeim sem ekki hafa vilja og framtak í sér til þess að óska eftir því að verða teknir á kjörskrá.

Hvernig svo sem tilhögun kosningarréttar Íslendinga erlendis verður ákveðin skiptir mestu á þessu stigi málsins að nánari ákvæði um búsetuskilyrði kosningarréttar verði ekki áfram fastbundin í stjórnarskrá, heldur ákveðin í kosningalögum. Það sem hér hefur verið sagt um breytta skipan kosningarréttar Íslendinga erlendis eru að sjálfsögðu aðeins ófullkomin og lausleg drög. Alhliða og nákvæm athugun þarf að fara fram á málinu til þess að unnt sé að ákveða hvaða skipan þess henti best til frambúðar.

Í 2. gr. frv., sem hér er rædd, er gert ráð fyrir að óflekkað mannorð hætti að vera skilyrði kosningarréttar, en ákvæðið um að lögræðissvipting leiði til missis kosningarréttar á að standa áfram. Það er samdóma álit nefndarmanna að lögræðissvipting eigi ekki frekar en flekkað mannorð að leiða til þessarar réttindaskerðingar og því er lagt til að þetta ákvæði verði fellt niður úr greininni.

Ég læt svo þetta nægja í sambandi við skýringu á brtt. n.

Ég tel ekki ástæðu til að gera ítarlega að umræðuefni 1. gr. frv. um orðalag 31. gr., um kjördæmamálið, því að því voru gerð nákvæm skil í framsöguræðu 1. flm. þessa frv. sem og annarra þeirra er þar tóku til máls.

Það heyrist æðioft að þm. eigi ekki að fjölga og talið mjög alvarlegt að þm. skuli leggja til að fjölga skuli þm., heldur eigi jafnvel að fækka þeim og þá um helming, segja sumir. Hér er auðvitað um öfgar að ræða. Þetta frv. gerir ráð fyrir að þm. fjölgi um þrjá frá 1959. Næstum því aldarfjórðungur er liðinn frá því að breytingar voru síðast gerðar, og lagt er til með þessu frv. að verði 5% fjölgun þm. Ég vil til gamans og fróðleiks geta þess að samkv. skýrslum um slysatryggðar vinnuvikur var tala reiknaðra heilsársstarfsmanna allra bankanna í landinu 897 á árinu 1963, en 2537 á árinu 1980, og hefur verið blómlegt skeið síðan. Hækkum 183%. Gera má ráð fyrir tiltölulega lítilli fjölgun frá 1959, en þar hef ég ekki tölur um. Samkv. þessum sömu skýrslum var tala reiknaðra heilsársstarfsmanna hjá ríkinu 4252 á árinu 1963, en 9651 á árinu 1980. Hækkun 127%. Og enn langar mig að nefna eitt dæmi: Starfslið sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. — Það er ekki meðtalið í þessum tölum, en þar hefur fjölgun orðið jafnvel meiri en ég var að geta um. Ef við ætlum að láta þennan samanburð ná til alls tímans var um tiltölulega litla fjölgun að ræða á opinberum starfsmönnum á árunum 1959—1963. Þetta gefur nokkra hugmynd um þá breytingu sem hefur orðið í ýmsum þjónustugreinum og opinberri starfsemi hér á landi, og því þolir Alþingi vel að sjá framan í þann samanburð og leggja til eftir aldarfjórðung að fjölga þm. um 5%.

Að þessu sinni eru ekki gerðar róttækar breytingar á kjördæmaskipaninni eins og síðast þegar henni var hreyft árið 1959, en þá var horfið frá einmenningskjördæmum og tvímenningskjördæmum og þeim fækkað og tekið upp það fyrirkomulag, sem verið hefur síðan, eða átta kjördæmi að Reykjavík meðtalinni. Þessari kjördæmaskipan, sem þá varð, var mjög umdeild og margir óttuðust að þegar hún kæmi til framkvæmda væru hinir minni staðir fyrir borð bornir. Þm. litu aðeins til fjölmennustu byggðarlaganna í sínu kjördæmi. Ég held að reynslan hafi sýnt að slík breyting hefur ekki átt sér stað í reynd. Þm. hafa sinnt sínum kjördæmum almennt vel og því er ekki ástæða til að agnúast lengur út í þá breytingu sem þá átti sér stað. Hitt er svo annað mál, að það hefur skotið aftur upp kollinum að gera landið að einu kjördæmi. Þá held ég að sé alveg öruggt að sú verði tíðin að þm. sinni ekki hinum fámennu byggðarlögum og þau verði útundan. Þess vegna er það nauðsynlegt, að mínum dómi, að halda í þetta form, en stíga ekki jafnróttækt skref og einstaka menn vilja leggja til.

Ég vil taka það fram, að í starfi stjórnarskrárnefnda, sem hafa verið starfandi frá því að lýðveldið var stofnað, hefur það verið þráðurinn í starfi flestra þeirra sem í þeim hafa setið að ná samkomulagi um mál, að reyna að finna hinn gullna meðalveg, þannig að við efnum ekki til ófriðar í þjóðfélaginu — til ófriðar fyrst og fremst á milli þéttbýlis og strjálbýlis. Mér er ljóst að kröfurnar um fullkomið vægi atkvæða eru æðihávérar hér í þéttbýlinu og það eru líka hávérar kröfur úti um hinar dreifðu byggðir landsins um að breyta hér engu, því að þar vilja menn halda því fram að strjálbýlið skorti svo margt sem þéttbýlið hafi og hagur þess verði fyrir borð borinn ef veigamiklar breytingar verði gerðar. Sem betur fer eru flestir þm. þeirrar skoðunar að vinna að þessum málum á þann veg að skapa sem víðtækasta samvinnu og samstarf á milli þéttbýlis og strjálbýlis.

Ég tel mig vera strjálbýlismann og er fulltrúi fyrir fámennasta kjördæmi landsins og jafnframt eitt ef ekki erfiðasta kjördæmið yfirferðar. Ég tel að mér beri að taka fullt tillit til þess aukins misvægis, sem átt hefur sér stað frá því að síðasta kjördæmabreyting var gerð, og sýna þar með skilning á breytingum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þar er leiðrétt það misvægi, sem skapast hefur síðan 1959, og heldur betur, eins og fram kom réttilega í máli 1. flm. þessa máls. En ég tel líka að fólkið sem býr hér í þéttbýlinu geti ekki lagt fram svona einarða kröfu um fullkomið vægi atkv. á meðan við erum enn ekki búnir að jafna meir og betur þann mun sem er á að búa í þéttbýli eða búa í strjálbýli. Þess vegna held ég að slík krafa fái ekki staðist nema knýja hana fram með offorsi með fjöldaályktunum á kostnað hinna fámennari byggðarlaga, á kostnað landsbyggðarinnar í heild, en með því móti er verið að auka á sundrungu í þjóðfélaginu. Og ég ætla að biðja þm. að hafa það í huga að sundrungin er nógu mikil fyrir. Þingræðið stendur ekki styrkum fótum í íslensku þjóðlífi og þar kemur margt til. Bæði þm. og almenningur eiga þar sök á máli. Það þykir nú orðið fínt að sparka í Alþingi og gera sem allra minnst úr þinginu. Nú þykir það fínast að efna til hvers konar sundrungar og sá sem er háværastur í sundrunginni er mest lofaður. Það er því kominn tími til fyrir alþm. að skapa breiða samstöðu í þessum efnum, eins og flokkunum hefur borið gæfa til með flutningi þessa frv.

Ég álít að þó að seint hafi gengið hjá þeim stjórnarskrárnefndum sem starfað hafa frá stofnun lýðveldis hafi þó nokkuð áunnist. Heildarskýrsla liggur fyrir, en stjórnarskrárnefndin tók aldrei fullkomlega afstöðu til kjördæmamálsins. Það voru fyrst og fremst verk formanna stjórnmálaflokkanna og þingflokkanna að ná þar saman með góðum stuðningi og skilningi velflestra þm. Þetta hefur tekist með þessum flutningi. Þeir sem eru á móti þessum ákvæðum og eru þm. úr strjálbýli eru í raun og veru, ef þetta mál nær ekki fram að ganga, að kalla yfir sig miklu þyngri og hærri öldu úr þéttbýlinu, sem getur orðið til þess að það verður gengið miklu lengra næst þegar málið verður tekið upp, og þeir í þéttbýlinu, sem vilja ekkert sjá annað en fullkomið vægi atkv. í einu stökki, eru um leið að efna til stórfellds ófriðar á milli strjálbýlis og þéttbýlis. Það er hart þegar þm. sumir hverjir, sem þannig hugsa og tala, gleyma uppruna sínum.

Ég vil svo að síðustu þakka samnm. mínum í stjórnarskrárnefndinni í báðum deildum fyrir ágæta samvinnu. Við náðum ekki samkomulagi um að flytja hér ákvæði til bráðabirgða um afgreiðslu stjórnskipunarlaga, en vorum ásáttir um að flytja það mál ekki. Hins vegar, eins og fram kemur í nál., áskilja einstakir nm. sér að flytja eða fylgja brtt. Ég vona að þetta frv. nái fram að ganga með þeim hætti sem nefndin hefur einróma lagt til að hafður sé á.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum lýsa afstöðu minni til þessa frv. til stjórnarskipunarlaga,

sem hér er til umr. Ég stend, eins og nál. ber með sér, að afgreiðslu stjórnarskrárnefndar á málinu og legg til að frv. verði samþykkt með þeirri einu breytingu sem hv. 1. þm. Vestf. gerði hér ágætlega grein fyrir rétt áðan.

Í þessari afstöðu minni til frv. til stjórnarskipunarlaga felst það eitt, að ég er sáttur við núverandi kjördæmaskipan og get fellt mig við að þm. verði fjölgað í 63, lágmarkstala þm. í dreifbýliskjördæmum verði fimm, nema sex í Norðurl. e. og svo Suðurlandi, þ. e. a. m. k. 32 af þessum 63 verði kjörnir utan Reykjavíkur og Reykjaness, og að atkvæðisbærir verði menn 18 ára gamlir. Hins vegar vil ég taka það fram að með þessu er ég ekki að samþykkja fskj. sem prentuð eru með frv., svo sem drög að frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 frá 1959, með síðari breytingum. Þeim drögum er að ýmsu leyti áfátt.

Ég mun ekki eyða að þessu sinni tíma hv. þd. til að ræða þessi kosningalagadrög. Á nýju þingi gefst tækifæri til þess að lagfæra drögin innan ramma þeirrar stjórnlagabreytingar, sem hér er verið að gera.

Ég hafna hugmyndum um að tengja afgreiðslu stjórnarskrármálsins ákvörðun um kosningar strax að loknum aprílkosningum, því að ég tel það ábyrgðarleysi að flana út í síðari kosningar án þess að reyna í millitíðinni að reisa rönd við þeirri dýrtíðarholskeflu sem ógnar þessu þjóðfélagi. Ég tel að þeim þm. sem kjörnir verða í kosningum í apríl beri skylda til framar öllu öðru að láta það verða sitt fyrsta verk að koma sér saman um viðhlítandi efnahagsaðgerðir til að varna bráðasta háskanum. Annað væri raunar algert ábyrgðarleysi við þær skuggalegu kringumstæður sem við búum nú við. Síðan, þegar bráðasta háskanum væri bægt frá, getur að sjálfsögðu nýkjörinn meiri hluti, sem myndast kann, ákveðið kosningar ef honum svo sýnist.

Ég vil ekki orðlengja þetta meira að sinni, en vildi láta þessi sjónarmið mín koma fram hér og nú.

Ég vil að endingu þakka meðnm. í hv. Nd. gott samstarf og þá sérstaklega formanni nefndarinnar, hv. 1. þm. Vestf., sem stjórnaði nefndarstarfinu af mikilli prýði.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. mínum og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur við frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Tillögurnar eru þessar:

1. 1. gr. orðist svo: „Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn". M. ö. o. felst brtt. í því, að þm. verði ekki fjölgað.

2. Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. orðist svo: „Skiptingu þingsæta milli kjördæma skal ákveða í kosningalögum". M. ö. o. öll ákvæði í stjórnarskrá, sem kveði á um lágmarksfjölda þingsæta á kjördæmi, verði numin úr stjórnarskrá og færð í kosningalög.

3. Lagt er til að 3. mgr. 1. gr. falli brott, en í staðinn komi þessi mgr.: „Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal þess gætt, að hver þingflokkur fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína."

Í texta þess frv. sem hér liggur fyrir er þetta orðalag svo loðið að það er nánast merkingarlaust, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína."

Síðan koma önnur ákvæði sem varða raunverulega aðferðir við úthlutun jöfnunarsæta o. s. frv.

Þetta eru efnislega þær tillögur, sem við flytjum á þskj. 494.

Herra forseti. Nú vil ég leyfa mér að rökstyðja þessar tillögur nokkru nánar.

Hér liggur fyrir frv. til stjórnskipunarlaga, sem í aðalatriðum snýst aðeins um tvennt: Í fyrsta lagi fjölgun þm. um þrjá og í öðru lagi felst í þessum tillögum að stjórnarskrárbinda það misvægi atkvæðisréttar, sem tillögur þessar í heild sinni gera ráð fyrir, en þær gera ekki ráð fyrir meiri leiðréttingu á vægi atkvæðisréttar sem orð er á gerandi en náðst hafi þegar árið 1959, þ. e. það þýðir að kjósendur í Reykjavík eiga að una því áfram samkv. þessu samkomulagi að það þarf rúmlega 2½ kjósanda í Reykjavík til þess að jafnast á við þann kjósanda í dreifbýli sem best er að búið í þessu efni.

Þær tillögur, sem hér eru fluttar, eru í andstöðu við þetta og kveða á um breytingar á þessum efnum. Hver er vilji kjósenda í þessum málum? Allar skoðanakannanir staðfesta að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur fjölgun þm. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er líka þeirrar skoðunar að allir Íslendingar eigi að hafa sama atkvæðisrétt. Hins vegar eru margir tilbúnir að sætta sig við þá málamiðlun að sú þróun verði í áföngum. Ég lýsi því yfir að ég er einn þeirra sem get unað því, enda er það pólitísk staðreynd að samkomulag um annað er ekki fáanlegt á Alþingi.

Niðurstaða skoðanakönnunar sem Samtök áhugamanna um jafnan kosningarrétt efndu til í febrúar var þessi: Meiri hluti þátttakenda eða 55% vill jafna atkvæðavægið milli landshluta að fullu og gera landið að einu kjördæmi án þess að fjölga þm. Þessi niðurstaða er í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu míns flokks, svo sem hann hefur boðað hana áratugum saman og fest í sína stefnuskrá, en eftir sem áður er það staðreynd að um þessa leið er ekkert pólitískt samkomulag að fá á Alþingi.

Samkvæmt gildandi stjórnarskrá er það þm. sjálfra að ákveða leikreglur í kosningum og fjölda þm. Þetta er fráleit skipan. Það er viðurkennd réttarregla að menn eigi ekki að vera dómarar í sjálfs sín sök. Við þetta bætist að minni hluti þjóðarinnar hefur öflugan meiri hluta á Alþingi. Ástæðan er sú, að einungis þriðji til fjórði hver kjósandi fjölmennustu kjördæmanna hefur í reynd kosningarrétt til Alþingis. Þessi skipan þýðir að fulltrúar meiri hluta þjóðarinnar verða að leita eftir samkomulagi við fulltrúa minni hl., hinn stjórnarskrárverndaða þingmeirihl., til þess að fá leiðréttingu sinna mála.

Það liggur þegar ljóst fyrir að allir flokkar eru klofnir í afstöðu til þessa máls, hvernig svo sem reynt er að breiða yfir það með samkomulagstilraunum. Stjórnarskrárfrv., sem nú liggur fyrir Alþingi flutt af formönnum flokkanna og stutt af meiri hl. þingflokkanna, er pólitísk málamiðlun. Um hvað er þetta frv.? Eins og ég hef þegar sagt eru aðalatriðin tvö: fjölgun þm. um þrjá og það að færa kosningaaldur niður í 18 ár. En það hangir fleira á þessari spýtu. Í fskj. með stjórnarskrárfrv. er að finna tillögur um gerbreytt kosningalög, sem ætlast er til að næsta Alþingi samþykki. Það skal tekið skýrt fram, að hver svo sem verður niðurstaða þessa þings fær það ekki staðist að þetta þing bindi

hendur þess þings sem saman kemur að loknum kosningum nú í vor, þannig að sá þáttur málsins hefur út af fyrir sig takmarkað gildi.

Hvað þýðir þessi tillöguflutningur í reynd? Þetta þýðir að samþykki nýtt Alþingi í maí þessa tiltölulega lítilfjörlegu stjórnarskrárbreytingu ásamt kosningalögum eru yfirgnæfandi líkur á því að efnt verði til nýrra kosninga í sumar, í júní eða júlí.

Hv. formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, lýsti því yfir í þessum ræðustól áðan að flokkur hans væri andvígur því. Minn flokkur, þingflokkur Alþfl., hefur ekki viljað skuldbinda sig til þess að standa að tillögum sem fælu í sér skuldbindingu um að efnt verði til kosninga í vor. Engu að síður verður að játa, að sú leið sem hér er farin kallar því sem næst óhjákvæmilega á slíkar kosningar. Það er staðreynd að þetta frv. felur í sér að vísu mjög takmarkaða en þó nokkra leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar. Það mun fela það í sér að þrýstingur verður aukinn á það að efnt verði til kosninga samkv. nýjum kosningalögum og stjórnarskrárbreytingu. En á sama tíma er það staðreynd, að eftir langvarandi óstjórn, ekki aðeins þessarar ríkisstjórnar heldur hverrar ríkisstjórnarinnar á fætur annarri á undanförnum verðbólguáratug, er ástandið í íslenskum efnahagsmálum nú þannig, að hvenær sem er getur til þess komið að grundvöllur atvinnulífsins bresti og þær aðstæður skapist að það verði með öllu óverjandi að ætla að verja tíma þings og stjórnvalda mánuðum saman til þess að standa í kosningabaráttu, en við þessar kringumstæður eru litlar líkur á því að hægt verði að koma á starfhæfri meirihlutastjórn, hversu brýnt sem það augljóslega virðist vera, þannig að þessi leið er þegar af þessari ástæðu mjög hæpin. Ef menn hefðu viljað forðast þetta er augljóst mál að flokkarnir hefðu orðið að leita samkomulags um að leiðrétta misvægi atkvæðisréttar nú þegar á þessu þingi með þeirri aðferð að breyta kosningalögum með þeim hætti að samrýmdist stjórnarskrá. Það hefði falið í sér að fjölga ekki þm., því að það er stjórnarskrárbundið, og leggja fram breytingar á kosningalögum sem hefðu verið innan ramma stjórnarskrárákvæða, t. d. um 11 landskjörna menn. Ég viðurkenni að þetta var erfiðleikum bundið, en ég árétta að úr því að þessi leið er farin á annað borð er rökrétt niðurstaða þessarar aðferðar tvennar kosningar í vor, hvernig svo sem ástandið í íslenskum þjóðmálum kann að vera.

Ég sagði, herra forseti, að þær tillögur, sem hér liggja fyrir, væru pólitísk málamiðlun byggð á því að meiri hluti þings, sem að vísu er fulltrúi minni hluta þjóðar, gefur ekki kost á því að stærra skref sé stigið til þess að leiðrétta misvægi atkvæðisréttar en hér er gert.

Sú stjórnarbót, sem er boðin, snýst þá um þetta:

1. Það er ekki boðið upp á meiri leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar en þegar hafði náðst fyrir tæpum aldarfjórðungi eða árið 1959, svo að orð sé á gerandi.

2. Það er boðið upp á fjölgun þm. Hún er að vísu mjög lítil, það skal viðurkennt, og mun minni en vitað er og yfirlýst og fram kemur í samþykktum flokka að sumir stjórnmálaflokkar, þ. á m. bæði Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og Alþb., voru reiðubúnir til þess að fallast á. Ég hygg að þessi tiltölulega litla fjölgun þm. sé m. a. til komin vegna þess að bæði hér innan þings, innan einstakra þingflokka og úti í þjóðfélaginu sjálfu hefur risið mótmælaalda gegn því að fjölga þm.

Það eru ekki meginrök í þessu máli að á undanförnum árum hefur orðið mikil fjölgun opinberra starfsmanna. Alþingi er sérstök stofnun. Spurningin er þessi: Er einhver ástæða til þess að ætla að Alþingi verði skilvirkara í sínum störfum, skili meiri árangri í sínum störfum, ef þm. er fjölgað? Leysir það nokkuð þau vandamál sem við er að fást í þjóðfélaginu að fjölga þm.? Svar mitt við því er nei. Það leysir engin vandamál, nema pólitísk vandamál þm. sjálfra eða einstakra þingflokka. Þau vandamál eiga að víkja þegar kemur að svo alvarlegu máli sem endurskoðun stjórnarskrár, sem á að snúast um að ákveða sjálfar leikreglurnar í þjóðfélaginu.

Í annan stað liggur ljóst fyrir að fjölgun þm. er óþörf ef menn reyna að réttlæta hana með því að ella hefði ekki náðst sambærileg leiðrétting á misvægi atkvæðisréttar. Ég vísa þm. á að kynna sér að í skýrslu stjórnarskrárnefndar um kjördæmamálið eru lagðir fram valkostir, í þeirri skýrslu auðkenndir A 3 og A 4, þar sem kemur fram að unnt er að ná svipaðri leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar án fjölgunar þingmanna. Fjölgun þingmanna er þess vegna hvort tveggja í senn óþörf til þess að ná því meginmarkmiði þessara breytinga að ná vissum áfanga í jöfnun atkvæðisréttar og hún verður ekki réttlætt að öðru leyti með því, að þar með sé verið að gera Alþingi skilvirkara eða ábyrgara í störfum. Við þurfum ekki á að halda fjölgun þm. og þess vegna er það, að þegar boðið er upp á stjórnarskrárbreytingu sem felur í aðalatriðum aðeins í sér tvennt, fjölgun þm. sem þjóðin er á móti og sem er óþörf, en hins vegar lækkun kosningaaldurs, þá er niðurstaðan sú, að eftirtekjan af margra ára starfi við heildarendurskoðun stjórnarskrár sé heldur rýr.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Eftir er það versta að mínu mati og það er þetta: Með því að binda lágmarkstölu þingsæta á kjördæmi í sjálfri stjórnarskránni er þetta misvægi atkvæðisréttarins, tveir-þrír Reykvíkingar og Reyknesingar á móti einum kjósanda í dreifbýli þar sem best er boðið í kosningum til Alþingis, stjórnarskrárbundið með varanlegum hætti. Það þýðir m. ö. o. að það eru engar líkur á því að þetta misrétti fáist leiðrétt í áföngum fyrir hverjar kosningar í framtíðinni. Í fyrri ræðu minni við 1. umr. þessa máls rakti ég það allítarlega að í kosningalögum því sem næst allra nágrannaríkja okkar er að finna slík sjálfvirk leiðréttingarákvæði, þar sem það þykir svo sjálfsagt mál að atkvæðisrétturinn, grundvallarréttindi almennings í kosningum, sé hverju sinni fyrir kosningar með þeim hætti að allir þegnar viðkomandi ríkis sitji þar við sama borð. Ef þetta nær fram að ganga lokumst við aftur inni í vítahringnum frá 1959. Með áframhaldandi búsetuþróun mun misvægi atkvæðisréttar halda áfram að aukast. Samkvæmt því fskj. um kosningalög sem lagt hefur verið fram, langar mig til að árétta það enn einu sinni, er ekkert slíkt leiðréttingarákvæði að finna, vegna þess að lágmarksfjöldi þingsæta er bundinn í stjórnarskrá að öðru leyti en því að búast má við því, að ef búsetuþróun verður með líkum hætti og verið hefur leiði það innan fárra ára til þess að Reykjavík verði að láta af einu þingsæti í hendur Reykjanesi. Það er eina tilfærslan sem boðið er upp á samkv. þeim kosningalögum, sem að vísu eru ekki hér á dagskrá, þar sem það kemur til kasta næsta þings að taka afstöðu til þeirra. M. ö. o. er boðið

upp á að við sitjum enn í sama farinu og 1959, þjóðin verði áfram klofin í andstæðar fylkingar í jafnviðkvæmu deilumáli sem þessu, sem varðar grundvallarreglur lýðræðis. Við byrjum aftur að safna glóðum elds að höfði okkar uns þetta óréttláta kerfi að lokum springur á ný.

Því er erfitt að trúa að þm. Reykjavíkur og Reykjaness hafi engar aths. að gera við þessa skipan mála. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þm. t. d. Sjálfstfl. hér í Reykjavík og Reykjanesi hafi enga aths. að gera fyrir hönd umbjóðenda sinna, þegar það liggur fyrir að í þessu stjórnarskrárfrv. er ekki boðið upp á meiri leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar en raunverulega hafði náðst 1959 og síðan er meiningin að stjórnarskrárbinda þetta misrétti með varanlegum hætti áratugum saman. Reynslan kennir okkur að það er ekki rokið til að breyta stjórnarskrárákvæðum eins og venjulegum lögum og á ekki að gera það. Það hafa liðið áratugir milli slíkrar endurskoðunar þannig að við sitjum enn í sömu sporum. Misvægi atkvæðisréttar mun halda áfram að vaxa, og ég trúi því ekki að meiri hluti þingmanna, sem leitar hér eftir sáttum um málamiðlun, sé svo forhertur í afstöðu sinni til þessa að hann fáist ekki til þess að hlusta á þau sanngirnisrök a. m. k. að þetta misrétti verði ekki stjórnarskrárbundið með varanlegum hætti.

Herra forseti. Afstaða mín í þessu máli er skýr og afdráttarlaus. Ásamt með dr. Gylfa Þ. Gíslasyni hef ég verið fulltrúi míns þingflokks í stjórnarskrárnefnd á undanförnum árum. Sú nefnd hefur skilað heildartillögum um endurskoðun stjórnarskrár. Spurningin er: Ef Alþingi telur sig hafa tíma og ráðrúm til stjórnarskrárbreytingar, eins og nú horfir í íslensku þjóðfélagi, þá finnst mér að Alþingi ætti að sýna af sér þá reisn að afgreiða stjórnarskrármálið í heild. Ég vil taka fram að það hefur verið afstaða míns þingflokks að leita eftir samkomulagi við aðra flokka um að taka með við þessa stjórnarskrárendurskoðun sem allra flesta þætti sem samkomulag hefur getað náðst um að því er varðar stjórnarskrána í heild sinni. En þingflokkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu og Alþb. hafa ekki verið fáanlegir til að taka þátt í slíku samkomulagi.

Ég vil rifja það upp rétt einu sinni að í stjórnarskrárnefnd vorum það við Gylfi Þ. Gíslason sem lögðum til að einn af valkostum nefndarinnar yrði að landið yrði gert að einu kjördæmi, sem um áratuga skeið hefur verið stefna Alþfl. í þessu máli. Þeir kjósendur, sem nú hafa sannfærst um að þetta er eina rétta leiðin til þess að tryggja öllum þegnum ríkisins jöfn lýðræðisleg réttindi, geta illa fylgt þeirri sannfæringu sinni eftir með því að kjósa stjórnmálaflokka sem eru andvígir þessu. Hitt er hægt að gera að sætta sig við að taka þetta skref í áföngum.

Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, að afstaða mín í þessum málum er fyrir löngu fullmótuð og margyfirlýst, þannig að ég verð með engu móti sakaður um að hafa á seinustu stundu snúist gegn samkomulagi sem meiri hluti í mínum þingflokki styður. Ég hef marglýst þessum skoðunum mínum. Ég hef gert það á fundum stjórnarskrárnefndar, ég hef gert það á fundum í mínum þingflokki og í ótal blaðagreinum og ræðum á almannavettvangi á undanförnum árum. Afstaða mín er þessi:

1. Ég er andvígur fjölgun þm. Það hefur verið sýnt fram á að hún er óþörf. Það er hægt að ná svipaðri leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar og felst í framlögðum málamiðlunartillögum án fjölgunar þm.

2. Ég vona í lengstu lög að allir sanngjarnir menn hljóti að viðurkenna, að markmiðið í kosningarréttarmálum hljóti að vera að allir Íslendingar hafi sama atkvæðisrétt. Fáist sú leiðrétting ekki fram nú tel ég það sanngjarna lágmarkskröfu að þetta misrétti verði leiðrétt í áföngum fyrir hverjar kosningar í framtíðinni, svo sem dæmi eru til um með flestum öðrum grannþjóðum okkar.

3. Þess vegna má undir engum kringumstæðum binda málamiðlun um misrétti í sjálfa stjórnarskrána. Það er fráleitt. Stjórnarskrá er ekki venjuleg lög sem hægt er að breyta á hverju þingi. Stjórnarskrárbreytingar á því aðeins að gera að þær eigi að vera varanlegar, þ. e. þær eigi að gilda áratugum saman. Það á ekki að hringla með stjórnarskrárákvæði. Stjórnarskráin er til þess að tryggja öllum þegnum eins ríkis eitthvað sem getur talist sameiginleg almenn mannréttindi. Að ætla að stjórnarskrárbinda alvarlega mismunun þegnanna, eins og t. d. það að sumir þegnar ríkisins skuli hafa fjórða part úr atkv., aðrir ⅓ og enn aðrir helming eftir einhverjum ákaflega hæpnum verðleikaflokkum, er í raun og veru hið sama og að stjórnarskrárbinda mannréttindabrot. Það er gersamlega fráleitt og það er gersamlega óviðunandi að mínu mati.

Ef fyrirhuguð stjórnarskrárbreyting á ekki að fela í sér annað en fjölgun þm., sem því sem næst allir eru á móti, nema kannske meiri hl. þm., og niðurfærslu kosningaaldurs, en heildarendurskoðun stjórarskrárinnar, sem hefur verið unnið að árum saman, er slegið á frest, sennilega til margra ára, þá vaknar ný spurning: Er þetta nægilegt tilefni til stjórnarskrárbreytingar, sem á að kalla á tvennar kosningar eins og nú háttar í íslensku þjóðfélagi?

Herra forseti. Ég flyt hér ásamt með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur brtt. við stjórnarskrárfrv., en þessar brtt. snúast í aðalatriðum um tvennt: Í fyrsta lagi verði þingmannatalan óbreytt. Í öðru lagi verði misvægi atkvæðisréttar, eins og það er samkv. þessu samkomulagi að því er Reykjavík varðar, t. d. Reykvíkingur á móti 2.6 í fámennasta kjördæminu, undir engum kringumstæðum stjórnarskrárbundið og varanlegt. Þetta þýðir að ákvæði um lágmarkstölu þingsæta í hverju kjördæmi verði ekki í stjórnarskrá, heldur í kosningalögum, eins og öll önnur ákvæði um tilhögun og framkvæmd kosninga og kosningaaðferðir.

Ég vil reyndar taka það fram að gefnu tilefni að það mun hafa verið upphafleg tilætlan flm. að ákvæðin um þetta yrðu ekki í stjórnarskrá, heldur í kosningalögum. Það hefur hins vegar gerst í samningum á milli flokkanna að þessu var breytt á seinustu stigum málsins. Það er enn ein röksemd fyrir því að menn ættu að skoða þetta mál vandlega og athuga hvort ekki sé hægt að stíga þetta skref í átt til samkomulags við þá sem verið er að biðja um að una því að þeir búi enn við skertan kosningarrétt, að það verði ekki bundið í stjórnarskrá.

Þegar þingmeirihluti, sem er fulltrúi minni hl. þjóðarinnar, ætlar að beita valdi sínu til að skammta meiri hl. þjóðarinnar skertan atkvæðisrétt, þá er það ósköp einfaldlega lágmarkskrafa af hálfu meiri hl. að þessi skertu mannréttindi verði ekki bundin í stjórnarskrá

áratugum saman. Það eru engin rök sem mæla með slíku gerræði. Ég vildi mega óska þess að allir þm. Reykjavíkur og Reykjaness gætu sameiginlega tekið þá afstöðu að forða því að niðurstaðan verði að stjórnarskrárbinda misréttið.

Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. 1. þm. Vestf. og frsm. hv. stjórnarskrárnefndar, sem hann lét falla hér áðan, þar sem hann eina ferðina enn taldi að ólík félagsleg aðstaða Íslendinga eftir búsetu ætti að réttlæta það og gera það að sanngjarnri réttlætiskröfu að samningar geti tekist um að bæta upp þessa ólíku félagslegu aðstöðu með því að vega atkvæðisrétt manna ólíkt eftir búsetu, þá verð ég enn einu sinni að andmæla þessum sjónarmiðum og leyfa mér að taka nokkurn tíma til að sýna fram á að þetta eru falsrök og standast ekki.

Í umr. um þetta mál er oft alið á því að á Íslandi byggi tvær þjóðir. Það á annars vegar að vera þéttbýlisþjóðin hér á suðvesturhorninu — borgríkið eins og einn hv. þm., sem ég hef nú reyndar hér fyrir augunum, hefur m. a. orðað það. Hins vegar eru þeir Íslendingar sem byggja hin sex kjördæmi landsins. Þéttbýlisþjóðin er sögð njóta margvíslegra forréttinda vegna búsetu sinnar, einkum vegna nálægðar við kjötkatla stjórnsýslu. Dreifbýlisþjóðin er sögð búa við skarðan hlut. Þar er ýmislegt til nefnt, t. d. fjarlægðir frá helstu þjónustustofnunum ríkisvaldsins, sem flestar sé að finna í höfuðborginni. Þessi tvískipting þjóðarinnar í borgríki og þéttbýli er síðan notuð til að réttlætta að það þurfi þrjá—fjóra þéttbýlisbúa til þess að jafnast á við einn dreifbýlismann þegar komið er inn í kjörklefann, þegar greiða skal atkv. um menn og málefni og um stjórnmálastefnur og völd í almennum kosningum. Atkvæðisrétturinn á m. ö. o. að vera veginn á einhvern pólitískan kvarða eftir mati manna á félagslegri aðstöðu kjósenda, alveg eins og atkvæðisrétturinn var áður fyrr bundinn við eign, efnahag eða kynferði eða, eins og hann er reyndar enn í dag, bundinn við litarhátt í sumum ríkjum heims, og þykir víst lítt til fyrirmyndar.

Þetta vekur upp a. m. k. tvær spurningar, herra forseti: Trúa menn því að félagsleg aðstaða einstaklinga í þessu þjóðfélagi fari bara eftir búsetu? Halda menn að einstæð móðir uppi í Breiðholti hafi ekki eitthvað greiðari aðgang að sínum þm. eða meiri áhrif eða vettvang til áhrifa á Alþingi en t. d. atvinnurekandi á Þórshöfn eða Kópaskeri? Væntanlega hvarflar ekki að neinum að halda því fram, minnugir Þórshafnaræv intýris. (**Gripið fram í:** En einstæð móðir úti á landi Jón?)

Ef það er staðreynd að félagsleg aðstaða manna fari eftir einhverju öðru en búsetu — enginn neitar því að hún er ólík — eru auðvitað engin rök fyrir því að vega atkvæðisréttinn ólíkt eingöngu eftir búsetu. Ef menn eru sammála um að ólík félagsleg aðstaða manna í þjóðfélaginu sé ekki búsetubundin, heldur tengd ótal öðrum þáttum, eins og t. d. erfðum, eignum, tekjum, skólagöngu, ólíkum hæfileikum, ólíku starfsöryggi o. s. frv., þá er spurningin: Vilja þeir, sem halda því fram að félagsleg aðstaða manna sé af öllum þessum sökum mjög ólík, virkilega halda því fram að þá eigi að verðleikaflokka, alla einstaka kjósendur og skammta þeim atkvæðisrétt eftir einhverju gæðamati sem byggist á slíkri flokkun? Eiga hér sem hafa háar tekjur að hafa meiri eða minni atkvæðisrétt? Eiga þeir sem eiga meiri eða minni eignir að hafa atkvæðisrétt í hlutfalli við það? Eiga þeir sem hafa notið langrar skólagöngu að hafa meiri eða minni atkvæðisrétt en aðrir þegnar af þeim sökum? Eiga þeir sem búa við meira starfsöryggi en aðrir menn að gjalda fyrir það með meiri eða minni atkvæðisrétti? Allir menn eru sammála um að konur eiga allt of fáa fulltrúa á Alþingi. Á að bæta þeim það upp með því að láta konur hafa meiri atkvæðisrétt? Eiga konur sem einstaklingar að fá fimmfaldan atkvæðisrétt á Alþingi af þeim sökum? Sjómenn eru mánuðum saman víðs fjarri heimili sínu og náttúrlega sviptir þeirri félagslegu aðstöðu að hafa einhvern aðgang að þessum makalausu stjórnsýslustofnunum hér í Reykjavík. Á að bæta þeim upp þennan missi á félagslegri aðstöðu með því að skammta þeim þrefaldan, fjórfaldan eða fimmfaldan atkvæðisrétt?

Og þá vaknar að lokum upp ein spurning: Hverjir eiga að framkvæma þetta gæðamat, þessa verðleikaflokkun þegnanna? Hverjir eiga að draga þá í dilka? Hverjir eiga að vega þá og meta? Hverjir eiga að skammta þeim atkvæðisréttinn? Eiga það t. d. að vera þm. sem öllum öðrum mönnum fremur eiga þingsetu sína undir því hvernig vægi atkvæðisréttar er háttað, undir mismun þegnanna að því er varðar frumstæðasta grunnlýðræði lýðræðislegs þjóðfélags, eða á þetta kannske að vera faglegt og vísindalegt? Ættum við kannske að biðja svokallaða félagsvísindadeild Háskóla Íslands að annast þessa verðleikaflokkun, þennan dilkadrátt og þetta verðleikamat einstaklinganna í þjóðfélaginu? Ættum við t. d. að fela það prófessor dr. Ólafi Ragnari Grímssyni, núverandi formanni Alþb., eða félögum hans í félagsvísindadeild? Á þetta ekki að vera vísindalegt mat?

Herra forseti. Það þarf ekki nema að spyrja slíkra spurninga til að komast að raun um að það er fráleit skoðun að það eigi að skammta kjósendum atkvæðisrétt eftir einhvers konar félagsfræðilegu mati á félagslegri aðstöðu, sem er óendanlega misjöfn, hefur verið það og mun óhjákvæmilega verða það og fer alls ekki fyrst og fremst eftir búsetu, heldur eftir allt öðrum þáttum, eins og ég hef þegar nefnt. Gæðaflokkun af þessu tagi er fornaldarviðhorf. Hún minnir á þau sjónarmið þegar það var ríkjandi viðhorf fámennrar forréttindastéttar í landinu að kosningarrétturinn ætti því aðeins að vera leyfilegur að menn gætu sýnt fram á það í skjölum og skilríkjum að þeir væru gildir bændur, ættu jarðarparta eða nógu margar spesíur í handraðanum, eða frá þeim tímum þegar karlrembusjónarmið voru svo ríkjandi í þjóðfélaginu að þótti með öllu sjálfsagt að svipta helming þjóðarinnar, alla kvenþjóðina, atkvæðisrétti. Þetta eru fornaldarviðhorf sem ég hélt satt að segja að enginn maður, hugsandi einstaklingur, í lýðræðisþjóðfélagi nú á seinni hluta 20. aldar mundi leyfa sér að verja með þessum hætti. Að binda slíkt misrétti, sem styðst við slík falsrök, í stjórnarskrá er að mínu mati mannréttindabrot. Ef við trúum á lýðræðislega meirihlutastjórn hljótum við að krefjast þess að allir séu jafnir sem þátt taka í leiknum, að leikreglurnar sjálfar mismuni ekki þátttakendum. Ef þeirri grundvallarskyldu er ekki fullnægt er ekki um að ræða réttlátar lýðræðislegar leikreglur.

Herra forseti. Þetta eru grundvallarsjónarmið um mannréttindi sem ekki er hægt að versla með. Atkvæðisréttur manna á ekki að vera falur. Hér er því verið að bera saman ósambærilega hluti, annars vegar

ólíka aðstöðu einstaklinga í þjóðfélaginu, sem eins og ég hef þegar sýnt fram á stafar af ótal ástæðum öðrum en búsetuvali manna, stafar af ótal þáttum sem aldrei verða vegnir eða greindir með tölfræðilegri nákvæmni, og hins vegar það, hver á að vera réttur einstaklinganna til að hafa áhrif á stjórn ríkisins í almennum kosningum. Niðurstaða málsins er auðvitað sú að þrátt fyrir margvíslegan aðstöðumun þegnanna í ríkinu, þrátt fyrir ólíkan efnahag, þrátt fyrir misjafnar tekjur, þrátt fyrir ólíka menntun, þrátt fyrir ólíka hæfileika á ýmsum sviðum eiga allir þegnar ríkisins, ríkir sem fátækir, hvar sem þeir búa á landinu, hvert sem er þeirra kynferði, að búa við sama rétt þegar kemur að grundvallaratriðum, stjórnarskrártryggðum almennum grundvallaratriðum og lýðræðislegum réttindum.

Herra forseti. Þetta dæmi um ólíka félagslega aðstöðu eftir búsetu einni saman, þ. e. um muninn í þeim efnum á því að búa í dreifbýli eða þéttbýli, hefur aldrei verið gert upp og það verður aldrei gert upp með þeirri tölfræðilegu nákvæmni sem hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera forsenda fyrir öllum kröfum um það að atkvæðisréttur manna eigi að fara eftir slíku gæðamati. Þeir sem aldir hafa verið upp í dreifbýli og búið síðar á ævinni bæði í dreifbýlii og þéttbýli vita af eigin reynslu að hvort tveggja hefur auðvitað sína kosti og galla. Auðvitað er olíukynding húsa dýr sums staðar á landsbyggðinni. Auðvitað er dýrt að kosta mörg börn samtímis í framhaldsnám. Auðvitað getur verið dýrt að þurfa um langan veg að sækja heilbrigðisþjónustu. Allt er þetta nefnt með þessum rökum sem dæmi um ókosti þess að búa í dreifbýli við ríkjandi aðstæður. Þetta er auðvitað pólitískt mál — og það er ekkert við það að athuga þó menn lýsi því yfir þeirri pólitísku sannfæringu sinni, þeirri stefnu, að það eigi að stefna að því að draga úr þessum mismun. Það kemur hins vegar atkvæðisrétti manna ekki nokkurn skapaðan hlut við.

En það má líka benda á annað. Það hefur sína kosti að búa í dreifbýli. Það hefur mikla kosti þar sem eru stuttar vegalengdir sem menn þurfa að aka til vinnu. Það er ekki lítill sparnaður, sem í því felst, ef menn bera saman annars vegar að búa í útköntum höfuðborgarsvæðisins og sækja vinnu hingað inn til bæjarins eða það að geta gengið daglega til vinnu sinnar. Það eru líka aðrir kostir. Víða um land er hægt að færa að því rök að fasteignamat og fasteignaverð er mun lægra en í Reykjavík. Það er líka staðreynd að meðaltekjur launþega eru til mikilla muna hærri á mörgum stöðum úti á landi en í Reykjavík. Reykjavík er láglaunasvæði. Ef menn ætla raunverulega að tala um mun á félagslegri aðstöðu, þ. e. um raunverulega fátækt í þessu þjóðfélagi, þar sem við erum að tala um þær fjölskyldur sem eiga að framfleyta sér af óyfirborguðum taxtatekjum einnar fyrirvinnu, t. d. einstæðra foreldra, hvar er slíka einstaklinga og slíkar fjölskyldur helst að finna? Þær eru langsamlega flestar hér í Reykjavík. Reykjavík er láglaunasvæði. Hér er að finna, og í öðru lagi á Akureyri, langsamlega flesta þá einstaklinga og þær fjölskyldur sem vegna launamisréttis, óðaverðbólgu, stjórnleysis og ranglætis í þessu þjóðfélagi þurfa að bera skarðan hlut frá borði. Síðan er þessu fólki núið því um nasir vegna nálægðar sinnar við þessa stofnun eða við embættismannakerfið að það eigi að sætta sig við að hafa ekki atkvæðisrétt nema þriðji eða fjórði hver maður. Þetta eru alger falsrök. Það sem verra er: Þau eru siðlaus. Þau hljóta að ofbjóða réttlætiskennd allra heiðarlegra manna, gersamlega án tillits til þess hvar menn eru búsettir.

Ég segi: Þetta dæmi um kosti og galla þess að búa í dreifbýli eða þéttbýli hefur aldrei verið gert upp og það verður aldrei gert upp og það verður aldrei gert að einhverri grundvallarforsendu fyrir kröfum um að þess vegna eigi að svipta einhvern hluta þegnanna almennum mannréttindum. Það er alveg jafnfráleitt að ætla sér að meta atkvæðisrétt manna eftir búsetu og það var á sinni tíð að meina konum um atkvæðisrétt eða binda hann við gilda bændur og búfjáreign.

Herra forseti. Það er eitt lokaatriði, sem menn skyldu gera sér grein fyrir úr því að þeir eru að vekja upp þennan draug enn á ný, og það er þetta: Hin félagslega mismunun, sem menn taka sér í munn til þess að réttlæta mismunandi atkvæðisrétt, er auðvitað mest innan dreifbýlisins sjálfs. Hún er innan hvers einasta kjördæmis. Ég spyr: Bóndi á Barðaströnd þarf að senda börn sín í burtu í framhaldsnám eða sækja heilbrigðisþjónustu um langan veg, t. d. í Búðardal. Hverju er hann nær þótt búið væri að ljúka við byggingu á tiltölulega fullkomnu deildaskiptu sjúkrahúsi á Ísafirði? Hann er engu nær. Þéttbýlisbúi innan Vestfjarðakjördæmis, eins og t. d. á Ísafirði, sem hefur við hendina alla þessa þjónustu, þ. e. skólakerfi allt fram undir háskólanám eða sjúkrahús og heilsugæslustöð við bæjardyrnar, býr að sjálfsögðu við miklu meiri nálægð við þessa þjónustu en t. d. þeir sem lengst eru frá henni á höfuðborgarsvæðinu.

Nú spyr ég þá sem halda því fram að það sé einhver rökvísi að miða atkvæðisrétt manna við búsetu: Á þá bóndinn á Barðaströndinni að hafa fimmfaldan atkvæðisrétt á við þéttbýlisbúann á Ísafirði? — Ég endurtek: Þykir mönnum sanngjarnt og eðlilegt að bæta bónda, sem býr afskekkt og er fjarri þessari félagslegu aðstöðu í helsta byggðakjarna síns kjördæmis, það upp með því að margfalda atkvæðisrétt hans? Ef menn svara því neitandi fellur um sjálfa sig öll þessi spilaborg og allar þessar falskenningar, öll þessi þjóðremba og öll þessi sýndarrök, um að það sé hægt að færa einhver rök til þess að réttlæta að mismuna mönnum að því er varðar atkvæðisrétt eftir því hvar þeir hafa valið sér búsetu í landinu.

Herra forseti. Það hefur enginn maður í hópi hv. þm. úr dreifbýlinu lagt til að farið verði að vega og meta einstaklingana í þeirra eigin kjördæmum og skammta þeim atkvæðisrétt eftir því hvar þeir búa, í nálægð eða fjarlægð við helstu þjónustumiðstöðvar þessara landshluta og þessara kjördæma. Hv. þm. hafa ekki lagt til að bændur norður á Langanesi fái fjarlægð sína frá Akureyri eða frá Egilstöðum bætta upp með því að skammta þeim margfaldan atkvæðisrétt. Ég hef ekki ennþá heyrt þær kröfur gerðar af hálfu talsmanna sjómanna að það eigi að bæta þeim upp langvarandi fjarvistir á hafi úti frá allri þjónustu, sem þetta ríki býður þegnum sínum sameiginlega, með því að skammta þeim aukinn atkvæðisrétt. Auðvitað eru þetta allt saman falsrök og auðvitað er ósæmilegt að vera að ala á deilum með þjóðinni. Þetta er eitt land og ein þjóð og ekki á að ala á sundrungu, úlfúð og fjandskap milli landshluta, milli dreifbýlis og þéttbýlis, milli einstakra kjördæma með slíkum falsrökum.

Herra forseti. Því hefur heyrst fleygt að Íslendingar

mundu una því illa t. d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að fara þar með minna en eitt atkv. á móti þúsund millj. kínverskum. Og þá spyrja menn: Hvers vegna er þá verið að gera veður út af því þótt munurinn á atkvæðisrétti hér í okkar eigin félagsskap sé fimmfaldur eða sexfaldur og verri en það? Hér er enn verið að rugla saman óskyldum hlutum. Samvinna fullvalda ríkja á alþjóðavettvangi felur í sér samning. Alþjóðasamvinna fullvalda ríkja felur í sér afsal fullveldis viðkomandi ríkis, sem tekur þátt í slíkri samvinnu af frjálsum og fúsum vilja. Þar á móti kemur að þessi samvinna er gagnkvæm og hún er upp tekin af frjálsum og fúsum vilja á jafnréttisgrundvelli og hún er takmörkuð. Íslendingar vilja ekki að Kínverjar ráðskist með sín mál og það breytir engu þó að okkur gangi böslulega að ráða fram úr þeim sjálfir. Þetta er trúlega gagnkvæmt. Hins vegar hefur það hingað til þótt lýðræðislegt sjónarmið að Kínverjar ráði sínum eigin málum og Íslendingar sínum eigin málum þrátt fyrir að þeir sætti sig við það í alþjóðasamvinnu að þjóðir mismunandi að stærð eða mannfjölda fari þar með eitt atkvæði.

En það er annað, úr því að minnst er á Sameinuðu þjóðirnar. Við eigum aðild að mannréttindayfirlýsingum bæði Evrópuráðs og Sameinuðu þjóðanna. Mannréttindayfirlýsing Evrópuráðsins hefur reyndar lagagildi hér, þó að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna hafi það að vísu ekki, skuldbindur hún okkur vissulega siðferðilega. Þar segir í 21. gr.:

„Vilji þjóðar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningaréttur jafn og leynileg atkvgr. viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði."

Herra forseti. Ég skal láta þessu máli mínu senn lokið. Við erum ein þjóð, Íslendingar, að vísu fámenn þjóð í stóru landi. Það er illt verk að ala á sundurþykkju og úlfúð milli landshluta, milli höfuðborgar og landsbyggðar, milli þéttbýlis og dreifbýlis, með því að höfða til tilfinninga og bera fyrir sig falsrök af því tagi sem hér hafa verið hrakin. Allir Íslendingar, allir þegnar þessa ríkis, eiga að sitja við sama borð að því er varðar stjórnarskrárvernduð mannréttindi og pólitísk réttindi. Annars slítum við í sundur friðinn.

Um kosningarréttarmál verður aldrei friður í þessu þjóðfélagi meðan meiri hluti þjóðarinnar nær ekki rétti sínum og það á að beita hann ofríki, þó það sé gert með rökum sem enga stoð eiga í veruleikanum. Það er illt verk að standa fyrir slíkum óvinafagnaði og ég óska eftir því að menn láti af þeirri iðju.

Pólitísk barátta fyrir jöfnun lífskjara og sem jafnastri aðstöðu til þess að njóta sameiginlegrar þjónustu á auðvitað fullan rétt á sér og er vitaskuld í fullu gildi. Á þeim vettvangi er um að ræða mál sem ástæða er til að berjast fyrir. Af þeim nefni ég tvö sem eru vissulega langstærst:

1. Það á að færa vald, fjármuni og ábyrgð frá miðstjórnarstofnunum ríkisins hér á höfuðborgarsvæðinu frá Alþingi, frá stjórnarráði, frá sérfræðingaveldinu og til sveitarfélaga og til landsfjórðunganna.

2. Það er stórmál að vinna betur og skipulegar að því en gert hefur verið áður eða hingað til að tengja alla landshluta við samgöngukerfi þjóðarinnar, með vegakerfi með varanlegu slitlagi og öruggri flugþjónustu og gera þetta að forgangsverkefni. Um þetta eiga allir Íslendingar, hvort heldur búsettir eru í dreifbýli eða þéttbýli, að sameinast.

Við dr. Gylfi Þ. Gíslason gerðum það að einni af tillögum okkar, og það er einn af valkostunum sem settir eru fram í skýrslu stjórnarskrárnefndar, að kjördæmaskipunin yrði byggð á hinni gömlu fjórðungaskipan ásamt með höfuðborginni. Slík breyting væri rökrétt niðurstaða af kjördæmabreytingunni frá 1959. Um leið vakti það fyrir okkur að gera landsfjórðungana að máttarstoðum í stjórnkerfi landsins. Það gerist með því að færa verkefni, t. d. í skólamálum, í heilbrigðismálum og í verklegum framkvæmdum frá miðstjórn ríkisins og sérfræðingastofnunum þess og út til sveitarstjórnanna og fjórðunganna. Þeir eiga að vera nægilega öflugar stjórnsýslueiningar til þess að valda slíkum verkefnum. Lýðræðislega kjörnir fulltrúar sveitarfélaga og fjórðunga eiga síðan að hafa vald til að ákvarða sjálfir forgangsröðun framkvæmda í sínum fjórðungi. Til þess þarf að færa verkefni og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og fjórðunga og færi þá saman vald þeirra til að taka slíkar pólitískar ákvarðanir um forgangsröðun verkefna og framkvæmda og fjárhagslega ábyrgð á þeim.

Þetta, herra forseti, er í raun og veru svar mitt og svar míns flokks, sbr. tillögugerð hans hér á hv. Alþingi, við því hvernig eigi að berjast pólitískri baráttu fyrir jöfnun á aðstöðumun þegnanna, fyrir því að færa valdið frá miðstjórnarvaldi ríkisins til þeirra sem staðarþekkinguna hafa og nær fólkinu. Þetta er rétta leiðin en ekki sú að standa í eilífu karpi innbyrðis, gagnkvæmum brigslyrðum um hvernig eigi að verðleikaflokka þegnana og skammta þeim atkvæðisrétt eftir því hvar þeir velja sér búsetu. Þetta er rétta leiðin til að stefna eftir eðlilegum pólitískum leiðum að því að jafna félagslega aðstöðu eftir búsetu eftir því sem hægt er. Þetta á að gera strax og um leið á að leggja fyrir róða heimskulegan meting milli byggðarlaga og landshluta. Allra síst má nokkur Íslendingur láta það heyrast af sínum vörum að hann ætli samlanda sínum að vera hálfdrættingur á við sjálfan sig eða þaðan af minna þegar kemur að sjálfum leikreglum þess lýðræðisþjóðfélags, sem við viljum hafa, því að ef við slítum í sundur lögin með þeim hætti slítum við í sundur friðinn.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég leyfi mér að mælast til þess að þeim brtt. sem við höfum flutt á þskj. 494 verði vísað til stjórnarskrárnefndar beggja deilda, sem hér er starfandi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sennilega hefur hinu samantvinnaða valdi stjórnmálaflokkanna og fjölmiðlanna, því er nú verr og miður, tekist að búa svo um hnútana með rangri framsetningu upplýsinga að allmikill þorri fólks stendur enn ranglega í þeirri trú að með þessu frv. sé verið að leysa einhvern skapaðan hlut. Þetta frv., sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur nú mælt fyrir þegar komið hefur úr nefnd, er flutt af forustumönnum stjórnmálaflokkanna fjögurra. Það er flutt svo til óbreytt hér við 2. umr.

Ég vil skjóta því inn, herra forseti, að þegar þetta mál var kynnt hið fyrsta sinni í 1. umferð kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp til að mælast til þess að fram færu útvarpsumr. við 2. umr. þessa máls. Þau tilmæli voru til komin af ofur eðlilegum ástæðum, nefnilega þeim að fólkið í landinu verður að fá að vita með hverjum hætti

Alþingi er hugsanlega í þann veginn að breyta stjórnarskrá lýðveldisins. Þá gerðist það að hv. 1. flm. þessa máls, hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, kom hér upp og tók undir það að útvarpsumr. skyldu fara fram. Hið sama gerðu þm. a. m. k. nokkurra annarra stjórnmálaflokka. Síðan, herra forseti, höfum við ekkert frétt af málinu. En af hverju er verið að leggja þetta til? Af því að þetta mál, herra forseti, á ekki að þurfa að verða neinn feluleikur. Alþingi, eða meiri hl. þess, skammast sín væntanlega ekki fyrir hvað hér er verið að gera. En það örlar ekki á þeim útvarpsumr. sem hér var óskað eftir og menn tóku undir að ættu að fara fram. Þvert á móti heyrum við að nú standi til að keyra þetta í gegnum 2. umr. í kvöld og 3. umr. í nótt.

Athugum það að hér erum við ekki að ganga frá stjórnmálaályktun einhverra samtaka. Við erum ekki einu sinni að ganga frá lögum. Við erum að ganga frá grundvallarbreytingu á sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins. Þessi mál eru búin að vera í undirbúningi í fimm ár, segja þeir. Það er vika síðan þetta kom fram og ég held því fram og staðhæfi að það er verið að blekkja meira og minna allan landslýð um það, í hverju þessi breyting er fólgin, og það gengur eftir, ef þessi keyrsla á að fara fram með þeim hætti, sem hér er lagt til, að það eigi að troða þessu máli í gegnum Nd. Alþingis, þá deild sem hýsir ⅔ hv. alþm., nánast á einum degi.

En flokkarnir skammast sín. Og af hverju skyldu flokkarnir skammast sín? Vegna þess, herra forseti, að blekkingin er í því fólgin að þetta eru tvö aðskilin mál. Annars vegar er það frv. til stjórnlaga, þ. e. frv. um breytingu á sjálfri stjórnskipan landsins. Hún felur í sér fjölgun þm. um þrjá og nákvæmlega ekkert annað. Í einni af þeim fjórum brtt. sem forseti kynnti hér og lagðar hafa verið fram legg ég til að 1. gr. frv. verði felld niður, sem er um fjölgun um þessa þrjá, og eftir standi þá hin gamla grein, að þm. séu 60.

Blekkingastarfsemin er fólgin í því, að með brengluðu fjölmiðla- og upplýsingamiðlunarkerfi er fólk látið standa í þeirri meiningu að það standi eitthvað á bak við þau fskj. sem með þessu frv. eru, sem eru tillögur manna sem sumir hverjir eru kannske að hætta á hv. Alþingi, um hvernig þeir vildu gjarnan að næsta þing skipaði kosningalögum. Þessi framsetning málsins er náttúrlega svo ósvífin vegna þess að við erum að fara að ganga til kosninga þar sem væntanlega verður tekist á um þessa hluti m. a.

Það skiptir máli í þessari umr., herra forseti, að hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, lýsti áðan þeirri einföldu skoðun sinni, sem hann er auðvitað í fullum rétti til, að hvað sem liði afstöðu hans til frv. verði á þessu stigi málsins ekki að taka nokkra afstöðu til einhverra fskj., sem þarna eru talin drög að frv., sem með þessu frv. eru prentuð. Það er þetta sem er kjarni málsins. En ég fullyrði að mikill þorri þjóðarinnar, vegna þess að hann hefur ekki verið upplýstur, veit þetta ekki. Hann heldur að hér sé verið að færa til — t. d. að leiðrétta vægi atkvæða, ef það er rétt orðað, og leiðrétta það, sem um eru skiptar skoðanir. En það er ekkert slíkt verið að leggja til í þessu frv. Ætlað er að næsta þing sjái um það.

Enginn veit hverjir þá skipa hina virðulegu löggjafarsamkomu þjóðarinnar og enginn bindur, hvorki hv. þm. Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Magnús H. Magnússon né Svavar Gestsson, með einum eða öðrum hætti það Alþingi sem kjörið verður nú snemma vors væntanlega. Þetta er kjarni málsins en um þetta veit þjóðin ekki. Og af þeirri ástæðu hef ég sem einn af andstæðingum þessa frv., vegna þess hvernig það er sett fram og hvað stendur í því og eins vegna hins, sem ekki stendur í því, haldið fram þeirri skoðun að okkur beri skylda til þess, sem nú skipum löggjafann, að gera fólki þetta ljóst. Við höfum eitt tæki til að koma þessari upplýsingamiðlun til fólksins í landinu, og það er útvarp frá Alþingi. (**PP:** Og sjónvarp.) Já, já, og fleiri tækifæri raunar.

Svo standa þeir hér upp hver á fætur öðrum og taka undir þessi sjónarmið, en það er augljóst að við því á ekki að gera, heldur er hugmyndin sú, sem nánast er pólitískt óhæfuverk, að ætla að riðla þessu máli hér í gegn í kvöld og í nótt. Ég trúi því raunar ekki fyrr en á er tekið, að þetta verði niðurstaða málsins, því að þetta nálgast það að vera pólitískt óhæfuverk.

Því nota ég svona orð að þjóðin stendur í þeirri meiningu að hér sé verið að gera annað og leiðrétta meira en felst í að fjölga þm. um þrjá. En svo er ekki. Það er allt annað eftir. Þá á ég við hugmyndir fjórmenninganna, sem væru auðvitað í frv. ef þeir hefðu komið sér saman um það. En af því að þeir koma sér ekki saman um það er þjóðin blekkt með því að prenta eitthvert pappírsgagn sem fskj. með þessu frv. þar sem stendur að svona gætu þeir hugsað sér að þetta yrði einhvern tíma í framtíðinni. Kvótakerfið er auðvitað til að reyna að bjarga andlitinu, sýna samstöðu um eitthvað. Og það getur vel verið að það takist að því leytinu til að það sé búið að samþykkja frv. hér áður en allur almenningur áttar sig.

Þetta er ómerkilegt og lítilsvirðing. Það er gamla aðferðin. En það er ekki kjarni málsins. Það sem við biðjum um, andstæðingar þessa frv., og það voru fleiri en ég sem kynntu slíkar skoðanir við 1. umr. málsins, er að við fáum að kynna þetta mál fyrir þjóðinni og útskýra af hverju við erum andsnúnir því. Það eru auðvitað eitthvað misjafnar forsendur fyrir því, eins og menn þekkja, en við eigum líka okkar rétt. En forustulið hins riðlandi flokkakerfis ætlar ekki að gera það. Það sem það ætlar að gera er að bola þessu máli í gegn án þess að þjóðin fái þar nokkra vitneskju.

Að þessum formála sögðum, herra forseti, vegna þess að í umr. um þingsköp var því beint til aðalforseta Nd., Sverris Hermannssonar, hvort um þetta mál yrðu ekki útvarpsumr., undirstrika ég að 1. flm. málsins, hv. þm. Geir Hallgrímsson, tók undir kröfuna um að um þetta mál skyldu verða útvarpsumr. Það gerði og hv. þm. Albert Guðmundsson. Það gerði og hv. þm. Karvel Pálmason, svo að ég nefni fjóra, þá ég man í svipinn. Það hlýtur að vera krafa nokkurs virði þegar formaður stærsta stjórnmálaflokksins, skulum við segja, allavega hv. 1. þm. Reykv., 1. flm. þessa máls, lýsir yfir vilja til útvarpsumr. um þetta mál. Ég vildi gera hlé á ræðu minni til þess, herra forseti, að fá svar við þeirri spurningu: Hefur þessi ósk okkar hv. þm. Geirs Hallgrímssonar fengið undirtektir hjá forsetum þessarar virðulegu deildar? (**Forseti:** Því miður get ég ekki svarað því á þessari stundu, en ég skal koma þessu áleiðis.) En mér þætti vænt um að fá svar við þessu svo fljótt sem verða má. (**Forseti:** Það er sjálfsagt að verða við því.)

Það sem hér er að gerast er það að ekki hefur náðst

lausn um svokölluð stjórnarskrár- og kjördæmamál. Þetta veit auðvitað öll þjóðin. Þetta sama flokkakerfi og hefur verið að riðlast, sbr. myndun núv. hæstv. ríkisstj., sbr. svo ótal mörg dæmi út um samfélagið allt, hefur ekki heldur náð nokkurri samstöðu um stjórnarskrár- og kjördæmamál. Þar hafa myndast margs konar fylkingar og hv. þm. hafa riðlast og vegir þar liggja til allra átta. Kjarni málsins er sá, að það er engin niðurstaða. Það sem þetta vald þá gerir er að það leggur til frv. sem aðeins fjallar um tvennt: Um að þm. sé fjölgað úr 60 í 63 og kosningarréttur sé færður niður í 18 ár. Það fyrra er algerlega ófært. Það seinna auðvitað sjálfsagt. Síðan búa þeir til regnhlíf utan um sjálfa sig og kynna þetta sem lausn. Lausnin, segja þeir, er að vísu ekki fólgin í fjölguninni eða frv. sjálfu, heldur einhverjum almennum hugmyndum, sem þeir segjast hafa, og þetta er ekki ósmekklegt að næsta þing hugsanlega samþykki. Þetta er málið.

Það er engin furða þó að hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, lýsi því hér einfaldlega yfir að hann geti svo sem fellt sig við fjölgun um þrjá, en það er ekki málið. Hann er auðvitað algerlega óbundinn af hinu. En ég fullyrði að þjóðin veit ekki enn um þetta. Þeim hefur tekist að koma áleiðis þeirri röngu hugmynd að rugla saman stjórnarskrá og einhverjum fskj. og gera úr því eina og sömu hugmyndina, því að raddir okkar, sem á þessi einföldu sannindi hafa verið að benda, hafa ekki enn náð að hljóma svo sem þeim ber.

Stærstu dagblöðin rangkynna þetta, ríkisfjölmiðlarnir miskynna þetta, og enda er auðvitað samhengi á milli flokkavalds og fjölmiðlavalds. Það vita menn. Nú gætu menn verið að sigla inn í það, að þjóðin fengi ekki hinar réttu upplýsingar fyrr en eftir að þessi ákvörðun hefur verið tekin. Flokkakerfið verður auðvitað að taka því og það mun uppskera það sem það á skilið, fari svo. En skynsamlegra væri að kynna málið fyrst og samþykkja það svo eða synja því, þegar það hefur verið kynnt. Þannig ætti auðvitað lýðræðislegt stjórnarfar að vinna. En því miður, herra forseti, það er ekki það sem þeir stefna að. Þeir stefna að því einu að fjölga þm. um þrjá. Svo ætla þeir að þvæla sér úr í kosningar á mettíma, raunverulega svo snemma að enginn skilur nákvæmlega hvers vegna. En látum það vera. Og þeir vonast til þess að koma sér yfir kosningarnar að þessu sinni með því að geta veifað þessari gervilausn framan í fólkið í landinu og treysta svo á guð og lukkuna með framhaldið og ætla að hafa það í hendi sér hvort þeir hafa einar kosningar eða tvennar. Það fer væntanlega eftir úrslitum kosninganna hvernig það er metið. Það er vonandi að þetta fjórflokkakerfi, sem á auðvitað miklu fleira sameiginlegt en hitt, sem skilur það að, verði að loknum kosningum ekki í þeirri stöðu að geta haldið þessum ómerkilegu leikjum sínum áfram.

Þetta frv. er ekki neitt. Það leysir engan vanda og það er blekking að halda því fram að það sem hér hefur verið gert séu lausnir á stjórnarskrár- og kjördæmamálum. Sé verið að þyrla upp átökum milli dreifbýlis og þéttbýlis, eins og t. d. kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, eru öll þau átök eftir. Þau fara fram í þingsölum að afloknum kosningum, sem væntanlega verður skipað nýjum þm., sem ekki eru bundnir við þessi stjórnarskrárdrög. Og blekkingin er m. a. fólgin í því. Það er verið að búa til tveggja mánaða frið sem á að vera fram yfir kosningar, frið með blekkingum sem á að vera fram yfir kosningar, en styrjöldinni sjálfri er frestað þangað til að kosningum loknum.

Það er þetta sem ég segi að sé óhæfuverk gagnvart þjóðinni. En hún segir sennilega ekki mikið vegna þess að hún veit ekki hvað hér er um að ræða. Hún veit ekki að átökunum milli dreifbýlis og þéttbýlis er aðeins verið að fresta um nokkra mánuði. Auðvitað mun umr. um stjórnarskrármálið halda áfram að afloknum kosningum í nákvæmlega sama farvegi og þeim sem þau hafa verið í, af sjálfu sér leiðir, og mun halda áfram næstu fjögur árin, næstu átta árin. Tillögurnar eru ekki merkilegri en svo, að þær bjóða upp á það. Og hvað eru menn þá að tala um lausn? Þetta er engin lausn. Þetta er ekki hugsað sem lausn og hefur aldrei verið það. Þetta er hugsað sem björgunartæki fyrir sökkvandi skip fram yfir kosningar. Það er allt og sumt. En mér segir svo hugur um að okkur í þessu húsi sem vitum allt og sjáum í gegnum þessa næfurþunnu blekkingu muni takast að koma hinum réttu skilaboðum áleiðis um það hvað þetta frv. er, en hinu miklu frekar, hvað það er ekki. Miklu skynsamlegra væri að menn legðu þetta frv. til hliðar og reyndu að leita lausna sem máli skipta. En þessar lausnir, herra forseti, skipta nákvæmlega engu máli.

Ég hef, herra forseti, flutt brtt. við þetta frv. á fjórum þskj., svo sem hér var kynnt.

Á þskj. 498 er flutt afar einföld breyting. Hún er sú, að 1. gr. frv. falli niður. M. ö. o., að fjölgunin um þrjá komi ekki til framkvæmda, að eftir sem áður verði þm. 60, þeim verði skipt eins og nú er gert og þjóðin verði ekki blekkt með því að hér sé verið að leggja til einhverja lausn á þessu máli, því að þetta er ekki lausn.

Í annan stað, herra forseti, er á þskj. 498 lagt til að á eftir 31. gr. stjórnarskrárinnar, þ. e. þeirri grein sem hér um ræðir, komi ný grein, 31 A, sem sé svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við kosningar til Alþingis skal kjósandi eiga þess kost að merkja við listabókstaf eða einstakling eða einstaklinga á listum allt upp í tölu kjörinna alþm. í viðkomandi kjördæmum.

Nánari ákvæði um þessa kosningatilhögun skulu sett í kosningalögum."

Þetta er, herra forseti, sama hugsun og flutt hefur verið í frv. til kosningalaga annars staðar og er hluti af stefnumörkun Bandalags jafnaðarmanna svo sem hv. þm. er kunnugt um. Hér er einfaldlega verið að leggja til þá kosningaaðferð að vitaskuld raði samtök manna og kvenna, hver sem þau eru um þau málefni, hvort sem þau eru mynduð í eintölu eða fleirtölu upp listum, en kjósandinn hafi rétt til að kjósa listann, hvort sem hann kýs að kjósa einn einstakling af einhverjum lista eða ekki, og hljóti þá listinn jafnframt atkvæðið, en í þriðja lagi, sem skiptir ekki minnstu máli, að ef kjósandinn kýs að skipta atkv. sínu milli einstaklinga af mörgum listum sé honum það einnig heimilt og þá hljóti listarnir atkvæði í því hlutfalli sem kjósandinn hefur ákveðið að nota.

Nú vil ég taka fram að í grg. með þessu frv. til stjórnskipunarlaga er ágætur rökstuðningur með þessari brtt. okkar. Ég trúi ekki öðru en hún verði samþykkt. Þar segja flm. á bls. 3:

„Þingflokkar Alþfl., Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi" — og ég les tölul. 2: „Að beita sér fyrir

aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár". Svo tala þeir um sveitarfélög o. s. frv. og að sveitarfélög fái meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin.

Ég fæ ekki betur séð en þessir yfirlýstu valddreifingarsinnar hljóti að vera þeirrar skoðunar að það sé réttlætanlegt að dreifa valdinu með þeim hætti, að ef kjósandinn kýs að láta einstakling hafa atkv. sitt sé honum það heimilt. Og ef hann kýs að skipta atkv. sínu upp á milli fleiri lista, sem þá hljóti það í þeim hlutföllum sem hann sjálfur hefur ákveðið, sé kjósandanum það einnig heimilt.

En af hverju er þessi till. ekki aðeins skynsamleg í það almenna tekið, heldur einnig við sérstakar íslenskar aðstæður? Það er vegna þess að flokkakerfið í landinu er auðvitað ekki lengur neinn mælikvarði á skoðanir manna. Þvert á móti myndar flokkakerfið fyrirstöðu andspænis skoðunum manna. Það þvingar skoðunum upp á fólk, sem eru allt aðrar en þær sem raunverulega kunna að vera til staðar. Flokkakerfið er farið að mynda fyrirstöðu við hugmyndir manna og hugsanir þeirra, en er ekki tæki fyrir fólk til að koma skoðunum sínum áleiðis. Og flokkakerfið er farið að mynda — og þá á ég við þá alla fjóra — þvinganir fyrir fólkið í þessu landi.

Tökum dæmi um að þeirri aðferð sé beitt, sem við leggjum til, og dæmið skulum við taka úr Íslandi nútímans. Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar í Reykjavík og á Akureyri komu konur saman sem eru þeirrar skoðunar að áhrif kvenna séu ekki nægjanleg. Það er auðvitað skoðun eins og hver önnur og sennilega hvorki betri né verri. Það er pólitísk skoðun sem þeir einstaklingar, sem hana aðhyllast, hafa. En ef konur eða karlar vilja greiða atkv. konum af listunum þvert af hverju mega þau það ekki, eða minnihlutahópar sem telja sig beitta misrétti og finnst það vera hið mikilvæga mál? Það er þeirra réttur og það er mikilvægt mál gagnvart þeim ef þeim finnst það. Af hverju mega þeir ekki greiða atkv. þvert á listana, t. d. fólk, sem er andvígt fóstureyðingum, eða hinir, sem eru hlynntir þeim, svo ég nefni skoðanir úr heilbrigðisgeiranum, sem aftur hafa tilfinningalega skírskotun fyrir þá einstaklinga sem slík mál setja á oddinn?

Það sjá náttúrlega allir að menn taka ekki neina afstöðu í lífsskoðunum þegar þeir á Austfjörðum fá aðeins að velja á milli hv. þm. Helga Seljans og Egils Jónssonar. Menn eru ekki að taka afstöðu til nokkurs skapaðs hlutar. Flokkakerfið er farið að mynda andstöðu við alla eðlilega skoðanamyndun í landinu. Við erum að leggja til að réttur fólksins sé að þessu leytinu til aukinn. Ef í framboði til kosninga eru fimm fylkingar sem bjóða upp á fimm mismunandi sjónarmið kýs fólk fylkingarnar. Af sjálfu leiðir. En ef boðið er upp á svo og svo margar fylkingar, en þær eru allar eins, nýtir fólk sér væntanlega persónuréttinn og það verður að koma í ljós hvernig það verður. Ég er sannfærður um að við núríkjandi aðstæður mun mikill fjöldi fólks nýta sér persónuréttinn. Ég er sannfærður um að við núríkjandi aðstæður mun mikill fjöldi fólks nýta sér persónuréttinn af því að fylkingarnar eru ekki mismunandi. Það er enginn munur á þeim. Fylkingarnar læra þá væntanlega að hegða sér eftir aðstæðum og bjóða upp á mun eða láta það eiga sig að bjóða fram.

Það er kjarni málsins að gera verður stjórnkerfið þannig úr garði að það svari eiginlegum og eðlilegum skoðunum sem fyrirfinnast í samfélaginu. Við horfum á hvert kjördæmið á fætur öðru, ef við lítum á framboðslista. Við sjáum þar í 1. sæti og 2. sæti einstaklinga sem eru svarnari pólitískir andstæðingar en nokkrir aðrir á sama svæði. Og upp á hvað er þá verið að bjóða? Og við sjáum að það er alveg sama hvaða leiðir við höfum að þessum vanda. Við sjáum að hann er alltaf sá sami, nefnilega sá að núríkjandi flokkakerfi sem myndaðist hér á árum fyrri heimsstyrjaldar og fram yfir heimskreppu og var þá boðberi nýrra tíma, nýrra sjónarmiða og skiptra skoðana, er það ekki lengur. Þá eigum við að breyta stjórnkerfinu til þeirrar áttar sem fólki finnst vera hin eðlilega og rétta átt. Og þess vegna, herra forseti, er lagt til að í stjórnarskránni sé ekki aðeins ákvæði um tölu þm., sem við leggjum til að séu 60, kosnir með óbreyttu fyrirkomulagi, heldur hitt líka að réttur fólks sé aukinn með þeim hætti að það geti kosið fylkingar, að það geti kosið einstaklinga úr fylkingum og upp í svo marga sem í kjöri eru til þings eða þingsæti eru til handa í hverju kjördæmi, þ. e. fimm í þeim fámennustu og upp í tólf í Reykjavík.

Atkv. er þá auðvitað ekki nema eitt og skiptist þá hlutfallslega. Við höfum lagt til og reiknað með þremur aukastöfum á þá lista sem menn kjósa að greiða einstaklingum af atkv. Þetta er í raun og veru sáraeinföld aðferð, en vitaskuld mun flokkakerfið mjög væntanlega, eða a. m. k. forystusveitirnar í þeim, leggjast gegn þessari breytingu, því að það vill halda þeirri lífsskoðun að fólki að flokkarnir séu að kynna einhvern raunverulegan mun á skoðunum og að maður sem kjósi íhaldið geti ekki undir neinum kringumstæðum komið nálægt Alþb. Guð og menn vita að þetta er alrangt. Það var svona í kreppunni, en er alrangt í dag. Fjöldinn allur af fólki, er ég viss um, vildi bæði greiða atkv. hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. og skipta atkv. sínu þar á milli. Því má það það ekki? Þeir eiga líka sinn rétt sem svona hugsa eða hvernig sem er eða eftir öðruvísi hvaða öðru munstri sem einstaklingurinn kýs að hugsa.

Þetta er auðvitað tillaga sem er stefnt gegn flokksræðinu. Mér sem tillögumanni og okkur, sem að þessu höfum verið að vinna, er það auðvitað mætavel ljóst. Þetta er till. til að taka þann hluta prófkjörsins sem hefur heppnast í raun og færa hann inn í kosningakerfið, en losa sig um leið við augljósa annmarka, sem á því hafa komið fram. Ég er viss um að hver einasti hv. þm. fellst á þessa skilgreiningu og einnig það að kjósandinn hafi valkost, geti valið á milli lista, ef hann svo kýs, eða einstaklings eða einstaklinga af einum eða fleiri listum, allt eftir því hvað kjósandinn vill.

Þetta mun hafa margfaldar afleiðingar. Ein er sú, að ef fylking sem býður fram — eða flokkur eða hvað við köllum það — hefur einhverja sérstöðu gagnvart hinum, þá eru henni greidd atkv. sem fylkingu, en hafi hún enga sérstöðu gagnvart hinum kjósa menn einstaklinga úr fylkingum. Það eru ekki verri einstaklingar fyrir það þó að þeir séu um það bil eins og náunginn í hinum flokknum. Á því er enginn manndómsmunur af einu eða neinu tagi. En kjarninn er sá, að kosningakerfið eins og allt vald á að vera svo dreift að skoðanir, hverjar sem þær eru, brjótist þar auðveldlega í gegn. Það er þetta sem verið er að leggja til. (**Forseti:** Nú er

meiningin að gera hlé á fundi og ég verð að biðja hv. ræðumann að fresta hér ræðu sinni.) Þangað til kl. hvað, forseti? (**Forseti:** Þangað til kl. 6.) — [Frh.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 4. þm. Reykv. vakti athygli forseta á og bað hann að huga að því, hvort því yrði við komið að útvarpsumr. yrði um stjórnskipunarlagafrv. Forsetar hafa hugað að þessu máli, en því varð ekki við komið, einnig með tilliti til þess að þrátt fyrir það þótt fyrir liggi að rofið verði þing verði hinn gamli háttur á hafður um eldhúsdagsumr. áður en þingi lýkur og að þær mundu fara fram — að því er stefnt á fimmtudaginn kemur hér í þingi. Og þá, eins og öllum er kunnugt, hafa þingflokkar hálftíma ræðutíma og utanflokkamenn helming þess tíma og yrði vafalaust umræðuefnið að meginhluta til stjórnskipunarlögin, þetta mikilvægasta mál sem nú er á dagskrá þessa þings. — En nú heldur hv. 4. þm. Reykv. áfram ræðu sinni þar sem frá var horfið.

Vilmundur Gylfason (frh.): Herra forseti. Í ljósi síðustu upplýsinga, sem fram komu, er auðvitað ekki að spyrja að þeirri áráttu flokkavaldsins í landinu að reyna að loka umr. á Alþingi frá fólkinu í þessu landi, reyna að loka fyrir að fólkið í landinu fái réttar upplýsingar um með hverjum hætti þetta fer fram.

En herra forseti. Nú er verið að ræða frv. til stjórnskipunarlaga. Flm. eru hv. þm. Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Magnús H. Magnússon. Ég held þessari ræðu ekki áfram nema eins og helmingur flm. sé viðstaddur. Þetta nær ekki nokkurri átt, þá á ég við 1. flm. fyrst og fremst. (**Forseti:** Gera svo vel og aðgæta hvort í húsinu eru Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Magnús H. Magnússon — einn er nú hér í salnum sé ég er. Segja þeim að þeirra sé óskað hér vegna þess að þeir eru flm. stjórnskipunarlagafrv.)

Herra forseti. Ég held þá áfram máli mínu. Það er ljóst af þeim upplýsingum sem hæstv. forseti hefur gefið um það, með hverjum hætti þetta mál verði kynnt fyrir þjóðinni, að ekki hefur verið orðið við óskum okkar hv. þm. Geirs Hallgrímssonar um að umr. um þetta mál yrði útvarpað. Mér er í raun óskiljanlegt og þess utan sársaukaefni að það skuli vera farið að með þessum hætti, einnig vegna þess að fleiri hv. þm. höfðu eftir slíku óskað. En það fellur mjög vel að þeirri kenningu að þeir sem bera ábyrgð á þessu frv. og það hafa flutt, af ástæðum sem kannske blasa við hér innan húss, vilja vitaskuld ekki umfjöllun um málið. Þeir vilja fá að halda þeirri goðsögn að fólkinu í þessu landi að eitt og hið sama sé frv. og fskj. Og því er nú ver og miður að stærstu og áhrifamestu fjölmiðlarnir að því er skoðanamyndun varðar hafa auðvitað leikið þessa leiki með því kerfi sem greiðir þeim laun. Þetta er auðvitað óhugnanleg lýsing á íslenskum aðstæðum, að þær skuli vera með þessum hætti. En herra forseti, svona er það.

Allt um það. Herra forseti hefur kynnt niðurstöður við óskum og við því er svo sem ekkert að segja að öðru leyti.

Ég var þar kominn, herra forseti, í ræðu minni í dag að ég var að tala fyrir fyrstu brtt. sem ég hef flutt og er liður í stefnumörkun Bandalags jafnaðarmanna. Það er till. á þskj. 498, 206. mál, um breytingu á stjórnskipunarlögum o. s. frv. Hún fjallar um það, að þegar við erum að ákvarða fjölda þm., jafnvel skiptingu þeirra milli kjördæma, sem fært er inn í stjórnarskrá lýðveldisins, sem ég vil taka undir að er mjög umdeilanleg aðferð að ekki sé meira sagt, þá skiptir líka máli aðferðin, sem þeir eru kosnir eftir, og hitt, hvert á að vera eðli starfanna og verkanna sem viðkomandi kosnir fulltrúar almennings í landinu eiga að inna af hendi. Þær brtt. sem ég hef flutt við þessa umr. málsins fjalla allar um þetta efni, ekki aðeins um fjölda þm. heldur er bætt við breytingum í stjórnskipan landsins um eðli þeirra þingstarfa sem menn leysa af hendi og um aðferðina sem almenningur í landinu hefur rétt til að beita þegar hann kýs sér fulltrúa. Og ég hef lýst því, herra forseti, að við leggjum til að aftan við þá grein sem fjallar um fjölda þm., sem er hin 31. í núgildandi stjórnarskrá, bætist ný grein, sem sé svohljóðandi, að „við kosningar til Alþingis skal kjósandi eiga þess kost að merkja við listabókstaf eða einstakling eða einstaklinga á listum allt upp í tölu kjörinna alþm. í viðkomandi kjördæmi. Nánari ákvæði um þessa kosningatilhögun skulu sett í kosningalögum."

Ég gerði í dag, herra forseti, þá grein fyrir þessari till., að ekki aðeins er þetta skynsamleg, lýðræðisleg og valddreifð kosningaaðferð og ekki aðeins er hér verið að taka höfuðkosti svokallaðra prófkjara eða forvala, eða hvað menn vilja kalla það, og innleiða þær aðferðir inn í kosningakerfið sjálft, heldur er einnig verið að koma í veg fyrir það sem einkum alveg upp á síðkastið hefur komið í ljós að eru gallar við þetta kerfi, og vil ég þar t. d. vísa í grg. með frv. til kosningalaga, sem hv. þm. Magnús Magnússon o. fl. hafa flutt. En aðalatriðið er þó hitt, fyrir utan hinar almennu röksemdir, að hér sé um skynsamlega tilhögun að ræða, dreift vald til þess einstaklings sem greiðir atkv., hann hafi leyfi til að kjósa lista eða einstakling eða einstaklinga á einum eða fleiri listum. Þá er verið að svara félagslegum kröfum og félagslegum þörfum fólks í þessu landi. Ef konur sjá ástæðu til þess að bjóða fram til sveitarstjórna eða til Alþingis er það vegna þess að sú félagslega þörf er til staðar, a. m. k. hjá þeim sem bjóða fram og hjá hinum sem greiða atkv. Menn getur greint á um aðferðirnar, um málefnið eða um hvað annað, en þessir einstaklingar eiga sér auðvitað rétt fyrir vikið, hvað sem mönnum annars finnst, og fullkomna ástæðu til að gera slíkt.

En af hverju hefur blanda af stjórnkerfinu og flokkakerfinu þvingað fram sérlista utan um einstök sérsjónarmið, sem fólki kann að þykja mikils virði það og það sinnið og hefur fullan rétt til auðvitað? Það er vegna þess að fjórflokkakerfið í landinu, sem stendur fyrir einhver almenn sjónarmið, sem mótuðust á árunum frá fyrri heimsstyrjöld og fram í heimskreppu og stendur auðvitað ekki fyrir neinar meginskoðanir í landinu lengur, stendur beinlínis gegn þeim nýju félagslegu sjónarmiðum, kröfum og þörfum sem uppi kunna að vera í landinu það og það sinnið. Síðan koma fram hópar fólks sem leggja áherslu á ný markmið og nýjar leiðir. Það er t. d. bæði markmið og leið ef mönnum þykir að ekki sé nóg af konum á löggjafarsamkomunni og menn vilja fleiri konur. Það er markmið og leið ef mönnum þykir að húsfriðunarsjónarmiðum eða hverjum öðrum sjónarmiðum, umhverfisverndarsjónarmiðum eða hvalaverndunarsjónarmiðum, sé ekki gert nægilega hátt undir höfði.

Þau sjónarmið sem flestir einstaklingar greiða atkv. sitt eru auðvitað merkilegust það og það sinnið í augum löggjafans. Það er ákaflega einföld regla. En gegnt allri slíkri hugmyndafræði stendur flokkakerfið. Ef menn vilja kjósa sjónarmið sem hv. þm. Geir Hallgrímsson aðhyllist þurfa þeir að kjósa einhverja tíu aðra í leiðinni sem þeir kannske vilja hvorki sjá eða heyra og aðhyllast eitthvað allt annað. Kjarninn er þessi: Flokkakerfið í landinu stendur ekki lengur fyrir neinu meginsjónarmiði, sem einhverjir aðrir standa ekki fyrir.

Dæmi er ruglingurinn á ríkisafskiptum og einkarekstri, þar sem flokkakerfið heldur blekkingarmyndum að öllum almenningi í landinu í ljósi sinnar fjölmiðlaaðstöðu. Það er alveg sama hvar við berum niður hvað snertir þær meginlínur sem skiptu fólki í fylkingar fyrir svo eða svo mörgum áratugum. Þessi sjónarmið eru ekki til staðar lengur. Fyrir þeim staðreyndum á löggjafinn auðvitað að beygja sig, vegna þess að hættan er sú, að ef menn halda þessu flokkamynstri að fólki hvað sem tautar og raular, taka af þeim réttinn til að velja öðruvísi, þá eru flokkarnir orðnir þvingun en ekki tæki.

Við segjum: Ef eitthvert sinnið er uppi í þjóðfélaginu ósk um það frá konum eða körlum eða þeim saman að það skuli vera fleiri konur, þá á fólki að vera frjálst að kjósa konur af því flokkamynstri sem boðið er upp á. Sem sagt: Ef minnihlutahópar telja sig órétti beitta í það og það skiptið, sem oft kemur auðvitað upp, hvaða sjónarmið sem uppi kunna að vera, hvað á þá að þýða að flokkakerfið haldi því mynstri að landinu að ef einhver kjósandi í Reykjavík vill greiða hv. þm. Geir Hallgrímssyni atkv. sitt sé hann að kjósa yfir sig Framkvæmdastofnun ríkisins? Þannig er það í raun í því þrönga kerfi sem upp á er boðið. Það er þetta sem við sjáum og það er þetta kerfi sem er orðið skakkt, sem er orðið afmyndað. Réttlætingin fyrir þessu kerfi er í raun og veru engin önnur en einhver söguleg verðmæti: Af því að Alþfl. kom á vökulögunum á þriðja áratugnum eða var virðulegur í tryggingamálum 1934 eiga menn að kjósa hann í dag. Kjarni málsins er að þetta kerfi stendur allri heilbrigðri skoðanamyndun beinlínis fyrir þrifum.

Við verðum að skoða sögu þessa máls. Hún er sú, að frá því að heimastjórn kom inn í landið og þangað til 1959 var íslenskt kosningakerfi í raun og veru þrefalt. Það var þannig: Að uppistöðu til voru einmenningskjördæmi. Nokkur kjördæmi voru tvímenningskjördæmi. Eitt kjördæmi var stærra, hlutfallskosningakjördæmi. Það var beitt þremur aðferðum við að kjósa. Þessu var breytt að vísu 1942 í stórum dráttum, en að uppistöðu til stendur þetta fyrirkomulag frá heimastjórn og til 1959.

Það hafði í sér og innibyggðar augljósar skekkjur af alls konar tagi. Sögulega vil ég segja að breytingin sem gerð er 1959 var í alla staði bæði eðlileg og skynsamleg í ljósi þeirra aðstæðna sem hún var gerð við. En hinu er ekki að neita, að einmenningskjördæmin höfðu auðvitað vissa kosti fram yfir það fyrirkomulag sem við búum við í dag. Þau höfðu þá augljósu ókosti að það gat orðið mikil skekkja milli manna annars vegar og samtaka þeirra hins vegar. Og við þekkjum að á þessu tímabili vann einmenningskjördæmakerfið mjög með Framsfl. og á móti öðrum stjórnmálasamtökum. Þetta þekkja menn. En engu að síður hafði einmenningskjördæmakerfið óneitanlega vissa kosti. Það hafði þá kosti að inn í það var byggð meiri valddreifing, heldur minna flokksræði og þegar um var að ræða marga fulltrúa smárra eininga, eins og þá mynduðu a. m. k. stóra hluta af hv. Alþingi, tókst annars konar og að mörgu leyti eðlilegri samvinna, vegna þess að einn er einstaklingurinn svo sem lítils megnugur, en í félagi við aðra meira megnugur, og það á auðvitað við löggjafarsamkomu eins og í öllum öðrum mannanna verkum.

En allt um það. 1959 er horfið frá þessu kerfi og tekin upp átta stór hlutfallskosningakjördæmi, að vísu misstór eins og menn þekkja, og við það kerfi höfum við búið fram til þessa dags. Þetta var skiljanleg breyting að mörgu leyti eins og hún var fram sett, en aðalatriðið er þó hitt, að inn í þetta kerfi voru byggð annars konar óþægindi, rangindi getum við beinlínis sagt, eða það sem stundum hefur verið nefnt flokksræði. Gegn þessu gerðu menn svo uppreisn með öðrum hætti. Það má segja að þegar krafa um prófkjör eða forval eða slíkt kom fram fyrir nokkrum árum hafi það verið uppreisn gegn þessu flokksræði, en að vísu ekki nema hluta af því vegna þess að í öðrum ákvörðunum, sem oft skiptu meira máli, héldu pýramídar flokkavaldsins velli.

Þessi till., sem ég hér er að mæla fyrir, er uppskurður á verstu agnúum og veikleikum þessa fyrirkomulags, nefnilega það að sumpart sé horfið til baka til hugsunar einmenningskjördæmanna, nefnilega að einstaklingurinn hafi til þess leyfi að hegða sér með atkvæði sínu óháð þeim samtökum, sem flestir fulltrúarnir í þessu húsi standa fyrir með einum eða öðrum hætti, og samtökin sem slík séu ekki lengur neitt aðalatriði þessa máls, enda eiga þau ekki að vera það, heldur þau sjónarmið sem einstaklingurinn, hver sem hann er, stendur fyrir með einum eða öðrum hætti. Þetta er kjarni málsins í þeirri till. sem hér er verið að leggja fram.

Ég geri ráð fyrir að fyrsta kastið muni hv. alþm., sem standa fyrir flokkavaldið, vilja halda þeirri hugsun að fólkinu í landinu að flokkarnir standi fyrir eitthvað sérstakt, sem einhverjir aðrir standi ekki fyrir, sem eru auðvitað meginmistök, kann að hafa verið rétt í kreppunni og alllengi á eftir, en eru meginmistök eins og málum háttar á því herrans ári 1983. En þetta er kjarni málsins, að sá sem greiðir atkv. eða sú og með hverjum hætti sem viðkomandi kýs að verja því að öðru leyti sé ekki bundinn af þeim fyrir fram formúlum sem flokkavaldið og fjölmiðlarnir, sem þeir gefa út, halda að fólki og oftar en ekki ranglega. Því er, herra forseti, lagt til að við séum ekki aðeins í þessu frv. til l. að ákvarða tölu hv. alþm., sem við leggjum til að sé óbreytt, 60, eins og hún hefur verið, heldur einnig hitt, að kosningarétturinn sé útfærður, valddreifður og í raun og veru færður frá flokkunum og til fólksins. Svokallaðir stjórnmálaflokkar hafi ekki einkarétt á því að bjóða upp á valkosti sem okkur ber annaðhvort að taka í heilu lagi eða hafna í heilu lagi.

Horfi menn á mynstrið í landinu. Í Norðurl. v. er Framsfl. væntanlega að fara að bjóða fram í tvennu lagi — og af hverju? Velti menn því fyrir sér og velti menn fyrir sér þeirri kosningaaðferð sem við erum að leggja til. Ég vil undirstrika að ég ber fulla virðingu fyrir þeim mismunandi skoðunum sem þar koma fram, en því ekki að láta kjósendur með einföldum hætti ákvarða á kjördag hvor þeirra skoðana, sem einstaklingar standa

fyrir sumir, hafi meiri hl. eða minni hl. á því tiltekna svæði? Hinum megin í flokkakerfinu, hjá Sjálfstfl., í því hinu sama kjördæmi eru í 1. og 2. sæti listans sennilega mestu fjandmenn íslenskra stjórnmála nú um stundir. Þetta hefur komið fram, meira að segja í fjölmiðlunum sem flokkarnir gefa út. Og menn þekkja þetta. (**FrS:** Hvenær verður prófkjörið hjá þér?) Við erum hér að mæla fyrir, hv. þm., þeirri aðferð að aðferðir prófkjörsins séu færðar inn í alþingiskosningakerfið sjálft. Það sýnist mér skipta meira máli en hitt, sem um var spurt.

En kjarni málsins er þessi: Þessar tillögur, eins og aðrar tillögur sem við erum að leggja til, ganga út á að þessi réttur og þetta vald sé fært til þess sem atkv. greiðir það og það sinnið. Það er kjarni fyrstu brtt. sem ég hér mæli fyrir.

Í annan stað, herra forseti, er flutt brtt. á þskj. 499 við þetta sama frv. Á eftir 3. gr. þessa frv. komi ný grein sem orðist svo:

„Á eftir 48. gr. komi ný grein, 48 A, svohljóðandi:

Löggjafarvald og framkvæmdavald skulu aðskilin. Alþingismenn setja lög og hafa eftirlit með framkvæmd laga, en er óheimilt að vinna umboðsstörf hjá framkvæmdavaldinu og stofnunum þess.“ Það er öllum ljóst að þetta er eitt af meginstefnumálum þeirra samtaka sem eru að reyna að afla málstað sínum fylgis og m. a. með undirstrikun á nauðsyn þess sem hér er lagt til. Það skiptir fólkið í þessu landi ekki höfuðmáli í sjálfu sér hvað þm. eru margir. Það skiptir það miklu meira máli hvað þeir eru að gera og hvað þeir eru ekki að gera. Og ef og úr því að fjórflokkakerfið er búið að stilla því upp sem einhverju aðalatriði þessa máls hvort þm. eru 60 eða 63, og þar eru þeir alveg sammála hv. þm. Geir Hallgrímsson og Svavar Gestsson, alveg sammála eins og í býsna mörgu upp á síðkastið, þá segjum við: Þetta er ekkert aðalatriði þessa máls og má einu gilda hvort þeir eru 60 eða 63 ef þeir eru allir að vinna til vitlausrar áttar. Hitt skiptir miklu meira máli, hvað mennirnir og konurnar eru að gera í þessu húsi og hvort þau eru að vafra hér um ganga með úttroðnar töskur af víxlum eða hvort þau eru að setja lög. Það er það sem auðvitað skiptir höfuðmáli.

Þegar við leggjum til að löggjafarvald og framkvæmdavald skuli aðskilið og að alþm. setji lög og hafi eftirlit með framkvæmd laga, en sé óheimilt að vinna umboðsstörf hjá framkvæmdavaldinu og stofnunum þess, þá er í stjórnarskránni verið að taka afstöðu fyrst til þess hve þm. séu margir, en þó er hitt miklu meira virði, að það er verið að taka afstöðu til þess, í hverju störf þeirra skuli vera fólgin að því er meginhugmyndir varðar. Þessi hugmynd hangir auðvitað saman við mjög róttækar hugmyndir um breytingar á stjórnkerfinu. Hluti af þeim er kynntur við 2. umr. þessa máls, en annar hluti verður kynntur við 3. umr.

Þetta er sú almenna hugmynd, sem ég hef oft og ævinlega talað hér fyrir, að þessi „lausn“, sem fjórflokkarnir eru hér að kynna snertir hvergi á meginvanda þessa máls af þeim meginástæðum að engin tilraun er gerð til að kanna hvort samhengi kunni að vera á milli annars vegar þess sem kallað hefur verið ójafn kosningarréttur og hins vegar þeirra efnahagslegu og félagslegu skekkja sem í landinu er að finna. Það er auðvitað efnahagslegt ójafnvægi og efnahagsleg skekkja þegar verðbólga er komin sennilega á 8. tuginn stiganna og þegar skuldir erlendis nema kannske á 6. þúsund Bandaríkjadala á mannsbarn í landinu. Þá er eitthvað verulega mikið að.

Við sem fyrir þessum hugmyndum höfum talað álítum að eitt af þeim meginvandamálum, sem við er að etja, sé að þó svo að einstaklingar séu kosnir inn á löggjafarsamkomuna séu þeir ekki fyrst og fremst, ekki allir, ekki margir a. m. k., kosnir til að setja landinu almennar leikreglur, sem gildi þá jafnt fyrir alla, hvar sem menn búa og hverjir sem menn eru að öðru leyti, heldur séu þeir kosnir inn á þing til að koma sér eða sínum nánustu fyrir í þeim stofnunum framkvæmdavaldsins sem útvegar fjármuni og skili þá fjármunum til baka eftir þeim sömu rásum og atkvæðin komu eftir.

Auðvitað segja menn að þetta sé allt gott og elskulegt því að þetta fyrirtækið og hinn einstaklingurinn hafi nú fengið fyrirgreiðslu út úr þessu kerfi árið 1977 eða 1979 eða hvenær sem það var, og auðvitað eru það margir, bæði fyrirtækin og einstaklingarnir, sem hafa notið góðs af með einum eða öðrum hætti til skamms tíma með þessum hætti. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, að þetta hefur boðið heim skökkum leikreglum, rangindum, mismunun, en umfram allt sóun, svo endalausri sóun.

Við höfum sagt mjög einföld sannindi. Það er alveg ljóst, að eitt af því sem löggjafarvaldinu hefur gersamlega mistekist við er að setja landinu almennar leikreglur t. d. að því er varðar vexti. Nú er ljóst að kannske yfir 70—80% af útlánakerfinu eru þjóðnýtt með einum eða öðrum hætti. Um það hefur í sjálfu sér ekki verið ágreiningur í þessu landi. Annar hluti þess er minni, en hins vegar rekinn með frjálsum hætti, sem stundum er svo kallað. Málið er að Alþingi hefur mistekist við að setja þær einföldu grundvallarleikreglur, að þegar lán eru fengin skuli þau vera greidd til baka í þeim verðmætum sem á bak við þau standa í það og það sinnið. En við segjum: Skýringuna á þessu er ekki að finna í mannvonsku eða neinu slíku. Hana er að finna í kerfinu sjálfu. Hvernig má það vera að einstaklingur sé að setja um það leikreglur milli 2 og 4 t. d. hver eigi að vera hæð vaxta í landinu miðað við verðbólgustig, sem snertir auðvitað með einum eða öðrum hætti allan fyrirtækjarekstur og alla einstaklinga, en fari síðan niður í banka eða upp í Framkvæmdastofnun eða í einhvern sjóðinn morguninn eftir og sé að lána sértækum fyrirtækjum eða einstaklingum út úr þessu sama kerfi? Vitaskuld er það svo, að svokölluð völd eða hagsmunir þess einstaklings sem hlut á að máli hanga saman við að greiðinn sé til staðar, að lánin séu niðurgreidd. Þeim mun meiri skömmtun sem hér á sér stað, þeim mun meiri verða hin svokölluðu völd og þeim mun meiri verður greiðinn til þess einstaklings sem hlut á að máli, en því meira verður óréttlætið gagnvart þeim vaxandi fjölda sem hvergi kemur nálægt þessu kerfi.

Það er þetta sem við segjum: Engum í þessu landi dettur í hug að maður skuli setja leikreglur milli 2 og 4, fara síðan upp í Hæstarétt á morgun og dæma eftir þeim. Það er eitthvað inni í okkur sem segir að það fari ekki saman. Þarna verður hagsmunaárekstur. En með sama hætti — segjum við — fer það ekki saman að maðurinn setji leikreglur á milli 2 og 4 og eigi síðan að framkvæma þær daginn eftir. Þarna viljum við algerlega skilja á milli. En það skal undirstrikað að það hangir saman við annars konar hugmyndafræði, nefnilega þá,

að þetta svokallaða kjördæmamál og stjórnarskrármál, þ. e. hvað snertir kjördæma- og kosningaþátt þessa máls, svo sem þetta frv. fjallar um, sé leyst með allt öðrum hætti, og ekki þessari gervilausn, sem engin lausn er og þetta frv. fjallar um, heldur verði kosningarréttur í landinu jafnaður með þeim hætti að að því er framkvæmdavaldið varðar, og þá skiptir ekki öllu máli hvort *við köllum það ríkisstjórn eða forsrh. eða hvað* annað, að kosið sé þannig kosningu í tvöfaldri umferð, og þar er farið að franskri fyrirmynd, að sérhver maður, hvar sem hann býr, hver sem hann er, hafi eitt og jafnt atkvæði. Þetta er í raun og veru, ef menn fást til að hugsa eftir þeim brautum, mjög róttæk jöfnun atkvæðisréttar. En þessi pappír hér, herra forseti, fjallar ekki um neitt slíkt. Og það er það sem er svo ómerkileg blekking við fólkið í þessu landi.

Við höfum sagt að þegar þetta er gert og síðan hitt, sem þessi till. hér fjallar um og stenst fullkomlega þó að við séum að tala um óbreytt stjórnkerfi að öðru leyti, þegar það fyrra hefur verið gert og það síðara, þ. e. valdþættirnir hafa verið aðskildir, sé rétt að varðveita jafnvægi í byggð landsins, því að þetta land er þannig, að það eru sameiginlegir hagsmunir að þéttasta þéttbýli og dreifðasta dreifbýli lyndi vel saman. Það verðum við að viðurkenna, einnig þau sem sitjum fyrir hið þéttasta þéttbýli á þessari samkomu. Þess vegna leggjum við til að að þessu gerðu sé kjördæmaskipanin óbreytt og kosningaaðferðin, með þeirri undantekningu þó sem ég mælti hér fyrir sem minni fyrstu till. Og því, herra forseti, er ég að setja hér á langa ræðu um þetta mál að ég vil a. m. k. fá umr. um þær hugmyndir sem hér eru til. Ég vil heyra með hvaða rökum þessum hugmyndum er andmælt, en slíkt hef ég ekki heyrt hér, ef frá er talin röksemdafærsla hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar.

Við segjum að með þessum tillögum sé verið að leggja til raunverulegar lausnir á þessum vanda. Fjórflokkakerfið setti á stjórnarskrárnefnd fyrir fimm árum. Allan þennan tíma hefur stjórnarskrármálinu verið lýst sem einhverjum meginvanda sem verði að leysa og hamast á því í blöðunum og fjölmiðlunum, Morgunblaðinu, Þjóðviljanum og hvað þetta heitir allt saman, að hér sé vandi sem verði að leysa. Svo leysa þeir vandann og þá er það þessi pappír sem kemur, fjölgun um þrjá og ekkert annað, og reyna að koma í veg fyrir útvarpsumr. þrátt fyrir ítrekaðar óskir okkar hv. þm. Geirs Hallgrímssonar þar um. Eftir alla fimm ára vinnuna og allt hjakkið er það þetta sem boðið er upp á og lagt er til. Nei, herra forseti. Þetta snertir hvergi á vandanum.

Ég vil taka undir með fjórflokkakerfinu að því leytinu til að stjórnarskrárvandinn hangir vissulega saman við önnur vandamál sem eiga að vera til úrlausnar í þessu húsi, bæði efnahagslegs og félagslegs eðlis. Hann hangir saman við með hverjum hætti við skipuleggjum byggð úti um landið vítt og breitt. Hann hangir saman við uppbyggingu fjármálakerfis og félagskerfis að öðru leyti, enda skárra væri það ef fjöldi þm., skipting milli kjördæma og landshluta og aðferðir sem þm. eru kosnir eftir héngju ekki saman við hin stærri vandamál efnahagslegs, félagslegs og byggðalegs eðlis.

Vitaskuld er það rétt röksemdafærsla hjá fjórflokkakerfinu núna í fimm ár að þessi vandi sé mikill og hann hangi saman við önnur og stærri mál sem menn eru hér við að fást. En hvernig má það vera, sé það rétt hjá þeim að þeir hafi verið að fjalla um og þykjast leysa raunverulegan vanda, að þetta plagg er allt og sumt sem verið er að leggja til, fjölgun um þrjá og ekkert annað og hitt er skilið eftir fyrir Gunnar Schram og aðra þá, sem verða á næsta Alþingi, að leysa? Það er verið að gera. Það er ekki þetta þing, sem nú situr, sem á að greiða úr þeirri flækju sem hér er lögð upp í hendurnar á okkur. *Það eru væntanlega Gunnar Schram og aðrir,* svo að ég nefni mann sem væntanlega mun sitja á næsta virðulega Alþingi. Til hvers er þetta þing að semja frv. fyrir Gunnar Schram og Árna Johnsen og aðra ágæta menn, sem væntanlega koma til með að skipa hið næsta Alþingi?

Það sem er vandi einnig er virðingarleysi fyrir leikreglum lýðræðisins, sem felst í því að gefa út frv. til stjórnskipunarlaga og hafa í grg. með því drög að einhverju frv., sem næsta þing kannske mun fjalla um, um kosningalög. Allur ferill þessa máls er með þeim *eindæmum að niðurstaðan enn og aftur er aðeins ein:* að fjórflokkakerfið ætlar núna að hlaupa fram á vígvöllinn og segja: Við gátum leyst þetta. Við gátum komið okkur saman. Sjáið þið hvað við getum. Við getum ýmislegt annað líka. — Þetta er bara engin lausn. En til þessa eins er leikurinn gerður. Og þeir treysta því, þegar þeir eru að koma í veg fyrir útvarpsumr., að um þá þm. sem hér tala muni fæstir vita utan þessa húss. Það er reynt að halda aftur af því sem mest má verða að við fáum að kynna þjóðinni af hverju við erum andvígir þessu. Svo á þjóðin að halda: Nú gátu fjórflokkarnir, sem hafa valdið verðbólgunni og erlendu skuldunum og öllu þessu á undanförnum árum, loksins leyst eitthvað. Fjölgun um þrjá var lausnin. Og er það furða þó að einhverjum blöskri!

En herra forseti. Þrátt fyrir ítrekaðan vilja til hins gagnstæða, hafi ég skilið rétt í dag, átti að böðla þessu frv. fram á þessum degi, hafa 3. umr. í kvöld og væntanlega böðla frv. í gegnum Ed. á morgun eða miðvikudag. Svo áttu talsmenn fjórflokkakerfisins að standa upp og segja: Sjáið þið hvað við getum, eins og Ketill séra Matthíasar orðaði það á sinni tíð.

En herra forseti. Við erum mörg sem erum vægast sagt hikandi vegna þess sem hér er að gerast. Þetta frv. er ekki aðeins lítið og slakt og lítils virði. Ég vil taka undir að óskilyrt fjölgun um þrjá, eins og raunverulega er, leysir engan vanda. Hún veldur svo sem engum vanda heldur. Hún er ekki neitt neitt. En það sem er hættulegt í þessu er að þeirri blekkingariðju er haldið að fólki að þetta sé eitthvað. Hvað er verið að gera? Ég held að þeim takist það ekki. En vandinn er sá, að þetta frv. kann að vera komið hér í gegn fyrr en varir, en vegna upplýsingaleysis sem snýr að öllum almenningi veit hann ekki hvernig í öllu liggur fyrr en einhvern tíma seint og um síðir.

Herra forseti. Ég er satt að segja hissa á ábyrgum manni, sem ég taldi vera, sem er hv. 1. þm. Reykv., sem vinnur sín þingstörf venjulega af mikilli samviskusemi eins og allir vita og er ekki að taka þátt í þeirri sukksömu iðju, sem ég hef svo oft verið að lýsa hér og enn núna, heldur verið að sinna sínum löggjafarstörfum. Ég er alveg hissa á því að slíkur maður skuli vera 1. flm. og fyrirliði þeirrar stórskrýtnu sveitar sem fyrir þessu máli er. Það er langt fyrir neðan hans virðingu að vera að taka þátt í þessum leikaraskap, langt fyrir neðan hans virðingu að vera að reyna að blekkja þjóðina með

þeim hætti sem hér er verið að reyna.

Svo, herra forseti, hangir þetta saman við að þetta samansúrraða og sammála fjórflokkakerfi hefur verið að deila um það hér í öllum baksölum, eins og allir vita, hvort eigi að kjósa einu sinni eða tvisvar. Það hefur ekki látið sér koma saman um neitt nema fjölga þm. um þrjá, ekki einu sinni það hvort ætti að kjósa einu sinni eða tvisvar. Okkur leikur grunur á að það verði komið undir kosningaúrslitum og kannske niðurstöðu þeirra sem fyrir utan þetta flokkakerfi munu bjóða fram, hvort þeir kjósa einu sinni eða tvisvar.

Uppi voru hugmyndir um að setja í þennan einskis verða pappír ákvæði til bráðabirgða um að það skyldi kjósa tvisvar. Nú eru þeir fallnir frá því. Það er auðvitað jafnfáránlegt og hitt því að þessir hv. þm. leysa ekki löggjafarsamkomu með Gunnari Schram og Árna Johnsen upp. Það verða þeir sjálfir að gera. Þeir munu hafa nákvæmlega sömu réttindi þá og þeir þm. sem hér sitja nú, ef þeir verða kjörnir.

Öll þessi hugsun rekur sig til flokkaveldisins eins og það var fyrir 20 árum, að þetta þing geti sett lög og leikreglur og ákvæði til bráðabirgða í stjórnarskrá fyrir hið næsta þing, sem kemur saman að afloknum kosningum síðla í apríl eða snemma í maí. Það er augljóst að þeir sem fyrir þessu standa skilja ekki hvaða breytingar eru að verða á öllu umhverfi þeirra. Það er mikill kjarni þessa máls.

Herra forseti. Sú brtt. sem ég er að mæla fyrir, önnur í röðinni sem nefnd hefur verið, fjallar um algeran aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Finnst nú ekki einhverjum hér inni fleiri en mér að það skipti meira máli en hvort þm. eru 60 eða 63 hvað þeir eru að bauka hér allan daginn? Er ekki mikilsverðara að sjálf stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hafi eitthvað um það að segja hvað menn eru hér að gera?

Eins og allir vita fer þessi skömmtunarstarfsemi fjármagns og jafnvel menningar og alls þess sem þar er á milli fram í gegnum sjóða- og stofnanavald með einum eða öðrum hætti. Hvergi skal ég draga úr því að mörg góðverkin hafi verið unnin með þessum hætti. Það var góðverk að einhver fékk að tala um daginn og veginn sem kannske hefði aldrei annars fengið það. Og það var góðverk að einhver maður fékk lán sem kannske hefði aldrei annars fengið það. Slíkt getur auðvitað orðið þannig að það kalli beinlínis fram tár á hvörmum þegar lýst er hvílík góðverk hafi verið unnin. En þessi góðverk eiga ekki að vera unnin af þeim sem eru að afla sér eða málstað sínum fylgis með atkvæðum, því að pólitískur málstaður er að menn móti hinar almennu leikreglur, sem þar með gildi jafnt fyrir alla. Pólitískur málstaður er t. d. það, með hverjum hætti menn setja almennar leikreglur um mismunandi verð á orku eða jafnt verð á orku eða hvað annað. Eftir því skulu menn og samtök þeirra dæmd. En pólitískur málstaður er ekki hitt, hvort þessi maðurinn á Þórshöfn eða hinn í Vestmannaeyjum eða sá þriðji í Reykjavík hafi fengið lán sem maður í næsta húsi fékk ekki. Dómurinn á ekki að vera um það. Hér á að setja hinar almennu leikreglur og hér á að hafa eftirlit með því að hinum almennu leikreglum sé fylgt. Það á að vera kjarni þessarar starfsemi.

Auðvitað er fullljóst að nú hegða hv. alþm. sér með mjög misjöfnum hætti. Sumir vinna eftir þeim almennu reglum og háttum sem hér er verið að lýsa. Hinir eru því miður fleiri sem ekki gera það og hafa engan áhuga á lagasetningu yfir höfuð að tala. Það er gefið mál. Þetta er auðvitað áhyggjuefni vegna þess að svo mikið af sóuninni, svo mikið af rangindunum, svo mikið af misbeitingunni má beinlínis rekja til þessa. Menn benda á góðverkin og segja: Þarna var gert góðverk. En hugsi menn um alla hina, sem ekki urðu þessara góðverka aðnjótandi. Þeir eru miklu fleiri. Þeir vita bara síður af sér sem fá að vita hvað þeir fá, en hinir sem vita lítið og oftast ekkert. En það sem við eigum að bera skynbragð á, sem hér erum til að setja landinu almennar leikreglur, eru hagsmunir þessarar heildar og öll hin gegndarlausa sóun, öll hin gífurlega verðmætaeyðsla sem fram fer í þessu kerfi.

Í forustugrein í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu var fjallað um þessar hugmyndir. Þar sagði leiðarahöfundur: Það er auðvitað alveg rétt í gagnrýni Bandalags jafnaðarmanna að það eru allt of mikil brögð að því að hv. alþm. séu ekki að setja landinu lög, heldur að stússa í framkvæmdavaldinu — eða einhvern veginn í þá veru var það orðað. En — sagði svo leiðarhöfundurinn að hætti íhaldssamra manna allra tíma í vondum skilningi þess orðs — það er auðvitað mikill misskilningur að það þurfi að breyta lögum eða stjórnarskrá til að koma í veg fyrir þetta. Menn eiga bara að hætta að hegða sér svona.

Sannleikurinn er sá, að þetta er það sama og þeir hafa sagt um skattsvikin í áratugi og svarta hagkerfið, neðanjarðarhagkerfið. Jú, jú, þeir koma og segja: Það er alveg rétt að það er alltof mikið af þessu. En það þarf ekki að breyta lögum. Bara að menn hætti að svíkja undan skatti. Ekkert gerist með þeim hætti. Röksemdafærsla af þessu tagi — við skulum taka skattsvikin fyrst — er auðvitað röksemdafærsla til varnar nefndum gerðum. Með sama hætti er það að þegar Morgunblaðið segir annars vegar, sem ég tel málpípu a. m. k. hluta af Sjálfstfl.: Þetta er réttmæt gagnrýni, það er allt of mikið af þessu samkrulli, en hins vegar þarf ekki að breyta reglunum, þá er það auðvitað í ósvífinni vörn fyrir þetta kerfi þó að það við fyrstu sýn líti öðruvísi út. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Nú á þessum vetri hefur þjóðin horft upp á óvenjuósvífna útgáfu af þessu samkrulli. Þar á ég við hv. þm. Eggert Haukdal. Þjóðin hefur í senn gamnað sér og verið furðu lostin yfir því að svona nokkuð skuli vera hægt. Menn hafa sagt sem svo, að hér gengju að því er þetta efni varðar atkvæði kaupum og sölum — og þá vísa ég til t. d. viðtals í Ríkisútvarpi við nefndan hv. þm. En kjarninn er sá, og þessi orð vil ég segja honum til varnar: Ég tek það svo, að hann sé að ósekju tekinn sem dæmi um þessa starfsemi, sem hér fer fram í þessu hv. húsi og hefur orðið okkur svo dýr og kostað beinlínis svo mikla sóun að verðmætum hefur verið kastað á glæ. Ég held að það sé að ósekju að þessi hv. þm. sé tekinn til dæmis um þessa starfsemi. Það er aðeins að hann orðar hluti hreinskilnislegar og vinnur kannske meira fyrir opnum tjöldum en menn þó kannske meira og minna, allstór hópur, eru að gera hér daginn út og daginn inn, eins og ég veit að hv. þm. Stefán Valgeirsson gerþekkir. Og það er þetta sem er kjarni málsins.

Það sem við viljum gera er að ganga þannig frá stjórnarskrá lýðveldisins að það sé gert alveg ljóst að eins og dómararnir dæma, en hvorki setja lögin né framkvæma þau, þá setji löggjafarvaldið lögin, en

hvorki dæmi eftir þeim né framkvæmi þau og framkvæmdavaldið framkvæmi lögin, en hvorki setji þau né dæmi eftir þeim. Þessi hugsun er raunar til staðar í 2. gr. okkar gömlu og að mörgu leyti úreltu stjórnarskrár. Henni hefur ekki verið framfylgt hér frá því í upphafi heimastjórnar og raunar aldrei, en skaðvaldurinn hefur svo orðið þeim mun augljósari sem verðmætatilfærslur hafa orðið auðveldari vegna verðbólgu, eins og allir hv. þm. gerþekkja. Um það mætti hafa, herra forseti, langt mál hvernig þetta hefur valdið skaða. En við segjum, og því flytjum við þessa brtt., að miklu mikilvægara en hvort þm. eru 60 eða 63 er hvað þeir eru að bardúsa hér daginn út og daginn inn. Og ef menn vilja vera að setja sérstök stjórnarskrárákvæði um þm. skulu menn setja stjórnarskrárákvæði um það sem skiptir máli, en ekki um hitt, sem engu máli skiptir. Það skiptir engu máli hvort við erum 60 eða 63. Hitt skiptir máli, hvað verið er að gera í megindráttum. Eru þm. að úthluta niðurgreiddu og þess vegna eftirsóttu lánsfé eða eru þeir að setja lög fyrir landið? Eru þeir að skammta takmörkuð verðmæti, og skömmtun á sér ekki stað nema vegna þess að verðmætið sem um ræðir er takmarkað, eða eru þeir að setja hinar almennu leikreglur? Það er þetta, sem við segjum að sé kjarni málsins og um þetta fjallar brtt. á þskj. 499.

Þá kem ég, herra forseti, að brtt. á þskj. 496, en hún er svohljóðandi:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:

39. gr. orðist svo:

Fastanefndir Alþingis hafa rétt til að heimta hvers konar skýrslur, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Fundir nefnda Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði.“

Þetta er, herra forseti, liður í nákvæmlega sömu hugmyndafræðinni. Þótt hv. alþm. séu ekki að skammta takmörkuð verðmæti og þótt það sé ekki meginstarfi þeirra, þótt það sé klippt á afganginn af sjóðunum, hvort það heita ríkisbankar eða eitthvað annað, þá hefur löggjafinn engu að síður grundvallarverkefni að gegna í stjórnskipan okkar. Þessi grundvallarverkefni eru annars vegar að setja lögin og hafa til hlítar og setja þá almennar leikreglur sem gildi jafnt fyrir þá sem leikreglurnar eru settar fyrir, nefnilega alla þegnana í þjóðfélaginu. En löggjafinn á að okkar mati að hafa annað mjög veigamikið hlutverk. Hann á að hafa eftirlit með því að lögunum í landinu sé framfylgt, því það er ósköp lítils virði að setja lög ef enginn fer eftir þeim. Það er kjarni málsins.

Víða erlendis, herra forseti, hefur þess gætt, sem hér hefur einnig gætt, að löggjafarsamkomurnar hafa verið að missa völd sín og áhrif til sérfræðinga. Þetta vitum við vegna þess að í iðnvæddum ríkjum verður lagasetning flóknari og þeir sem lögin eiga að setja eru að mörgu leyti vanbúnir til þess, ekki til að hugsa hinar almennu hugsanir og setja hinar almennu hugmyndir fram, heldur til að vinna hina tæknilegu vinnu. Þetta er auðvitað alþekkt meira og minna í öllum lýðræðisríkjum. Það sem hefur gerst til mótvægis þessu er að starfslið og ráðgjöf þjóðþinganna hafa verið aukin, en umfram allt hefur verið aukið það starf sem fram fer í þingnefndum sem starfa fyrir opnum tjöldum, þannig að þeir sem áhuga hafa á viðkomandi störfum geti komið og fylgst með því sem þar fer fram. Þar fer fram eftirlit í formi þess sem á vondri íslenskri þýðingu úr ensku er kallað yfirheyrslur eða hearings upp á enska tungu — sú starfsemi sem í senn er lýðræðisleg, sem er trygging borgaranna fyrir almennum leikreglum og sem heldur uppi viðamikilli og dýnamískri umræðu í samfélaginu um það, til hvers leikreglur séu, í hvers þágu þær séu settar og hverra hagsmuna þær gæta í það og það sinnið.

Eins og við þekkjum kunna leikreglur að verða settar eitt árið til að gæta tiltekinna hagsmuna. Árin líða, leikreglurnar standa, en eru í raun orðnar vörn fyrir allt aðra hagsmuni en þá sem þeim var upphaflega ætlað að vernda. Þetta gjörþekkjum við. Þess vegna, bæði vegna þróunar þessa samfélags, sem hér hefur orðið og er auðvitað alveg samhliða þróun í svipuðum samfélögum í nálægum löndum, en eins vegna hins, að þegar þessi sértæku verkefni eru ekki lengur á höndum hv. alþm., þegar hv. alþm. verður ekki framkvæmdastjóri í Framkvæmdastofnun, þegar hv. alþm. sitja ekki lengur í skömmtunarráðinu þar, þegar hv. alþm. sitja ekki lengur í bankaráðum ríkisbankanna, þegar hv. alþm. sitja ekki lengur í útvarpsráði og svo mætti telja endaog þindarlaust, leggjum við til að eftirlit þingnefnda sé komið á. Það er ekki með slíku verið að draga úr þeirri starfsemi sem fram fer á Alþingi. Það er þvert á móti verið að leggja til að hún sé aukin, en að hún sé aukin með þeim hætti að sjóðavöldin, sem af því eru tekin, verði að eftirlitsvöldum, að vald Alþingis verði í því fólgið að setja lögin, en hafa eftirlit.

Setjum svo að einstaklingar úr heilbrigðisstéttum eða einhverjir aðrir hafi á því skoðun að hinar almennu leikreglur í heilbrigðismálum séu brotnar, t. d. að læknar gefi út of mikið af lyfseðlum eða eitthvað slíkt. Eins og menn þekkja hafa oft verið uppi umr. um slíkt. Alþingi hefur á hinn bóginn sett ákveðin lög um hvað er leyfilegt og hvað óleyfilegt í slíkum efnum. Þá er í verkahring heilbrigðisnefnda hjá upplýstu þjóðþingi að ganga úr skugga um hvað hæft sé í slíkum sögusögnum, sem við skulum vona að ekki sé, en í annan stað má gera annaðhvort að herða á viðurlögum eða því um líkt, ef það er niðurstaðan, eða að breyta lögunum til skynsamlegrar áttar, verði niðurstaðan sú. En umræðan og upplýsingin, sem af slíku verklagi hlýst, er lýðræðinu til góða og upplýstu samfélagi óneitanlega til mikilla þarfa.

Þetta mál, herra forseti, hefur áður verið flutt og þá sem frv. til l. um breytingar á tiltekinni grein þingskapa. Margir þeir, sem mér hafa ráðlagt í þessum efnum og hugað að þessum málum, hafa jafnvel á það bent að það kunni að vera of veikt að hafa eftirlitsákvæðin í þingsköpum, enda hefur það komið fram í umr. hér undanfarin ár um þetta. En aðalatriðið er þó hitt, að málið hefur ekki náð fram að ganga.

Við verðum að átta okkur á því, að menn segja að slíkt ákvæði sé til staðar í 39. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er rangt. Þar er ákvæði sem hefur inni í sér byggða vörn valdsins vegna þess að það þarf meirihlutasamþykkt Alþingis til þess að mál séu tekin upp. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Ég á allmikið eftir, já. (**Forseti:** Og er ekki hægt að ná samkomulagi um það við hv. þm. að hætta nú flutningi ræðunnar og hefja hana þegar fundur hefst að nýju?) Með mikilli ánægju. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Með mikilli ánægju held ég áfram

ræðu minni þar sem frá var horfið. Þetta er frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. 1. flm. að því er hv. þm. Geir Hallgrímsson og þrír aðrir þm. einnig, forustumenn úr flokkakerfinu fjórfalda, þeir Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Magnús H. Magnússon. Er auðvitað velkomið að halda áfram ræðu minni þegar einhver af þessum herramönnum er mættur. Ég hlýt að óska eftir því, eins og margoft hefur verið gert hér áður þegar ráðherrar t. d. eru að mæla fyrir frv. (**Forseti:** Ég mun að sjálfsögðu gera tilraun.) Já, ég skal hinkra við. (**Forseti:** Því miður er enginn af þessum hv. þm. mættur í húsið, en það verður reynt að gera tilraun til að athuga hvort þeir muni mæta hér. Við þessu er ekkert að gera. En hér er mættur í salnum formaður nefndarinnar. Ef hv. þm. vill hins vegar fresta ræðu sinni, þá ...)

Herra forseti. Það kemur ekki til nokkurra mála. Á viðreisnartímanum átti það sér einu sinni stað að háv. hv. þm. Hannibal Valdimarsson var í ræðustól og gerði kröfu um það að flm. frv., sem þá var ráðh., væri viðstaddur. Ráðh. voru hins vegar í veislu í ráðherrabústað og forseti frestaði fundi, sem þekkt var á þeirri tíð. Ég hélt að fjórflokkarnir hefðu áhuga á að koma þessu máli fram. Sjálfur varð ég að fresta fundi, sem hafði verið boðaður í Keflavík fyrir þremur vikum, vegna þess að ég var hér á mælendaskrá. Ég tek þessu ekki, en bíð í ræðustól þangað til þessir herramenn mæta. Fyrir þessu eru fordæmi. Ég vísa í fordæmi Hannibals Valdimarssonar um þetta. Þegar þm. þarf að fresta fundi boðuðum í öðru bæjarfélagi með löngum fyrirvara getur þetta valdakerfi sýnt þá mannasiði sem því ber. Ég skal bíða. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að láta nálgast þessa menn og við verðum að sjá hvað setur. Ræðumanni er heimilt að haga orðum sínum eða þögn eins og hann vill.) Ég minni herra forseta á fordæmi sem beitt var gagnvart hv. þm. Hannibal Valdimarssyni og ég veit að hv. þm. Matthías Bjarnason man eftir.

Herra forseti. 1. flm. þessa máls er mættur og þá verður málinu haldið áfram þar sem það var látið niður falla.

Ég hef, herra forseti, í alllöngu máli í dag vakið athygli á þeirri skoðun minni að í fyrsta lagi snúist þetta mál efnislega ekki um neitt. Það snýst um fjölgun þm. um þrjá og ekki um annað og vegna innri sundrungar fjórflokkakerfisins hafa þeir ekki komið sér saman um skiptingu þessara 63 þm. nema að óverulegu leyti og ætla að láta hitt eftir því Alþingi sem á að fara að kjósa og enginn veit hvernig saman verður sett. Og ég hef, herra forseti, vakið athygli á því, að það sé verið að blekkja þjóðina með því að prenta hér sem fskj. I drög að frv. til l. sem kemur þessu máli nákvæmlega ekkert við. Með engum hætti verður komandi Alþingi, hvernig sem það annars verður saman sett, bundið af einhverjum drögum til laga sem prentuð eru sem fskj. Það skiptir nákvæmlega engu máli og gæti þess vegna eins verið blaðagrein í Morgunblaðinu. Þetta er kjarni málsins. En því miður hefur það skeð, að þjóðinni hefur verið haldið í gegnum þetta forstokkaða vald óupplýstri um þessi efnisatriði. Við andstæðingar þessa frv. óttumst, að vegna þessa upplýsingaleysis og vegna þess augljósa vilja fjórflokkakerfisins eða forustumanna þeirra, þrátt fyrir einn og einn undanvilling á hverjum stað, sem mun víst ekki fylgja þessu, sé meiningin að þröngva þessu upp á Alþingi og síðan upp á þjóðina og vænta þess að andstaðan verði ekki fyrr en seinna þegar efnisatriði þessa máls eru lýðum ljós svo lítil og rýr sem þau eru.

Herra forseti. Það er augljóst að kominn er kosningaskjálfti í þetta veiklundaða lið. Og það marka ég einnig af öðru, og ég vil gera þar lítinn útúrdúr í minni ræðu, sem þó er náskylt þessu. Ég hef, eins og hv. þm. er kunnugt, flutt á sérstöku þskj. till. til þál. um mjög róttækar breytingar á stjórnkerfinu. Það eru hinar sömu breytingar og verið er að leggja til hér á fimm brtt., sem ég er að mæla fyrir. Hér er um afar veigamiklar breytingar á stjórnkerfinu að ræða. Ég hef fengið þetta prentað sem þskj. og prentað í stærra upplagi en venja er til til þess að dreifa til þeirra sem áhuga kynnu að hafa á málinu, eins og þm. vinna. En ég er, herra forseti, að lesa um það í blöðum og haft eftir skrifstofustjóra þessarar stofnunar, sem væntanlega talar þar í nafni forseta, að þessar vinnuleiðir þyki athugunarverðar og sé í ráði hjá forsetum að breyta reglum vegna þessara gerða. (**Gripið fram í:** Það er búið að breyta þeim.) Og búið að breyta þeim, er hér kallað fram í.

Það hefur enginn haft samband við mig vegna þessa máls, enginn, aldrei. Hins vegar hefur verið unnið hér árum saman á þennan máta. Að vísu tilheyrði maður þá þessu úrkynjaða fjórflokkakerfi og þá þóttu slík vinnubrögð ekki athugaverð, en nú allt í einu, þegar kosningar eru að nálgast og þegar vera kann að almenningur vilji fá að heyra um aðrar hugmyndir í þessu máli, er verið að búa til lágkúrulegan málflutning af þessu tagi og embættismanni þessa húss beitt — og ég vísa í viðtal á forsíðu Tímans á laugardaginn var. Ég mun, herra forseti, gera að umræðuefni hér á öðrum vettvangi með hverjum hætti þessu kerfi er beitt. En því nefni ég þetta að þetta er nákvæmlega sami leikurinn og liggur að baki þessu litla frv. hér, sem hér er til umr.

Ég mun vitaskuld, herra forseti, gera við þetta aths. á réttum vettvangi, í umr. um þingsköp. Öll þessi vinna og þessi vinnubrögð eru óskiljanleg nema þau séu skoðuð sem skjálfti þessa fjórflokkakerfis. Ef það er orðið athugunarefni að þm. sendi hugsanlegum stuðningsmönnum þingmál, sem hér er verið að vinna að, þá er flest athugunarefni í þessu samfélagi. Ætli kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, sé ekki eins og ⅙₀ hluti af þingveislu, ef það er skoðað. En látum það allt liggja á milli hluta. Þetta verður tekið upp á þeim vettvangi sem við á — og það að embættismanni þingsins sé beitt í einu af þessum dagblöðum, sem gefið er út af þessu lágkúrulega fjórflokkakerfi, svo sem gerst hefur. Forsetarnir sjálfir eru náttúrlega í baklandinu, auk Framkvæmdastofnunar eða hvar þeir sitja, en embættismönnunum er beitt og dregnar þær ályktanir að þetta sé vegna verka eins þm. En málið er það, herra forseti, að auðvitað er sama kerfið að bregðast til varnar gegn ytri hættum, sem þeim finnst vera, með þessum hætti. Það verður væntanlega ekki þingrof svo fljótt að þessi mál fái ekki frekari umr. hér í þessari virðulegu stofnun, sem sumum finnst vera. En látum það allt vera.

Ég hef í dag, herra forseti, mælt fyrir nokkrum af þeim brtt. sem hér eru fluttar. Í fyrsta lagi mælti ég fyrir brtt. um að 1. gr. frv. væri felld. M. ö. o. að þingmannatalan væri 60, en ekki 63, og í öðru lagi að þm. væri skipt með sama hætti og nú er gert sem ákvarðast raunar af kosningalögum.

Í annan stað mælti ég fyrir brtt. um breytta kosningaaðferð, um að einstaklingunum væri gert kleift að greiða atkv. uppröðuðum lista, sem einhverjir hafa raðað upp, í annan stað einstaklingi af lista og í þriðja lagi einstaklingum af einum lista eða fleiri listum, allt að tölu þeirra kjörinna fulltrúa sem kjósa skal. Ég nefndi til rökstuðnings mínu máli hina væmnu yfirlýsingu, sem finnst á bls. 3 í þessu þskj., en þar, herra forseti, stendur hvorki meira né minna:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl.," — og minna má nú ekki gagn gera —" sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi."

Og ég nefndi atriði nr. 2, herra forseti, sem er hvorki meira né minna, og stórt skal það vera, en að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Þar eru þessir háu herramenn, sem vitaskuld eru að vinna þjóðinni gagn hér og ekki sjálfum sér, aldeilis þeirrar skoðunar að nú eigi að stefna að aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. En þá spyr ég: Af hverju ekki að gera þetta í stjórnarskránni frekar en vera með þessar almennu yfirlýsingar um að gera það samhliða henni? Það er hægt að gera þetta í stjórnarskránni. Það er það sem við erum að leggja til, að inn í stjórnarskrána og aftan við ákvæði sem kveður á um tölu þm. sé bætt því ákvæði að kjósandinn sjálfur fái að kjósa eins og hann lystir, en ekki eins og flokkana lystir, og það sýnist mönnum nú ekki vera nein smávalddreifing. Þessir fjórir flokkar lýsa yfir í biblíustíl að þeir ætli samfara nýrri stjórnarskrá að beita sér fyrir valddreifingu. Þetta er, herra forseti, ekki brandari. Þetta er fúlasta alvara, það er meint þannig, en ég teldi að skynsamlegra væri að fella þessa valddreifingu inn í stjórnarskrána sjálfa. Það er það sem ég hef verið að leggja til.

Í þriðja lagi, herra forseti, mæli ég í dag fyrir brtt. á þskj. 496 um fastanefndir Alþingis og með þeim almennu rökum að þegar sjóðavaldið er tekið af hv. alþm. sé þeim falið eftirlitsvald í staðinn samkv. stjórnarskrá. Sýnist það bæði upplýstari og skynsamlegri leið.

Í fjórða lagi var mælt fyrir brtt. sem felur í sér að löggjafarvald og framkvæmdavald skuli aðskilin. Það er mikið aðalatriði þeirrar heimspeki, sem ég almennum orðum hef verið að tala fyrir, að alþm. setji lög og hafi eftirlit með framkvæmd laga, en að þeim sé óheimilt að vinna umboðsstörf hjá framkvæmdavaldinu og stofnunum þess. Fyrir þessu mælti ég ennfremur í dag.

Loks í fimmta lagi, og þangað var ég ekki kominn í dag, er brtt. á þskj. 497 sem segir einfaldlega: „Ráðherrar eiga ekki atkvæðisrétt á Alþingi."

Ég vil sérstaklega taka fram að þetta er liður í þeirri áætlun sem við erum að mæla fyrir. Það er að vísu svo, að í sumum löndum, sem búa við það sem stundum er kallað þingræðisskipulag, sem er vont orð, erlent mál, heldur ætti að nota parlamentarisskipulag, hefur verið tekin upp þessi regla og nefni ég Noreg sem dæmi þar um. En aðalatriðið er það, að þegar við höfum skilið á milli, þegar ráðherrar og framkvæmdastjórar ríkisstofnana eru að framkvæma lögin, en löggjafaraðilar að setja lögin, leiðir af sjálfu sér að ráðherrar hafa rétt til að flytja frv. og taka allan almennan þátt í þingstörfum, en þeir greiða ekki atkv. Sú stjórnkerfisbreyting sem við erum almennt að leggja til og munum gera í ríkara mæli við 3. umr. er þannig: Ef til þess kemur við myndun ríkisstjórnar, þegar framkvæmdavaldið hefur verið kosið beint í tvöfaldri umferð, ef þurfa þykir, að svo artast með mál að þm. þykja heppilegir sem ráðherrar, sem auðvitað getur verið sjálfsagt eða ekki, taki varamenn sæti þeirra. Ég vil aðeins undirstrika það með þessa reglu að hún á við í grundvallaratriðum í þeirri róttæku stjórnkerfisbreytingu sem við erum að leggja til, en hún á einnig við í parlamentarísku kerfi, eins og dæmi hefur verið tekið í Noregi.

Ég vil, herra forseti, nefna eitt mikið aðalatriði þessa máls. Það kom fram í þingræðu hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni. Þegar hann við fyrri umr. í Sþ. mælti öndvert við þá þáltill. sem flutt hefur verið um þetta stjórnkerfi, og aðalatriði ræðu hans voru endurprentuð í forustugreinum í Morgunblaðinu daginn eftir svo sem vera ber, þá gerði hann orðaleik að aðalatriði í sínu máli og það skiptir máli. Hann sagði: Með þessum tillögum er verið að leggja til að þingræðið sé afnumið. — Ég spái því að þennan orðaleik eigi íhaldspressan í landinu og aftaníossar hennar eftir að leika æ fastar. Sannleikurinn er sá, að orðið þingræði er vond íslenskun á allt öðru orði, sem allt annað merkir, og þar breytir engu um þó að virðulegur fyrrv. forsrh. og löggjafi, dr. Bjarni Benediktsson, hafi notað þetta orð. Málið er að þetta orð er, eins og sagt hefur verið, þýðing á allt öðru orði, sem rekur sig til Bretlands, og það þýðir það og hugsunin í því er sú, að ríkisstjórn sé mynduð út frá löggjafarsamkomunni og að löggjafarsamkoman geti vikið sömu ríkisstjórn frá. Orðið þýðir nákvæmlega ekkert annað.

Hér hafa íhaldsmenn af öllum sortum verið að leika sér að því að setja stöðugt samasemmerki á milli lýðræðis og þingræðis. M. ö. o. að annað standi með hinu og annað falli með hinu. Þetta er útúrsnúningur, sem er fyrir neðan virðingu þeirra sem þann útúrsnúning ástunda, því að mörg af fremstu lýðræðisríkjum veraldarinnar búa ekki við parlamentarisma í þessum skilningi. Það eru einkum lönd þar sem mjög ólíkt háttar til um þéttasta þéttbýli annars vegar og dreifðasta dreifbýli hins vegar — m. ö. o. lönd sem eðli málsins samkvæmt eru byggð upp frekar sem bandalög landshluta en sem þjóðríki í þröngasta skilningi orðsins. Og það er mikill, mikill misskilningur þegar menn eru farnir að leika sér að því að nota erlend stóryrði úr sögunni, sem sé að ráðast að þingræðinu sjálfu, og þegar það er svona óskýrt sagt og þokukennt er búin til sú leikaðferð með því að segja nógu lítið þó, að hér sé sjálfum lýðréttindunum í voða stefnt. Þetta er auðvitað mikill misskilningur og hróplegur útúrsnúningur þess utan.

Eina breytingin sem verður, verði sú aðferð farin að framkvæmdavaldið sé kosið beinni kosningu í tvöfaldri umferð, er sú, að í staðinn fyrir þingræði á þessu eina einfalda sviði, þ. e. sem varðar myndun ríkisstjórnar, taki við þjóðræði, ef menn vilja halda sig við þennan orðaleik. En eftir sem áður er þingræði, sem ég endurtek að er vont orð allra hluta vegna í fræðilegum skilningi, að því er varðar lagasetningu og þar með talin fjárlög og það er þingræði að því er varðar allt eftirlit með lögum. En það er hins vegar ekki þingræði að því er varðar myndun ríkisstjórnar eða oddvita hennar, heldur er þar tekið upp þjóðræði í staðinn með aðferðinni: einn maður — eitt atkvæði. Þetta er kjarni málsins og þetta er hin rétta útlagning, en ekki sú ruglingslega

útlagning sem fram kom að þessu leytinu til, því er nú verr og miður, hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og í forustugrein Morgunblaðsins, þar sem hans ummæli voru tekin upp krítiklaus eins og stundum áður.

Þessari aths., herra forseti, er nauðsynlegt að koma á framfæri, vegna þess einnig að ég spái því, vegna þess að það hefur oft gerst áður, að íhaldssömu öflin í þjóðfélaginu, í vondum skilningi orðsins, sem óttast að við þetta rofni hin pólitíska aðstaða í bankakerfinu, rofni hin pólitíska aðstaða í hinum opinberu sjóðum, rofni yfirráðin yfir fjölmiðlunum — Ríkisútvarpinu o. s. frv. — muni hefja sönginn: Hér eru komnir einhverjir hálfgildings fjórða áratugs menn, skulum við segja, sem vilja afnema sjálft þingræðið. Í þessum skilningi er þingræðið valdatæki þessara sömu manna, því er nú verr og miður. Í gegnum svona þingræði eru yfirráðin yfir útvarpi okkar o. s. frv. Það vita þeir. Og það er þarna sem gífurlega mikill áhersl umunur liggur. Við erum að leggja til að að því er framkvæmdavaldið varðar taki við þjóðræði af þingræði.

Ég vil gjarnan að þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson talar hér á eftir svari hann einni spurningu í framhaldi af þessari umr. og þeim till. sem hér er verið að leggja til: Við kusum 2. og 3. des. 1979, svo sem menn vita. Það voru kosningaúrslit. Sumum líkuðu þau og öðrum líkaði ekki, sem menn einnig vita. En ég spyr: Hver kaus dr. Gunnar Thoroddsen, hæstv. forsrh., til slíkrar stöðu? Varla hann sjálfur einu sinni? En hverju sætti það þá að þetta gerist? Það er þetta sem við segjum að sé fullkomin ranghverfa á einhverju sem við köllum þingræði í þessum skilningi orðins. Það er kosið til Alþingis. Ég fullyrði einnig, og tek dæmi, að að afloknum kosningum 1978 voru menn nánast reknir til ríkisstjórnar vegna þess að flokkskerfin gripu í taumana hvert á sínum stað. Einn flokkurinn var farinn úr henni aftur eftir 13 mánuði. Eitthvað var því skakkt í ákvörðuninni sem var tekin í upphafi, en látum það allt vera. Það er mynduð ríkisstjórn algerlega á skjön við kosningaúrslit. Ég met það svo, að það hafi gerst sumarið 1978, og ég met það ennfremur svo, að það hafi kyrfilega gerst á tímabilinu des. 1979 til jan. 1980.

Það er þetta kerfi sem við segjum að sé orðið svo ótrúlega skakkt. En þá verða menn að huga að því að það er ekki furða þó að þessar skekkjur verði því að þegar Alþingi er kosið með mjög svo ójöfnum atkvæðisrétti, eins og gerist í dag, býr það auðvitað til skekkju öðrum megin, og við segjum að svo verði að vera vegna sérstöðu landsins, en þegar þessar skekkjur veltast í sömu hlutföllum yfir á framkvæmdavaldið erum við komin með stjórnkerfi sem við ráðum ekki við. Það er málið. Maður hefur séð þetta gerast. Menn túlka þetta ekki sem skyldi sem raunverulegar félagslegar skekkjur, sem aftur verða efnahagslegar, en það er þetta stjórnkerfi sem í raun og veru er sprungið eða er við að springa í loft upp. Af þessum ástæðum, herra forseti, eru þessar brtt. fluttar. Ég fellst á að í hinu stóra samhengi er brtt. á þskj. 497 um að ráðherrar eigi ekki atkvæðisrétt á Alþingi auðvitað minni háttar, en engu að síður er hún undirstrikun á því prinsippi sem verið er að mæla fyrir.

Ég hef getið þess, herra forseti, að að þeim brtt. samandregnum, sem ég er að mæla fyrir, er verið að mælast til að þetta frv. líti í öllum aðalatriðum allt öðruvísi út en það gerir, og þakka skyldi þeim sem fyrir slíku mælir vegna þess að eins og sagt hefur verið er frv., sem hv. þm. Geir Hallgrímsson er 1. flm. að og þeir fjórflokkamenn koma svo í halarófu á eftir honum, ónýtt. Það er einskis virði, fjallar um fjölgun þm. um þrjá, lækkun kosningaaldurs í 18 ár og ekkert annað. Hitt er í fskj. Eins og ég sagði við hv. þm. Geir Hallgrímsson hér úr ræðustól í dag er ég ekkert viss um að Gunnar Schram og Árni Johnsen telji sig bundna af því sem Geir Hallgrímsson, núverandi hv. 1. þm. Reykv., hefur sett í einhver fskj. Og þetta er kjarni málsins.

Þjóðin hefur leyfi til að endurkjósa þm. sína eða kjósa sér einhverja aðra. Það er liðin tíð að menn á einu löggjafarþingi setji lög fyrir löggjafarþing sem á eftir að kjósa til. Þetta gerðu menn í flokksaganum í gamla daga, en menn gera það ekki lengur með sama hætti. Að þessu leyti fer heimurinn mikið batnandi.

Eins og ég hef sagt, herra forseti, er mér ekki nákvæmlega kunnugt um með hvaða hætti núverandi hv. meiri hl. hugsanlega ætlar að böðla þessu máli í gegn. Vera má að meirihlutamenn ætli að ljúka 2. umr. um málið í kvöld og byrja þegar á 3. umr. Mig langar til að spyrja hæstv. forseta: Er það þetta sem stendur til? (**Forseti:** Nei, nei.) Nei, 3. umr. verður á morgun. Ég vildi sjá fyrir örlög þeirra brtt. sem ég mæli fyrir.

Það eru fleiri brtt. sem við vildum flytja við þetta frv. Við munum þá flytja þær við 3. umr. Þar kemur fram sú stjórnkerfisheimspeki sem við höfum verið að mæla fyrir. Og ég vildi leyfa hv. alþm. að heyra hvernig við viljum að 2. gr., raunar 14. gr. stjórnarskrárinnar, hljóði, en það er svona og það er þetta sem við munum freista þess að koma að við 3. umr. málsins:

„Forsætisráðherra skal vera þjóðkjörinn. Kjörgengur er hver sá maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis.

Forsrh. skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Frambjóðandi skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Kjósa skal í tveimur umferðum, ef nauðsyn krefur, og skulu tvær vikur líða í milli. Sá er réttkjörinn, er einfaldan meiri hluta hlýtur í fyrri umferð. Nái enginn frambjóðenda slíkum meiri hluta skal í síðari umferð kosið milli þeirra tveggja, er flest atkv. hlutu í fyrri umferð. Sá þeirra er þá réttkjörinn forsrh., er fleiri atkv. hlýtur. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann réttkjörinn án atkvgr.

Að öðru leyti skal um framboð og kjör forsrh. ákveðið með lögum."

Hér er auðvitað, herra forseti, verið að mæla fyrir, svo sem ég hef gert áður, gagngerðri grundvallarbreytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. En því er þetta nefnt, að svona hugmyndir eru uppi og það er auðvitað furðulegt að böðlast skuli vera áfram með þeim hætti.

Hér hafa aðrir hv. alþm. mælt fyrir brtt. í dag. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Jóhanna Sigurðardóttir leggja til eina hugmynd sem gengur til sömu áttar og þeirrar sem ég hef mælt fyrir, nefnilega þeirri að það verði ekki fjölgað í 63, heldur haldið sig við töluna 60. Ekki er því eindrægninni fyrir að fara á þeim bænum frekar en oft áður. En málið er það, að þeir hafa flutt till. til svolítið annarrar áttar hv. þm. Stefán Valgeirsson og Ólafur Þórðarson, nefnilega að upp sé tekin mælistika lífskjara úti um hinar dreifðu byggðir. Allt þetta skiptir máli í því sem við erum að gera. Og ef

menn eru sammála um að allt þetta skipti máli, að við séum raunverulega að ræða alvarleg mál í þágu þessarar þjóðar, sem við auðvitað öll viljum þjóna svo vel sem við kunnum og getum, því þá þessi flýtir? Því er verið að hraða kvöldfundi um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins? Því er verið að neita um útvarpsumr. um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins? Það er ekki svo að við séum að fjalla um ályktun einhverra samtaka. Við erum að fjalla um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins. Sjálfir þessir herramenn í forustu fyrir fjórflokkakerfinu hafa margyfirlýst að stjórnkerfið standi eða falli með því að vel takist til. Því þá þessi flýtir? Og svarið er einfalt, segjum við. Þessum flokkum, sem allir eru eins og ekkert hefur tekist og skulda á 6. þús. dollara á mannsbarn erlendis og horfa upp á verðbólgu sem er upp undir 80% og ekkert geta og ekkert kunna, ætla einu sinni að sýna að þeir geti verið sammála og geti eitthvað. Og það er allt og sumt, herra forseti.

En ég hef lýst því að við erum að leggja til annars konar grundvallarbreytingar á þessu stjórnkerfi. Forseti hefur lýst því úr sínum stóli að 3. umr. verði ekki hastað í kvöld. Ég skil orð hans svo að það eigi að freista þess að ljúka 2. umr. og að deildin fái þá tíma væntanlega á miðvikudag til að sinna þeirri 3. Og ég veit að forseti og hv. alþm., a. m. k. þeir sem um þessi mál hafa hugsað, skilja mætavel að menn gera það ekki **að gamni** sínu að setja á langar ræður nema mönnum **þyki að mikið** liggi við. En það sem mér finnst vera svo **mikið** aðalatriði þessa máls er það, að flokkakerfinu fjórfalda takist ekki að skrökva því að þjóðinni að hér sé verið að leggja eitthvað allt annað til og breyta einhverju allt öðru en raunverulega er verið að gera. Það finnst mér vera alvörumál og áhyggjuefni í senn. Af þessari ástæðu hefur fyrir þessum hugmyndum verið svo mælt sem hv. alþm. hafa á hlýtt.

Í þeim brtt., herra forseti, er ekki að finna þá stærstu af þeim sem í okkar hugmyndafræði felst, en ég hef lýst hér hvernig liti út sem lagatexti og við munum freista þess að flytja við 3. umr., nefnilega þá grundvallarhugsun og grundvallarbreytingu á stjórnkerfinu að forsrh. skuli vera þjóðkjörinn. Ég hef lesið hér drög að till. þar um, en því er ég að því að ég er að undirstrika að þær tillögur aðrar, sem mælt hefur verið fyrir, um aðskilnað valdþáttanna, um fastanefndir Alþingis og um að ráðherrar eigi ekki atkvæðisrétt, eru auðvitað fluttar vegna þess að aðalatriði málsins er jöfnun atkvæðisréttar og þar með jöfnun aðstöðu þegnanna í landinu, sem felst í hinni beinu kosningu framkvæmdavalds, þar sem einn maður hafi eitt atkvæði á því sviðinu. Eins og við höfum margsagt og ég segi enn teljum við að þá sé ekki þörf á að vera að hrófla við þm.-fjöldanum og ekki af því ómerkilega og lítilfjörlega tagi sem lagt er til í þessu frv., þá megi hafa þm.-fjöldann óbreyttan og atkv. ójöfn í þágu hinna dreifðari byggða. Þetta, herra forseti, er stór hugsun þegar þessi atriði eru saman dregin með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

En þessi breyting krefst auðvitað að fleiri þættir í stjórnarskránni séu athugaðir. Ég vil, herra forseti, leyfa hv. alþm. að heyra með hverjum hætti við hugsum okkur frekari útfærslu á þessu. Við segjum t. d. — og orðum hugsanlega stjskrgr. svo:

„Nú deyr forsrh. eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá utanrrh. taka við embætti hans og gegna því til loka kjörtímabilsins.

Nú getur forsrh. ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum og skal utanrrh. þá fara með vald hans.“

Það er auðvitað umdeilanlegt hvort það eigi að vera þetta tiltekna embætti eða eitthvað annað sem næst gengur forsrh., enda slíkt allt útfærsluatriði, en kjarni þessarar hugsunar er sá, að það er jafnframt verið að leggja til, og það mun einnig koma fram við 3. umr. þessa máls, að eitthvert misnotaðasta vald, sem hér fjallar um og sem valdið hefur að mörgu leyti bæði ósmekklegri pólitískri verslun í valdaskyni og annarri óáran raunar, og það er þingrofsrétturinn, sé afnumið. Ef hv. alþm., sem við erum að tala um, eru kjörnir til fjögurra ára eiga þeir auðvitað að sitja til fjögurra ára.

Það á auðvitað ekki einhver einn maður og það á ekki meiri hl. Alþingis að geta tekið umboðið af minni hl., enda fullyrði ég að oftar en ekki í tímans rás hefur þingrofsrétturinn verið notaður í auvirðilegu pólitísku hagsmunaskyni. Ég þarf ekki annað en nefna hugmyndir um kosningar 23. apríl, sem vitaskuld er valdavörn fjórflokkanna. Af hverju apríl og af hverju ekki júní? Velti menn því fyrir sér. Það er verið að kjósa undir vertíðarlok. Af samgönguástæðum og margháttuðum öðrum ástæðum fylgja alls konar óþægindi því að kjósa í apríl. Af hverju ekki í júní? Vitaskuld er þetta ákvörðun sem er tekin fyrir fjórflokkana og í þeirra þágu og af engum öðrum ástæðum.

Til marks um hvað þingrofsrétturinn getur verið ósæmilegt vald: Ef þjóðin hefur kosið einstaklinga, karla eða konur, til þess að vera þeir fulltrúar sem leikreglurnar setja og ef þeir eru kosnir til fjögurra ára, þá eiga þeir að sitja til fjögurra ára. Þá vita menn það þegar þeir ganga í verkin og þá er enginn Gunnar Thoroddsen, enginn Geir Hallgrímsson og enginn annar sem getur þar um breytt. M. ö. o.: mikilvægara en hinn snauði pappír um fjölgun þm. í þrjá væri það ef þeir felldu þetta niður og settu heldur inn að afnema þingrofsréttinn. Þá væru þeir að leggja inn eitthvað raunverulegt, eitthvað sem máli skiptir, og það munum við einnig leggja til, en þá þarf að hugsa fyrir því, séu menn að huga að því að framkvæmdavaldið sé kosið beinni kosningu, að eitthvað getur hent á kjörtímabilinu. Því er lagt til að í slíkum tilfellum, sem þó vonandi aldrei kemur til sé slíks gætt með þessum hætti.

Í svona frv., herra forseti, mundi einnig standa að forsrh. skipaði ráðh. og veitti þeim lausn, hann ákvæði tölu þeirra og skipti störfum með þeim. Þetta skýrir sig sjálft. Í svona frv., herra forseti, mundi einnig standa: Ráðherrar mega ekki vera alþm. Nú er alþm. skipaður af ráðh. og skal þá varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma er hann gegnir ráðherrastörfum. — Þetta er efnislega aðeins öðruvísi fram sett, en sama hugmyndin og hin, sem flutt hefur verið brtt. um, að ráðh. hafi ekki atkvæðisrétt á Alþingi, en öll réttindi hv. alþm. önnur.

Síðan, herra forseti, þarf að vera í þessari hugmyndafræði mjög mikilvægt ákvæði þar sem við verðum, eins og um margt annað að þessu leytinu til, að horfa til Frakklands. Það er grein sem svo ætti að hljóða, að forsrh. geti efnt til þjóðaratkvgr. um hvaða mál sem vera skal. Ástæðan fyrir þessu er sú, að réttmætasta gagnrýni á hugmyndafræði af þessu tagi er ekki þingræðistautið, sem t. d. var mikið atriði hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, heldur hitt, að þar getur komið að meiri hl. Alþingis, sem svona er kosið, einnig vegna

þess að það hallast inn á hinar dreifðari byggðir og það er ljóst, getur verið ósammála framkvæmdavaldi sem kosið er beinni kosningu.

Nú er það svo að í Frakklandi, í þau tæp 30 ár sem þetta kerfi hefur verið við lýði þar, er í raun og veru búið til miklu stöðugra bæði efnahags- og félagskerfi og um leið valddreifðara, t. d. í þágu héraða og sveitarstjórna þar í landi. En þá er hins vegar sú fræðilega hætta, og menn mega ekki líta fram hjá henni, að Alþingi eða löggjafarvaldið hafi eina skoðun og framkvæmdavaldið aðra skoðun. Réttur til þjóðaratkvæðis eins og allt slíkt annað vald er þegar fyrir hendi hjá löggjafarvaldi eða meiri hl. þess, til að vera nákvæmari, en það sem Frakkarnir settu í sína stjórnskipan og hefur reynst þeim vel er ákvæði um að framkvæmdavald svona kosið geti einnig skírskotað málum til þjóðaratkvæðis. Reyndin er sú í Frakklandi, að til þessa hefur aðeins einu sinni komið, en í annað skipti var raunverulega spurning um traust eða vantraust á þá sitjandi handhafa framkvæmdavalds, sem varð undir í þeirri atkvgr. sem þekkt er og átti sér stað árið 1969. En af þessari ástæðu, ef menn vilja hugsa þessa hugsun til enda, þá er áreiðanlega skynsamlegt hér eins og þar einnig, ef vægið er allmikið misjafnt, miðað við fólksfjölda á löggjafarþinginu, að þetta ákvæði sé til staðar, ekki vegna þess að því muni verða beitt, því að það þykir mér satt að segja mjög ósennilegt, heldur af hinni ástæðunni, að þetta er öryggisventill sem í raun og veru knýr á um að báðir aðilar mætist á miðri leið ef um slíkan ágreining er að ræða.

Annar kjarni þessa máls er sá, að þetta þrönga flokkakerfi Sjálfstfl., Framsfl., Alþb. og Alþfl. hefur haldið þeirri hugsun að mönnum, t. d. hv. þm. sem hér eru, að þeir séu í hinum stærri málum ýmist stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar og það sé frumskylda annarra að verja ríkisstj. og þá ekki aðeins gegn vantrausti, heldur í hverju stórmálinu á fætur öðru og það sé eiginlega sjálfvirk skylda hinna að koma höggi á ríkisstj. Ég fullyrði að það er að vísu rétt að allmikill fjöldi hv. alþm. hugsar enn svona, en það er miklu hærra hlutfall hér en út um land. Maðurinn sem mestu máli skiptir, maðurinn í þessu landi, er ekki annaðhvort harður stjórnarsinni eða harður stjórnarandstæðingur og hann sofnar ekki út frá því á kvöldin og vaknar við það á morgnana hvort ríkisstj. falli nú eða falli ekki.

Sannleikurinn er sá, að að þessu leytinu til einnig hefur þetta þrönga flokkakerfi með sínar þröngu skoðanir og raunar oft lítilfjörlegu áhugamál verið að þröngva því mynstri upp á Alþingi að þar eigi menn gagngert að vera annaðhvort stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar og ævinlega, ef þeir komi því við, sé svo ákveðinn hópur sem eigi að koma höggi á ríkisstj., helst drepa fyrir henni öll mál, ef nokkur möguleiki sé til þess, og það í raun og veru alveg án tillits til þess hvert málið er. Svo vita menn um persónulegar skoðanir hv. þm. og þær ganga í allt aðrar áttir og eru oft allt öðruvísi.

Þessa hugsun, herra forseti, og þessa hegðan þarf einnig að brjóta upp, vegna þess að að þessu leytinu til eru alþm. auðvitað í sér eins og allt annað fólk í þessu landi. En félagsmynstrið knýr þá oft og iðulega til þess að hegða sér allt öðruvísi en þeir raunverulega vilja hegða sér. Þetta mundi einnig breytast við þær stjórnkerfisbreytingar, sem við erum að leggja til, og þegar hv. alþm. verða væntanlega og vonandi dæmdir eftir því hvernig þeir hafa greitt atkv., en ekki eftir hinu, hvað þeir útveguðu með puttunum upp úr sjóðum framkvæmdavaldsins svo sem nú er í allt of ríkum mæli.

Alls staðar erlendis hjá siðuðum þjóðum eru birtar um það upplýsingar í blöðum, hvort sem þau eru tengd við héruð eða landið allt, með hverjum hætti löggjafar hafa greitt atkv., hvaða skoðanir þeir hafa, hvort þeir eru með eða móti fóstureyðingum og hvort þeir hafa hinar eða þessar skoðanirnar. Sannleikurinn er sá, að hér á landi er sáralítill áhugi á slíku vegna þess að meginverkin sem menn eru hér að vinna koma almennri löggjöf, um efnahagsmál t. d. eða annað, sáralítið við. Hún er veigaminni hluti af þingstörfum, eins og við höfum svo oft verið að undirstrika með ýmsum hætti, og það er svo mikil undirstrikun í öllu því sem við erum að leggja til að einmitt þessu verði breytt.

Ég hef, herra forseti, mælt fyrir þeim brtt. sem eru frá mínum bæjardyrum séð aðalatriði þessa máls. Hér er raunverulega verið að leggja til að þegar sleppt er lækkun kosningaaldurs niður í 18 ár, sem ég er samþykkur, sé hinn lítilfjörlegi pappír, frv. til stjórnskipunarlaga, sem hv. þm. Geir Hallgrímsson og skoðanabróðir hans, hv. þm. Svavar Gestsson, og svo þeir hv. þm. Steingrímur og Magnús, hafa flutt, lagður til hliðar, enda held ég að það væri flokkakerfinu sæmst og þjóðfélaginu fyrir bestu að við gleymdum honum, en í staðinn verði sett upp annað frv. og nýtt frv., sem fjalli um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, og í þessu frv. verði menn að fjalla um raunverulegar breytingar, en ekki einskis verða fjölgun þm. um þrjá.

Herra forseti. Það vita guð og menn í þessu landi að vegur Alþingis hefur ekki verið ýkjahár nú um stundir. Það er sannleikur málsins. Auðvitað skemmtir fólk sér við að gera lítið úr þeim störfum sem hér eru unnin. Það eina sem við, sem hér sitjum enn, eigum að hafa áhyggjur af er að þeir, sem eru að finna að störfum Alþingis, mega helst ekki hafa allt of rétt fyrir sér. En því miður hefur það verið svo að undanförnu, að gagnrýnendur þessarar stofnunar hafa haft nokkuð til síns máls. Menn skemmta sér við það vítt og breitt um þjóðfélagið að halda því fram að þær breytingar, sem verið er að gera nú á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, séu reiknikúnstir til að tryggja forustumönnum í fjórflokkakerfinu réttindi sem þeir ekki hefðu að öðrum kosti. Þetta er svívirðilegt ámæli, ef upplogið er, en skelfilegt hússins vegna, ef satt er.

Við verðum að skilja það, að þegar verið er að hraða afgreiðslu á grínpappír eins og þeim sem hér er til umr. augljóslega af engum ástæðum, þegar verið er að bola í gegn á kvöldfundi breytingu á — ekki lögum og ekki félagasamþykkt og ekki þál., heldur á sjálfri stjórnarskránni, sem þeir hafa aftur og aftur sagt að sé mikið aðalatriði að breyta, og þegar, herra forseti, óskum okkar hv. þm. Geirs Hallgrímssonar um útvarpsumr. er hafnað af forsetum — ekki um almennar pólitískar umr. heldur um þetta frv. — þá getum við ekki álitið annað, andstæðingar þessa máls, en að mennirnir séu að vinna einhver feluverk, þeir séu að vinna einhver verk sem þeir vilja helst að sem allra fæstir viti sem allra minnst um.

Það er náttúrlega skelfilegur dómur yfir flokkakerfinu í landinu ef það er að vinna breytingar á sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins, en vill helst að vinnan fari

þannig fram að sem minnst sé um hana vitað. Það að gerast, því að annars byðu menn upp á, ef hér gengju stoltir fjórflokkasveinar stoltir með sitt frv. og glaðir og reifir og tryðu því að þetta væri samfélaginu til heilla, að kynna þetta í útvarpsumr., leyfa andstæðingum málsins að verða sér til skammar með sínu neikvæða nöldri. En það er ekki svo.

Vegna þess að hér brosir framan í mig hv. 1. þm. Vestf. væri út af fyrir sig ánægjuefni að vita hversu mikil gleði er og almenn ánægja í hans kjördæmi — ekki með frv. um fjölgunina, ekki með blöffið, hann hefði getað blöffað alveg eins og flokksbræður hans hér fyrir sunnan, nei, en með fskj., með frv., sem hann meinar ekki nokkurn hlut með frekar en aðrir og ætlar sér ekki að minnast á í sinni heimabyggð. Hann ætlar að glenna sig upp með fjölgunina: Fjölgað er í þrjá. Við erum sloppnir fyrir horn. — Hitt felur hann og lætur ekki nokkurn mann sjá. Það er málið. Það er nefnilega enginn vandi að ná sátt um ekki neitt, en friður um ekki neitt er enn sem fyrr friður gegn fólkinu í þessu landi og ekki friður í þágu nokkurs eða neins. Og það, herra forseti, er ennfremur mikið alvöruefni í sambandi við þann lítilfjörlega pappír, frv. til stjórnskipunarlaga, sem ég er hér að freista þess að gera breytingar á, en í öllum aðalatriðum að mæla gegn.

Herra forseti. Í fimm ár sat á vegum fjórflokkanna stjórnarskrárnefnd skipuð tveimur frá hverjum flokki. Það var í senn gæfa mín og ógæfa að alllangan tíma á þessum fimm árum tilheyrði ég einum af þessum fjórflokkum og hafði nokkurt tækifæri til að fylgjast með því hvernig þetta gerðist. Ég veit að forseti veit og ég veit og sá hluti þm. sem um vill vita veit, að ekki var þar samkomulag um nokkurn skapaðan hlut. Annars hefði verið lagt fram eitthvert bitastætt mál. Það var þvert á móti. Skoðanirnar voru jafnmargar og mennirnir í nefndinni — miklu fleiri en flokkarnir þó sem að baki þessu stóðu. Sannleikurinn er sá, að niðurstaðan í stjórnarskrárnefnd eftir vinnu fjórflokkanna er nákvæmlega eins og árangur þeirra í efnahagsmálum og öðrum málum sem þessa þjóð skipta. En það á að fela og það á að fela með þessum pappír. Þess vegna koma þeir í veg fyrir útvarpsumr., koma í veg fyrir alla þá kynningu sem þetta mál hugsanlega getur fengið. Svo ætla þeir að koma fram fjórflokkarnir og talsmaður þeirra, því að Geir Hallgrímsson talar auðvitað fyrir skoðanabræður sína þrjá, og hann segir: Sjáið þið, fólk í landinu, þetta gátum við. Við náðum samkomulagi. — Og þeir náðu samkomulagi. En þeir leystu ekki nokkurn skapaðan hlut með því.

Herra forseti. Það er mikið áhyggjuefni til hverrar áttar þetta mál er að þróast. Ef fram fer sem horfir lýkur í kvöld 2. umr. Ég veit ekki hvort næst að greiða atkv. um brtt. Svo á að reyna að hespa þetta af í vikunni einhvern tíma. Það er í fimm ár búið að vera að reyna að leysa eitthvað sem kallað er stjórnarskrármál. Að vísu fljúga hér þær sögur um sali svo sem menn vita að hæstv. forsrh. ætli að leggja fram einhver drög að stjórnarskrá að auki. Um það hefur verið skrifað í blöðum og enginn veit. En að því slepptu er niðurstaða fjögurra til fimm ára vinnu flokkakerfisins aðeins frv. til l. um stjórnarskrárbreytingar í tveimur greinum: að fjölga þm. um þrjá og lækka kosningaaldur niður í 18 ár. Þetta er allt og sumt.

Svo til viðbótar, herra forseti, hafa þessir menn verið að leika sér að allt annarri hugsun og hana hef ég kallað óhæfuverk og mun kalla óhæfuverk. Hún er sú, að utan um þessar einskis verðu breytingar eigi að kjósa tvisvar. Og til hvers? Að vísu gátu þeir ekki komið sér saman um hvort ætti að vera ákvæði til bráðabirgða í þessum pappír, aftan við frv. skeytt, en hafa það þó uppi í erminni að kjósa skuli tvisvar vegna þessara hugmynda, sem þó engar eru, sem eru minni t. d. en þegar sú breyting var gerð á stjórnarskránni 1968 að kosningaaldur var lækkaður úr 21 í 20 ár. Það var metin svo lítil breyting að ekki þyrfti tvennar kosningar. Þetta er enn minni breyting, sem hér er um að ræða, en engu að síður er verið að leika sér með hugmyndina um tvennar kosningar. Og mér er spurn: Til hvers er það og af hverju er flokkakerfið að leika sér? Því hefur enginn getað svarað. Það eina sem menn frétta af eru svo deilur í bakherbergjum um hvort þetta skuli gert eða skuli ekki gert og enn sem fyrr rugla þeir um að þetta þing, sem nú situr og sem verður væntanlega leyst upp, leysi upp það þing sem saman kemur eftir kosningar, en það gerir slíkt ekki frekar en næsta þing sjálft vill, og allar horfur eru á því að það verði töluvert öðruvísi saman sett.

Kjarni málsins er samt sá, að við vitum ekki enn hvað út úr þessu kemur og hugsi menn um það: Ef þetta frv., sem segir í raun og veru alla söguna, hefði aðeins verið greinin um fjölgun úr 60 í 63, um lækkun kosningaaldurs úr 20 í 18 ár og síðan grein um tvennar kosningar, um hvað fjallaði slíkt frv.? Það fjallaði um stjórnmálaflokkana og ekkert annað, kemur hvergi nálægt því að það sé eitthvert samhengi á milli stjórnarskrár lýðveldisins og þess lífs sem fólk lifir í þessu landi, það sé eitthvert samhengi á milli stjórnarskrár lýðveldisins og þess efnahagskerfis sem hér er, að það sé eitthvert samhengi á milli stjórnarskrár lýðveldisins og þess félagskerfis sem í þessu landi er. Það örlar ekki á skilningi hjá þeim, sem um þetta tala, um eitthvert slíkt samhengi. Ónei. En hvað eru þeir að gera? Þeir eru að reikna sig inn á þing meira og minna. Þeir sitja við það. (Gripið fram í.) Austfjarðaslysið, segja þeir og hlæja ægilega. Í einu tölvudæminu gerðist það m. a. s. að krati fór inn á þing á Austfjörðum, og þykir fyndið.

Það er þetta, herra forseti, sem Alþingi ætti að blygðast sín fyrir, ekki aðeins málið sjálft heldur allan aðdraganda málsins. Og niðurstaða mín um þetta frv. hv. þm. Geirs Hallgrímssonar og hans samherja er sú, að þetta er frv. fyrir flokkana flutt í þeirra þágu og til þess eins að geta sagt þessari þjóð: Við getum eitthvað. Það er eitthvað sem við getum. Og þetta, herra forseti, er allt og sumt. Þessu hljótum við að vera mjög andvíg.

Mér er ekki enn ljóst með hverjum hætti aðrir andstæðingar þessa frv. munu snúast gegn því hér á hv. Alþingi. Sennilega hafa þeir verið beygðir í þingflokkunum. Sennilega standa þeir upp eins og svo oft áður. Þeir ristu nokkuð við 1. umr. málsins, en láta sennilega þar við sitja. Stjórnmálaflokkarnir í landinu hafa svo sem beygt annað eins eins og núverandi þingflokka hér á Alþingi. Það mun sennilega gerast eina ferðina enn.

En ég segi enn og aftur: Árum saman hafa menn verið að lýsa því að hin úrelta stjórnarskrá væri til vandræða og að breytingar á henni væru ekki bara breytingar breytinganna vegna og ekki pappírsins vegna og ekki tillagnanna vegna og ekki flm. vegna, heldur skipti það máli fyrir þjóðlífið í þessu landi að henni væri

breytt. Hvernig má það vera að þetta er pappírinn sem þeir leggja fram, þetta er pappírinn sem þeir ætla að láta kjósa um og þetta er jafnvel pappírinn sem þeir hafa talað um að láta kjósa um tvisvar? Er furða þó að niðurstaða mín sé sú, að hér sé verið að hugsa um flokkana, en ekki þjóðina. Er furða þó að við sem hér á hinu háa Alþingi erum andvíg þessu frv. viljum fá að kynna okkar skoðanir? Ég er sannfærður um að ef þjóðin fær um þetta mál að vita og ef ekki tekst að loka þinginu og loka fjölmiðlunum, þá er allur þorri fólks í þessu landi sammála þeim sjónarmiðum sem hér hefur verið talað fyrir.

Ég veit, herra forseti, að þetta er orðið langt mál og ég veit einnig að maður leikur sér ekki að því að gera slíkt. En fyrir sum okkar er þetta alvörumál. Mér er ljóst að fyrir hv. flm. er þetta leikur og ekki alvörumál. Og mér er alveg ljóst að forustumenn fjórflokkanna eru bara að setja upp grímu — þeir eru að setja upp grímu gagnvart fólkinu í þessu landi. Þeir vita auðvitað eins og allir aðrir að þetta frv. fjallar ekki um neitt og hv. 1. flm. þessa máls, Geir Hallgrímsson, veit meira að segja að þessi frv.-flutningur og þessi málflutningur eru langt fyrir neðan hans virðingu. Hann veit auðvitað að hann hefur verið að gera stórt mál úr engu í blekkingarskyni í þágu síns flokks og flokkanna fjögurra, sem er í raun og veru eitt og hið sama. En það er ekki málið. Við sem erum andvíg þessu og þykjumst vera það með miklum rökum viljum fá meiri tíma, við viljum fá meiri umr., við viljum kynna þar aðrar breytingar. Það er auðvitað ljóst að þær fimm brtt. sem ég hef flutt — þær munu sennilega vera fimm aðrar sem fluttar hafa verið við þetta — eru ekki neinar venjulegar brtt. Það er í raun og veru verið að flytja nýtt frv., en það er líka frv. sem eitthvað stendur í og ekki frv. sem er innihaldslaust.

Herra forseti. Við erum ekki að fjalla um venjuleg lög, við erum ekki að fjalla um ályktun. Við erum ekki að fjalla um niðurstöðu á félagsfundi. Við erum að fjalla um sjálfa stjórnskipun lýðveldisins Íslands, sjálfa stjórnarskrána, það plagg sem leggur leikreglurnar um stjórnskipan landsins. Og það er fautaskapur, sem verið er að beita, að ætla sér að böðla þessu máli í gegn, að leyfa sér að láta 2. umr. um þetta mál fara fram á kvöldfundi sem er óvenjulegt í þingstörfum þar sem hluti þm. getur ekki verið við. (**Gripið fram í:** Líka 1. umr.) Og einnig 1. umr., er bætt við, sem er rétt. Menn þurfa að fresta fundum vítt og breitt vegna þessarar umr. svo sem henti hjá mér í kvöld og áreiðanlega einhverjum fleiri en málið er að slíkt getur verið nauðsynlegt oft. Ekki skal úr því dregið. Og ég vil bæta við: Oft er talað of lengi þegar það ekki á rétt á sér, en það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, að nú á það rétt á sér þegar aðra leið ætti að fara og hv. Alþingi ætti að gefa sér miklu betri tíma. Og eitt vil ég einnig segja, að ég treysti hv. 1. flm., hv. 1. þm. Reykv. Geir Hallgrímssyni, til þess að sýna þeim brtt. sem við þetta eru fluttar þá virðingu sem brtt. við frv. um stjórnarskrá lýðveldisins réttilega ber, en taka ekki þátt í því ómerkilega samsæri toppsins í flokkakerfunum og vera að böðlast yfir þetta, vera að böðla þessari breytingu sem ekkert er í gegn og bola þar með brtt. frá, því við erum að tala um merkilegra og stærra mál en svo að pólitískur böðulsskapur eigi nú rétt á sér. Mér er ljóst að í björgunarskini andlitanna er þess ekki þörf þó að ella sé slíkt nauðsyn. Þjóðarinnar vegna er ekki þörf á þessu og það ber enga nauðsyn til.

Af þessum ástæðum, herra forseti, hef ég lagt fram þær fimm brtt. sem ég hef talað fyrir. Ég hef kynnt það að við munum enn freista við 3. umr. málsins að koma skikki á þetta mál og forða þjóðinni frá þessari vitleysu, sem flokkakerfið hér er að drýgja gagnvart henni, og séum við samt í minni hl. hér á Alþingi að því er þetta mál varðar nær það ekki lengra, en sé það ekki frábið ég mér þann pólitíska böðulsskap sem hér á að fara að beita, það er engin ástæða til að hegða sér þannig, og fer fram á að vegna alvöru þessa máls, vegna mikilvægis þeirra brtt., sem verið er að flytja, hvort sem þær reynast svo hafa meiri hl. eða minni hl., hagi menn sér af þeirri reisn sem þeim ber, gefi sér þann tíma sem til þarf og séu þess minnugir að við erum að fjalla um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins, en ekki leikfang flokkakerfisins í landinu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að flytja hér brtt. sem er á þskj. 469 og hljóðar þannig með leyfi forseta:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein svohljóðandi:

77. gr. orðist svo:

Skattamálum skal skipa með lögum.

Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna, þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu, eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum."

Mér er það að vísu ljóst, að eins og hefur háttað til hér á hv. Alþingi mun þessi till. ekki hljóta náð fyrir augum meiri hl. hv. alþm. En í þessari till. er krafa landsbyggðarinnar um það, að um leið og ný stjórnskipunarlög eru sett sé þeirra réttur settur þar inn með einhverjum hætti. Það hefur verið reynt hér á hv. Alþingi á undanförnum árum að leitast við að minnka aðstöðumuninn í þjóðfélaginu með ýmsum hætti, en ekki tekist. Og þegar er nú verið að ræða um stjórnarskrána og breytingar á henni er það eðlilegt að einmitt svona ákvæði komi inn í stjórnskipunarlögin, sem tryggi að aðstöðumunurinn í þjóðfélaginu sé minnkaður.

Það eru auðvitað margar spurningar sem koma fram í hugann þegar menn athuga þessi mál. Þegar er verið að athuga þetta litla frv., sem er í sjálfu sér ekki nema tvær breytingar eins og fram hefur komið, þá kemur sú spurning fyrst í hugann: Á að fresta öðrum breytingum á stjórnarskránni e. t. v. um mörg ár eða á kannske að breyta aftur og kjósa tvisvar á næsta ári? Er það það sem er stefnt að? Og miðað við þá breytingu, sem er í þessu frv., sem forustumenn stjórnmálaflokkanna hafa sameinast um, skil ég ekki, mér er ómögulegt að skilja það, að menn komist að þeirri niðurstöðu, ef þeir athuga málið, að það réttlæti að fara út í tvennar kosningar eins og ástatt er í þjóðfélaginu.

Hitt er allt annað mál, að ef stjórnarskráin hefði verið tekin öll til endurskoðunar og ný stjórnskipunarlög í heild hefðu verið sett er samt spurning hvort það sé rétti tíminn til að gera slíkt eins og á stendur.

Ég gat um það við 1. umr. þessa máls og lýsti ábyrgð á hendur þeirra manna sem ætluðu að stefna þjóðinni út í tvennar kosningar eins og ástatt er í þjóðfélaginu í dag. Það hefur raunar ekkert verið hægt að gera síðan um áramót annað en fjalla um þetta mál og uppskeran er svo þessi.

Menn tala mikið um mannréttindi og réttlæti og það

er eins og vægi atkvæða sé eina réttlætið. Það eru út af fyrir sig mannréttindi, en það er fleira sem eru mannréttindi. Ég skal verða fyrstur manna til að styðja jöfnun atkvæðisréttar ef um leið eru stigin þau spor að jafna lífsaðstöðu fólksins í landinu. En það er skilyrði fyrir því.

Það er rangt, sem hefur komið hér fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að við, sem erum á móti þessu frv., séum á móti því að minnka vægi atkvæða. Við viljum bara gera fleira. Við viljum annað réttlæti en þeir menn, sem standa að þessu, vilja tileinka sér. Það er það sem við viljum. Það virðist vera með hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að hann sjái þessa hluti öðruvísi sem skólameistari á Ísafirði og sveitarstjórnarmaður þar en sem frambjóðandi hér í Reykjavík, ef mig misminnir ekki.

Ég get tekið undir það sem sumir hv. ræðumenn hafa sagt hér. Ég er innst inni á móti fjölgun þm. Ég tel slíkt ástæðulaust. En það er ekki meginmálið. En ég er líka á móti því að kjördæmin ráði ekki kosningu sinna manna. Það er ekki nóg að setja það upp eins og virðist vera stefnt að í þessu samkomulagi, ef það á að halda, að þm. utan Reykjavíkur séu 33 eða 34 og hér á suðvesturhorninu 29, ef flokkarnir geta svo komið inn mönnum hér og þar úti á landi, sem eru kosnir í raun og veru með engu atkvæðamagni eða sama og engu, eins og hér er stefnt að. Ég held að ef það er samkomulag um fjölda þm. í hverju kjördæmi sé réttlætismál að hvert kjördæmi ráði sínum mönnum. Það þýðir að þá þarf að kjósa þá alla beinni kosningu.

Ég ætla ekki við þessa umr. að fara að flytja langt mál því að það hefur enga þýðingu. Ég vil reyna á réttlætiskennd þeirra þm. sem eru að berjast fyrir þeim breytingum, sem er hér fjallað um, láta reyna á hvort réttlætistilfinningin er aðeins um jöfnun og vægi atkvæða, hvort þeir eru ekki til viðtals í leiðinni um að skilja það og gera ráðstafanir til að það sé sett inn í stjórnarskrá að það skuli vera metið hver framfærslukostnaður er á hverjum stað. Það er ekki nóg að menn hafi svipaðar tekjur, ef framfærslan er kannske þriðjungi meiri í einum stað en öðrum og þeir þurfi að borga skatta af þessum umframkostnaði við heimilishald og framfærslu.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason talaði hér langt mál. Ég hefði nú haft hug á því að sjá hann hér í þingsal og tala til hans örfáum orðum. Hann hefur heiðrað mig nokkrum sinnum hér í vetur með því að benda á mig sérstaklega sem dæmigerðan fyrir að misnota mína aðstöðu sem þm. Ég held að hann hafi sagt þetta þrisvar í sölum Alþingis. Hann hefur sagt a. m. k. tvívegis að aðalskrifstofa mín sé úti í Búnaðarbanka. Nú hlýtur þm. að vita betur, vegna þess að mín skrifstofa er úti í Þórshamri. Það vita þá allir nema hann. En svona málflutningur hentar vissum mönnum, sem virðist skipta engu máli hvort þeir segja satt eða ekki. Hins vegar hljómar það sem lofsöngur í mínum eyrum þegar hv. þm. er að kasta slíku að mér. Það vil ég að hann viti.

Þær tillögur, sem hv. þm. hefur lagt hér fram, ætla ég lítið að fjalla um. Hann leggur til að löggjafarvald og framkvæmdavald skuli aðskilin. Hann leggur þó til að þm. fylgist með framkvæmd laga og hvernig fjármunum þjóðarinnar er ráðstafað eða hvernig þeir nýtast. Á sama tíma vill hann í öðru orðinu ekki að þm. séu í stjórnum, hvorki bankaráða, Framkvæmdastofnunar né annars staðar. En þetta eru fyrst og fremst eftirlitsstörf. Veit þm. það ekki frekar en um skrifstofu þm. hér á Alþingi? Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að ræða málflutning þessa þm. Hann dæmir sig sjálfur.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mig undrar það mjög, þegar ég fletti frv. sem hér liggur fyrir, að eftir alla þá vinnu, í raun og veru eftir vinnu í 39 ár, skuli þetta vera uppskeran. Það er misskilningur að þetta sé gert fyrir flokkana. Ég hygg að þetta sé miklu frekar gert fyrir einstaka þm. Og ég vil endurtaka mínar spurningar. Ég vil spyrja 1. flm. að því, hvort í hans huga sé svo stórum áfanga náð í sambandi við breytingar á stjórnskipunarlögum að það megi frestast að öðru leyti um árabil að endurskoða og breyta stjórnarskránni, vegna þess að það réttlætir alls ekki að stefna þjóðinni með stuttu millibili ár eftir ár í tvennar kosningar, eins og hér virðist eiga að gera, fyrir ekki meiri breytingar en hér liggja fyrir.

Það var auðvelt að breyta kosningaaldrinum á annan hátt og þurfti ekki tvennar kosningar til að mínum dómi. Og það var ennfremur hægt að gera breytingar í sambandi við kjördæmi með því að færa alla uppbótarmenn, láta kjósa þá á tölu. Þá hefðu þeir komið hér til Suðvesturlandsins og þurfti þá ekki að standa í því að kjósa tvisvar út af þeim breytingum. En þessi till. réttlætir ekki að kjósa tvisvar út á svona breytingu, hvað þá þegar sá vandi er hér í landinu sem allir þekkja og ég fer ekki að ræða nánar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt, þó margt væri hægt að segja um þennan málatilbúnað og um þær ræður sem hafa hér verið fluttar. En hitt veit ég og hef orðið var við núna tvo síðustu daga, að fólk úti á landi fylgist vel með þeirri tillögu, sem við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson flytjum hér, og hvernig atkvgr. fer fram um það mál.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hv. stjórnarskrárnefnd þeirri er deildin kaus fyrir störf að því máli er nú er til umr., sem og treysti ég því að samstarf þeirra nefnda, sem kosnar voru í báðum deildum, hafi gefist svo vel að einnig í Ed. muni afgreiðsla málsins vera með þeim hætti að vel sé fyrir öllu séð.

Ég tel e. t. v. ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um mál þetta, þar sem ég gerði því allítarleg skil í frumræðu minni fyrir einni viku. En ég hlýt þó að minna á það, sem ástæða er til eftir þessar umr., að tvennt var það fyrst og fremst sem vakti fyrir okkur.

Það var í fyrsta lagi að ná fullum jöfnuði á milli flokka, fylgis þeirra meðal þjóðarinnar og þingstyrks. Hér er ekki um neitt sérstakt hagsmunamál flokkanna sem slíkra að ræða, heldur allra þeirra sem hyggja á framboð til Alþingis, hvort heldur þau eru borin fram í nafni stjórnmálasamtaka, sérhagsmunaaðila eða áhugaaðila. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að framboðsaðilar fái þingstyrk í samræmi við kjósendafylgi. Minni ég þar á, að þau samtök eða þeir flokkar sem njóta 5% fylgis meðal þjóðarinnar fá örugglega þm. kjörna við úthlutun jöfnunarsæta þótt þau fái ekki kosinn mann í kjördæmi. Á hinn bóginn er einnig líka gert ráð fyrir því, að ákveðnar lágmarkskröfur séu gerðar til framboðsaðila til þess að hann hljóti kosna þm., að slíkir framboðsaðilar og flokkar hafi ákveðinn lágmarksstyrk meðal kjósenda svo að ekki verði hér um svo marga

flokka að ræða sem er víða í nágrannalöndum okkar, þar sem flokkafjöldinn torveldar framkvæmd lýðræðis og þingræðis. Þetta markmið, að framboðsaðilar og flokkar fái þingstyrk í hlutfalli við kjósendafjölda, var það markmið sem við e. t. v. settum efst, og sem betur fer náðist fullt samkomulag um að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar væru til þess að þessu markmiði yrði náð gagnstætt því sem um hefur verið að ræða allt frá 1959, að síðasta kjördæmabreyting var gerð, að ég tali ekki um það fyrirkomulag sem gilti varðandi jöfnuð á milli flokka varðandi þingstyrk áður um áratuga skeið. Síðan síðasta kosningalagabreyting var gerð 1959 hefur skort 2—6 þingsæti til þess að fullum jöfnuði væri náð á milli flokka. Við gerum okkur vonir um, allir flm. þessa frv., að nú sé tryggt að slíkum jöfnuði verði náð.

Hinu markmiðinu sem við settum okkur, að jafna kosningarrétt miðað við búsetu, hefur og verið náð að verulegu leyti. Ég hef áður látið þá skoðun mína í ljós og er ekki nein launung á henni, að ég aðhyllist þá reglu sem orðuð hefur verið svo: Hver maður — eitt atkvæði án tillits til búsetu. En ég geri mér grein fyrir að um þetta markmið er mikill ágreiningur. Þrátt fyrir þann ágreining varð þó samstaða meðal mismunandi flokka og alþm. um að misvægið vegna búsetunnar væri orðið svo mikið að nauðsynlegt væri að jafna þar nokkuð um og leiðrétta.

Í þessu sambandi hefur sú leið verið nefnd, að rétt væri að gera landið allt að einu kjördæmi. Við heyrðum það og hér í dag af hálfu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Eg vil lýsa sem minni skoðun, að ég er því algerlega andvígur. Ég tel að það væri spor aftur á bak að gera landið allt að einu kjördæmi. Við hljótum að gera okkur grein fyrir að við höfum hér á Íslandi mismunandi aðstæður og búum við breytileg skilyrði frá einum landshluta til annars og það er eðlilegt og sjálfsagt að þeir sem fjalla um löggjöf landsins og þau verkefni sem Alþingi á að inna af hendi hafi kunnugleika á og séu fulltrúar fyrir mismunandi landshluta eða réttara sagt: fyrir landsmenn í mismunandi landshlutum. Ég tel einnig að ef við gerum landið að einu kjördæmi sé stefnt í slíka miðstýringu að óviðunandi sé. Auðvitað kemur hér samhliða til greina að nauðsynlegt er að stefna að auknu valdi sveitarfélaganna svo að unnt sé að færa valdið heim í héruðin þar sem fólkið á heima.

Það má auðvitað spyrja þeirrar spurningar: Hvort markmiðið er réttara, hvort á að ráða meira, ef fórna verður að einhverju leyti öðru hvoru markmiðinu, jöfnuði atkvæðisvægis eftir búsetu eða jöfnuði á þingstyrk flokka miðað við kjósendafylgi? Þá held ég að það sé engum blöðum um að fletta að það hlýtur að ráða meira um afstöðu manna á löggjafarþingi þjóðarinnar hvaða stjórnmálaskoðun þeir aðhyllast, en hvar þeir eru búsettir eða fyrir hvern landshluta þeir eru fulltrúar. Ég hygg að það sé þess vegna eðlileg leið, sem farin hefur verið, úr því að ekki náðust þessi bæði markmið í einum áfanga, að setja ofar það markmið, sem ég hef greint frá, þ. e. fullan jöfnuð á milli flokka.

Það er að vísu talað um að það sé óheimilt að semja um afsal mannréttinda. Þá er átt við að allir menn eigi að hafa jafnan atkvæðisrétt hvar sem þeir búa. Nú er það svo, að það er ekki verið að semja um afsal neinna mannréttinda vegna þess að menn hafa aldrei notið þeirra mannréttinda að hafa fullan og jafnan atkvæðisrétt án tillits til búsetu. Það er verið að semja um áfanga að því markmiði að ná fullum jöfnuði að þessu leyti. Og niðurstaðan, sá áfangi sem náð er, er í stuttu máli sú, að í stað þess að Suðvesturlandið hafði 22 þm. af 60 fær Suðvesturlandið nú 29—30 þm. af 63. Ég tel þetta markverðan áfanga og þótt meiri hluti landsmanna búi á Suðvesturlandi er sem betur fer ekki meira á munum en að ætlast verður til þess að afstaða manna, þegar tryggður er fullur jöfnuður milli flokka og framboðsaðila, sé ekki bundin við búsetuna, heldur hvað landinu öllu og þjóðarheildinni kemur best.

Það er auðvitað annmarki að kjördæmunum er tryggð í stjórnarskrárlögunum ákveðin lágmarkstala þm., en það verður þó að líta á að fámenniskjördæmin fjögur t. d., þ. e. Vesturland, Vestfirðir, Norðurl. v. og Austurland, hafa í raun og veru einum þm. færra eftir en fyrir breytinguna og þar að auki er um það að ræða að í stað þess að þessi kjördæmi hafa alla jafna fengið 6 þm., en fá væntanlega ekki meira en 5, í undantekningartilviki 6, þá er fólgið í þessum breytingum að 5. þm. þessara kjördæma er bundinn jöfnuði á landsvísu, þótt svo sé gert ráð fyrir að til breytinga á úrslitum samkv. kjördæmum, ef litið er á hvert kjördæmi fyrir sig, komi mjög sjaldan.

Ég held að miðað við þann áfanga, sem náðst hefur, sé ekki horfandi í þá fjölgun þm. sem um er að ræða, svo mikilvægt er að hér sé um sem víðtækasta samstöðu að ræða og ekki síst ef við lítum til þess að við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum efnahagsvanda sem nýtt þing verður að snúa sér að að leysa. Ég hygg einnig að menn séu í raun og veru farnir að gera sér grein fyrir að forsenda þess að þing leysi þann vanda er einmitt þessi breyting á stjórnskipunarlögunum, kjördæmaskipan og kosningalögum, hvort heldur sem efnahagsráðstafanir verða gerðar að einhverju eða mestu leyti áður en kosið er eftir þessum nýju lögum, vegna þess að spá mín er sú, að þessi breyting til bóta muni og breyta pólitísku andrúmslofti og samstarfsgrundvelli þm. á milli.

Ég hef ekki ástæðu til að fjalla um einstök atriði sem hér hafa komið fram hjá þm. Ég vil þó umfram það sem ég hef þegar vikið að ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar taka aðeins til meðferðar þá staðhæfingu hans, að nú hefði átt að afgreiða stjórnarskrármálið í heild. Ég held að undirbúningur stjórnarskrármálsins í heild hafi því miður ekki verið kominn á það stig að þetta þing hefði verið fært um að taka það til heildarafgreiðslu. Ef um hefði verið að ræða einstaka þætti, sem víðtæk samstaða hefði getað náðst um, hefði málið horft öðruvísi við, en heildarafgreiðsla var ekki möguleg vegna þess að mál þetta hefur ekki hlotið þá umr., hvorki með þingflokkum, á þingi né meðal þjóðarinnar, sem breytingar á kjördæmaskipun og kosningalögum þó hafa fengið.

Það er ekki heldur ástæða til að fjölyrða um ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Hv. þm. minnir mig á fimm ára gamlan dótturson minn. Sá fimm ára segir gjarnan þegar honum liggur mikið á hjarta: Skilurðu, skilurðu? Þegar hv. þm. Vilmundi Gylfasyni liggur mikið á hjarta segir hann gjarnan: Það er einmitt kjarni málsins. Hann sagði þessa setningu held ég 10—20 sinnum í sinni löngu ræðu í dag. En það er sá munur á þeim fimm ára og hv. þm. Vilmundi Gylfasyni að maður skilur það sem sá fimm ára segir, en hv. þm. Vilmundur Gylfason vefur og flækir svo mál sitt að maður er fjær því að þekkja kjarna málsins eftir hans málflutning en nokkru sinni

áður. Hann minnir mann í raun og veru á þm. sem sagði gjarnan: Í þessu máli eru margar þungamiðjur.

Sannleikurinn er sá, að það er merkilegt hvernig jafnskynsamur og skýr maður og ég tel nú hv. þm. Vilmund Gylfason vera getur talað svona mikið um það sem hann segir ekkert vera. Ég tók undir ósk hans um að hafa útvarpsumr. um þetta frv. til stjórnskipunarlaga í góðri trú, vegna þess að ég tel hér um merka bót að ræða á kjördæmaskipun og kosningalögum og góða grein gerða fyrir því hvernig þessi breyting er hugsuð og þess vegna væri full ástæða til að skýra þetta allt sem allra best. Þær skýringar hafa að vísu átt sér stað í fjölmiðlum, en alltaf má gott betur gera. En hv. þm. Vilmundur Gylfason segir þessa breytingu enga vera. Þess vegna er merkilegt hve lengi hann getur talað um ekkert og hvers vegna hann óskar eftir útvarpsumr. úr því að frv. er ekki meira að vöxtum eða merkilegra en hann vill vera láta.

Ég skal ekki fjölyrða um hugmyndir hv. þm. um breytingu á stjórnarskránni eða stjórnskipun að því leyti til að hann ætlar að láta kjósa forsrh. almennum kosningum yfir landið allt, forsrh. skipi síðan ríkisstjórn og beri ábyrgð á framkvæmdavaldinu. Þarna sé kosningarréttur jafn eftir búsetu, en hins vegar ætlar hann að una við misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu, sem nú ríkir, 1:4.2 a. m. k., þegar um er að ræða kosningu á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Nú er það svo, að löggjafarsamkoma þjóðarinnar hlýtur að setja framkvæmdavaldinu lög til að fara eftir og starfsreglur. Þar má misvægið halda áfram að vaxa, þar á misjafn kosningarréttur enn að líðast. Þetta segir hv. þm. Vilmundur Gylfason sem þm. í Reykjavík væntanlega. Hann er ánægður með þetta fyrir Reykvíkinga að hafa kannske ⅓—¼ atkvæðisréttar á við aðra, þegar um löggjöf landsins er að ræða, þegar um það er að ræða að ákveða heildarstefnu sem fara skuli eftir í stjórnmálaþróun landsins. En þegar hann kemur svo að framkvæmdavaldinu, þ. e. ráðstöfun fjár sem er á valdi framkvæmdavaldsins umfram það sem löggjafarvaldið, sem setur fjárlög, segir til um, og þegar hann er að fjalla um framkvæmd í ríkisbönkum og öðru slíku, þá er allt í lagi að kjósa einn mann, forsrh., sem síðan á að skipa ríkisstjórn og hafa í raun og veru framkvæmdavaldið í landinu öllu með höndum.

Ég held að þessi till. hv. þm. sé ekki spor í rétta átt og þjóni alls ekki þeim tilgangi sem hann vill vera láta að hann vilji ná. Það sem hér skiptir auðvitað mestu máli til þess að einstaklingurinn í þjóðfélaginu nái rétti sínum er að ríkisvaldið sé ekki með nefið ofan í hvers manns kirnu. Það er að afskipti ríkisvaldsins af málefnum einstaklinga séu ekki svo mikil sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sem sósíaldemókrati og aðrir ríkisafskiptamenn hafa innleitt hér á Íslandi, en Sjálfstfl. einn allra flokka staðið á móti. Og þess vegna held ég að hv. þm. Vilmundur Gylfason ætti að endurskoða þessar tillögur sínar og gera sér grein fyrir því, að hann á að fylgja stefnu okkar sjálfstæðismanna og draga úr ríkisafskiptum. Hann á að láta frjáls samskipti einstaklinga í þjóðfélaginu ráða meira, frjálsan markaðsbúskap, sem er réttlátari til þess að ná tilgangi efnahagslífsins, bættum kjörum til handa öllum landsmönnum, heldur en opinber afskipti, úthlutun og skömmtun, höft, boð og bönn. Þeirri stefnu hefur hv. þm. ásamt öðrum sósíalistum hingað til gjarnan fylgt. (**VG:** Er það Framkvæmdastofnun ríkisins sem við er átt?) Ég hygg að hv. þm. viti vel að áætlunarbúskapur, sem var ær og kýr þeirrar stofnunar í upphafi vega, er runninn undan rótum þess flokks sem hann sóttist eftir varaformennsku í — ekki lengra síðan en á s. l. hausti.

Við verðum t. d. að átta okkur á því að brtt. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar eru svo forkostulegar að um leið og hann er að kvarta yfir því að löggjafarsamkoman sé að missa völd sín í hendur sérfræðinga ætlar hann að gefa sérfræðingunum frítt spil með því að aðskilja framkvæmdavaldið frá löggjafarvaldinu með þeim hætti að gera ekki kröfur til þess að framkvæmdavaldið hafi stuðning meiri hluta löggjafarvaldsins. Og hvað á svo löggjafarsamkoman að gera eftir þessa breytingu? Já, hugsið ykkur það virðulega hlutverk. Löggjafarsamkoman á að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu. Sem dæmi nefndi hv. þm. að þingnefndir ættu fyrir opnum tjöldum að fjalla t. d. um það ef læknar gæfu út of marga lyfseðla. Það á að vera hið virðulega hlutverk nefnda Alþingis. Er ekki ástæða til að ætla að það sé réttlátara þjóðfélag og meira réttaröryggi í þjóðfélagi þar sem slík rannsókn sé annars vegar í höndum embættismanna og hins vegar í höndum dómstóla heldur en einhverjir þm. séu að reyna að slá sér upp í sjónvarpi og með fréttamenn yfir sér að fjalla um hvort einn læknir hafi gefið út of marga lyfseðla eða ekki? Ég held að þetta dæmi, sem hv. þm. tók sjálfur, sýni það best að hv. þm. gerir sér ekki grein fyrir eigin tillögum.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason varpaði einni spurningu til mín og spurði: Hver kaus Gunnar Thoroddsen forsrh. í kosningunum í des. 1979? Ég get vel verið sammála því, sem hlýtur að vera forsenda þessarar fsp. hv. þm., að óeðlilega hafi verið staðið að stjórnarmynduninni í febrúar 1980 í kjölfar kosninganna í des. þar á undan. Þar var alveg á mörkum þess að þingræðið væri virt og að mínu mati var það alls ekki gert þá. En látum það liggja á milli hluta í bili. Hins vegar liggur í spurningu hv. þm. að hann teldi betra að forsrh. hefði verið kosinn almennum kosningum. En hvað segir reynslan okkur í vetur og allt frá því í ágúst í sumar um það? Frá því í ágúst í sumar er ljóst að núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki starfhæfan meiri hluta á Alþingi. Það er þetta ástand sem allir þm. hafa í raun og veru liðið undir og þjóðin þó allra mest. En þetta gæti verið viðvarandi ástand ef brtt. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar næðu fram að ganga. Og það er ógæfulegt, jafnvel þótt ríkisstj. hafi nú í vetur haft bjarghring einu sinni, tvisvar eða oftar, — bjarghring eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason var ríkisstj. við afgreiðslu frv. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði nú í dag.

Ég held líka að það sé ákaflega mikil sýndarmennska hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni þegar hann ber sér á brjóst og talar um að það sé rétt að flytja prófkjörin inn í kosningarnar sjálfar. Hann telur sjálfan sig, að vísu með röngu, upphafsmann prófkjara. (**VG:** Hvar hefur það komið fram, hv. þm.?) Ef svo er ekki skal ég gjarnan taka þau orð aftur, vegna þess að það er mjög ánægjulegt að það kemur ljóst fram að hv. þm. er það ekki. (Gripið fram í.) Hins vegar lagði hann töluvert upp úr prófkjörum í Alþfl. fyrir kosningar 1978 og 1979, en stofnar svo sjálfur flokk og ber sig ekki eftir því sem hann prédikaði 1978 og 1979. Þess vegna er ekki að ófyrirsynju að hann var spurður um hvenær verði prófkjör í hans eigin pólitíska flokki. Um þau hefur

ekkert verið kunngert og enn sem komið er er auðvitað ekki búið að flytja prófkjörin inn í kosningarnar sjálfar.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði hvort í mínum huga væri svo stórum áfanga náð í stjórnarskrármálinu að rétt væri að fresta stjórnarskrármálinu að öðru leyti. Ég get svarað því til að að vísu er deilt um hversu mikla nauðsyn ber til að gera breytingar á stjórnarskránni að öðru leyti en varðar kjördæmamálið og kosningalögum í kjölfar þess. En án þess að taka afstöðu til þess ágreinings hygg ég, eins og ég gat um fyrr í minni ræðu, að stjórnarskrármálið sé ekki svo vaxið að unnt væri að afgreiða það á þessu þingi, en hins vegar sé svo brýnt að ná þeirri leiðréttingu á misvægi atkvæða eftir búsetu og ná þeim jöfnuði á þingstyrk flokka og kjósendafylgi sem fylgir þessum stjórnskipunarlögum að áherslu beri að leggja á að fá þessar breytingar í lög. Um leið undirstrika ég það, að ég tel ákaflega mikinn ávinning nú, þegar okkur Íslendingum er mikill vandi á höndum, að ná sem víðtækastri samstöðu um þessar breytingar. Þótt ég sé ekki ánægður með að markmiðinu um fullt jafnvægi atkvæða eftir búsetu sé ekki náð, þá er þó þeim áfanga náð sem ég tel mikils virði og til þess fallinn að forsendur skapist fyrir því að við ráðum einnig við vandamál okkar á öðrum sviðum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það var kvöldfundur einnig þegar stjórnarskrármálið var til umr. seinast og ég hef ekki hugsað mér að eyða mjög löngum tíma í kvöld til annars en að óska eftir upplýsingum og gera grein fyrir athyglisverðri frétt sem borist hefur vestan af fjörðum.

Ég vil varpa þeim fsp. til formanns stjórnarskrárnefndar, hvaða félagsfræðingar voru kallaðir á fund nefndarinnar. Þeirra hefði verið að meta afleiðingar þeirrar breytingar, sem hér er verið að leggja til, hvort hún yrði til að auka fólksflutninga til þéttbýlis m. a. Hvaða stjórnmálafræðingar voru kallaðir á fund nefndarinnar? Þeirra hefði verið eðlilegt að meta sennilegar stefnubreytingar flokkanna. Hv. 9. þm. Reykv. er ákaflega gott dæmi um stefnubreytingu hjá einstaklingi eftir búsetu. Ég hygg að við fáum ekki öllu skýrara dæmi í þingsögunni.

Hvaða hagfræðinga kallaði nefndin fyrir sig? Þeirra væri að meta áhrif stjórnarskrárbreytingarinnar m. a. á fasteignaverð, fjárfestingu í landinu og á framleiðslu atvinnuveganna. Það er nefnilega nokkuð athyglisverð staðreynd, að ef maður skoðar skiptingu manna eftir atvinnuvegum má ganga nokkurn veginn að því vísu að fólksflutningur til höfuðborgarinnar þýði mun fleiri störf við þjónustu. Ég veit að nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega. Það stendur í því þskj. sem hún lét frá sér fara. Og hún hefur einnig flutt brtt. sem hún er sammála um og á að halda, nema kosningalög ákveði eitthvað annað, þannig að þetta er allt þaulhugsað sem verið er að leggja til. En ég vil, með leyfi forseta, lesa frétt sem birtist í Ríkisútvarpinu:

„Stjórnir allra flokksfélaga í Önundarfirði samþykktu nýlega harðorð mótmæli við frv., sem nú liggur fyrir Alþingi, um breytingu á stjórnskipunarlögum. Félögin hafa hafnað frv. og mótmæla hugmyndum um jafnvægi atkvæða, þar sem ennfremur beri að líta á jafnvægi byggða. Þau benda á misvægi atkvæðisréttar, m. a. af því að stefnumörkun og undirbúningur lagasetningar fer iðulega fram fyrir utan þingsali, þar sem áhrifavald íbúa í nágrenni Alþingis er sterkur þáttur. Flokksfélögin í Önundarfirði telja forsendur fyrir aukinni valddreifingu óundirbúnar og ómótaðar og aðeins settar fram til að sætta dreifbýlisfólkið við réttindaskerðingu. Þau fallast á breyttar reglur við úthlutun þingsæta í kjördæmum, en telja höfuðatriði að hvert kjördæmi ráði að fullu kjöri sinna fulltrúa. Félögin vara við því í ályktun sinni, að frekari samþjöppun valds á suðvesturhorninu leiði til óeiningar, sem valda muni óbætanlegum skaða, og skora á Vestfirðinga og dreifbýlisfólk víða um land að snúast til varnar gegn frekari réttindaskerðingu með fundasamþykktum og fleiri aðgerðum. Skorað er á alla þm. að fella frv."

Að þessari ályktun standa stjórnir Alþb., Framsóknarfélags Önundarfjarðar, Alþýðuflokksfélags Önundarfjarðar og stjórn Sjálfstæðisfélagsins þar.

Í fyrsta lagi mun fátítt að það komi ályktanir heiman úr byggðum um að snúast til varnar gegn þingkjörnum fulltrúum, hv. 1. þm. Vestf. m. a., ef skilja ber textann rétt, hv. 2. þm. Vestf. sömuleiðis, hv. 3. þm. Vestf., ef ég met rétt hans afstöðu í þessu máli, og e. t. v. hv. 4. þm. Vestf., sem ég vil nú fátt fullyrða um á þessari stundu. Hann á vafalaust eftir að ræða það mál í Ed.

Það leiðir hugann að því að árið 1959, þegar seinasta kjördæmabreyting fór fram, var íbúafjöldi á Flateyri 543. Þar hefur verið frekar undanhald. Þetta leiðir einnig hugann að því sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á hér áðan. Hann talaði um að skoðanir manna færu fyrst og fremst eftir því í hvaða stjórnmálaflokki þeir væru. Hvaða undur og stórmerki hafa gerst við Önundarfjörð? Skoðanir manna hafa alls ekki farið eftir því í hvaða stjórnmálaflokki þeir eru þegar þeir settust niður og sömdu þetta. Er hugsanlegt að svæðalegt viðhorf sé enn til í þessu landi?

Ég lét dreifa hér á borð til þm. útreikningum, sem ég ætla ekki að taka til umr. fyrr en við 3. umr. málsins. Það væri fróðlegt ef þeir hinir fróðu menn, sem ræddu ítarlega þetta mál í nefndinni og e. t. v. hafa ekki þurft að spyrja neinn mann ráða, utan hagstofustjóra eitthvað út af 2. gr., læsu það í fskj. sem fylgja þessu, hvers vegna Danir töldu sig þurfa að taka tillit til landsins. Hvers vegna skyldu Danir hafa talið sig þurfa að taka tillit til þess?

Við fengum innlenda stjórn um seinustu aldamót. Þá voru Reykvíkingar og Reyknesingar að fjölda til 12025. Þá voru Vestfirðingar 12481. En við töldum okkur ekki þurfa að taka tillit til landsins við stjórnarskrárbreytingar sem við höfum verið að framkvæma.

Á Norðurlandi voru þá 20246, á Austurlandi 10634. Það er kannske fróðlegt, af því að það er 1. þm. Vestf. sem er flutningsaðili hér í þinginu að þessu máli, sem fólkið við Önundarfjörð telur rétt að snúast til varnar gegn, að gá hvernig hagsmunagæslan fyrir Ísafjörð á þessu tímabili hefur tekist, ef maður ber saman mannfjölda þar og miðar við aðra staði. Árið 1901 voru á Ísafirði 1220 manns, á Akureyri 1370. Það var athyglisvert að það var Norðlendingur sem þó hélt hér uppi andófi í þingsölum áðan gegn því sem hér er verið að leggja til. En það er ekki að sjá sem hagsmunagæslumenn Vestfjarða telji að miklu sé í áfátt þegar þessi mál eru á dagskrá.

Það kom fram hjá 1. þm. Vestf. að ef þetta yrði ekki gert yrði aðeins gengið öllu lengra þegar kæmi til breytinga. Það er nú svo. Það er staðreynd að dreifbýl-

isþm. þessa lands ráða því, og geta ekki skotið sér á bak við nokkurn skapaðan hlut í þeim efnum, hvort það eigi að taka eitthvert tillit til landsins í stjórnskipunarlögum eða ekki. Og þeir hafa meiri hluta til þess að ráða þessum málum.

Ég tel að það sé mjög óeðlilegt að stærsta mál þessa þings og verðandi kosningamál sé fyrst og fremst haft til umr. á kvöldfundum. Ég tel að það segi þó nokkuð mikið um gæði þeirra vinnubragða sem hér eru viðhöfð. Það má vel vera að hv. stjórnarskrárnefnd, sem fékk þetta mál til umfjöllunar, hafi ekki talið sig þurfa að kynna sér hvernig að þessum málum er staðið erlendis. Það má vel vera að þeir hafi vitað þetta allt, verið slíkir sérfræðingar. En hitt er þó staðreynd, að það mun leit að landi í heiminum þar sem ekki er annaðhvort þannig að málum staðið í lýðræðisríkjum að um sambandslýðveldi sé að ræða, sem taka þess vegna mikið tillit til hinna afskekktari svæða, — Bandaríki Norður-Ameríku eru gott dæmi um þetta — eða þá að það sé á einhvern hátt misjafnt vægi atkvæða. Hér á landi vill orðið þannig til, vegna þess að menn hafa ekki nennt að hirða um þessa hluti, vegna þess að menn hafa ekki talið það skyldu sína að gæta hagsmuna hinna ýmsu landssvæða, að við erum komnir í þá sérstæðu aðstöðu að hafa á innan við einni öld brotið niður lýðveldið Ísland og breytt því í borgríkið Ísland með misskiptingu í aðstöðu milli þegnanna, eins og allir kannast við.

Ég sé að hv. 1. þm. Vestf. er horfinn úr salnum. Ég sakna þess að sjálfsögðu og kann ekki við að láta hér falla þyngri orð í hans fjarveru. En mér þætti vænt um ef menn gerðu svo lítið að kynna sér hvernig Danir brugðust við á sínum tíma og snerust gegn því að Kaupmannahöfn yfirtæki þar, hvernig þeir tóku sig til í sinni stjórnarskrá og reiknuðu landið með inn í þau stjórnarskrárlög sem þar eru. Ég hef hugsað mér að gera það að umræðuefni við 3. umr. þessa máls.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég verð í upphafi máls míns að láta í ljós ánægju mína yfir því að hv. flm. þessa frv. til stjórnskipunarlaga á þskj. 367 skuli nú vera öllu fastari í sessi en við 1. umr. málsins, þegar þeir vart sáust hér í þingsölum. Þeir hafa eins konar vaktaskipti í kvöld og er það vel.

Þessi umr. er með allsérstæðum hætti og einkennandi fyrir það, hve mikið mál er hér talað um lítið frv. Þeir sem hafa haft þolinmæði til að hlusta á umr. gætu haldið að hérna væri um stórmál að ræða. Einn kvöld- og næturfundur er þegar búinn að vera um málið og nú er klukkan farin að halla í 12 nokkuð og mér sýnist að hér stefni í næturfund um þetta sama mál.

En hvaða mál er svo til umr.? Hvaða mál er það sem er svona áríðandi að ræða á kvöld- og næturfundum til að koma í gegnum þetta ágæta þing? Skyldu menn vera að ræða um að bjarga þjóðarbúskapnum eða eru menn að ræða hér um atvinnuvegi þjóðarinnar, vanda þeirra og björgun? Er verið að ræða hér einhvern þjóðarvoða? Er sjálfstæði þjóðarinnar í hættu, þannig að hér þurfi að hafa kvöld- og næturfundi um þetta mál, eða er kannske styrjöld í aðsigi? Hvað skyldi fólk almennt halda þegar það sér þinghöllina okkar uppljómaða? Hér hlýtur mikið mál að vera á ferðinni. Mér þætti ekki ólíklegt að fólk hugsaði sem svo: Aumingja mennirnir, hvað þeir leggja mikið á sig fyrir þjóðarhag, því að eitthvað mikið hlýtur nú að vera að gerast.

En hvað er að gerast? Jú, við erum að ræða frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Það er frv. upp á fjórar greinar. Þetta eru allmikil skjöl og eitthvað hlýtur að standa á öllum þessum blaðsíðum, sem eru 29. Eitthvað hlýtur nú að felast í þessu. Jú, viti menn, lagafrv. er fjórar greinar. Síðan eru grg. og fskj., töflur og einhverjir útreikningar, lesmál og tölur, sem ekki eru hér til umr., nákvæmlega ekki neitt, og varða málið ekki neitt. Þetta lesmál og allar þessar tölur er málefni sem e. t. v. einhvern tíma verða til umr. hér í þingsölum og þá rædd af öðrum mönnum að meira eða minna leyti en sitja þetta hv. þing. En hvað hvetur þá menn til að vera hér dag og nótt og ræða þetta mál og ræða um fjölgun alþm. um þrjá? Það er nú aldeilis. Jú, reyndar felst þarna kosningaaldur. Hann skal nú lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Hvað veldur því að það er svona bráðnauðsynlegt að koma þessu máli hér í gegn að fjölga alþm. um þrjá kynnu nú menn að spyrja. Er þjóðinni að fjölga svona óskaplega mikið? Við gætum skilið að það þyrfti að fjölga þm. ef þjóðin væri orðin 1, 2 eða 10 millj. Sem betur fer fjölgar þjóðinni nokkuð, en ekki svo geysilega mikið að það þurfi að fjölga þm. þess vegna.

Þá er það önnur spurning: Danir hafa ákveðinn kvóta á ferkm. Þá kynnu menn að halda: Erum við að apa eftir Dönum? Er landið að stækka þau ósköp að við þurfum að fara að fjölga þm.? Jú, sem betur fer hefur landið líka stækkað. Við höfum fengið Surtsey og dálítið af hrauni í Vestmannaeyjum síðan 1959 og okkur er sagt að landið sé alltaf að gleikka, stækka, að það komi upp hraun í miðju landi og það sé að lengjast. En ekki hef ég samt trú á því að það sé að stækka þau ósköp að það valdi þessum 60 þm. erfiðleikum að komast og hitta kjósendur sínar.

Það er sem sagt ekkert sem knýr á um fjölgun þm. frá því sem nú er. Hér er verið að breyta breytinganna vegna.

Frsm., hv. formaður þeirrar stjórnarskrárnefndar sem báðar deildir hafa kosið og mælti hér fyrir frv., hv. þm. Matthías Bjarnason, ræddi nokkuð þessa þriggja manna fjölgun alþm. og taldi það í raun og veru ekki mikið mál miðað við fjölgun í ýmsum öðrum starfsstéttum. Þetta er alveg satt og rétt. En þá er það spurningin: Hefur fjölgun t. d. bankamanna, eins og hann mun hafa nefnt, gert nauðsynlegt að fjölga þm. þjóðarinnar eða kallað á fjölgun í rn. eða starfsfólks við sjúkrahús? Ég sé ómögulega að það geti verið ástæðan. En ég spyr þá: Hver er ástæðan? Það er kannske ástæðan að verið er að breyta breytinganna vegna.

Þeir menn sem um þetta hafa mest fjallað, þ. e. formenn stjórnmálaflokkanna og stjórnarskrárnefndir beggja deilda, hafa talað um að það hafi sérstaklega gott samkomulag náðst um allan málatilbúnað á ýmsum stigum málsins, bæði þegar formenn flokkanna höfðu það til umfjöllunar og eins þegar stjórnarskrárnefndir deildanna höfðu það til umfjöllunar. Að sjálfsögðu er ekki neitt nema gott að segja um gott samkomulag.

Herra forseti. Það er einlæg von mín og ósk að þetta góða samkomulag megi ríkja milli allra þessara hv. alþm. þegar þeir koma saman og ræða hin eiginlegu vandamál þessarar þjóðar, að það nái út fyrir það þegar verið er að fjölga þm. um þrjá. Vissulega er það von mín og ósk og ég veit að hv. alþm. taka undir það. — Ég

þakka hv. þm. Magnúsi Magnússyni fyrir að hann situr hér á verðinum fyrir hönd flm. frv.

Hér eru allmargar brtt. komnar fram við þetta mál. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að ræða þær allar lið fyrir lið, en ég ætla að geta um eina. Það er brtt. á þskj. 469 frá þeim Stefáni Valgeirssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það læðist að mér sá grunur að flm. frv. til stjórnskipunarlaga á þskj. 367 finnist ekki allt í sómanum í jafnrétti milli þegna þessa lands. Í grg. með frv. á bls. 3, þ. e. tölul. 2 segir svo, með leyfi forseta:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

..2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Það læðist að manni sá grunur, að flm. þessa frv. þyki ekki allt í sómanum með jöfnuð milli þegnanna. Þarna eru fögur orð og fögur fyrirheit. Ýmsir menn hér á hv. Alþingi hafa sagt í umr. um þetta mál að kosningarréttur og aðstaða þegnanna til þjónustu og annars, sem lýðveldið lætur þeim í té væru óskyld málefni. Kosningarréttur væri alveg sérréttur. Annar réttur þegnanna væri alveg óviðkomandi mál. Þess vegna dettur mér í hug að þeir ágætu flm. frv. til stjórnskipunarlaga á þskj. 367 sjái þarna leið til þess að koma í framkvæmd þessum ágætu fyrirheitum, sem ég vitnaði til hér áðan, og þeir gætu sæst á að samþykkja nú og setja sem stjórnarskrárákvæði brtt. þeirra hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar, að 77. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo, og með leyfi forseta vil ég lesa brtt. upp:

„Skattamálum skal skipa með lögum.

Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna, þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu, eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum."

Þetta ákvæði gæti sem best gilt þangað til hin fögru ætlunarverk flm. frv. til stjórnskipunarlaga væru að fullu komin í gildi. Ég held sem sagt að þeir mættu taka fagnandi þessari brtt., og ég trúi ekki fyrr en ég sé það að þeir muni ekki greiða henni atkv., svo afdráttarlaus er þeirra viljayfirlýsing í grg. með frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður.

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. og fleiri þm. ítreka ég það, sem ég hef áður sagt í umr. um dagskrármálið, að mér finnst mjög miður að ekki skyldi takast að afgreiða stjórnarskrármálið í heild á þessu þingi. Ég hefði einnig kosið að ný kosningalög væru afgreidd á þessu þingi, en um það náðist ekki samkomulag. Auðvitað gæti svo nýtt þing síðar breytt þeim lögum eins og öllum öðrum lögum.

Margir hv. þm. hafa talað mikið um að þetta frv. sé svo sem ekki neitt, aðeins fjórar greinar, og segja að lítið hafi komið út úr mikilli vinnu formannanna. Auðvitað gekk vinnan fyrst og fremst út á að ná samkomulagi um drög að frv. að nýjum kosningalögum. Í því lá vinnan fyrst og fremst og í því er samkomulag formannanna fólgið þó að frv. sem hér er á dagskrá nái ekki að forminu til til þess atriðis.

Herra forseti. Ég lýsi fullum stuðningi við brtt. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar á þskj. 469, enda hef ég og fleiri þm. Alþfl. hvað eftir annað flutt lagafrv. sem ganga í sömu átt, en ekki fengið nægilegan stuðning hv. þm. og ekki heldur hv. flm. þessarar brtt. En batnandi mönnum er best að lifa. Ég tel að ákvæði það sem felst í brtt. á þskj. 469 eigi fullan rétt á sér í stjórnarskrá okkar og styð það eindregið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 5, n. 443). — 2. umr.

Frsm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Til þess að spara tíma þessarar hv. deildar hefði ég viljað fá leyfi hæstv. forseta til að ræða öll bankamálin, nr. 17, 18, 19 og 20 á dagskránni, í einu lagi. (**Forseti:** Það er heimilað.) Ég þakka.

Á Alþingi 26. apríl 1982 voru samþ. lög um breyt. á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Tilgangur þeirra laga var að ná fram virkara aðhaldi og eftirliti með fjármunum ríkisins og framkvæmd fjárlaga. Þar eð þau lög ná ekki til ríkisbankanna er lagt til í þessum fjórum frv., sem hér eru á dagskrá, að breyting verði gerð á lögum bankanna til að tryggja einnig ítarlegri reikningsskil á ýmsum þáttum í rekstri þeirra.

Í ársreikningum bankanna nú er nokkuð mismunandi hvernig sundurliðun þeirra þátta er háttað sem í þessum frumvörpum er lagt til að lögfest verði að sérstaklega beri að gera grein fyrir. Svo virðist í ársskýrslum bankanna að þeir fjórir rekstrarþættir, sem lagt er til í frumvörpunum að sundurliðaðir verði sérstaklega, þ. e. launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnaður, komi fram aðeins undir einum lið — rekstrarkostnaður — án nokkurrar sundurliðunar. Undanskilja ber þó Útvegsbankann, þar sem sérstaklega kemur fram kostnaður vegna launa, launatengdra gjald og hins vegar annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Í frumvörpunum, sem hér eru á dagskrá, er lagt til að til bókhalds bankanna verði að þessu leyti gerðar sömu kröfur og hið háa Alþingi gerir til bókhalds ríkisstofnana.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frumvörpin og fengið umsagnir um þau skriflegar og munnlegar. Fjórir nm. meiri hl. n., hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, Albert Guðmundsson og Matthías Bjarnason auk mín, eru sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Grunnskólar, frv. (þskj. 487). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 21. maí 1974, um grunnskóla. Frv. það, sem hérna er lagt fram um breyting á grunnskólalögunum, felur ekki í sér grund-

vallarstefnubreytingu, en það gerir þó ráð fyrir ýmsum lagfæringum, sem reynslan hefur leitt í ljós að æskilegt er að gera, og vissulega eru hér að finna ýmsar breytingar sem telja má talsverðar breytingar á sínu sviði.

Ég sé ekki ástæðu til af sérstökum ástæðum að hafa mjög langt mál um þetta, en mér er það í mun að frv. komist til nefndar. Þó að brtt. séu að vísu margar talsins fela þær ekki í sér neina grundvallarstefnubreytingu varðandi grunnskólann, en þó finnast í þessum brtt. mikilvægar efnisbreytingar á afmörkuðum sviðum, sem vissulega þarf að ræða nánar og gefa sér tíma til að ræða betur hér á hv. Alþingi og meðal skólamanna og sveitarstjórnarmanna og kannske almennings í landinu.

Ég tel ekkert sjálfsagðara en að þingnefnd sendi þetta mál til umsagnar ýmsum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, og þótt málið hafi hlotið allvíðtækan undirbúning til framlagningar í frv.-formi er nauðsynlegt að um það skapist umr. í því formi sem það liggur nú fyrir. Á það legg ég mikla áherslu. Þess vegna ætlast ég ekki til þess, herra forseti, að málið verði afgreitt til fullnustu á þessu þingi, til þess gefst ekki tími. Málið er reyndar flutt til kynningar og umræðu.

Hins vegar leyfi ég mér að bera upp þá ósk að eitt ákvæði þessa frv. verði að lögum, þ. e. það ákvæði sem fjallar um að fresta gildistöku níu ára skólans enn um eitt ár. Slík frestun hefur verið samþykkt undanfarin tvö ár og tel ég eðlilegt að svo verði gert að þessu sinni, þ. e. að ákvörðun um níu ára skólann verði látin fylgja almennri endurskoðun grunnskólalaganna, sem ætti að geta orðið á næsta vetrarþingi.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. með þeim sérstöku orðum, sem ég vil að menn veiti athygli, að málið verði vel athugað, en þó svo, að reynt verði að gera að lögum þetta sérstaka ákvæði, sem ég hef talað um, þ. e. um frestun á gildistöku níu ára skólans um eitt ár.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Launasjóður íslenskra rithöfunda, frv. (þskj. 488). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Launasjóð íslenskra rithöfunda. Þetta mál er hér flutt af ríkisstj. sem stjfrv. og ég bendi á að hér er um samkomulagsmál að ræða — samkomulagsmál sem varð til í sérstakri nefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka. Í þessari nefnd sátu Sigurlaug Bjarnadóttir, sem var tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokks, Stefán Júlíusson rithöfundur, sem var tilnefndur af þingflokki Alþfl., Tryggvi Gíslason, sem tilnefndur var af þingflokki Framsfl., Vésteinn Ólason dósent, sem tilnefndur var af þingflokki Alþb., en formaður nefndarinnar var Haukur Ingibergsson, fyrrv. skólastjóri, sem var skipaður af menntmrh.

Í þessu frv. er að finna nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Þar er m. a. nafni sjóðsins breytt nokkuð frá því að heita Launasjóður rithöfunda. Skal hann nú heita Launasjóður íslenskra rithöfunda. Þá er sett sérstök grein í lögin um markmið sjóðsins, sem ekki var í gildandi lögum, en þar er gert ráð fyrir að tekið sé nákvæmlega fram hvert sé markmið sjóðsins eða hlutverk hans, sem sé að greiða höfundum laun fyrir ritstörf og efla þannig bókmenntir og ritlist í landinu, eins og segir hér í 1. gr. þessa frv.

Þá er ein allveigamikil breyting. Viðmiðun fjárveitingar er breytt verulega. Lagt er til samkv. þessu frv. að sú fjárhæð sem lögð er til launasjóðsins svari til 400 mánaðarlauna menntaskólakennara á fyrsta starfsári. Um alllangt skeið má segja að hafi verið miðað við 300 mánaðarlaun, en umsóknir á undanförnum árum hafa verið miklu fleiri en svo, nálægt því 800 mánaðarlaun, þannig að hér er komið nokkuð til móts við umsóknirnar og þannig auðveldara að fullnægja þeim.

Þá er ákvæðinu um stjórn sjóðsins breytt, en eins og margir munu kannast við hafa verið deilur um hvernig stjórn sjóðsins er skipuð, þannig að mönnum hefur fundist að vald stjórnar Rithöfundasambandsins væri of mikið í stjórninni og stjórnarþátttökunni. En þarna er gert ráð fyrir að því ákvæði sé breytt að þeir sem í stjórninni sitja séu allir tilnefndir af stjórn Rithöfundasambandsins, heldur er gert ráð fyrir að stjórnin sé valin eftir kosningu í Rithöfundasambandinu, auk þess sem menntmrh. mundi nú skipa formann stjórnarinnar. Alls mundu sitja í stjórn fimm menn í stað þess að áður voru þeir þrír. Ráðh. skipar formanninn, en fjórir meðstjórnendur eru samkv. tilnefningu Rithöfundasambandsins og þá kosnir almennri kosningu á vegum Rithöfundasambandsins.

Þetta eru helstu breytingarnar sem hér er um að ræða. Ég legg áherslu á að hér er um að ræða að finna leið til sátta og friðar um starfsemi þessa mikilvæga sjóðs. Ég vænti þess að hv. Alþingi fjalli um þetta mál. Æskilegt væri að hægt væri að ljúka því á þessu þingi, en það verður auðvitað að ráðast hvort það tekst, miðað við þann stutta tíma sem við höfum til umráða.

Herra forseti. Ég mun leggja það til að málinu verði nú vísað til 2. umr. og hv. menntmn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 60. fundur.

Þriðjudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 500 (sbr. 151), 501). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 501,8.a felld með 11:7 atkv.
Brtt. 501,8.b samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 501,3 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 501,4 felld með 9:7 atkv.
Brtt. 501,5 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 501,6 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 501,7 um 2. mgr. 19. gr. kom ekki til atkv.
Brtt. 501,7 um 3. mgr. 19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 501,8.a felld með 11:7 atkv.
Brtt. 501,8.b samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 501,9 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 501,10 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, TÁ, DA, GeirG, GB, GTh, JH, HS.

SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ, KSG, KJ, LJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (GK) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, frv. (þskj. 437). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta mál á sér allverulegan aðdraganda eins og kunnugt er. Það er ljóst að sú flugstöð sem er fyrir millilandaflug og vöruafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli er gersamlega ófær um að gegna því hlutverki sínu. Þar er um að ræða gamla timburbyggingu sem margsinnis hefur verið klastrað við. Þessi bygging heldur víst varla vatni og vindum þegar á reynir og eins og kunnugt er leiddi það m. a. til vandræða í vetur. Þar urðu mjög margir farþegar að hírast í myrkri í lekri flugstöðinni í miklu óveðri. Bilanir af ýmsu tagi hafa þarna orðið og hitakerfið brast líka. Ég held því að öllum ætti að vera ljóst að þetta mannvirki er gersamlega óhæft til að gegna hlutverki sínu. Það hefur líks verið bent á að óhjákvæmilega væri mikil eldhætta í þessari stöð sem gæti leitt til stórslyss. Ekki einungis að því er varðar aðbúnað farþega heldur fyrir ýmsa aðra þætti starfseminnar er aðstaða mjög léleg, t. d. að því er varðar eldhús og að því er varðar aðstöðu verkamanna á flughlaði. Þrengsli og vandræði einkenna nálega alla þætti þess rekstrar sem þarna fer fram.

Þetta mál er ekki nýtt. Fimm ríkisstj. hafa fjallað um það án þess að framkvæmdir hafi verið ákveðnar. Unnið hefur verið að undirbúningi með margvíslegum hætti og stöðin margsinnis hönnuð og er ekki ástæða til að rekja það í smáatriðum. Hins vegar er rétt að minna á að ríkisstjórn Íslands komst á sínum tíma að þeirri niðurstöðu að Íslendingum væri torvelt að fjármagna þessa framkvæmd um langa framtíð. Þess vegna var farið fram á fjárhagslega þátttöku Bandaríkjamanna með þeim skilmálum að varnarliðið fengi gömlu stöðina til afnota, en báðir aðilar hafa mikinn hag af aðskilnaði farþegaafgreiðslu og varnarumsvifa. Það liggur fyrir að Bandaríkjastjórn er reiðubúin til að fjármagna flughlað og leggja að auki 20 millj. dollara til sjálfrar byggingarinnar, eða u. þ. b. helming áætlaðs kostnaðar, enda verði byggingin varasjúkraskýli á vellinum ef á þarf að halda.

Það þarf tæpast að minna á að flugstöðin er „anddyri" Íslands fyrir þá fjölmörgu ferðamenn sem koma hingað á ári hverju, annaðhvort til þess að heimsækja landið eða hafa hér viðdvöl meðan þeir skipta um flugvél. Þess vegna er það þjóðernislegt metnaðarmál að umhverfi og afgreiðsla sé til fulls sóma fyrir Íslendinga.

Hér er vitaskuld gengið út frá því að sú kostnaðarhlutdeild sem Bandaríkjastjórn eða varnarliðið er reiðubúið að leggja fram verði nýtt og þá um leið að mat ríkisstjórnar Íslands standi, sem áður er vitnað til, um möguleika Íslendinga til fjármögnunar. Flugstöðin verður engu að síður alíslenskt mannvirki og rekið eingöngu af Íslendingum og mun bera þann svip sem Íslendingar setja á hana.

Það frv. sem hér er mælt fyrir var flutt að meginstofni til á s. l. ári af hv. þm. Benedikt Gröndal og Geir Hallgrímssyni. Á því hafa verið gerðar lítils háttar breytingar. Hér er gert ráð fyrir því að stofna sérstakan byggingarsjóð flugstöðvar. Það ákvæði var ekki í frv. eins og það var flutt í fyrra. Þessum byggingarsjóði er sett stjórn er skipuð yrði af utanrrh. Henni er ætlað að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi sjálfstæðan fjárhag og sjóðstjórninni sé heimilt að taka lán til framkvæmdanna að fengnu samþykki utanrrh. Tekjur sjóðsins eru tíundaðar sem hundraðshluti af ýmissi starfsemi sem fer fram á flugvellinum. Mér reiknast svo til að miðað við verðlag á árinu 1981 hefðu þessar tekjur numið um 20—25 millj. kr. á ári. Ég miða við verðlag á því ári vegna þess að það liggur fyrir hverjar tekjur voru af þeim liðum sem hér eru upp taldir á þeim tíma. Sömuleiðis eru kostnaðartölur varðandi bygginguna flestar nefndar á þessu verðlagi. Sé um það að ræða að Íslendingar þurfi, miðað við verðlag á þessum tíma, að leggja 200—250 millj. kr. í þessa flugstöð mundu þær tekjur sem hér um ræðir svara til 1/10 hluta framlags þeirra. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta í þessum inngangi. Ég held að málið sé allvel upplýst.

Það hefur verið stefna þriggja stjórnmálaflokka hér á Íslandi að reisa þessa flugstöð með þeim hætti sem gert hefur verið ráð fyrir. Aðskilnaður á starfsemi hersins og farþegaflugi hefur lengi verið baráttumál a. m. k. þriggja stjórnmálaflokka hér á landi, þ. á m. flokks hæstv. utanrrh. Mér sýnist því fyllilega ástæða til að stíga það skref sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Rætt hefur verið um að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. væri ákvæði um að til framkvæmda af þessu tagi mætti ekki koma nema til kæmi samþykki allra aðilanna að ríkisstj. Mér sýnist nú vera komið upp svo mikið ósætti í ríkisstj. um margvíslegustu mál, að stjórnarsáttmálinn sé orðinn harla lítils virði, og varla hægt að gera ráð fyrir því að það sé frekar hald í þessu ákvæði en öðrum. Alþingi stendur þess vegna frammi fyrir því í þessu máli, eins og reyndar svo mörgum öðrum sem hér eru til umfjöllunar á þinginu, að taka af skarið og taka ákvarðanir úr því að ríkisstj. er í rauninni ekki lengur starfhæf. Af þessum ástæðum sýnist mér að þeir stuðningsmenn ríkisstj. sem telja að hér sé um rétta stefnu að ræða ættu að geta stutt þetta frv. Einmittt af þeim ástæðum er frv. flutt núna, til þess þá líka að flýta fyrir þessum framkvæmdum, sem ég trúi að mjög margir Íslendingar hafi áhuga á að verði sem fyrst hafnar.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er áhugamaður um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og svo er um marga aðra alþm. Rökin fyrir nauðsyn þess að ný flugstöð sé byggð á Keflavíkurflugvelli, hinum eina millilandaflugvelli, eru tvenn og hafa margoft verið rakin.

Í fyrsta lagi er flugstöðvarbyggingin, sem nú er notuð, orðin gömul, svo gömul að hennar endingartími er í raun og veru útrunninn fyrir æðilöngu síðan, þ. e. sá tími sem í öndverðu var miðað við að þessi bygging gæti staðið. Þó að reynt hafi verið að hressa upp á þessa byggingu hvað eftir annað og þó að aukið hafi verið við hana ýmsum viðbyggingum þá er það svo eins og hv. flm. minntist á, að hún er nú orðin hættuleg. Það gæti

orðið þarna eldsvoði t. d. og gætu hlotist af því alvarleg slys ef margmenni væri í byggingunni. Hún er ennfremur ákaflega óþægileg bæði fyrir farþega og fyrir starfsfólk sem vinnur í stöðinni. Þegar af þeirri ástæðu er því þörf á að byggja nýja flugstöð.

Í öðru lagi hefur það verið áhugamál Íslendinga að hægt væri að skilja að hernaðarflug, sem fer fram á þessum flugvelli, og farþegaflug. Eins og allir vita var um það samið fyrir allmörgum árum, 1974, að þessi aðskilnaður skyldi eiga sér stað. Auðsætt var að slíkur aðskilnaður gat ekki farið fram nema flugstöðin væri byggð á nokkuð öðrum stað og utan þess vallarsvæðis sem nú er um að tefla. Þess vegna var augljóst að það mundi kosta verulegt fé að gera veg og hlöð fyrir flugvélar að nýrri byggingu, leggja leiðslur og margt fleira í því sambandi.

Bandaríkjamenn tóku að sér þegar árið 1974 að annast útikostnað sem hlytist af því að flugstöðin væri flutt. Síðan var það svo árið 1978, að ég ætla, að þeir féllust auk þess á að taka þátt í kostnaði við sjálfa bygginguna, greiða allt að helmingi byggingarkostnaðarins en aldrei yfir 20 millj. dala. Að sjálfsögðu kostar þessi framkvæmd öll mikið fé. Það sem Bandaríkjamenn leggja fram varðandi það sem er utan dyra er mun hærri fjárhæð en þeir leggja til byggingarinnar sjálfrar er til kemur. Gegn því að leggja þetta fé til byggingarinnar var á það fallist að þeir fengju gömlu bygginguna. Það eru því nokkurs konar skipti sem þar koma til greina. Ég lít ekki á þennan samning sem neinn góðvildarsamning. Ég lít á þetta sem algerlega gagnkvæman samning. Það eru gagnkvæmir hagsmunir af því fyrir Íslendinga og Bandaríkjamenn að þessi skilnaður á milli farþegaflugs og þeirra hernaðarumsvifa sem þarna fara fram eigi sér stað. Þess vegna er það samkv. minni skoðun á allan hátt eðlilegt að Bandaríkjamenn taki þátt í þessum kostnaði eins og samið hefur verið um.

Bygging nýrrar flugstöðvar er mikið fyrirtæki og hún kostar mikið fé. Það voru uppi hafðar nokkrar mótbárur í öndverðu gegn þeirri byggingu sem upphaflega var hönnuð. Hún þótti of stór í sniðum og of dýr. Það var eitt af mínum fyrstu verkum sem utanrrh. að gangast fyrir nýrri hönnum á þessari byggingu með það fyrir augum að lækka kostnað við hana og minnka hana allverulega. Ég hygg að nærri láti að við þá endurhönnun hafi hún verið minnkuð um nálægt þriðjung. Samt sem áður hefur sumum þótt hún of dýr og of fyrirferðarmikil og ég hef ákveðið að láta nú fara fram endurskoðun á þeirri hönnun með það fyrir augum að reyna að draga nokkuð úr kostnaði og gera það auðveldara en ella að byggja stöðina í áföngum. Þeirri endurskoðun er enn ekki lokið, en henni verður vonandi lokið innan tíðar. Ég tel að þegar þannig hefur verið gengið frá sé nokkuð erfitt að færa þetta meira saman en þar er áætlað. Þess verður að gæta að þetta er flugstöð fyrir millilandaflug og það er ákaflega þýðingarmikið fyrir framtíð þess flugs hvernig búið er að þeim farþegum sem koma til landsins, sem millilenda hér. Ég hygg að það verði hægt að búa ákjósanlega að þeim í þeirri fyrirhuguðu byggingu þó að það verði nokkuð dregið saman og hún ekki tekin öll í notkun strax.

Það kann að vera að sumum sýnist það ekki mikið atriði hvernig flugstöð lítur út og hvaða þægindi hún hefur upp á að bjóða, þegar um er að ræða flugstöð á millilandaflugvelli. Ég hygg þó að það sé álit allra, sem til þekkja, að það hafi æðimikla þýðingu fyrir farþegaflug að sú bygging sé þannig úr garði gerð að hún laði menn að í stað þess að taka þannig á móti að þeir vilji kannske helst ekki koma aftur. Þetta er í mörgum tilfellum kannske það eina sem menn sjá af landinu, svo að þetta verður með vissum hætti andlit landsins út á við, og það er vissulega ekki sama hvernig það andlit er sem snýr að komumönnum þegar þeir koma á þennan flugvöll. Þess vegna þarf ég ekki að undirstrika það með fleiri orðum að mikil nauðsyn er á því að koma upp þessari byggingu. Og ég held nú að flestir, sem í alvöru kynna sér það mál og skoða flugstöðina sem þarna er fyrir hendi, hljóti að viðurkenna að það sé nauðsyn á því. Það hafa oft verið uppi, einkanlega á hinum síðari árum, nokkrar hrakspár um millilandaflugið. Það verður að segjast eins og er að þær hafa ekki ræst. Tölur liggja fyrir um það að þegar frá eru skilin eitt eða tvö ár hefur farþegum fjölgað. Þeim hefur fjölgað á hinum síðustu árum og það er að mínu viti engin ástæða til að ætla annað en að sú þróun geti haldið áfram, ef sæmilega er búið að farþegum, sem hingað koma, og þeir geta notið hér sambærilegrar eða svipaðrar aðstöðu og þeir njóta annars staðar og þeim er kunn.

Ég hlýt þess vegna út af fyrir sig að fagna því að þessu máli skuli vera hreyft hér á hv. Alþingi. Ég hlýt að fagna framkomnu frv. um það efni. Frv. felur í sér nýmæli að því leyti að bent er á leiðir til þess að fjármagna bygginguna. Það er um allverulegar tekjur að tefla sem gætu komið til vegna þeirra tekjupósta sem taldir eru upp í 2. gr. frv. Ég hef að vísu ekki í huga hvað flugvallargjaldið er mikið, en það er gert ráð fyrir 40% af því. Hins vegar er hagnaður af fríhöfninni, eins og menn sjá í skýrslu minni sem hefur verið dreift hér, á s. l. ári nær 40 millj. og hagnaður af Sölu varnarliðseigna, sem greiddur er í ríkissjóð, fyrir utan skatta er um 8 millj., bæði beinn hagnaður og söluskattur. Lendingargjöldin hygg ég að hafi á s. l. ári numið 9 millj. kr. og er gert ráð fyrir 50% af þeim. Síðan er það svo hagnaðarhluti ríkissjóðs af starfsemi Íslenskra aðalverktaka. Sá hagnaður getur auðvitað verið breytilegur frá ári til árs, og ég skal ekki fara með neinar tölur hér í því sambandi, en stundum hefur þar þó verið um verulegar fjárhæðir að tefla. Hér er því um liði að ræða sem vissulega munar mikið um. Og þetta eru allt liðir sem út af fyrir sig má segja að eðlilegt sé að gangi til þessa verkefnis vegna þess að þeir eru allir til komnir vegna flugvallarins og starfsemi sem þar fer fram.

Eins og er rennur þessi hagnaður allur í ríkissjóð, að svo miklu leyti sem einhverjum hluta hans hefur ekki verið varið til endurbóta á þeirri flugstöð sem fyrir er. Það má þess vegna segja að það komi kannske nokkuð í einn stað niður hvort þessir tekjustofnar eru sérstaklega markaðir til þess arna eða hvort þeir renna í ríkissjóð eins og nú er og ríkissjóður standi svo undir framkvæmdum. Það er að sjálfsögðu álitamál. Ég verð að segja það að almennt er ég heldur andvígur mörkuðum tekjustofnum og vildi heldur hafa þá færri en fleiri. En það getur staðið svo sérstaklega á að það sé réttmætt og eðlilegt að beita þeirri aðferð.

Ég tel sjálfsagt og dreg ekki í efa að n. sem fær þetta mál til meðferðar muni einmitt sérstaklega skoða þessa hlið málsins. Nú er að vísu sá hængur á, að þetta frv. er nokkuð seint fram komið, og þess vegna má búast við

að tími til athugunar og afgreiðslu þess verði tæplega fyrir hendi á þessu þingi. En þó gildir það náttúrlega sem endranær að vilji er allt sem þarf, og ef vilji er fyrir hendi þá er hægt að afgreiða þetta. En hvað um það, hér er farið inn á nýjar leiðir. Manni skilst að það muni ekki verða óralangt í næsta þing og þá er hægt að taka málið upp aftur. Og til þess er sérstök nauðsyn vegna þess að sú fjárveiting sem Bandaríkjaþing hafði veitt til þessarar framkvæmdar rann út s. l. haust. Hún fékkst framlengd, en aðeins til eins árs, til 1. okt. í haust, og með því fororði að það var beinlínis tekið fram að þess mætti ekki vænta að hún yrði framlengd ef framkvæmdir væru þá ekki hafnar. Ef menn ætla að notfæra sér það framlag sem hér er um að ræða verða framkvæmdir þess vegna að hafa byrjað fyrir 1. okt. n. k. Það er ekki tekið fram hve miklar þær framkvæmdir þurfi að vera, svo að það er í raun og veru nægilegt að verkið sé hafið, að það sjáist að byrjað sé á því og það sé alvara í því efni.

Ég vil undirstrika það sem ég hef áður sagt að ég álít þátttöku Bandaríkjamanna í byggingu þessa mannvirkis eðlilega af því að þarna er algerlega um gagnkvæma hagsmuni að ræða. Það eru hagsmunir af því fyrir Bandaríkjamenn að geta verið út af fyrir sig og það eru hagsmunir fyrir Íslendinga að farþegaflugið sé algerlega skilið frá þeim hernaðarumsvifum sem fara fram á vellinum. Keflavíkurflugvöllur er, að ég hygg, í röð bestu millilandaflugvalla og það sæmir ekki annað en að á þeim flugvelli sé flugstöðvarbygging sem landinu getur verið sómi að.

Ég þakka flm. fyrir að hafa hreyft málinu og vænti þess að n. íhugi þá leið sem þarna er bent á. Og ég ítreka að þó að málið fái ekki afgreiðslu á þessu þingi þá er náttúrlega nauðsyn að það fái afgreiðslu á því næsta.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs til að gera örstutta athugasemd. Þegar dagskrá þessa fundar var prentuð var þetta mál ekki á þeirri dagskrá. Ég hafði ekki gert ráð fyrir því að það kæmi hér á dagskrá í dag. Hér er, eins og menn vita, um mjög viðamikið mál að ræða sem á sér mjög langa sögu. Í þessu frv. er lagt til að verja margvíslegum tekjustofnum, sem hafa gengið til annarra framkvæmda, í að fjármagna taprekstur á þessari byggingu. Ég vil óska eftir því við hæstv. forseta að þessari umr. verði nú frestað og mönnum gefist tækifæri til þess að búa sig undir umr. um þetta efni eins og flm. telja sjálfsagt sæmandi, miðað við orð þeirra um stærðargráðu efnisins. Málið var ekki á prentaðri dagskrá og ég sat hér fundi í morgun, fyrst í utanrmn., síðan sameiginlegan fund fjh.- og viðskn. beggja deilda, þá fund í menntmn. þessarar hv. deildar og síðan fund í félmn. þessarar hv. deildar og loks fund fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Ég var þannig samfellt á nefndafundum á vegum þessarar hv. deildar og Sþ. frá því kl. 9 í morgun og þar til þessi fundur hófst og sá ekki fyrr en ég settist hér í sætið mitt að þessu máli hafði verið bætt við hina prentuðu dagskrá eftir að frá henni var gengið. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að þessari umr. verði nú frestað.

Forseti (Helgi Seljan): Vegna orða hv. 11. þm. Reykv. vil ég taka fram að það var verk forseta að bæta þessu máli á dagskrá. Fyrir einhvern misgáning hafði þetta mál ekki verið sett á hina prentuðu dagskrá, trúlega vegna þess að um það var talað í gær að jafnvel yrði bara um atkvgr. að ræða í báðum deildum á þessum fundum. En mér fannst skylt að taka málið á dagskrá þessa fundar og lét þar af leiðandi bæta því inn á dagskrána. Ég hef hins vegar alltaf orðið við beiðnum þm. um að fresta umr. um mál, en vænti þess þá um leið að þessi frestun nú verði ekki til þess að tefja það mjög að málið komist til nefndar. Svo illa vildi til að á fundinum í gær hafði þetta dagskrármál fallið niður einnig. Ég tek það fram að ég hafði þá sérstaklega óskað eftir því á dagskrána. Ég verð að biðja hv. flm. velvirðingar á því hvernig þar tókst til. Engu að síður hlýt ég að verða við tilmælum um frestun eins og ég hef alltaf gert hér í hv. deild en vænti þess þá um leið að það verði ekki til þess að málinu seinki um of til n.

Ég vænti þess að enginn hafi neitt við það að athuga fremur venju að umr. um dagskrármál sé frestað. Ég vænti þess fastlega að þær n. þingsins sem eru með mál sem nokkurt samkomulag er um eða er knýjandi að ná úr nefndum taki þau mál til meðferðar og vinni að þeim eftir því sem tími gefst til. Ég mun fresta þessari umr. til næsta fundar ef enginn hreyfir sérstökum andmælum. Málið er þar með tekið út af dagskrá. En ég beini þeim tilmælum til Ed.-manna að þeir verði á verði, ekki aðeins gagnvart sínum nefndarstörfum um málin heldur einnig gagnvart því að e. t. v. kynni að verða fundur í þessari hv. deild, ef Nd. skilar málum fljótt og vel frá sér, sem mér þykir að vísu í hæsta máta ósennilegt eins og sakir standa. En fundinum er nú slitið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 54. fundur.

Þriðjudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp, að vísu af litlu tilefni og vægast sagt lágkúrulegu, en tilefni sem þó því miður er með þeim hætti, að hjá því verður ekki komist að gera við athugasemd hér á hinu háa Alþingi.

Í dagblöðum að undanförnu, þeirri gulu pressu sem fjórflokkakerfið gefur út með einum eða öðrum hætti, hefur mátt lesa um það athugasemdir að hér á hinu háa Alþingi sé verið að breyta reglum um prentun þingskjala. Skýringarnar, sem upp eru gefnar í blöðunum, eru þær að þingskjöl hafi verið prentuð og send út til þegna í þessu landi. Það sem verið er að dylgja um, án þess að það sé sagt, er það að sá sem hér stendur, hv. 4. þm. Reykv., fékk prentuð 5000 eintök af páltill. um aðgreiningu framkvæmdavaldsins og löggjafarvalds og sendi þau, ýmist eftir beiðnum eða ekki eftir beiðnum til starfsmanna í fyrirtækjum eða einstaklinga. Þetta er þingskjal sem þegar liggur fyrir sett í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, en efalítið er það rétt að nokkur hundruð króna kostnaður mun vera af umframprentun af þessu tagi.

Nú er þetta mál auðvitað svo ómerkilegt og athugasemdir við það svo ómerkilegar að mér er ljóst að það er út af fyrir sig varla sæmandi þessari stofnun að vera að ræða slíkt, ef tilefnið væri ekki það, að í einu dagblaðanna er á laugardag greint frá því í forsíðufrétt

og það haft eftir skrifstofustjóra þessarar stofnunar „að það sé talað um það á forsetafundum að takmarka eintakafjölda þingskjala fyrir einstaka þm. við 500“ o. s. frv. Borið er við áhyggjum þingforseta vegna þessa.

Hér er auðvitað um að ræða venjulega lágkúrulega rógsherferð sem á sér stað. Ég rek tilefni hennar til niðurstöðu í skoðanakönnunum nú að undanförnu og þessa venjulega skjálfta sem gætir í þessu valdakerfi rétt fyrir kosningar. Og það geri ég af þeirri einföldu ástæðu að bæði sá þm. sem hér stendur og að ég hygg allmiklu fleiri — og þakka skyldi þeim — hafa auðvitað iðulega fengið þingmál, sem þeir meta að eigi erindi til fólks, prentuð í stærra upplagi til að senda út til kynningar. Ég nefni fjárlög til dæmis um það. En málið er svo ómerkilegt að furðu sætir að verið sé á forsetafundum að gera athugasemdir af þessu tagi, án þess að þeir komi sjálfir nokkurs staðar fram heldur beita þeir embættismanni fyrir sig. Ég gerði athugasemd við þetta í umr. um kjördæmamál hér í gærkvöld. Þá gall við í einum þm. í salnum, hv. 9. þm. Reykv., að ákvörðun um þetta hafi þegar verið tekin. Veit ég ekki frekari deili á því.

Þetta mál snýst í eðli sínu annars vegar um þriðja flokks rógsherferð, þar sem því er treyst að menn svari ekki fyrir sig í fjölmiðlum eða á sama vettvangi, en að hinu leytinu til snýst þetta sennilega um nokkur hundruð kr. En látum það allt vera.

Ég óskaði eftir því í morgun, svona til samanburðar, svo að menn hafi eitthvað til að byggja á, að forseti minnar deildar, hv. þm. Sverrir Hermannsson, aflaði upplýsinga um það hjá skrifstofu þingsins hvað t. d. þingveislur kosta. Ef menn eru komnir út á þær brautir að ræða hluti með lágkúrulegum hætti af þessu tagi, þá er auðvitað sjálfsagt að verða við því. Samkv. lauslegum fréttum, sem mér hafa borist í morgun, hafa slíkar veislur núna í tvö ár kostað fjórðung úr milljón kr.

Það er verið að gagnrýna það með formlegum hætti að alþm. freisti þess að hafa samband við fólk í landinu og kynna þau mál sem hann er að flytja, væntanlega vegna þess að hann óttast að þau fái ekki sanngjarna umfjöllun í fjölmiðlum. Ég vil greina hv. Alþingi frá því að ég hef kynnt annað mál, sem ég hef flutt af þessu tagi, — þá taldist ég að vísu til eins fjórflokkanna — með þessum hætti, nefnilega frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem ég hafði ástæðu til að óttast að það mál væri meira og minna afkynnt.

Hér er um slíkt mál að ræða, herra forseti, að óhjákvæmilegt er að færa það í tal, ekki vegna efnis málsins, því að það er nauðaómerkilegt, heldur vegna hins, að frá því er greint í blöðum að forsetar þessarar virðulegu stofnunar hafi áhyggjur af málinu — án þess að tala við viðkomandi þm. eða ég hygg nokkurn annan.

Ég vil í fyrsta lagi að forsetar geri grein fyrir því með formlegum hætti hver þeir telji að hafi verið kostnaðarauki Alþingis af þessu. Í öðru lagi gefi forsetar þessa virðulega húss upplýsingar um það, svona til samanburðar, hvað þingveislur kosta.

Hér upplýsti hv. 3. þm. Reykv. í umr. um flugmálastjóra að ráðherra, sem situr í flugráði, hafi sótt þar laun sín árum saman og sitji þar á fundum. Á þessu siðprúða umhverfi hér sér auðvitað ekki blett eða hrukku. En kjarninn er sá, að nú eru allt í einu taldar ástæður til að gera athugasemdir — ég kalla það hreinan róg — vegna þess að þingskjal sé prentað í nokkur þúsund eintökum og sent út til kynningar.

Ég væri auðvitað enga athugasemd að gera ef hér væri einvörðungu um að ræða þennan venjulega róg, hina gulu pressu, sem fjórflokkakerfið gefur út, því að þar er auðvitað fólk í sínum fulla rétti. En það er ekki málið. Málið er það að hér eru uppi hafðar viðbárur af forsetum þessarar virðulegu stofnunar og embættismaður látinn tala — ég segi: látinn tala í þeirra nafni.

Ég vil í fyrsta lagi fá skýringar á því, frá forseta eða hverjum öðrum sem þær getur gefið, hverju þetta sætir, hvað hafi verið ákveðið og ákveðið ekki í þessum efnum, því að sé leikreglum breytt, þá á vitaskuld að verða við því.

Ég vil í öðru lagi fá upplýst um hvaða kostnað menn eru að tala.

Ég vil í þriðja lagi til samanburðar fá upplýsingar fyrir þjóðina um hvað þingveislurnar kosta, sem þeir halda fyrir sjálfa sig á hverju einasta ári, og með hverjum hætti þeir fjármunir eru sóttir í almannavasa. Því að ef fólk vill fá að vita hvað sé veitt í þágu þess að kynna mál, þá skiptir líka máli og það vill væntanlega fá að vita hverju er eytt í þágu þess að gamna sér á kostnað almennings, úr því að menn biðja um umræðu af þessu tagi.

Ég vil vekja athygli á því að ég hóf ekki þessa umr. Það er verið að tala um forsetafundi og það er embættismaður forsetanna sem slíkar upplýsingar er að gefa. Tilefnið er sagt vera prentun í 5 000 eintökum af tilteknu þingmáli. Og ég vísa í að hv. þm. Albert Guðmundsson gerði slíkar athugasemdir um flugráð. Ég veit ekki hvað satt er eða logið í þeim efnum, en frétt þætti annars staðar a. m. k. ef sönn væri. Ég undirstrika það enn, herra forseti, að — (**Forseti:** Þetta er orðið allt of langt um þingsköp.) Þessi umr. er auðvitað dapurleg, en tilefnið er fullt að þessu leytinu til, að forsetar þingsins hafa verið að þinga hér um eitthvað sem þeir kalla vandamál. Ég krefst skýringar á því og ég krefst upplýsinga um önnur atriði, sem almannafé varðar, því að almenningur á heimtingu á slíku.

Mín skýring er auðvitað að ástæðan fyrir þessari ómerkilegu rógsherferð sé sú að kosningar eru í nánd og þeim stjórnmálasamtökum sem ég er fulltrúi fyrir, Bandalagi jafnaðarmanna, virðist hafa vegnað vel í skoðanakönnunum. Þetta er svarið, þetta hefðbundna svar kerfisins, sem ræður fyrir fjölmiðlunum einnig. En ég krefst þessara upplýsinga og krefst þess, að jafn skilmerkilega verði greint frá þeim eins og því að 5 000 eintök af tilteknu þingmáli hafi verið prentuð nú eins og raunar oft áður.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 4. þm. Reykv. hafði samband við mig í morgun og varpaði fram fsp. um í fyrsta lagi hvort — og með hvaða hætti þá — ákvörðun hefði verið tekin um prentun fjölda þingskjala, og hvaða kostnaður fylgdi því, og í öðru lagi um kostnað við þingveislu í fyrra og nú.

Ég vil upplýsa að það hefur ekki unnist tími til að afla þessara upplýsinga. En ég vil taka fram að það er misskilningur þegar því er haldið fram að forsetar Alþingis hafi tekið ákvörðun um að hámark prentaðra

þingskjala skyldi vera 500. Þetta kemur fram í dagblaði, er mér tjáð, og haft eftir skrifstofustjóra vorum. Umræða var hjá forsetum um hvort takmarka skyldi í framtíðinni eintakafjölda, en talið ófært að gera það nema með góðum fyrirvara, eins og til að mynda þá í upphafi þings. Þetta er um það mál að segja, þannig að það hefur verið afflutt óviljandi í þessu dagblaði. Ákvörðun hefur sem sé ekki verið tekin um þetta.

Um kostnað við þingveislurnar er það að segja að skrifstofustjóri er að taka það saman. Sér í lagi vantar ennþá upplýsingar um hina síðari. En ég held að hv. þm. búi þá tölu til sjálfur þar sem hann nefnir einhvern fjórðung úr milljón, sem hétu 250 þús. þegar ég lærði stærðfræði, en ég vil ekkert um það fullyrða á þessu stigi málsins. Hv. 5. þm. Vestf. hafði kvatt sér hljóðs um þingsköp. Ég vek athygli á að hv. 4. þm. Reykv. lá á að fá að gera þessar athugasemdir og ég hafði fallist á það. En langar tölur á þessa vísu eiga alls ekki heima undir umr. um þingsköp. Við erum komnir yfir í formið utandagskrárumræður þegar svo er komið. En skrifari vor mun áreiðanlega verða stuttorður.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp vegna þess að það sætir undrun að deildafundir séu á þessum tíma og leiðir hugann að því hvort starfslaust sé orðið í Sþ. Ég renni hér yfir 23 mál, sem liggja þar fyrir á dagskrá, og sakna þess þó að þar er eitt mál ekki sem ég hefði talið að hæstv. forseti deildarinnar hefði þó haft fullan hug á að kæmi til umr. og atkvgr.

Atvmn. Alþingis hefur lagt fram till. um það hvernig skuli staðið að viðræðum við Alusuisse um hækkun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins o. fl. Og það sækir á mann sú hugsun hvort forseti sé með í ráðum um að koma í veg fyrir að þetta mál komi til atkvgr. hér í þinginu. Það vekur í það minnsta undrun ef svo hart er gengið fram með deildafundi að Sþ. er rutt til hliðar, þó að þar liggi miklu fleiri mál fyrir á dagskrá og einnig samkv. þskj. miklu yngri mál. Nú er það vitað, að þetta mál nýtur mikils fylgis hér í þinginu og brýn nauðsyn að sem fyrst verði farið í samningaviðræður, svo að sá ósómi verði stöðvaður að Landsvirkjun fái að hella að vild yfir almenningsveitur þessa lands hækkunum á raforku, eins og gerst hefur í stjórnartíð iðnrh. þegar orðið hefur um 800% hækkun frá Landsvirkjun.

Ég vil eindregið inna herra forseta eftir því hvort hann sé ósammála því sem 4. þm. Austurl. lagði svo ríka áherslu á í atvmn., að þetta mál fengi afgreiðslu hér í þinginu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég minni á það vegna þessara orða, að í síðustu viku tók forseti deildarinnar fram að hv. þdm. yrðu að vera við því búnir að mjög raskaðist allt fundahald umfram það sem venja er til. Meira að segja held ég að ég hafi orðað það svo, að menn yrðu að vera viðbúnir því að mæta hér til funda á nóttu sem degi.

Ég vek athygli á því, enda þótt kosning nefndar til viðræðu um álmál sé hið mikilvægasta mál, og ég er bæði forseti, áhugamaður þar um og sammála 4. þm. Austurl. um afstöðu hans til þess máls í n. á sínum tíma, og hv. 5. þm. Vestf. hlýtur að hafa veitt því athygli, að fyrsta mál á dagskrá þessa fundar heitir Stjórnarskipunarlög, og að öðru jöfnu álítur forseti að þau eigi að ganga fyrir öllum öðrum málum og er þar ekkert undanskilið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil ekki sem þm. sitja undir þeim ásökunum frá hv. 4. þm. Reykv. að ég eða aðrir hv. þm. séu einhverjir sakamenn, þótt Alþingi hafi um tugi ára, lengur en elstu menn á Alþingi muna geri ég ráð fyrir, haldið árshátíð sína, að það sé saknæmt. Ég mótmæli þessu. Ég mótmæli jafnframt því, sem kom fram í orðum hans, að Alþingi væri að halda fleiri en eina veislu á hverju ári fyrir þm. Þetta er ekki rétt. Það er haldin ein árshátíð. Það sem mér hefur skilist á þeirri umr. sem hér hefur verið í frammi höfð frá þessum hv. þm. og reyndar á dagblöðum líka, er að þm. sendir flokksmönnum í sínum nýja flokki 5 000 bréf. Ég fæ ekki séð annað en lauslega áætlað nemi kostnaður þessarar sendingar á að giska launum tveggja verkamanna í heilan mánuð. Ef allir þm. notfærðu sér þetta og tekin væri viðmiðun af kostnaði, sem hann bar hér upp að væri við hverja þingveislu, þá gætum við haldið fimm þingveislur fyrir þá upphæð sem það kostaði ef allir þm. notuðu sér þessi vildarkjör hins nýja flokks.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram að í ljós hefur komið mikill áhugi hjá dm. í hv. Ed. að komast að í umr. um þetta mál. Og þar sem þetta er svona mikið til hliðar við þingsköp eins og menn sjá og enn þess að geta, að upplýsingar verða væntanlega komnar í dag, fyrir fund sem yrði til að mynda í Sþ. á morgun, vildi ég spyrja hvort hv. þdm. gætu ekki hugsað sér að efni þessarar umr. verði geymt þar til fundur yrði haldinn í Sþ. á morgun.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika rækilega að ég hef aldrei notað orðbragð eins og „saknæmt athæfi“ eða nokkurn skapaðan hlut slíkan. Það eru ósannindi og rangindi hjá hv. síðasta ræðumanni að halda slíku fram. Hitt hef ég sagt, að hér er um að ræða kostnað af almannafé eins og hvern annan kostnað. Og ég er að bera hönd fyrir höfuð í þeim efnum, að það geti með nokkrum hætti verið athugavert að hv. alþm., hverjir sem þeir eru, kynni fólkinu í landinu þau störf sem hér fara fram með útsendingu gagna, en að því hefur verið fundið. Það er það sem er kjarni málsins.

Það stóryrðaglamur sem hv. síðasti ræðumaður notaði voru hans orð og ekki mín. Kjarni málsins er sá, að allar þær tölur sem hann nefnir eru rangar og út í hött. En um slíkt getum við fengið upplýsingar, að það hafa engar reglur verið um þessa hluti, það er mér er vitanlegt. En orð af þessu tagi, að um slíkt athæfi hafi verið að ræða, það voru ekki mín orð. En ef talið er, sem auðvitað er bæði satt og rétt, að allur almenningur eigi að fá allar slíkar upplýsingar, þá á hann líka að fá allar upplýsingar í smáu og stóru, og fyrir því er ég talsmaður, bæði um þær veislur sem hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur áhuga á og þá útsendingu gagna sem ég hef áhuga á.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessar umr. og ekki að ræða um rógsherferð á hendur einum eða neinum, þótt mér þyki sumir vart hafa efni á því að tala um rógsherferðir annarra á

hendur sér, ef sagan er skoðuð.

Mér er ljóst og las það í blöðum, að hv. þm. hefur verið kallaður póstmeistari Alþingis. Ég las ekki þessa grein, en taldi þarna vera enn eina hólgreinina í þessum þætti um hv. þm. Svo virðist þó ekki hafa verið, a. m. k. ekki að áliti hv. þm. Hann fékk hér úrskurð forseta um það að engar reglur væru gildandi um það sem hér var til umr., hve mörg eintök mætti prenta og senda út.

Ég vil bara upplýsa það hér og nú að ég hef reynt þetta sjálfur. Fyrir hönd þingflokksins þurfti ég að senda út nál. og ég spurðist fyrir um það eftir jólin — og ég tek það skýrt fram að þessar sögur um hv. þm. Vilmund Gylfason eru ekki frá mér komnar, ég hef ekki hugmynd um hvað hann hefur sent út í mörgum eintökum — en ég fékk það svar upp úr jólum að nýjar reglur hefðu verið settar vegna fenginnar reynslu, og að ekki mætti prenta nema 500 eintök, sem þingflokkurinn fengi til útsendingar. Þarna var um tvö nál. að ræða og mjög mikilvægt fyrir okkur að koma þeim út til nokkurra af okkar kjósendum. Ég fer því fram á það, herra forseti, að hér gildi jafnræði gagnvart öllum flokkum, þannig að einn flokkur, Bandalag jafnaðarmanna, sem ekki á fulltrúa á þingi kosinn í sínu nafni heldur hefur stolið þm. úr röðum Alþfl. og reytt bestu fjaðrirnar úr þeim flokki má segja, skuli ekki njóta forréttinda í þessum efnum og fá að senda út í — ja, ég veit ekki hve stóru upplagi, ég hef ekki hugmynd um það — en stærsti þingflokkurinn aðeins 500 eintök til útsendingar. Hér þarf að koma jafnræði á.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og ég sagði eru ekki um þetta fastákveðnar reglur. Þetta byggist á einhverri oftúlkun og e. t. v. misskilningi, en hann er hér með leiðréttur og nýtur enginn, hvorki formlegir flokkar né verðandi flokkar, neinnar sérstöðu.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 367, n. 485, 409, 469, 486, 494, 496, 497, 498, 499). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 498, 1 tekin aftur til 3. umr.

— 494, a felld með 29:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: VG, IGuðn, JS, JBH.

nei: MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PS, RA, SighB, SkÁ, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FrS, GS, GeirH, GGÞ, HÁ, HBl, HG, IGísl, JE, JÞ. SvH.

KP, PJ, SV, ÁG, FÞ, GHelg greiddu ekki atkv.

Einn þm. (GJG) fjarstaddur.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til stjórnarskipunarlaga felur í sér þrjú efnisatriði sem eru misjafnlega sannfærandi og aðkallandi. Það athyglisverðasta við frv. er að um það hafa forustumenn fjögurra stjórnmálaflokka náð samkomulagi. Það samkomulag vekur þó engan fögnuð, a. m. k. enn sem komið er, raunar miklu heldur tómlæti, en einnig andstöðu.

Í pokahorninu eru drög að frv. til l.um breytingar á kosningalögum, sem birt er sem fskj. með frv. Þremur meginmarkmiðum var ætlað að ná með þessari lagasmíð. Ég lýsi fylgi við fyrsta atriðið, um jöfnun á milli flokka, og get sætt mig við þá auknu jöfnun á milli kjördæma sem þessar fyrirætlanir greina. Ég hef þó ekki sannfærst um nauðsyn þess að fjölga þm. í þessu skyni og í kosningalagafrv. eru settar fram útreikningsreglur, sem eru flóknar og fráhrindandi fyrir kjósendur í hinum minni kjördæmum, þannig að þeir eiga enn erfiðara með en fyrr að ráða í hvaða fylgi þurfi til að tryggja tilteknum frambjóðanda það að hann nái kjöri sem 5. þm. kjördæmisins. Engar tillögur eru sýnilegar í þessum gögnum um hvernig þriðja meginmarkmiðinu skuli náð, um aukið valfrelsi kjósenda, persónukjör. Því markmiði vil ég ekki kasta fyrir róða. Að samanlögðu hlýt ég, sem væntanlega flestir þm. aðrir, að hafa algeran fyrirvara um afstöðu til fylgigagna þessa máls, en mun ekki leggja stein í götu samkomulags flokksformanna um þetta stjórnlagafrv. og greiði því ekki atkv. um 1. gr. þess né brtt. við hana. Ég greiði ekki atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Um þetta mál hefur verið ítarlega fjallað í Alþfl., bæði á flokksþingi Alþfl., sem haldið var á s. l. hausti, og í flokksstjórn Alþfl. og þingflokki. Sú stefna, sem þar er mörkuð og er stefna Alþfl., er fólgin í stuðningi við það samkomulag, sem forustumenn flokkanna hafa gert, þ. á m. formaður Alþfl. Sú er stefna Alþfl. og henni mun ég að sjálfsögðu fylgja. Hins vegar hafa þm. Alþfl. að sjálfsögðu eins og þm. allra flokka frjálsar hendur til þess að flytja eða fylgja brtt. Ég segi nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. landbrh., Pálma Jónssyni, að það merkilegasta við þetta mál er auðvitað það, að flokkarnir fjórir skuli hafa komist að samkomulagi, þrátt fyrir og á skjön við hina staðreyndina, að það er megn andstaða við þetta um landið vítt og breitt. Við höfum mörg gert athugasemdir ekki aðeins við efnisatriði þessa máls, heldur við aðferðina sem er notuð við að koma því hér í gegn. Þegar tveir hv. þm. flytja nú um það brtt. að þm. verði áfram 60, þá er verið að breyta einvörðungu öðru af tveimur efnisatriðum þessa máls, um fjölgun þm. Þetta frv. er ekki um neitt annað en fjölgun þm. Það er óuppgert hvernig þessum aukna fjölda eigi að skipta á milli kjördæma. Að þessu leytinu til er auðvitað hér um að ræða till. þar sem úrvinnslan öll er eftir. Þó ekki væri nema þegar af þeirri ástæðu einni, þá segi ég já.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Frá upphafi hef ég varað við því að kjördæmamálið yrði slitið úr samhengi við stjórnarskrármálið. Þetta kom fram við 1. umr. um það frv. sem hér er verið að greiða atkv. um. Ég vara ennþá við þessu og tek ekki þátt í þessari atkvgr. Ég greiði ekki atkv.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Vonir, sem hnigu í þá átt að takast mætti að vinna af alefli að hjöðnun verðbólgu á undanförnum mánuðum og fjalla um stjórnarskrármálið í heild, hafa brugðist. Í stað þess hafa forustumenn stjórnmálaflokka og þingflokka einangrað hið svokallaða kjördæmamál og unnið öllum stundum að hagstæðri lausn þess að eigin dómi. Nú virðist hafa náðst allvíðtækt samkomulag sem gerir

ráð fyrir fjölgun þm. um þrjá og nýstárlegum og framandi útreikningsaðferðum. Þó hefur verið bent á að ná mætti sama eða svipuðum árangri til jöfnunar með einfaldri breytingu án fjölgunar þm.

Brýnasta verkefni nú er að takast á við efnahagsvandann. Þar má engan tíma missa. En það er jafnan ánægjulegt þegar víðtækt samkomulag næst um kosningareglur og sættir takast. Skal því ekki reynt að bregða fæti fyrir þá lausn sem nú er fyrirhuguð. Ég greiði ekki atkv.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Með vísan til þess, að sýnt hefur verið fram á, m. a. í skýrslu stjórnarskrárnefndar um kjördæmamálið, að unnt er að ná sambærilegri leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar og reyndar ívið betri en í þessu felst án fjölgunar þm., segi ég já.

Brtt. 494,b felld með 30:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JBH.

nei: HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PS, RA, SighB, SkA, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FrS, GS, GeirH, GGÞ, HÁ, SvH.

KP, PJ, SV, VG, ÁG, FÞ, GHelg greiddu ekki atkv.

1 þm. (GJG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. M. a. með vísan til þess, að í till. flm. sem hér liggja fyrir, till. formanna stjórnmálaflokkanna, var upphaflega ráð fyrir því gert, að ákvæði um úthlutun þingsæta yrðu í kosningalögum, þá eru það viðbótarrök fyrir þeirri till. sem hér liggur fyrir um að núverandi misvægi atkvæðisréttar verði ekki bundið með varanlegum hætti í stjórnarskrá. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 494,c felld með 31:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JBH.

nei: AS, BÍG, EH, FrS, GS, GeirH, GGÞ, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PS, RA, SighB, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, SvH.

ÁG, FÞ, KP, PJ, VG greiddu ekki atkv.

2 þm. (GJG, GHelg) fjarstaddir.

Brtt. 498,2 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 29:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, FrS, GS, GeirH, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGísl, JE, JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, ÞS, RA, SighB, SkA, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, SvH.

nei: EH, IGuðn, JBH, KP, ÓÞÞ, VG.

FÞ, PJ, SV, ÁG greiddu ekki atkv.

1 þm. (GJG) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert Haukdal: Herra forseti. Í þessu frv. felst leiðrétting á vægi atkv., sem ég út af fyrir sig er samþykkur. En ef þessi stjórnlagabreyting er skoðuð í samhengi við drög að frv. til breytinga á kosningalögum, sem með fylgir, þá leiðir hún til þess að jöfnun milli flokka fer fram á kostnað kosningaúrslita í einstökum kjördæmum. Þannig kemur vilji kjósenda ekki fram sem skyldi. Auk þess eru reglurnar um úthlutun jöfnunarsæta óaðgengilegar og flóknar hinum almenna kjósanda. Ég segi nei.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að landsmenn allir, hvar svo sem þeir eru búsettir og hvaða stjórnmálaskoðanir sem þeir hafa, eigi að hafa jafnan atkvæðisrétt. Mér er hins vegar ljóst að nú verður ekki nær því takmarki komist en frv. til stjórnarskipunarlaga á þskj. 367 gerir ráð fyrir. Ég segi því já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er andvígur því að slíta í sundur afgreiðslu á stjórnarskránni sem heild og skipulagi kjördæmamálsins. Ég mun ekki taka þátt í atkvgr. um aðrar greinar sem hér eru, en greiði atkv. gegn þessu frv. og segi nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Till. sú sem hér er verið að greiða atkv. um er ekki síst til þess að tryggja hagsmuni dreifbýlisins. Ég varð ekki var við neina aðra till. sem gæti tryggt það betur en sú till. sem hér er til afgreiðslu. A. m. k. hefur hún ekki komið fram hér í hv. deild. Ég segi já.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þegar fylgismönnum fjórflokkanna fer augljóslega fækkandi, þá grípa þeir til þess ráðs að fjölga þm. Þessi grein frv. er, eins og enn skal verða sagt, aðeins um það eitt að fjölga þm. um þrjá og reyna að halda því að þjóðinni að hér sé verið að leysa það sem lýst hefur verið sem vandamáli árum saman, þ. e. stjórnarskrárvandann. Þessi lausn er verri en engin. Ég segi nei.

Brtt. 486 (ný 2. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BIG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, JBH, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RA, SighB, SkA, StH, SteinG, SvG, VG, ÞS, AG, AS, SvH.

ÁG, KP, ÓÞÞ, SV greiddu ekki atkv.

2 þm. (GJG, JS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Með þeirri brtt. sem hér liggur fyrir er verið að slaka á kröfu stjórnarskrár um lögheimili og gefa almenna löggjafanum kost á að endurskoða þær reglur sem gilt hafa um það efni alllengi, þannig að þær geti verið þjálari í framkvæmd en verið hefur. Vegna þess að ég verð var við að margir hafa misskilið till. og halda að hún snúi á hinn veginn, að verið sé að gera skilyrðin strangari, vildi ég að þetta kæmi hér fram við atkvgr. Það er verið að losa um og ég tel að það sé eindregið til bóta að gera það og segi því já.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 409 felld með 25:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IGísl, JE, JS, JBH, MHM, StH, VG, GGÞ.

nei: HG, JÞ, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, SighB, SkA, SteinG, SvG, AG, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GHelg, HBl, SvH.

IGuðn, KP, SV, ÁG greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÞS, GJG, HÁ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Með þessari brtt. fá íbúar tveggja kjördæma á Íslandi neitunarvald í stjórnarskrármálum. Ég tel það óeðlilegt og segi því nei.

Brtt. 496 tekin aftur til 3. umr.
— 499 tekin aftur til 3. umr.
— 497 tekin aftur til 3. umr.
— 469 tekin aftur til 3. umr.
4. gr. samþ. með 27:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkA, StH, SteinG, SvG, AG, AS, BÍG, FÞ, FrS, GS, GeirH, GGÞ, HBl, HG, IGísl, JE, JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PS, RA, SighB, SvH.
nei: VG, EH, IGuðn, JBH, KP.
SV, ÁG, GHelg, ÓÞÞ, PJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÞS, GJG, HÁ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Það er rétt, herra forseti, að við það sé gerð aths., þegar greidd eru atkv. um þessa gr., að við hana og aftan við hana hafa verið rædd furðuleg ákvæði til bráðabirgða, nefnilega um það að aftan við þetta frv. væri hnýtt ákvæðum um tvennar kosningar. Nú veit enginn á þessu stigi málsins hvort slíku ákvæði á enn eftir að bæta við. Um það mun vera ágreiningur milli flokka kerfisins. En þetta skiptir auðvitað máli í sambandi við gildistökuna alla. Einnig af þessum ástæðum og vegna almennrar andstöðu við þetta lagafrv. í heild sinni, þá segi ég nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef áður lýst því yfir að ég harmaði það mjög að kjördæmamálið skyldi slitið úr samhengi við mikilvæg stjórnarskrármál, mannréttindamál og jafnréttismál af öllu tagi. Ég harmaði það jafnframt og óttaðist að ef kjördæmamálið yrði tekið út fyrir þann ramma sem okkur var ætlað að fjalla um, þ. e. breytingar á stjórnarskránni, þá mundi það hafa það í för með sér að stjórnarskrárbreytingar, sem eru þessari þjóð lífsnauðsynlegar, mundu sitja á hakanum í 8—12 ár n. k. og ekkert í þeim gert. Þess vegna tók ég þá ákvörðun að koma ekki nálægt afgreiðslu þessa máls. Ég greiði ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 5, n. 443). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 6, n. 445). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 7, n. 444). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Landsbanki Íslands, frv. (þskj. 8, n. 446). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 487). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Launasjóður íslenskra rithöfunda, frv. (þskj. 488). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Þriðjudaginn 8. mars, að loknum 54. fundi.

Um þingsköp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þetta skulu verða aths. um þingsköp. Hér erum við að tala um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, ekki venjulegt lagafrv., ekki ályktun Alþingis, ekki ályktun félagasamtaka. Við erum að fjalla um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins. Við erum að tala um háttu, eðli og starf Alþingis. Inn í það fléttast auðvitað hversu margir þm. eigi að vera og hvaða verk þeir eigi að vinna.

Við þetta frv. hafa verið fluttar fjölmargar brtt. Meginþorri þeirra hefur verið dreginn til baka til 3. umr., til þeirrar umr. sem forseti er nú að leggja til að fari fram á þessum fundi. Auk þess hafa verið boðaðar aðrar brtt. um breytingar sem ganga til tölu-vert annarrar áttar. Menn geta auðvitað ekki séð, fyrr en niðurstöður úr atkvgr. við 2. umr. þessa máls liggja fyrir, hvernig þeirri 3. muni með skynsamlegum hætti af reiða. Menn gætu þurft að breyta og bæta eða *endurflytja þær brtt.*, sem um er að ræða og ekki eru teknar hráar úr 2. umr., heldur bætast við.

Það er því, herra forseti, frá bæjardyrum Alþingis séð gersamlega óviðunandi að gerð sé tilraun til að þvinga fram 3. umr. þessa máls með því sem ég kalla þingleg bolabrögð. Það er engin ástæða til annars en þess, að 3. umr. fari fram á morgun með eðlilegum hætti og ekki sé verið að leita afbrigða frá þingsköpum til þess, vegna þess að hér erum við að tala um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins og breytingar á henni. Ég, herra forseti, er því þeirrar skoðunar, og ég treysti því að aðrir hv. þm., hvort sem þeir eru meðmæltir eða mótmæltir þessari fjölgun, hvort sem þeir styðja önnur mál, sem verið er að leggja til, taki undir slíkar kröfur, að það sé gersamlega óeðlilegt, þegar verið er að breyta sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins, að gera það með afbrigðum frá þingsköpum.

Herra forseti. Ég set fram óskir og ég geri beinlínis kröfur um það, að 3. umr. þessa máls fari fram á morgun. Ég lýsti því á næturfundi í nótt, að til stendur að flytja brtt. við 3. umr. til viðbótar við þær sem þegar hafa verið fluttar. Það er auðvitað ekki hægt að ganga frá þeim endanlega fyrr en niðurstaða úr atkvgr. við 2. umr. kemur í ljós. Þær eru ekki tilbúnar og þetta er gersamlega óeðlilegt. Ég vil fá að kynna brtt. fyrir öðrum hv. þm. Það er því eðlilegt að 3. umr. um þetta mál fari fram á morgun, einnig vegna þess að hér er um stjórnarskrána að ræða, en ekki venjuleg lög — verk sem lengi skulu standa ef vel hefur verið til vandað.

Af þeirri ástæðu, herra forseti, og hér er um mjög veigamikið prinsipmál að ræða þegar hv. Nd. Alþingis er að breyta stjórnarskrá lýðveldisins, þá fái menn þann lágmarkstíma sem nauðsynlegur er. Ég set því fram þá ósk og geri þá kröfu, að þessari umr. verði lokið svo sem venjulegt er, það sé ekki verið að þröngva henni fram með bolabrögðum eða með afbrigðum, heldur fari hún fram á morgun, og ég treysti því að einhverjir aðrir hv. þm., jafnvel þó þeir taki þátt í þessum leik fjórflokkakerfisins um fjölgun þm., taki undir þetta, því að við hinir, jafnvel þó að við séum í minni hl., eigum líka okkar rétt í þessu húsi.

Herra forseti. Það er því ósk mín og það er krafa mín að 3. umr. þessa máls verði frestað til morguns.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef ekki gert mikið af því að taka undir aths. um þingsköp. En hver sá sem hugleiðir þetta mál má gera sér grein fyrir því, að tilmæli þau sem hér eru fram komin eru réttmæt og mér er til efs að nokkrum þingflokksformanni, sem hefði borið fram slíka ósk, hefði verið neitað. Ég tel því að forseti þurfi að hugsa sig mjög vel um áður en hann tekur ákvörðun um að sigla fyrir fullum seglum undan þrýstingi þeirra sem vilja fyrst og fremst að málið fari í gegn með sem minnstri umfjöllun.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram að það sneiðist nú um starfstíma hins háa Alþingis, en við munum gefa okkur góðan tíma til 3. umr. og ekki verður knúið á umfram það sem eðlilegt getur talist. Hér er ekki verið að þvinga einn eða neinn eða fara fram með neinu offorsi. En ég skýt því til deildarinnar hvort hún vill veita afbrigði fyrir því að málið megi koma fyrir til umr. Það eru þegar komnir hv. þdm. á mælendaskrá og fyrstur er þar hv. 1. þm. Vestf.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Afgreiðsla þessa máls er alveg óviðunandi. Það hafa komið fram efnislegar röksemdir fyrir því m. a. að menn þurfa að endurflytja brtt. Menn kunna að þurfa að endursemja þær, menn kunna að þurfa að flytja nýjar brtt. í ljósi þeirra úrslita málsins sem hér liggja fyrir.

Ég vildi, herra forseti, áður en afbrigða er leitað, hvetja til þess að formenn þingflokka, t. d. formaður stærsta þingflokksins, hv. þm. Ólafur G. Einarsson, sé hann stuðningsmaður þess að hér eigi að riðlast og bolast áfram með þeim hætti sem hér er verið að gera, geri þinginu grein fyrir hvers vegna ekki má bíða til morguns. Við erum að tala um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins og ég óska eftir því að talsmenn þingflokka, hverjir sem þeir eru, það er ekki svo mikill munur á svo sem, segi þinginu ástæðu sína fyrir því að hér á að fara að riðlast áfram með afbrigðum þegar verið er að fjalla um sjálfa stjórnarskrána. Menn hljóta að hafa einhverjar röksemdir fyrir því.

Ég hef verið að skýra mín rök fyrir því að ég vil bíða til morguns með afgreiðslu á þessu máli og heyri eitthvað undir umr. um þingsköp er það væntanlega þetta. Ég vil fá að heyra rök, en ekki að forseti níðist áfram í rökleysu eins og hér er verið að gera. Hver eru rökin fyrir því að halda áfram með þessum hætti, þegar við erum að tala um sjálfa stjórnarskrána, breytingar við hana, samþykktar eða felldar eftir atvikum?

Ég vildi kalla á og knýja á um að t. d. hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. og formenn annarra þingflokka, sem hér eru, segi þinginu og þjóðinni af hverju skuli hafa þennan hraða, af hverju þennan flýti. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Vestf., herra forseti, að áður hefur verið orðið við slíkum óskum. Menn segja að hér eigi að fara að rjúfa þing innan tíðar. En við erum að tala um sjálfa stjórnarskrána. Við erum að tala um stjórnarskrána. Einn eða tveir dagar geta ekki verið svo mikils virði af eða frá að menn geti hastað vinnu við sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins. Því set ég, herra forseti, fram þessa kröfu og ég krefst þess, að áður en til afbrigða kemur geri þeir hraðamenn í þessum efnum þinginu grein fyrir hvers vegna þeir og þeirra flokkar heimta þennan hraða á afgreiðslu þessa máls um sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins. Einhverjar röksemdir hljóta að vera fyrir því.

Eg segi ennfremur, herra forseti, að oft vil ég fallast á að umr. um þingsköp fari út fyrir leyfileg mörk, en umr. um með hverjum hætti skuli bolast áfram með mál af þessu tagi falla svo sannarlega undir þennan ramma og eiga þær umr. að vara svo lengi sem hv. alþm. kjósa.

Ég sé að hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur beðið um orðið. Í þessum efnum verða menn að hafa skoðun og taka afstöðu. Þetta eru mínar ástæður. Bæði verða endurfluttar, endursamdar og fluttar nýjar brtt. við 3. umr. málsins og ég vil hafa þann tíma sem ber. Ég þarf að ráðfæra mig við þá sem mér ráðleggja í slíkum

efnum. Það gera menn ekki á hlaupum. Þetta er óhófleg beiting valds — ég nota ekki sterkara orð — sem hér á að fara fram. Við getum vel beðið til morguns. Ég set fram ósk og geri kröfu um að með þeim hætti verði staðið að þessu máli, nema ég verði sannfærður með öðrum rökum. Við skulum þá hlýða á þau.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins taka það fram, að það hefur engin ákvörðun verið tekin um hvenær 3. umr. verði lokið. Það er alveg ný jafnaðarmennska ef meiri hl. í hv. deild má ekki ákveða hvort málið er tekið á dagskrá eða ekki.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég tel það eðlileg viðbrögð hjá hæstv. forseta að hann vísi því til deildarinnar hvort þetta mál verði tekið á dagskrá með afbrigðum. Ég vil láta þess getið, sem er mín skoðun, að það séu hin eðlilegu viðbrögð forsetans. Ef það skiptir hv. þm. Vilmund Gylfason einhverju máli hver er mín persónuleg skoðun á þessu get ég sagt hana. Ég sé enga ástæðu til þess að bíða til morguns með 3. umr. Við 2. umr. var aðeins ein brtt. samþykkt, tvær voru felldar. Hv. þm. Vilmundur Gylfason dró allar sínar tillögur til baka til 3. umr., þannig að ég get ekki séð að hann þurfi mikinn tíma til að endursemja sínar. (**VG:** Ég boðaði nýjar í gærkvöld.) Já, boðaðir nýjar. Jú, ég vissi af því að þm. boðaði nýjar. Ég sé ekki hverju hafa breytt hjá honum úrslit þessa máls við 2. umr. En hann getur sjálfsagt skýrt það betur. En ætli hann geri það þá ekki við 3. umr. málsins. Þetta er sem sagt mín skoðun, ef hún skiptir hv. þm. einhverju máli. En mér sýnist að hæstv. forseti hafi brugðist eðlilega við og leitað til þd. um afgreiðslu málsins.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 521 (sbr. 367)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hefði gjarnan kosið að koma aths. mínum eða orðum um þetta frv. fram við 2. umr. málsins, en af sérstökum óviðráðanlegum ástæðum fékk ég ekki við það ráðið.

Ég vil taka það fram, að ástæðan fyrir því að ég ljæ þessu máli fylgi mitt er sú, að hér hefur tekist um málið víðtækt samkomulag og að ekki verður séð að málið ráðist með farsælli hætti til lykta en orðið er. Þetta er ávinningur, en að vísu hefði ég kosið að málið hefði verið öðruvísi úr garði gert í ýmsum atriðum, og einkum og sér í lagi hefði ég kosið að ýmsar fleiri breytingar hefðu náð þar fram að ganga um leið. Ég vil taka það fram, að fjöldi þingmanna, sem menn hafa gert að miklu máli og jafnvel að höfuðatriði, skiptir að mínum dómi ekki máli, enda þótt við hefðum brugðið á það ráð að hafa þá 66 eða 67, eins og menn ræddu sín í milli um hríð.

Það hefur sýnt sig, þegar breytingar á þessu hafa verið gerðar, að ráðning þessarar gátu hefur ekki tekist nema með því að fjölga þm. Fyrir því er það, að mér sýndist löngum að það gæti orðið til að liðka mjög fyrir um framgang málsins að þm.—fjöldinn hefði verið ákveðinn hærri en raun ber vitni um, eins og til að mynda 67. Og það er einkennilegt og dapurlegt til þess að vita að mér virtist sem ýmsir utanaðkomandi aðilar hefðu þar gagngerð áhrif á þingheim.

Þá er þess enn að geta, að ég hafði mikinn áhuga á að hæstv. forsrh. hverju sinni og hver sem hann er yrði sviptur þingrofsrétti. Ég hef sérstakan áhuga á að það skipulag komist á, sem ríkir í Noregi, að þjóðin velji sér löggjafarsamkundu til fjögurra ára og hún verði ekki leyst upp. Því er það, að þm. verða að fá þjóð sinni stjórn í fjögur ár og enginn þingrofsréttur getur verið verslunarvara frá mánuði til mánaðar, eins og staðreyndir hafa blasað við okkur að hefur verið í þessu veslings landi. Ég er sannfærður til að mynda um það, að sú áhrifalausa og valdalausa stjórn sem stritað hefur við að sitja síðan löngu í fyrra, á árinu 1981, en hefur nú misst öll völd, hefði hlotið að fara frá og önnur stjórn verið mynduð ef þetta hefði gilt, ef menn hefðu ekki haft eitthvað í rassvasanum sem hét að versla með það sem kallað er þingrofsréttur, að vísu þverbrotin ákvæði stjórnarskrárinnar varðandi þennan þingrofsrétt, sem kveður svo á um að forsrh. skuli fara með hann, en þetta er eitt af undirbúningsatriðunum þegar að því kemur að hrúga upp stjórn, eins og það fór nú þokkalega úr hendi hér um árið.

Þá hefði ég enn áhuga á því að ekki þyrfti aukinn meiri hl. til þess að stjórn hverju sinni næði fram málum sínum á hinu háa Alþingi. Ég er talsmaður deildaskiptingar, ég er talsmaður málfrelsis, sem kemur því máli beinlínis við, þar sem tvær deildir geta starfað í einu og mundi verða miklu þyngra í vöfum ef hið háa Alþingi yrði gert að einni málstofu. En ég vil eyða þessum órétti, sem kallaður verður, að eina atkvæðið sé ekki nægjanlegt til að ná fram máli. Þá á ég við það, að ef þrautreynt er á milli deilda að málið náist ekki fram, þar sem stendur þann veg á til að mynda, eins og í Nd. nú, að þar er hægt að stöðva framgang mála, enda þótt 31 þm. styðji eða hafi átt að heita svo að styðji hæstv. ríkisstj., þá væri hægt að stefna þeim málum til lokaafgreiðslu fyrir Sþ. Ég er maður þingræðisins og lýðræðisins þar sem eina atkvæðið ræður úrslitum. Þessi eins atkv. munur er undirstaða og hornsteinn þingræðis og lýðræðis, að eftir því sé farið. Ég tala nú ekki um þegar þingræðis- og lýðræðiskenndin er orðin svo sterk að mönnum finnst kannske að 3—4 atkv. eigi að ráða yfir 18. Það er ekki langt síðan það reið yfir okkur í Sjálfstfl. En ekki náðist þetta fram. Satt best að segja verð ég að lýsa yfir óánægju minni með hversu menn voru tjóðraðir við tölvuna, en skeyttu lítið um ýmis mikilvæg atriði sem ástæða hefði verið að huga sérstaklega að. En ég mun vinna að framgangi þessara mála áfram ef ég á og fæ til þess tækifæri.

Þá var það enn, og það snertir mál sem margir í orði kveðnu láta sem þeir beri fyrir brjósti, og það er að skilja sem mest í milli löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins. Fyrir því er það að ég hef gert tillögur um og beitt mér fyrir því að ráðherrar vikju úr þingsæti sínu þegar þeir tækju við þeim störfum og kallaðir yrðu inn varamenn þeirra. Þetta er sama fyrirkomulag og gildir í Noregi. Þarna er beinlínis verið að gera tilraun til þess, sem menn telja eðlilegt, að skilja enn frekar í milli framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins. Ekki náði þetta fram að ganga og ég veit raunar ekki hversu langt frekar en hin atriðin sem ég hef minnst á. A. m. k. komu mínir menn til baka engu erindi fegnir.

Ég vildi minnast á þetta sérstaklega af því sem ég er staðráðinn í því fyrir mína parta að halda áfram að beita mér fyrir þessum breytingum, sem ég hef nú nefnt og ég hygg að megi finna fylgi við hér á hinu háa Alþingi, enda þótt mönnum hafi ekki sýnst tök á því að ná því fram nú.

Ég tók fram í upphafi máls míns að ég hefði ýmislegt við þetta frv. til stjórnarskipunarlaga að athuga, en úr því sem komið er sé ég engin tök á því önnur en ljá því atkv. mitt, líka vegna þess að hæstv. forsrh. hefur tekið sig til og lagt hér fram eitthvert heildarfrv. til breytinga á stjórnarskránni. Þau vinnubrögð ofan í það kaup að allir stjórnmálaflokkarnir, þeir sem eiga þm. hér á þingi, hafa náð samkomulagi eru með ólíkindum og býr eitthvað fleira á bak við en venjulegir menn geta ráðið í hvað er, enda ætla ég ekki að fást við svo flóknar lífsgátur , sem jafnan er verið að fitja upp á á þeim bæ. En við skulum vona og vænta þess að það verði samt til þess að menn komist með sæmilegum sóma til botns í því máli sem menn fást nú hér við að afgreiða í lokaumr. í þessari hv. deild.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál lagði ég ýmsar spurningar fyrir formann n., sem var hér 1. flm. fyrir hennar hönd, 1. þm. Vestf. Þeim spurningum hefur ekki verið svarað. Hv. 1. þm. Vestf. var 1. flm. m. a. fyrir brtt. sem n. flutti (**MB:** Hann var frsm. nefndar.) og virðist lítið hafa batnað hans geð frá í gær er hann yfirgaf þingsali undir spurningum um þetta mál.

Ég ætla að byrja á því að víkja hér nokkuð að þeirri umr. sem kennd hefur verið við sættir. Því hefur verið haldið fram að þetta frv. sé sáttamál. Þetta er mjög í andstöðu við það sem 1. flm. málsins hefur haldið fram. Hann hefur talað um áfangasigur, að þetta sé skref í áttina. Ef verið er að tala um sættir er verið að tala um að menn hafi náð samkomulagi um ákveðna hluti sem séu þá varanlegir. Það kemur hvergi fram annað en að stefnt sé að því að steypa þessu samkomulagi jafnfljótt og hugsanlegt er að þingfylgi verði til þess og trúlega mundi hagur þeirra sem þannig hugsa vænkast eftir þá breytingu sem hér er verið að leggja til. Í þeim áfangasigri er talað um að markmiðið sé fullur jöfnuður og að ekkert tillit eigi að taka til stærðar kjördæmanna og þess lands sem hvert kjördæmi hefur.

Ég vil í þessu máli einnig minnast á málflutning 9. þm. Reykv. Það vill nú svo til, að 9. þm. Reykv. var búsettur vestur á fjörðum og ég hygg að ég sé ekki einn um að hafa hlustað á hans málflutning varðandi byggðastefnu og byggðamál. Satt best að segja hlýtur hver að undrast sem hlýðir á hans mál. Hann hefur barið á einu atriði, jöfnu vægi atkvæða, og hann hefur borið þeim aðilum á brýn, sem hafa verið á annarri skoðun, að þeir væru að brjóta mannréttindi, þetta væri brot á lýðræðinu, mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna væri brotinn og það af verra.

Nú hlýtur það að vera umhugsunarefni hvort hv. 9. þm. Reykv. er með þessum málflutningi sínum að halda því fram að gamalgrónar lýðræðisþjóðir Evrópu séu raunverulega ekki lýðræðisþjóðir. M. a. liggur það ljóst fyrir að Bandaríkin, sem eru nú elsta lýðræðisþjóðin, eru ekki lýðræðisþjóð að dómi þessa þm. En við skulum ekki fara svo langt. Við skulum láta okkur nægja að fara til Danmerkur.

Það vill svo til að Danir eru með stjórnarskrá í litlu og þéttbyggðu landi, sem gleymir því engu að síður ekki að það þarf að reyna að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég lét dreifa hér á borð til þm. upplýsingum um hvernig staðið væri að þingkosningum í Danmörku. Fremst á því blaði eru útreikningar á því hvernig þær kosningar kæmu út hér á landi, ef dönsku lögin giltu. Ég hef ekki verið að leggja til að þau yrðu notuð óbreytt, en hitt er fróðlegt að hugleiða, hvernig staðan yrði ef dönsku lögin giltu.

Í Danmörku eru það þrjú atriði sem lögð eru til grundvallar um það, hversu marga þm. hvert kjördæmi á að fá. Í fyrsta lagi er það fjöldi íbúa kjördæmisins. Fjöldi íbúanna þarf ekki að vera sá sami og fjöldi kjósenda. Þar kemur vissulega inn í hvort mikið er af börnum í viðkomandi kjördæmum.

Í annan stað er það fjöldi kjósenda og í þriðja lagi fær hver ferkm lands 20 atkv. — og þetta er í hinu þéttbyggða landi, Danmörku. Danir komu þeirri reglu inn eftir seinustu aldamót að þetta yrði upp tekið. Þetta er raunverulega ákvörðun þeirra um að það skuli ekki breyta Danmörku í sambandslýðveldi, heldur skuli með þessari aðferð farið út í að tryggja rétt hinna dreifðu byggða til mótvægis gegn því mikla valdi sem hlýtur að safnast saman þar sem höfuðstöðvarnar eru.

Ef við rennum yfir þetta hér á Íslandi, hver væri niðurstaðan með danska kerfinu, kemur ýmislegt í ljós sem ég hygg að verði til að mörgum bregði í brún. Ef við miðum við að þm. séu 60 yrði niðurstaðan þessi: Reykjavík fengi 4 þm., Reykjanes fengi 3, Vesturland fengi 5, Vestfirðir 5, Norðurl. v. 7, Norðurl. e. 12, Austurland 11, Suðurland 13 eða samtals 60 þm. Ef við setjum þetta upp í kerfi hinna fornu fjórðunga koma fram athyglisverðir hlutir.

Í fyrsta lagi blasir við að Sunnlendingafjórðungur fengi 20 þingsæti, Vestfirðingafjórðungur fengi 10, Norðlendingafjórðungur fengi 19 og Austfirðingafjórðungur fengi 11. Þetta leiðir hugann að því að sjálfstætt ríki verður ekki til án þess að þar sé bæði um að ræða land og fólk. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp úr bókinni Stjórnskipun Íslands stuttan útdrátt á bls. 17, þar sem vikið er að þessum orðum. Það er athyglisvert, herra forseti, að bókin heitir ekki „Stjórnskipun Íslendinga“, heldur Stjórnskipun Íslands. Á þessu er nefnilega meginmunur. Með leyfi forseta hljóðar þá textinn svo:

„Ríki er mannlegt samfélag, er hefur varanleg yfirráð yfir tilteknu landssvæði, býr við lögbundið skipulag og lýtur stjórn, er sækir vald sitt til samfélagsins sjálfs en eigi til annarra ríkja, enda fari sú stjórn með æðsta vald í landinu, óháð valdhöfum annarra ríkja, að öðru en því, er leiðir af reglum þjóðaréttar.

Samkvæmt þessari skilgreiningu eru fjögur grundvallaratriði óhjákvæmilegar forsendur fyrir tilvist ríkis, þ. e. a. s. fólk, land, lögbundið skipulag og stjórnarfarslegt sjálfstæði. Vanti eitthvert þessara meginatriða, er ekki um ríki að ræða. Er það auðsætt og þarfnast ekki langra skýringa.“

Danir gera sér grein fyrir því að landið skiptir þá máli og því ætla þeir þm. að vera hagsmunagæslumenn ákveðinna landssvæða. Hér á Íslandi virðist sem landið hafi nánast gleymst. Formenn stjórnmálaflokkanna hafa komist að samkomulagi um að breyta stjórnarskránni á þann veg sem þeir telja að sé hagkvæmast

fyrir þá sem stjórnendur viðkomandi stjórnmálaflokka. Markmið er ekki einu sinni að hver þingflokkur fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína, ef einhverjum hefur dottið í hug að það væri kjarninn sem verið væri að leggja til. Ég vek athygli á því, að við nafnakall í deildinni var felldur hér c-liður í brtt. frá Jóni Baldvin Hannibalssyni, þar sem lögð er höfuðáhersla á að við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skyldi þess gætt að hver þingflokkur fengi þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þetta var ekki markmiðið.

Sannleikurinn er sá, að það var sest niður og gert samkomulag um valdskiptingu í landinu. Það er ekki tekin afstaða til landsins í því sambandi. Það er ekki tekin afstaða til fólksins. Það er aðeins tekin afstaða til fjórflokkakerfis sem er við lýði í dag. Hvern og einn sem telur að þessir menn geti á skyndifundum í önn dagsins afgreitt jafnstórt mál og hér er um að ræða og komist að viturlegri niðurstöðu en þjóð sem hefur um aldir varið sitt sjálfstæði og haldið og telur að það þurfi að gæta hagsmuna landsins spyr ég: Er þá Danmörk ekki lýðræðisland? Hv. 9. þm. Reykv. Það væri fróðlegt að fá svar við því. Það fer nefnilega að vera dálítið einkennilegt ef það reynist nauðsyn hjá hv. 9. þm. Reykv. að fara í endurhæfingu vestur á firði til þess að hann kannist aftur við stóran hluta af þeim skoðunum sem hann þar prédikaði bæði á framboðsfundum og eins sem fulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðar. Ég get út af fyrir sig vel skilið að hann telji að í stöðunni í dag sé auðveldara að skipta um skoðanir, auðveldara að halda því fram að aðalatriðið sé að vægi atkv. skuli vera jafnt og jafnframt að halda því fram með því móti að lýðræðisþjóðirnar í kringum okkur séu ekki lýðræðisþjóðir.

Þá er rétt að víkja að þætti fjölmiðla í þessu máli. Hvað hafa fjölmiðlar gert? Hvað hefur Ríkisútvarpið gert? Hvað hefur sjónvarpið gert? Hafa þeir, þessir fjölmiðlar, farið í að kynna á hlutlausan hátt hvernig þessum málum er hagað í nágrannalöndum okkar? Hafa þeir gert grein fyrir því hvernig danska stjórnarskráin tekur á þessu máli? Ég segi nei. Það hefur engin upplýsingafræðsla, engin fræðsla, verið í þessum fjölmiðlum. Þar hefur aðeins glumið áróður — áróður fyrst og fremst á annan veginn. Maður skyldi halda að það sem gerðist með hv. 9. þm. Reykv. flokkaðist til hreinna undantekninga, að hann skyldi fara frá hinu mikla mannréttindasvæði, Vestfjörðum, og hingað suður, þar sem mannréttindin eru fótum troðin og hann fær aðeins brot af þeim rétti sem hann hafði á hinum staðnum. Er þetta flóttamaður og undan hverju lagði hann á flótta? Það hlýtur að vera athyglisvert ef menn flýja frá mannréttindasvæðum. Hafið þið heyrt það úr útvarpinu að menn hafi verið að flýja þaðan sem mannréttindin eru mest í heiminum til þeirra staða þar sem skortur er á mannréttindum? Ég hef ekki orðið var við þann fréttaflutning. Hvað er eiginlega að gerast?

Hér er á ferðinni falsspámaður sem boðar með falsrökum villukenningar, sagnfræðilegar villukenningar og einnig nútímalegar villukenningar, um ástandið í löndunum í kringum okkur. Það eru hreinar lygar sem eru hans vopnaburður á þessu sviði. Það er auvirðilegt hlutskipti, ég segi ekki annað. Og það verður þeim mun kátbroslegra sem skoðuð er sagan og farið er yfir það af mönnum sem muna hverju hv. þm. hélt fram á sínum tíma, þegar hann var í framboði vestur á fjörðum og einnig þegar hann var í sveitarstjórn vestur á fjörðum.

Hv. 9. þm. gat þess í ræðu sinni að það væri illt verk að etja saman dreifbýli og þéttbýli. Hverjir eru að etja saman dreifbýli og þéttbýli ef það eru ekki þeir aðilar sem þegja yfir þeim staðreyndum sem þeir vita í þessu máli og þyrla upp moldryki? Hverjir eru ekki að etja saman dreifbýli og þéttbýli? Ég hef ekki orðið var við að nokkur maður legði því máli jafndyggilega lið og hv. 9. þm. Reykv. að etja saman dreifbýli og þéttbýli á Íslandi.

Það hlýtur að vera spurning hvort það fái staðist að allt það tímabil sem jafnaðarmenn voru við völd í Danmörku hafi þeir fótumtroðið mannréttindi. Er það tilfellið? Voru mannréttindin fótumtroðin allan þann tíma vegna þess að þeir veittu landinu rétt og töldu að það væri eðlilegt að fulltrúatala á Alþingi tæki einnig tillit til stærðar kjördæmanna. Hvað kemur til að hv. 9. þm. Reykv. þegir yfir þessu afbroti? Það er furðulegt að menn geti orðið slíkir skynskiptingar á því einu að skipta um kjördæmi.

Hverjar eru þá meginreglurnar sem hafa gilt í flestum lýðræðislöndum heims, ef við förum að skoða þetta og meta staðreyndirnar? Ef löndin hafa verið mjög stór hefur meginreglan verið sú, að þau hafa orðið að sambandslýðveldum. Og hvers vegna? Það hlýtur að vera næsta spurningin. Ástæðan er sú, að öllum þeim sem stóðu að stofnun slíkra samfélaga er ljóst að það er eina örugga vörnin gegn slíkri miðstýringu að höfuðborgarsvæðið líti ekki á hinn hluta landsins sem nýlendu sem þau meðhöndla á þann hátt. Ef við skoðum það hlutfall sem Kaupmannahöfn hefur í heildarfjöldanum í Danmörku annars vegar og berum það saman við hvernig ástandið er á Íslandi blasir við að 60% íslensku þjóðarinnar búa í Reykjavík og á Reykjanesi. Það blasir við hverjum heilvita manni, sem vill skoða þessar staðreyndir, að ef jafn atkvæðisréttur væri látinn ráða og ekkert tillit væri tekið til landsins mundi þetta örlitla brot af landinu stjórna hinum hlutanum. Og ég spyr: Hver er þá munurinn á slíkri stefnu og hreinni nýlendustefnu? Til hvers er verið að sækjast eftir þessu valdi? Hvers vegna er verið að sækjast eftir því að ná meirihlutavaldinu inn í tvö kjördæmi? Hver er grunnhugsunin á bak við þá skoðun hjá hv. 9. þm. Reykv.? Það skyldi þó ekki vera draumurinn um að drottna yfir hinu svæðinu.

Ég hygg að það hljóti að vera viðhorf hvers einasta sagnfræðings, sem skoðar í framtíðinni sögu þessarar þjóðar, að hann spyrji sjálfan sig hvaða undur urðu til þess að þjóðfélagsuppbyggingin fór á þann veg sem varð, því að við stöndum að miklu leyti frammi fyrir staðreyndum. Og fyrsta spurningin hlýtur að vera: Fóru menn úr óarðbærum þjónustustörfum yfir í framleiðslustörf með þessari tilfærslu? Ég segi nei. Það var ekki það sem gerðist. Við vitum vissulega að við höfum orðið fyrir utanaðkomandi áföllum sem höfðu mjög mikil áhrif, eins og t. d. þegar landið var hertekið og hér á þessu svæði skapaðist gífurleg vinna á sama tíma fyrir hærri laun en hægt var að fá annars staðar. Auðvitað raskaði þetta íslensku þjóðfélagi.

Hin spurningin hlýtur þá jafnframt að vakna: Ætlum við að taka þá ákvörðun að líta svo á að aðeins viss hluti þessa lands eigi að vera í byggð, hinn hlutinn eigi að leggjast í auðn? Ef svo er, ef þetta er vilji Alþingis, tel

ég að þegnum Íslands beri siðferðileg skylda til að bjóða flóttamönnum, sem ekkert land eiga og eru geymdir á bak við gaddavírsgirðingar, það land sem við teljum ekki nógu gott til að halda í byggð. Hvernig fær það staðist að sum ríki skuli hafa þann rétt að drottna yfir miklu meira landi en þau vilja kannast við að þau ætli að nota og aðrir einstaklingar á þessari jörð séu bornir til þeirrar örbirgðar að mega hvergi vera? Það fær ekki staðist.

Ég get vel skilið að hv. 9. þm. Reykv. vilji sem minnst þurfa að hlusta á umr. sem þessa. Ég skil það vel að hann sé illa undir það búinn að svara því t. d. hvort Danmörk sé lýðræðissamfélag eða ekki, hann sé illa undir það búinn að svara því hvort danskir jafnaðarmenn hafi fótumtroðið lýðræðið um árabil í þessu ríki. Það má vel vera að á mörgum sviðum telji hann flóttann bestan.

Ég varpaði fram þeim spurningum í gær, og við þeim hefur ekki fengist neitt svar, hvaða aðilar hefðu fengið þetta frv. til umsagnar. Mér er ljóst að það hefur ekki verið sent út í því upplagi sem hv. 4. þm. Reykv. hefur talið eðlilegt til að kynna sínar breytingar á stjórnarskránni. Hins vegar má það magnað vera ef þetta frv. er eitt af þeim örfáu sem hefur sprottið svo fullskapað út úr höfði flm. að það hefur ekki verið talið skynsamlegt eða rétt að senda það út til umsagnar til eins einasta aðila, það var of fullkomið til þess að það tæki því að leita eftir gagnrýni.

Í annan stað óskaði ég eftir upplýsingum um það, hvaða aðilar hefðu verið kallaðir á fund n. til að segja álit sitt á þessu máli. Það vill svo til að Háskóli Íslands hefur yfir að ráða mjög mörgum ungum og vel menntuðum mönnum, sem e. t. v. hefðu getað svarað ýmsum spurningum sem sanngjarnt hefði verið að spyrja um.

Ég spurði t. d. að því, hvaða félagsfræðingar hefðu verið kallaðir á fund n. til að meta sennilegar afleiðingar af samþykkt frv. Er það tilfellið að hagstofustjóri sé eini aðilinn sem nauðsynlegt er að kalla á til að fjalla um svona mál? Hefði ekki verið fróðlegt að varpa þeirri spurningu fyrir félagsfræðinga hvort þeir teldu að þetta yrði til að auka fólksstraum til þéttbýlisins, hvort þeir teldu að þetta yrði til að bæta ástandið í húsnæðismálum í Reykjavík, hvort þeir teldu að þetta mundi auka á félagslegt jafnrétti í landinu?

Ég óskaði jafnframt eftir því að fá við því svör hvaða stjórnmálafræðingar hefðu verið kallaðir á fund n. Hefði ekki verið sanngjarnt að fá svör við því í fyrsta lagi: Hvaða áhrif er trúlegt að þetta hafi á stefnur stjórnmálaflokkanna? Hvaða breytinga má vænta á þeirra stefnu vegna þessarar breytingar? Í annan stað: Hvaða áhrif er trúlegt að þetta hafi á flokkafjöldann í landinu? Er trúlegt að þetta verði til þess að menn komi sér saman fyrir kosningar eða er trúlegt að þetta verði til þess að flokkum fjölgi í landinu og er trúlegt að það verði til að bæta stjórnarfarið í landinu? Hvers vegna ekki að kalla þessa menn fyrir og spyrja þá að slíku? Vissu hv. nm. allt? Þurftu þeir engan að spyrja?

Hvaða hagfræðingar voru kallaðir á fund nefndarinnar? Hefði ekki verið sanngjarnt að þeir hefðu metið hvaða áhrif þetta hefur á fasteignaverð, hvaða áhrif þetta hefur á fjárfestingu í landinu, hvaða áhrif þetta hefur á framleiðslu atvinnuveganna? Nei, það var ekki talið skynsamlegt að kalla á neinn af þessum aðilum.

Það fást yfir höfuð engin svör við því hvað nefndin gerði. Sátu nm. yfir kaffibolla og spjölluðu saman og létu plöggin liggja kyrr á borðinu? Var einhverjum einum falið að lesa þetta yfir? Það stendur að vísu í grg. að þeir hafi farið ítarlega yfir þetta. Það er nú vel, en það er meira hernaðarleyndarmálið að fá ekki minnstu skýringar á því hvað þeir gerðu.

Ég varpaði fram þeirri spurningu, ef einhvers staðar erlendis hefði verið hægt að fá fyrirmyndir að því sem hér er verið að leggja til, hvaðan þær væru fengnar. Ekkert svar fæst við slíku. Það liggur í það minnsta ljóst fyrir að við höfum ekki talið okkur þurfa neitt frá Dönum, herra forseti, í þessu sambandi. Nú má vera að stoltir séu Íslendingar. Það er ömurlegt til þess að vita að þjóð sem fyrir stuttu barðist fyrir sjálfstæði sínu, sjálfstæði sem fyrst og fremst fólst í því að fá yfirráðarétt yfir þessu landi, telji að það beri ekki að meta landið nokkurs, það beri ekki að meta það neins í sinni stjórnarskrá. Það hlýtur að vekja spurninguna um hvort frelsis þess verði þá gætt í framtíðinni, því að það er nokkuð athyglisvert að eitt af því sem lögð er mikil áhersla á er að auka stjórnunaráhrif þeirra sem fluttir eru af landi brott og greiða enga skatta til hins íslenska ríkis. Það kom fram að e. t. v. ættu þeir fyrirtæki hér sumir og þess vegna væri þetta réttlætanlegt.

Furðulegt er það, ef rétt er, að það sé til hagsbóta fyrir sjálfstæði og stjórn landsins að standa þannig að málum að útverðirnir skulu ekki metnir, — ef þeir búa á Íslandi, þá skuli allt gert til að draga úr þeirra áhrifum, en flóttamennirnir, sem farnir eru yfir hafið, skuli heiðraðir með því að veita þeim kosningarrétt að auki. Hver er grundvallarhugsunin á bak við slíka hringavitleysu? Er það hugsunin að þeir eigi að semja ákvæðin í skattalögunum fyrir hina sem eru heima og verða látnir borga? Ég fæ ekki séð að það búi yfir höfuð mikil hugsun á bak við þetta, enda veit ég ekki til að það hafi verið ætlunin að stuðla að því að Íslandi yrði betur stjórnað eftir en áður, takmarkið væri ekki það. Takmarkið virðist hafa verið allt annað.

Ég gat um það einnig í ræðu minni í gær, að þau undur hefðu gerst að öll stjórnmálafélög í Ónundarfirði hefðu talið nauðsynlegt að snúast til varnar gegn þessu frv. og þá væntanlega flm. þess og stuðningsmönnum, þ. á m. þm. Vestfjarða að stærstum hluta. Ætli það sé ekki fátítt að öll stjórnmálafélög sameinist um það að þeim stafi hætta af þm.? Einhvern tíma hefðu það nú verið taldar fréttir. (**KP:** Ekki öllum.) Ekki öllum, segir hv. 6. landsk. þm. Það er rétt og virðingarvert. Þetta hefði verið skiljanlegt ef þm. Vestfjarða hefðu á undanförnum árum getað fagnað þeim stórsigrum að uppbygging samfélagsins hefði gengið svo vel að þar hefði verið myndarleg fólksfjölgun á seinustu áratugum. Svo er ekki. Það eru engir slíkir sigrar að baki.

Þjóðveldið var samkomulagsskipulag. Það var samkomulagsskipulag hinna fornu fjórðunga. Enn má sjá þess stað. Menn minnast þess m. a. með skreytingum á Alþingishúsinu. Skjaldarmerkið ber þess einnig vitni. Því hefur verið haldið fram að það þurfi að fara að byggja nýtt þinghús. Að sjálfsögðu hlýtur þess þá að verða gætt að útlit hússins storki ekki því skipulagi sem upp verður tekið og merki fjórðunganna verði tekið af byggingunni, því það er kaldhæðni örlaganna ef þeir landvættir, sem á sínum tíma vörðu hina fornu fjórðunga, sitja uppi með það að fulltrúar viðkomandi

landssvæða gleymdu vöku sinni og snerust ekki til varnar þeim landssvæðum til að tryggja þar uppbyggingu á við önnur landssvæði. Þá dreymdi fremur um frama innan sinna stjórnmálaflokka.

Herra forseti. Það er hægt að tala lengi um þetta mál. Það er hægt að halda áfram að undirstrika að það hefur geisað áróðursstríð í þessu landi — áróðursstríð sem hefur haft það að markmiði að etja saman þéttbýli og dreifbýli á Íslandi. Mér er ljóst að þeir sem fyrir því stríði hafa staðið hafa vissulega fagnað sigri. Mér er ljóst að þeir telja sig aðeins hafa unnið áfangasigur. Mér er ljóst að markmiðið er það, að þetta litla landssvæði, Reykjavík og Reykjanes, skuli ráða yfir landinu öllu. Og mér er ljóst að þeir telja sigurinn í augsýn e. t. v. eftir næstu þingkosningar. Þeir mættu nú samt hugleiða hvort sé stærra að eiga land með höfuðborg eða eiga bara höfuðborg, sem jafnframt breytist frá því að vera höfuðborg í það að vera eina borg viðkomandi ríkis. Er það að fagna sigri? Ég segi nei.

Hér hafa skammsýnir menn látið reka sig áfram til verka, sem fyrst og fremst verður spurning um þeirra eigin skynsemi, hvort þeir eiga eftir að iðrast í framtíðinni. Má vel vera að sú sjálfsgagnrýni sé ekki til staðar og þeir munu fagna því á komandi árum að hafa lagt til breytingar á stjórnarskránni, sem fyrst og fremst hafa það markmið að auka hraða byggðastraumsins til suðvesturhornsins. Ég trúi því að sagan muni ekki hylla slíka menn. Ég trúi því að þeir verði skrifaðir sem litlir karlar þrátt fyrir drauma um betri yfirskrift.

Það má vel vera að stjórnmálamenn nágrannaríkjanna séu misvitrir. En furðulegt má það nú samt heita ef fjórmenningarnir þrír, sem leggja þetta til, eru mestu stjórnspekingarnir innan kerfisins. Það má að vísu bæta þeim fimmta við, hv. 1. þm. Vestf. Ég tel að það sé einkennilegt, svo að ekki sé meira sagt, ef jafnþéttbyggt land og Danmörk með jafngreiðum samgöngum þarf að hafa sérstök ákvæði inn í stjórnarskránni til að tryggja að Jótland haldi hlut sínum og eyjarnar gagnvart Kaupmannahöfn, en Íslendingar með sína miklu erfiðleika í samgöngum og með sinn mikla mun í uppbyggingu þurfi ekki að taka neitt tillit til landsins. — Hv. 1. þm. Vestf. les stjórnarskrána. (**MB:** Nei, hún lítur nú ekki svona út.) Það má vel vera að það hefði verið skynsamlegt að lesa hana fyrr.

Ég ól þá von í brjósti í samræmi við þann stjórnarsáttmála sem núv. ríkisstj. gerði, að það yrði staðið við það ákvæði að stjórnarskráin yrði sem heild afgreidd hér í þingsölum, að reynt yrði að standa þannig að þessu máli að það yrði til að sameina þjóðina, en ekki til að sundra henni.

Hv. 1. þm. Vestf. kvartaði undan því að það vantaði aðila til að sjá um útför ríkisstj. Ég benti honum á að hv. 8. landsk. þm. hefði lýst því yfir að ríkisstj. væri sér algerlega óviðkomandi. Ég benti einnig á að hv. 6. þm. Suðurl. teldi að ríkisstj. væri sér algerlega óviðkomandi. Það hafa engir tilburðir verið hjá stjórnarandstöðunni í þá átt að bera þá upp vantraust ef þeir vildu losna við hana. Meira að segja gerðist það furðulega að hv. 4. þm. Austurl. harmaði það einna mest að hægt væri að rjúfa þingið áður en kjörtímabil þm. væri úti. Það verður ekki á annan hátt skilið en hann sé harmi lostinn yfir því að ríkisstj. skuli ekki starfa þangað til í des. á þessu ári.

Sannleikurinn er sá, að kjördæmamálið svokallaða hefur orðið að algeru aðalatriði í vitund þessara manna. Það hefur orðið að slíku aðalatriði að öll umr. um efnahagsmál, allar umr. um það að hér þyrfti að koma sterk meirihlutastjórn hafa horfið. Aðalatriðið virðist hafa orðið að breyta sem fyrst stjórnarskránni á þann veg að hún tryggi að þeir sem hafi tapað í prófkjörum að undanförnu skuli nú eftir sem áður komast inn á þing. Það er markmið að tarna. (Gripið fram í.) Já, þetta eru ömurleg örlög, hv. 7. þm. Reykv.

En hvað um það. Hér fyrir Nd. liggur frv. um breytingu á stjórnarskránni. Fyrir liggur að það hefur ekki verið sent út til umsagnar, nema það verði þá leiðrétt af 1. þm. Vestf. að svo hafi verið. Það liggur fyrir að ekki er talið eðlilegt að gefa hlé á milli umr. svo að menn geti skoðað brtt. sem fram koma eða samið nýjar. Það liggur fyrir að aðalmarkmiðið er að koma málinu í gegnum þingið eins og það er kallað. Þetta er eiginlega oftast nær sameignlegt einkenni á slæmu máli. Og þó að menn komi hér með misjafnt klór til að verja sína afstöðu held ég að það alaumasta af því öllu saman sé sú kenning að það hefði ekki verið hægt að komast minna, því að ella hefði verið miklu meira að gert í þessu máli.

Þegar fulltrúar dreifbýlisins halda þessu fram er eins og þeir hafi gleymt því að á Alþingi Íslendinga eru í miklum meiri hluta fulltrúar dreifbýlisins og það verður engin stjórnarskrárbreyting gerð nema þeir ljái henni lið. Hvaðan telja þeir að það vald komi sem geti breytt þessu? Nei, slíkt yfirklór dugar ekki, og jafnvel ekki þó að fjölmiðlar hafi gert allt sem þeir geta til að þegja þetta mál í hel og gefa rangar upplýsingar um það, sem raunverulega er að gerast hér, og rangar upplýsingar um hvernig ástandið sé í öðrum löndum hvað þetta snertir, m. a. með þögninni. Það eru gamalkunn sannindi að hægt er að ljúga mikið með þögninni. M. a. var því haldið fram í góðri bók að Snæfellingar kynnu að ljúga með þögninni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni. E. t. v. gerast þau undur að svör fást við einhverjum af þeim spurningum sem hér hefur verið varpað fram. Það er út af fyrir sig vel ef það verður.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er greinilegt að hverju stefnir í afgreiðslu þessa máls. Ég gerði grein fyrir minni afstöðu til málsins strax við 1. umr. og tjáði mig andvígan því. Að sjálfsögðu kom það fram í atkvgr. við málið hér á fundi í dag.

Ég held að rétt sé að rifja aðeins upp það sem gerðist við 1. umr. um þetta mál. Þess er í fyrsta lagi að geta að hér komu upp nokkrir hv. þm. við þá umr. og óskuðu eftir því að útvarpsumr. ættu sér stað um þetta mál með það í huga fyrst og fremst að almenningur í landinu fengi upplýsingar um hvað þetta frv., sem hér um ræðir, hefði inni að halda. Hv. þm. Vilmundur Gylfason hóf umr. um þetta og óskaði fyrstur hv. þm. eftir því að útvarpsumr. ættu sér stað um málið. Undir það tóku m. a. hv. þm. Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstfl., ásamt tveimur eða þremur öðrum hv. þm.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason ítrekaði þessa spurningu hér í gær og hæstv. forseti, Sverrir Hermannsson, greindi frá því að ekki væri fyrirhugað að útvarpsumr. ættu sér stað um þetta mál, og ég harma það. En ég held að það sé nauðsynlegt að fá upplýst hverjir það voru sem andvígir voru því að útvarpsumr. færi fram um

þetta mál. Ég vil a. m. k. koma því hér á framfæri að þingflokkur Alþfl. var jákvæður í því máli. Það hefur þá strandað annars staðar. Það væri fróðlegt að fá að vita um það hjá hæstv. forseta hverjir það voru sem voru andvígir því að útvarpsumr. ættu sér stað um þetta mál eitt og sér. Þetta mál er auðvitað þess eðlis að það er óeðlilegt að keyra það hér í gegn á tiltölulega stuttum tíma án þess að þjóðin öll fái um það vitneskju hvað er hér í raun og veru um að ræða. Það er líka óeðlilegt að mér finnst, burtséð frá því hvaða afstöðu menn hafa til málsins sem slíks, að bæði 1. og 2. umr. og allt bendir til jafnvel 3. umr. líka fari fram á kvöldfundi og málið sé rætt þannig. Það er engin eðlileg málsmeðferð af hálfu þeirra sem ferðinni ráða í þessu máli að jafnvel allar umr. í deildinni séu viðhafðar að kvöldi til eða næturlagi um þetta mál. Ég sé ekki að þetta mál sé svo brýnt og leysi þann vanda að ástæða sé til að keyra það hér í gegn með þeim hætti og þeim hraða og þeim vinnubrögðum sem við hafa verið höfð og er greinilegt að áfram á að halda að viðhafa í sambandi við afgreiðslu málsins.

Komið hefur í ljós að þó að mikill meiri hl. hv. þm. sé samþykkur því sem hér er um rætt og á að gera er þó nokkur hópur þm. sem er beinlínis andvígur málinu eins og það liggur fyrir. Það er önnur mynd en látin hefur verið í veðri vaka að því er varðar forustumenn flokkanna. Það hefur verið látið í veðri vaka að hér væri breið samstaða um afgreiðslu málsins með þessum hætti sem hér er lagt til. Ég skal ekki fara út í það. Það er sjálfsagt ekki ástæða til að halda uppi neitt löngum umr. um málið. Menn eru almennt búnir að tjá sig í afstöðunni til þess og gera grein fyrir á hverju sú afstaða byggist.

Ég greindi frá því strax við 1. umr. að mín andstaða við málið byggðist fyrst og fremst á því, að hér væri verið að slíta úr samhengi kjördæmamálið frá öðrum málum eða þáttum að því er varðar stjórnarskrármálið sem heild. Það hefur verið og er stefna Alþfl., og henni er ég sammála, að stjórnarskármálið sem heild eigi að afgreiða, en ekki taka þetta eitt og sér út úr. Ég er í fyrsta lagi andvígur því atriði að taka þetta mál eitt og sér út og afgreiða það án þess að önnur mannréttinda- og leiðréttingamál að því er varðar stjórnarskrána og önnur mannréttindamál, sem eru fyrir utan hana, séu afgreidd þá í leiðinni eða a. m. k. að það liggi fyrir ákveðið og skjalfest að þau verði afgreidd og þá á hvaða hátt. Það er kannske önnur meginástæða þess, að ég er andvígur þessu frv. eins og það liggur fyrir. Ég tel það nánast ekki sæmandi löggjafarsamkomunni að slíta þennan þátt einan og sér úr samhengi við annað og ætla að keyra það hér í gegn á Alþingi á síðustu dögum þessa þings. Ég er þeirrar skoðunar, og hef látið það í ljós margoft, að það er önnur miklu brýnni verkefni nauðsynlegri, sem þurfa leiðréttingar við, en þetta mál, sem hér er um að ræða.

Hér er um það að ræða að færa eða flytja vald frá dreifbýli til þéttbýlis með fjölgun þm. Ég er einn af þeim sem tel mörg önnur verkefni brýnni og nauðsynlegri í þessu þjóðfélagi eins og ástandið er í dag en breyta þessum valdahlutföllum frá því sem er til hins verra fyrir dreifbýlisfólk. Það er raunar kjarni minnar afstöðu til málsins. Ég er ekki andvígur því út af fyrir sig að leiðrétt sé það misvægi, svo að notað sé það orð sem nú virðist vera í tísku, — misvægi atkv. sem ríkir í landinu. Ég er út af fyrir sig ekki andvígur því og ég er reiðubúinn að eiga þátt í að leiðrétta það, en ekki eitt og sér. Ég vil að þeir hinir sömu sem krefjast leiðréttingar á því, ég tala nú ekki um algeran jöfnuð þar á, séu líka reiðubúnir að leiðrétta annað í þjóðfélaginu, leiðrétta önnur mannréttindamál sem eru ekkert minna virði en kosningarrétturinn. Mér finnst það sem sagt afskaplega napurt að sjá í fskj. með þessu frv. yfirlýsingu á þá leið, með leyfi hæstv. forseta, eins og segir hér á bls. 3 í grg.:

„Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fá sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst."

Svo koma menn hér upp hver á fætur öðrum, ég tala nú ekki um hv. 9. þm. Reykv., sem hefði verið ástæða til að tala hressilega við í dag eftir þá ræðu sem hann flutti í gær, og segja að þessum málum megi ekki blanda saman, það sé nánast guðlast að tala á sama tíma um jöfnun kosningarréttar og jöfnun annarra mannréttinda í landinu, það megi ekki heyrast. Ég er þessari skoðun algerlega andvígur. Og mér finnst tiltölulega lítið samræmi í skoðun af þessu tagi þegar í skjölum með frv. sjálfu er tekið á þessu máli, það er nefnt. En forustumenn flokkanna vantar annaðhvort vilja eða getu, nema hvort tveggja sé, til að ná jafnframt þessu máli fram leiðréttingum þannig að menn sjái þær á öðrum óréttlætismálum í þjóðfélaginu. Og ég trúi því ekki, og ætla ekki að bera það á neinn forustumann þeirra flokka sem fulltrúa eiga hér á Alþingi, að þeir vilji ekki leiðrétta þessi mál. En eitthvað skortir.

Ég bendi á að ég hef margoft lesið svona frómar yfirlýsingar sem óskalista í stefnuskrám líklega allra pólitísku flokkanna í landinu, en ekkert hefur orðið úr að slíkt yrði framkvæmt í reynd. Það er það sem á skortir. Og meðan ekkert slíkt gerist og það virðist ekki vera hægt að fá fram hér á Alþingi meirihlutaákvörðun um að taka á þessum óréttlætismálum, þau eru mörg, er ég ekki reiðubúinn að taka þetta eitt og sér út úr og afgreiða það, sem þýðir að öllum líkindum að ennþá meira hallast á dreifbýlisfólk frá því sem nú er.

Nú er ljóst að andstaða þm. við þetta mál byggist á misjöfnum forsendum. Það eru ekki allir andvígir því vegna sömu ástæðna. En mér finnst þó, að það sé nokkuð greinilegt að meiri hl. þeirra sem andstæðir eru þessu máli er það vegna þess að þeir telja að það þurfi meira að leiðrétta í þjóðfélaginu og nauðsynlegt sé að gera en þetta mál eitt og sér. Ég tala nú ekki um ef það kemur fram, sem ég hélt að hefði verið boðað í framsögu fyrir þessu máli hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, frsm. málsins, að það mundi a. m. k. hugsanlega koma fram till. um ákvæði til bráðabirgða um tvennar kosningar á yfirstandandi ári. Enn hefur slík till. ekki séð dagsins ljós og ekki er þess að vænta að hún komi fram. Mér þykir það ólíklegt þegar málið er nú komið til 3. umr., þó að vísu í fyrri deild sé. En það yrði þá til að kóróna þetta mál ef það ætti líka að slá því föstu í því ríkjandi þjóðfélagsástandi, sem er í dag að því er varðar efnahagsmálin og önnur mál, að demba þjóðinni út í tvennar kosningar með tiltölulega stuttu millibili á einu og sama árinu. En ég a. m. k. vona að

þeir sem hafa haft þær hugmyndir uppi hafi dregið saman seglin þannig að það komi ekki til þess að við sjáum slíka till. hér á Alþingi.

Margir hv. þm., sem um þetta mál hafa rætt, hafa margtekið það fram að þeir telji óskynsamlegt, nánast bannorð, að rugla saman í umr. um leiðréttingu á misvægi atkvæða leiðréttingu á öðrum málum í þjóðfélaginu, sem brenna þó miklu meira á tilteknum hópum innan þjóðfélagsins en það sem hér er um að ræða — eða finnst þeim sem beita sér fyrir þessu máli engu skipta þó að stór hluti þegna þessa lands, og þá á ég fyrst og fremst við dreifbýlisfólk, fari með helming sinna tekna í þann heimilisþátt einan og sér að kynda upp sitt íbúðarhúsnæði og sjá fyrir rafmagni til heimilisnota? Er bannorð að ræða slíkt óréttlæti í þjóðfélaginu samhliða því sem hér er um að ræða? Og þó að ég taki þetta mál eitt og sér eru fleiri, þó að að vísu skuli tekið fram að þau eru ekki jafnstingandi og það sem ég nefndi áðan. Ég tel að það sé ekki sæmandi þm., ég tala nú ekki um utan af landsbyggðinni, að hlaupa frá störfum á Alþingi nú, eins og raunar oftar áður, án þess að taka á þessu máli og leiðrétta þann ójöfnuð sem hér er um að ræða. Ég hefði viljað sjá tillögur frá t. d. formönnum flokkanna eða forustumönnum um leiðréttingu á þessum þætti samhliða því sem hér er lagt til. Þá hefði ekki staðið á mér að standa með slíku. Þetta eitt og sér er þess eðlis að ég fæ ekki mína sannfæringu til að segja mér að það sé eina óréttlætið sem brýnasta nauðsyn beri til að leiðrétta nú, en kasta öllu öðru fyrir róða. Á þessum einföldu staðreyndum byggist mín afstaða.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði ásamt mörgu öðru í gær að í raun og veru væri aldrei hægt að leiðrétta, jafna eða finna eðlilega lausn á hinum félagslegu aðstæðum í þjóðfélaginu. Ég trúi því ekki að hv. 9. þm. Reykv. hafi förlast svo frá því að hann flutti af Vestfjörðum að hann sé orðinn andstæður því að bæta úr þeim ójöfnuði sem blasir við Vestfirðingum eins og öðrum dreifbýlisbúum að því er varðar t. d. kyndingarkostnaðinn. Ég trúi því ekki, þó að ýmsum virðist förlast við það að flytja vestan af fjörðum á þetta svæði, að þá sé hv. 9. þm. Reykv. farið að förlast svo í þessum fræðum að hann sé búinn að gleyma því hver baggi það er á íbúum landsbyggðarinnar að standa straum af þessum þáttum heimilishaldsins.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði líka: Það er pólitískt mál að því er varðar ákvörðun um húshitunarmálin. — Það er út af fyrir sig rétt. En þá pólitísku ákvörðun á að taka hér. Og það er til þess ætlast af fólki, umbjóðendum úti um landsbyggðina vítt og breitt, að þm. taki á þessu pólitíska máli einmitt hér og afgreiði það. Ég vil minna á í þessu sambandi að á síðasta Alþingi voru flutt tvö þingmál, sem þm. Alþfl. höfðu forustu um að flytja, sem voru beinar tillögur um að taka á þessum þætti mála. Hvorugt þeirra frv. fékk hljómgrunn meiri hluta manna hér á Alþingi og voru þau ekki afgreidd. Nú er komin fram brtt. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni sem gengur nokkuð í sömu átt og við þm. Alþfl., ásamt þm. úr Sjálfstfl. líka, lögðum til að gert yrði á síðasta Alþingi til þess að ganga til móts við dreifbýlisfólk að því er varðar þennan ójöfnuð á búsetuskilyrðum. Ég fagna því að sjálfsögðu að slík till. er komin fram og mun fylgja henni, þó að ég vilji láta þess getið að mér fannst á það skorta hjá þessum sömu hv. þm., Stefáni Valgeirssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, þegar við fluttum tvær álíka till. til jöfnunar hér á síðasta Alþingi að þeir sæju sér fært að styðja þær. En slíkur er nú munurinn á afstöðu jafnaðarmanna annars vegar og hins vegar fulltrúa Framsfl. hér á Alþingi. Að því er jafnaðarmenn varðar breytir það ekki málinu hverjir flytja það, ef það er gott á annað borð. En það virðist skipta máli hjá hv. þm. Framsfl., þar með þeim sem nú gengur í salinn, hv. skrifari Nd. (**ÓÞÞ:** Hvaða mál er það?) En ekki meira um það. Ég mun fylgja þeim í brtt. þeirra, sem þeir hafa flutt um þetta mál, og ég geri ráð fyrir að hv. skrifari viti hver sú till. er.

En er það nema furða þó að almenningur úti á landi sé orðinn langeygður eftir réttarbótum í hinum ýmsu þáttum, sem hann verður að bera bagga fyrir umfram það sem gerist t. d. á þessu svæði? Ég segi: Er það furða þegar litið er til þess að allt frá því í maí 1980 hefur dreifbýlisfólk verið skattlagt til að jafna þessa aðstöðu, en þeim peningum ráðstafað til annars þannig að segja má að það er ekkert tryggt að jöfnuður ætti sér stað þó svo að samþykkt yrði hér frv. til l. um að slíkt yrði gert? Við höfum dæmin fyrir okkur t. d. í sambandi við orkujöfnunargjaldið, þar sem beinlínis var ætlast til þess að andvirði af því gjaldi rynni til að jafna orkuverð í landinu, en núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið obbann af því fjármagni til allt annarra þarfa, þannig að bæði núverandi stjórnarandstaða og almenningur í landinu eru varnarlaus gagnvart ránshendi núverandi stjórnvalda í þessu tilfelli. Það gæti alveg eins orðið sama uppi á teningnum þó svo að meiri hluti Alþingis væri til þess reiðubúinn, sem ekki virðist vera, að samþykkja hér ákveðnar aðgerðir til að jafna á fleiri sviðum en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði að það hefði líka sína kosti að búa í dreifbýli. Það er út af fyrir sig rétt. Það hefur líka sína kosti. En það hefur þann stóra ágalla að ójöfnuðurinn er orðinn slíkur í mörgum þáttum að því er varðar eðlilegt heimilishald og eðlilegt líf að með áframhaldandi aðgerðaleysi er verið að stefna obbanum af þjóðinni á það svæði sem við dveljum nú á. Hér er jafnvel búið að leggja drög að stórkostlegri mannflótta utan af landi á þetta svæði en nokkurn tíma hefur verið áður. Það er ekki íbúum þessa svæðis til neins góðs. Það fullyrði ég.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði að okkar rök að því er varðar leiðréttingu á fleiri sviðum mannréttindamála væru falskenningar og það væri verið að ala á úlfúð milli dreifbýlis og þéttbýlis með því að halda fram og ræða samtímis réttarbætur á öðrum sviðum en það frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir. Ég vísa þessu algerlega á bug. Það er miklu nær að segja, án þess að ég ætli þó að halda því fram, að þeir sem knýja nú á um breytingu á valdahlutföllum, að draga meira vald frá dreifbýli til þéttbýlis, séu að efna til úlfúðar, en ekki hið gagnstæða. Þessum fullyrðingum vísa ég því til föðurhúsanna, til hv. 9. þm. Reykv. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Mér skilst á hans afstöðu til málsins að hann sé andvígur því, vegna þess að ekki sé eins mikið gengið á dreifbýlið og hann vildi, og þykir mér þó nóg um í þessu tilfelli, en auðvitað er ljóst að ekki er af sama toga spunnin afstaða manna til málsins eins og það liggur fyrir.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur haft mörg orð í umr., ekki bara um þetta mál heldur og um mörg önnur hér, undangengna daga og vikur og hefur ekkert vandað

„fjórflokkakerfinu“, eins og hann kallar það, kveðjurnar í þeim umr. Á engan hátt ætla ég að halda uppi vörnum fyrir það kerfi, því að ég vil á engan hátt njörva mig niður á pólitísk kerfi eða vera pólitískt hlekkjaður þannig að ég hafi ekki tækifæri til að hafa frjálsa skoðun á ákveðnum málum. En m. a. spurði hv. 4. þm. Reykv. Vilmundur Gylfason þeirrar spurningar hér í umr. í gær, hverjir sjálfstæðismenn mundu hafa kosið hæstv. núv. forsrh. Gunnar Thoroddsen til að gegna því hlutverki sem hann nú gegnir eftir myndun núv. ríkisstj. Auðvitað er þetta eðlileg spurning. En ég hygg að það megi á sama hátt spyrja hv. 4. þm. Reykv. Vilmund Gylfason: Hvaða Alþfl.-fólk kaus hann til þess að framkvæma þau verk sem hann er nú að framkvæma í umboði þess Alþfl.-fólks sem kaus hann við síðustu kosningar? Ég sé ekki ýkjamikinn mun á þessum tveimur annars ágætu mönnum, hæstv. forsrh. í þeirri stöðu sem hann er í gagnvart sjálfstæðisfólki sem kaus hann eða hv. 4. þm. Reykv. Vilmundi Gylfasyni í þeirri stöðu sem hann er gagnvart Alþfl.-fólki sem kaus hann. Ég legg þetta nokkuð að jöfnu.

Annars ætla ég ekki að fara að gera að umræðuefni það sem hv. 4. þm. Reykv. hefur haft í frammi í umr. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann á langt eftir af ræðu sinni.) Hann gæti átt langt eftir, en hann gæti líka hætt fljótlega. Mér heyrist á hæstv. forseta að hann óski þess frekar að ég fari að stytta mál mitt. Ég skal gera það (**Forseti:** Þannig stendur á, að forseti Sþ. hyggst nú halda fund í Sþ. Hv. þm. getur haldið áfram ræðu sinni um stund, ef hann vill, en það væri kannske hægt að ná samkomulagi við hann um að hann flytti afganginn eftir fund í Sþ.) Herra forseti. Ég held að ég kjósi miklu frekar að ljúka máli mínu með örfáum orðum. Ég hef ekki ástæðu til þess að tala öllu lengur, þó að það væri hægt vegna málefnisins.

Ég vil að lokum segja að það er kannske borin von að ætlast til þess eða óska þess að hægt verði að fá leiðréttingu fleiri mála í þjóðfélaginu áður en þessu þingi lýkur en hér er lagt til að gert verði. Ég vil þó enn ekki kasta fyrir róða þeirri von að þm., og þá fyrst og fremst höfða ég til þm. utan af landsbyggðinni, séu til þess reiðubúnir að afgreiða önnur leiðréttingarmál sem snúa að dreifbýlisfólki samhliða þessu eða a. m. k. áður en þessu þingi lýkur, þannig að þetta eitt og sér verði ekki afgreitt á þessu þingi og þá afgreitt á þann hátt að halla enn frekar á dreifbýlið. Ég vænti þess að ég megi vona að slíkt gerist. Ég ítreka svo að lokum, að mér finnst með öllu óafsakanlegt hvernig haldið er á þessu máli, hvernig það er keyrt hér í gegnum hverja umr. á fætur annarri og líklega allar þrjár umr. í Nd. á kvöld- og næturfundum. Það er líklega einsdæmi að eitt og sama málið hafi verið keyrt í gegnum umr. hverja á fætur annarri á kvöld- og næturfundi það sem af er þessu þingi. Kannske finnst þeim sem ráða ferðinni við hæfi að það skuli vera þetta mál sem er meðhöndlað á þann hátt að hafa sérstöðu, hvernig á því er haldið, og það skuli vera rætt á kvöld- og næturfundum eitt og sér af öllum þeim afgreiðslumálum þingsins sem líkur eru á að verði afgreidd.

Ég ítreka, af því að ég sé að hv. 4. þm. Reykv. er kominn hér til áheyrnar, að ég var að upplýsa menn um það áðan vegna útvarpsumr. að þingflokkur Alþfl. tók undir að útvarpsumr. ætti sér stað um þetta mál. Og ég var að óska upplýsinga um hverjir það hefðu verið sem hefðu neitað útvarpsumr. um það og óska þess og vænti þess að hæstv. forseti geti upplýst okkur um það hér þótt síðar verði.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Ég verð að hryggja hv. þm. með því, að mér er ekki kunnugt um hverjir hafa tafið fyrir útvarpsumr., ef sú hefur orðið raunin. En nú verður senn haldinn fundur í Sþ. og við frestum fundi þar til að loknum fundi í Sþ.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 8. mars, að loknum deildafundum.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 314, n. 476). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjvn. hefur tekið til meðferðar till. til þál. um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Þar segir: „Með hliðsjón af líklegum breytingum í atvinnulífi landsmanna á næstu árum og nauðsyn þess að stuðla að farsælum efnahagslegum og félagslegum framförum, álykti Alþingi að efla beri rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna“. Einnig segir að í þessu skyni álykti Alþingi „að langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna 1982—1987 skuli höfð til hliðsjónar við mótun langtímastefnu í þessu efni“.

Fjvn. hefur fjallað ítarlega um þessa langtímaáætlun og m. a. rætt við framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins, svo og fulltrúa frá einstökum rannsóknastofnunum atvinnuveganna. Eftir þessa umfjöllun varð n. sammála um afgreiðslu málsins, eins og fram kemur í nál. á þskj. 476, en þar segir:

„Nefndarálit
um till. til þál. um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.“

Undir þetta rita allir hv. fulltrúar í fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 533).

Öryggiskröfur um hjólbarða, þáltill. (þskj. 145, n. 422, 423). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um öryggiskröfur til hjólbarða og innflutningsgjöld af hjólbörðum og hefur nefndin fengið umsagnir Bílgreinasambandsins og Bifreiðaeftirlitsins um málið. Nefndin telur brýnt að settar verði gæða- og öryggisreglur um innflutning og notkun hjólbarða, enda mikilvægt öryggistæki, og mun eftirlit og reglur um bætt ástand þeirra tvímælalaust stuðla að auknu öryggi í umferðinni.

Nefndin gerir nokkra breytingu á tillgr. og leggur til að hún hljóði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning og notkun hjólbarða með hliðsjón af því, sem tíðkast í grannlöndum okkar, og kanna jafnframt hvort unnt sé að lækka verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum."

Er allshn. sammála um að mæla með samþykkt till. með þeirri brtt. sem ég hef hér lýst.

ATKVGR.

Brtt. 423 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 534).

Úttekt á taprekstri opinberra fyrirtækja, þáltill. (þskj. 442). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Staðfesting Flórenssáttmála, þáltill. (þskj. 478). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kapalkerfi, þáltill. (þskj. 489). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mig langar að beina örfáum orðum til hæstv. heilbrrh. Það er vegna þess að það virðist enn vera mikill skortur á læknum, a. m. k. á einni heilsugæslustöð, sem er á Hólmavík. Ég held að hv. alþm. hafi gott af því að heyra að þar hafa verið 10 læknar settir síðan 1.1.1981 og frá 6. des. s. l. hafa verið settir sjö læknar í þessu læknishéraði. Setning hefur verið eins og frá 6. des. til 31. des., 2. jan. til 11. jan., 14. jan., en síðan var annar settur 17., þremur dögum síðar, og hann er til 31. jan., 3. febr. til 15. febr., 15. febr. til 28. febr. og 1. mars til 31. mars. Í flestum tilfellum er um stúdenta að ræða eða í sex tilfellum af tíu. Það getur hver séð, að með þessum hætti er í raun og veru lítil sem engin læknisþjónusta í þessu læknishéraði.

Ég er ekki að deila á hæstv. ráðh., en ég vil aðeins vekja athygli á þessu ófremdarástandi og biðja hann í fullri vinsemd um að taka þetta mál til gagngerðrar athugunar. Ég held að ekki eigi að vera miklir erfiðleikar á því að setja einn lækni úr stóru sjúkrahúsunum hér í Reykjavík í allt að 3—4 mánuði á svona stöðum. Það er ekkert verið að pína menn á þessum stöðum. Þar er ágætis hús, gott sjúkraskýli. Það er það mikill fjöldi af læknum á stóru spítölunum hér á höfuðborgarsvæðinu að auðvelt ætti að vera, ef stéttin vill, að leysa þetta mál. Ég vil heita mínum stuðningi við hæstv. ráðh. hvað sem hann gerir í þessum efnum til þess að fá hér úr bætt. Ég vil standa með honum í því að þarna verði bætt úr.

Það er ákaflega þreytandi og sorglegt fyrir okkur þm. utan af landi og í þessum byggðarlögum að fá þessar kvartanir og maður er spurður að því af fjölda af fólki: Er virkilega ekki hægt að hafa þetta ástand með betri hætti, þannig að við eigum von á að fá heilsugæslulækni í 3—14 daga. Ég trúi ekki að þetta þurfi að vera þannig. Nú hefur landlæknisembættið ákveðið og heilbrrn. að auglýsa þessa stöðu með auglýsingu 18. febr. frá og með 1. ágúst 1983. Ég vænti þess að hæstv. heilbr.- og trrh. svari þessum tilmælum og ég endurtek: Þetta er ekki ádeila á hann sem slíkan, heldur er fyrst og fremst verið að hreyfa hér máli til þess að fá úrbætur úr því hörmulega ástandi sem þessi mál eru í hvað þetta heilsugæsluhérað varðar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Heilsugæsluumdæmið á Hólmavík hefur verið eitt af þeim umdæmum sem erfiðast hefur verið að manna á undanförnum árum og um árabil var þetta þannig að stórir kaflar féllu úr á ári hverju, þar sem enginn læknir fékkst til að sitja þar á heilsugæslustöðinni, en eins og kunnugt er er H1 stöð á Hólmavík. Undanfarin tvö ár eða svo hefur stöðin verið setin allan tímann, en það hefur hins vegar verið með afskaplega tíðum skiptum á mönnum eins og hv. 1. þm. Vestf. gat um áðan. Það er auðvitað ákaflega slæmt að slíkt skuli gerast því að út úr því fæst ekki sú heilbrigðisþjónusta sem fólkið á svæðunum á rétt á því að fá samkv. landslögum.

Rn. hefur hins vegar kosið að reyna að telja menn á að vera þarna um skemmri tíma, þó að það væri bara hálfur mánuður eða tveir mánuðir, frekar en að hafa engan. Þess vegna lítur listinn út eins og hv. þm. gat um áðan. Ég hlýt að þakka honum fyrir þá stuðningsyfirlýsingu sem fram kom af hans hálfu við rn. í þessu efni og við munum í rn. reyna að gera allt sem unnt er til að koma þarna á varanlegri skipan mála þannig að hlutirnir verði betur tryggðir en verið hefur.

Ég vil aðeins, herra forseti, leyfa mér að geta þess í leiðinni að nú er það þannig að um 60% af heilsugæslustöðvum í landinu eru setnar mönnum sem hafa skipun og er það mjög veruleg framför frá því sem var fyrir fáeinum árum. Þetta stafar af því að það er meira framboð af læknum en áður var, m. a. sérmenntuðum heimilislæknum. Nú er það t. d. þannig á Vestfjörðum að þar eru sex skipaðir læknar, en var einn þegar ég kom í heilbrrn. fyrir þremur árum. Ástæðan til þess að fjölgunin hefur orðið þetta mikil er í fyrsta lagi aukið framboð á læknum og í öðru lagi að nú sjá menn að verið er að búa betur að heilsugæslunni á Ísafirði en áður var og er það vegna þess að þar hefur verið tekin í notkun ný heilsugæslustöð.

Nú eru eins og ég sagði sex skipaðir heilsugæslulæknar á Vestfjörðum, þ. e. þrír á Ísafirði, einn á Bolungarvík, einn á Patreksfirði og einn á Flateyri. Auk þess hefur verið ráðinn til starfa í nýja stöðu mjög hæfur skurðlæknir að sjúkrahúsinu á Ísafirði, þannig að þessum málum hefur þokað mjög áleiðis að mínu mati á liðnum árum. Þá er þess ógetið að þar hefur nú loksins verið skipaður héraðslæknir sem starfað hefur þar um tveggja ára skeið. Engu að síður er þarna verulegur vandi á ferðum, bæði að því er varðar Hólmavík og Þingeyri, og heilbrigðisyfirvöldum er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að bæta þarna úr.

Kannske er það góð hugmynd, sem hér var bent á, að reyna að ná samningum um það við læknasamtökin að menn gegni þessum stöðum, þó um skemmri tíma sé, til þess að tryggja samfellu í heilsugæslunni.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir góðar undirtektir. Mér er ljóst að hér hafa orðið miklar breytingar einmitt með auknum framlögum til heilbrigðismála í þetta kjördæmi sem og í öll önnur og stóraukið framboð af læknum. Ég held að langbesta lausnin sé sú, sem oft var reynd og tókst stundum vel, að leita samstarfs við lækna á stærstu sjúkrahúsunum til að fá menn í þessi störf um nokkurra mánaða skeið í einu. Þetta tókst oft í neyðartilfellum og nú eru ekki í þessu kjördæmi nema tveir staðir sem er bágt ástand með og þó alveg sér í lagi þessi eini staður.

Ég endurtek að ég skal standa með ráðh. í því að gera þær ráðstafanir sem duga til að bæta úr þessu og reyna það með friðsömum hætti og treysti á skilning læknanna sjálfra á nauðsyn þess að leysa úr ófremdarástandinu sem þarna er.

Rannsóknir á laxastofninum, þáltill. (þskj. 127, n. 482). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um eflingu rannsókna á laxastofninum. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt þessarar till. og þarf ekki að rökstyðja það með mörgum orðum, en það hljóta allir að vera sammála um að um leið og við erum að gera kröfur til þess að þjóðir í kringum okkur séu ekki að stunda laxveiðar og bera nánast á þær getsakir í þeim efnum, þá er eins gott að við sjálfir reynum að auka rannsóknir svo að við vitum fyrir víst hvað við erum að tala um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, frh. 55. fundar.

Þriðjudaginn 8. mars, að loknum 61. fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er vel að 4. þm. Suðurl. er í forsetastól, því að ég þarf að vitna til fyrrv. formanns Alþb., Lúðvíks Jósepssonar. Hann mun hafa haft fyrir reglu að mótmæla því ef kvöldfundir væru hafðir tvö kvöld í röð, og er nú vel að úr því fáist skorið, hvort sú regla er viðurkennd af hv. 4. þm. Suðurl., og mætti honum vera málið skylt. Það hlýtur að vera eðlilegt að þessi krafa sé fram borin því að kvöldfundur stóð í gærkvöld fram undir miðnætti. Og ég efa að það sé þinginu til góðs að þannig sé staðið að málum að menn hafi sem minnstan tíma til að skoða hvað þeir eru að gera og sé nánast þvælt út með óheyrilega löngum fundahöldum.

Ég vona að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, en þessi ósk er hér með fram komin og ég vænti þess að forseti treysti sér til að afgreiða þetta strax.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Ég sé enga ástæðu til þess að menn geti ekki komið hér í kvöld og rætt málin áfram. Það er einkennilegt að menn kvarta undan miklu vinnuálagi þó að þeir sitji hér í örfáar klukkustundir þegar þjóðin öll er vön að vinna myrkranna á milli. Hv. alþm. eru ekkert of góðir til að gera það einnig, þegar þannig stendur á.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég tek undir ræðu síðasta alþm. sem hér talaði. Hér er til umr. frv. um breyt. á stjórnarskránni og ef að líkum lætur er þetta þriðji kvöldfundurinn sem haldinn er um þetta mál. Klukkan var að verða 12 í gærkvöld þegar fundi lauk. Ýmsir menn mættu á fund kl. 9 í morgun og sumir kl. 8. Ég vil beina því til forseta, hvað vinnulöggjöfin segir um þetta, hvort það er að hans mati að alþm. fái eðlilega hvíld. Ég beini því eindregið einnig til hans að athuga hvort er eðlilegt að sama dagskrármálið sé ævinlega á kvöldfundum og menn verði að sitja hér kvöld eftir kvöld fram undir miðnætti eða fram yfir miðnætti eins og gerst hefur. Og með tilvísun til þess merka manns og öldnu kempu, Lúðvíks Jósepssonar, sem neitaði þessu gjarnan, þá fer ég fram á að það verði ekki kvöldfundur í kvöld.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Ég get ekkert sagt um hvað hv. fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur sagt í þessum efnum, en ég þykist muna að ég hafi oft setið með honum kvöldfundi kvöld eftir kvöld þegar það hefur átt við.

Varðandi vinnulöggjöfina er ég enginn sérfræðingur í því. En ég veit að hún setur almennar reglur, en gefur einnig undanþágur þegar þannig stendur á. Og þannig stendur einmitt á nú.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það var hér í fyrra og hitteðfyrra starfað langt fram á nótt í þingi kvöld eftir kvöld og þá minnti ég á þessa löggjöf. Það var ekki virt. Þá þögðu þessir þm., þeir frændur, þunnu hljóði. Þá var þetta allt í lagi. En svo er malað hér og malað á daginn um þingtímann, að það sé verið að halda kvöldfundi, og það af mönnum sem tala allan daginn. Ef þeir eru ekki að tala um viðkomandi málefni eru þeir að tala um þingsköp eða utan dagskrár með svoleiðis dómadags kjaftæði til þess að tefja þingstörf, eins og skrifari deildarinnar í dag. Sá hefði getað flutt ræðu sína á mun skemmri tíma en hann gerði. Það er auðséð hvað verið er að fara. Svo kemur hv. 6. landsk. þm., hraustur maður líkamlega, ég skal ekkert segja um hitt, og kvartar og kveinar undan því að það sé svo mikill hraði á málum og kvöldfundir og kvöldfundir. Þeir tala allan daginn, þessir menn, eru búnir að tala í allan dag, hafa skipt með sér verkum, eru hlaupandi í ræðustólinn út af öllu.

Hér fór dýrmætur tími fyrir póstmeistara Alþingis að verja gerðir sínar að deginum og síðan var metingur um að fá að vita hvað þingveisla hafi kostað. Það er varla runnið af þeim sem voru í henni, — endanlegar upplýsingar fengnar um það. Ég er búinn að spyrja hér í tvö ár um utanlandsferðir í kerfinu og það kemur ekkert um það. Ég get því ekki skilið annað en að það verði að hafa pínulitla ró. Þessi hv. þm. má bíða eftir að reikningarnir komi inn. Þá verður gaman að grassera í þeim og reyna að finna út hvað hver hafi neytt mikils, bæði í föstu og fljótandi.

Hér er verið að tala um að það sé verið að koma þessu frv. í gegn með einhverjum óskaplegum hraða og enginn viti hvað hann sé að gera og þetta sé svo flókið að almenningur skilji það ekki. Ég tek það á þann veg að þessir þm. skilji það ekki sjálfir. Þeir hafa bara ekki reynt að skilja það. Ég trúi því ekki að þeir séu svo tæpir að þeir skilji það ekki. En þeir hafa ekkert reynt að skilja það og ekki viljað skilja það.

Hvað er búið að ræða mál eins og kjördæmamálið lengi í flokkunum? Hafa ekki verið sérfræðingar starfandi og hafa sýnt upplýsingar um fjölda aðferða og hefur ekki fjöldi tillagna komið til greina? Öllum hefur verið frjálst að sækja þá fræðslu og spyrja og spyrja. Síðan er farið með þetta mál hér inn eftir að það er búið að ræða það hvað eftir annað í öllum þingflokkum, í öllum stjórnmálaflokkum. Ég held að skrifari deildarinnar hafi heldur betur fengið æfingu í að ræða þetta mál á, ég veit ekki hvort það heitir, miðstjórnar- eða flokksstjórnarfundi Framsfl. nýlega. Svo kemur hann með þennan líka þokkaderring, eins og hann var með. Hann ræðst að formanni flokksins með gífuryrðum og hann telur að það stafi af frv. stórhætta. Hvernig í ósköpunum getur þessi föðurlandsvinur verið þekktur fyrir að vera annar maður á lista með Steingrími Hermannssyni, þessum voðamanni? Fyrst formaður Framsfl. er orðinn þessi óskaplegi svikari og óheilindamaður, sem ætlar að leggja landsbyggðina niður, hvernig ætlar þessi dúfa, sem situr hér í skrifarasætinu, að vera í 2. sæti á lista með slíkum manni? Sjá ekki allir í gegnum þessa tvöfeldni og þessi andstyggilegheit, sem svona piltar eru að boða hérna á þingi, og er að verða þinginu til skammar að hlusta á dag eftir dag?

Svo kemur hér 4. þm. Reykv., sem nú er kallaður póstmeistari Alþingis, og hann segir: Þetta mál er ekki neitt. Það er ekkert í þessu máli, það er ekki neitt. Hann er búinn að tala í um það bil sex klukkutíma um mál sem er ekki neitt. Hann er búinn að flytja núna 10 tillögur, 4 tók hann aftur til 3. umr. Þeir komu hér, starfsmennirnir, hlaupandi með hverja tillöguna á fætur annarri í dag svo fjölritun hafði ekki undan. Hann er búinn að flytja 10 brtt. um mál sem er ekki neitt. (**VG:** Það verða að gera það einhverjir.) Þessi segir: Mál er ekki neitt. Hinn segir: Mál er stórhættulegt. Það er nú samræmi á milli hjá þeim þessum.

En einu er samræmi í. Báðir eru þeir með fíflalæti og þar hallast ekki á. (**ÓÞÞ:** Það eru engin fíflalæti núna.) Og annar, sem er 5. þm. Vestf., lagði fram gagnmerkar upplýsingar í gær, alveg stórmerkar, á borð þm., og það er um fjölda kosningabærra manna og flatarmál hvers kjördæmis. Og hann telur þetta frv. óskaplega ranglátt. En miðað við flatarmálið á Reykjavík að fá 4 þm. af 60, Reykjanes 3 af 60, Vesturland 5, Vestfirðir 5, Norðurl. v. 7, Norðurl. e. 12 og Austurland þarf ekki að kvarta, það fær 11, en Suðurland 13. Það verður nú lagið þegar þessi stjórnlagabreyting er komin þar. Þá vona ég að ég verði kominn undir græna torfu. (Gripið fram í.) Já, Austurland fær meginþorrann af Vatnajökli, það fær sennilega eina 4 þm. út á Vatnajökul. Ætla menn að taka svona mann alvarlega? (**Gripið fram :** Þá er Egill inni.) Ja, þá getur hann orðið bara hv. þm. Hvannadalshnjúks. (**Gripið fram í:** Er þetta formleg tillaga?) Nei, þetta eru upplýsingar. Þetta er það sem barist er fyrir. Það er von að þm. frá Austurlandi sé glaður á svipinn. Ég held að þeir verði ekki eins glaðir hér í þéttbýlinu ef jöklarnir eru teknir með. En vill nú ekki 5. þm. Vestf. taka næst til athugunar hvort það væri ekki alveg eins gott að miða við strandlengjuna eða miðin, öll miðin, og sjá hvað þá kæmi út. Það er gaman að svona umr. Það er von að þeim þyki leitt að tala á kvöldin. Þeir vilja bara fá daginn til að flytja þennan boðskap.

Þá spurði 5. þm. Vestf. í gær hvort nefndin hefði ekki kallað hagfræðing á fundinn, hvort hún hefði ekki kallað á félagsfræðing. Það var enginn slíkur kallaður og datt engum nm. í hug. (**Gripið fram í:** Ólafur Ragnar.) Hann er þjóðfélagsfræðingur, hann var úr Ed. og var sem nm., en ekki sem sérfræðingur. Hins vegar hafa sumir, og meira að segja sá sem greip fram í, þurft oft á honum að halda á undanförnum tveimur árum og sennilega fengið mikla vitneskju út úr því samstarfi öllu og lífsreynslu. (**Gripið fram í:** Hann hefur komið að góðum notum.) Já, það er gott. Þetta eru ágætir menn hvoru tveggja.

5. þm. Vestf. segir: Ja, eigum við ekki að hætta? Fólksstraumurinn eykst hingað á suðvesturhornið með samþykki þessa frv. Það voru færri þm. eftir að landið varð fullvalda ríki. Þá voru færri þm. en nú eru og þá var hlutfallið hærra í kjördæmunum úti á landi, eins og t. d. Vestfjarðakjördæmi. En fólksstraumurinn hélt áfram bæði þaðan sem annars staðar. Það voru yfir 15% af íbúum þjóðarinnar búsett í því kjördæmi — að mig minnir — árið 1910, en ekki nema liðlega 5% núna. En það er ekki þingmannafjöldinn sem gildir. Það er fyrst og fremst: Standa þeir sig þessir þm.? Eru þeir starfi sínu vaxnir? Kunna þeir að eiga samvinnu við aðra þm. og koma málum fram með þeim hætti eða á bara að berja hausnum við steininn og láta fólkið fara?

Ég ætla að benda t. d. þessum hv. þm. á að vegamál eru mjög mikilvæg mál í sambandi við byggðastefnu og í sambandi við búsetu, samgöngur og framfarir úti um land. Síðan 1978 hefur framlag ríkisins sjálfs, beint framlag til vegamála á verðlagi ársins 1982, lækkað úr 69.7 millj. kr. í 9.5 millj. kr. á s. l. ári. M. ö. o.: lækkun á beinu framlagi til vegamálanna einna nemur rúmlega 167 millj. kr. á þessum árum frá 1978—1982. Þetta höfum við verið að benda á, þm. Vestfirðinga sem þm. annarra dreifbýliskjördæma, en 5. þm. Vestf. hefur látið sér þetta allt í léttu rúmi liggja. Hann hefur verið grútmáttlaus. Það þýðir ekki að opna muninn einstaka sinnum út af kjördæmamáli eða stjórnlagabreytingu, en þegja og gleypa allt sem að honum er rétt að öðru leyti. Það er kominn tími til fyrir þennan hv. þm. að sýna dáð hvað þetta varðar.

Ég vil líka minna þennan hv. þm. og fleiri þm. á framlag úr ríkissjóði til Byggðasjóðs á árunum 1972—1982 og það framlag sem er áætlað á árinu 1983 á verðlagi ársins 1982, og nú skulu menn taka eftir: Framlagið var 1972—1974 48—49 millj. kr., en 1975 fór það upp í 113.5 millj., 1976 upp í liðlega 116.2, 1977 í tæpar 130 millj. og 1978 í 108.5 millj. Hvað skeði svo eftir það? Eftir það fer það niður: 1979 niður í 90 millj., 1980 niður í 62.3 millj., 1981 niður í 58.6 millj., 1982 niður í 52.5 millj. og 1983 verður það tæplega 44.2 millj. Um leið og Sjálfstfl. var farinn úr ríkisstjórn, þar sem staðið var við framlög til Byggðasjóðs samkv. lögum var farið að klípa af og hefur verið haldið áfram síðan. Hefur nokkur heyrt stunu eða hósta frá 5. þm. Vestf. við þennan niðurskurð allan? Nei, hann hefur látið sér þetta allt í léttu rúmi liggja og samþykkt það allt saman.

Hann hefur staðið að fjárlagaafgreiðslu. Hann hefur staðið að því að lækka framlög til fólksins úti á landi, sem hann ber svona mikla umhyggju fyrir núna.

Það sem vantar er að velja sér betri þm. úti á landi en þetta. Þetta er léleg frammistaða, alveg hræðileg. Ef ég væri í sporum þessa hv. þm. mundi ég skríða undir borðið og ekki láta sjá mig fyrr en fundi væri slitið og reyna þá að komast heim óséður. Svo koma svona menn fram alveg hreint með munninn fullan og gleypa vind hér hvað eftir annað yfir að það sé verið að ráðast á byggðarlögin með þessu frv. og það er ekki gætt einu sinni að því að meira að segja formaður flokksins er stórskemmdur í ummælum í þeim ákafa að reyna að ráðast á aðra.

Hann sagði hér, þessi maður, að fjórmenningarnir væru þrír — ég skil þetta ekki — og hann endurtók það: fjórmenningarnir þrír. Og svo sagði hann: Það mætti kannske bæta 1. þm. Vestf. við og þá eru við orðnir fimm. Þetta minnir mig á eitt, sem maður einn sagði fyrir allmörgum árum í litlu byggðarlagi. Hann sagði: Það sem okkur vantar hér í þorpinu er kvartett með svona 2—3 mönnum.

Hv. 6. landsk. þm. talaði mikið um upphitunina. Mér hefur oft runnið til rifja að geta ekki notað alla þá upphitun sem frá honum streymir. Það er alveg hárrétt hjá honum að kyndingarkostnaðurinn úti um land er svívirðilega hár. Hér hafa verið fluttar tillögur á þingi. Hér hafa verið fluttar tillögur við afgreiðslu fjárlaga. Stjórnarliðið hefur staðið í veginum. Ég er alveg reiðubúinn að standa að slíkri till., en við tökum ekki kyndingarkostnaðinn inn í stjórnarskrána. Nei. Hins vegar eru fjölmörg atriði sem við þurfum að hyggja að í þessum efnum. Það hefur margt vel tekist hjá mörgum ríkisstjórnum. Það hafa líka tekist einstök atriði hjá núv. ríkisstj., ég ætla ekkert að draga fjöður yfir það, en margt er óunnið.

Ég man ekki að hv. 6. landsk. þm. hafi flutt mál um þessi efni, ekki nema brtt. við fjárlög. (**KP:** Ásamt hv. 1. þm. Vestf.) En það hafa ýmsir aðrir þm. flutt mál af þessu tagi og þetta er mikils virði. Hins vegar hef ég frétt að vestan, haft eftir formanni þingflokks Alþfl., að 6. landsk. þm. hafi sagt að afrakstur formanna flokkanna hafi verið hálf lína á dag við að semja þetta frv. og þennan málatilbúnað. Það hefur verið sagt að formaður þingflokks Alþfl. hafi sagt að það væri ekki mælikvarði frekar en mæla orð þm. í desíbelum. Það má leggja mismunandi vægi í fleira en atkvæðisréttinn.

Ég hef margoft tekið fram að ég tel að leiðréttingar verði að gera í þessum efnum. Ef við ekki gerum það núna erum við enn að auka glundroðann í þjóðfélaginu. Það fer enn vaxandi að nýir flokkar rísi og bjóði fram. Hvað fæst með því að fleiri flokkar komi, fleiri frambjóðendur? Meira ósamræmi í þinginu. Það er nóg samt og það er nógu erfitt að halda flokkum saman í því upplausnarástandi sem er. Það er ekki rétta leiðin að fjölga þeim jafnt og þétt (**Gripið fram í:** Bara einn flokk.) Nei, flokkarnir mega gjarnan vera eins og þeir eru, en það er ekki lausnin á vanda þessa þjóðfélags að fjölga flokkum og það er ekki lausnin á stjórnmálaumr. og stjórmálabaráttu að flokkar séu stofnaðir eftir kynferði og að flokkar séu stofnaðir eftir því hvort fólkið býr í þéttbýli eða strjálbýli. Það er fyrst og fremst um landsmálin almennt, um þjóðfélagsstefnu, um markmið og leiðir sem á að stofna og starfa í flokkum, og það er hægt að gera þó að þessi leiðrétting sé gerð á kjördæmamálinu.

Ég geri ekki mikið úr Önundarfjarðarsamþykktinni, sem 5. þm. Vestf. lýsti mjög fjálglega í gær. Ég geri ekki heldur mikið úr Hvammstangasamþykktinni. Hér er ekki verið að reyna að leita úrlausna á vandasömu og viðkvæmu máli. Ég geri ekki heldur mikið úr skoðanakönnunum sem eru sendar á bensínstöðvarnar og lesnar upp jafnharðan, þar sem gengið er fram hjá því fólki sem býr úti á landsbyggðinni. Þetta er ekki leiðin til að ná þessari þjóð saman. Þingræðið hangir núna á það veikum þræði að kominn er tími til að mynda sterka blokk manna úr öllum flokkum til að sýna þjóðinni að þm. geta staðið saman þegar aðrir gera það ekki. (**Gripið fram í:** Er það samstaðan?) Það er samstaða hér um breytingar. Þjóðinni hefur fjölgað um 50%, ætla ég að segja 4. þm. Reykv. ef hann hefur ekki vitað það, frá því að síðasta kjördæmabreyting var gerð. Það hefur ekki á þessari öld liðið lengra á milli breytinga á stjórnlögum en nú og aldrei verið meiri fjölgun þjóðarinnar en á þessu sama tímabili.

Það er oft talað um að strjálbýlið þurfi að standa saman á móti þéttbýli eða þéttbýli á móti strjálbýli. Ég hef 20 ára þingreynslu og ég get því talað af talsverðri reynslu. Þegar maður hefur þurft að berjast fyrir framgangi mála, sem hafa snert það kjördæmi sem ég hef verið fulltrúi fyrir, hefur það sjaldnar verið að strjálbýlið hafi náð saman. Það hefur blossað upp öfund á milli strjálbýliskjördæmanna við afgreiðslu slíkra mála. Það er miklu oftar sem ég man eftir því að hafa leyst erfið mál með góðu samstarfi við þm. hér í þéttbýlinu. Því miður verð ég að segja að strjálbýlið hefur ekki átt þá gæfu að standa saman vegna innbyrðis metnaðar og metings um fjármuni. Þess vegna lít ég eftir þessa reynslu ekki með þröngsýni á þetta mál og þessa stöðu. Ég get alveg sagt við það fólk sem hefur sent mig á þing að þessa reynslu hef ég og af þessari reynslu hef ég lært og það þýðir ekki annað í því að koma baráttumálum fram en að njóta stuðnings annarra, njóta þess að aðrir sýni sanngirni, en að ætlast til þess að aðrir sýni sanngirni kostar það að við hinir verðum að sýna þeim sanngirni í þeirra málum. Þetta eru ekki hrossakaup, heldur er hér um gagnkvæman skilning að ræða til að koma okkur eitthvað áleiðis í þessum efnum.

Það er mikið talað um af þessum mönnum að þetta frv. sé svo lítið að það hefði þurft að ná til stjórnarskrárbreytingarinnar í heild. 4. apríl á s. l. ári eða fyrir um 11 mánuðum kom formaður stjórnarskrárnefndar fram í útvarpinu og hann segir í samtalinu: Nefndin fjallar ekki eingöngu um kjördæmamál, heldur alla stjórnarskrána. Hún ljúki störfum fyrri hluta þessa árs, ársins 1982 eða í sumar, þannig að í haust, (s. l. haust) þegar þing kemur saman, og það kemur nú saman 10. okt., verði unnt að leggja fram fyrir þingið frv. til nýrrar stjórnarskrár eða um breytingar á stjórnarskránni. Það þing hafi svo að sjálfsögðu rúman tíma til að fjalla um málið, en að stjórnarskráin verði svo afgreidd á þessu þingi, vorið 1983. Hann segir í sama viðtali varðandi sjálft kjördæmamálið: Þá sýnist mér að horfi betur nú um samkomulag um víðtæka samstöðu um breytingar þar en við fyrri kjördæmabreytingar. Meginatriðið er þetta, að það þarf að leiðrétta hlut Reykjavíkur og Reykjaness, og ég held að þó að margir kjósi að fjölga

ekki þm., þá verði menn að líta raunhæft á málið. Það hefur hingað til aldrei tekist að leysa kjördæmavandann nema með einhverri fjölgun þm. og ég ætla að það verði þannig nú einnig, þannig að ég tel að mestur byr sé fyrir því að halda þeirri kjördæmaskipun í megindráttum sem nú er og hefur verið síðan 1959, en fyrst og fremst að rétta hlut þessara tveggja kjördæma.

Þetta segir formaður stjórnarskrárnefndarinnar. Það sem gerist svo er að nefndin lýkur ekki þessum störfum fyrr en miklu síðar og þegar þetta álit er sent til þingflokkanna eru menn á því, á einu máli að ekki sé hyggilegt að taka alla stjórnarskrárbreytinguna til afgreiðslu nú á þessum vetri. Það er ákveðið mál að ríkisstj. ætlar að láta kosningar fara fram ekki síðar en 23. apríl og því er ekki um annað að ræða en að hraða afgreiðslu þessa máls.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir um stjórnarskrármálið: „Stjórnarskrárnefndin, sem vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar, ljúki störfum fyrir árslok 1980, þannig að Alþingi hafi nægan tíma til að ljúka afgreiðslu stjórnarskrár og kjördæmamálsins fyrir lok kjörtímabilsins."

M. ö. o.: þeir sem að núv. ríkisstj. standa töldu að þessar tillögur þyrftu að liggja fyrir í árslok 1980, þannig að rúmur tími væri til að kanna þær og afgreiða fyrir kosningar 1983. Það var ekki skemmri tími en þetta eða næstum því 2.5 ár sem stuðningsmönnum þessarar ríkisstj. þótti vera hæfilegur til að afgreiða þetta mál eftir að tillögur stjórnarskrárnefndarinnar lægju fyrir. Það er hollt fyrir þá þm. sem nú telja að þetta eigi allt að hafa verið í einum pakka, að hugsa um að þetta er sáttmáli sem þeir sumir hverjir stóðu að og hafa staðið að til þessa. Það er líka hollt fyrir þm. eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. að hafa þetta í huga, þegar hann segist ekki vilja taka afstöðu til þessa máls vegna þess að hann vilji hafa allar stjórnarskrárbreytingarnar inni. Þetta er útilokað. Þetta hefur engum manni dottið í hug fyrr en núna. Þetta er tekið hér fram af stuðningsliði ríkisstj. Þetta hefur hvað eftir annað verið tekið fram af fjölmörgum stjórnarandstæðingum, að Alþingi þyrfti langan tíma í þessi mál öll. Þess vegna er það ástæðan fyrir því að þessi atriði eru ekki inni í frv. sem hér er til umr. og afgreiðslu.

Ég hef aldrei heyrt neitt frá hv. 4. þm. Reykv. í þessum efnum fyrr en nú. Það er eins og hann hafi ekki fylgst neitt með þessu máli, hann hafi vaknað af Þyrnirósarsvefni og vaknað svo illa að hann skrifar hér tillögur í gríð og erg. Sennilega veit hann ekkert hvað sumar tillögurnar fjalla um því að fumið og hamagangurinn er svo óskaplegt. (**VG:** Þm. les ekki þskj.) Jú, ég les miklu betur þskj. en viðkomandi þm. hefur gert því að hann veit ekkert í fjölmörgum málum. Hann er í sínum leikskóla og sínum hugarheimi í þessum efnum.

Þá langar mig að snúa með nokkrum orðum að hv. þm. sem ég hef ekki nefnt áður. Það er hv. 9. þm. Reykv. Hann vill gjarnan breyta kjördæmaskipuninni, að hann segir, og seint í sumar loksins kom hann ásamt hinum fulltrúa Alþfl. í stjórnarskrárnefnd með það að fækka kjördæmunum á þann veg að stækka þau, sem hann nefndi hér í ræðum. Við sem höfum starfað sem þm. fyrir stór og erfið kjördæmi yfirferðar teljum það ekki skynsamlegt að fjölga þeim kjördæmum, ef þm. eiga að sinna vel sínum störfum, og ég tel að frekar megi finna að að þm. komist ekki nógu vel yfir að sinna sínum störfu í þeim kjördæmum eins og þau eru núna, hvað þá að stækka þau. Síðan kemur það upp að gera landið að einu kjördæmi. Þetta var einu sinni baráttumál Alþfl., en Alþfl. féll frá þessu. Að gera landið að einu kjördæmi er auðvitað það sama og að segja hinum fámennu byggðum: Við ætlum bara ekkert um ykkur að hugsa. — Það mundi enginn þm. gera það fyrst í stað. Þm. sem hafa tengsli við þessi fámennu byggðarlög mundu sinna þeim fyrst í stað, en þegar fram líða stundir væri fyrst og fremst snúist um hinar fjölmennari byggðir og fjölmennustu byggðir í landinu. Þess vegna er slík till. óframkvæmanleg og hún er í fullu ósamræmi við lýðræðisleg vinnubrögð, enda er það þannig að flestar þjóðir skipta löndum sínum í kjördæmi og umdæmi. Hins vegar má deila um hvort landið eigi að vera þessi átta kjördæmi eða hvort þau eigi að vera minni eða jafnvel einmenningskjördæmi. Um það má deila. Þessi breyting, sem gerð var 1959, hefði aldrei verið gerð, ef Famsfl. hefði staðið að breytingu. Þá hefði vafalaust verið haldið við það kerfi sem var fram til þess tíma. En ég er eins sannfærður um það núna og ég var lítið sannfærður um það þá, að þessi breyting var til góðs og hún hefur á margan hátt reynst mjög vel.

Ég tel að það sé hreinn misskilningur hjá andófsmönnum gegn þessu frv. að telja að þetta frv. sé látið ganga fram með einhverju offorsi. Þetta frv. hefur verið rætt tvö kvöld, sagði hv. 5. þm. Norðurl. v. Það var rætt annað kvöldið í vikunni um leið, fyrir miðja viku. Það var rætt í gærdag og gærkvöld og það hefur verið mestallan tímann í dag til umr. Ég skil ekki í að menn þurfi að kvarta undan þessu. Ef þetta mál hefði ekki verið til umfjöllunar í þingflokkum eða stjórnmálaflokkunum almennt væri hægt að kvarta. Það er búið að ræða þetta mál fram og til baka, gera fjölmargar samþykktir og ákvarðanir hafa verið teknar. Það hefur verið rætt hér í þinginu í þingnefnd, sem vinnur sameiginlega að tillögugerð í málinu, sem er skipuð 14 þm. úr öllum fjórum flokkunum og það eru allir sammála í þessum efnum. Því kemur mér ákaflega spánskt fyrir sjónir hvernig þrír framsóknarmenn hér í þessari hv. deild láta. Af hverju gerðu þeir ekki kröfu eða ósk um að fá að eiga einn fulltrúa í þessari nefnd eða gerðu þeir kannske kröfu um það og fengu ekki? Og hvaða tal er þetta hjá hv. 5. þm. Vestf., hvort nefndin hafi verið að kalla einhverja sérstaka embættismenn á sinn fund. Hagstofustjóri var eini embættismaðurinn sem kom og óskaði eftir að koma. Það eru fjölmargir embættismenn búnir að fjalla um þetta mál. Hverjum átti að senda málið til umsagnar? Þetta mál hefur verið til umsagnar í öllum stjórnmálaflokkunum. Það eru fleiri hundruð ef ekki þúsundir manna búin að fjalla um kjördæmamálið. Það liggja fyrir ályktanir þess efnis að flokkarnir reyni að ná samstarfi. Hins vegar vitum við að hver og einn vill hafa málin öðruvísi. En þegar á að taka tillit til annarra verður maður að láta af hörðum skoðunum og ég segi fyrir mitt leyti, að ef ég einn hefði átt að semja þetta frv. eða frv. um þetta efni hefði það verið með töluvert öðrum hætti en þetta frv. er. Ég kynnti þau mál í stjórnarskrárnefndinni í upphafi. Þau mál náðu ekki fram að ganga. Ég hafði aðeins tvö prinsip þegar ég fór í þessa stjórnarskrárnefnd. Í fyrsta lagi að ná sem mestum jöfnuði á milli flokka og í öðru lagi að leiðrétta það misvægi sem hefur skapast frá því að kjördæmabreytingin var gerð. Ég hef rakið víðar

þessi mál og það fyrir 2—3 árum og alltaf voru nýjar tillögur. Ef hver og einn hefði átt að halda sér við það sem hann lagði fram í upphafi hefði aldrei neinn árangur orðið. Ef hver formaður í flokki eða þm. hefði ætlað að halda sér við það sem þeim hefði áður litist best á hefði enginn árangur náðst. Þá stæðum við líka frammi fyrir því að fá fleiri flokka, meiri glundroða, meiri erfiðleika til þess að standa að lausn aðsteðjandi vandamála, sem bíða úrlausnar hjá þessari þjóð.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það virðist vera orðið tæpt á því með málfrelsið hér í deild og það er athyglisvert að 1. þm. Vestf., sem gjarnan hefur verið kræfur að óska eftir því að kvöldfundir væru ekki haldnir tvö kvöld í röð, gerist nú sérstakur talsmaður þess að þeir skuli haldnir tvö kvöld í röð þrátt fyrir að hver og einn, sem var hér í gær, minnist þess að hann hljóp af kvöldfundi og sinnti ekki þingstörfum á þann veg að sitja hér þangað til fundi var lokið í deildinni. Mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar slíkir menn kvarta unda vinnubrögðum annarra.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tel svona þingskapaumr. algerlega út í hött og ég ætla bara að segja það, að ég tel mig mjög sterkan og endingargóðan úr því að ég hlustaði á ræðu 5. þm. Vestf., en ég var að fara í frakkann hérna niðri þegar hann lauk máli sínu og heyrði í hátalaranum lokaorð hans og fyrstu orð frænda hans, hv. 5. þm. Norðurl. v., en þá fór ég. Ég tel að ég hafi unnið alveg fyllilega fyrir kaupi mínu í gær. (**JBH:** Það er rétt.)

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 521 (sbr. 367)). — Frh. 3. umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þessi umr. um frv. til stjórnskipunarlaga er nú að lokum komin og margt er búið að segja og kannske misjafnlega gáfulegt. Ég vildi, vegna þess að nú lýkur þessari umr. senn, aðeins ítreka þær skoðanir sem ég lét í ljós við 1. umr. málsins. Þó vil ég áður en ég geri það taka það fram að mér hefur fundist sem margar af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar hafi verið þess eðlis að þeim fylgi nokkur hætta á því að menn séu að reyna að reka fleyg á milli þéttbýlis og dreifbýlis í þessu landi og það er ákaflega hættuleg stefna og hættulegur leikur sem menn leika þar. Ef ræður af því tagi sem við höfum heyrt hér, annars vegar frá fulltrúum þéttbýlis og hins vegar fulltrúum dreifbýlis, eiga að ná fram og t. d. í lagaformi, þ. e. innihald þeirra kæmist í lagaform á einhvern hátt, þá óttast ég mjög um afdrif þessarar þjóðar.

Ég vil segja það og endurtaka, sem ég sagði við 1. umr., að ég harmaði það mjög þegar mér varð ljóst að hv. formenn flokkanna væru að skila —forseti, væri nokkur leið að fá hljóð, sérstaklega úr stóli forseta? Ég veit að mönnum er heitt í hamsi hér og hér hafa fallið mörg orð og þung, og sérstaklega á milli ákveðinna þm. ákveðins kjördæmis, en þeir geta bara beðið til kvöldsins. — Það sem ég var að segja var það, að þegar mér var ljóst að formenn flokkanna væru eingöngu að ræða kjördæmamálið og ætluðu sér eingöngu að skila frv. um kjördæmamálið varaði ég mjög við því og sagði strax að ég mundi ekki taka þátt í afgreiðslu þess máls einfaldlega vegna þess að ég teldi að þar með væri gengið frá mikilvægasta þættinum, þ. e. breytingunum á stjórnarskránni, sem var svo nauðsynlegt að koma fram.

Ég er þeirrar skoðunar, að menn hafi ofgert því hvaða réttindum fólk nær fram með þeim breytingum sem hér er lagt til að þingið samþykki. Ég er þeirrar skoðunar að það hefðu náðst fram miklu veigameiri og miklu fjölþættari réttindamál þjóðarinnar með því að gera breytingar á stjórnarskránni. Ég skal nefna nokkur dæmi máli mínu til stuðnings. Það eru málefni minnihlutahópa, sem hefðu þurft að ná fram í sambandi við breytingu á stjórnarskránni. Það er ákvæði um þjóðaratkvæði, sem ég tel stórt og mikilvægt jafnréttismál. Það eru ákvæði um að negla inn í stjórnarskrána orðin lýðræði, þingræði og jafnrétti. Það eru ákvæði um hvernig meiri hl. skal vera til þess að ríkisstj. geti starfað í landinu. Það eru ákvæði um þingrofsrétt. Það eru ákvæði um rétt til útgáfu á brbl. Það eru ákvæði um eina málstofu. Það eru ákvæði um sjálfstæði sveitarfélaga. Það eru ákvæði um eignarrétt á landi. Það eru ákvæði um sjálfstæði sveitarfélaga, sem ég hef líklega nefnt, og þannig mætti lengi telja.

Erindi mitt hingað upp var fyrst og fremst að segja í örfáum orðum það sem var kjarni í ræðu minni, sem ég flutti við 1. umr. og varð þess valdandi að ég treysti mér ekki til að taka þátt í afgreiðslu þessa máls einfaldlega vegna þess að það frv. sem hér liggur fyrir felur í sér tvennt: Að vísu nokkurn jöfnuð á milli flokka og nokkurn jöfnuð á atkvæðum manna hvar sem þeir búa á landinu, en engu að síður hefur verið sleppt því tækifæri sem gefst til þess að gera umtalsverðar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Ég harma mjög að það skyldi ekki takast og ég tel að það hafi kannske verið fremur fyrir ósamlyndi manna að það ekki tókst en nokkuð annað. Þess vegna, eins og ég lýsti yfir í upphafi, get ég ekki staðið að afgreiðslu þessa máls. Það vildi ég að kæmi fram í þingtíðindum nú þegar þetta mál er að komast á lokastig.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Nú er hafin 3. umr. um það frv. til stjórnarskipunarlaga sem hv. þm. Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Magnús H. Magnússon hafa flutt. Og það er ljóst, eftir 2. umr. þessa máls, að það er a. m. k. í þessari hv. deild meirihlutavilji fyrir því að afgreiða þetta mál. En það hlýtur að teljast merkilegt, ef aðeins eitt er skoðað og, eins og oft er skynsamlegast tekið dæmi af þeim fjölmennasta, og það eru hv. þm. Sjálfstfl. og einkum þeir sem í stjórnarandstöðu eru.

Þegar frá er talin að mörgu leyti góð ræða hv. 1. þm. Vestf., þar sem hann reyndi að undirbyggja sinn málatilbúnað málefnalega, og það gerði hann vissulega hér áðan, hafa þessir menn augljóslega kosið að þegja. Þeim finnst þeir ekki skulda sínum umbjóðendum neitt. Þeir hafa kosið að taka þátt í þess háttar vinnubrögðum, sem oft áður hafa verið nefnd og eru auðvitað að því leyti til samsæri, að það er augljóst að þetta eru samantekin ráð nokkurra forustumanna og undirsátar hlýða. Ráðagerðin er um að láta líta svo út sem hér sé meira samkomulag en raunverulega er. Og ég endurtek það og geri enn, svo sem ég hef margoft gert áður við þessa umr., að í þessum efnum skáka þeir í skjóli þess að þetta sama lið hefur allmikil ítök í þeim sem yfir fjölmiðlum í landinu ráða. Með þessu er ekki verið að

dylgja eitt eða neitt um óvönduð vinnubrögð af einu eða neinu tagi. Þetta eru bara staðreyndir málsins.

Vitaskuld er það svo, að ef hér væri um að ræða mál sem t. d. þm. Reykv. með glöðu geði vildu kynna fyrir sínum umbjóðendum í Reykjavík létu mennirnir ekki svona. Þá stæðu þeir uppi stoltir og færu út á meðal sinna umbjóðenda og segðu: Þetta er það sem við erum að gera í þágu réttlætis, réttinda ykkar. — En þeir gera ekki slíkt. Þeir sitja hér meira og minna niðurlútir, eru gjarnan ekki í þingsölum. Eftirtektarvert er t. d. að 1. flm. þessa frv., hv. þm. Geir Hallgrímsson, brýtur enn þær venjur, sem hér eru, að vera við umr. En ég treysti því að forseti sjái til þess að á kvöldfundi í kvöld, sem hefur verið þvingað fram, verði til andsvara a. m. k. 1. flm. þessa máls. Ég vek athygli á því, að við flóttalega framkomu hans í þessu máli hafa áður verið gerðar aths. og veit ég að forseti mun taka tillit til þess og sjá um að slíkt verði.

En þegar menn hafa staðið að máli sem þeir vilja flytja kinnroðalaust mæla þeir fyrir því. Þeir segja frá því á Alþingi hver séu rök fyrir því að leggja til svona mál og ekki einhvern veginn öðruvísi mál. En ekkert slíkt gera þeir. Þeir senda sinn fallna foringja í ræðustól, sem er 1. flm. þessa máls, og hann talar fyrir því, en hann fær engan stuðning frá sínum skoðanabræðrum í þessu máli, enda hafa þeir enga trú á þessu máli, þeir hálfskammast sín fyrir það og treysta því að andstaða við málið hér á hinu háa Alþingi sé svo máttlaus og verði svo máttlaus að það þurfi engan ótta að bera fyrir því.

Það er út af fyrir sig rétt að andstæðingar þessa frv. á hinu háa Alþingi koma að verulegu leyti úr sitt hvorri áttinni. Einn hópurinn af andstæðingum þessa byggir andstöðu sína á því, að það sé ekki gengið nógu langt til jöfnunar. Það eru ekki verri sjónarmið en hver önnur og þeim sjónarmiðum þarf að sýna virðingu. Annar hópur andstæðinga þessa máls byggir sjónarmið sín á því, að þeir óttast að í kjölfar þessarar opnu fjölgunar, sem hér er verið að leggja til og vísa þar með í þskj. með þessu frv., gerist það, að hagur dreifbýlis verði skertur. Það eru út af fyrir sig sjónarmið líka og þau sjónarmið ber auðvitað að ræða. Ef þetta mál hefði borið að með eðlilegum hætti og hér hefðu farið fram sex umr., sem hefðu dreifst yfir tvo mánuði, sem auðvitað hefði verið hinn eðlilegi farvegur, væri ekki fjórflokkakerfið í þeim vanda sem það er. Vandinn skýrist kannske einnig með því að þeir setja einhvern sinn ljúfasta fulltrúa í forsetastól og láta hann sitja undir þessu alveg að ósekju. En það er auðvitað gert meðan hinir eru víðs fjarri.

Þriðji hópur andstæðinga þessa máls hefur að vísu aðeins enn um stundir einn fulltrúa hér á Alþingi. Þar er verið að mæla fyrir allt annars konar breytingu í átt til jöfnunar, í átt til efnahagslegs styrkleika, í átt til annars konar stjórnkerfis í allveigamiklum atriðum. Það er forsenda t. d. sem ég gef mér og sem veldur því að ég mæli gegn þessu frv. með þeim hætti sem ég hef gert og í svo löngu máli sem ég hef gert. Það er náttúrlega tómt rugl hjá hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, sem nú er hlaupinn úr salnum, að vera að búa til einhverja samstæða sveit úr andstöðunni við þetta frv. Hún er auðvitað ekki til staðar og á ekki að vera til staðar. (**Gripið fram í:** Það sýnir sig.) Það sýnir sig. Allt er það rétt. En engu að síður er verið að búa til umr. um mál sem lengi hefur verið talið til meiri háttar nauðsynlegra breytinga í íslensku félagskerfi, þ. e. breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins.

Þvílíkt málefnalegt raus framgekk af munni hv. 1. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar, hér í gær, sem er í stökustu vandræðum þegar hann er að verja þetta mál, að augljóst er að manninum líður illa og hann skammast sín fyrir það sem í þessu frv. stendur. Hvað segir hann? Hann segir að í því felist þversögn t. d. hjá mér eða öðrum þeim sem þessu frv. hafa mælt gegn að segja að frv. feli ekki neina breytingu í sér, en tala samt svo lengi fyrir því sem við höfum gert. Þetta er auðvitað alrangt vegna þess að ég t. d. er að reyna að gera eitthvað úr þessu frv. með því að flytja við það brtt. sem eru eitthvað og fyrir þeim mun ég mæla þegar ræðu minni fram heldur. Þetta er kjarni málsins.

Mitt langa mál hefur ekki fjallað um frv. sem ekkert er, enda auðvitað engin ástæða til, nema það, eins og sagt hefur verið, að í efnisleysi þessa frv. felst blekking við fólkið í þessu landi, vegna þess að allmargir — vegna lítillar kynningar — halda að þetta frv. sé allt annað og miklu meira en það raunverulega er. (**Forseti:** Hugmyndin var að fresta fundinum kl. 7 og ég leyfi mér að spyrja, hvort hv. þm. eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Já. (**Forseti:** Þá vil ég mælast til þess að hv. þm. taki þá til máls að nýju þegar fundi verður fram haldið kl. 9 í kvöld) Já, allt er þetta sjálfsagt, herra forseti. En ég mælist til þess að á fundi kl. 9 í kvöld verði þeir mættir sem eru flm. að þessu frv. og á því bera ábyrgð. Það er ástæðulaust að vera að halda hér fund með þeim hætti sem nú hefur verið. Ég óska eftir að forseti taki tillit til þessara óska. Eitt er að flytja mál og annað að skammast sín fyrir það. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vil þá fram halda þeirri ræðu sem frá var horfið þegar fundinum var frestað kl. 19 í kvöld. Og gegn því sem forseti kann að halda þá ætla ég ekki að flytja ýkjalangt mál að þessu sinni en freista þess að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef flutt til viðbótar við þær sem grein var gerð fyrir í gær.

Brtt. á þskj. 522 hljóðar svo, með leyfi forseta, og er eitt af lykilatriðum í stefnu Bandalags jafnaðarmanna:

„Forsrh. skal vera þjóðkjörinn. Kjörgengur er hver sá maður sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis.

Forsrh. skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim er kosningarrétt hafa til Alþingis. Frambjóðandi skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Kjósa skal í tveimur umferðum, ef nauðsyn krefur, og skulu tvær vikur líða í milli. Sá er rétt kjörinn er einfaldan meiri hluta hlýtur í fyrri umferð. Nái enginn frambjóðandi slíkum meiri hluta skal í síðari umferð kosið milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu í fyrri umferð. Sá þeirra er þá rétt kjörinn forsrh. er fleiri atkvæði hlýtur. Ef aðeins einn maður er í kjöri er hann rétt kjörinn án atkvgr.

Að öðru leyti skal um framboð og kjör forsrh. ákveðið með lögum."

Hér lýkur þeirri grein. Mér er það auðvitað ljóst að í atkvgr. á morgun mun þessi till. hljóta eitt atkv. En hún verður samt látin ganga til atkvæða vegna þess hve við álítum þetta mál veigamikið. Með till. til þál., sem flutt var um þetta mál og er 92. mál þessa þings, eru birtar sem fskj. tvær ritgerðir frá árinu 1945, önnur eftir Gylfa Þ. Gíslason og hin eftir Ólaf Jóhannesson, þar sem rök

eru leidd að nákvæmlega því af hverju svona till. kemur fram, með nokkuð ólíkum hætti að vísu. Þessir menn, sem þá voru ungir háskólakennarar, voru báðir þeirrar skoðunar að svo skyldi breyta.

En áður en ég vík að því vil ég rifja upp að á árunum í kringum 1950 var mikil hreyfing í Framsfl. til nákvæmlega þessarar áttar, m. a. gáfu þeir út í fimm eða sex ár tímarit á Austfjörðum sem Gerpir hét, en fyrir því eru sögulegar ástæður, sem nú skulu raktar, og þær skipta máli í öllu þessu samhengi.

Árið 1949 fóru fram kosningar til Alþingis, eftir að setið hafði ríkisstjórn, sem Stefanía var stundum kölluð, undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Í marsmánuði árið 1950 var stjórnarkreppa hér á Alþingi sem oftar. Sveinn Björnsson þáverandi forseti leysti þá stjórnarkreppu með því að skipa utanþingsstjórn undir forsæti Vilhjálms Þór. Hann var framsóknarmaður, kaupfélagamaður en umdeildur að mörgu leyti. Með þessari aðferð var Framsfl. raunverulega rekinn inn í ríkisstjórn. Það vissu allir á þeirri tíð og var ekkert leyndarmál, að þetta var gert gegn vilja formanns flokksins, Hermanns Jónassonar, og gegn vilja afar margra þeirra sem þá voru skilgreindir sem vinstri kaupfélagamenn eða jafnvel framsóknarungmennafélagssinnar. Engu að síður, vegna þess hvernig þetta kerfi var úr garði gert, var þarna eins og löngum bæði fyrr og síðar mynduð ríkisstj. raunverulega í andstöðu við allmarga þingmenn, sem þó sáu sig nauðbeygða til þess að bera ábyrgð á slíkri stjórn vegna þess að þeim var hótað með utanaðkomandi stjórn.

Menn hafa stundum haldið uppi vörn fyrir eitthvað sem er kallað þingræði og fjallar um stjórnarmyndanir. En ég hygg að í öllu því sem um það er sagt gæti fullkomins misskilnings á þeim hluta Íslandssögunnar sem fjallar um það hvernig stjórnarmyndanir hafa farið fram í þessu landi, þá njörvun sem þar hefur átt sér stað í efstu toppum en í raun og veru gegn vilja mikils þorra fylgismanna, enda hefur þeim heldur farið fækkandi í þessu kerfi með árunum, svo sem menn vita. Þetta var það sem leiddi til þess, að það var mjög ákveðin hugmyndafræði innan Framsfl. á árunum í kringum 1950. Og enn fyrr, þegar menn voru að mynda hér stjórnarskrá og lýðveldið var stofnað 1944, eins og upplýstir menn auðvitað vita, þá var lýðveldisstofnun auðvitað ekkert annað en sú formbreyting að þar sem áður hafði staðið kóngur kom nú forseti. Öðrum stjórnarskrárbreytingum var raunverulega slegið á frest og þar tafði flokkavaldið mjög fyrir.

Stjórnarskráin, sem var mynduð 1944, var meingölluð. Hún var gölluð vegna þess að þetta var í öllum efnum stjórnarskráin frá 1874 nema að þar sem áður hafði staðið konungur kom nú forseti, enda var þá þegar sett á laggirnar stjórnarskrárnefnd. Þær hafa setið sleitulaust síðan. Mjög gjarnan hefur núverandi hæstv. forsrh. verið einhvers staðar nálægur þessum stjórnarskrárnefndum. Nú eru liðin hartnær 40 ár síðan þessi endurskoðun hófst og þetta er árangurinn sem flokkakerfið er hér að leggja fram. Er ævistarf hæstv. forsrh. vonandi merkilegra á einhverjum öðrum sviðum en í umbótum stjórnarskrárinnar, en látum það liggja á milli hluta.

Ungir upplýsingarmenn rituðu um stjórnarskrármál á sínum tíma og tvær slíkar ritgerðir, sem birtust í tímaritinu Helgafelli árið 1945, eru prentaðar sem fskj. með þeirri þáltill. sem prentuð var í Gutenberg í 5000 eintökum svo sem kunnugt er. Fyrri ritgerðin er eftir Gylfa Þ. Gíslason. Hann segir, með leyfi forseta, og ég undirstrika að þetta er á árinu 1945:

„Meginágallar þeirra stjórnhátta, sem vér eigum nú við að búa, virðast mér þessir:

1. Ríkisstjórnin er hvergi nærri nógu föst í sessi, hefur ekki nægileg völd og er þess vegna lítt fær um að gera áætlanir um framkvæmdir til langs tíma og stýra þeim. Hún er ennfremur alltof háð stjórnmálaflokkunum, þar eð þeir eða einhverjir þeirra beinlínis tilnefna hana. Hlýst af því ýmislegt, sem miður fer í opinberu lífi, þar eð reynslan hefur sýnt að stuðningsmenn telja sig oft eiga hönk upp í bakið á þeim sem þeir hafa lyft í valdastólinn, og erfitt getur reynst að halda því sæti án ýmiss konar umbunar". Þetta er árið 1945. Hugi menn að skipan í embætti flugmálastjóra árið 1983 — og mætti sennilega fara víðar yfir völlinn.

Enn er sagt árið 1945, með leyfi forseta, það er liður númer þrjú: „Hin nánu tengsl framkvæmdarvaldsins við stjórnmálaflokka valda því, að menn eru oft og einatt fremur valdir til trúnaðarstarfa eftir stjórnmálaskoðun og fylgispekt við valdhafa en hæfileikum og dugnaði. Hafa það nú lengi verið ein hvimleiðustu og jafnframt víðsjárverðustu einkenni á opinberu lífi þjóðarinnar, að nauðsynlegt hefur þótt að hafa flestar nefndir skipaðar flokksfulltrúum, og stuðningsmenn ríkisstjórna hafa átt öðrum greiðari aðgang að embættum og trúnaðarstörfum. Auðvitað er ekkert athugavert við það að valdamaður veiti flokksbróður stöðu ef hinn síðarnefndi er vel að henni kominn. En stjórnmálatengsl og kunningsskapur virðast í þessum efnum oft hafa verið mun þyngri á metunum en skyldi og jafnvel valdið því, að lítt hæfir menn hafa valist til þýðingarmikilla starfa, en ríkisvaldið farið á mis við starfskrafta ágætra manna. Það, að vera í stjórnmálum á öndverðum meiði við valdhafa, hefur jafnvel virst svo vís trafali á vegi til trúnaðarstarfa, að ungir menn hafa oft talið það nálgast skerðingu á skoðanafrelsi sínu, og ekki með öllu að ástæðulausu."

Þetta gefur að vísu tilefni til að minna á að það er ekki alveg sama hver stjórnmálaskoðunin er. Þekktur Reykvíkingur í eina tíð, Haukur pressari á að hafa sagt um sjálfan sig að hann væri ópólitískur maður í landsmálafélaginu Verði. Það virðist hafa verið svo hér löngum að tengsl við einn stjórnmálaflokk öðrum fremur hafi verið skilgreind með þeim hætti að þar færi ópólitískt fólk, og ef það skiptir máli nákvæmlega í þessu sambandi, til að mynda í einhverju stærsta valdaapparatinu í þessu landi sem er borgarapparatið í Reykjavík. En þessi lýsing frá 1945 á með ótrúlegum hætti við á árinu 1983.

Gylfi Þ. Gíslason segir í þessari ritgerð frá 1945:

„Til þess að festa ríkisstjórnina í sessi og gera hana óháða stjórnmálaflokkunum verður að gera löggjafar- og framkvæmdarvaldið mun óháðara hvort öðru en nú er. Í því skyni virðist einkum þrennt koma til greina, sem sé að þjóðkjörinn forseti tilefni stjórnina, sem síðar starfi á ábyrgð hans, — að þingið kjósi ráðherrana til ákveðins tíma — og að kjósendur velji ráðuneyti um leið og þingmenn. Hér er ekki rúm til þess að bera leiðir þessar saman, en ég tel hið fyrst nefnda æskilegast.

Forseti (það er það sama og við nú köllum forsrh.) á að taka vald sitt beint frá þjóðinni og vera hinn æðsti

handhafi framkvæmdarvaldsins. Kveða ætti svo á að hann skyldi hafa meiri hluta greiddra atkvæða, og yrði þá sennilega að kjósa öðru sinni, bundinni kosningu, ef svo færi ekki við fyrsta kjör. Staða hans gagnvart Alþingi ætti að vera sterk, og einmitt þess vegna er æskilegt að hann hafi meiri hluta kjósenda að baki sér. Hann ætti að staðfesta lög og geta synjað um staðfestingu, þar til þjóðaratkvæði hefði gengið um frv., og hann ætti að hafa heimild til þess að rjúfa þingið og fyrirskipa kosningar.“ Síðarnefndri till. er ég nú raunar ósammála. „Ennfremur ætti hann að tilnefna ráðh. og ættu þeir ekki að mega vera alþm., en hafa þó rétt til að bera fram frv. og taka þátt í umræðum á Alþingi.“

Síðan segir og það skiptir máli: „Mér kæmi ekki á óvart þótt einhverjir nefndu þetta spor í einræðisátt. Það er orðin venja sumra að nefna allt, er rýrir áhrif stjórnmálaflokka, skerðingu á lýðræði.“ Nákvæmlega þetta hygg ég vera mikinn kjarna þeirrar umr. sem hér hefur farið fram. „Svo er þó vissulega ekki. Lýðræði er í því fólgið að sameiginlegum málum þjóðar sé stjórnað að vilja meiri hluta hennar — eða a. m. k. ekki gegn honum — eins og hann birtist í frjálsum kosningum, og að sérhver minni hluti eigi þess kost að afla skoðun sinni fylgis og verða meiri hluti, en þess vegna er prentfrelsi, félagafrelsi og fundafrelsi hyrningarsteinar lýðræðis. Ofangreind skipun hefur engin áhrif á þessi meginatriði lýðræðisins. Alþingi mótar auðvitað heildarstefnu ríkisvaldsins með löggjöf sinni, en það gerir ekkert annað, og samkv. eðli sínu á það ekkert annað að gera en setja lög. Forseti og ríkisstjórn framkvæma þau síðan með aðstoð embættismanna sinna. Auðvitað hefur framkvæmdin verulega stjórnmálaþýðingu, en þar eð forseti er þjóðkjörinn og hefur meira að segja meiri hluta kjósenda að baki sér, ætti ekki að vera meiri hætta á að framkvæmdarvaldinu væri beitt gegn meiri hluta þjóðarinnar en löggjafarvaldinu.“ Enn segir: „Hér er og um að ræða mjög svipað fyrirkomulag og í Bandaríkjunum, hinu helsta lýðræðislandi heims, og virðist skipun þessi ekki hafa orðið þar til skerðingar á lýðræðinu, heldur þvert á móti fest það í sessi.“

Svona mætti halda áfram. Þetta er löng ritgerð, herra forseti, og ég vísa upplýstum hv. þm. á hana og veit auðvitað að þeir hafa lesið þetta allt meira og minna. Á bls. 7 segir, sem líka skiptir máli: „Eitt af því, sem miður fer í opinberu lífi voru, er það, að alþm. hafa ekki aðeins gerst forsvarsmenn umbjóðenda sinna í þinginu, heldur og erindrekar einstaklinga meðal þeirra á ýmis konar vettvangi, jafnvel í smásnatti. Slíkt er vansæmandi fyrir stjórnmálamennina, siðspillandi fyrir kjósendurna og veldur óheilbrigðu andrúmslofti í stjórnmálunum. En þetta hlýst af hinum nánu tengslum við kjósendurna og baráttunni um hvern einstakan þeirra“ o. s. frv.

Allt þetta skiptir máli, það sem rætt er fyrir því að æskilegt sé að taka umráð framkvæmdarvalds algerlega úr höndum þingsins og þar sem sagt er: „Með minnkandi áhrifum stjórnmálaflokkanna á framkvæmdarvaldið má og búast við að mjög dragi úr því, sem bæði er hvimleitt og varhugavert, að alls staðar séu flokksfulltrúar og alls staðar verið að taka tillit til flokkshagsmuna. Um leið má og vænta þess, að með hina ýmsu þætti framkvæmdarvaldsins verði farið af meiri festu og kunnáttu.“

Þarna er, herra forseti, samandregið mikið af því sem við erum að segja. Það er út af fyrir sig bæði skemmtilegt og kostulegt að þessar ritgerðir eru eftir tvo menn sem eru á þrítugsaldri þegar þær eru skrifaðar. Seinna áttu báðir eftir að verða virkir í löggjafarvaldi og í framkvæmdarvaldi. Þeir eru auðvitað í fullum rétti að hafa skipt um skoðun, en saman eru ritgerðirnar engu að síður.

Ólafur Jóhannesson sagði í sama tímariti, á sama ári, 1945, með leyfi forseta:

„Þess vegna eru einmitt margir orðnir þeirrar skoðunar nú, að heppilegra sé að gera gleggri greinarmun á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en verið hefur, og eðlilegra sé að forseti fái í raun og veru meiri hlutdeild í framkvæmdarvaldinu en að undanförnu, og þá fyrst og fremst þannig, að hann skipi ráðherrana án atbeina Alþingis, enda beri þeir ábyrgð gagnvart honum en ekki þinginu.

Skoðun þessi er rökstudd með því, að þörf sé á styrkara framkvæmdarvaldi en verið hefur, að nauðsynlegt sé að draga úr valdi hinna pólitísku flokka og ýmissa annarra hagsmunasamtaka, að engin trygging sé fyrir því, að þingið reynist þess jafnan umkomið að mynda stjórn (sem er mikill kjarni þessa máls; þetta átti eftir að reynast sönn spá) og loks, að slík skipan sé í bestu samræmi við þrískiptingu valdsins og tíðkist þar sem lýðræðið sé í einna mestum hávegum haft.“

Síðan fjallar öll þessi ritgerð Ólafs Jóhannessonar um nákvæmlega þetta. Ég held ég geti fullkomlega staðið á þeirri skoðun, sem ég hef áður haldið fram um þessar tvær ritgerðir, að þær færa okkur í raun og veru kristaltærar skilgreiningar á hinu pólitíska samfélagi sem verið er að lýsa. Og að svo miklu leyti sem við getum nú, 40 árum síðar, skoðað þessar ritgerðir sem spár um það sem gerðist, þá fara þær ótrúlega nærri lagi um samsetningu valdsins og samfélagsins.

Þetta, herra forseti, eru samandregnar röksemdir fyrir þeirri brtt. að forsrh. skuli vera þjóðkjörinn og kosinn sérstaklega, og hann skipi með sér ríkisstj., og sú ríkisstj. framkvæmi lögin í landinu og hafi einnig það vald, ef yfir hana eru sett lög sem hún vill ekki una, að geta skírskotað þeim til þjóðaratkvæðis. Það er hugmynd sem er nýrri af nálinni en hér hefur verið lýst. Þeirri aðferð beittu Frakkar í sinni stjórnarskrá, þá er þeir settu hana á árinu 1958, til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur löggjafarvaldsins og framkvæmdarvalds eftir að þau hafa verið aðskilin.

Ég hef, herra forseti, í löngu máli flutt rök fyrir þessari breytingu, og ég vil aðeins endurtaka það aðalatriði málsins, vegna þess að menn hafa upp úr því lagt, að jöfnun atkvæðisréttar sé takmark í sjálfu sér. Það hlýtur að skipta máli.

Það er öllum ljóst að í því frv. til stjórnskipunarlaga sem hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur mælt fyrir er ekki um að ræða jöfnun sem nokkru nemur. Þess utan höfum við sagt í mjög einfaldri röksemdafærslu að ef menn eru að tala um að jafna algerlega fjölda þm. án þess að fækka þm. nokkurs staðar, þá eru menn að tala um 140 þm. sem er auðvitað fráleitt í alla staði. Ef menn eru hins vegar að tala um töluna 60 og þar um bil þá eru menn að tala um t. d. að Vestfirðir fái 1½ þm. og allir sjá líka að það er fráleitt. Lausnin liggur ekki á þessu sviði.

Það skal sagt með fullri virðingu um þá forustumenn

stjórnmálaflokkanna gömlu, sem setið hafa árum saman og verið að reyna að leysa þetta, að auðvitað fara þar hvorki fífl né illmenni, heldur hitt, að þeir tóku að sér óleysanlegt verkefni. Enda er árangurinn þannig að aðhlátur vekur um allt land, sumpart að ósekju, því verkefnið var óleysanlegt í upphafi. En það áttu þessir mætu menn auðvitað að geta sagt sér. Það er einfaldur kjarni þessa mál.

Herra forseti. Ég er sannfærður um að um landið allt vilja menn a. m. k. ræða og hlusta á og kynna sér hugmyndir, sem aðrar þjóðir hafa nýtt, og brautir, sem aðrar þjóðir hafa farið, sem ganga út á það að jafna kosningarrétt algerlega, en aðeins í öðrum helmingi valdsins, þ. e. framkvæmdarvaldsmegin, svo að þar komi einn maður og eitt atkv., en á sama tíma að varðveita þá til hlítar hagsmuni hinna dreifðu byggða, sem að sumu leyti eru mjög ólíkir þó ekki megi gera of mikið úr því, með því að hafa kjördæmaskipunina algerlega óbreytta.

Menn geta tautað hér um 1 á móti 4,2 og hvað þeir vilja, en það er ekki málið. Ef menn vilja gera svo mikið úr þeim ágreiningi sem getur átt sér stað, og það er auðvitað ósæmilegt þegar menn eru að æsa dreifbýli gegn þéttbýli og öfugt, en ef um árekstur slíkra sjónarmiða er t. d. að ræða, þá ber að leysa það mál með þjóðaratkvæði. Franska reynslan sýnir að vitneskjan um það stjórnmálalega vopn gerir það að verkum að þing og framkvæmdavald ná saman. Fyrir því höfum við 30 ára reynslu í Frakklandi, að það gerist með þeim hætti.

Þetta eru skynsamlegar hugmyndir, þó svo að við mætum að þessu leytinu til hálfgerðum steinaldarmönnum hér á hinu háa Alþingi, sem augljóslega vilja sem minnst um þessa hugmynd ræða. Við erum að sækja stjórnmálafundi um allt land, þar sem saman koma stundum vel á þriðja hundrað manns til að ræða þetta a. m. k. En hér mæta menn að þessu leytinu til stjórnmálalegum steinaldarmönnum, sem bara eru að ryðja í gegn fjölgun um þrjá, eins og það sé eitthvert mál.

Hér kvarta menn oft yfir því virðingarleysi sem Alþingi má þola. Sumt af því er auðvitað marklaust tuð eins og öll þjóðþing þurfa að standa frammi fyrir. Hitt er miklu verra og miklu alvarlegra, ef gagnrýni á Alþingi á rétt á sér. Vitaskuld veldur það frv. sem hér um ræðir svona mildri óánægju í dreifbýli en fyrirlitningu í þéttbýli. Það er heila málið. Og ég lít svo til, að lýðræðinu sé greiði gerður með því að menn freisti þess, þó í löngum og þreytandi ræðum sé, að koma einhverri mynd á þetta frv.

Dæmigerðar um lágkúrulegan rugling flokkakerfisins eru athugasemdir hv. 1. þm. Reykv. Geirs Hallgrímssonar, hér í gær. Hann iðkar þann orðaleik að ég og aðrir hv. þm., sem þessu hafa mótmælt, hafi sagt í annarri setningunni að hér væri um afskaplega ómerkilegt og lítilfjörlegt frv. að ræða en hins vegar hafi ég talað um það langt mál, og taldi hann þetta vera mikla ósamkvæmni. En sá ágæti maður, hv. 1. þm. Reykv. lítur fram hjá því, að hér er verið að flytja brtt. við þetta frv. og þar með við sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins. Það er eymdarlegt þjóðþing þar sem slíkt útheimtir ekki svolitla umræðu. Það er ekki hér. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Ég gæti auðvitað, herra forseti, að því er brtt. á þskj. 522 varðar rakið þar mál sögulega og með öðrum hætti. Hér er verið að aðlaga kerfi, sem hefur verið beitt erlendis, í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Frakklandi og Finnlandi, sem menn skyldu ekki gleyma þó með nokkuð ólíkum hætti sé, það er verið að taka það kerfi og heimfæra það upp á íslenskar aðstæður.

Það vakti athygli, þegar fulltrúar stjórnarskrárnefndar komu fram í sjónvarpsþætti ekki alls fyrir löngu, að þar opnaði málið fyrir hönd Framsfl. Þórarinn Þórarinsson og hann hóf umr. með því að segja að sjálfur hefði hann viljað ganga miklu lengra. Hann hefði viljað aðskilja til hlýtar löggjafarvald og framkvæmdarvald og huga að því að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu. Annar stjórnarskrárnefndarmaður, núv. hv. 9. þm. Reykv. greip þá fram í fyrir honum og spurði hvers vegna hann væri að bera þetta á borð, því að allir vissu að með þessar hugmyndir sínar hefði hann orðið undir í sínum flokki. Allt kann þetta satt og rétt að vera. Ég þekki það, eftir að hafa reifað slíkar hugmyndir í hinum gömlu flokkunum, að þar átti það ekki hljómgrunn. Við því var ekkert að gera. En menn verða að skilja að Þórarinn Þórarinsson er talsmaður tiltekinna viðhorfa í þeim stjórnmálaflokki sem hann hefur tilheyrt. Og ég geri ráð fyrir að það fólk sem þar er og er á hans reki þekki þessar hugmyndir mætavel, vegna þess að um margra ára skeið voru þær ræddar þar í mikilli alvöru. Að viðbættu því sem ég hef greint frá um útgáfustarfsemi á Austfjörðum hygg ég rétt vera að a. m. k. á tveimur flokksþingum hafi sá stjórnmálaflokkur ályktað í þessa veru. Því má svo bæta við, að á síðari árum skrifaði Jónas Jónsson frá Hriflu mjög í þessa veru. Þá var hann að vísu kominn út úr flokkakerfinu. Í þeim efnum má vísa í tímaritið Ófeig sem hann gaf út á þessum árum. Þetta segi ég til að undirstrika það, að í þessu tilfelli og einnig í forustugrein í Tímanum var Þórarinn Þórarinsson auðvitað ekki að tala úr tómri tunnu eða fyrir sjálfan sig eingöngu, heldur er hann talsmaður tiltekinna sjónarmiða.

Annað í þessum hugmyndum finnst mér að þeir sem eru virkilegir talsmenn dreifbýlis ættu að hugleiða. Ef menn skoða þau ríki sem þetta hafa tekið upp, þá er töluvert ólíku saman að jafna, vegna þess að þetta stjórnkerfi gerir að mörgu leyti frekar ráð fyrir bandalagseðli þess lands og þeirrar þjóðar, m. ö. o. það gerir ráð fyrir sjálfstæði landshluta eða fjórðunga eða sveitarfélaga, allt eftir því um hvað menn eru að tala það eða það sinnið, og það gerir ráð fyrir miklu sjálfstæði þessara eininga og að þær myndi heild eftir lögmálum bandalags frekar en lögmálum sterkrar og miðstýrðrar heildar. Af þessum ástæðum eiga þessar hugmyndir erindi þegar menn eru að ræða fjölgun eða fækkun eða óbreytta tölu þingmanna, þ. e. með hverjum hætti atkvæðisréttur skuli jafn vera eða ójafn. Það eru þessar röksemdir sem verulegu máli skipta. Það sem menn sjá er einnig hin afleidda valddreifing í þágu landshlutanna, í þágu sveitarfélaganna og í þágu hverfafélaganna í Reykjavík eða hverra þeirra eininga sem menn eru að tala um. Því undirstrika ég þetta svo rækilega að þetta er auðvitað liður í þeirri hugmyndafræði sem ég er einnig að mæla fyrir.

Þetta var um þá till., herra forseti, að forsrh. skuli vera þjóðkjörinn, sem auðvitað felur í sér að á því sviði gildi eitt og jafnt atkvæði fyrir sérhvern mann. Síðan er lögð fram önnur brtt. um það hvað taki við ef forsrh.

deyr eða lætur af störfum. Er lagt til að utanrrh. taki við embætti hans. Þetta er auðvitað umdeilanleg aðferð, en aðeins til undirstrikunar þess að einnig er verið að leggja til á sérstöku þskj. að þingrofsrétturinn sé afnuminn. M. ö. o. að þeir framkvæmdarvaldshafar sem kjörnir hafa verið sitji til fjögurra ára og að um það sé vitað í upphafi kjörtímabils hvað þeir sitji lengi. Þeir sitji til fjögurra ára og ef um er að ræða, sem vonandi kemur aldrei til, að maður deyi í embætti eða verði að láta af því af öðrum sökum, svo sem alltaf getur skeð, þá taki varamaður hans við, en ekki fari fram kosningar sem brengli tímann.

Hið sama á auðvitað að gilda um hv. alþm. Maður, sem er kjörinn á Alþingi, á auðvitað að vita það í upphafi — og kjósendur einnig — til hve langs tíma hann er kjörinn. Ef maður er kjörinn á Alþingi þá á hann að sitja fjögur ár. Það er bæði staðfesta í stjórnarkerfinu og það er lýðræðislegt og því fylgir þess vegna ábyrgð. Hinu fylgir ábyrgðarleysi, að það vald sé á hendi einhvers eins manns, þar sem meira og minna er auðvitað tekið mið af flokkshagsmunum eða stjórnmálahagsmunum hverju sinni, að leysa þing upp og efna til kosninga.

En, herra forseti, enn ein brtt. er hér flutt. Hún er um það að 28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður. Því ég verð að segja það, að mikilvægara en hitt, hvort þm. eru 60 eða 63, er hvort hægt er að senda þá heim eða senda þá ekki heim. Á sama tíma og við erum að leggja til að þm. verði 60, með óbreyttum hætti, er verið að leggja til að þeir verði ekki sendir heim sem börn, heldur — hafi þeir verið kosnir — sitji þeir fjögur ár. Þeir viti það sjálfir og þeir sem þá kusu. Þeir viti að til þess er leikurinn gerður. Þess vegna, herra forseti, er á þskj. 527 flutt brtt. um að 28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður. Það er greinin sem veitir núv. hæstv. forsrh. þingrofsrétt.

Hafi ég heyrt rétt þá talaði hv. 4. þm. Austurl. mjög gegn þingrofsvaldinu hér í dag. Það verður fróðlegt að sjá hvernig atkv. falla um þessa till. á morgun. Ég veit að hv. alþm. gera sér ljóst að hér er verið að tala samfelldri hugmyndafræði þar sem hvað hangir er öðru háð. Augljóst er að að lykiltillögunni fallinni er eitthvað af þessu sjálfkrafa fallið.

Á þskj. 525 er flutt brtt. um að forsrh. geti efnt til þjóðaratkvgr. um hvaða mál sem vera skal. Sú aðferð er sótt í hina frönsku stjórnarskrá, sem hér hefur áður verið talað fyrir, að þegar framkvæmdarvald er kosið sérstaklega og löggjafarvald sérstaklega þá sé vald til þjóðaratkvgr. til staðar, gagngert til að grípa til ef um ósættanlegar andstæður kynni að vera að ræða. Að vísu tel ég að í því felist algert vanmat á manneðlinu, að halda að til slíks komi. En gott og vel, við skulum fræðilega gera ráð fyrir þeim möguleika að slíkt geti gerst, og því er þessi varnagli sleginn.

Á þskj. 524, herra forseti, er svohljóðandi brtt.: „Á eftir 15. gr. komi ný gr., 15. gr. A, svohljóðandi: Ráðherrar mega ekki vera alþm. Nú er alþm. skipaður ráðh., og skal þá varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma er hann gegnir ráðherrastörfum."

Þetta er í raun og veru sama hugmynd, að einnig þarna sé skilið á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ef kjörinn forsrh. kann t. d. að vera forustumaður í einhverjum stjórnmálaflokki eða hagsmunasamtökum eða hvað annað, og vilji hann mynda ríkisstjórn að öllu leyti innan þings eða hálfu leyti innan þings, þá á honum auðvitað að vera það kleift. En geri hann það með þeim hætti, skipi t. d. hálfa ríkisstj. mönnum sem sitja á Alþingi, þá taki varamenn þeirra sæti á þingi, fari með atkvæðisrétt þeirra og annað slíkt, m. ö. o. í praxís sé skilið þar á milli ef til slíks kemur.

Eins og ég sagði hér í gær, þegar um þetta var rætt, hvort sem menn eru að tala um svokallað þingræði eða ekki, þá eru menn annars staðar farnir að praktísera þá reglu engu að síður. Ég nefni Noreg til dæmis um það Mér finnst nú satt að segja, ef sú breyting er gerð ein, vera svolítill potarabragur á því, en það er ekki það sem um er að ræða. Það skiptir engu máli hvaða persónur hér eiga hlut að máli. Mér sýnist stundum ég þekkja það úr mínum gamla flokki. Þeir sem gjarnan sóttu það fastast voru þeir sem sátu á varamannabekkjum og töldu möguleika sína aukast til vegs og virðingar ef þetta væri gert með þessum hætti. Þessi till. á auðvitað ekkert skylt við það, heldur er hún liður í samfelldum brtt., sem í raun og veru mynda heildstætt frv., um það að ef til þessara breytinga kemur þá sé þarna skilið á milli eins og annars staðar.

Herra forseti. Fyrir allmörgum af þessum brtt. mælti ég í gær. Þær voru dregnar til baka og endurfluttar við 3. umr. Það er því óþarfi að endurtaka það. En af sjálfu leiðir að þegar menn eru að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald, þá er það auðvitað mikill misskilningur að verið sé að draga úr völdum annars aðilans, sem stundum er haldið fram, þetta veiki þingið. Ég held þvert á móti að það styrki þingið.

Hér er lagt til á þskj. 526 að 24. gr. stjórnarskrárinnar falli niður. Meðan ég var í mínum gamla flokki var þetta flutt sem flokksmál af hans hálfu og var ég flm. Þetta er um það að vald til útgáfu brbl. sé af tekið. Af sjálfu leiðir að ef þingið setur lögin og framkvæmdarvaldið framkvæmir þau, þá getur framkvæmdarvaldið ekki sett lög í þinghléum eins og nú er. Þau mjög svo misnotuðu forréttindi framkvæmdarvaldsins, sem við þekkjum vel, þarf að afnema. Þessi aðskilnaður þarf auðvitað að vera á báða bóga og því er þetta flutt.

Ég vil svo, herra forseti, nefna brtt. á þskj. 528, sem er mjög veigamikil í þeim stjórnkerfisbreytingum sem verið er að mæla fyrir. Hún er í þá veru að á eftir 3. gr. komi ný gr. sem orðist svo: „Á eftir 43. gr. komi ný gr., 43. gr. A, svohljóðandi: Alþingi markar stefnu lýðveldisins í utanríkismálum. Ríkisstj. skal ávallt bera undir þingið mikilvæg utanríkismál." Kjarninn í þessum breytingum er sá, að öfugt við það sem gert er í Frakklandi, þar sem mörkun utanríkisstefnu er á hendi hins kjörna framkvæmdarvalds, leggjum við til að mörkun utanríkisstefnu sé á hendi löggjafarvalds. Ástæðan fyrir þessu er sú, að þar er tekið tillit bæði til legu landsins, sérstöðu íslenskra utanríkismála og þess, að flóra íslenskra utanríkismála er mjög víðtæk eins og menn vita. Má segja að taka verði visst tillit til hinna íslensku aðstæðna, skoðana, flokka, skulum við segja, að því er þetta varðar. Það er mikið aðalatriði í þessari áætlun allri að með þessum hætti sé farið með utanríkismálin.

Ég hef þá, herra forseti, í örstuttu máli gert grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt við þetta frv. Það er margt furðulegt í þessari umr. allri. Einn stjórnmálaflokkur í landinu hefur öðrum fremur þótt vera varnaraðili fyrir eitthvað sem kallað er þingræði. Málsvarar hans leika

þann, liggur mér við að segja ódrengilega leik, t. d. í einokunarblaði sínu, Morgunblaðinu, að setja jöfnunarmerki milli þingræðis og lýðræðis. Síðan segja menn: Hérna er verið að vega að þingræðinu. Milli línanna má lesa að þar fari hættulegir menn lýðræðinu. Þetta er auðvitað umr. sem menn þekkja. En þessir þingræðisherramenn eru nú margir jafn áhugasamir um sjálfa sig eins og sjá má hér í þingsölum í kvöld. Hér er sennilega mættur einn úr þeirri þingræðissveit, hv. þm. Albert Guðmundsson. En því er þetta sagt, ég hef sagt það áður við þessa umr. en vil samt endurtaka það, að orðið „þingræði", notað með þeim hætti sem t. d. Morgunblaðið gerir gjarnan, er mjög villandi og er þýðing á allt öðru erlendu orði. Það er þýðing á orðinu „parlamentarismi" og þýðir auðvitað það eitt, að Alþingi skipi af sér ríkisstj., geti fellt hana eða verði a. m. k. að þola hana.

Þessi orðaleikur finnst mér vera mjög ósmekklegur vegna þess að hann felur það í sér að látið er að því liggja, að tillögur um að framkvæmdavald sé kosið með aðferðum þjóðræðis í staðinn fyrir þingræðis séu frelsinu, fundafrelsi, félagafrelsi og öðrum slíkum mannréttindum, hættulegar. Þennan leik hefur þessi heldur ósmekklega og lítilfjörlega íhaldspressa leikið, gert sjálfa sig að einhverjum ógurlegum talsmönnum þingræðisins. Þingræðið er auðvitað ekkert annað en eitt form lýðræðis. Það er hægt að hugsa sér miklu fullkomnara lýðræði, þar sem einhverjir aðrir en þing myndi ríkisstj. Það er kjarni málsins. Ég þykist vita að ef Bandalag jafnaðarmanna eykur fylgi sitt í næstu skoðanakönnun úr 13% upp í 25%, þá muni þeir enn herða róðurinn í þeirri innrætingu að hér fari andstæðingar þingræðisins. Jafnvel þeim þm. sem er góður knattspyrnumaður, að vísu heldur lakari stjórnmálamaður, en er alinn upp í Frakklandi og ætti að vita hvað um er talað, veit væntanlega að í Frakklandi er lýðræði þó að ekki sé þar þingræði í þessum parlamentariska skilningi, verði reynt að vagga inn á þing á þeim forsendum að Sjálfstfl. sé að verja þingræðið gegn andstæðingum þess. Þennan leik hafa þeir leikið svo oft, og fótboltamaðurinn fyrrv. frá Frakklandi mun auðvitað ekki segja orð heldur láta Moggann vagga sér inn á Alþingi til varnar lýðræðinu.

Ég veit að það á eftir að verða svona. Þeir eru þegar byrjaðir í þessum dúr í forustugreinum sínum. Að því leytinu til er kvíðvænlegt að hoppa úr 13 upp í 25 í skoðanakönnunum, að þá munu þeir allir herðast eins og menn þekkja, þessir varnarsveinar þingræðisins á Morgunblaðinu. Og það er auðvitað áhyggjuefni. Ég er ekki að segja þetta að ástæðulausu. Ég vísa í fáránlega forustugrein í því blaði, ég held á laugardaginn var, þar sem tíunduð var þingræða hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Eins og menn vita, þá er pólitísk umfjöllun hér oft á þá lund að menn þurfa að lesa á milli línanna. Og milli línanna var verið að ýja að því, að hér færu frelsisins óvinir, lýðræðisins óvinir, mannréttindaóvinir sem legðu til atlögu við sjálft þingræðið.

Við sjáum í raun hvernig þetta þingræði hefur verið og þess vegna er það a. m. k. til umr. hvort ekki sé skynsamlegt, líka annarra aðstæðna vegna, að skipta um farveg lýðræðisins, gera það að mörgu leyti beinna, gera starf löggjafarvaldsins að sumu leyti öðruvísi, en um leið styrkja stöðu þess eða setja lög til að hafa eftirlit með lögum og annað slíkt. Það er það sem verið er að leggja til.

Ég átti von á því að áhugamenn á því svæði í íslenskum stjórnmálum, sem stundum er kallað til vinstri, hefðu að mörgu leyti ástæðu til og áhuga á að skoða þessar hugmyndir mjög rækilega, eins og þær eru fram settar, eins og þar er fjallað um utanríkismál í stjórnkerfinu og einnig vegna þeirrar sögu þessa máls, að á árum síðari heimsstyrjaldarinnar voru það svokallaðir vinstri menn í Alþfl. sem þessum hugmyndum héldu á lofti, og allmörgum árum síðar svokallaðir vinstri menn eða kaupfélagamenn, þar á undan ungmennafélagsmenn í Framsfl., sem slíkum hugmyndum héldu á lofti. En það er svo undarlegt í íslenskum stjórnmálum, að alltaf hefur það verið Sjálfstfl. sem hefur tekið upp hina hörðu vörn fyrir þingræðið, parlamentarismann. Menn skyldu íhuga af hverju það er.

Hverjir eru það sem í raun og veru hafa haft megintök á stofnunum eins og ríkisbönkunum? Þarna er verið að leggja til að það sé skilið frá hinu pólitíska valdi svo fengnu. Menn skyldu muna það, að ríkisbankarnir á Íslandi eru eldri en sósíalisminn. Sú hugmynd er ekki frá Moskvu komin. Menn skyldu muna það, að í fyrstu ríkisstjórn á Íslandi, sem aðeins myndaði einn maður, voru blóðugustu átökin um yfirráðin yfir ríkisbönkunum. Sá skipaði sjálfan sig bankastjóra ríkisbanka daginn sem hann vék úr embætti hér í þessu húsi árið 1909. Önnur ríkisstjórn í landinu féll — ekki vegna paragraffastyrjaldar í sjálfstæðismálum, heldur vegna deilna um yfirstjórnina í Landsbankanum. Um hvað voru þessir menn að takast á?

Húsið, þar sem ég hef skrifstofu, er byggt 1907. Aðrir hv. þm. hafa skrifstofu í Þórshamri. Framan á því húsi stendur ártalið 1912. Þórshamar var byggt sem einbýlishús. Það er sagt að fyrsti togarinn okkar, Jón forseti, sem keyptur var 1907, hafi borgað sig með veiðiskap á sjö mánuðum. Um hvað voru menn að takast á þegar menn tókust á um yfirráðin yfir ríkisbankakerfinu? Eignaraðildina að innréttingunni hér á landi. Og það var ekki gert með eigin fjármagni, það er ekki þess háttar kapítalismi, ónei. Það var gert með pólitískum yfirráðum yfir kapítalinu í gegnum ríkisbankana.

Það er engin furða þó að þessir menn hafi svo áratugum saman verið að verja þingræðið, nefnilega aðstöðuna í þessum stofnunum. Litli maðurinn hefur að vísu fengið lán og lán, en það er bara ekki kjarni málsins. Það er þetta sem auðvitað skiptir máli. Svo hefja þeir þingræðissönginn sinn, nefnilega yfirráðin yfir þessum stofnunum, sem aftur eru yfirráðin yfir helstu efnum sem máli skipta í þessu landi. Og þeir eru hissa á því, að upplýstir menn, sem skilgreindir hafa verið á línu vinstri flokka hér, skuli ekki taka undir þennan söng alveg krítiklaust, alveg gagnrýnilaust. Nei, hér hangir allt annað og miklu meira á spýtunni. Menn þurfa ekki annað en skoða hagsöguna, sem svo mjög hefur verið fölsuð hér í gegnum árin og áratugina, til að vita út á hvað hún gekk. Skoði menn Kveldúlfsmálin *hér upp úr kreppunni*, þegar þetta *ídol einkaframtaksins* var rekið á 40% af útlánafé stærsta ríkisbankans. Um hvað halda menn að sá leikur hafi snúist? Og sá banki var ekki byggður á formúlu Lenins eða þeirra Moskvumanna. Ónei. Hann er stofnaður hér 1886.

En hvers vegna höfðu þeir þessi tök á Landsbankanum og sækjast enn eftir þeim eða hverjum öðrum

sjóðum af því tagi? Það er í nafni þingræðisins, að sagt er. En menn tala aldrei um og menn vilja ekki sjá og vilja ekki ræða samhengið sem þarna er á milli. Nýróttækt fólk er að skynja þetta með allt öðrum hætti. Það lætur ekki einhverja dellumakara segja sér hvað sé hægri og hvað sé vinstri. Það lætur ekki rugla sig í því að þingræði og lýðræði sé eitt og hið sama. Og það lætur ekki segja sér fyrir verkum. Það lætur ekki einhver flokksblöð kenna sér um hvað deilumál snúist, hvað sé áhugavert og hvað sé ekki áhugavert. Það er ekki kjarni þessa máls. En samandregið ætti það að vera lykilorð íslenskrar hagsögu að ríkisbankarnir eru eldri en sósíalisminn. Þeir komu fyrst. Landsbankinn var stofnaður 10 árum áður en Þorsteinn Erlingsson kynnti hér fyrstur sósíalisma og jafnaðarstefnu. Þetta gleymist oft og meira að segja sömu menn reyna að halda hinni kenningunni fram.

Ég hef, herra forseti, þegar mælt fyrir þeim brtt. sem eru nýjar. En ein brtt., sem ég mælti fyrir í gær, skiptir verulegu máli og stendur í raun og veru algerlega sjálfstæð. Hún er um það að kosningaaðferðinni verði gerbreytt. Sú aðferð er auðvitað í stíl við allt annað sem við, sem höfum staðið að Bandalagi jafnaðarmanna, erum að leggja til fyrir þetta þjóðfélag. Nefnilega að sett sé í stjórnarskrá að kjörseðill eigi að vera þannig úr garði gerður, að kjósandinn geti kosið bókstaf á röðuðum lista, sem einhver hópur, lítilll eða stór, hefur raðað, sem kemur auðvitað ekki löggjafanum við að neinu leyti. En í annan stað eigi kjósandinn að geta kosið einstakling af einhverjum lista. Þá hlýtur listinn auðvitað atkv. jafnframt. Í þriðja lagi skiptir það meginmáli að kjósandinn eigi að geta kosið fleiri af lista eða listum og allt upp í svo marga sem í kjöri eru.

Það má segja að þessi kosningaaðferð sé blanda af því sem tíðkast í Danmörku og á Írlandi. Það er þó auðvitað ekki kjarni málsins, heldur hitt, að hér er verið að leggja til tiltekna uppreisn gegn flokkaræðinu, gegn þeirri almennu hugmynd að stjórnmálaflokkarnir standi fyrir eitthvað sérstakt, sem aðrir standi þá ekki fyrir. Því að svo mikið sem rangt er í allri hugsun í stjórnkerfinu hjá okkur er þessi grundvallarvilla ekki best, að einhver stjórnmálaflokkurinn, við getum nefnt hann og skiptir ekki máli, standi fyrir eitthvað sem hinir stjórnmálaflokkarnir standi ekki fyrir. Þetta er ekki svona. (Gripið fram í.) Nei, fimmti flokkurinn er nefnilega að reyna að leysa þetta kerfi upp og leysa það af þeim hugmyndum sem fólkið í landinu hefur hverju sinni. Fimmti flokkurinn, sem hv. 3. þm. Reykv. kallar svo, er einmitt allt öðruvísi uppbyggður að þessu leytinu til og undir það búinn að skipt verði um skoðun í grundvallarefnum. Því að samtök um stjórnmál eiga auðvitað að vera samtök þar sem skoðanir brjótast með léttum hætti í gegn, en ekki samtök, sem eru fyrst og fremst að halda einhverjum skoðunum að fólki, einhverjum söguskoðunum og sögulegum verðmætum eins og því, að menn eigi að kjósa Alþfl. af því að vökulögunum var komið á á þriðja áratugnum, sem auðvitað verður óþægilegt fyrst og broslegt svo og hallærislegt um síðir. Þess vegna leggjum við þetta til.

Það verður fróðlegt að sjá með hverjum hætti flokkavaldið hér snýst gegn þessum hugmyndum í atkvgr. á morgun, sem ég er alveg sannfærður um að það gerir. Og af hverju? Setjum svo að það verði kosningar í einhverju kjördæmi í landinu. Setjum svo, þrátt fyrir það að hv. alþm. hér og fjölmiðlarnir, sem þeir meira og minna nærstýra eða fjarstýra, eru búnir að halda því fram að hér sé einhver hægri flokkur og vinstri flokkur og svo miðjuflokkar og allt sé þetta eftir munstri og strúktúr einhverjum, að það komi í ljós í einhverju kjördæmi að 60% af hv. kjósendum kysu einn af D og einn af G. Og hvað þá?

Þetta er búið að vera rangt allan tímann. Munstrið er ekki það sem þessir flokkar og þessir fjölmiðlar halda að fólki, enda er ég sannfærður um að svo sé. Af hverju eru stjórnmálaflokkarnir þannig upp byggðir, að þeir neyða t. d. konur, sem hafa þá skoðun, sem kann að vera rétt og kann að vera röng, er að því leytinu til rétt að hana hafa margir, að konur njóti ekki nægra áhrifa í sveitarstjórnum eða á Alþingi eða hvar sem er, til að fara sérstaklega í framboð? Af hverju mega menn ekki kjósa konur þvert á kjörseðlunum, ef mönnum finnst það meira virði en sú skoðun, að Alþb. sé í einhverjum grundvallaratriðum öðruvísi en Sjálfstfl.? Það kemur í ljós að menn eru ekki þeirrar skoðunar.

Það á að vera starf okkar hér á löggjafarþinginu að gera stjórnkerfið þannig úr garði að það lagi sig að þeim skoðunum sem uppi kunna að vera. Ef tiltekinn hópur kjósenda í Reykjavík, eigum við að segja fólk sem hneigist að sama kyni og það er sjálft, svo að ég nefni minnihlutahóp, sem hefur verið mjög umdeildur, vill sýna það sem aðalatriði sinnar stjórnmálaskoðunar með því að kjósa eftir tilteknu munstri á kjörseðilinn, þá á hann auðvitað að mega það. Ef menn eru þeirrar skoðunar að slík mál séu mikilvægari en hitt, hvor hefur skert vísitölubætur á laun oftar, Geir eða Svavar, þá eiga menn að fá að kjósa í samræmi við það. Af þessum ástæðum er lagt til, sem er mjög í stíl við allt annað sem við erum að leggja til, að kjörseðillinn sé svona úr garði gerður.

Og þeim mun meiri ástæða, herra forseti, er til að segja þetta, að hér segir, svo að ég lesi þennan skemmtitexta á bls. 3 í þriðja sinn, að þingflokkarnir fjórir hafi auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi: — Þetta finnst mér einhver grínartugasti texti sem ég hef lengi séð. — „Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár.“ Af hverju setja mennirnir þetta? Eins og ég hef sagt er hér ekki verið að leggja til að beita sér fyrir víðari valddreifingu, eða hvað þetta heitir allt saman, samfara nýrri stjórnarskrá, heldur hinu, að setja meiri valddreifingu inn í stjórnarskrána. Það verður fróðlegt að vita hvort þessir fírar, sem eru ákveðnir í því að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði, fella það ekki að aukin valddreifing og virkara lýðræði verði með þessum hætti inn í stjórnarskrána sett. Það er aldrei að vita.

Þetta er auðvitað tillaga sem gengur gegn flokkunum. Til praktískrar áherslu þessarar tillögu hef ég nefnt ástand mála vítt og breitt um landið. Ég hef nefnt sérstaklega ástand í Norðurl. v., sem mér finnst vera undirstrikun á þeirri kröfu sem hér er um að ræða, bæði innan Framsfl. og Sjálfstfl. Þarf ekki annað en að fara um landið allt til að undirstrika það að flokkarnir hafa ekki þau einkenni í dag. Kannske hafa þeir þau á morgun og kannske höfðu þeir þau í gær. En í dag hafa þeir ekki það einkenni að þeir hver um sig standi fyrir eitthvað eitt sem einhverjir aðrir standi þá ekki fyrir. Það er söguleg blekking að svo hafi verið nú um langan

tíma, a. m. k. að það sé svo í dag. Þá staðreynd eiga menn auðvitað að viðurkenna með þessum hætti. Það eitt að viðhalda flokkunum á aldrei að verða neitt aðalatriði þessa máls.

Nú hef ég, herra forseti, mælt fyrir þeim brtt. sem ég flyt við þetta frv. Það eru ekki minni háttar brtt. við meiri háttar frv. Það eru alvörutillögur um frv. sem er ekki neitt. Það er verið að reyna að gera þetta frv. að einhverju. Samandregið einfalt: Að valdþættirnir séu aðskildir, að fram fari bein kosning framkvæmdarvalds, þar sem sérhver þegn í landinu hafi eitt og jafnt atkv., og í þriðja lagi að hagsmunir hinna dreifðari byggða séu verndaðir með því að þar hafi einn maður eitt atkv. Ég vek athygli á hinni afleiddu valddreifingu, einkum í þágu byggðanna, sem skiptir máli. Því fylgir einnig sú sannfæring að þeim mun nær þeim verkefnum sem vinna skal sem dreifing fjárins fer fram, þeim mun skynsamlegri er hún. Í því eru hagkvæmnissjónarmið einnig. Og svo hitt, að þetta felur í sér að smærri einingar hafi meiri sjálfsstjórn, að stjórnkerfið í landinu sé minna miðstýrt og meira af eðli bandalags. Þessar hugmyndir þekkja menn. Þessar hugmyndir voru fluttar á þskj. 94 í sex liðum. Það þarf þess vegna ekki að koma neinum á óvart þó að ég freisti þess að kynna þær hér sem brtt. við þetta frv. Ég greindi raunar frá því um það leyti sem þetta frv. var lagt fram, að þess yrði freistað að koma því inn í þetta frv. Ég geri mér ekki miklar vonir um að það verði samþykkt að þessu sinni. En hitt er ekki verra, að glæða skilning á því að þetta er hægt, að þetta er skynsamlegt og hér er um að ræða réttláta aðferð, þar sem hagsmuna beggja er gætt, bæði þeirra sem þéttar búa og eins hinna, sem búa í meira dreifbýli.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ennþá erum við á kvöldfundi að ræða frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það er ekki neitt undarlegt við það þó að menn þurfi að taka sér tíma til að ræða um þetta mál og flytja við það brtt. Það sannar einungis það, sem margir hafa haldið fram sem hér hafa rætt þetta mál, hversu fáránlegt er að taka einn þátt þess út úr heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem nú stendur yfir.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur gert grein fyrir fjölda brtt., sem hann flytur við frv., og gert það í löngu og glöggu máli. Ég hef ekki gert tilraun til þess í sjálfu sér, ef frómt frá er sagt, að grunda þessar tillögur sem vert væri, vegna þess að hér er um svo yfirgripsmikið mál að ræða, þar sem stjórnarskrá lýðveldisins er, að ekki er fært á stuttum tíma að gera því þá grein sem vert væri.

En erindi mitt hingað upp var þó fyrst og fremst að benda á samkennd till. þeirrar, sem hv. þm. Stefán Valgeirsson og Ólafur Þ. Þórðarson hafa flutt í þessu máli, við tölul. 2 á bls. 3 í því ágæta frv. sem birtist á þskj. 367, þar sem hinar skemmtilegu hugmyndir hv. stjórnarskrárnefndar koma fram. Með leyfi forseta vil ég aftur vekja athygli þingsins á þessum hugmyndum þeirra, sem eins og ég hef áður sagt hér úr þessum ræðustól bera nokkur merki þess að höfundur eða flm. frv. finni nokkra sök hjá sér. Með leyfi forseta hljóðar tölul. 2 á bls. 3 í grg. með frv. þannig:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi: .... 2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Lesi menn svo brtt. þeirra félaga Stefáns Valgeirssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar og beri saman við þessi fögru fyrirheit. Ég sé ekki annað en hv. flm. frv. á þskj. 367 ættu að grípa þetta gullna tækifæri og samþykkja þessa brtt. Þá fengju þeir þessum fögru sýnum sínum fullnægt í augnablikinu, þ. e. að það fólk sem þarf að bæta aðstöðumuninn vegna búsetu gæti fengið nokkra umbun þangað til íslensku þjóðfélagi tekst að jafna þennan mismun, sem þeir hv. alþm. Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Magnús H. Magnússon bregða þarna fyrir augu okkar.

Ég vil aðeins benda á samkennd þessara fögru sýna og till. þeirra félaga.

Ég ætla ekki og hef enga áráttu til þess að tefja þetta þinghald verulega eða úr hófi fram, en leyfi mér þó að lesa brtt. þeirra Stefáns Valgeirssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar, sem birtist á þskj. 469, með leyfi forseta. Þeir gera það að till. sinni að á eftir 3. gr. komi ný grein svohljóðandi:

„77. gr. orðist svo:

Skattamálum skal skipa með lögum.

Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna, þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu, eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum."

Að mínu mati ættu flm. frv. á þskj. 367 að grípa fegins hendi þessa brtt. og samþykkja hana og beita áhrifum á félaga sína að þeir ljái henni atkv. sitt.

Það hefur mikið verið rætt hér um þetta frv. til stjórnarskipunarlaga og finnst flestum, sem um hafa rætt, heldur lítið hafa lagst fyrir kappana, að hér sé lítið efni í löngu máli. Ég skal ekki frekar ræða um það hér. Ég hef þegar rætt það nokkuð á hv. Alþingi.

Frsm. fyrir nál. því sem kom frá nefndinni sem fjallaði um þetta frv. hélt hér mjög skörulega ræðu í dag og hélt að sjálfsögðu, eins og hans var von og vísa, skörulega á sínu máli og færði rök fyrir sínu áliti. Hann lét hugann reika lítið eitt. M. a. minntist hann á ályktun úr Önundarfirði, sem var lesin á kvöldfundi í gærkvöldi, þar sem allir flokkar starfandi þar í firðinum létu frá sér heyra. Og honum fannst lítið til koma. Hann minntist í ræðu sinni, hv. frsm., alþm. Matthías Bjarnason, einnig á ályktun frá Hvammstanga, sem honum fannst einnig fátt um. Af þessu tilefni datt mér í hug að hann væri kannske fróðari en aðrir alþm. um hvað þessi ályktun frá Hvammstanga fjallaði yfirleitt. Þó hann nefndi hana ekki gleggra en þetta datt mér í hug að það væri ályktun sem er undirrituð af áhugamönnum um þessi mál í Framsóknar-, Sjálfstæðis-, Alþýðuflokks- og Alþýðubandalagsfélögum í Vestur-Húnavatnssýslu. Með leyfi forseta langar mig til að lesa þessa ályktun og það að gefnu tilefni og festa hana þar með í skjöl Alþingis, en þessi ályktun er frá mars 1982. Þetta er eins konar dreifibréf til félaga vítt og breitt. Þessi ályktun hefur haft veruleg áhrif vítt og breitt um landið. Hef ég nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir áhugamenn í Vestur-Húnavatns-

sýslu um stjórnarskrármálið viljum vekja athygli á að íslenskir stjórnmálaflokkar hafa sett sér það markmið að fjölga þm. á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu á kostnað landsbyggðarinnar. Undirbúningur þeirra aðgerða hefur verið í fullum gangi og telja má fullvíst, að stjórnarskránni verði breytt í þá veru við fyrsta tækifæri, ef ekkert er aðhafst af hálfu landsbyggðarinnar. Þar sem hér er ekki aðeins um hag hinna dreifðu byggða að ræða, heldur allrar þjóðarinnar þegar til lengri tíma er litið, teljum við nauðsyn á að íbúar landsbyggðarinnar standi saman og hrindi fyrrnefndum áformum af höndum sér þannig að slíkt komi ekki til framkvæmda.

Staðreynd er að megináhrif búsetubreytinga landsmanna á síðustu áratugum eru fólgin í afgerandi forustuhlutverki höfuðborgarsvæðisins á flestum sviðum. Þar eru nú aðalstöðvar embættiskerfisins, hagsmunasamtaka, stjórnmálaflokka, fjölmiðla og fjármálavalds. Með tilliti til framangreinds verðum við að álíta, að þrátt fyrir minna atkvæðavægi séu áhrif íbúa stór-Reykjavíkursvæðisins til stjórnunar þjóðmála mun meiri en íbúa landsbyggðarinnar.

Aðalframleiðsla þjóðarinnar á sér stað út um hinar dreifðu byggðir, en fjármunir renna til Reykjavíkur og eru síðan skammtaðir þaðan úr hnefa.

Þeirri skoðun okkar viljum við nú koma á framfæri að fjölgun þm. leysir engan vanda. T. d. virðist heil heimsálfa, Ástralía, komast vel af með aðeins 64 þm.

Allmiklar umræður hafa verið hér innan sýslunnar um þetta mál, bæði á pólitískum og almennum fundum. Einstaka fundarsamþykktir leggja ríka áherslu á að komi til breytinga á stjórnarskránni verði fjöldi þm. í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, eins og þeim er nú skipað, aldrei meiri en 2/5 hlutar af heildartölu alþm. þjóðarinnar.

Ef þú og þitt samstarfsfólk telur að kalla þurfi fram andstöðu gegn fyrirhugaðri kjördæmabreytingu og þið eruð reiðubúin að starfa að þessu málefni ættum við að leggjast á eitt og ráða ráðum okkar hvernig bregðast skuli við til varnar, þannig að íbúar landsbyggðarinnar geti búið við mannsæmandi kjör og haldið áfram að starfa að verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið.

Með bestu kveðjum og von um samstarf.

F.h. áhugamanna í Framsóknar-, Sjálfstæðis-, Alþýðuflokks- og Alþýðubandalagsfélögum í Vestur-Húnavatnssýslu."

Undir þetta rita Aðalbjörn Benediktsson, Hvammstanga, Örn Björnsson, Gauksmýri, Karl Sigurgeirsson, Hvammstanga, Egill Gunnlaugsson, Hvammstanga, Baldur Ingvarsson, Hvammstanga, Vilhelm Guðbjartsson, Hvammstanga, Björn Sigurvaldason, Litla-Árnesi, og Matthías Halldórsson, Hvammstanga.

Þetta mun vera sú Hvammstangaályktun sem hv. þm. Matthías Bjarnason gat um í ræðu fyrr í kvöld og taldi lítið til koma, eins og samþykktar úr Önundarfirði, sem lesin var upp á þingfundi í gær.

Ég er ekki að segja að þetta dreifibréf, sem sent mun hafa verið allvíða, muni hafa haft veruleg áhrif. Þó vitum við að snemma þessa árs var haldinn fundur á Akureyri og þaðan gerð ályktun um þessi mál og mjög í sama anda. Einnig í vetur var í bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkt ályktun um þessi málefni, sem ég vildi leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, og festa þar með í þingtíðindum. Þessi ályktun er svohljóðandi:

„Í sambandi við þá umræðu sem nú á sér stað í þingflokkunum um breytingu á kosningalögum og jöfnun á vægi atkv. vill bæjarstjórn Siglufjarðar beina þeim tilmælum til alþm. að þeir meti í raunhæfu ljósi þann geysilega aðstöðumun, sem íbúar dreifbýlisins hafa á við þéttbýlissvæðin við Faxaflóa, og viðurkenni að eðlilegt sé að vægi atkv. sé meira í hinum strjálu byggðum heldur en á þéttbýlissvæðunum á Reykjanesi og Reykjavík. Sé þessa sjónarmiðs ekki gætt gæti fyrr en varir komið til enn aukinna búferlaflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, sem flestum finnst nú nóg um, og byggð þannig lagst niður, sem orðið gæti dýrkeypt þjóðinni allri. Vilji alþm. ekki virða þennan rétt dreifbýlisins um mótvægi við gífurlegan aðstöðumun til hinna ýmsu þjónustuþátta ríkisins við þegna sína ber að gera aðrar raunhæfar ráðstafanir til jöfnunar lífskjara jafnframt."

Þessi ályktun er samþykkt af öllum bæjarfulltrúum í bæjarstjórn Siglufjarðar.

Hér vil ég meina að ég hafi lesið upp tvær samþykktir sem eru þvert á alla stjórnmálaflokka. Hér er ekki einn flokkur með forustu. Hér er ekki einn flokkur aftastur. Hér eru allir flokka sammála. Að ég les þetta hér upp er ekki vegna þess að það sé til umr. neitt í þessu frv. til stjórnskipunarlaga á þskj. 367, heldur er það að gefnu tilefni vegna ræðu frsm. stjórnarskrárnefndar, sem starfar þó um þessar mundir af hálfu beggja deilda, og þess að stjórnarskrárnefndir hafa unnið saman.

Hv. frsm. ræddi þá ályktun, sem kom úr Önundarfirði og var lesin upp hér í gær, og taldi lítið til hennar koma. Ef hann væri hér inni nú og hefði hlustað á þessar samþykktir hefði hann að sjálfsögðu risið upp og sagt að sér þætti lítið til þeirra koma einnig. En ég veit ekki hvaða álit hann hefur, sá ágæti maður, hv. alþm. Matthías Bjarnason, á skoðunum manna út um hinar dreifðu byggðir landsins ef hann telur þessar samþykktir sem slíkar, — þessar þrjár, sem upp hafa verið lesnar, tvær sem ég hef lesið upp í kvöld og eina, sem var lesin upp hér í gær, — þvætting einn.

Herra forseti. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram: Í fyrsta lagi samsvörun milli tölul. 2 á bls. 3 á þskj. 367 og brtt. þeirra hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar, en einnig vildi ég vekja athygli á samþykktum frá áhugamönnum um stjórnarskrármál í Vestur-Húnavatnssýslu undirrituðum af fulltrúum allra flokka og ályktun eða samþykkt sem var gerð í bæjarstjórn Siglufjarðar í vetur og samþykkt með öllum atkv. bæjarstjórnarmanna.

Eins og ég sagði áðan er ekkert undarlegt þó að mönnum verði skrafdrjúgt um frv. til stjórnskipunarlaga. Og ég harma það nú, eins og fyrr í dag þegar ég kvaddi mér hljóðs um dagskrá, að hér skuli vera kvöldfundur um þetta mál. Þetta er þriðji kvöldfundurinn um sama málið. Ég harma að svo skuli vera þrengt að alþm. að ekki nema 1, 2, 3, 4, 5, 6 eða 7 menn hafa þrek til að hlýða á umr. til enda og kynni að vera að þeim færi að fækka áður en henni lýkur. Menn hafa ærinn starfa hér í þinginu um þessar mundir. Menn þurfa að vakna snemma til vinnu á morgnana. Ég efast um að sanngjarnt sé að ætlast til þess að menn séu hér við vinnu langt fram á kvöld á hverju kvöldi og eigi svo að standa sig á erilsömum degi.

Eins og ég gat um í upphafi hef ég ekki haft tíma til að ígrunda þær brtt. sem hér hafa komið fram og harma ég

það á vissan hátt, en það sýnir ennþá hvað fáránlegt er að vera að gera breytingar á stjórnarskránni á síðustu dögum þingsins og keyra þær í gegn með allt að því offorsi á kvöld- og næturfundum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þegar dregur að lokum þessarar umr. er kannske rétt að rifja það upp fyrir þeim báðum hv. þdm. sem hér þreyja enn í salnum að þessi umr. er um stjórnarskrármál. Við erum hér að ræða frv. til stjórnskipunarlaga, sem m. a. felur í sér að meiri hl. þings hyggst leiða í stjórnskipunarlög að atkvæðisréttur íslenskra ríkisborgara skuli vera misjafn og það skuli fara eftir búsetu manna, að það eigi að verðleikaflokka íslenska ríkisborgara, að það skuli rétt dæmast að sumir Íslendingar skuli hafa óskertan atkvæðisrétt en aðrir skuli láta sér nægja vegna búsetu sinnar að hafa hálfan atkvæðisrétt eða jafnvel fjórða part úr atkvæðisrétti eða jafnvel fimmta part. Og það sem mest er: Að því er stefnt fullum fetum af yfirgnæfandi meiri hluta þings að þetta misrétti íslenskra ríkisborgara skuli bundið í stjórnarskrá með varanlegum hætti.

Nokkrir hv. þdm. hafa séð ástæðu til að víkja nokkrum orðum að málflutningi mínum fyrr við þessar umr., þar sem ég hef leyft mér að andmæla því að menn skuli láta sér detta í hug að leiða slíkt misrétti í lög. Ég hef reyndar lýst þeirri skoðun minni að það að leiða slíkt misrétti í stjórnarskrá sé mannréttindabrot og samræmist á engan veg grundvallarhugmyndum manna um hvað stjórnarskrá er.

Stjórnarskrá á að vera mannréttindaskrá — skrá um þau sameiginlegu almennu réttindi sem öllum þegnum ríkisins eru tryggð. En undir engum kringumstæðum á stjórnarskrá að vera pólitískt samsæri um að gera upp á milli borgaranna og skammta þeim á mjög hæpnum forsendum og vafasömum atkvæðisrétt, sem sker úr um hvort menn sitja við sama borð, hvort menn eru fullgildir þegnar í ríkinu, hvort menn eiga að njóta almennra mannréttinda, að skammta borgurunum á hæpnum forsendum mismunandi aðstöðu, mismunandi áhrif og það eftir búsetu.

Ég sýndi fram á það við umr. fyrr, að sú kenning að félagsleg aðstaða fólks fari aðeins eftir búsetu fær hreinlega ekki staðist. Ég sýndi fram á það með ærnum rökum að félagsleg aðstaða fólks fer eftir ótal mörgum öðrum þáttum og flestum öðrum þáttum reyndar en búsetu. Þessum rökum hefur ekki verið hnekkt þó að þeim hafi verið andmælt og það er ekki hægt að hnekkja þeim vegna þess að þessar röksemdir eru sannar. Um þetta þarf út af fyrir sig ekki að fjölyrða. En að því er varðar aths. nokkurra hv. þm. um þetta læt ég mér nægja að vitna til ræðu hv. 5. þm. Vestf. og tek hann sem dæmi um alla hina. Mér þykir leitt að þurfa að játa að mér fannst ræða hv. 5. þm. Vestf. í þessu máli ákaflega slæm. Forsendur í máli hans voru fyrst og fremst fordómar, uppistaðan í vefnum var rökleysa og niðurstaðan var fjarstæða. Fjarstæðan var sú að halda því fram að félagsleg aðstaða fólks í ríkinu fari fyrst og fremst eftir búsetu og tengja það síðan saman að það ætti að vega og meta atkvæðisrétt manna á þann mælikvarða. Hv. 5. þm. Vestf. sagði það illt verk og löðurmannlegt að etja saman borgurum ríkisins, að efna til ófriðar milli þéttbýlis og dreifbýlis, en uppistaðan í ræðu hans var nákvæmlega þetta. Uppistaðan í ræðu hans, innihald hennar, kjarni hennar var einmitt að ala á sundrungu, að ala á illindum milli borgara í þessu ríki einmitt eftir búsetusjónarmiðum.

Hv. þm. hefur áður vísað til þeirra orða að ekki megi svo fara að íslenska þjóðin skiptist í tvær þjóðir, í borgríki hér á Faxaflóasvæðinu og svo hins vegar þjóðveldið á landsbyggðinni. Og hann boðaði ákaflega sjálfstæðisbaráttu hinna kúguðu út um hinar dreifðu byggðir. Hann sótti sér vopn í þessari sjálfstæðisbaráttu einkum og sér í lagi til Danmerkur. Öðruvísi mér áður brá.

Reyndar var það svo, að hv. 1. þm. Vestf. svaraði þessum röksemdum þannig að ekki þarf frekar um að binda. Hann leiddi þessa röksemdafærslu til rökréttrar niðurstöðu með því að spyrja: Ef Dönum þykir við hæfi að tengja sinn atkvæðisrétt að einhverju leyti við flatarmál Jótlands væri þá ekki réttara hjá okkur að gera slíkt hið sama? Eigum við ekki að mæla atkvæðisréttinn á einhverja vísitölu, skriðjökla, eyðisanda? Hann nefndi dæmi um að Austfirðingar ættu að hafa 12 þm. ef Vatnajökull væri talinn með. Og spurt var: Væri ekki nær að vega þetta á annan mælikvarða, strandlengjuna eða miðin út af viðkomandi kjördæmi eða landsfjórðungi? Við nánari umhugsun sér maður að þetta er síst vitlausari hugmynd en hin að vega eigi atkvæðisrétt á mælikvarða búsetu. Hvort tveggja er fjarstæða.

Ég spurði fyrr við þessar umr.: Fer félagsleg aðstaða einstaklinga bara eftir búsetu? Ég hef ekki fengið nein svör í þessum umræðum við þeirri spurningu. Auðvitað er augljóst mál að svo er ekki. Félagsleg aðstaða fólks fer eftir ótal mörgum þáttum. Hún getur verið stéttbundin. Hún getur markast af eignum, efnahag, tekjum, skólagöngu og ótal öðrum persónulegum og einstaklingsbundnum þáttum. Félagsleg aðstaða láglaunafólks í þéttbýli mótast fyrst og fremst af slíkum þáttum fremur en búsetu. Ef við förum að vega og meta byggðarlög landsins kemur fljótlega í ljós að tölfræðilegt mat á þessu er í fyrsta lagi út í hött og í annan stað að rökrétt samhengi milli þessa og atkvæðisréttar leiðir til algerlega fráleitra niðurstaðna.

Skýrasta dæmið um þetta er auðvitað að félagslegur aðstöðumunur er í flestum tilvikum hvað mestur innan eins og sama kjördæmis. Það er staðreynd, að bóndi sem býr afskekkt langan veg frá sameiginlegum félagslegum þjónustumiðstöðvum samfélagsins geldur þess að ýmsu leyti. Hann hefur mun verri félagslega aðstöðu en þéttbýlisbúi í sama dreifbýliskjördæmi. Ef menn segja á annað borð að atkvæðisrétt eigi að vega og meta eftir nálægð við slíkar stofnanir verða menn að draga af því þá rökréttu ályktun að atkvæðisrétturinn eigi að vera ólíkur og mismunandi innan þessa sama kjördæmis.

Dæmið sem ég tók af bóndanum á Barðaströndinni þýðir nákvæmlega þetta. Samkv. þessari rökvísi á hann að hafa tvöfaldan, þrefaldan, fjórfaldan eða fimmfaldan atkvæðisrétt á við þann þéttbýlisbúa í sama kjördæmi sem nær býr skólum, grunnskólum, framhaldsskólum, heilsugæslustöðvum eða öðrum þeim stofnunum sem verið er að tala um. Það hefur engin tillaga heyrst um að leysa mál með þessum hætti, það hefur ekki hvarflað að neinum manni, sem sýnir um leið að öll röksemdafærslan um að atkvæðisréttur manna eigi að fara eftir slíkum sjónarmiðum er fjarstæða.

Það er hægt að nefna dæmi um ótal starfshópa í þjóðfélaginu sem búa við lakari félagslega aðstöðu en annað fólk — fólk sem er hreyfihamlað eða fatlað, fólk sem af heilsufarsástæðum er síður fært til að notfæra sér sameiginlega félagslega aðstöðu. Eiga menn virkilega að svara þessu fólki því til að það eigi að bæta því þennan aðstöðumissi eða þennan aðstöðuskort upp með auknu atkvæðavægi? Svarið er ósköp einfaldlega það, að það hvarflar ekki að neinum manni og niðurstaðan er aftur sú hin sama: Þetta eru fjarstæðukenndar röksemdir.

Það er illt verk að ala á sundurþykki, úlfúð og illindum milli borgara í ríkinu eingöngu eftir því hvar þeir eru búsettir á landinu. Og spurningin er: Hverjir eru það sem upphefja slíkar deilur? Eru það talsmenn þess fólks sem sannanlega og óvefengjanlega býr við það að því er ætlað samkv. þeim till. sem hér liggja fyrir að una því áfram að fulltrúar minni hluta þjóðarinnar ætla að skammta þeim hálft vægi atkvæða, hálft atkvæði eða þaðan af minna, og leiða slíkt misrétti í stjórnlög ríkisins? Eru það þeir sem slíku misrétti eru beittir sem vekja upp þessar deilur þó að þeir fari fram á að fá að sitja við sama borð og aðrir þegnar ríkisins? Nú er ekki langt gengið í þeim brtt. sem hér hafa verið fluttar. Það er ekki farið raunverulega fram á annað en þessi meiri hl., sem styðst við minni hl. þjóðarinnar, láti vera að beita valdi sínu til að binda þetta misrétti í stjórnarskrárlög, sem líka er fjarstæðukennd hugmynd að gera. Það er nú allt og sumt. Það er nú allt offorsið. Það eru nú öll illindin, sem verið er að efna til.

Það er verið að setja fram sanngirniskröfur með ærnum rökum og það er búið að sýna fram á það og því hefur ekki verið svarað og því verður ekki hnekkt, að öll hugmyndin um að tengja atkvæðisrétt manna við búsetu er svo fjarstæðukennd að fyrir henni verða ekki flutt nein rök sem haldbær geta talist. Þetta eru ósköp einfaldlega fordómar, sleggjudómar, og af þessum fordómum kviknar sú illskáa umræða að það eigi að bæta fólki upp aðstöðumun, sem stafar af ótal öðrum þáttum en búsetu, með því að tryggja þeim kjördæmum sem á landsbyggðinni eru eða þegnum þeirra meiri atkvæðisrétt en öðrum. Menn verða ósköp einfaldlega, sem þessu halda fram, að svara því: Ef forsendan á að heita að vera rétt eru þeir þá reiðubúnir að leiða í lög, koma með tillögur um það, að einstakir starfshópar eða einstök byggðarlög, að einstaklingar eftir stéttum innan sama kjördæmis með nákvæmlega sömu rökum hafi ólíkan atkvæðisrétt? Á þá atkvæðisréttur manna að breytast, ef þeir skipta um starf, alveg eins og atkvæðisrétturinn breytist ef menn skipta um bústað?

Það er alkunna að Vestfirðingar sem flytja brott, og þeir eru margir því meiri hluti Vestfirðinga býr reyndar utan Vestfjarða, verða að skilja eftir 4/5 atkvæðisréttar síns þegar farið er um Gilsfjarðarbotn. Ætti bóndinn sem hættir búskap, en flytur við skulum segja af Barðaströndinni á Patreksfjörð, að sitja uppi með sem því svarar minni atkvæðisrétt en ætti að tryggja honum sem bónda vegna fjarlægðar frá heilsugæslustöð í Búðardal?

Auðvitað sjá allir menn við nánari umhugsun að öll þessi röksemdafærsla er reist á sandi. Hún fær ekki staðist. Hún er ekkert annað en fordómar. Hún er fordómar af nákvæmlega sama taginu og kveðnir voru niður í þessu þjóðfélagi fyrir mörgum áratugum, þegar forréttindastéttir þessa lands töldu sjálfsagt að gildir bændur, eignamenn, ættu að hafa atkvæðisrétt, en fátækt fólk og umkomulaust ætti ekki að hafa atkvæðisrétt. Þetta eru nákvæmlega sömu fordómarnir og þegar því var haldið fram að karlmenn ættu að hafa fullgildan atkvæðisrétt eða a. m. k. sumir þeirra, en konur, helmingur þegnanna, væru ekki verðugar þeirra mannréttinda að njóta atkvæðisréttar.

Ég hef vitnað til þess áður og vitna til þess enn að það hefur sögulega séð verið hlutverk þess stjórnmálaflokks sem ég tilheyri að kveða niður slík fornaldarviðhorf, og það er ósæmandi öllum mönnum sem kenna sig við lýðræðislega jafnaðarstefnu að vekja upp slíka fornaldardrauga.

Hv. 5. þm. Vestf. brigslaði mér um að hafa skipt um skoðun í þessu máli. Hann hélt því fram með miklu offorsi að á þeim árum þegar ég var búsettur í hans núverandi kjördæmi, þar sem ég reyndar er fæddur og uppalinn, hefði ég haft allt aðra skoðun á þessu máli. Líka þessi fullyrðing hv. 5. þm. Vestf. er ósönn og fjarstæða.

Það vill svo til að um tveggja ára skeið, ef ég man rétt átti ég sæti í stjórnskipaðri nefnd, sem hafði það verkefni að gera tillögur til forsrn. um dreifingu ríkisstofnana um landið. Af því tilefni flutti ég á árinu 1976 erindi í Ríkisútvarpið, þar sem hugmyndir, sem þá voru ræddar innan þessarar nefndar, voru meginumræðuefnið. Þar tók ég það sérstaklega fram að sem landsbyggðarmaður væri ég ekki þeirrar skoðunar að dreifbýlisbúar og landsbyggðarmenn ættu að heyja baráttu sína fyrir jöfnun félagslegs aðstöðumunar með þeim rökum eða á þeim forsendum að þann mun ætti að bæta upp með misvægi í atkvæðisrétti. Slík rök stæðust ekki. Þar væri verið að blanda saman óskyldum málum. Það sem ætti að gera, og það sem væri rétta leiðin í þessu máli, væri auðvitað að landsbyggðarmenn ættu að gera kröfu til þess að hluta af því mikla miðstjórnarvaldi, sem búið væri á undanförnum árum og áratugum að safna á hendur ríkisstjórnar, stjórnarráðs, sérfræðinga og embættismannavalds hér í höfuðborginni, ætti að skila aftur út til fjórðunganna, út til sveitarfélaganna. Ég setti fram þær hugmyndir og þá stefnu, að landsbyggðarmenn ættu að geta sameinast um að gera kröfu um valddreifingu frá miðstjórnarvaldi ríkisins til hinna dreifðu byggða. Þeir ættu að gera tillögur um með hvaða hætti sveitarfélög og stærri einingar sveitarfélaga, og þá einkum og sér í lagi fjórðungarnir, ættu að fá tryggt í stjórnskipan ríkisins, að þeir fengju vald til þess að taka sjálfir ákvarðanir um helstu verkefni og framkvæmdir hver í sínum landsfjórðungi og fá til þess tekjustofna þannig að saman færu tekjustofnar, ákvörðunarvald og ábyrgð. Þetta væri reyndar með mest aðkallandi umbótum á stjórnkerfi ríkisins, sem ástæða væri til að berjast fyrir í okkar þjóðfélagi.

Ég hef m. ö. o. alls ekki skipt um skoðun í þessu máli. Ég er enn nákvæmlega sömu skoðunar og ég var þá, þegar ég var um átta ára skeið bæjarfulltrúi á Ísafirði og forseti bæjarstjórnar þar um tíma. Ég hef ekki skipt um skoðun. Ég er nákvæmlega þeirrar sömu skoðunar, að sú leið sem landsbyggðarmenn eigi að fara sé þessi. Og það vill svo til að sá flokkur sem ég tilheyri hefur lýst því yfir í stefnuskrá sinni og fylgt þeirri stefnu sinni eftir með flutningi mjög merkilegs þingmáls hér á þingi, og vísa ég þá til þáltill. hv. þm. Magnúsar H.

Magnússonar, þar sem hann mótar þá stefnu að færa tekjustofna og verkefni frá miðstjórnarvaldi ríkisins yfir til sveitarfélaganna jafnframt sem að því skuli stefnt að sameina sveitarfélögin í stærri stjórnsýslueiningar þannig að þau fái ráðið við þau verkefni sem þau ættu þannig að taka við frá miðstjórnarvaldi ríkisins.

Herra forseti. Ég endurtek að fullyrðingar og brigslyrði hv. 5. þm. Vestf. um að skoðanir mínar í þessu máli hafi farið eftir því hvar ég var búsettur á landinu eru rangar og ég vísa þeim heim til föðurhúsa. En hitt er staðreynd, að frá og með þeim degi að ég fluttist búferlum frá Ísafirði hlaut ég að lúta þeirri nauðung að skilja 4/5 hluta af atkvæðisrétti mínum eftir í því kjördæmi sem ég flutti úr. Fyrir því eru engin rök, hvers vegna maður sem flytur búferlum úr einu kjördæmi í annað á að verðleikaflokkast af þeim sökum á allt annan máta.

Hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason, sem um leið er fulltrúi Sjálfstfl. í stjórnarskrárnefnd, lýsti efasemdum sínum og andstöðu sinni við þær tillögur sem við dr. Gylfi Þ. Gíslason fluttum í stjórnarskrárnefnd um breytingar á kjördæmaskipun. Þessar tillögur eru birtar í skýrslu stjórnarskrárnefndar um kjördæmamálið, sem sendar voru af þingflokkum í byrjun jan. s. l. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að stjórnarskrárnefnd setti fram ýmsa kosti, ýmsar tillögur fyrir þingflokkana að velja úr. Ein af þessum till. var sú, að í framhaldi af kjördæmabreytingunni 1959 yrði skrefið stigið lengra og í stað átta kjördæma yrði tekin upp kjördæmaskipun byggð á fornri umdæmaskipan landsins — kjördæmaskipun sem markaðist af landsfjórðungunum og höfuðborginni, þar sem kjördæmin yrðu fimm, höfuðborgin og landsfjórðungarnir fjórir. Þess vegna nefni ég þetta að einmitt þessi till. samræmist mjög vel hugmyndum mjög margra sveitarstjórnarmanna. Forsendan fyrir óskum okkar og vonum um að valdinu verði dreift frá miðstjórnarvaldi ríkisins til sveitarfélaganna nær því fólki sem staðarþekkinguna hefur er einmitt sú, að sveitarstjórnarumdæmin verði stækkuð. Þessi till. er í fullkomnu samræmi við sögulegar erfðir okkar og hún er þegar af þessum ástæðum, vegna þess að hún tengist hugmyndum manna um umbætur á sveitarstjórnarskipuninni, hin ágætasta till. Það er svo aukaatriði þessa máls að við útreikninga á því hvernig þessi kjördæmaskipan félli að þeim mælikvörðum, sem við gjarnan settum á allar þær tillögur, þ. e. hvernig vægi atkvæðisréttar eftir búsetu hefði komið út samkv. þessari tilteknu till., þá kom það á daginn að þetta var sú till. sem bestum árangri skilaði til þess að draga úr misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu — bestum árangri skilaði t. d. á þann mælikvarða. Og ef saman fer að þar með er stigið stórt skref í rétta átt og við það bætist að þessi kjördæmaskipan gæti í leiðinni greitt götuna fyrir því að nýjum máttarstoðum yrði rennt undir sveitarstjórnarskipunina, sem aftur væri forsenda fyrir valddreifingu frá ríkinu til byggðanna, þá er þetta eins og ég sagði áðan hin ágætasta till. Og mig furðar satt að segja á því að menn, sem gera sér eðlilega samkv. sinni starfsreynslu mjög títt um hagsmuni sveitarfélaganna, skuli ekki taka betur undir slíka till.

Hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason taldi líka mikla annmarka á þeim till. sem við dr. Gylfi Þ. Gíslason settum fram í stjórnarskrárnefnd um landið eitt kjördæmi, sem eins og kunnugt er er eina till. sem tryggir öllum þegnum ríkisins skilyrðislaust, hvar svo sem þeir búa eða hver sem félagsleg aðstaða þeirra er að öðru leyti, sömu mannréttindin, sama atkvæðisréttinn um land allt. Hann hreyfði þeim mótbárum, sem oft eru nefndar í þessu samhengi, að slík skipan mundi leiða til óþolandi flokksræðis. Þau rök hafa í hálfa öld verið færð gegn þessum tillögum. Því er til að svara, að hjá þessum annmarka er hægt að komast vegna þess að þó að kosningaskipanin væri sú að kosið yrði samkvæmt hlutfallskosningum um landið allt er auðvitað hægt að framkvæma þær kosningar í kjörsvæðum og það má leggja til grundvallar núverandi kjördæmaskipun þess vegna eða fjórðunganna. Slík skipan mundi ekki koma í veg fyrir að kosningaúrslit á landinu öllu yrðu samkv. reglunni einn maður — eitt atkvæði, en engu að síður væri með slíkum hætti hægt að koma við persónulegu vali kjósenda á kjörsvæðum. Þetta nefni ég til þess að sýna fram á að það er hægt að sníða þessa agnúa af, það er hægt að mæta þessari gagnrýni og komast hjá þessum ókostum.

Herra forseti. Hér liggja fyrir margar brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. Vilmundi Gylfasyni. Sú till. sem er viðamest er á þskj. 522. Hún fjallar um þjóðkjörinn forsrh. Hún er m. ö. o. hluti af þeim till. sem fimmti flokkur þjóðarinnar hefur sett fram hér á hv. Alþingi um svokallað franskt kerfi. Ég hef áður vikið að þessum hugmyndum. Hv. 4. þm. Reykv. svaraði því fyrr við þessar umr., en á svo ófullkominn hátt að ég held að ástæða sé til að fjalla rækilegar um spurninguna: Hvaða afleiðingar hefði það að öllum líkindum fyrir íslenskt stjórnarfar ef slíkar tillögur næðu fram að ganga?

Við skulum aðeins skoða ástandið í íslensku þjóðfélagi eins og það er. Ef lýsa ætti stjórnmálaástandinu hér og nú þessi misserin með einu orði hygg ég að vandfundið sé annað orð sem betur lýsir því en þetta eina: stjórnleysi. Hér ríkir algert stjórnleysi í efnahagslífinu. Mælikvarðinn á þetta stjórnleysi er 100% verðbólga, þ. e. 100% stjórnleysi, því verðbólga er í innsta eðli sínu í raun og veru stjórnleysisástand. Hvers vegna er ríkjandi hér stjórnleysi? Það er m. a. vegna þess að upp er kominn alger árekstur vegna framkvæmdar handhafavaldsins, ríkisstjórnarinnar sem er kölluð, og Alþingis. Sú ríkisstjórn sem hér situr er í reynd eins konar starfsstjórn, þar sem hún styðst ekki lengur við neinn þingmeirihluta og kemur þar af leiðandi engum málum fram. Þetta ástand kallar hæstv. forsrh. starfsstjórnarinnar stjórnskipulega sjálfheldu. Þessi ríkisstjórn hefur setið hér í allan vetur án þingmeirihluta og þar sem hún er án þingmeirihluta er hún pólitískt getulaus. Stjórnarandstaðan hefur ekki heldur afl atkv. til þess að koma þessari stjórn frá völdum né heldur afl atkv. til þess að mynda annan meiri hluta. Niðurstaðan er einföld: Stjórnkerfið er lamað. Þetta ástand hefur verið viðvarandi allt frá því að Alþingi var sett á s. l. hausti. Hugsandi menn í öllum flokkum hryllir við þeirri tilhugsun að þetta ástand haldi áfram að kosningum loknum. Líkurnar á því aukast þó dag frá degi eftir því sem framboðsaðilum fjölgar og hin pólitíska upplausn vex. Líkurnar á því að unnt verði að mynda starfhæfa meirihlutastjórn, þingræðisstjórn, að kosningum loknum minnka að sama skapi.

Herra forseti. Hér höfum við fyrir augunum í hnotskurn afleiðingarnar af alvarlegum árekstri fram-

kvæmdavalds og löggjafarvalds. Afleiðingin er í einu orði sagt stjórnleysi.

Nú er það eftir öðru að á upplausnartímum koma fram á sjónarsviðið sem endranær innblásnir mannkynsfrelsarar sem tala tungum og sjá sýnir og boða lýðnum patentlausnir á öllum vanda. Tillaga hv. 4. þm. Reykv. um hið svokallaða franska kerfi er einmitt slík patentlausn. Hver eru meginatriði þessarar till.?

Till. er um að taka upp forsetaveldi og afnema þingræði í þeim skilningi að ríkisstjórn verði að styðjast við meiri hl. þings eða vera umborin af því. Flm. kennir þessar hugmyndir sínar við franskt kerfi, en þegar nánar er að gáð kemur á daginn að þetta er misskilningur hv. flm. á franska kerfinu.

Lagt er til að forsrh. verði kosinn beinni kosningu um land allt. Ólíkt því sem er í franska kerfinu á að kjósa forsrh. með allt annarri kosningaaðferð en þingið. Vægi atkv. á að vera jafnt þegar forsrh. er kosinn, handhafi framkvæmdavaldsins: einn maður — eitt atkv.

Þar sem meiri hl. þjóðarinnar, um 60% nú, býr í þéttbýli, þá gefur auga leið að framkvæmdavaldið mun heldur hallast inn á þéttbýli, eins og viðurkennt er berum orðum í grg. með till. Þetta er enn betur tryggt með því að forsrh. á að kjósa í tveimur umferðum, sem þýðir að hann verður að ná meirihlutakosningu. Það fer ekki milli mála að allar líkur benda til þess að samkv. þessu kosningakerfi verði forsrh., handhafi framkvæmdavaldsins, kosinn af meiri hl. þjóðarinnar og endurspegli það í pólitískum skilningi.

Þessi forsrh. á síðan að skipa sína ríkisstjórn og það sem meira er: það er tekið fram í till. að þingrofsréttinn eigi að afnema. Það er gerólíkt því sem er í franska kerfinu, því að það er eitt meginatriðið í þessu franska kerfi að handhafi framkvæmdavaldsins hefur þingrofsrétt. Fyrsta verk Francois Mitterand Frakklandsforseta, þegar hann hafði náð kosningu sem forseti Frakka, var að beita þessu þingrofsvaldi til að senda þingið heim til þess að efna til nýrra þingkosninga, til þess þar með að tryggja sér nýjan þingmeirihluta þannig að ekki kæmi til árekstur, sem er meginhættan í þessu kerfi, milli forsetavalds og löggjafarvalds.

Ólíkt því í þriðja lagi sem er í Frakklandi á samkv. þessum till. að kjósa löggjafarvaldið eða Alþingi með allt annarri kosningaaðferð. Þar gerði flm. ráð fyrir óbreyttri kjördæmaskipan og óbreyttum kosningalögum. Hvað þýðir það? Það þýðir að flm. ætlast til þess að minni hl. þjóðarinnar í hinum fámennari kjördæmum skuli áfram hafa yfirgæfandi meirihlutavald á Alþingi. M. ö. o.: þessar tillögur hljóða upp á að meirihlutavaldið á Alþingi verði kosið með allt öðrum hætti en framkvæmdavaldið. Þetta þýðir að meiri hl. Alþingis verður allt öðruvísi saman settur en sá meiri hl. sem kýs forsrh. Það þýðir að tillögumaður, sem kennir sig við jafnaðarstefnu, ætlar um ófyrirsjáanlega framtíð að bjóða meiri hl. þjóðarinnar í tveimur fjölmennustu kjördæmunum, Reykjavík og Reykjanesi, að fara með aðeins ¼ eða ⅕ part úr atkv. þegar kosið er til Alþingis. Það má orða á annan veg: Samkv. till. hv. 4. þm. Reykv. á aðeins ¼ eða ⅕ og bráðum kannske aðeins ⅙ hver kjósandi í Reykjavík að hafa atkvæðisrétt í alþingiskosningum. Þetta misrétti, þetta misvægi atkvæðisréttar, á samkv. hugmyndum hv. 4. þm. Reykv. að binda í stjórnarskrá alveg eins og nú er og með svipaðri búsetuþróun og verið hefur má slá því föstu að þetta misvægi atkvæðisréttar muni fara hraðvaxandi á næstu árum.

Til hvers konar ástands mun þetta stjórnkerfi, sem hér er stungið upp á, að öllum líkindum leiða? Það blasir alveg við augum. Hin stjórnskipulega sjálfhelda núv. hæstv. forsrh. er innbyggð í þetta kerfi. Þetta kerfi mun fyrirsjáanlega leiða til óleysanlegra árekstra milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Það mun fyrirsjáanlega leiða til lömunar stjórnkerfisins í einu orði sagt. Það mun leiða til stjórnleysis sem varanlegs ástands — þess ástands sem þjóðin stynur undan nú og biður til guðs á hverjum degi að frá henni megi víkja. Sú er raunverulega lýsingin á því sem þetta kerfi muni leiða til. Þessi till. er sorglegt dæmi um að læknisráðið sem boðið er upp á er verra en sjúkdómurinn, sem þó á að heita að það eigi að lækna.

Það er rétt að undirstrika að þessi till. er ekki till. um franskt kerfi, heldur er þetta misskilningur hv. flm. á franska kerfinu. Í Frakklandi er sama kosningaaðferð notuð hvort heldur er verið að kjósa til þings eða forseta. Aðferðin er meirihlutakosning í tveimur umferðum — í einmenningskjördæmum í báðum tilvikum. Í forsetakosningum er það landið allt sem er eitt kjördæmi, en í þingkosningum er landinu skipt í smærri einmenningskjördæmi. Í báðum tilvikum er um að ræða meirihlutakosningu í tveimur umferðum. Þar að auki hefur forsetinn samkv. franska kerfinu þingrofsrétt í Frakklandi. M. ö. o.: hann hefur þann möguleika, ef til þessara árekstra kemur milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds, sem að vísu er kosið með sama hætti í Frakklandi, en ekki samkv. till. höfundar, að beita þessu þingrofsvaldi til að senda þingið heim og leysa þannig þá árekstra. En einmitt þetta tæki boðar hv. flm. að hann vilji afnema og sitja þá uppi vopnlaus og varnarlaus gagnvart þeim árekstri framkvæmdavalds og löggjafarvalds sem till. mun leiða til.

Því til viðbótar má geta þess, að höfundur franska kerfisins, Charles de Gaulle hershöfðingi, hafði enn einn öryggisventil til að afstýra slíkum árekstri í franska kerfinu. Þar vísa ég til 16. gr. frönsku stjórnarskrárinnar, sem heimilar forseta fyrirvaralaust að taka sér alræðisvald og senda þingið heim hvenær sem honum þóknast. Þeir sem þekkja til sögu Frakka og fimmta lýðveldisins vita að ákvæði þessarar greinar var beitt.

Herra forseti. Við eigum að vísu enn eftir að telja hersveitir hv. 4. þm. Reykv., Vilmundar Gylfasonar, og eftir er að sjá hvernig skikkja hershöfðingjans hæfir honum, þegar hann ber kápuna svo greinilega á báðum öxlum í skilningi sínum á franska kerfinu.

Nú skal það játað að meiningin er nokkuð góð hjá hv. flm. þó að aðferðin sé vitlaus og leiði til þveröfugrar niðurstöðu á við það sem meiningin er. Meiningin er sú að tryggja aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Niðurstaða verður hins vegar í staðinn alger árekstur framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Hið ómótstæðilega afl framkvæmdavaldsins mun samkv. þessum till. brotna á óbifanlegu bjargi landsbyggðarmeirihlutans, sem mun byggja vald sitt á misvægi atkvæðisréttarins, sem enn á að bjóða upp á. Afleiðingarnar verða að öllum líkindum þær, að það upplausnar- og stjórnleysisástand, sem við nú höfum fyrir augunum og flestir fordæma nema þeir sem fitna á því eins og púki á fjósbita, verður varanlegt og mun að lokum

koma í veg fyrir að pólitískar forsendur verði fyrir því að leysa brýnustu vandamál sem greinilega er við að fást á næstu árum.

Ég er algerlega sammála þeirri skoðun að draga verði skarpari skil og skýrari rök milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Til þess að svo megi verða þarf hins vegar ekki að afnema þingræðið. Til þess þarf reyndar ekki annað en þingmeirihluta fyrir löggjöf, sem skilgreini og takmarki verksvið og valdsvið hvors aðilans fyrir sig, en það þarf líka samkv. þessum tillögum hv. 4. þm. Reykv. þingmeirihluta til að koma því kerfi á. Þessu markmiði er hægt að ná með því að leiða í stjórnlög eftirfarandi setningu: Alþingismanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja meðan kjörtímabil hans endist.

Þessi setning er reyndar 9. gr. gildandi stjórnarskrár. Eina breytingin er sú, að í staðinn fyrir orðið forseti hef ég sett orðið alþm. Samkv. nýjum stjórnarskrártill. er hæstaréttardómurum óheimilt að gegna umboðsstörfum. Þeir eru ekki heldur kjörgengir. Þannig er verksvið þeirra skilgreint og takmarkað. Með nákvæmlega sama hætti er hægt að ná því markmiði að draga eðlileg skýr mörk milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, skilgreina verksvið hvors aðilans um sig með því að lögleiða stjórnarskrárákvæði af því tagi sem ég nú las upp og þegar gildir t. d. um æðsta embætti lýðveldisins, forsetaembættið. Um þetta geta menn verið sammála. Þetta þarf að gera. Hins vegar er mér til efs að fyrir slíkum tillögum sé nú meiri hluti á Alþingi. Þá ber að vinna að því að skapa slíkan meiri hl. með pólitískri baráttu og þeirri baráttu vil ég vissulega leggja lið fyrir mitt leyti.

Ég vek athygli á að þess er krafist t. d. af forseta Bandaríkjanna að hann afsali sér hlutabréfum í fyrirtækjum, sem hann kann að hafa átt aðild að, meðan hann gegnir embætti forseta. Sömu kröfu ber að gera til alþm. Það á að vera hafið yfir grun að þeir láti einkahagsmuni ráða afstöðu sinni eða gerðum í löggjafarstarfi.

Alþingi á að fara með löggjafarvald, fjárveitingavald og eftirlitsvald með framkvæmdavaldi. Um þetta eru allir jafnaðarmenn sammála. Þrátt fyrir þann skæting sem hv. 4. þm. Reykv. hefur gert að kæk að senda sínum fyrri samherjum þegar hann opnar munninn, sem sumum finnst vera helst til oft, hefur hann varla haft við í vetur hér á Alþingi að mæla fyrir tillögum sem ýmsir fyrrverandi samherjar hans þm. Alþfl. hafa flutt með honum hér á þingi.

Nokkur dæmi: Tillögur um aukið vald og verksvið þingnefnda til eftirlits með framkvæmdavaldinu. Annað dæmi: Till. um að takmarka verksvið framkvæmdavaldsins með því að svipta það valdi til útgáfu brbl. Fleiri till. má nefna af þessu tagi, sem fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd hafa þar komið á framfæri og miða að því að efla sjálfstæði Alþingis gagnvart löggjafarvaldinu og draga skýrari mörk á milli þess og framkvæmdavaldsins. Um þetta hefur enginn ágreiningur verið innan Alþfl. Um þetta geri ég engan ágreining heldur við hv. 4. þm. Reykv.

Tökum sem dæmi Framkvæmdastofnun ríkisins, þessa gróðrarstíu spillingarinnar sem oft er kölluð, þessa stofnun sem hæstv. forseti þessarar deildar var að verja í sjónvarpsþætti í kvöld. Formaður þingflokks Alþfl. flutti á seinasta þingi frv. til l. um að leggja þá stofnun niður, en færa þess í stað áætlunargerð um byggðamál inn í rn. Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fluttum um daginn sólarlagsfrv. um að leggja hana niður eigi síðar en um næstu áramót. Það skal tekið fram, að þessi tillöguflutningur er í samræmi við yfirlýsta stefnu Alþfl.

Þá er spurt: En á ekki Alþfl. fulltrúa í stjórn þar eins og aðrir flokkar? Að vísu. Sú var tíð að Reykjaneskjördæmi var með geðþóttaákvörðun útilokað frá því að sitja við sama borð meðan þetta stjórnsýsluapparat var við lýði og aðrir landshlutar, önnur kjördæmi, að því er varðar lánafyrirgreiðslu til fyrirtækja. Fulltrúi þess kjördæmis situr nú f. h. Alþfl. í stjórn Framkvæmdastofnunar. Það breytir engu um að það er ítrekuð og yfirlýst stefna flokksins að leggja beri þessa stofnun niður, að breyta beri öllu stjórnkerfi fjárfestingar, sem tillögur hafa líka verið fluttar um hér á hv. Alþingi, og gerbreyta um alla stefnu að því er varðar þennan grundvallarþátt efnahagsstefnunnar, sem er stefnan í fjárfestingarmálum.

Það má bæta við öðru atriði. Hv. 4. þm. Reykv. hefur oft látið að því liggja, þegar hann vill láta líta svo út, að allir stjórnmálaflokkarnir hinir, þ. e. hinir fjórir í því fimm flokka kerfi sem nú er risið, séu undir sömu sök seldir að því er varðar afstöðu þeirra til þessara mála, það sé ekki greinanlegur neinn munur á stefnu þessara flokka. Allir eiga þeir væntanlega nú, að hans sögn, að bera sömu og sameiginlega ábyrgð á því efnahagslega skipbroti lýðveldisins sem við höfum verið að upplifa á s. l. áratug. Það er út af fyrir sig eðlilegt að hv. þm. leiti sér að ágreiningsefnum við sinn fyrri flokk, en um leið óhjákvæmilegt að rifja upp að þetta er málflutningur sem er nýr í hans munni. Meðan hv. þm. var enn innan raða Alþfl. talaði hann um Alþfl. annars vegar og Kröfluflokkana. Hann talaði annars vegar um Alþfl., sem hafði verið utan ríkisstjórnar á verðbólguáratugnum, og hins vegar um þá flokka sem raunverulega hafa farið með völd og borið ábyrgð á efnahagslegum ófarnaði okkar allan þennan tíma.

Meðan við vorum flokksbræður vorum við sammála um að þegar sýnt var að sú tilraun sem Alþfl. gerði í skammlífu stjórnarsamstarfi 1978—79 hefði mistekist hefði það verið flokkunum til sóma að gera það dæmi upp og segja sig úr þeirri ríkisstjórn og vísa þeim ágreiningsmálum til þjóðarinnar. (**VG:** Hann skal bara fara í stjórnina.) Ég er sammála um það líka. Ég hef orðað það svo, að það hafi verið pólitískt umferðarslys. En alveg eins og hv. þm. Karvel Pálmason skiptir orðið mannkynssögunni í tvennt, þ. e. tíminn áður og eftir að hann gekk í Alþfl., er þar ekki við mig að sakast, hv. þm.

Við skulum leiða hjá okkur þennan órökstudda skæting hv. 4. þm. Reykv., sem hann beinir að sínum fyrri samherjum og er ný plata — skiljanleg út frá því að hann þarf að leita sér að ágreiningsefnum vegna þess að hann yfirgaf Alþfl. án þess að láta nokkurn tíma á það reyna í stofnunum flokksins, eins og t. d. á flokksþingi, hver þessi málefnaágreiningur væri. Hann hefur eftir á reynt að mikla þann ágreining með till. sínum um þetta franska stjórnkerfi, þ. e. með tillögum sínum sem byggjast raunverulega á misskilningi hans á hinu franska stjórnkerfi, sem ég hef gert hér áður að umtalsefni. En einu er ekki hægt að láta ósvarað. Það

er t. d. að það er staðreynd að þingflokkur Alþfl. hefur ekki í 4 kjörtímabil eða í 16 ár tilnefnt alþm. í bankaráð í stofnunum framkvæmdavaldsins. Eina undantekningin frá því er Benedikt Gröndal, sem sat í bankaráði Seðlabankans skamma hríð, en Seðlabankinn er hins vegar ekki, eins og menn vita, viðskiptabanki í venjulegum skilningi, heldur er hann ekki hvað síst upplýsingabanki um hagstjórn og um hann gegnir allt öðru máli en stofnanir eins og venjulega viðskiptabanka — ég tala nú ekki um fjárfestingarlánasjóði eða aðrar þær stofnanir þar sem einkafyrirtæki eða kjördæmahagsmunir leita sér fyrirgreiðslu.

Herra forseti. Réttlæting hv. 4. þm. Reykv. Vilmundar Gylfasonar á þeirri till. að halda áfram að svipta meiri hl. þjóðarinnar atkvæðisrétti til alþingiskosninga er í meira lagi kyndug. Hún er sú, að ef þm. sitji ekki lengur í sjóðakerfinu eða sæki ekki lengur í sjóðakerfið skipti atkvæðisrétturinn að því er varðar þingkosningar ekki lengur neinu máli. Fyrst er nú þá aths. að gera, að til þess að koma þeim lögum í gegnum þingið, hvort heldur það er gert í venjulegum lögum eða í stjórnskipunarlögum, að þingflokkar og þm. afsali sér valdi skömmtunarstjóra allra heimsins gæða í sjóðakerfinu, þarf þingmeirihluta. Til þess þarf m. ö. o. fullgild atkvæði þéttbýlisbúa á þingi. Til þess þarf meiri hl. sem endurspeglar raunverulegan þjóðarvilja. Þegar af þeirri ástæðu er auðvitað nauðsynlegt að allir borgarar í ríkinu hafi óskertan atkvæðisrétt, hvort heldur kosið verður til löggjafarþings eða framkvæmdavalds.

Ég skal rifja upp að þrátt fyrir allt gerir hv. 4. þm. Reykv. ekki ráð fyrir að afnema þingræðið með öllu, þó að hann geri það í vissum skilningi, eins og ég vék að áðan. Eftir sem áður þarf hinn þjóðkjörni forsrh. að leita til þingsins. Þingið á eftir sem áður að hafa mikið vald, bæði fjárveitingavald, löggjafarvald og eftirlitsvald. Ef það á að koma á þeirri skipan að þm. verði óheimilt að sitja í stofnunum framkvæmdavaldsins, sem ég er sammála, þarf til þess þingmeirihluta. Sá þingmeirihl. er t. d. ekki fyrir hendi á Alþingi nú, því Alþingi sem endurspeglar ekki réttan þjóðarvilja þar sem meiri hl. alþm. er hingað kjörinn með atkv. sem vega miklum mun þyngra en atkv. annarra. M. ö. o.: það er viðurkennd staðreynd að sá meiri hl. landsbyggðarmanna, sem hér er ráðandi á þingi, styðst ekki við atkv. meiri hl. þjóðarinnar.

Ég endurtek: Á það er að líta að samkv. till. hv. 4. þm. Reykv. á Alþingi eftir sem áður að fara með löggjafarvald og fjárveitingavald. Alþingi mun eftir sem áður ráðstafa fjármunum í stórum stíl. Alþingi mun taka ákvarðanir um þá fjármuni sem eiga að fara til sjóðakerfisins. Alþingi mun taka ákvarðanir um framlög til verklegra framkvæmda í kjördæmum. Alþingi mun taka þessar ákvarðanir í gegnum fjárlög og lánsfjárlög. Þetta þýðir að kjördæmatogstreitan mun halda áfram að fullu. Naumt skammtaður atkvæðisréttur, sem hv. þm. vill áfram skammta meiri hl. þjóðarinnar, mun áfram tryggja minni hl. úrslitavald á Alþingi og forræði þar með yfir fjárframlögum, yfir fjárlögum, yfir lánsfjárlögum og yfir hverjum þeim öðrum lögum sem veita fjármunum í samræmi við þennan hráskinnaleik togstreitunnar milli kjördæma og byggðarlaga. Og ég endurtek: Eigi að koma í veg fyrir að þm. sitji sjálfir í stofnunum framkvæmdavaldsins þarf til þess þingmeirihl. og það verður að leiða í lög á Alþingi. Þetta ætti að nægja til þess að sýna fram á að tillögur hv. 4. þm. Reykv., sem hann kennir ranglega við franskt kerfi, ganga ekki upp.

Sjálfur viðurkennir tillöguhöfundur í grg. sinni að á Íslandi eigi misvægi atkv. og þar með mismunandi geta byggðarlaga til þess að koma ár sinni fyrir borð gagnvart almannasjóðum þyngsta sök að því er varðar efnahagslega óstjórn. Þetta kemur mér ekki spánskt fyrir sjónir. Þessari skoðun hef ég haldið sjálfur fram oft og iðulega og ég er sammála henni. Engu að síður gerir tillögumaður ráð fyrir að áfram skuli haldið þessu misvægi atkvæðisréttar, sem veldur því að Alþingi endurspeglar ekki þennan þjóðarvilja þrátt fyrir þá staðreynd að vilji hann koma á aðskilnaði löggjafarvalds og framkvæmdavalds þarf hann að leiða slíkt í lög með meiri hl. á Alþingi. Tillögur hans breyta engu um það. Því ástandi sem við viljum báðir breyta verður því ekki breytt meðan misvægi atkvæðisréttar kemur í veg fyrir að Alþingi endurspegli raunverulega meirihlutavilja með þjóðinni.

Herra forseti. Við skulum aðeins rifja upp. Samkv. þessum tillögum mun forsrh. með sína sjálfskipuðu ríkisstjórn að öllum líkindum styðjast við raunverulegan þjóðarmeirihluta. Þar með eru allar líkur á að hann muni leita eftir lagaheimildum fyrir gagngerum breytingum, fyrir umtalsverðri stefnubreytingu, í mjög mörgum málum og málaflokkum. Það eru mjög mikil líkindi á því að slíkur forsrh. með meiri hl. kosinn meirihlutakosningu, með meiri hluta þjóðarinnar í þéttbýlinu að baki sér, muni leita eftir því að taka upp gerbreytta stefnu í efnahagsmálum og hagstjórn.

Setjum sem svo sem dæmi að slíkur forsrh. og ríkisstjórn hans vilji varpa oki landbúnaðarkerfisins af herðum neytenda í þéttbýli, leggja fram tillögur um lagabreytingar t. d. um að verja þeim tíunda hluta ríkisútgjalda sem nú fer í niðurgreiðslur og útflutningsbætur á þjóðhagslega hagkvæmari hátt. Þetta er, svo að ég nefni aðeins eitt dæmi, eitt af eilífðardeilumálum í íslenskri pólitík á undanförnum áratugum. Ég spyr: Er líklegt að massífur meiri hluti hér á Alþingi, sem er tilkominn í krafti misvægis atkvæðisréttar þar sem minni hl. þjóðarinnar mun samkv. þessu kerfi hafa áfram meiri hl. á Alþingi, muni veita forsrh. slíka lagaheimild? Reynslan kennir okkur að líkurnar á því eru hverfandi.

Nú nefni ég hér aðeins eitt dæmi. Við getum nefnt ótal mörg dæmi um slík eilífðardeilumál, sem ekki hafa fengið lausn hér vegna þess að þau hafa strandað á þingmeirihl. sem hér ríkir og hefur ríkt í skjóli þessa misvægis atkvæðisréttarins. Hvað gerist þá?

Fyrr í þessum umr. hefur hv. þm. brugðið á það ráð að segja: Þetta eru kreppusjónarmið. Þegar slíkir árekstrar koma, verða menn að semja. En svarið við því er ósköp einfalt. Það hefur ekki tekist að semja um þessi deilumál, ekki á s. l. áratug, ekki s. l. tvo áratugi og sum slík deilumál hefur bókstaflega ekki tekist að leysa með neinu samkomulagi á undanförnum áratug. Hvað á þá að gera? Ja, hafa þjóðaratkvgr. samkv. þessum tillögum því að um þingrofsréttinn er ekki lengur að ræða. Framkvæmdavaldið getur ekki samkv. þessum till., eins og gerist í franska kerfinu, beitt þingrofsvaldi til að senda þingið heim, en þjóðaratkvgr. er hægt að beita. Nú er ég sammála því að þjóðaratkvgr. eru af hinu góða þegar þær eiga við. Það er ein

af tillögum stjórnarskrárnefndar, sem ekki hafa fengist afgreiddar hér enn, að þjóðaratkvgr. beri að viðhafa í stórum málum, sé þess óskað með skriflegum undirskriftum miðað við fimmtung þjóðarinnar. Þó er ekki gengið lengra í þá átt en þjóðaratkvgr. skuli vera ráðgefandi. Engu að síður geta þær haft mikil áhrif. Þjóðaratkvgr. er ágætt að viðhafa, þegar um er að ræða stór mál, sem þó eru þess eðlis að hægt er að leggja þau fyrir þjóðina og leita svara með skýrum og afdráttarlausum hætti, já eða nei. En ef efna á til þjóðaratkvgr. um öll þau óteljandi ágreiningsefni, stór og smá, sem yfirgnæfandi líkur eru á að upp kæmu milli svo skipaðs framkvæmdavalds sem þessar tillögur gera ráð fyrir og löggjafarvalds sem saman er sett samkv. óbreyttri kjördæmaskipan og óbreyttu vægi atkvæða, sem kosið er með svo gerólíkum hætti, þá er hætt við að því þjóðaratkvæðagreiðsluákvæði þurfi að beita svo oft og um mál af því tagi að þessi aðferð til að skera úr um ágreiningsefni verði ónothæf með öllu. Þjóðaratkvæðagreiðslur um fjárlagafrv., þjóðaratkvgr. um einstaka þætti fjárlagafrv., þjóðaratkvgr. um skattamál, þjóðaratkvgr. um lánsfjárlög eða einstaka þætti lánsfjárlaga, þjóðaratkvgr. um framlag til verklegra framkvæmda, þjóðaratkvgr. um framlög til sjóða, þjóðaratkvgr. um öll slík hugsanleg og óhugsanleg deilumál í það endalausa hljómar vel á pappírnum, en gengur ekki upp.

Herra forseti. Ég þykist hafa sýnt fram á að till. sú sem hér hefur verið lögð fram um franskt kerfi er í raun og veru rangnefni. Hér er ekki verið að setja fram till. um franskt kerfi. Hér er verið að setja fram till. sem er í raun og veru í grundvallaratriðum misskilningur hv. flm. á hinu franska kerfi.

Munurinn á þessu tvennu er í veigamiklum atriðum alveg skýr og ótvíræður. Franska kerfið gerir ráð fyrir að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið séu í grundvallaratriðum kosin samkv. sams konar kosningaaðferð, sem er meirihlutakosning í einmenningskjördæmum í tveimur umferðum, — meirihlutakosning alveg ótvírætt að því er varðar forseta, meirihlutakosning í landinu sem einu kjördæmi. Þessar tillögur gera ráð fyrir allt annars konar kosningakerfi. Þessar tillögur gera ráð fyrir að framkvæmdavaldið sé kosið samkv. einni kosningaaðferð, sem leiðir til pólitísks meiri hl. sem viðurkennt er í grg. að styðjist við þéttbýlismeirihl., en Alþingi verði á sama tíma kosið með óbreyttum aðferðum, með óbreyttu og vaxandi misvægi atkvæðisréttar, sem mun leiða til allt annarrar niðurstöðu og allt annars konar meiri hl. á þingi. Í öðru lagi gerir flm. ráð fyrir að afnema þingrofsréttinn, sem er þó öryggisventillinn í franska kerfinu til þess að leysa eða binda endi á árekstur sem hugsanlegur er í því kerfi. Árekstur inn er hugsanlegur í franska kerfinu, en hann er því sem næst gersamlega fyrirsjáanlegur í því kerfi, sem hér er boðið upp á, og miklum mun líklegri en í franska kerfinu vegna hinna ólíku kosningaaðferða. Þetta dæmi gengur því ekki upp, herra forseti. Misskilningur hv. 4. þm. Reykv. á franska kerfinu gengur ekki upp.

Patentlausnin er jafnvel ennþá vitlausari en núverandi ástand og er þá langt til jafnað. Patentlausnin, sem átti að binda endi á stjórnleysið, endar í stjórnarskrártillögum, sem enda í stjórnskipulegri sjálfheldu og gera böl stjórnleysisins að varanlegu ástandi. Hér er þess vegna um að ræða patentlausn sem endar í reynd í platlausn.

Eftir á að hyggja sýnist mér því þörf ábending til fimmta flokksins, sem kennir sig við jafnaðarstefnu, að það sé sennilega vitlaust vörumerki fyrir þessa hugmyndafræði. Spurningin er hvort það væri ekki nær að kalla þetta pólitíska fyrirbæri „Stjórnleysingjasamtökin“ og þau gætu þá skammstafað sig SS. — [Fundarhlé.]

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér er ekki ljóst hvort hv. 1. þm. Vestf. hefur skriðið undir borðið. Hann sést ekki úr ræðustól forseta. Það er hugsanlegt að hann hafi e. t. v. gripið til þess ráðs, sem hann ráðlagði þm. ef þeir yrðu sér til skammar, að læðast burtu án þess að nokkur tæki eftir honum. E. t. v. gæti hæstv. forseti upplýst hvort 1. þm. Vestf. hefði vikið af vaktinni, hvort hann er væntanlegur eða hvort hann hefur fengið leyfi hjá hæstv. forseta til að víkja af fundi. Ég geri hlé á ræðu minni andartak til að fá svör við þessu, ef hæstv. forseti hefur þessar upplýsingar á hreinu. (**Forseti:** Forseti getur upplýst að hv. 1. þm. Vestf. bað um að fá að hverfa héðan af fundi rétt fyrir kl. 7 í kvöld, en hann hefur ekki komið hingað aftur.) (**Gripið fram í:** Það á að biðja um einhvern flm. frv.)

Herra forseti. Mér finnst ákaflega merkilegt ef bæði flm. frv. og jafnframt talsmaður n. hverfa af fundi. Ég minnist þess, að á fundi hér í dag, þegar rætt var um þingsköp, var ekki annað að heyra en það væri nægilegt starfsþrek hjá 1. þm. Vestf. til að vera hér fram eftir kvöldi. En þetta er dálítið undarlegt ástand, og vissulega stenst það sem hæstv. forseti sagði, að hans starfsþrek er algerlega óbugað.

Ég hygg að þrátt fyrir fjarveru 1. þm. Vestf. sé eðlilegt að ég gefi mér dálítinn tíma til að víkja að ræðu hans. Það vakti ekki undrun mína þó að honum væri mikið niðri fyrir. Það vakti ekki heldur undrun mína þó að hann væri nokkuð illorður á tímabili. Og það vakti ekki heldur undrun mína þó að hann teldi sig eiga vantalað við 5. þm. Vestf. Hitt vakti aftur á móti undrun mína, að í stað þess að ræða stjórnarskrármálið vék hann að öðrum málum hér í þinginu, öðrum afgreiðslum, og kvartaði undan því að þar hefði brostið dug, m. a. bar hann það á ræðumann.

Nú er það svo, að vissulega gerist það í samsteypustjórnum að menn samþykkja ýmislegt sem þeir gera til málamiðlunar, en mundu ekki samþykkja ef þeir mættu því einir ráða. — Ég vil vekja athygli forseta á því að það vantar flm. til að sitja hér undir umr. Má það undarlegt heita ef jafnmiklir áhugamenn um stjórnarskrárbreytingu og þar er að finna hafa horfið úr þingsölum.

Ég ætla að víkja að ræðu 1. þm. Vestf. Hann bar mig þeim sökum í fyrsta lagi að hafa notað of langan ræðutíma, í annan stað að hafa ráðist að formanni flokksins og taldi jafnvel furðulegt að við skyldum vera á sama lista til alþingiskosninga. Nú er það svo, að þó kosið verði um kjördæmabreytinguna í næstu alþingiskosningum er jafnframt kosið um önnur mál. Það liggur ljóst fyrir að formaður Framsfl. og ég erum ekki sammála varðandi kjördæmabreytinguna. Hins vegar er það staðreynd, að í þjóðmálum almennt er þar ekki um mikinn skoðanamun að ræða. Ég vil gagnspyrja hv. 1. þm. Vestf., hvað valdi því að hv. varaþm. hans, sem sat

hér inni um hríð og ég veit ekki betur en sé honum sammála í þjóðmálum, skipar ekki með honum sama lista á Vestfjörðum við næstu alþingiskosningar. Getur það verið að 20 ára starfsreynsla þm. ásamt tillitssemi-nni, sem hann lagði svo mikla áherslu á að sýna bæri, hafi ekki dugað til að ná því máli heilu í höfn? Hvers lags vandræðaástand er þetta?

Hitt var þó öllu alvarlegra, þegar hann sneri sér að því að gefa á því skýringar hvers vegna þyrfti að fjölga þm. í Reykjavík. Jú, orðrétt sagði hv. 1. þm. Vestf.: „Það er ekki þingmannafjöldinn sem gildir, heldur hæfileikarnir.“ 20 ára starfsreynsla og forusta hv. 1. þm. Vestf. eru það mikils virði í hópi Vestfirðinga að þeir þurfa ekki nema fimm. En Reykvíkingar, hvers lags voðalegt ástand! Þar virðist skorturinn á hæfileikunum vera yfirþyrmandi hjá því liði, sem kosið hefur verið á þing, samkv. dómi hv. 1. þm. Vestf. Það er alvarlegt mál. Það verður að fjölga. Hæfileikaskorturinn er svo yfirþyrmandi að það dugar ekki það sem fyrir er. Ég veit nú ekki hvort hann hefur hugleitt í orrustugleðinni hér í ræðustólnum hverja hann var að hýða með þessum orðum sínum. Ég efa stórlega að hann hafi hugleitt að með þessu móti var hann að vega að sínum flokksformanni. Það skyldi þó ekki vera að hann hafi gleymt rökréttu samhengi í þessu sambandi.

Ég spurði hv. frsm. n. nokkurra spurninga. Það kom fram í máli hans að nefndin hefði engan mann kallað á sinn fund utan hagstofustjóra. Jafnframt var á honum að skilja að hagstofustjóri hefði nánast komið á fund n. að eigin ósk, það hefði ekki verið nefndin sem hefði kallað eða óskað eftir komu hans. Nefndin leitaði ekki eftir upplýsingum um hliðstæður í stjórnarskrá annarra ríkja. Nefndin kallaði enga félagsfræðinga, stjórnmálafræðinga eða herfræðinga á sinn fund. 20 ára þingreynsla hv. 1. þm. Vestf. var látin nægja sem upplýsingagjafi í þessu máli.

Hv. 1. þm. Vestf. vék að ræðumönnum og veitti þeim nafnbætur eins og honum þótti hæfa. Hann kallaði einn t. d. póstmeistara Alþingis. Það er dálítið undarlegt ef sú venja að uppnefna aðra menn flokkast undir sanngirni — eða er hugsanlegt að það sé eitthvað annað sem liggur þar á bak við? Er hugsanlegt að rökþrota ræðumennska grípi til þess númer eitt að uppnefna aðra menn? Það skyldi þó ekki vera að hv. 1. þm. hafi ekki þegar til kom, þrátt fyrir 20 ára þingreynslu, talið sig hafa betri vopn í hendi á pólitískan andstæðing en að uppnefna hann og kalla hann póstmeistara Alþingis.

Það kom fram í máli 1. þm. Vestf. nánast með undrun, e. t. v. örlitlum hroka, hverjum hefði átt að senda þetta frv. til umsagnar. Hverjum hefði átt að senda þetta frv. til umsagnar? Er ekki hugsanlegt að þjóðin hefði viljað kynna sér þetta frv.? Er ekki hugsanlegt að hin ýmsu fjöldasamtök þessa lands hefðu viljað lesa þetta yfir og kynna sér efni þess? Hver eru rökin fyrir því að jafnveigamikið mál og þetta er sett inn í þingið á elleftu stundu, reynt að hraða því í gegnum Alþingi án þess að fjölmiðlar fjalli um það svo að nokkru nemi og að þingnefndin, sem er sérkjörin til að afgreiða það, setjist niður, spjalli saman um málið og afgreiði það svo út úr nefndinni án þess að gera neitt af því sem venjulega er gert í þessu sambandi, hvorki að kalla menn fyrir sig, senda málið til umsagnar né kynna sér hliðstæður annars staðar? Það má segja sem svo, að raunverulega hafi verið staðið að þessu á þann veg að það hafi verið ákveðið að tryggja í upphafi að engin endurskoðun á þessu frv. ætti sér stað í nefnd.

Ég neita því ekki að ég hafði dálítið gaman af 1. þm. Vestf. þegar hann fór að ræða um þm. fyrir Hvannadalshnjúk. Það glittir nefnilega stundum á gamansemi í hans málflutningi. Jú, ég hafði látið dreifa hér á borð til þm. upplýsingum um hvernig þm.-fjölda á Íslandi, ef þeir væru 60, yrði skipt á kjördæmin með því að taka þau lög, sem gilda í Danmörku, og reikna út frá þeim. Vissulega er rétt að Danir gera ráð fyrir að hver ferkm lands í ákveðnu kjördæmi hafi 20 atkv., þ. e. íbúar viðkomandi svæðis fá hlutfallslega fleiri þm. en þeir ættu að fá vegna þess að landið er tekið inn í dæmið. Út á þetta komst hv. 1. þm. Vestf. að þeirri niðurstöðu að menn gætu orðið þm. út á Hvannadalshnjúk. Það þarf vissulega nokkurn húmor til þess. Og hann bætti því við hvort ekki væri rétt að miða við strandlengjuna eða miðin. Hitt datt hv. 1. þm. Vestf. ekki í hug, að fyrst Danir teldu að það ætti að taka tillit til landsins væri hugsanlegt að sama reglan ætti einhvern rétt á sér hér uppi á Íslandi, í miklu strjálbýlla landi með allt annarri skiptingu á milli höfuðborgar og landsbyggðar. Það hefði verið fróðlegt að hafa hv. 1. þm. Vestf. hér í salnum og leita eftir því, ef jöklarnir yrðu nú dregnir frá með sitt flatarmál, hvort hann væri þá hugsanlega tilbúinn að taka þessa kenningu með. Fróðlegt hefði verið að vita hvaða tala hann hefði talið að ætti að koma sem margfeldi á hvern ferkm eða hvort hann hefði yfir höfuð ekki lagt til að það yrði margfaldað með nema einum, þ. e. hver ferkm fengi sem svaraði einu atkv.

Eg hygg að hv. 1. þm. Vestf., þrátt fyrir 20 ára þingreynslu, viti sáralítið um stjórnarskrár annarra ríkja. Ég hygg að í þeirri fallegu sögu, sem hann sagði af því að þegar hann á sínum starfsferli hefði verið að berjast fyrir réttindamálum dreifbýlisins hefðu það verið þéttbýlisþm. sem hefðu staðið með honum, en dreifbýlisþm. sem hefðu staðið gegn honum, hafi hann gleymt því að hann var búinn áður að leggja til gullna reglu: Það eina sem þarf að gera var að sýna öðrum sanngirni og þá sýna þeir sanngirni á móti. Er hugsanlegt að hann hafi gleymt, herra forseti, að sýna dreifbýlisþm. sanngirni og sýnt aðeins þéttbýlisþm. sanngirni eða getur það verið að eftir 20 ára þingreynslu sé um einhvern misskilning að ræða? Ég veit að hv. 1. þm. Vestf. gefur lítið fyrir Önundarfjarðarályktunina. Hann gefur lítið fyrir Hvammstangaályktunina. Hann gefur yfir höfuð lítið fyrir allt annað en eigið álit á þessu máli. Ég tel ekki rétt að eyða lengri tíma í umfjöllun um hans málflutning.

Hv. 9. þm. Reykv. flutti ræðu áðan og byrjaði á því að geta þess að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins væri til umr. Hann fór þó fljótlega út fyrir textann og ræddi fyrst og fremst um að félagsleg aðstaða fólks færi ekki aðeins eftir búsetu. Þetta veit hver einasti Íslendingur og engin þörf á því hjá hv. 9. þm. Reykv. að eyða löngu máli í þetta. Þetta mál er yfir höfuð ekki heldur á dagskrá. Hann forðaðist aftur á móti eins og heitan eldinn að svara þremur spurningum sem ég lagði fyrir hann. Hverjar voru þessar þrjár spurningar? Ég spurði: Hvað með lýðræðið hjá Dönum? Fær það staðist að Danir séu lýðræðisþjóð ef það má ekki taka neitt tillit til landsins? Ég spurði: Hvað með mannréttindi hjá Dönum? Ekkert svar frá 9. þm. Reykv. Ég spurði: Hvað með stefnu jafnaðarmanna, fyrst þeir hafa liðið

þessa stjórnarskrá og starfað eftir henni? Ekkert svar frá 9. þm. Reykv. Niðurstaðan varð sú, að Alþfl. íslenski, sem hefur verið til háðungar meðal jafnaðarmannaflokka Norðurlanda, væri með stefnuskrá sem væri fullkomin í þessum efnum. Um hitt var þagað.

Það er hægt að flytja hér langar ræður fram og til baka ef menn koma ekki nálægt því efni sem er til umr., eins og hv. 9. þm. Reykv. gerði. Hann talaði rósamál. Það voru þrjú orð sem hann notaði um vef sem ég hefði verið að spinna hér í ræðustól. Hann sagði að uppistaðan í vefnum hefði verið fordómar, málflutningurinn hefði verið rökleysa og niðurstaðan fjarstæða. En hann kom með eina speki undir lokin: Að læknisráðið sem boðið væri upp á væri verra en sjúkdómurinn sem á að lækna. Ég held að þetta sé atriði sem vissulega megi nota um þetta frv. Læknisráðið sem boðið er upp á er verra en sjúkdómurinn sem ætlunin er að lækna.

Ég ætla að eyða hér örlitlum tíma í það að víkja að frændum okkar Dönum. Að vísu kom fram hjá 9. þm. Reykv. að hann teldi alveg fráleitt að fara að vitna í Dani í þessu sambandi. Þessi þjóð drottnaði nú ansi lengi yfir Íslendingum og vissulega verður það ekki af Dönum skafið að þeir eru dugleg þjóð.

Ég ætla að eyða örfáum orðum í að rifja upp hvers vegna þeir töldu rétt að taka tillit til fleiri atriða en kjósendafjöldans. Það hefur komið fram áður að þeir taka tillit til íbúafjöldans, þeir taka tillit til kjósendafjöldans og þeir taka tillit til stærðar kjördæmanna. Ástæðan fyrir því að þeir ákveða að taka tillit til landsins er sú, að í byrjun þessarar aldar óttuðust þeir að um byggðaröskun yrði að ræða vegna samþjöppunar valds í Kaupmannahöfn. Og til að styrkja stöðu Jótlands og eyjanna ákváðu þeir að standa svona að þessu. Með þessari viðspyrnu hafa Danir varið sínar byggðir og byggt landið allt. Við höfum aftur á móti í þessu landi lagt í eyði heila hreppa á nokkrum stöðum. Sumir þessara hreppa voru einu sinni taldir með byggilegri svæðum viðkomandi sýslufélags. Ég hygg að þegar við hugleiðum það t. d. í því kjördæmi sem ég er þm. fyrir að eyðibyggðirnar sækja á og heilar sveitir hafa farið í eyði geti enginn maður með eðlilega sjálfsgagnrýni eftir langa þingsetu horft með ánægju á þá þróun sem þar hefur orðið. Og ég hygg að hver einasti maður hljóti að spyrja sig ýmissa spurninga, m. a. þeirrar: Hvað hafa önnur ríki gert til þess að skapa jafnvægi hjá sér?

Því miður hefur hér á landi gleymst að hugsa um þetta á þann veg að það nægði til framkvæmda og um raunhæfar aðgerðir yrði að ræða. Við virðumst vera búnir að gleyma því að við töpuðum einu sinni frelsinu vegna þess að við gættum ekki landsins. Í dag þykir það nánast háðung hér í sölum þingsins að menn skuli voga sér að halda því fram að danska stjórnarskráin, sem tekur tillit til landsins, sé betri en það plagg sem hér hefur verið lagt fram.

Það skal aftur á móti tekið skýrt fram, að ef ég hefði litið svo á að við ættum að taka þessi atriði dönsku stjórnarskrárinnar upp nákvæmlega eins og þau eru í Danmörku hefði ég flutt um þetta till. Það gerði ég ekki vegna þess að mér er ljóst að við getum aldrei fært lög á milli landa algerlega með því móti. Auðvitað hefði orðið að taka tillit til margs. Auðvitað hefði verið eðlilegt að jöklar yrðu ekki hafðir með. Það þarf ekki að ræða það. En ég flutti heldur enga till. um þetta. Ég lagði þetta aðeins fram til kynningar.

Ég vil aftur á móti taka það fram, að það líður varla sú vika að manni berist ekki í pósti ýmsar upplýsingar um það félagslega misrétti sem er í þessu landi. 7. mars 1983 er dagsett bréf frá Félagsstofnun stúdenta til alþm. Þar kemur í ljós að í Háskóla Íslands eru um 4 þús. stúdentar og í framhaldsskólunum í Reykjavík, þ. e. í Kennaraháskólanum, Tækniskólanum, Sjómannaskólanum og öðrum framhaldsskólum, eru um 3900 nemendur, samtals 7900. Hvað haldið þið að stór hluti af þessum nemendum sé utan af landi? Það eru ekki nema á milli 1200—1800 sem eru utan af landi. — Hv. 7. þm. Reykv. gengur nú vonandi ekki í svefni. En ég var að geta um bréf frá Félagsstofnun stúdenta og upplýsingarnar eru frá þeim um þetta mál. — Það liggur alveg ljóst fyrir hvað er að gerast í menntakerfinu. Fleiri og fleiri af þéttbýlissvæðinu fara í framhaldsskóla samanborið við dreifbýlið. (**GJG:** Það virðist vera stéttskipt, ekki landfræðilega.) Hv. 7. þm. Reykv. hefur á þessu skýringar á takteinum. Þetta er einfaldlega ekki rétt, því miður. Og ég vænti að það muni einhvern tíma gerast að félagsfræðingar og þjóðfélagsfræðingar fari yfir ræður manna hér á Alþingi, þær sem fluttar hafa verið um stjórnskipun Íslands, kynni sér eftir fræðilegum leiðum hvað það var sem tekist var á um og sagan muni dæma það rétt þó að fjölmiðlar á Íslandi telji það ekki þess virði í dag.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er þá víst komið að lokum 3. umr. um frv. til l. um stjórnskipun lýðveldisins Íslands. Hér hafa fallið nokkrar röksemdir varðandi þær brtt. sem ég hef mælt fyrir í kvöld, einkum hjá hv. 9. þm. Reykv., og satt að segja hver annarri ruglingslegri. Ég sé að hann er ekki í salnum, en ætla í örstuttu máli að svara honum.

Það hefur verið sagt, gagnstætt því sem ég hef haldið fram, að hér sé ekki um að ræða franskt kerfi, eins og það hér er orðað. Ég hef aldrei haldið því fram að hér væri um að ræða með einum eða öðrum hætti franskt kerfi. Ég hef þvert á móti sagt að það sem við erum að leggja til er ekki þingræðisskipan í þeim skilningi sem venjulegast er lagður í það orð, og ég hef sagt að með einum eða öðrum hætti er sú stjórnskipan, sem við erum að gera tillögur um, við lýði í Bandaríkjum Norður-Ameríku, í Frakklandi og í Finnlandi. Ég hef nefnt þetta sérstaklega. Hv. þm. ruglast á því sennilega, að í vinnuskjölum sem sýnd voru í Alþfl. gamla fyrir allmörgum árum var þetta nafn stundum notað til skýringar. Það er allt og sumt. Og í þeirri till. til þál., sem flutt var á þskj. 94 og prentuð hefur verið í Gutenberg í 5000 eintökum sem kunnugt er, er hluti af þessum vinnuskjölum prentaður sem fskj. og með ártölum einnig til að undirstrika með hverjum hætti sú umr. fór fram, þó svo málið hlyti þar ekki brautargengi.

Í annan stað er eitthvað verið að rugla með látinn mann, hershöfðingja gamlan í Frakklandi, de Gaulle að nafni, og verið að tala um það, sem er auðvitað alveg rétt, að í stjórnarskrá, sem við hann er kennd, í Frakklandi á árinu 1958 kveður 16. gr. svo á að um tiltekinn tíma geti framkvæmdavald, ef það svo kýs, tekið sér alræðisvald. Allt er þetta rétt, en enginn hefur lagt það til hér. Þetta var vegna þess að það voru metnar sérstakar neyðarástæður í Frakklandi á þeim tíma. Þetta er nú gamalt herland, hvers söguleg rás hefur stundum ráðist með valdi. Við búum ekki við

neitt slíkt hér, enda hefur engum dottið í hug að leggja neitt slíkt til.

Það er sagt að þar sé þingrofsvald og það sé þvert á móti verið að leggja til að slíkt verði ekki hér. Þetta er alveg rétt. En hér er ekki verið að leggja til neitt Gaulliskt kerfi. Það er bara útúrsnúningur minni spámanna, sem leiðist að einhverjum skuli detta þetta í hug.

Í fjórða lagi er sagt að í Frakklandi sé kosið með um það bil sömu aðferð til löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Þetta er bæði rétt og rangt. Aðferðin er vissulega sú sama, en hins vegar er franska þingið þannig uppbyggt að það er í þágu dreifðari byggða. Þær eru auðvitað dálítið öðruvísi en hér, því að það er kannske ekki nákvæmt að bera saman Marseille og Þórshöfn, en engu að síður, eins og þeir hafa skilgreint hinar dreifðari byggðir, er samsetning þings þar í þágu dreifðari byggða meðan framkvæmdavald, kosið með þeirri aðferð þar eins og hér er lagt til, einn maður — eitt atkvæði, verður í hegðan og háttum í þágu hinna þéttari byggða. Að því leyti er þetta samanburðarhæft.

En kjarni málsins er sá, að þó að hugtakið „franskt kerfi“ hafi verið notað í einhverjum gömlum vinnuskjölum í Alþfl. fyrir nokkrum árum er enginn að leggja slíkt til. Það er verið að leggja til að framkvæmdavald sé kosið sérstakri kosningu. Það er gert í Bandaríkjum Norður-Ameríku, það er gert í Frakklandi og það er gert í Finnlandi, hvað með sínum hætti, en við erum hvorki að leggja til bandarískt, franskt né finnskt kerfi, heldur íslenskt kerfi sem tekur í öllum meginatriðum mið af íslenskum aðstæðum.

Hins vegar verð ég að segja það um þennan hv. þm., að sá málflutningur sem hér er verið að halda á loft um kröfuna einn maður — eitt atkvæði er vitagagnslaus þegar sú krafa í sinni einföldu útlistun er annaðhvort krafa um 130—140 þm., ef menn meina eitthvað með þessu, eða á hinn bóginn krafa um að kjördæmi eins og Vestfirðir og Norðurl. v. hafi milli einn og tvo þm. Þetta er svo vitagagnslaust nöldur að engu tali tekur. Þetta er ekki hægt. Það dettur engum í hug að alþm. eigi að verða 130 og 140 eða einhvers staðar á því rekinu, en ef menn eru að tala um regluna einn maður — eitt atkv., en að öðru leyti óbreytt kerfi, er gerð krafa um þann þingmannafjölda. Ef menn eru á hinn bóginn að tala um að hafa þm. 60 eða jafna atkvæðisrétt, þá eru menn að tala um einn komma eitthvað þm. fyrir minnstu kjördæmin. Væntanlega dettur heldur engum siðuðum manni í hug að með slíkum hætti sé hægt að leysa svokölluð jafnvægisvandamál í landinu.

Eins og ég hef sagt áður: Þeir sem hafa setið í stjórnarskrárnefnd eða reiknað á vegum hennar eru auðvitað hvorki fífl né illmenni. Þeir hafa einfaldlega verið að taka að sér verkefni sem eru óleysanleg. Það má segja að það sé ekki mikið vit að sjá ekki það, sem allir sáu fyrir fjórum árum, að verkefnið var óleysanlegt. Hins vegar var það siður í flokkakerfinu í gamla daga, meðan það réði betur við sjálft sig, að freista þess að ráða við hraðskákina, geta leyst mál á örfáum dögum eða vikum fyrir kosningar, en flokkakerfið er orðið svo ónýtt, baklandið er svo fáliðað, talentinn er svo lítill, að þeir ráða ekki við hraðskákina lengur. Þessir karlar, sem hér miðstýrðu flokkakerfinu 1959, Eysteinn, Bjarni heitinn Benediktsson o. fl., kunnu þessa hraðskák, en núverandi forusta í þessu flokkakerfi, og satt að segja í félagskerfinu víða, ræður ekkert við slíka leiki. Þess vegna er þetta mál komið í fullkomið klúður.

Ég vil segja það, að verið er að yfirbjóða stillta þm. þéttbýlisins, eins og okkur hv. 7. þm. Reykv. og bjóða þá betur í atkvæðisrétti, en það er náttúrlega svo einfalt, svo ómerkilegt og svo lágkúrulegt að engu tali tekur, enda sýnist mér kjósendur almennt taka undir sjónarmið mín og munu enn frekar gera í þeim kosningum sem fyrir stafni eru. Ég sé ekki betur en það blasi um það bil við. Og það er ekki aðeins verið að yfirbjóða hv. 4. þm. Reykv., heldur einnig jafnaðarmenn af landsbyggðinni, skulum við segja, eins og hv. þm. Karvel Pálmason og ganga fram fyrir skjöldu í mannréttindamálum. Æ, ég veit það ekki, en a. m. k. vona ég að sá skörulegi hópur af lítt stjórnreyndu fólki, sem hér verður næsti þingflokkur Bandalags jafnaðarmanna, fari ekki á slíkt yfirboðsról.

Kjarni málsins, herra forseti, er sá, að í þeim till. sem við flytjum sem seríu brtt. við þetta frv. og eru í stjórnkerfismálum hugmyndafræði Bandalags jafnaðarmanna er verið að gera það eitt að færa til jafnvægisásinn, að búa til nýtt og skynsamlegt jafnvægi á milli sumpart ólíkra hagsmuna og sjónarmiða í þéttbýli og í dreifbýli. Vitaskuld er vissu ójafnvægi viðhaldið, það er auðvitað alveg ljóst, en líka er ljóst að ekki er verið að afnema þingræði að því er fjárlög varðar, að því er lagasetningu varðar, að því er eftirlitsvald varðar. Það er verið að afnema það að því er skipan ríkisstjórnar varðar og eftir sem áður munu að þessu leytinu til hagsmunir hinna dreifðu byggða vega þyngra. Ég segi að þó að ég sé þm. með hækkandi gengi hér í Reykjavík stend ég ótrauður á því að reka áróður fyrir hugmyndafræði af þessu tagi og ég stend jafnt á vinnustaðafundi í Landsbankanum í Reykjavík sem á fundi vestur á Ísafirði og ber að því leyti af hinu staðnaða fjórflokkakerfi að ég segi hið sama í miðri Reykjavík, á fjörðum vestur og á nesjum norður. Þetta er hægt. Það er furðulegt að aðeins skuli vera eitt lítið bandalag með einn — að vísu nokkuð góðan — þm. sem hefur efni á því að hegða sér með þessum hætti meðan flokkakerfið gamla er þverklofið upp og niður. Ef til væru — svona almennt — heiðarlegri fjölmiðlar í landinu vissi fólk auðvitað meira um það. Ég nefni aðeins dæmi af Alþfl. Ég held að það séu fjórir á móti þessu. Þeir eru níu eftir og fjórir á móti. (Gripið fram í.) Ha, ég veit það ekki.

Sá sem andæft hefur þessu og skilur ekkert í að sá sem nú stendur í ræðustól skuli vera farinn úr Alþfl. nefndi tvö mál sem þau væru miklir talsmenn fyrir í hinum gamla Alþfl. Annað er um eftirlitsvald þingnefnda. Það er fyrsta frv. sem ég flutti hér á þingi 1978. Hitt er um afnám brbl., sem rétt er að þingflokkur Alþfl. flutti í haust og ég var 1. flm. að. Þakka skyldi þeim að hafa þetta enn á stefnuskrá sinni. En það skiptir ekki máli. Aðalatriðið er hitt, að áðan var spáð styrjöld á milli framkvæmdavalds, þar sem einn maður hefur eitt atkv., og löggjafarvalds, þar sem sanngjarnt tillit er tekið til hagsmuna landsbyggðar, og sagt að svona kerfi mundi fela í sér að hér væri stöðugt blóðugt stríð um yfirráðin yfir fjármagninu á milli þessara og þýddi allt að vikulegar eða mánaðarlegar þjóðaratkvgr.

Ég vil aðeins segja það, og það er alveg rétt, að þjóðaratkvæði er sett inn í þessi drög að franskri

fyrirmynd. Þar segir okkur reynslan að framkvæmdavald svona kosið og löggjafarvald kosið með ójafnri aðferð, skulum við segja, — vitneskjan um þetta stjórnmálalega vopn gerir það að verkum að menn mætast með skynsamlegri hætti á miðri leið. Eins og um allar svona hugmyndir liggur á bak við þær trú á manninn og trú á því að menn hegði sér skynsamlega! Öll stjórnkerfi eru undir því komin og alveg sama hvort menn tala um þingræði, um skilninginn að þingið eitt myndi ríkisstjórnir og felli þær, eða þjóðræði, þar sem þjóðin kýs ríkisstjórn og felli hana þá. Hvort tveggja þessara stjórnkerfa er undir því komið að mannskepnan hagi sér sem siðuð vera sé. Reynsla í Frakklandi segir að menn eru ekki að efna til styrjaldar af þessu tagi. Auðvitað mundi það ekki heldur vera svo hér, en einhvern tíma gæti slíkt skeð. En að spá upplausn og tíðum árekstrum, sem endi svo í gerð þjóðarinnar í málum eftir mál, er auðvitað alveg fráleitt.

Stjórnlist kjörins framkvæmdavalds af þessu tagi felst í því að stjórna með þingi og ekki á móti því, mynda ríkisstjórn inni í þingi ef þarf. Þingið vegur eftir sem áður þungt. Það fer með fjárlagavaldið, það fer með löggjafarvaldið í það heila, en hinir geta beitt þjóðaratkvæði ef þeir vilja ekki framkvæma lög. Það er ekki verið að brjóta á bak aftur þéttbýli eða dreifbýli — alls ekki dreifbýli. Það er það sem eftir stendur af þessari lítilmótlegu gagnrýni, þessari tilraun hér inni í Reykjavík að yfirbjóða rólynda örugga þm. eins og okkur hv. 7. þm. Reykv., að bjóða betur í atkvæðisrétti. Það er svo yfirmáta ómerkilegt fyrir nýaðflutta manninn að engu tali tekur. En látum svo vera.

En aðalatriðið er að varnagli er sleginn um að hvor aðilinn um sig geti beitt þjóðaratkvæði. Menn geta haft skoðanir á því að æskilegt sé að beita þjóðaratkvæði oftar en ekki. Ég er t. d. þeirrar skoðunar. Ég get vel skilið að aðrir menn séu annarrar skoðunar í þeim efnum. Aðalatriðið er þó hitt, að sá varnagli er til staðar vegna þess að Bandalag jafnaðarmanna er að leggja til að jafnað sé öðrum megin, en hagsmuna dreifbýlis sé gætt hinum megin. Það býr nærri fjórðungur úr milljón manna í landi sem er meira en 100 þús. ferkm. Aðeins þetta hefur í för með sér sérstakar aðstæður og við eigum að taka mið af þeim. Það erum við að gera. Ég treysti mér í umr. við þann sem sterkari er á skoðanasvellinu en sá sem hér hefur gagnrýnt, og það í miðri Reykjavík, til varnar sjónarmiðum Bandalags jafnaðarmanna.

Að öðru leyti, herra forseti, hefur í löngu máli verið gerð grein fyrir þeim fjölmörgu brtt. sem ég hef mælt hér fyrir. Ég undirstrika, og veit að hv. þm. vita um það, að saman mynda þær seríu sem er drög að nýju frv. að öðruvísi stjórnarskrá. Nokkur atriði standa þó sjálfstæð. Ég nefni afnám greinar um brbl., nefni afnám greinar sem fjallar um þingrofsrétt og síðast en ekki síst nefni ég þá grein, sem við viljum bæta við 31. gr., þar sem kveðið er á um þingmannafjöldann, um kosningaaðferðina. Hún er mjög veigamikil. Það er mjög veigamikill liður í okkar stefnumörkun.

Hið forkostulega fjórflokkakerfi hefur lýst því yfir í greinargerð með þessu frv. að stefnt skuli að, þ. e. gamla orðalagið, „auknu lýðræði og sérstakri valddreifingu“. Ég geri mér vonir um að einn og einn af þeim hátimbruðu herrum muni þess vegna greiða atkv. till. sem fer í þá átt, en auðvitað kolfellur hún eins og annað það sem við erum að leggja til. Að þessu leyti þó hefur brautin verið rudd.

Það er einnig orðið deginum ljósara að við erum að fara út í kosningabaráttu þar sem þessar hugmyndir hafa verið kynntar og verða kynntar. Mín skoðun er sú, að allur almenningur í landinu eigi eftir að átta sig á því að hann hefur verið blekkingum beittur af formönnunum fjórum með því frv. sem þeir hafa lagt fyrir, að frv. er ein blekking, ef frá er skilin lækkun kosningaaldurs í 18 ár, og að frv. fjallar um ekkert annað en fjölgun um þrjá þm. Svo ætla þeir kannske Árna Johnsen og Gunnari Schram að vinna úr þessu á næsta þingi eða hverjum öðrum sem nú sitja hér ekki, en eiga eftir að sitja hér. Allt þetta á fólk eftir að skilja þegar það fær betri upplýsingar um það sem hér gerist. Þá held ég að margt fólk í þessu landi, og jafnvel fleira en nú gerir, líti í vaxandi mæli til nýrra lausna og annarra átta í þessum efnum.

Herra forseti. Það var ekki meiningin að halda uppi neinu frekara þófi hér. Ég skal fúslega viðurkenna að að hluta til hefur það verið gert. Notað hefur verið lengra mál en kannske hefði þurft. Ástæðan er að okkur sumum þykir þetta vera alvörumál mikið.

Ég vil sérstaklega að lokum taka út eina brtt. sem mér þykir skipta nokkru máli. Það er afar skemmtilegt að sjá hvernig fulltrúar flokkakerfisins gamla munu skiptast í þeirri atkvgr. á morgun. Það er till. um að kjósandanum verði gert heimilt að greiða atkv. með þeim hætti að hann merki við raðaðan lista, samansettan af fáum eða mörgum eftir atvikum, sem kemur löggjöf ekkert við, að hann fái að merkja við einn einstakling eða marga einstaklinga. (**GJG:** Áttu við Dagsbrúnarkerfið?) Demokrat Guðmundur J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., hefur talað.

Það sem skiptir máli í þessu er að löggjafinn getur ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að hópar sem telja sig beitta órétti, eins og konur eru í vaxandi mæli farnar að gera, telja það málstað sínum til heilla — og telji þær svo hafa þær auðvitað rétt fyrir sér í lýðræðislegum skilningi talað — að bjóða fram sérstaklega.

Annarra sjónarmiða, sjónarmiða umhverfisverndarmanna, er farið að gæta í sama skilningi. Þó að kannske sé ekki um framboð að ræða nú kann það að verða innan ekki langs tíma.

Og við horfum á fleiri og fleiri skoðanir fólks sem finna ekki hljómgrunn í flokkakerfinu. Mér er sagt að Bandalagsfólk ætli að búa til slíkt plakat í einu kjördæmi landsins: Gegn flokkunum — X C. Menn segja ekki svona að ástæðulausu. Því finnst það vera allt eitt og sama fólkið sem merkt er D og merkt er G. Af þeim ástæðum búa menn til framboð fyrir sérstök ein sjónarmið og þegar þetta er orðið félagsmynstrið í landinu á löggjafinn að viðurkenna það og hann á að gefa kost á annars konar mynstri. Ef konur eða karlar vilja kjósa konur þvert af flokkakerfinu, menn sem eru með Blönduvirkjun eða menn sem eru á móti Blönduvirkjun eða hver önnur sjónarmið sem mönnum finnst skipta meira máli en einhver uppstokkun sem mótaðist að meira eða minna leyti til í fyrri heimsstyrjöld og fram í kreppu, þá á fólk að eiga kost á því.

Hér er nefnilega verið að takast á um mjög veigamikil sjónarmið. Flokkakerfi og fjölmiðlakerfi, meira og minna á þess vegum, heldur því mynstri að fólki að einhver veigamestu og kannske veigamestu sjónarmið í

landinu séu félagsleg sjónarmið. Hver eru félagsleg sjónarmið? Það er það sem Sigurður Grímsson orti á sinni tíð: Mér fannst ég finna til. Ef mönnum finnst eitthvað skipta máli í félagslegum efnum skiptir það máli. Það er kjarninn. Ef mönnum finnst skipta máli að sjónarmið minnihlutahóps, sem telur sig órétti beittan, vegi þyngra en einhver uppskiptisjónarmið stjórnmálaflokka byggðra á heimskreppunni miklu skiptir það máli. Þá á fólk að fá að mynstra sín sjónarmið í lýðræðislegum kosningum með þeim hætti. Þetta mun væntanlega leiða til þess að fylkingar munu leysast upp eins og þær eru nú og umskapast. Eitt grínið í þessu t. d. í kvöld er að það skaðar ekki að nefna það, það er svo augljóst, að þetta mynstur gengur ekki. Þessi brtt., herra forseti, stendur því sjálfstætt fyrir sínu þó svo hún hangi saman við þær hinar meiri stjórnkerfisbreytingar sem við erum að leggja til.

En allt um það. Ég geri ráð fyrir að fundi sé um það bil að ljúka. Það er augljóst að við andstæðingar þessa hlægilega frv. munum að því leyti tapa að það verður samþykkt. Það munu einnig ekki verða eins mikil mótmæli út um samfélagið. Ég hef sagt áður að ég tel að þetta frv. veki heldur óánægju í dreifbýli og fyrirlitningu í þéttbýli, en hins vegar eru enn heldur litlar hugmyndir, sennilega, vítt og breitt um landið um hvað þetta inniheldur og hvað ekki. En allt um það. Þetta er síðasta umr. í þessari deild. Flokksaginn mun verða meiri í hinni. Og við verðum að bíða eftir atkvgr. á morgun.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Ég geri ráð fyrir að það sé að ljúka hér í þessari deild umræðum um það frv. til stjórnlagaskipunar sem við höfum rætt um undanfarna daga.

Ég mælti fyrir brtt. í gær, sem ég flyt ásamt Ólafi Þórðarsyni, og tók hana til 3. umr. þess efnis, að skattamálum skal skipa með lögum, við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skuli gætt jafnræðis þegnanna þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum.

Það mátti heyra það á hv. 1. þm. Vestf. Matthíasi Bjarnasyni hér í ræðustóli í dag að hann var ekki ánægður með sitt hlutskipti, og skyldi engan furða að maður, sem finnur til eins og Matthías Bjarnason, skuli ekki láta fá sig til þess að tala fyrir frv. af þessu tagi án þess að gera tilraun í leiðinni til að rétta hlut landsbyggðarinnar að þessu leyti. Hvernig skyldi nú standa á því að það er straumur fólks utan af landsbyggðinni þrátt fyrir vægi atkv.? Ef þetta fólk vildi meta þetta eins og menn eru hér að gefa í skyn að sé eftirsóknarvert, hvers vegna flytur það? Er það ekki skoðun hv. alþm. að það sé nauðsynlegt fyrir þessa þjóð að við byggjum landið allt? A. m. k. segja forustumenn allra flokka það á tyllidögum — eða meina þeir ekkert með því sem þeir halda fram?

Ég hef ekki haldið því fram að það sé óeðlilegt að breyta því vægi sem nú er. Það er fjarri mínu eðli. En ég vil gera um leið ráðstafanir til að jafna þá lífsaðstöðu sem landsbyggðin býr við. En undir þetta er ekki tekið, ekki einu sinni af þeim mönnum sem eiga hér setu á Alþingi og eru fulltrúar landsbyggðarinnar.

Það má segja að ræður sumra manna hér á hv. Alþingi í þessum umr. sýni að þeir þekkja ekki æðaslátt þjóðfélagsins. Þeir vita ekki hvað þeir eru að tala um. Þeir hafa ekki jarðsamband. Einn af þeim mönnum var hér að stíga úr ræðustóli á undan mér. Hann talar um að hann sé í forsvari fyrir einhvern félagsskap sem heiti Bandalag jafnaðarmanna. Það er ekki til nema í hans munni. Hvar er það til? Hann er sem sagt fulltrúi fyrir það sem ekki er til. Það er sannleikurinn blákaldur.

Það má segja að ýmislegt það sem hefur komið frá þessum hv. þm. sé á þá leið að það sé ekki svaravert. En ég veit ekki hvort rétt er að koma nokkrum manni upp á það að fara með slíkt fleipur sem hann hefur farið með úr þessum ræðustól hvað eftir annað. Hann hefur t. d. haldið því fram að mín skrifstofa sé úti í Búnaðarbanka. Það er eitt sýnishorn af því hvað þessi hv. þm. temur sér hér í ræðustól.

Það er ýmislegt sem þessi hv. ræðumaður hefur rætt um á fundum sínum út um landið, en ég ætla ekki að eltast við það. Það kann að vera að hans fulltrúar eða hann sjáflur — vonandi verður það — hitti okkur í mínu kjördæmi í væntanlegri kosningabaráttu. Það væri a. m. k. gleðiefni fyrir mig að hitta á hann þar.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talaði hér lengi og það var auðheyrt á honum að hann var ekki að tala til kjósenda landsbyggðarinnar. Hann vildi bera á móti því að hann hefði skipt um skoðun frá því að hann bjó vestur á Ísafirði. Ja, mig brestur þá illa minni ef sá hv. þm., á meðan hann var í bæjarstjórn Ísafjarðar, hefur haldið fram því sem hann gerði í þessum ræðustól bæði í dag og í gær.

En mín síðustu orð skulu vera þessi:

Að hverju er stefnt með þessari breytingu? Sumir hafa viljað láta orð liggja að því, og þar með hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að ástæðuna fyrir því ástandi sem er í þjóðfélaginu sé að finna í vægi atkv. eins og það er og það muni leysa allan vandann ef þessu sé breytt. Hvað eru þessir menn að tala um? Halda menn að fulltrúar suðvesturhornsins, sem kunni að vera kjörnir til þingmennsku af þessu svæði, hafi til að bera einhverja hæfileikavisku sem fulltrúar landsbyggðarinnar hafa ekki?

Ég held að þeir ættu að hugleiða hvað felst í þeim orðum sem þeir hafa látið falla í þessum ræðustól um þessi efni. Ég hygg að það sé fjarri öllu viti og öllum sanni að hægt sé að leiða rök að því að það ástand sem er í verðbólgumálum í þjóðfélaginu í dag megi rekja til þeirra laga sem eru til stjórnskipunar og það sé hægt að leiða rök að því að það muni leysa allan vanda að breyta þeim á þann veg sem þessi till. gerir ráð fyrir.

Að endingu vil ég segja það, að eins og nú háttar í þjóðfélaginu í atvinnumálum tel ég það mikla ábyrgð sem þeir taka á sig sem ætla að stefna þjóðinni í tvennar kosningar í sumar. Það hlýtur að liggja nokkuð ljóst fyrir að starfhæf ríkisstjórn verður ekki komin í landinu fyrr en seinni partinn í ágúst í fyrsta lagi. Til hvers mun það leiða? Öll þau rök, sem hafa verið notuð fyrir þessu frv., eru því haldlítil, og má segja að það sé mikil ábyrgð sem þeir taka á sig sem ætla að stefna þjóðinni í tvennar kosningar undir þeim kringumstæðum sem nú eru í þjóðfélaginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 438, n. 513). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað þetta mál, hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, og mælir með að þetta frv. verði samþykkt. Efni þess er það að framlengja um 10 ár rétt Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til að stunda rekstur happdrættis. Ég á von á að allir hv. dm. muni fallast á að samþykkja frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 490, n. 518, 519). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið þetta mál til meðferðar og mælir með að frv. verði samþykkt með breytingu sem till. er gerð um á sérstöku þskj.

Mál það sem þetta frv. fjallar um er umfangsmikið og þýðingarmikið. Það má nokkuð marka af því, að málið hefur verið lengst af á þessu þingi til meðferðar í hv. Nd. og hjá hv. félmn. Nd. Það kemur ekki til þessarar hv. deildar og til félmn. Ed. fyrr en nú á allra síðustu dögum þingsins. Það var því ekki langur tími til stefnu fyrir félmn. til að vinna í þessu máli. Þetta var þeim mun bagalegra þar sem lögð er alveg sérstök áhersla á það að málið nái fram að ganga á því þingi sem nú er að ljúka. Það verður að viðurkenna það, að hv. félmn. hefur ekki unnið svo í þessu máli sem skyldi, af þeim ástæðum sem ég hef nú greint frá. En það verður þó að hafa í huga, að mál þetta kemur til þessarar hv. deildar og til hv. félmn. Ed. sem ágreiningslaust mál úr Nd. og með tilliti til þess að málið er ekki ágreiningsmál í Nd. þótti félmn. mögulegt að afgreiða það með svo skjótum hætti sem raun er á.

Hins vegar hefur nefndin talið nauðsynlegt að gera eina brtt. við frv. Það er brtt. á þskj. 519. Þessi brtt. er um ákvæði til bráðabirgða II, um það að 2. mgr. 2. tölul. orðist svo sem segir í brtt. Hér er ekki um að ræða efnisbreytingu en leiðrétt bagaleg villa, því að í bráðabirgðaákvæðinu, sem hér um ræðir, er talað um Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra og á öðrum stað Framkvæmdasjóð öryrkja. Hér á að vera í báðum tilfellum talað um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það leiðir af því að IX. kafli frv. fjallar einmitt um sjóð, sem heitir Framkvæmdasjóður fatlaðra en ekki Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, eins og stendur í bráðabirgðaákvæði því sem ég hef vitnað til.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég ítreka það sem ég áður sagði, að við hefðum gjarnan viljað fá frekari tíma til umfjöllunar um málið, en ég hef greint frá því hvers vegna við höfum tekið það ráð að afgreiða það með svo skjótum hætti sem raun ber vitni um. Ég vil í því sambandi og benda á það, sem ég hef ekki gert áður, að það er gert ráð fyrir því samkv. frv. að þær reglugerðir, sem gefnar verða út samkv. væntanlegum lögum, verði sendar félmn. beggja deilda til umfjöllunar. Með því að svo er þykir okkur nokkur trygging fyrir því að vel sé á því máli haldið sem varðar útgáfu reglugerða og er þýðingarmikið í þessu sambandi. M. a. af þessari ástæðu er okkur hugarhægra við svo skjóta afgreiðslu á máli þessu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
21.—24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
26.—33. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
38.—43. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 519 tekin aftur til 3. umr.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 466, n. 515). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. Árni Kolbeinsson, starfsmaður í fjmrn., kom á fund n. og lét henni í té upplýsingar um málið. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt í þeirri mynd sem það barst þessari hv. deild frá Nd. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um efni þessa frv. Í því er fólgin ákveðin réttindaaukning fyrir það fólk sem lætur af störfum á háum aldri. Má þannig skilja frv. sem vissa tilhliðrun og hvatningu í senn af hálfu þingsins til þeirra sem aldraðir eru til að auðvelda þeim að hætta störfum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 29, n. 512). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. hennar til að frv. sé samþykkt. Afgreiðsla nefndarinnar á málinu er, eins og fram kemur á þskj., með sama hætti og í hv. Nd.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég undirritaði þetta nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari varðar almennt tekjuöflun ríkisins og fyrirkomulag á skattlagningu. Hins vegar miðað við aðstæður mæli ég með samþykkt frv. að þessu sinni. Við Alþfl.-menn munum því greiða því atkv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 370, n. 514). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál og mælir einróma með að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, að loknum 61. fundi.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 370). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 29). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 550).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 466). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 551).

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 438). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 552).

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 490, 519). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. félmn. Ed. fyrir skjóta og röggsamlega afgreiðslu á þessu máli, sem aðeins fyrir fáeinum sólarhringum er komið hingað til hv. Ed. Í ákvæði II til bráðabirgða í þeim breytingum sem komu frá Nd. var gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra fjármagnaði kaup á bráðabirgðahúsnæði fyrir Greiningarstöð ríkisins, en við sölu á þessu húsnæði gengi andvirði þess síðan, endursöluverð, til Framkvæmdasjóðs öryrkja. Ég gat þess í minni framsöguræðu að það væri nákvæmara að orða þetta svo, að í síðara tilvikinu a. m. k. yrði talað um Framkvæmdasjóð fatlaðra, vegna þess að lögin um Framkvæmdasjóð fatlaðra mundu taka gildi frá og með 1. jan. 1984. Af þeim ástæðum lagði formaður félmn. Ed. það til, að flutt yrði breyting á þessu ákvæði til bráðabirgða II á þskj. 519. Við nánari athugun af minni hálfu hef ég komist að þeirri niðurstöðu að það sé í rauninni óþarfi að breyta þessu. Ég fer þess vegna fram á það við hv. félmn. að hún falli frá brtt., vegna þess að auðvitað hlýtur það að vera Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra sem kaupir húsið, ef til þess kemur, og

auðvitað hlýtur andvirðið að renna til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, ef það gerist á þessu ári, ella til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, ef sala hússins á sér stað eftir 1. jan. 1984.

Mér þætti vænt um, herra forseti, ef hv. n. gæti tekið tillit til þessarar beiðni minnar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. félmn. hefur nú ekki haft aðstöðu til þess að ræða tilmæli hæstv. félmrh. á fundi. En ég hygg að mér sé óhætt að lýsa því samt hér yfir með samþykki allra viðstaddra nm. í hv. félmn. að við verðum að sjálfsögðu við ósk ráðh. í þessu efni. Er brtt. þar með tekin til baka.

ATKVGR.

Brtt. 519 tekin aftur.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 553).

Kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, frv. (þskj, 493 (sbr. 178), n. 535). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið frv. þetta til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Mér þykir rétt að taka það fram, að þegar frv. var lagt fram í hv. Nd. var gert ráð fyrir, samkv. 2. gr. frv., að stofnsett skyldi sérstakt bæjarfógetaembætti í kaupstaðnum, Ólafsvíkurkaupstað. En í meðferð Nd. á málinu var samþykkt brtt. á þá leið, að 2. gr. frv. hljóðaði svo, að sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skyldi jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins. Með þessari breytingu ber frv. að í þessari hv. deild.

Þetta mál mun hafa verið rætt sérstaklega af hálfu hreppsnefndarmanna í Ólafsvíkurhreppi og það komu sjö hreppsnefndarmenn ásamt sveitarstjóra Ólafsvíkurhrepps á fund félmn. í gær þegar n. hafði málið til umfjöllunar. Það varð niðurstaðan hjá þeim heimamönnum í Ólafsvík eða hreppsnefndinni að því var lýst yfir á þessum fundi, að hreppsnefndin væri því samþykk að frv. væri samþykkt óbreytt, þ. e. að sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skyldi jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

Félmn. tók mið af þessu sjónarmiði og lagði því til, eins og ég hef áður sagt, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það urðu nokkrar umr. við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. deild. Þá kvaddi ég mér hljóðs m. a. og gagnrýndi þá breytingu, sem gerð hafði verið á frv. í Nd. frá því að það var lagt fram, þ. e. um stofnun sérstaks bæjarfógetaembættis í kaupstaðnum. Ég greindi þá frá því að ég mundi flytja brtt. við 2. umr. málsins um að færa þetta í hið upphaflega form.

Eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf., frsm. félmn. þessarar hv. deildar, þá kom hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hingað suður ásamt sveitarstjóra til viðræðna m. a. við þm. kjördæmisins og fleiri aðila um þetta mál. Það er rétt að sjálfsögðu, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hreppsnefndin hefur samþykkt að una þessu, — ég vil nota orðið una því, una þeirri breytingu sem gerð hefur verið á þessu, vegna þess að hreppsnefndinni var sagt að ef yrði farið að gera breytingar á þessu enn á ný, þá væri málið dautt á þessu þingi. Ég er ósammála því. Það hefði vel mátt breyta þessu og samt gefist tími til að afgreiða málið engu að síður. En það varð niðurstaða meiri hl. hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps að una þessu eins og það er og var það þó ekki gert með neinni sérstakri ánægju. Það fullyrði ég.

Það sem fyrst og fremst vakti fyrir íbúum Ólafsvíkurhrepps með því að óska eftir kaupstaðarréttindum var að fá bætta þjónustu frá sýslumannsembættinu eða fá bætta þjónustu með þeim hætti að þar yrði sjálfstæður bæjarfógeti. Það hefur ekki fengist og þá er auðvitað að huga að því, hver er næstbesti kosturinn. Næstbesta kostinn hefði ég talið þann að lögfesta í þessu frv. að í Ólafsvík skyldi sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu starfrækja sérstaka skrifstofu, sem annaðist öll þau embættisverk önnur en dómarastörf, sem sýslumannsskrifstofan annast. Þetta töldu menn að mundi gera það að verkum að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Því ætla ég ekki að hafa uppi neina tilburði til þess að stöðva það eða valda því að það nái ekki fram að ganga og mun þess vegna ekki flytja brtt.

Staðreynd er hins vegar að þeir sem í Ólafsvíkurhreppi búa eiga 150 km leið að sækja fram og til baka til sýsluskrifstofunnar í Stykkishólmi. Þaðan hefur maður komið einu sinni í viku til Ólafsvíkur. Þeir sem hafa þurft á hans þjónustu að halda hafa mátt bíða í geymsluherbergi og sitja þar á bíldekkjum og öðru dóti sem þar er í vanskilum. Þannig hefur verið að þessu búið.

Janúarmánuður var að vísu erfiður veðurfarslega og samgöngur ekki eins og best gerist, en nær allur janúarmánuður leið líka án þess að nokkur fulltrúi sýslumannsembættisins í Stykkishólmi kæmi til Ólafsvíkur. Það var fyrst á 28. degi mánaðarins, sem fulltrúi sýslumannsembættisins í Stykkishólmi kom til Ólafsvíkur, og höfðu þó mjólkurbílarnir a. m. k. komist sinna ferða velflesta daga mánaðarins. En vonandi hefur þessi beiðni hreppsbúa í Ólafsvík orðið til þess að nú verður þarna breyting á. Ég vil aðeins ítreka og minna á það sem stendur hér í umsögn sýslumanns. Þar segir með leyfi forseta:

„Í samráði við rn. hefur síðan verið ákveðið að ráða mann til starfa, er veiti forstöðu umboðsskrifstofu sýslumanns í Ólafsvík, er hafi fastan afgreiðslutíma mánudaga til föstudaga. Ætlunin er að þetta fyrirkomulag komist á síðar á þessu ári. Færi þá fram á þessari skrifstofu öll venjuleg afgreiðsla, sem almennt fer fram á sýsluskrifstofum, eftir því sem lög heimila. Má þar nefna móttöku opinberra gjalda, útgáfu skírteina, umskráningu bifreiða, umboðsstörf í sambandi við almannatryggingar og sjúkrasamlag, móttöku skjala til þinglýsingar o. s. frv.“ Varðandi þinglýsingu skjala er þess sérstaklega getið að ætlunin er að liðka til með afgreiðslu þeirra mála og hraða afgreiðslu eftir því sem unnt er.

Þetta er auðvitað góðra gjalda vert. En því les ég þetta hér, að það hlýtur að verða höfuðkrafa að við

þessi loforð verði staðið. Og það verður auðvitað látið á það reyna. Væntanlega munu einhverjir verða til þess hér síðar að taka þetta mál upp, ef ekki verður efnt það sem lofað hefur verið.

Mér þykir það miður að þessu máli skuli hafa verið stefnt í tímaþröng hér. En það var vissulega gert vegna þess að þm. Vesturl. var sent þetta mál hinn 12. nóv. í ábyrgðarbréfi til 1. þm. kjördæmisins. Þetta ábyrgðarbréf var ekki afhent þm. fyrr en 6. des. Málið kom ekki hér inn í þing fyrr en rétt fyrir jól. Því hefur verið stefnt í tímaþröng. Ég ætla ekki að ásaka hér einn eða neinn, en því meir sem ég hugsa um hlut hæstv. dómsmrh. og 1. þm. Vesturl. í þessu máli, þeim mun verri þykir mér hann.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. félmn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Það er að sjálfsögðu rétt, sem kom hér fram, að fulltrúar íbúa í Ólafsvík, þ. e. hreppsnefndin, komu á fund þm. kjördæmisins og jafnframt á fund félmn.

Því hefur margoft verið lýst hér með hvaða hætti menn greinir á í þessu máli. Ég vil leyfa mér að vona að enda þótt ekki verði stofnað sérstakt bæjarfógetaembætti í Ólafsvík, þá verði þáttaskil í þjónustunni við íbúa Ólafsvíkur. Því hefur verið lýst yfir af hálfu þm. í viðræðum við hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps að þeir muni gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að staðið verði við það sem þar hefur verið sagt.

Ég vil að endingu og aftur þakka hv. félmn. fyrir meðferð hennar á málinu. Ég tel að nefndin hafi átt sinn drjúga þátt í því að sætta bæði guð og menn við málsmeðferðina.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég geri að sjálfsögðu ekki aths. við það sem hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 3. þm. Vesturl. hafa talað um mikilvægi þess að Ólafsvíkingar hafi sem besta þjónustu, þó að bæjarfógetaembættið sé ekki stofnað í kaupstaðnum. En að gefnu tilefni þykir mér rétt að taka fram að það er hægt að setja á stofn skrifstofu frá sýslumannsembættinu í Stykkishólmi í Ólafsvíkurkaupstað, hvenær sem vilji stjórnvalda er fyrir hendi, án þess að það sé sérstök heimild í lögum til þess. Það þarf ekki að setja sérstaka heimild í lög til þess. Við höfum líka dæmin fyrir okkur í þessum efnum, þar sem ýmsum hreppum hafa á undanförnum árum verið veitt kaupstaðarréttindi án þess að sérstakt bæjarfógetaembætti sé þar stofnað, en hins vegar gripið til þess ráðs að opna skrifstofu frá því sýslumannsembætti, sem næst er þessum kaupstað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 521 (sbr. 367), 469, 496, 497, 498, 499, 522, 523, 524, 525, 526, 527, 528). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 522 felld með 36:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG.

nei: IGísl, JE, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RA, SighB, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, SvH.

ÓÞÞ, ÁG greiddu ekki atkv.

1 þm. (HBl) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. hefur flutt brtt. á 11 þskj. um ýmsar greinar stjórnarskrárinnar. Þingflokkur sjálfstæðismanna telur að þær tillögur eigi að koma til athugunar við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem nú stendur yfir. Brtt. við 31. gr. er einnig eðlilegt að ræða í tengslum við kosningalög. Af þessum ástæðum m. a. greiða þm. flokksins atkv. gegn þessum tillögum. Ég segi nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sú till. sem hér um ræðir, um þjóðkjör í stað þingkjörs æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, er lykilatriði þeirrar stefnumörkunar og þeirra breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins sem hér hefur verið lögð til og er grundvallarstefnumarkmið Bandalags jafnaðarmanna. Það eru að koma kosningar og við munum freista þess að kynna þessa stefnu um landið vítt og breitt. Mér er ljóst, þegar þessi till. er flutt, að hún nýtur andstöðu flokkanna allra. Um þá niðurstöðu var vitað fyrir fram. Engu að síður er hér verið að leggja til að stjórnarskrármál séu leyst með allt öðrum hætti en flokkakerfið leggur til að gert verði. Ég segi já.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þessi grg. mín mun gilda fyrir alla atkvgr. sem fram undan er. Ég hef áður lýst því yfir að ég harmaði það mjög, og endurtek það, að kjördæmamálið skyldi slitið úr samhengi við mikilvæg stjórnarskrármál, mannréttindamál og jafnréttismál af öllu tagi sem brýna nauðsyn bar til að knýja fram. Hér hefur raunverulega verið eyðilagður sá möguleiki, sem fyrir hendi var til að knýja fram breytingar á stjórnarskránni, og er ljóst að miklar tafir verða á veigamiklum og nauðsynlegum breytingum á stjórnarskránni. Ég tek ekki þátt í afgreiðslu þessa máls og greiði því ekki atkv.

Brtt. 523 kom ekki til atkv.

Brtt. 524 felld með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG.

nei: SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGísl, JBH, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RA, SvH.

SighB, ÁG, GHelg, IGuðn, JE, JS, KP, ÓÞÞ

greiddu ekki atkv.
1 þm. (HBl) fjarstaddur.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fjölmargar af þeim brtt., sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur hér flutt, varða atriði sem fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd hafa þegar lagt fram tillögur um þar í umboði þingflokks Alþfl. Það hefur orðið samkomulag allra þingflokka um að bíða með þá heildarendurskoðun og þá afgreiðslu till. Alþfl., sem þar eru gerðar, en þær tillögur varða ýmsa fleiri þætti og taka um margt til ýmissa fleiri og markverðari mála en þær sem nú er verið að greiða atkv. um. Ég tel rétt að halda á málum eins og ákveðið hefur verið í samráði þingflokkanna og afgreiða þessi mál í heild, þegar kemur að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, m. a. um breytingar á starfsemi og starfsháttum Alþingis. Ég greiði því ekki atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þessi till. fjallar um það að ráðherrar séu ekki alþm. Verði þm. engu að síður ráðh. þá taki varamenn sæti þeirra á Alþingi. Það skal undirstrikað, að þetta er ekki um aðalatriði þess grundvallarmáls sem við höfum flutt hér um aðgreiningu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Meira var fjallað um aðalatriði þess í sjónvarpsþætti í gærkvöld, svo að dæmi sé tekið. Engu að síður er hér um að ræða athöfn í stjórnkerfinu þar sem þeirri grundvallarmeginreglu er fylgt að löggjafarvald og framkvæmdarvald séu aðskilin. Hygg ég, herra forseti, að þar sé um veigameiri stjórnarskrárbreytingu að ræða heldur en hina, að fjölga alþm. um þrjá. Ég segi já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem hv. 3. þm. Vestf., formaður þingflokks Alþfl., hefur upplýst að þær tillögur sem virðulegur hv. 4. þm. Reykv. flytur hér eru að mestu leyti tillögur Alþfl., sem þegar liggja fyrir í stjórnarskrárnefnd og koma þá líklega aftur til afgreiðslu síðar á þessu þingi, segi ég nei.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið keyrt í gegnum þingið með aðstoð þriggja kvöldfunda og naumur tími gefist til að kynna sér þær brtt. sem fyrir liggja frá hv. 4. þm. Reykv. Ég mun því ekki greiða atkv. um þær tillögur.

Brtt. 525 felld með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VG.
nei: BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGísl, JBH, JÞ, MHM, MB, MAM, OE, PP, PJ, PS, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, SvH.
ÁG, GHelg, IGuðn, JE, JS, KP, ÓÞÞ, SighB greiddu ekki atkv.
1 þm. (HBl) fjarstaddur.

Brtt. 526 felld með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VG.
nei: HG, IGísl, JS, JBH, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RA, SkA, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, SvH.
IGuðn, JE, KP, ÓÞÞ, SighB, SV, ÁG, GHelg greiddu ekki atkv.
1 þm. (HBl) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í fimm ár hafa fulltrúar stjórnmálaflokkanna setið við það að endurskapa nýja stjórnarskrá. Árangurinn er enginn utan það, að þeir leggja nú til að þm. sé fjölgað um þrjá og að kosningaaldur sé færður niður í 18 ár. Um það eitt hafa þeir komið sér saman og ekki annað. Hér er verið að leggja til hugmynd, sem margoft hefur verið rædd og allir hv. þm. gjörþekkja, nefnilega það að hið ólýðræðislega vald sé tekið af forsrh. að hann einn geti leyst upp hv. Alþingi þá er honum þóknast. Ég nefni aðeins þá umr. sem nú fer fram þessa dagana þar um. Það sýndist þó satt að segja vera rismeiri ákvörðun, ef Alþingi sæi sóma sinn í því að breyta þessu, heldur en það að fjölga því sem lítið er og sennilega verður minna, úr 60 í 63. En þm. sýna hvað þeir eru að gera og hvað þeir eru ekki að gera í þessari atkvgr. Ég segi já.

Brtt. 527 felld með 29:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JBH, VG.
nei: BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGísl, JE, JÞ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, SvH.
GHelg, IGuðn, KP, MHM, ÓÞÞ, SighB, ÁG greiddu ekki atkv.
1 þm. (HBl) fjarstaddur.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á borðum alþm. liggur skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, þar sem kemur m. a. fram hvaða tillögur fulltrúar flokkanna hafa gert um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Í þessari skýrslu kemur fram að bæði um þá síðustu till. sem afgreidd var hér áðan og þá till. sem nú er á dagskrá hafa fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd þegar gert till. sem fjallar um það sama og hv. þm. flytur nú tillögur um. Hér er aðeins verið að flytja tillögur fulltrúa Alþfl. inn á þing með þessum hætti. Það er ákvörðun okkar þm. Alþfl. að standa að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, m. a. með þessum atriðum, þegar þar að kemur. Mun ég í samræmi við það ekki greiða atkv. um þessa till.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er löngum svo í þessum leik eins og fleirum, að eitt er að flytja tillögur, annað að vilja standa við þær. Ég segi já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem formaður þingflokks Alþfl. hefur enn upplýst að þessi till., eins og margar aðrar sem hv. 4. þm. Reykv. hefur nú flutt, er þegar flutt af fulltrúum Alþfl. í stjórnarskrárnefnd, en hv. 4. þm. Reykv. hefur nú gert hana að sinni í nafni fimmta flokksins á Alþingi, Bandalags jafnaðarmanna, mun þessi till. eins og hinar koma á dagskrá hv. Alþingis síðar. Mun ég þá taka frekari afstöðu til hennar og þeirra annarra till. sem hann hefur tekið upp frá tíma sínum í Alþfl. Að þessu sinni segi ég nei.

Brtt. 498,1 tekin aftur.

Brtt. 498,2 felld með 27:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, VG.

nei: BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGísl, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PS, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, SvH.

GHelg, IGuðn, JE, JS, JBH, ÓÞÞ, PJ, SighB, ÁG greiddu ekki atkv.

2 þm. (HBl, RA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er samþykkur því að valfrelsi kjósenda verði sem allra mest og hef flutt frv. um það. En ég tel ekki að í stjórnarskránni eigi að vera ákvæði um það nákvæmlega hvernig þetta eigi að framkvæmast. Ég segi því nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Heldur er það nú undarleg afstaða að vera meðmæltur frelsinu en telja það ekki eiga að vera í stjórnarskránni. Eru það lítil meðmæli með því hinu ágætu hugtaki yfirleitt. Ef fólkið í landinu fengi um það að vita, þá er þetta býsna fróðleg atkvgr.

Í grg. með pappír fjórflokkakerfisins stendur eitthvað á þessa leið: Þingflokkar Alþfl. Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl. hafa auk þess orðið ásattir um eftirfarandi: Að meðfram framlagningu nýrrar stjórnarskrár skuli auka lýðræði og valddreifingu í landinu.

Hér er, herra forseti, verið að leggja til að aftan við þá grein stjórnarskrárinnar sem kveður á um fjölda þm. sé stjórnarskrárbundin sú aðferð við kosningar, að kjósandinn fái að kjósa raðaðan lista, fái að kjósa nafn af lista eða nöfn af lista eða listum.

Þarna er bara allt í senn, lýðræði og valddreifingin sem þessir herramenn hafa komið sér saman um að vinna að samfara nýrri stjórnarskrá. En úr því að þeir hafa komið sér saman um að vinna að því samfara nýrri stjórnarskrá, því þá ekki að setja það í stjórnarskrána? Það er borðliggjandi að það er hægt. Það eru þrjár setningar sem fjalla um það. Fái fólkið í landinu að vita með hverjum hætti menn eru hér að verja sjálfa sig, með örfáum undantekningum þó, þá er það fróðlegt fyrir fólkið sem þetta land byggir. Ég segi vitaskuld já.

Brtt. 496 felld með 29:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG.

nei: ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGísl, JE, JBH, JÞ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, SvH.

ÁG, GHelg, IGuðn, JS, KP, MHM, ÓÞÞ, SighB greiddu ekki atkv.

2 þm. (HBl, RA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Till. þessi orðast svo: „Fastanefndir Alþingis hafa rétt til að heimta hvers konar skýrslur, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Fundir nefnda Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði.“ Till. fulltrúa Alþfl. í stjórnarskrárnefnd, sem er sérprentuð hér á borðum þm., orðast svo: „Fundir í nefndum Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði nema nefnd ákveði annað. Nefndir Alþingis hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og opinberum aðilum.“

Ég áskil mér rétt til að ræða þessar till. Alþfl. þegar að því kemur að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar verður afgreidd og greiði því ekki atkv. nú.

Brtt. 428 kom ekki til atkv.

Brtt. 499 felld með 28:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG.

nei: HG, IGísl, JE, JÞ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, SvH.

GHelg, IGuðn, JS, JBH, KP, MHM, ÓÞÞ, SighB, ÁG greiddu ekki atkv.

2 þm. (HÁ, HBl) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Eins og rækilega hefur komið fram í umr. um þessi mál er ég samþykkur því markmiði, sem hér er lýst yfir, að löggjafarvald og framkvæmdarvald skuli aðgreint, en vegna formgalla þessarar till. treysti ég mér ekki til þess að greiða henni atkv. Ég greiði því ekki atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það hefur áður skeð hér að hv. 3. þm. Vestf. geri aths. við það að hér sé um líkar till. að ræða og tiltekinn stjórnmálaflokkur hefur flutt í stjórnarskrárnefnd. Ég hélt að hv. þm. vissu það, að að því er varðar rannsóknarvald eða eftirlitsvald þingnefnda, þá hefur sá þm. sem hér stendur verið flm. frv. um það í mörg ár. Ég held því að aths. af þessu tagi ættu að vera óþarfar og a. m. k. hv. þm. viti betur.

En kjarni málsins er sá, að þessi brtt. er um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er sú grundvallarhugsun sem í gegnum þessar tillögur allar gengur með einum eða öðrum hætti. Hún er skyld nefndum þingsins og störfum þeirra. Hún er skyld á hinn vænginn fjölda þm. o. s. frv. Og mér er ljóst að með þessu er verið að taka mikilvæg völd frá hinum þröngu flokkshagsmunum. Það vita auðvitað flokkarnir líka. En þetta er grundvallarhugsun allra þessara kenninga. Ég segi já.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir er að mínu mati ákaflega hættuleg. Hún er ósk um að löggjafarvald og framkvæmdarvald verði aðskilið. Hún er beiðni um hinn sterka mann. Hún er beiðni um það að hér verði tekið upp það kerfi sem aðeins gengur í löndum þar sem forsrh. og forsetar styðjast við hervald. Ég hef tekið það fram að ég mun ekki taka þátt í atkvgr. hér í dag og stend við það. En ég vara eindregið við þeirri hugmynd sem fram kemur í þessari till. Ég greiði ekki atkv.

Brtt. 497 kom ekki til atkv.

Brtt. 469 felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, MHM, ÓÞÞ, SighB, SV, AS, EH, HÁ, IGuðn, IGísl.

nei: JBH, JÞ, MB, MÁM, ÓE, PS, RA, SkA, SteinG, SvG, VG, AG, BÍG, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, HG, JE, SvH.

JS, PJ, StH, ÞS, ÁG, FÞ, GHelg greiddu ekki atkv.

2 þm. (PP, HBl) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er um að ræða till. sem er efnislega samhljóða till. sem nokkrir þm. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa flutt á undangengnum þingum, sem gengu í þá átt að jafna fleira í þessu landi en atkvæðisréttinn. Þó að þetta sé vissulega ekki stórt skref og þrátt fyrir það, að slíkar hugmyndir hafi ekki fengið hljómgrunn stjórnarliða þegar þm. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa flutt það, þá er þetta mál þess eðlis, að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að það verði samþykkt hér á Alþingi. Ég segi því já.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tel að þessi brtt. sé ítrekun og undirstrikun á því, sem segir í síðari hluta 2. tölul. í sérstakri yfirlýsingu þingflokkanna allra neðst á bls. 3, í grg. frv. um að þingflokkarnir muni beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst. Ég tel að þessi brtt., almennt orðuð eins og hún er, eigi vel heima í stjórnarskrá lýðveldisins. Ég segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á síðasta þingi samdi ég frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem einmitt er gert ráð fyrir því að slík ívilnun sé gerð sem hér er fjallað um. Fékk ég þá með mér þm. úr mínum flokki og Sjálfstfl. til þess að flytja það mál. Ég hef samið annað frv. nú, nokkuð breytt, og hef lokið við að ganga frá því. Ég mun leita eftir atfylgi þeirra sem standa að þessari brtt. við það frv., vegna þess að það er ekki nægilegt að slík ákvæði séu sett í stjórnarskrá, heldur verða þau einnig að setjast í almenna löggjöf. Vænti ég þess að fá góðar undirtektir frá þeim þm. sem þetta mál hafa flutt. Ég sé ekkert á móti því að slíkt atriði sé sett inn í stjórnarskrá, eins og till. er gerð um hér, og segi já.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Í umr. um þetta mál, sem hér er til lokaafgreiðslu, hefur hv. alþm. orðið tíðrætt um orðin mannréttindi og misrétti. Flestir hafa talið sig merkisbera réttlætis í þess orðs fyllstu merkingu, ef marka má ræður þeirra. Sú till. sem nú er verið að greiða atkv. um mundi minnka verulega það misrétti sem viðgengst í þjóðfélaginu í dag, ef samþykkt yrði, og margfalt meira en það frv. sem verið er að greiða atkv. hér um, ef það verður samþykkt óbreytt. Ég segi já.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Jafnræði þegnanna á að vera sjálfsagður hlutur og er eðlilegt að sú stefna sé mörkuð í stjórnarskrá. Ég tel að það beri að gera við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hins vegar sýnist mér orka tvímælis að taka einn lið út úr nú eins og gert er ráð fyrir með þessari till. Greiði ég því ekki atkv.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Þessi till. er spor í rétta átt að því háleita ætlunarverki höfunda frv. sem kemur fram í 2. tölul. á bls. 3 í frv. Segi ég því já.

Frv. samþ. með 27:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞS, AG, AS, BÍG, FrS, GS, GeriH, GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGísl, JE, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PS, RA, SighB, SkA, StH, SteinG, SvG, SvH.
nei: EH, IGuðn, JBH, KP, ÓÞÞ, SV, VG.
AG, FÞ, GHelg, JS, PJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (HBl) fjarstaddur.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Stjórnarskrá lýðveldisins er í endurskoðun. Ég tel rangt að taka eitt atriði út úr og breyta því. Ég tel einnig að til þeirrar vinnu hafi verið kastað höndum og að það verði til að kveikja ófrið milli dreifbýlis og þéttbýlis. Ég segi nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér greiðum við hv. alþm. atkv. um samkomulagsmál. Um þetta frv. hefur verið mikið rætt undanfarna mánuði. Þótt ég sé hingað kjörinn sem 1. landsk. þm., þá er ég með atkv. Reykvíkinga að baki mér. Og þótt mér þyki líka lítið hafa rekið í átt til meira jafnvægis milli kjósenda einstakra kjördæma og lítið þokast frá því að kjördæmabreytingin var gerð árið 1959, þá tel ég hins vegar að okkur, sem í þéttbýlinu búum, beri að stuðla að þessari áfangabreytingu, sem ómótmælanlega er til bóta frá því sem nú er. Hér verður engu breytt eins og er með frekara orðaskaki. Þetta frv. er til bóta. Því segi ég já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þó að það standi mér ekki næst að bera hönd fyrir höfuð formanni Framsfl., þá vil ég taka það fram vegna kynna minna af störfum hans og annarra flokksformanna að þeirri endurskoðun sem hér hefur átt sér stað, að það hefur ekki verið kastað til höndum og þaðan af síst hjá formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni. Ég tel það mjög varhugavert fyrir dreifbýlið að hafna því samkomulagi sem hér hefur tekist. Ég tel að afleiðingarnar af slíku gætu orðið stóralvarlegar fyrir hagsmuni dreifbýlisins. Og ég leyfi mér að benda á að þeir hv. þm. sem hafa talað eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði hér áðan hafa næsta litlar tillögur flutt sjálfir sem betur tryggðu hag dreifbýlisins en það samkomulag sem hér er gert. Ég segi já.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem fram hefur komið að þrír stjórnmálaflokkarnir, Alþb., Alþfl. og Sjálfstfl. hafa ákveðið að stefna þjóðinni út í tvennar kosningar á þessu ári, þrátt fyrir það ástand sem nú ríkir í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og að ekki hefur tekist að fá inn í stjórnarskrána tryggingu fyrir því að tillit verði tekið til breytilegs kostnaðar vegna búsetu við álagningu skatta, til að jafna á þann hátt aðstöðumuninn í þjóðfélaginu, þá segi ég nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það frv., sem hér er væntanlega verið að samþykkja frá þessari deild til hinnar efri, er árangur fimm ára starfs á vegum flokkakerfisins í landinu til úrlausnar á þeim vanda sem kenndur hefur verið við stjórnarskrá lýðveldisins. Og árangurinn er aðeins sá, að þm. hefur verið fjölgað um þrjá, enda hefur engin ákvörðun verið tekin, hvorki í þessum tillögum né öðrum, um það með hverjum hætti eigi að skipta þessum þm. milli kjördæma. Og ég held að þeir þm. séu a. m. k. til, sem gera sér ekki til hlítar grein fyrir því, að þetta virðulega þing, sem nú situr, bindur með engum hætti hendur þess þings sem hugsan-

lega verður kosið 23. apríl. Þá hefst algerlega ný umræða um það með hverjum hætti eigi að vinna úr tillögum um 63 þm.

Það er þetta sem gerir það að verkum, að frv. eins og það sem hér er lagt fram og verið að samþykkja er ónýtt, vegna þess að það hefur ekki verið gert upp á milli t. d. stríðandi sjónarmiða í því frv. Þetta er frestur, sem í máli eins og þessu er ekki á illu bestur. Einnig af þessum ástæðum væri þetta frv. betur geymt í kistum. Ég segi nei.

Frv. afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að gera hér aths. við þá fullyrðingu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, sem hann flutti hér í sinni ræðu áðan, að þrír flokkar hefðu ákveðið — og þar með Alþfl. að stefna þjóðinni út í tvennar kosningar á þessu ári. Ég fullyrði að Alþfl. hefur ekki tekið slíka ákvörðun. Ég mótmæli því harðlega að þessi hv. þm. fullyrði slíkt í ræðu án þess að nokkur fótur sé fyrir því. Mín persónulega skoðun, svo að hún komi hér líka fram um þetta vegna þessara ummæla, (**Forseti:** Þetta er um þingsköp en ekki um þig.) er sú, að ég tel það algerlega fráleitt að stefna þjóðinni út í tvennar kosningar við þær kringumstæður sem hér eru.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að bera hönd fyrir höfuð þeirra aðila, sem ekki eiga hér hlut að máli, þ. e. Alþfl., og ég tel ástæðulaust hjá hæstv. forseta að gera aths. við það, þó að slíkt komi hér fram, þegar rangtúlkað er og beinlínis ósannindi eru flutt hér úr ræðustól.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessu þarf að breyta, að menn leyfi sér ekki þennan munað að biðja um orðið um þingsköp og tala svo um allt aðra og óviðkomandi hluti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þegar menn gera grein fyrir atkv. sínu tel ég að þeir eigi að gera grein fyrir atkv. sínu en nota það tækifæri ekki til persónulegra árása. Ég mótmæli því að forseti situr hljóður undir slíku.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 62). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:15 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 548).

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 5). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 6). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 7). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Landsbanki Íslands, frv. (þskj. 8). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 22). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SteinG, VG, AG, BÍG, FrS, GeirH, GJG, GGÞ, IGuðn, JS, JBH, JÞ, MB, MÁM, ÓE, PS, SvH.

nei: SkA, SV, ÞS, AS, ÁG, GS, GHelg, HÁ, KP, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB.

SvG, EH, HG, JE greiddu ekki atkv.

4 þm. (FÞ, HBl, IGísl, RA) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það hafði komið hér fram málamiðlunartillaga, brtt. í þessu máli um að helminga þetta gjald. Ég hefði stutt þá till. Mér finnst of langt gengið í þessu frv. eins og það liggur fyrir, sérstaklega með tilliti til þess að þetta þing mun væntanlega samþykkja frv., samkomulagsmál um að fella niður gjald til sýsluvegasjóðs af sumarbústöðum og orlofsbúðum yfir höfuð. Ég verð að segja eins og er að mér finnst fulllangt gengið í niðurfellingu þessara tekjustofna tveggja. Ég segi nei.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að svipta fátæk sveitarfélög tekjustofnum sínum. Veitir þó ekki af þeim. Þess vegna segi ég nei.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Að fallinni brtt. Magnúsar H. Magnússonar í þessu máli treysti ég mér ekki til að fylgja málinu. Ég segi nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í frv. þessu felst leiðrétting sem flestir menn munu viðurkenna að eigi fullan rétt á sér. Með frv. er verið að leggja til að skattur á þéttbýlisbúa, sem koma sér upp sumarhúsum, sé færður í samræmi við skatta sem lagðir eru á íbúa sveitanna hér í nágrenni okkar. Ég hef orðað það á þann veg, að með þessu væri komið í veg fyrir það að við Reykvíkingar og aðrir þéttbýlisbúar værum gerðir að aukabúgrein þeirra sem í sveitunum búa. Því segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

Vegalög, frv. (þskj. 354, n. 529). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingu á 24. gr. vegalaga. Breytingin felst í því að orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsheimili verði undanskilin sýsluvegasjóðsgjaldi.

Nefndin fékk til fundar við sig vegamálastjóra og vildi fá upplýsingar um hvað það mundi þýða fyrir sýsluvegasjóðina í hverju kjördæmi ef þessi skattur yrði einnig felldur af öllum sumarbústöðum í landinu. Kom í ljós að þessi skattur er í ár talinn muni verða um 1 millj. 710 þús. kr. Aðallega er þessi skattur innheimtur í Suðurlandskjördæmi, 780 þús., í Reykjaneskjördæmi 340 þús., á Vesturlandi 290 þús., á Vestfjörðum 20 þús., á Norðurl. v. 100 þús., á Norðurl. e. 130 þús. og á Austurlandi 50 þús.

Með því að fella þetta aðeins niður af orlofsheimilum finnst okkur verið að gera þarna upp á milli, jafnvel eru launþegar sem eiga sína sumarbústaði. Við ræddum einnig við Magnús Guðjónsson um þann skatt sem var verið að greiða atkv. hér um, þ. e. fasteignaskattinn. Sveitarfélögin leggja mikið upp úr því að sá skattur haldist áfram, en þessi verði frekar lagður niður af orlofshúsunum eða sumarbústöðunum. Þess vegna gerir samgn. þá till. að greinin orðist svo:

„Undanskildar vegaskatti samkv. 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar, orlofsheimili og sumarbústaðir."

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru hv. þm. Friðjón Þórðarson, Steinþór Gestsson og Halldór Blöndal.

Ég mun óska eftir því sérstaklega, ef því verður við komið, að flýta þessu máli til þess að það geti farið til Ed. til athugunar og afgreiðslu. Það verður þá að koma í ljós hvort það hefst í gegn fyrir þinglok.

ATKVGR.

Brtt. 529 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 387, n. 516). — 2. umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. til l. um Landsvirkjun á þskj. 387 og mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Hér er um að ræða frv. sem byggist á samkomulagi milli eignaraðila, þ. e. ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, og var samið af sérstakri samninganefnd sem þessir aðilar skipuðu. Hún lauk störfum, eins og fram kemur, nú eftir áramótin.

Fyrir þessu máli var ítarlega mælt s. l. föstudag af hæstv. iðnrh. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið frekar hér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—21. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 364, n. 435 og 436). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur haft til athugunar frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Allshn. beggja deilda hafa unnið saman að athugun þessa máls í samvinnu við skrifstofustjóra Alþingis. Er nefndin sammála um það að leggja til að frv. verði samþykkt og flytur brtt. á þskj. 436 um að þremur nöfnum verði bætt inn á skrána eins og hún kom frá Ed.

ATKVGR.

Brtt. 436 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frv. (þskj. 315, n. 530). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum, er komið frá Ed. og var ekki gerð nein breyting á frv. þar. Þetta er nokkuð stór lagabálkur og dálítið flókinn. Nm. í samgn. Nd. hafa raunar ýmislegt að athuga við sumt af þessum greinum, en það vannst ekki tími til þess að fara ofan í það eins og við teljum raunar að hefði þurft.

Nefndin kallaði fyrir sig Ólaf Steinar Valdimarsson í

samgrn. og hann gerði grein fyrir frv. Frv. er samið af nefnd sem var skipuð af samgrh. 16. okt. 1981 til að endurskoða gildandi lög um þessi efni. Í þeirri nefnd var Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri í samgrn. formaður, en aðrir nm. voru Ágúst Hafberg, Einar Ögmundsson, Leifur Karlsson, Skarphéðinn D. Eyjólfsson og Ölvir Karlsson.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt, en einstakir nm. hafa áhuga á því að athuga frv. betur á næsta þingi og koma þá jafnvel með breytingar við það.

Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru þeir Friðjón Þórðarson, Steinþór Gestsson og Halldór Blöndal.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir það sem hv. frsm. samgn. sagði hér um vinnubrögð okkar í samgn. í sambandi við þetta frv. Það eru ýmsir hlutir sem við teljum að hefðu þurft að koma til athugunar þegar farið var að endurskoða lög um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum. Okkur var tjáð að það hefði verið í hug þeirrar nefndar sem undirbjó frv. að gera meira en fram kemur í þessu frv.

Formaður n. spurðist fyrir um það hjá ráðh. hvað hann teldi mikilsvert að þær breytingar sem í þessu frv. felast kæmust í gegn á þessu þingi. Lagði ráðh. mikið upp úr því og við stóðum raunverulega að samþykkt frv. út frá þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að tveir þættir, þ. e. breyting á skipulagsnefnd fólksflutninga og breyting á gjaldtöku, kæmust í gegn nú þó að aðrir þættir, sem æskilegt væri að skoða betur, yrðu ekki samþykktir á þessu þingi. Og ég vil undirstrika það, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að ég held að það hafi verið samhljóða álit nm. að æskilegt væri að þessi mál væru skoðuð miklu betur og ýmsum lagagreinum breytt umfram það sem í þessu frv. felst.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla að segja nokkur orð um þetta mál eingöngu til þess að fá það skráð í þingtíðindi. Það er alveg hárrétt, sem hv. frsm. sagði, að nefndin taldi að það hefði þurft að skoða þetta frv. betur en við gerðum í n. En það varð að samkomulagi að flytja það til þess að koma í veg fyrir vandræði, sem gætu af því skapast að frv. yrði ekki samþykkt, enda lagði hæstv. samgrh. mikla áherslu á það að þetta mál gengi fram á því þingi sem nú stendur.

Í nefndinni gerði ég hins vegar aths. við mgr. í 6. gr. og 10. gr. frv., sem ég tel þess eðlis að vart eigi heima í lögum, en get þó fellt mig við það með skírskotun til þeirrar grg. sem hv. frsm. hafði hér uppi fyrir málinu, að það verði tekið upp á nýjan leik á næsta þingi, hvort sem við sitjum hér þá eða einhverjir aðrir. Þess vegna vil ég að það komi fram í þingtíðindum að ég gerði í n. aths. við mgr. í 6. gr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við veitingu sérleyfis til nýs aðila er ráðh. heimilt, að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda sérleyfið því skilyrði, að hinn nýi sérleyfishafi skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi sérleyfisleið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna."

Sams konar mgr. er í 10. gr. frv. Ég sagði í umr. um þetta mál í n. að ég teldi að slík ákvæði ættu varla heima í lögum, að ráðh. sé heimilt að skilyrða það að menn kaupi eignir annarra manna. Það gengur auðvitað ekki og verður að taka þetta út úr lögunum þegar þau verða endurskoðuð á nýjan leik.

Auk þess vil ég segja það með tilliti til þingtíðinda að ég hefði álitið að inn í þessi lög hefði þurft að koma skýrt ákvæði um skyldu sérleyfishafa til póstflutninga. Það hafði verið fellt út úr þessu frv., það var í gömlu lögunum. Hér er fyrst og fremst á ferðinni samkomulagsfrv. á milli hagsmunaaðila og þeirra manna sem um það fjölluðu í samgn. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Akvæði til bráðabirgða I samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 464, n. 510, 511). — 2. umr.

Frsm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fram koma á þskj. 511. Breytingarnar eru gerðar til samræmis við yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh., sem fram kom við umr. um 14. mál þessarar hv. deildar þann 3. þ. m., þar sem hæstv. ráðh. skýrði frá samþykkt ríkisstj. þá um morguninn, samþykkt sem gengur mjög í átt til efnis frv. Sumir telja að samþykkt ríkisstj. hafi ekki fulla stoð í lögum. Um það vil ég ekkert segja. En til að taka af öll tvímæli leggur nefndin til, eins og ég áður sagði, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 511.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Matthías Bjarnason og hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hefði óskað eftir að beina ákveðinni spurningu til hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna frétta í Dagblaðinu í dag um þetta mál, þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. upplýsir — og þá er vísað til ákvörðunar ríkisstj. fyrir nokkrum dögum um að taka tannviðgerðir undir almannatryggingar — að það sé ekki ákveðið hvort allar tannviðgerðir verði teknar undir almannatryggingakerfið. Í því frv. sem hv. heilbr.- og trn. hefur fjallað um er gert ráð fyrir að allar tannviðgerðir verði teknar undir almannatryggingakerfið, þ. e. gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir einnig. Því tel ég nauðsynlegt að fá upplýst hjá hæstv. ráðh. hvað fyrirhugað er af hálfu ríkisstj. í þessu sambandi og óska eftir að hann gefi deildinni upplýsingar um það mál. Ég óska eftir að hann verði kallaður til að verða viðstaddur þessa umr. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. mun ekki vera viðstaddur svo að það verður þá að fresta afgreiðslu málsins.) Ég mun þá spyrja ráðh. þessarar spurningar við 3. umr. um málið. Eg vil ekki tefja það að þetta mál fari í atkvgr. núna og mun fresta því að beina þessari spurningu til ráðh. þar til við 3. umr.

Forseti (Alexander Stefánsson): Vegna þessara aths.

vil ég benda á að það getur komið að því að þetta mál fari til 3. umr. síðar í dag og þá verður tækifæri til þess að krefja ráðh. svara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 447, n. 517, 504). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 517 um frv. til l. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57 frá 1978 með síðari breytingum. Nefndin hefur fjallað um frv. ásamt þeim brtt. sem samþykktar voru í hv. Ed. Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., kom á fund n. og svaraði fsp. nm.

Tvær brtt. hafa verið lagðar fram á þskj. 504 við frv. eins og það kom frá Ed. Að öðru leyti varð n. sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fyrri brtt. er um að kvartanir eða kærur, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar, berist til landlæknis, en ekki sjálfkrafa til þeirrar nefndar sem gert er ráð fyrir að verði skipuð til að skera úr um ágreiningsmál, ef ekki tekst að leysa úr ágreiningnum. Í hv. Ed. var gerð breyting á upphaflegri gerð frv. Landlæknir benti okkur á að það mætti skilja þá grein þannig að hver kæra eða kvörtun færi sjálfkrafa til þeirrar nefndar sem skipuð yrði. En hann benti á að í jafnvel 9 af hverjum 10 tilvikum gæti embætti hans leyst úr þessum ágreiningi þannig að ekki þyrfti að koma til kasta nefndarinnar.

Hins vegar var önnur breyting gerð á umræddri grein. Hún er í þá veru, að nefndinni þótti ekki eðlilegt að landlæknir væri sjálfur formaður þeirrar nefndar sem skera skal úr ágreiningi er varðar þá þjónustu sem hann hefur sjálfur umsjón með. Að öðru leyti er greinin óbreytt eins og hún kom frá Ed.

Hin brtt. er nánast leiðrétting á prentvillu eða alla vega gleymsku, en sú leiðrétting er til samræmis við önnur ákvæði laganna þ. e. að hjúkrunarforstjórar séu skipaðir af ráðh., eins og gert er ráð fyrir, að fenginni umsögn ekki einungis hjúkrunarráðs samkv. lögum nr. 8/1974, heldur einnig að sjálfsögðu að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi sjúkrahúsa, eins og gildir um yfirlækna og aðra sem skipaðir eru af ráðh.

Annað fundum við ekki athugavert við frv. eins og það kom frá Ed. Okkur hafði verið bent á ákvæði, sem inni er í lögunum, um að þar sem ekki fáist hjúkrunarfræðingur til starfa sé sveitarfélaginu heimilt að krefja ríkið um laun sjúkraliða. Um þetta mun hafa verið eitt dæmi sem nú er leyst og fenginn hjúkrunarfræðingur í það starf. Okkur þótti satt að segja þetta ákvæði ekki skipta því máli að við sæjum ástæðu til að gera brtt. þess vegna, en ég væri fús til að samþykkja það ef sú brtt. kæmi fram. Ég persónulega held að þetta atriði skipti engu máli. Það segir sig sjálft að þar sem hjúkrunarfræðingur fæst er hann að sjálfsögðu ráðinn umfram sjúkraliða. Þess vegna varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. að þessum brtt. tveimur gerðum. Höfum við ekki frekari aths. við frv.

Ég vil þakka nm. fyrir aðstoð við skjóta og góða afgreiðslu þessa máls, sem er tiltölulega nýkomið til Nd., og vænti þess að þessar tvær brtt. verði ekki til að tefja málið lengi nú, en það hlýtur að fara aftur til Ed.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég verð því miður að segja að ég harma það á vissan hátt að það mikla mál sem hér er til umr., frv. til l. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, var ekkert rætt við 1. umr. málsins vegna þess að það mælti enginn fyrir frv. Ég uppgötvaði það því miður of seint. Annars hefði ég við 1. umr. óskað eftir að koma að vissum aths., sem ég hefði talið nauðsynlegt að heilbr.- og trn. hefði fengið til meðferðar, því að þetta er svo viðamikið og stórt mál. Hér er verið að endurskoða lög, sem sett voru upphaflega 1973 með gildistöku 1. jan. 1974, með endurskoðun sem gerð var á þeim 1978.

Það mætti tala langt mál um þessa löggjöf miðað við þá reynslu sem af henni er fengin. Ég mun að sjálfsögðu taka tillit til þess að hér er málið við 2. umr. og ekki ráðrúm til þess að koma fram vissum brtt., sem hefði þurft að skoða í hv. n., þar sem svo furðulega vildi til að frv. fór hér í gegnum 1. umr. án þess að nokkur aðili tæki til máls þar sem ekki var höfð framsaga fyrir málinu. Þetta er sjálfsagt óvenjulegt um svo stórt og viðamikið mál.

Það sem ég vildi koma hér á framfæri við þessa umr. er í fyrsta lagi að ég get tekið undir með þeim sem hér hafa talað áður um að margt er til bóta í því frv. sem hér liggur fyrir, enda var markmiðið með því að taka málið til endurskoðunar að betrumbæta það frá því sem áður var, miðað við þá reynslu sem fengin var. Eitt stórt mál, sem ég vil sérstaklega undirstrika, er í sambandi við sjúkraflutningana, sem bæði ég og aðrir þm. í þessari deild höfum barist fyrir nú um nokkurt skeið að koma skipulagi á, því að allir vita, sem á hafa þreifað, að það hefur verið mjög mikið vandamál víða að skipulag sjúkraflutninga hefur ekki verið til í þessu landi. Þess vegna fagna ég því að það er komið inn í þessi lög.

Ennfremur eru margar aðrar úrbætur í lögunum, svo sem ákvæðið um heilbrigðisþing, sem er ákaflega mikilvægt, og nokkrar breytingar á skipulagi heilsugæsluumdæma, sem er allt til bóta, miðað við þá reynslu sem fengist hefur af þessum lögum.

Ég tel það einnig til bóta í 9. gr., að nú er því starfsliði á heilsugæslustöðvum fjölgað sem er launað af ríkinu, svo sem fólk sem annast sjúkraþjálfun. Það er ákaflega mikilvægt mál og var deiluatriði við meðferð þessara laga undanfarið. Einnig er það til bóta að kveðið hefur verið upp úr um það í sambandi við 10. gr., að viðhald og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist í samræmi við stofnkostnað heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, sem er mikilvægt atriði.

En það sem mig langar fyrst og fremst til að vekja athygli á við þessa 2. umr. — þó að ég viðurkenni að það hefði átt að koma við 1. umr., og ég reiknaði satt að segja með að hv. Ed. áttaði sig á þessu máli, miðað við þær umr. sem fram hafa farið í þjóðfélaginu — er í sambandi við 12. gr. frv. Sú gr. fjallar um laun lækna. Og enn er þessu furðulega fyrirbrigði haldið áfram í lögum, að læknar á heilsugæslustöðvum skuli geta tekið laun með tvennum hætti: Í fyrsta lagi eru þeir launaðir eins og aðrir ríkisstarfsmenn. Þeir taka föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit, svo og skólatannlækningar. En í öðru lagi skulu þeir taka laun samkv. samningi Stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og

almennar tannlækningar. M. ö. o., læknum í húsnæði ríkisins og sveitarfélaga, með öllum útbúnaði, tækjakosti og öðru slíku, er heimilað samkv. þessum lögum að praktísera á sjúklingum.

Og þeir hafa meiri rétt en þetta. Gegnum þetta ákvæði laganna semja þeir reikninga fyrir þessi störf og senda til sjúkrasamlaga sveitarfélaga. Sjúkrasamlögin greiða þetta refjalaust. Síðan á að tryggja það að til sé kerfi í landinu sem endurskoðar þessa reikninga. Hvernig er það kerfi hv. alþm.? Það kerfi er þannig, að við Tryggingastofnun ríkisins er sérstakur deildarstjóri sem á að vera tryggingaeftirlitsmaður. Hvernig er svo þetta eftirlit? Þessi maður á að fara yfir reikninga frá öllum sjúkrasamlögum landsins. Og hvernig hefur þetta verið? Þetta hefur verið þannig í framkvæmd, að það eru í mesta lagi 1—2 sjúkrasamlög á landinu sem er hægt að endurskoða í gegnum þetta kerfi á ári, sem þýðir það að raunhæft eftirlit með gjaldtöku praktíserandi lækna í ríkishúsnæði fer raunverulega aldrei fram. Þetta þykja e. t. v. stór orð, en ég hef sagt þau hér áður. Því miður er þetta svona. Og ég er undrandi yfir því. Frá þeim fyrsta degi að lögin tóku gildi hefur þetta verið gagnrýnt hér úr þessum ræðustól oftar en einu sinni. Samt sem áður láta alþm. það henda sig í gegnum meðferð málsins á Alþingi að við þessu er ekki hróflað.

Ég harma það að hæstv. heilbrmrh. er ekki hér í deild. Þessu til viðbótar kemur sú staðreynd, að það eru engir samningar við Tannlæknafélag Íslands t. d., sem upplýstist þegar verið var að ræða tannlækningamál hér fyrr í dag. Það eru engir samningar í gildi við Tannlæknafélag Íslands. Hvers vegna? Vegna þess að þeir samningar hafa ekki náðst milli rn. og Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands. [illegible] í lögum, m. a. í þessari gr. hér, 12. gr., er þessum nönnum heimilað að praktísera á heilsugæslustöðvum út um allt land. Enginn setur neinar skorður við þessu.

Þetta vil ég gagnrýna herra forseti, þó að ég viðurkenni fúslega að málið er e. t. v. komið svo langt hér í gegnum hv. deild að erfitt er að stöðva það út frá þessu. Ég vil benda á að Samband ísl. sveitarfélaga hefur oftar en einu sinni sent aths. frá sér við þessa gr. laganna. Meira að segja hefur fulltrúaráð sveitarfélaga sent frá sér ár eftir ár mótmæli gegn þessu ákvæði og talið eðlilegt að laun samkv. þessu ákvæði væru samkv. samningi stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar sem þeir sjálfir inna af hendi, og að sett yrðu sérstök ákvæði um þetta atriði. Þessu hefur ekki verið sinnt. Hér er eitt dæmi um það hvað menn geta orðið sammála um að hrófla ekki við kerfinu okkar svokallaða, því sem einu sinni er komið í lög eða reglur, og reyna ekki að hafa áhrif á að lagfæra svona lagað.

Ég skal ekki tefja umr. hér miklu meira um þetta. Þó get ég ekki stillt mig um að benda á önnur tvö atriði í sambandi við þessa lagasetningu. Í öðru tilfellinu á ég við stjórnarfyrirkomulag á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Ég vil lýsa því hér yfir að þessi lagasetning gengur mjög í þá átt að draga úr áhrifum sveitarfélaga á stjórn þessara stofnana. Áhrifin eru færð yfir á starfslið stofnananna og í mörgum tilfellum hefur reynslan orðið sú við framkvæmd laganna að læknir og fulltrúi hjúkrunarliðs hafa myndað meiri hluta í stjórn heilsugæslustöðvar, þó að reiknað sé með því að sveitarfélögin hafi 2 af 3 stjórnaraðilum. Þetta er atvinnulýðræði sem gengur í öfuga átt. Ábyrgð þess, sem á að reka stofnunina, er minnkuð og ekki tekið tillit til þeirrar fjárhagslegu ábyrgðar sem þarna er um að ræða.

Í öðru lagi vil ég gagnrýna einn þátt, sem veldur því að ég hef á undanförnum árum oftar en einu sinni gert harða hríð að hæstv. heilbrmrh. í sambandi við framkvæmd laganna. Það er setning reglugerða og gjaldskráa. Samkv. gildandi lögum var gert ráð fyrir því að sett yrði reglugerð og gjaldskrá um framkvæmd laganna í öllum aðalatriðum. Þetta var ekki gert. Þetta átti að gera samkv. setningu laganna 1973. Þetta átti að gera samkv. setningu laganna 1978 og það var ekki gert. Það er fyrst á síðasta ári að þetta er gert. Og þá kem ég að kjarna málsins.

Þegar heilbrmrn. lætur loksins verða af því að setja reglugerð um framkvæmd laganna þá sendir það drög að þessari reglugerð til Sambands ísl. sveitarfélaga. Og þá kemur það furðulega í ljós, að reglugerðin er hvorki meira né minna en 52 greinar. Hún er umfangsmeiri, hún er stærri en lögin sjálf. Og þegar Samband ísl. sveitarfélaga lætur fara í gegnum þessa reglugerð, þá er fullt af mótsögnum í reglugerðinni gagnvart lögunum. Sambandið lét útbúa sérstaka nýja reglugerð út frá þessu, sem er stytt niður í 32 greinar og rökstuddi með sterkum rökum helstu vankanta á reglugerð ráðuneytisins sem í mörgum tilfellum gengur lengra en lögin heimila.

Við skyldum ætla að hæstv. heilbrmrn. tæki tillit til slíkrar gagnrýni. En það var ekki gert. Reglugerðin var sett án þess að haft væri meira samband við Samband ísl. sveitarfélaga. Og í staðinn fyrir 52 greinar er hún endanlega orðin 67 greinar. Í mörgum tilfellum gengur þessi staðfesta reglugerð lengra en lög um heilbrigðisþjónustu heimila. Ef hv. þm. hafa lagt það á sig að skoða þessa reglugerð, þá sjá þeir í henni að það er búið að setja stjórnarform á allflestar heilbrigðisstofnanir sem lögin fjalla um. Og það er búið að gera ráð fyrir því að ráða alls konar forstjóra, ekki aðeins við sjúkrahúsin og deildir þar, sem eðlilegt er, ekki aðeins við heilsugæslustöðvar H 2, sem eru stærri heilsugæslustöðvar, heldur einnig á heilsugæslustöðvar H 1, eða réttara sagt læknisaðstöðu.

Þetta eru atriði sem ég vil harðlega gagnrýna. Ég tel að þarna hafi verið gengið á svig við eðlilegt samstarf við þá aðila sem eiga að sjá um og bera ábyrgð á rekstri þessara stofnana. Þetta vil ég gagnrýna um leið og ég gagnrýni það, að heilbr.- og trn. Alþingis skuli hafa látið þessi mál algerlega fram hjá sér fara eins og ekkert væri. Ég harma það, að þetta mál skuli vera komið svona langt í gegnum sali Alþingis, því að megintilgangurinn með endurskoðun laganna frá 1978 var að betrumbæta þau og samhæfa, miðað við þá reynslu sem fengin var, og miðað við þá nauðsyn sem var að gera reglugerð um heilbrigðisþjónustu þannig, að hún tryggði fyrst og fremst það sem til er ætlast, betri þjónustu fyrir alla íbúa landsins.

Herra forseti. Ég taldi rétt að koma inn í þessar umr. hér við 2. umr. málsins, þó að ég viðurkenni hins vegar að það var óheppilegt að hafa ekki getað komið fram með þær brtt. sem ég hefði viljað gera. Ég endurtek, að ég harma að þetta furðulega fyrirbrigði skyldi geta skeð á hv. Alþingi, að svona þýðingarmikil löggjöf fer í gegnum umr. hér í hv. deild án þess að nokkur aðili tæki

til máls til þess að fylgja frv. eftir. Því var vísað til nefndar umræðulaust. Og ég harma það, að hv. trn. Nd. skyldi ekki gefa sér meiri tíma til að skoða þessa þætti, því að um þetta frv. er umsögn úr öllum áttum, sem gefur tilefni til skoðanaskipta.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. mikið. Þó vil ég segja hér nokkur orð í sambandi við orð síðasta ræðumanns. Ég held að þetta mál, endurskoðun heilbrigðislöggjafarinnar, sé samkomulagsmál, að samkomulag hafi orðið á milli velflestra sem þátt tóku í þessari endurskoðun. Ástæðan fyrir því að ekki er eytt verulega miklum tíma til þess að yfirfara þetta mál í heilbr.- og trn. þessarar deildar er sú að tveir menn, sem sitja í þeirri nefnd, tóku þátt í þeirri endurskoðun sem þar fór fram og voru þar af leiðandi vel kunnugir þeim breytingum sem þarna er verið að leggja til. Þó er það nú svo, að alltaf má betrumbæta það sem verið er að gera og betur sjá augu en auga.

Ég ætlaði ekki að ræða efnislega mörg atriði. Það hefur verið gert af öðrum á undan mér og formanni n. einnig. En það er eitt atriði, sem hefur dottið niður hér, sem heilbr.- og trn. hefur ákveðið að flytja hér og samkomulag er um innan n. Það er atriði í sambandi við 31. gr. laganna. Í þeirri grein stóð undir liðnum 31.3: „Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr." Og síðan kom: „Þó þarf ekki að leita þeirrar umsagnar ef reglur sjúkrahúsa kveða svo á, að sérfræðingar sérdeilda kjósi yfirlækni deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma."

Þessi setning, sem ég las núna, hefur fallið niður hjá okkur við endurskoðun þessara laga. Það er mat okkar að þessi setning þurfi að vera inni, en hún mun fyrst og fremst hafa verið nýtt af Landakotsspítala, sem er sjálfseignarstofnun. Þar hefur þessi háttur verið hafður á um allmörg ár, að sérfræðingar deilda hafa kosið sér sinn yfirlækni sjálfir til þriggja ára í senn.

Við mig hefur rætt framkvæmdastjóri spítalans og síðan hef ég látið hafa samband við stjórnarmeðlim sem telur það brýna nauðsyn að þetta sé áfram inni í lögunum, enda geri þeir samningar sem gerðir voru þegar þessi sjálfseignarstofnun var stofnuð ráð fyrir því að þessar reglur spítalans gildi a. m. k. næstu 20 ár.

Því höfum við leyft okkur í heilbr.- og trn. að leggja fram brtt. við þessa grein þess efnis að við bætist setningin: „Þó þarf ekki að leita þeirrar umsagnar ef reglur sjúkrahúss kveða svo á, að sérfræðingar sérdeilda kjósi yfirlækni deildar úr sínum hópi til takmarkaðs tíma." Ég held að það sé samkomulag um þetta og vænti þess, þar sem þetta mál þarf að fara aftur hvort sem er til Ed. vegna örfárra breytinga sem nefndin hafði fyrr gert, að samkomulag náist líka um að afgreiða þessa litlu breytingu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 549, sem var of seint fram komin, samþ. með 25 shlj. atkv.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er nú svo, þegar líður að þinglausnum, að ýmis viðamikil mál vilja fara í gegnum þingið án nægilegrar athugunar. Því miður held ég að svo sé með það mál sem hér er nú til afgreiðslu. Ég játa það hreinskilnislega að ég hef ekki haft nægilegan tíma til að kanna þetta mál eins og þm. ætti að vera skylt, en ég hlýt að treysta á störf hv. heilbr.- og trn. sem hefur haft þetta mál til meðferðar.

En það er eitt atriði í þessu frv. sem ég vil gera hér sérstaklega að umræðuefni. Það er 8. gr. frv. eins og það er komið frá hv. Ed. og frá heilbr.- og trn. þessarar deildar. Þessi grein er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að greiða sjúkraliða laun úr ríkissjóði gegni hann störfum á heilsugæslustöð þar sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fæst ekki til starfa."

Mér er ljóst að þessi grein fjallar um undantekningu frá meginreglunni og er betur orðuð og meiri undantekningarblær á henni heldur en var í upphaflega frv., en þar var þetta liður í 9. gr. Mér sýnist að þetta ákvæði sé sett fram til þess að sjúkraliðar geti gengið í störf hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum. Mér sýnist jafnframt óeðlilegt að tryggja með lögum launagreiðslur úr ríkissjóði til aðila sem ekki er gert ráð fyrir að sinni viðkomandi starfi. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu tilviki, vegna þess að starfið byggist á hjúkrunarlögum, enda er verksvið sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga ólíkt. Þótt komið hafi fyrir, að því er mér er sagt, á aðeins einni heilsugæslustöð að hjúkrunarfræðingar hafi ekki fengist til starfa um takmarkaðan tíma og sjúkraliði hafi því hlaupið í skarðið, þá er í hæsta máta óeðlilegt að hlaupa til með lagabreytingu til að komast hjá krókaleiðum, sem þurft hefur að fara til þess að greiða sjúkraliða launin. Meginmálið er það, að sjúkraliðar geta ekki gengið í störf hjúkrunarfræðinga og eiga ekki að gera það fremur en hjúkrunarfræðingar ganga í störf lækna.

Ég ber vissulega mikla virðingu fyrir starfi sjúkraliða og veit að þeir vinna hin mikilvægustu störf. Það breytir hins vegar ekki því, að ég get ekki samþykkt lagabreytingu sem opnar þeim frekar leiðina til að ganga í störf hjúkrunarfræðinga, störf sem meira að segja eru lögvernduð samkv. hjúkrunarlögum og krafist er sérmenntunar til. Ef þetta gengur fram eins og það er komið frá hv. Ed. og hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar tel ég að gengið sé inn á mjög varhugaverða braut. Ég vara við því. Mér sýnist sú spurning vakna, hvort Alþingi stígi þá það skref næst að opna leiðina fyrir hjúkrunarfræðinga að ganga inn í störf lækna. Það hefur komið fyrir að erfitt hefur reynst að fá lækna til að gegna störfum í sumum héruðum. Mér sýnist að það væri hliðstætt við það sem hér er verið að leggja til. Auðvitað nýtur læknisstarfið lögverndar samkv. læknalögum, en það má e. t. v. sniðganga þau lög með sama hætti og mér sýnist að hér sé ætlað varðandi hjúkrunarlögin. Ég vara við þessu og mun greiða atkv. gegn þessari 8. gr.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að hv. formaður heilbr.- og trn. hafi léð máls á því að taka þessa grein út úr. Ég fagna þeirri yfirlýsingu, ef ég hef tekið rétt eftir, en vonast þá eftir svolítið skarpari yfirlýsingu svo að tryggara verði að greinin verði felld.

Umr. frestað.

Efri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, kl. 3.20 síðdegis.

Kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, frv. (þskj. 493 (sbr. 178)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 555).

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 521 (sbr. 367)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta frv. er árangur af alllöngum og ítarlegum viðræðum sem hafa átt sér stað milli fulltrúa flokkanna hér í þinginu. Þær viðræður höfðu það fyrst og fremst að markmiði að leiða í ljós hverjar þær breytingar væru á stjórnskipunarlögum og kosningalögum sem líklegt væri að fá mætti meirihlutafylgi fyrir á Alþingi. Þessar viðræður hvíldu fyrst og fremst á formönnum flokkanna og að hluta til á formönnum þingflokka. Ég tel að þessir aðilar allir hafi lagt sig fram um að ná eins víðtækri samstöðu og þeir töldu unnt um þessar breytingar og ná fram eins góðri skipan þessara mála og þeir töldu mögulegt miðað við aðstæður.

Þetta frv. hefur sætt margvíslegri gagnrýni síðustu daga. Það er auðvelt að vera á móti þessu frv., en þeim hinum sömu sem gagnrýna frv. og það samkomulag sem hér hefur myndast reynist erfitt að benda á aðrar tillögur sem njóti meirihlutafylgis á Alþingi.

Menn segja: Ja, þetta frv. til stjórnskipunarlaga felur einungis í sér fjölgun þm. um þrjá. Að vísu er það ekki öldungis rétt því að það eru hér nokkur önnur ákvæði varðandi kosningarrétt, t. d. lækkun hans í 18 ár og varðandi kjörgengi. En þetta segir ekki allan sannleikann vegna þess að að baki þessa frv. býr annað frv., sem fylgir með í fylgiriti í drögum, þar sem gert er ráð fyrir mikilli umbreytingu á kosningalögum. Sú umbreyting felur í sér margvísleg nýmæli. En til þess að fylgja megi fram þeim kosningalögum þarf þær breytingar á stjórnarskránni sem hér er gert ráð fyrir. Þetta frv. gerir sem sagt ráð fyrir að þm. verði 63. Í drögum þeim að kosningalögum sem fylgja er nánar gerð grein fyrir því hvað í þessu mundi felast að öðru leyti: Fjölgun þm. í Reykjavík og Reykjanesi og ákveðinn þm.-fjöldi í öllum kjördæmum landsins, gert ráð fyrir 19 þm. í Reykjavík, 11 í Reykjanesi, 7 á Norðurl. e., 6 á Suðurl. og 5 í öðrum kjördæmum. Í því að tiltaka þessa tölu með þessum hætti felst líka sú breyting að fjöldi þm. úr hverju kjördæmi er ákveðinn — að vísu með einni undantekningu að því er varðar einn þm. sem getur lent í hvaða kjördæmi sem er.

Eins og þessum málum er skipað nú er fjöldi þm. úr hverju kjördæmi mjög breytilegur og það mun hafa hent öll fimm manna kjördæmin að hafa verið á tímabilinu frá 1959 með allt frá fimm og upp í sjö til átta þm. Nú verður ákveðið samkv. þessu hver þm.-fjöldinn yrði úr hverju kjördæmi. Jafnframt hefur komið í ljós að það er galli á kosningalögum okkar hver reikniaðferð er notuð við úthlutun þingsæta. Hún getur þýtt verulegt óréttlæti. Úthlutun þingsæta í kjördæmi getur gert næsta ókleift, eins og hún er nú, að ná jöfnuði á landsbyggðinni. Í rauninni hafa menn þess vegna verið með verulegt misrétti í úthlutun í kjördæmum, sem þeim hefur ekki tekist að leiðrétta við úthlutun uppbótarþingsæta.

Sú nýbreytni, sem hér er lögð til, þýðir að það næst meiri jöfnuður, meira réttlæti, í úthlutun þingsæta í kjördæmum. Jafnframt eru jöfnunarsæti milli stjórnmálaafla tilgreind og með hvaða hætti þau skuli gerð í þessum drögum að kosningalögum. Það sýnir sig á þeim reikniprófunum sem hafa verið gerðar að það næst verulega meiri jöfnuður milli stjórnmálahreyfinga, meira réttlæti, þ. e. þingstyrkurinn verði í betra samræmi við atkvæðastyrk.

Ég skal ekki rekja þessa efnisþætti nánar, en víkja aðeins að ýmiss konar gagnrýni sem hefur komið fram í sambandi við þetta frv.

Ég segi það fyrst, að það er mín persónulega skoðun að svokallað vægi atkv. eigi alls staðar að vera jafnt eða að kosningarrétturinn skuli vera jafn, eins og ég mundi allt eins orða það. Ég hef líka talið að heppilegt væri að landið yrði eitt kjördæmi. En þrátt fyrir þessa skoðun hlýtur hver og einn að líta til þess, hvaða áfanga sé hægt að ná á hverju stigi.

Þeirri gagnrýni er mjög haldið á loft varðandi þetta frv., að það sé ekki annað viðunandi en eitt atkv. komi á hvern mann, að atkvæðisréttur sé alls staðar jafn. Þetta er í sjálfu sér rétt að mínum dómi. En á hinn bóginn hlýt ég að líta á hvaða möguleikar séu á að ná fram jöfnuði. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að draga mjög verulega úr misvægi. Misvægið verður heldur minna að því er suðvesturhorn landsins varðar gagnvart hinum dreifðari byggðum en það var 1959. Ég tel þetta verulegan áfanga. Mér finnst ekki að þeir sem vilja berjast fyrir því að ná fullum jöfnuði í þessum efnum geti hafnað þeim kosti sem hér er meirihlutavilji fyrir einkum og sér í lagi þegar ljóst er að þeirra hugmyndir njóta alls ekki meirihlutafylgis á Alþingi og tillöguflutningur þar að lútandi er þess vegna gagnslaus.

Nú segja aðrir: Þm. eiga að vera 60. Jafnvel segja þeir um leið að það skuli vera fullur jöfnuður í atkvæðisrétti. Þeir sem segja jafnframt að eigi að vera fullur jöfnuður í atkvæðisrétti falla í sömu gryfjuna og hinir fyrri, nefnilega að fyrir því er ekki þingmeirihluti hér á Alþingi að stíga lengra skref en hér er gert ráð fyrir. Þeir sem binda sig við að þm. skuli vera 60 hafa ekki heldur getað sýnt fram á að með þeim hætti sé unnt að ná meirihlutafylgi hér á Alþingi við þá leiðréttingu, þá takmörkun á misvægi, sem hér er gert ráð fyrir. Þeir eru þá að gera því skóna að þeir geti sætt sig við meira misrétti, sem mér sýnist alls ekki hafa komið fram í málflutningi þeirra.

Það hefur líka verið gagnrýnt að með þessu móti sé stigið takmarkað skref með því að binda í stjórnarskrá fjölda þm. í einstökum kjördæmum, lágmarksfjölda þeirra, að menn muni þurfa að lifa við það um langa

hríð að þetta misvægi hafi verið bundið í stjórnarskrá. Vissulega er rétt að það er bundið í stjórnarskrá. En vilja þessir sömu menn fórna þeirri leiðréttingu sem hér hefur fengist vegna þessa ákvæðis? Telja þeir að það sé betra að búa við það misvægi sem nú er en að fá þessa leiðréttingu, þó svo að þetta sé bundið í stjórnarskrá? Er það ekki svo, segi ég við þá sem þessari skoðun halda fram, að það aukast líkurnar á frekari leiðréttingu fyrir hvert skref sem stigið er?

Auðvitað geta menn verið þeirrar skoðunar að það eigi að vera mikið misvægi atkv. eftir búsetu. Ég er ekki þeirrar skoðunar og sé þess vegna ekki ástæðu til að fara orðum um það sjónarmið. Ég tel nefnilega að mismunun eftir búsetu eigi að jafna með öðrum hætti, að það eigi ekki að bitna á kosningarétti.

Við Alþfl.-menn hefðum gjarnan kosið að kosningalögin hefðu verið afgreidd núna líka. Það var stefna okkar. Og okkur þykir mjög fyrir því að það skuli ekki hafa náðst samstaða um að gera þetta svo hér í þinginu. En það væri ánægjulegt ef það mætti enn takast. Rökin fyrir því eru ákaflega einföld.

Við búum við mikla óvissu í efnahagsmálum og þetta þing hefur nú náð víðtækri samstöðu um hvers konar fyrirkomulag skuli taka við. Þess vegna er mun heilbrigðara og hreinskiptara að þeirri afgreiðslu verði lokið núna af þeim mönnum sem eru hér að taka ábyrgð á þessari breytingu. Það gerir líka starf næsta þings auðveldara — þings sem þarf m. a. að takast á við efnahagsmálin. Það mun greiða fyrir því að það verði tekið á efnahagsmálunum ef kosningalögin væru afgreidd núna.

Það var líka stefna okkar Alþfl.-manna að ástæða væri til þess að taka fleiri atriði úr stjórnarskránni með í afgreiðsluna um þessar mundir. En um það náðist ekki heldur samstaða. Nú geta menn vissulega hafa orðið fyrir vonbrigðum með það að hvorugt þetta náði fram að ganga. En engu að síður sýnist mér það rangt sjónarmið að þiggja ekki þá breytingu og leiðréttingu, sem hér er kostur á, einungis vegna þess að ekki náist aðrar eða frekari leiðréttingar. Menn hljóta að vera betur settir að ganga þó frá þessari leiðréttingu en láta allt ógert vegna annarra atriða sem menn hafa áhuga á úr stjórnarskránni eða að því er varðar frekara jafnvægi atkvæða.

Ég endurtek þess vegna, að þegar lög af þessu tagi eru til afgreiðslu hér á þinginu er tillöguflutningur um breytingar gagnslaus nema ljóst sé að fyrir því sé þingstyrkur hér á Alþingi, því að stjórnarskránni og kosningalögunum verður ekki breytt nema meiri hl. sé fyrir því hér á þinginu. Það er í þeim anda sem ég tel að forsvarsmenn flokkanna, formenn flokkanna og þingflokksformenn, hafi unnið við að setja saman það samkomulag sem hér um ræðir.

Þegar menn reifa að hér sé um að ræða fjölgun þm. um þrjá finnst mér að menn ættu að hafa í huga að fyrir fáeinum mánuðum var almælt að þessi breyting og leiðrétting mundi ekki ná fram að ganga öðruvísi en þm. yrði fjölgað um 7—9. Um það lágu reyndar fyrir flokkssamþykktir í ýmsum flokkum. En hér hefur tekist að leysa þetta með 63 þm. Það lágu reyndar líka fyrir yfirlýsingar frá formanni stjórnarskrárnefndar um að búast mætti við því að þm. yrðu 67—69. Þannig yrði málið leyst. Það hefur nú tekist að ná ekkert síðri árangri, miðað við þau markmið sem þeir settu sér um vægi atkv. og um jöfnuð milli stjórnmálahreyfinga, en menn hefðu náð eftir þeim hugmyndum sem á floti voru miðað við 67—69 þm.

Við Alþfl.-menn ályktuðum á flokksþingi í byrjun nóv. um þetta efni. Þá bentum við á að unnt væri að ná þeim markmiðum sem menn settu sér með 63 þm. svo framarlega sem úthlutunarreglum þingsæta væri breytt. Þetta hefur gengið eftir. Ég er ánægður með að það skyldi takast að leysa þetta mál með þessum hætti.

Nú kunna menn að spyrja hvað sé fram undan. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að það sé eðlilegt að kosningar fari fram sem fyrst aftur eftir að þessi stjórnarskrárbreyting hefur verið samþykkt, enda verði hún samþykkt, en á hinn bóginn teljum við að úrlausn efnahagsmála verði að hafa forgang. Þess vegna teljum við ekki rétt á þessu stigi að ákveðið verði nú hvaða dag kosið skuli öðru sinni, hvaða dag kosið skuli eftir að þessi stjórnarskrárbreyting hefur verið samþykkt, sem ég geri ráð fyrir. Það er hlutverk hins nýja þings að ákveða það. En einmitt líka vegna þess hve efnahagsmálin eru brýn og hverja nauðsyn ber til að taka á þeim og til þess að ákveða framhaldið, þá teljum við rétt og sjálfsagt að hið nýja þing komi saman svo fljótt sem verða má að loknum komandi kosningum. Það væri hlutverk þess þings að sjá til þess að það yrði tekið á efnahagsmálunum og það yrði mynduð starfhæf ríkisstjórn.

Þá vil ég nota þetta tækifæri til þess að gera eilítið að umræðuefni störf þingsins eins og nú háttar. Ég vek athygli á að þinglausnir og þingrof þurfa alls ekki að fara saman. Þess eru mörg dæmi að lýst hafi verið yfir þingrofi langtum fyrr en þinglausnir fóru fram. Ég bendi t. d. á fordæmið 1963. Þar var lýst yfir þingrofi hinn 5. apríl, en þinglausnir fóru fram hinn 20. apríl. Ég bendi á þetta nú vegna þess að ég tel að mörg mikilvæg verkefni liggi hér fyrir þessu þingi og nú sé að verða heldur mikil fljótaskrift á afgreiðslum eða í annan stað hætta á að mikilvæg mál dagi uppi. Ég sé enga ástæðu til þess, þó að kosningar séu ákveðnar 23. apríl og þingrofi sé lýst yfir þessa dagana, að þinglausnir fari fram strax. Þingið getur vel starfað áfram að úrlausn þeirra mála sem hér liggja fyrir og verður að leysa. Það er ekkert sem hindrar að þingrofi sé lýst yfir hvern daginn sem er núna með ákvörðun um kosningar, en þingið getur starfað áfram og þinglausnir farið fram síðar. Ég held að þetta væru hin réttu vinnubrögð miðað við hver staða mála er í þinginu núna. Ég tel að þm. hljóti að vera reiðubúnir að vinna hér áfram að málum nokkra daga eða vikur eftir því sem nauðsyn ber til þó að yfirlýsing hafi verið gefin um þingrofið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara öllu fleiri orðum um það frv. til stjórnskipunarlaga, sem hér liggur fyrir, á þessu stigi. Mín skoðun er sú, að hér sé um verulegan áfanga að ræða, kannske meiri áfanga en ýmsa grunar, nefnilega vegna þess að hér hefur ekki einungis tekist að ná tvennum markmiðum, sem menn settu sér í mjög veigamiklum greinum, um jöfnuð milli stjórnmálahreyfinga og að draga úr misvægi atkvæða eða atkvæðisréttar, heldur ekki síður hitt, að hér eru tekin upp nýmæli samkv. þeim drögum að kosningalögum, sem hér liggja fyrir, nýmæli sem reyndar hafa verið innleidd í einu eða öðru formi í ýmsum grannlöndum okkar, jafnvel fyrir 20 eða 30 árum, en sem við höfum látið ógert að gera. Þar á ég við reglur um úthlutun

þingsæta. Þar er um veigamikla breytingu að ræða sem ég tel að muni marka þó nokkur spor. Við höfum komist upp úr ákveðnum farvegi, ákveðinni bindingu varðandi þær aðferðir sem notaðar eru til þess að reikna út þingsætin eftir kjörfylgi.

Skoðun mín er sú, að það muni eftir á verða sagt um þessa breytingu, ef hún nær fram að ganga í heild sinni, bæði að því er varðar stjórnskipunarlögin og eins kosningalögin eins og þau liggja hér fyrir, að hún hafi verið allmerk. Hún hafi verið merk fyrir tvennt: Í fyrsta lagi að mönnum hafi tekist að ná langtum meiri árangri með minni fjölgun þm. en áður — ég minni á að þm. var fjölgað um 8 1959 — og í annan stað verði sagt um þetta eftir á að það hafi verið brotið í blað að því er varðar aðferðir við úthlutun þingsæta, það hafi verið teknar upp merkar nýjungar í þeim efnum.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er nú komið að þessari merku umr. sem menn hafa beðið eftir hér á hv. Alþingi og væntanlega í þessari hv. deild. Það er áreiðanlega óhætt að fullyrða að það eru ekki mörg minnisstæðari tímamót í löggjöf í þessu landi en þegar breytingar á stjórnskipunarlögum fara fram. Sú venja hefur gengið, að að undangenginni slíkri breytingu færi fram nokkur og venjulega mikil umr., ekki einungis í nefndum, ekki einungis á Alþingi heldur líka á meðal þjóðarinnar allrar.

Á þessu kjörtímabili hefur slík umr. átt sér stað innan Alþingis, þ. e. í þingflokkunum, og öðru hvoru hefur stjórnarskrárnefnd gefið yfirlit yfir störf sín og skýrt tillögur sínar varðandi hugsanlegar breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Annaðhvort væri að svo væri unnið. Stjórnarskrárnefndin var, að því er ég hygg, kosin árið 1978 og hefur starfað alla daga síðan. Það er sannarlega ekki að ófyrirsynju þótt hún skýri sína vinnu fyrir Alþingi og þá eins og gert hefur verið á vettvangi þingflokkanna.

Núna, þegar mjög er farið að draga til endaloka þessa þinghalds, sem er það síðasta á þessu kjörtímabili, hafa hugmyndir um endurskoðun á stjórnarskránni og afgreiðslu hér á Alþingi orðið fjarlægari. Ástæðan fyrir því er sú, að menn hafa talið og eru sammála um það, að ekki sé forsvaranlegt að ganga þannig frá stjórnskipunarlögum, endurskoðun á stjórnarskránni, að ekki gefist tími og rúm meðal íslensku þjóðarinnar að fjalla um málið almennt, ræða það sín á milli, gefa ábendingar og skýringar á afstöðu. Þetta eðlilega sjónarmið er af eðlilegum ástæðum virt. Annaðhvort væri nú í þjóðfélagi sem hefur eins ríkar taugar til þingræðis og lýðræðis, eins og þetta þjóðfélag er grundvallað á.

Nú hefur það hins vegar hent sig að um tæplega tveggja mánaða skeið hefur farið fram umr. á milli forustumanna þingflokkanna um breytingar á einum þætti stjórnskipunarlaga, þ. e. kjördæmabreytingunni. Það vekur líka athygli að þær tillögur, sem þar hafa verið ræddar og hér eru nú til umr., hafa ekki verið áður skýrðar hér á Alþingi, ekki í þingflokkunum og ekki í neinni umr. annarri hér á Alþingi. Í upphafi þessa þings hélt þingflokkur Sjálfstfl. fund sinn austur í Rangárþingi, þar sem m. a. var farið mjög ítarlega yfir störf stjórnarskrárnefndar. Þá var ekki til umr. sú tillögugerð eða þær aðferðir við breytingu á stjórnarskránni sem hér eru lagðar til. Umr. hafði ekki átt sér stað um þá leið á fimm ára starfsferli stjórnarskrárnefndar. Það er ekki fyrr en núna, líklega innan við tveir mánuðir síðan, sem forustumenn þingflokkanna fara að ræða um þessa sérstöku leið sín á milli.

Þetta sýnir miklu betur en nokkur orð hvað hér hefur verið hratt að verki unnið, hve þessi umr. hefur öll verið takmörkuð og þröng. Það sem veldur þó kannske einna mestri undrun í allri þessari umr. er einmitt það, að hana á ekki að opna út í þjóðfélagið. Það eru aðeins örfáir dagar síðan till. um þessa leið var lögð hér fram á Alþingi og það er ætlan manna að afgreiða þetta mál héðan frá Alþingi á allra næstu dögum. Það væri sannarlega gaman að fá um það vitneskju hvers vegna nú er ekki þörf á að tala við þjóðina, hvers vegna nú er ekki ástæða til að skýra þessi mál og gefa íslensku þjóðinni möguleika á því að ræða þau opinskátt og sín á milli.

Nú er það þannig, að talað er um það sem grundvallarþörf í þessum efnum að misvægi á milli kjördæma sé svo mikið að það sé ekki lengur líðanlegt. Og það sætir undrun með hvaða hætti menn fjalla um þetta svokallaða misvægi á milli kjördæma. Til þess að það valdi ekki neinum misskilningi er það óumdeilanlegt og að því er ég hygg ómótmælt sem staðreynd að það sé þörf á leiðréttingu á milli kjördæma. Að sjálfsögðu gengur ekki annað en mæta þeim óskum og virða þá staðreynd. En það er hins vegar athyglisvert, hvað sú umræða er líka takmörkuð. Nú vitum við það öll á hv. Alþingi að í öllum stærstu málum sem hér er fjallað um, afstöðu til ríkisstjórna, afstöðu til utanríkismála og öðrum slíkum stefnumótandi málum, er í rauninni ekkert misvægi til á milli kjördæma. Þá er málum ráðið til lykta á grundvelli stjórnmálaflokka en ekki með kjördæmasjónarmið í huga. Í þeim tilvikum fer stefnumótun a. m. k. fram í stjórnmálaflokkum, en ekki þar sem flokkarnir sjálfir hafa það í hendi sér hvert misvægi er á milli byggðarlaga eða kjördæma. Raunverulegt pólitískt misvægi í þeim tilvikum er ekki nema það misvægi sem er á milli stjórnmálaflokkanna í landinu og að sjálfsögðu má það ekki vera nema innan eðlilegra marka. Þetta þykir mér alveg nauðsynlegt að komi hér fram og ég vil alveg sérstaklega undirstrika þetta, m. a. vegna þess að ég hef tæpast heyrt á þetta minnst í umr. um kjördæmamálið.

Ég verð nú að segja líka, að það er ekki allt of mikið gerandi úr misvægi á milli flokka. Það hlýtur að vera eðlilegt að það sé eitthvað. Þetta hefur hins vegar atvikast þannig að það hefur nokkuð oltið á einn veg, þ. e. Framsfl. hefur haft trúlega lengst af heldur fleiri þm. en þingstyrkur hans hefur staðið til, en það má ekki heldur gleyma því að stundum hafa framsóknarmenn verið kjörnir naumlega til Alþingis, m. a. í síðustu kosningum. Ég hygg að það hafi staðið nokkuð glöggt í einum 2—3 kjördæmum Framsfl. og það hefði verið annar svipur á samanburði á milli flokka ef t. d. óheppnin hefði verið þeim megin þá. Menn verða að líta á öll mál af nokkurri sanngirni og meta þau út frá því.

Þessu er ég einfaldlega að bregða hér upp m. a. vegna þess, sem ég kem síðar að í ræðu minni, þar sem nú virðist eiga að sjá fyrir öllu slíku, að allt verði hárrétt útreiknað með þeim stærðfræðikúnstum sem núna eru til staðar og eru á vissan hátt ofar mannlegri hugsun. En ég undirstrika hitt, sem ég sagði áðan, að auðvitað verður því ekki á móti mælt að valdið flyst til í þessu

landi með fólkinu. Atkvæðisréttinn eiga menn hvar sem menn búa á þessu landi og þegar þjóðflutningar gerast með sama hætti og á Íslandi verður að sjálfsögðu ekki komist hjá því að taka til öðru hvoru við að leiðrétta vægi atkv., leiðrétta á milli kjördæma, og fyrir því er að sjálfsögðu nú óumdeilanleg þörf.

En svo virðist hins vegar, að í þeirri umr. sem átt hefur sér stað að undanförnu hafi ekki verið hægt að koma neinu öðru að en þeirri lausn sem stjórnmálaflokkarnir hafa komið sér saman um hér. Og ýmsar aðrar ábendingar eða breytingar, sem a. m. k. þm. í Sjálfstfl. voru að leitast við að koma að, var enginn vegur að fá teknar til greina. Það hefði á marga vegu verið hægt að ganga til móts við sjónarmið þeirra alþm., sem eru óánægðir með þessa kjördæmabreytingu, með öðrum breytingum, sem hefðu m. a. tryggt rétt fólksins í þessu landi, og þá ekki síst rétt þess fólks, sem býr fjarri þéttbýlissvæðum.

Herra forseti. Það mundi henta vel fyrir mig að gera nú hlé á minni ræðu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að stjórnmálaflokkarnir og skipan stjórnmála fer að sjálfsögðu mjög eftir því hvernig kjördæmum er háttað og hvernig kosningalög eru. Það er stutt að fara til þess að sjá hver áhrif síðasta kjördæmabreyting hafði á flokkaskipun hér á landi og áhrif pólitískra stjórnmálaflokka. Eins og menn vita var bæði um að ræða einmenningskjördæmi og fleirmenningskjördæmi og að sjálfsögðu þróuðust stjórnmálaflokkarnir mjög eftir þeirri kjördæmaskipan. Eins hefur að sjálfsögðu verið það tímabil sem liðið er frá því að núverandi kjördæmaskipan var upp tekin. Alveg með sama hætti kemur væntanleg kjördæmaskipun til með að ráða nokkru um það, með hvaða hætti stjórnmálaflokkarnir þróast hér í landinu. Það er greinilegt, og meira að segja mjög greinilegt, að til þess er alveg sérstaklega tekið í sambandi við þær till. sem hér liggja fyrir.

Þá er ég í raun kominn að þeim ágalla till. um breytingu á stjórnskipan íslenska lýðveldisins sem mér er verst við. Þar er þess alveg sérstaklega gætt að minni flokkarnir, Alþb. og Alþfl., haldi öllum sínum tökum úti á landsbyggðinni. Það er gengið svo frá, og var í rauninni það fyrsta sem maður varð sérstaklega var við í sambandi við umr. á milli þingflokkanna um það mál, að það mætti ekki með neinum hætti hagga við stöðu Alþfl. og Alþb. úti á landsbyggðinni. Og það kemur líka í ljós við samanburð, miðað við þær kosningar sem hafa átt sér stað, að þar verður ekki um fækkun að ræða hjá þeim flokkum. Tilfærsla verður á milli kjördæma, sem að vísu skiptir ekki neinu máli. Þess er sem sagt vandlega gætt að þeir flokkar haldi sinni stöðu í dreifbýlinu. Og engan skyldi undra þótt vel væri fyrir því séð, því að formaður Alþfl., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, var einn af þeim sérfræðingum sem undirbjuggu forritin að þeim reikningskúnstum sem þar eru til grundvallar lagðar.

Sá tilflutningur á þm., sem verður samkv. hinni nýju kjördæmaskipun af landsbyggðinni og hingað yfir á þéttbýlissvæðin, verður á kostnað Sjálfstfl. og Framsfl. Það eru sem sagt hinir eiginlegu dreifbýlisflokkar sem eru látnir flytja þetta pólitíska afl á milli héraða. En alveg með sama hætti og kjördæmabreyting og kosningalöggjöf hefur áhrif á þróun stjórnmálaflokkanna hafa að sjálfsögðu þm. flokksins og þau viðhorf, sem þeir eru sérstakir talsmenn fyrir, áhrif á stjórmálaflokkana. Og ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst það ekki ýkjageðfelld hugsun að þarna skuli Sjálfstfl. vera látinn færa meiri fórnir t. d. en Alþfl. og Alþb., því að eins og allir vita hefur nú dreifbýlið ekki sótt afar mikinn styrk til þeirra flokka og allra síst Alþfl. Hér er sannarlega um að ræða þann ágalla í þessum till. sem ég er mest á móti.

Ég er alveg sannfærður um að þessi breyting, ef af verður, kemur til með að hafa mikil áhrif varðandi þróun stjórnmálanna hér innanlands og þá sérstaklega vegna þess að aðstaða dreifbýlismanna versnar í stærri flokkunum. Það leiðir af sjálfu sér að um leið og hún versnar versnar pólitísk staða dreifbýlisins. Hér er því stigið miklu hættulegra skref en í fljótu bragði virðist vera.

Þá vil ég líka benda á í þessu sambandi að í rauninni hefur ekki verið lögð til grundvallar við þessa tillögugerð málefnaleg umr., ekki málefnalegar ákvarðanir. Þessum málum hefur verið ráðið til lykta með nútímatækni í reikningi. Það er í raun og veru tölvuöldin sem hefur gert mögulegt að ná fram þeim markmiðum sem frv. gerir ráð fyrir. Og satt að segja óttast ég að þar sé með engum hætti fyrir því séð að ekki geti hlotist slys af. Það er að sjálfsögðu alveg augljóst að þetta getur gengið nokkurn veginn upp miðað við þær kosningar sem hafa átt sér stað meðan núverandi kjördæmabreyting hefur verið í gildi, en menn hafa ekki hugmynd um hvaða stærðir koma út úr kosningum á Íslandi. Það er ekki víst að þau tölvuforrit, sem hafa verið lögð til grundvallar og eru sniðin að þeim kosningum sem fram hafa farið, dugi gagnvart þeim kosningum sem eru fram undan.

Ég við í þessu sambandi benda á máli mínu til stuðnings að það er ekki í ófáum tilvikum sem menn hafa þurft að gera breytingar á tillögum, útreikningum og forritum vegna þess að við einhverjar undanfarandi kosningar hafa komið upp þær stærðir sem ekki féllu að þeirri kjördæmaskipan eða þeim útreikningsreglum sem á að grundvalla útreikninga um úthlutun þingsæta á í framtíðinni. Við þessu vil ég alveg sérstaklega vara. Það kæmi mér ekki á óvart, þegar farið verður að bera þessar útreikningsreglur saman við t. d. útkomuna úr næstu alþingiskosningum, að upp komi einhverjar þær stærðir og einhverjar þær ábendingar sem nokkrum efasemdum gætu valdið í sambandi við gildi þessa fyrirkomulags.

Herra forseti. Ég hef nú dregið fram þau meginmarkmið sem ég vil sérstaklega vara við og gera það að verkum að ég er bæði á móti þessari kjördæmaskipan vegna stöðu dreifbýlisins, vegna þess hvernig ákveðnir stjórnmálaflokkar eru þar látnir færa meiri fórnir en aðrir, og líka vegna hins, að ég óttast mjög að hér sé ekki byggt á þeim grunni sem forsvaranlegur er. Ég vek sérstaka athygli á því sem ég hóf mál mitt á, þar sem ég benti á að engin umræða hefði farið fram um málið meðal þjóðarinnar.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi leggja áherslu á hve leikurinn á milli fólksins úti á landi og fólksins sem býr á þéttbýlissvæðunum hefur verið ójafn. Hér í Reykjavík hefur verið komið upp sérstökum samtökum til að flytja áróður fyrir jöfnun kosningarréttar. Það hafa verið framkvæmdar hér skoðanakannanir, sem hafa reyndar verið mjög skoðanamyndandi, og leitast

við þannig að hafa áhrif á skoðanir fólks. Líka hefur með sama hætti verið leitast við að hafa áhrif á gerðir Alþingis. Alveg um sömu mundir hefur ekki nokkur einasta umræða um málið getað átt sér stað annars staðar á landinu. En það er eins og menn varði ekkert um þetta. Tilgangurinn helgar meðalið og þessi kjördæmabreyting, jafnvafasöm og hún annars er, skal ganga fram alveg án tillits til þess hvort þjóðin getur metið gagnsemi hennar eða ekki.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar að þessu sinni, herra forseti. Vera má að það verði hægt að koma öðrum sjónarmiðum hér að síðar. Þó vil ég að lokum aðeins geta þess sem sérstaks áhersluatriðis í þessum efnum, að alger forsenda fyrir því að hægt hefði verið að fallast á þessar breytingar er sú, að aðrir þættir í samskiptum fólksins í þessu landi og réttarstaða og hagsmunastaða fólksins út um hinar dreifðu byggðir væri tryggð samtímis þessu. Ég vil benda á í þessu sambandi, sem oft hefur komið fram í umr. um þessi mál, að jafnhliða valdflutningum með þessum hætti yrði að tryggja hagsmuni og aðstöðu dreifbýlisins með öðrum hætti, t. d. með þeim hætti að sveitarfélögin úti um land fengju meira sjálfsforræði yfir sínum framkvæmdum og hefðu meiri möguleika á því að taka eigin ákvarðanir um framgang þeirra. Það eru sem sagt stærstu þættir þessara mála sem enn eru óafgreiddir en sem ég tel af eðlilegum ástæðum að verði að fylgja slíkri valdatilfærslu í þjóðfélaginu sem hér er verið að leggja til að verði.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, en þarf að sjálfsögðu ekki að taka það hér fram að með tilliti til þeirrar skýringar sem ég hef hér gefið mun ég greiða atkv. á móti þessu máli.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þetta frv. til stjórnskipunarlaga, sem hér er til umr., um breytingu á stjórnarskránni er tiltölulega stutt og fjallar aðeins um einn þátt stjórnarskrárinnar, sem er fyrst og fremst breyting á kosningafyrirkomulaginu, því að það er ekki gerð till. um breytingar á kjördæmaskipuninni eins og kunnugt er. Þessar breytingar eru fyrst og fremst fólgnar í því, að það á að fjölga alþm. um þrjá og það á að skipta þingsætum með tilteknum hætti niður á kjördæmin. Það skal ráðstafa a. m. k. átta þingsætum til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkv. ákvæðum í kosningalögum og síðan er heimilt að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkv. ákvæðum í kosningalögum einnig. Síðan eru brtt. við stjórnarskrána um að lækka kosningarrétt til Alþingis úr 20 árum í 18 ár.

Kjördæmaskipunin og kosningafyrirkomulagið eru svo mikil grundvallarmál um skipan og meðferð ríkisvalds að sérstaklega þarf að grunda vel bæði meðferð og efni slíkra mála. Ég vil strax taka það fram að mér finnst málsmeðferð þessa máls vera verulega gölluð. Málsmeðferðin hefur að mínu mati mótast allt of mikið af því að hér sé í raun og veru verið að setja kosningalög og kosningafyrirkomulag fyrir flokkana í landinu, þessa fjóra aðalflokka sem hafa starfað í landinu um alllanga hríð. Ég byggi þetta á því, að flokksformennirnir hafa setið í kringum tölvu og reiknað út hvernig kosningar hefðu farið eftir þessu kerfi, sem hér er stungið upp á, síðustu 20 árin fyrst og fremst. Mér finnst að þessi vinna og þessi málsmeðferð hafi mótast allt of mikið af því að setja kosningalög fyrir stjórnmálaflokkana, sem eru starfandi í landinu, í stað þess að hafa að leiðarljósi að setja kosningalög og kjördæmaskipan bæði fyrir land og þjóð. Tölvan er út af fyrir sig ágætt tæki og ekki nema gott um hana að segja í sjálfu sér, en mér finnst að menn séu allt í einu farnir að fást hér meira við stærðfræði en lögfræði þegar um er að ræða undirbúning þessa máls og það sé eiginlega stærðfræðin sem ráði ríkjum í sambandi við mótun málsins í staðinn fyrir ýmis önnur sjónarmið, sem eðlilegt væri að hafa í huga með tilliti til þess að setja kjördæmaskipun og kosningalög, sem munu hafa þau áhrif að bæta stjórn landsins og skapa réttlæti í landinu þegar á heildina er litið.

Þegar haft er í huga t. d. hvernig menn hugsuðu þegar verið var að setja á stofn nefnd til að endurskoða stjórnarskrána árið 1972 og aftur 1978 var ályktað svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, — það var gerð ályktun á Alþingi um þessi efni í maímánuði 1972:

„Alþingi ályktar, að skipuð skuli 7 manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána. Nefndarmenn skulu kosnir af Alþingi. Forsrh. kveður nefndina saman til fyrsta fundar, en hún skiptir sjálf með sér verkum.

Nefndinni ber að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna, landshlutasambanda sveitarfélaga og landssambanda stéttarfélaga. Hún skal leita álits lagadeildar Háskóla Íslands og Hæstaréttar um lögfræðileg efni. Með opinberri tilkynningu skal þeim, sem þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina skriflegum og skriflega rökstuddum brtt. við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma, sem nefndin tiltekur."

Hér er ályktað um tiltekna meðferð málsins, sem felur í sér að ýmsum aðilum í þjóðfélaginu sé gefinn kostur á að tjá sig um málið áður en það fer til Alþingis sem till. Í þessu tilviki, sem hér er um að ræða, hefur slíkt alls ekki komið til álita. Þetta hefur verið unnið á tiltölulega skömmum tíma í Alþingi, og ekki raunar í Alþingi, heldur á vegum stjórnmálaflokkanna, og síðan kemur málið inn á Alþingi og er hespað af á Alþingi í svo miklum flýti að það er varla talið eðlilegt að menn tjái sig um málið í sæmilegu máli, heldur verði að hespa þetta af. Öll meðferðin ber vott um að það verði að hespa málið af án þess að það komi til möguleikar fyrir þjóðina og fyrir ýmsa aðila í þjóðfélaginu til að tjá sig um málið áður en það gengur í gegnum Alþingi. Ég álít að sú málsmeðferð varðandi svona mál sé ekki til fyrirmyndar.

Það er ástæða til að geta þess, að hér er um að ræða aðeins einn þátt stjórnarskrárinnar, þ. e. kjördæmaskipanina og kosningafyrirkomulagið, þó fyrst og fremst kjördæmaskipanina og hve marga fulltrúa kjördæmin senda til Alþingis. Það er ekki um að ræða að fjalla um stjórnarskrána í heild og reyna að gera sér grein fyrir hvernig stjórnskipulegum réttindum manna í landinu er háttað. Ég álít þetta einnig mjög gallað, að það skuli unnið að þessu á þennan hátt, og hefði miklu fremur kosið að málið fengi heildarmeðferð á Alþingi og allir þættir stjórnarskrárinnar væru þar teknir saman.

Þegar fjallað er um hvernig kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag skuli vera með þjóðinni koma til álita mörg grundvallaratriði, sem geta haft verulega þýðingu um hvernig mál þróast. Það er t. d. það meginatriði hvernig menn vilja haga þessum málum

með tilliti til þess að þjappa þjóðinni saman í stærri heildir eða hvort menn vilja heldur þann kostinn að koma á skipulagi sem stuðlar að því að sundra þjóðinni í fleiri heildir. Ég álít að með kjördæmaskipuninni 1959 hafi verið stigið verulegt spor í þá átt að koma á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi sem sundrar þjóðinni, enda hefur reyndin orðið sú síðan 1959 að það hefur verið mikil tilhneiging til þess að flokkum fjölgaði. Ég skal ekki spá um hve margir flokkar eða heildir eða hreyfingar taka þátt í kosningum að þessu sinni, en það er þó a. m. k. öruggt að það eru a. m. k. 6 flokkar, og hreyfingar, sem bjóða fram við kosningarnar, og kannske fleiri. En þetta hefur ekki aðeins haft þau áhrif að það er tilhneiging til að fjölga flokkum, það er tilhneiging til þess að sundra þjóðinni, heldur hefur þetta einnig haft þau áhrif að það er einnig talsvert upplausnarástand í stjórnmálaflokkunum, sem stafar kannske einum þræði af innra skipulagi þeirra, en öðrum þræði af því að það er meiri lausung, það er meira svigrúm til að kljúfa í þessu kerfi, sem sett var á 1959, en áður hafði verið. Ég álít því persónulega að það hafi verið skref aftur á bak að stækka kjördæmin eins mikið og þá var gert í þá átt að það auðveldar mönnum mjög leikinn að kljúfa og sundra í stað þess að koma á skipan sem sameinar menn meira en verið hefur og þetta kerfi ýti undir flokkafjölda og flokkadrætti.

Auðvitað eru margar leiðir til að skapa kerfi sem þjappar mönnum saman. Það má nú fyrst nefna einmenningskjördæmafyrirkomulag, sem var hér áður fyrr og sem enginn vafi er á að mundi þjappa mönnum saman í flokki, í stærri heildir, eins og reyndin er t. d. í Bretlandi og hefur verið um langa hríð, eins og allir þekkja. Þar hefur þetta fyrirkomulag þjappað mönnum saman í stórar heildir, þannig að öfgarnar hafa orðið undir í þeim efnum og mönnum er þjappað saman í stærri heildir, sem hefur gefið góða raun hvað snertir stjórn landsins. Það er hægt að gera þetta með ýmsu öðru móti. Það er t. d. hægt að gera þetta með þeim hætti sem tíðkast í Bandaríkjunum. Það er gert í Bandaríkjunum sjálfum, þ. e. í sambandsríkinu, þar sem er sú skipan á að aðskilið er framkvæmdavald og löggjafarvald og forseti, þessi valdamikli aðili, er kosinn sérstaklega og það veldur því að þjóðin hefur skipst í tvær heildir vegna þess að það eru litlir möguleikar að ná kjöri nema menn þjappi sér saman. Sama er að segja um stjórnskipulag einstakra ríkja í Bandaríkjunum. Þar er þessi aðskilnaður alger. Þessi aðferð og þetta kerfi hefur valdið því m. a. að í Bandaríkjunum eru tveir höfuðflokkar sem berjast um völdin. Ég held að það sé óhætt að segja það hafi gefist heldur vel, ef þau mál eru skoðuð nánar.

Það mætti minnka kjördæmin frá því sem nú er. Það er ekki sjálfsagt mál að kjördæmaskipunin sé eins og frá henni var gengið 1959. Ég álít að kjördæmin, sérstaklega er það nú landsbyggðin sem ég er að hugsa um, séu allt of stór. Auðvitað finna þm., sem eru fulltrúar fyrir hin víðlendu kjördæmi á landsbyggðinni, að þessi kjördæmi eru allt of stór. Það er því erfitt að sinna þingmennsku í þessum kjördæmum svo að sæmilegt sé. Það eru því ýmsar leiðir sem koma til greina þegar og ef menn vilja á annað borð koma á kerfi sem er líklegt til að þjappa þjóðinni saman í stað þess að koma á kerfi sem hefur þau áhrif að sundra þjóðinni og skapa meiri og minni upplausn um stjórn á málefnum hennar. Inn í þessa umr. fyndist mér því eðlilegt að kæmi umr. um kjördæmaskipunina sjálfa og hvað menn álíta um það, hvort æskilegt sé að haga henni þannig að hún þjappi mönnum saman í staðinn fyrir það að hún sundri þjóðinni í margar sundurleitar fylkingar sem berjast um völdin og niðurstaðan verður tiltölulega léleg stjórn á málefnum lands og þjóðar.

Ég segi fyrir mína parta að ég er fylgjandi þeirri gerð stjórnarskrár sem mundi tryggja eins og auðið er að byggð héldist í landinu sem víðast og Ísland héldi áfram að verða það þjóðríki sem það hefur verið frá því að það var stofnað í stað þess að setja upp stjórnfyrirkomulag sem stuðlar að því að byggðin færist hingað á suðvesturhornið og þetta verði að eins konar borgríki þegar tímar líða.

Setning stjórnarskrár er auðvitað grundvallarmál og á þeim grunni hvílir öll réttarskipun þjóðarinnar, öll löggjöf og raunar öll stjórnmálastarfsemi í landinu. Skynsamleg ákvæði stjórnarskrárinnar, m. a. um kjördæmaskipan, skipan Alþingis og æðstu handhafa framkvæmdavaldsins, geta ráðið miklu um farsæla stjórn á málefnum ríkisins. Auðvitað eru ákvæði stjórnarskrár ekki einhlít í þessum efnum, en geta þó skapað skilyrði fyrir traustu og heilbrigðu þjóðfélagi þegar til lengri tíma er litið.

Frá setningu Úlfljótslaga hefur Alþingi verið burðarás íslensks stjórnskipulags, en veldi þess hefur verið misjafnlega mikið á hinum ýmsu tímum. Við höfum búið við þingræðisreglur allar götur síðan heimastjórn var tekin upp í landinu og þingræðisstjórnarfarið hefur gefist mörgum þjóðum vel. Hins vegar hefur það leitt til upplausnar í stjórnarfari sumra ríkja, eins og t. d. í Frakklandi. Flokkafjöldinn þar leiddi til glundroða og stjórnleysis, sem lauk með því að Frakkar lögðu niður þingræðisstjórnarfar og de Gaulle beitti sér fyrir nýrri stjórnarskrá þar sem skilið var á milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds að verulega miklu leyti. Sama má segja um Weimarlýðveldið þýska, sem var sett á fót í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þar áttu allir kosningabærir menn að hafa sömu áhrif á stjórn ríkisins. Þessi stjórnarskrá tryggði mikinn flokkafjölda, sem leiddi til upplausnar á tiltölulega skömmum tíma og eins og kunnugt er til valdatöku Hitlers og nasista í Þýskalandi. Þessi dæmi sanna auðvitað að þingræði er ekki einhlítt. Það verður að búa þannig að því að það fái notið sín og sýnilega er mesta hætta þingræðis fólgin í offjölgun stjórnmálaflokka. En kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipunin ræður kannske mestu um þá þróun mála.

Þessu næst vildi ég aðeins víkja nokkrum orðum að strjálbýli og þéttbýli, sem mikið hefur verið rætt um, og vægi atkvæða, hvað væri sanngjarnt, hvað væri réttlátt í þeim efnum. Lýðræðisstjórnarfar er náttúrlega fólgið í því að meiri hl., samkv. þeim reglum sem settar hafa verið, ráði stjórn þjóðarinnar. En spurningin er náttúrlega: Hvernig eiga þessar reglur að vera þannig að best fari? Kosningarréttur verður að vera eins jafn og hagur þjóðarinnar og staðhættir allir leyfa. Ég álít sanngjarnt og nauðsynlegt, eins og málum er háttað hér á Íslandi, að strjálbýlið hafi hlutfallslega fleiri fulltrúa en þéttbýlið, og eðlilegt, eins og komið er málum, að vægi atkvæða verði næst því sem var fyrst eftir að núverandi kjördæmaskipun var komið á árið 1959. Auðvitað er ekki afgerandi í þessu efni hvar bilið eigi að vera þarna

á milli, en ég álít að þegar á heildina er litið sé eðlilegt að þarna sé munur á vægi atkvæða og kem ég nánar að því hér á eftir.

Þegar menn ræða um kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipunina eina sér, einangrað, er léttur leikur að sýna fram á að jafn kosningarréttur sé sjálfsagður, það séu mannréttindi. En að ræða um þetta eitt og sér er annað en ef þessi mál eru rædd í tengslum við stjórnarskrána að öðru leyti og í tengslum við þau stjórnskipulegu réttindi sem mönnum eru fengin í stjórnarskránni, því þá kann að koma annað á daginn. Það er ljóst að öll þjóðmálastarfsemi er miklu erfiðari í strjálbýli en í þéttbýli. Vegna samgangna er þá erfiðara fyrir menn að beita samtökum en er í þéttbýli. Vegalengdir og torfærur eru miklar og valda þar miklu um. Allt félagslegt samstarf er þyngra í vöfum og erfiðara. Það er óhægara að stilla saman kröftum á sviði þjóðmálanna í strjálbýlinu en í þéttbýlinu þegar af þessum ástæðum.

Það er talið sjálfsagt mál og ég tel það, að stjórnarskráin ákveði eins og verið hefur að Alþingi, ríkisstjórn og forseti hafi aðsetur í einu kjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi. En þetta eru býsna mikilvæg réttindi, sem fengin eru í hendur einu kjördæmi í stjórnarskránni, þegar betur er að gáð. Þessi mikilvægu réttindi hafa verið fengin Reykjavíkurkjördæmi eða Stór-Reykjavíkursvæðinu í stjórnarskránni. Af þessu leiðir m. a. að staðsetning mjög mikillar opinberrar sýslu í víðtækri merkingu og opinberra stofnana er í höfuðstaðnum. Þessi mikilvægu réttindi hafa aðrir landsmenn ekki, það er staðreynd. Hér er um að ræða að mínu mati gífurlega þýðingarmikil stjórnskipuleg réttindi til handa einu kjördæmi og nágrenni og kemur þar margt til, ef þetta er greinilega skoðað í samhengi við önnur mál. Það má leiða rök að því hvað þetta eru mikil réttindi og hvað þetta hefur fært þeim sem búa í nágrenni við alla þá opinberu sýslu, allar þær opinberu stofnanir og öll þau umsvif sem það opinbera hefur í einu kjördæmi. Það er alveg sama hvar gripið er niður í þessum efnum. Vitanlega hefur þetta haft áhrif á vöxt og viðgang höfuðborgarinnar í gegnum tíðina. Það er eiginlega sama hvar niður er gripið, hvort það er á sviði heilbrigðismála, menntamála, hvort um er að ræða atvinnumöguleika o. s. frv.

Ég gæti nú byrjað við fæðinguna. Menn fara hér á fæðingardeild Landspítalans og þar fæðast flestir hér um slóðir. Síðan kemur menntakerfið. Hér geta menn gengið inn í bestu stofnanir af því tagi alveg upp úr og í öllum greinum. Þetta er á vegum ríkisins mjög mikið. Menn eiga aðgang að þessu hér, sem er miklu erfiðara fyrir þá sem annars staðar eiga heima og þeim mun erfiðara sem þeir eiga heima lengra í burtu frá Reykjavík. Og það eru náttúrlega engin smávegis réttindi sem þessu fylgja ef grannt er skoðað. Síðan koma möguleikar til atvinnu eða atvinnutækifæri, eins og menn kalla það nú orðið. Atvinnutækifæri hér í Reykjavík og grenndinni, þegar af þeirri ástæðu að ríkisvaldið er hér og hefur hér gífurleg umsvif, eru gífurlega mikil. Fyrir þá sem eru hér fæddir og eiga hér heima eru þetta stórkostleg réttindi umfram hina sem eru fæddir og uppaldir langt í burtu. Þetta þarf auðvitað ekki að skýra fyrir mönnum. Þetta er svo sjálfsagt og auðskilið mál. Að ég tali ekki um ýmsar aðrar stofnanir, eins og bankakerfi ríkisins o. s. frv., sem hér eru staðsettar. Auðvitað sér hver einasti sanngjarn maður að hér er ólíku saman að jafna og það er staðreynd, að ef þetta mál er skoðað í heild sinni, ekki aðeins tekið út úr kosningaskipanin, kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipunin, er hér um að ræða stjórnskipuleg réttindi manna sem þarf að skoða í einni heild. Þess vegna er eðlilegra að meðferð þessa máls sé með þeim hætti að stjórnarskráin í heild sé tekin til endurskoðunar og meðferðar á Alþingi, en ekki aðeins einn þáttur hennar, sem snertir eina tiltekna tegund réttinda, sem veitt eru í stjórnarskránni til handa landsmönnum.

Það má benda á að fjölmargar þjóðir haga málum þannig að vægi atkvæða er í nokkru hlutfalli við fjarlægð kjördæma frá höfuðborgunum. Við þurfum ekki annað en líta t. d. til Noregs. Þar er aðalreglan sú, að eftir því sem kjördæmi er lengra í burtu frá Osló er vægi atkv. meira. Það er aðalreglan. Auðvitað er vandasamt að kveða á um hvaða hlutfall eigi hér að gilda. Það er auðvitað mjög vandasamt og sjálfsagt á færi fárra. En það er staðreynd að í Noregi hafa menn reynt að jafna þennan mun með þessum hætti.

Það mætti nefna mörg fleiri dæmi í þessu sambandi, það mætti nefna t. d. Bandaríkin Norður-Ameríku. Mér hefur oft verið hugsað til þess hvernig hefði farið fyrir Bandaríkjunum ef þeir Thomas Jefferson, Washington og Benjamin Franklin hefðu setið við tölvu til þess að grundvalla Bandaríki Norður-Ameríku. Hvernig hefði farið fyrir Bandaríkjunum ef svo hefði verið gert? Þeir tóku þann kostinn að haga þessu á þá leið að hin gífurlega valdamikla öldungadeild Bandaríkjaþings er þannig skipuð að það eru tveir öldungadeildarþingmenn frá hverju ríki án tillits til þess hver fólksfjöldi er í ríkjunum. Þetta eru að vísu bandaríki, en það er ein þjóð sem þarna er um tefla og þeir töldu á þeim tíma nauðsynlegt að haga þessu svona til þess að halda þjóðinni saman og til þess að stuðla að því að landið byggðist allt og þeim hefur tekist það, það mætti nefna mörg fleiri dæmi í þessum efnum, sem eru á þessa leiðina.

Reyndar hvarflar það ekki að mér og sjálfsagt engum að fara að breyta þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar að Alþingi, ríkisstjórn, Hæstiréttur og forseti skuli eiga aðsetur í höfuðborginni, í Reykjavík. Það hvarflar áreiðanlega ekki að nokkrum manni. Það gefur auga leið. En það sem ég vildi undirstrika er þetta: að þessu fylgja réttindi sem stjórnarskráin veitir einu kjördæmi og nágrenni þess. Seltjarnarnesið, við skulum taka það með. (**Gripið fram í:** Mosfellssveitina.) Mosfellssveitina. (**Gripið fram í:** Hvers á Kópavogur að gjalda?) Ja, hann geldur einskis í þessum efnum. Ég sagði Stór-Reykjavíkursvæðið. Hann nýtur þess. (**Gripið fram í:** Hann þarf meira að segja að senda þm. sinn austur á land.) Já, hann gerir það. Seltjarnarnesið reynir nú stundum að hasla sér völl úti á landi þó að það hafi ekki tekist. Hér er því um að ræða réttindi sem stjórnarskráin veitir. En ég efast um að nokkur hv. þm. treysti sér til að mótmæla því í sjálfu sér. Sú aðferð sem hefur fram að þessu verið nýtt í þessum efnum er að jafna þessi met með nokkru meira vægi atkv. úti á landsbyggðinni en er hér í Reykjavík. Ég held að Reykvíkingar sem slíkir og þeir sem búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafi í sjálfu sér ekki staðið fyrir þessari skipan mála, þó að það séu þeir sem hafa átt mestan þátt í því að koma þessari skipun á. Ég held að þeir hafi ekki staðið fyrir þessari skipun

mála til þess að tryggja sér sérstaklega landsbyggðina. Ég held að þeir hafi staðið fyrir þessari skipun mála ekkert síður til þess að tryggja sjálfa sig. Þeir hafa talið, þegar á heildina er litið, að það væri skynsamlegt að haga málum á þá leið að landið byggðist sem mest, það væri langsamlega heppilegast fyrir framþróun og fyrir framvindu íslensks þjóðfélags þegar litið er til lengri tíma.

Íslendingar eru ákaflega fámenn þjóð, eins og við vitum vel, og þess vegna þýðingarmikið að leggja áherslu á að viðhalda byggð sem víðast á landinu og áreiðanlega þjóðarnauðsyn að búa þannig að landsbyggðinni að byggð haldist sem víðast um landið þar sem á annað borð er talið æskilegt að stuðla að byggð, byggðaþróun. Eins og ég sagði áður er þetta engu síður nauðsynlegt og æskilegt fyrir þéttbýlið. Okkar helstu auðlindir, eins og fiskimiðin, eru þess eðlis að það verður auðvitað að tryggja byggð umhverfis landið til þess að það sé hægt að nýta þessar þýðingarmestu auðlindir okkar. Það veltur á miklu að svo sé. En það er ekkert sjálfsagt að byggð haldist í kringum landið. Ég held að atvinnulíf og mannlíf víða um landið hangi allt að því á bláþræði og það þurfi virkilega að gæta þess að þar verði ekki stór brestur á og menn gefist hreinlega upp þegar byggðin er orðin strjál. Þá er erfitt að halda uppi nútímaþjóðlífi eða mannlífi og menn flytja þá burtu, og ef verulegur viðbótarflótti frá landsbyggðinni til Reykjavíkur verður er stórhætta á ferðum að stórir flákar landsins leggist í auðn. Þetta þarf að hafa í huga þegar verið er að setja stjórnarskrá, þegar verið er að setja og ákveða kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag.

Ég hef rætt nokkuð almennt um þetta mál. Mér finnst ákaflega eðlilegt að þegar svona stórt og þýðingarmikið, ég vil segja örlagaríkt, mál er til meðferðar á sjálfu Alþingi sé það rætt í nokkrum tengslum við stjórnarskrána að öðru leyti og menn geri grein fyrir viðhorfum sínum.

Mér finnst ákaflega eðlilegt að menn einskorði ekki umr. aðeins við kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag, heldur ræði einnig aðra þætti stjórnskipunarinnar því hér er um að ræða breytingu á henni.

Eins og ég gat um í upphafi er hér um að ræða örfá atriði sem á að breyta í stjórnarskránni. Það er hins vegar gert ráð fyrir að frekari útfærsla á þessum breytingum eigi sér stað með almennum lögum. Það fylgja þessu frv. drög að frv. til l. um breytingar á kosningalögum til Alþingis. Ég skal ekki ræða þann þátt málsins nú. Það kemur til kasta nýs Alþingis. Ef þetta frv. verður samþykkt, sem ég efast ekki um að það verði, kemur til kasta nýs Alþingis, sem verður öðruvísi skipað en þetta, að fjalla um frekari útfærslu á þessari breytingu á stjórnarskránni, sem hér er lagt til að gerð verði. Ég skal ekkert um það segja hvað slíkt Alþingi gerir í þeim efnum. Það fer alveg eftir því hvernig það verður skipað. Um það veit nú enginn til fulls hvernig það verður skipað. Það verða auðvitað kosningar sem skera úr um hvernig Alþingi verður skipað að þeim loknum og kosningaúrslitin kunna að hafa einhver áhrif á hvernig þeim málum verður hagað. Menn geta ekki alveg horft fram hjá þjóðinni. Menn verða að gera sér grein fyrir því að einn mikilvægur þáttur í sambandi við breytingar á stjórnarskránni er að slík breyting er nú einu sinni lögð fyrir þjóðina og þjóðin kemur að þessu máli og meðferð þess. Ég er ekki í sjálfu sér að segja að ég álíti að það verði einhver stór breyting í þessum efnum. Hún gæti orðið. Það gæti orðið annað viðhorf þegar nýtt Alþingi kemur saman að loknum kosningum.

Varðandi þetta mál sérstaklega vildi ég segja það, að þó að ég sé óánægður með meðferð þess að ýmsu leyti og efni og telji að endanleg ákvörðun um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag hljóti að bíða heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar geri ég mér fulla grein fyrir því að hér er um að ræða vissar sættir á milli stjórnmálaaflanna í landinu og þegar um slíkt er að ræða hljóta slíkar sættir að byggjast á málamiðlun. Menn láta af sínum kröfum, hver og einn aðili sem að þessu stendur. Ég álít að hér sé um að ræða sættir um sinn, sem eftir atvikum og öllum yfirlýsingum eru að mínu mati þolanlegar fyrir landsbyggðina miðað við hvað til stóð og miðað við yfirlýsingar ýmissa áhrifamikilla stjórnmálamanna um að ganga miklu lengra en hér er gert ráð fyrir.

Þingflokkur Framsfl. hefur ákveðið að ganga til þessa samstarfs eins og kunnugt er og ég mun því styðja málið. Það er samstaða um það, verulega víðtæk samstaða, innan þingsins eins og kunnugt er. Ég skal ekki um það spá hvort sú samstaða er eins víðtæk í þjóðfélaginu, hvort þessi samstaða innan þingsins er spegilmynd af því sem um er að ræða í þjóðfélaginu sjálfu. Ég skal ekkert um það segja. En það er óvenjulega mikil samstaða, mundi ég vilja segja, hér í þinginu. Ég álít að það séu, eins og margir hv. þm. í Nd. tóku fram, vissar sættir á ferðinni, sem kannske báðir aðilar eru út af fyrir sig, bæði landsbyggðin og þéttbýlið hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og hér í grenndinni, óánægðir með. Kannske báðir aðilar séu það. Það er kannske merki um að þessar sættir séu eftir atvikum sæmilegar. Þess vegna mun ég fyrir mína parta styðja málið í þessari hv. þd. þó að ég hafi ýmsar aths. við það að gera, bæði meðferð málsins og einnig efni þess, og hefði kosið að það yrði unnið að þessu á allt annan veg. Ég gerði mér satt að segja vonir um að einhvern tíma, hvenær sem það nú verður, komi að því að stjórnarskrá-in í heild verði endurskoðuð. Þá kann að vera að það verði uppi nokkuð önnur viðhorf um framtíðarstjórnskipun landsins en eru við afgreiðslu þessa máls hér nú.

Að lokum vildi ég aðeins ræða í örfáum orðum um stöðuna eins og hún er nú. Það er auðvitað ljóst að ástand okkar efnahagsmála og atvinnumála er með þeim hætti að ekki þolir bið að tekið verði á þeim málum. Því miður hefur ekki tekist samstarf um viðnámsaðgerðir í þessum efnum, þannig að yfir hefur riðið holskefla verðbólgu, sem erfitt er að fást við, sem atvinnulífið í landinu stynur undir og sem enginn vafi er á að stofnar atvinnuöryggi þjóðarinnar í verulega hættu, hafi ekki tekist samstarf um viðnámsaðgerðir. En þeim mun brýnna er að slíkt samstarf takist, hverjir sem það verða sem að því standa, sem allra fyrst. Þess vegna álít ég að það sé í raun og veru spurning, og það stór spurning, hvort þetta sé rétti tíminn til að fjölga þm. um þrjá og gera aðrar breytingar á kosningafyrirkomulaginu, sem fyrirhugaðar eru, í stað þess að snúa sér að því að leysa úr þeim mikla vanda sem atvinnulíf þjóðarinnar og efnahagslíf er í nú.

Þess vegna vildi ég segja að lokum að ég álít að það sé fullkomið ábyrgðarleysi að ákveða nú að það skuli

verða tvennar kosningar á þessu ári. Hvað þýðir það, ef það verða tvennar kosningar á þessu ári? Það þýðir að sennilega verði kosið seinni partinn í apríl, eins og fyrirhugað er, þ. e. fyrri kosningarnar, þing verði svo kallað saman einhvern tíma í maí og síðari kosning verði þá sennilega einhvern tíma í júlí. Ég hef ekki trú á að það verði auðvelt verk að mynda ríkisstjórn að loknum fyrri kosningum, ríkisstjórn sem takist á við vanda efnahags- og atvinnumála. Ég hygg þvert á móti að það séu yfirgnæfandi líkur á að það verði engin slík ríkisstjórn mynduð fyrr en að loknum síðari kosningum. (**StJ:** Þá er um að gera að flýta þeim.) Jú, rétt er það, en það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að flýta þeim mikið. Ég var að segja að ég hefði ekki trú á að mögulegt væri að flýta þeim meira en það að síðari kosningarnar færu fram í júlímánuði.

Eftir kosningar hefur nú tekið alllangan tíma að mynda ríkisstjórnir og ég hef nú ekki trú á því að það verði neitt sérstaklega auðvelt að mynda ríkisstjórn eftir kosningar í sumar. Það tók tvo mánuði að mynda ríkisstjórn 1974, það tók held ég tvo mánuði 1978 og ætli það hafi ekki tekið tvo mánuði 1979, mig minnir það, þannig að sennilegast er að það verði ekki komin á ríkisstjórn hér í landinu fyrr en seinni part sumars, í ágústmánuði kannske, og hún mundi þá fara að taka á málum eftir að hún er sest að völdum og sennilega mundi ekkert gerast í okkar efnahagsmálum, sem er afgerandi í atvinnumálum, fyrr en með haustinu. Ég held að það sé öllum ljóst að ástandið er þannig að það þolir ekki þá bið. (**Gripið fram í:** Þá er að drífa í að mynda þessa ríkisstjórn.)

Nú bið ég hv. þm. að lofa mér að ljúka máli mínu. Ég er að gera grein fyrir því hvernig mér sýnist líklegt að mál þróist ef mál ganga fram með þessum hætti og ég er að vara við því að slík stefna verði mörkuð. Það er auðvitað hugsanlegt að eftir fyrri kosningar verði mynduð ríkisstjórn sem tekur á málum. Ég hef ekki mikla trú á því, ef á að dæma af reynslunni, að það verði annað en hrein vettlingatök fyrir kosningar, þannig að það verði ekki farið að taka á málum af þeirri festu sem nauðsyn ber til fyrr en með haustinu. Þess vegna held ég að það eigi ekki á þessu stigi málsins að slá neinu föstu um hvenær kosið verður í annað sinn. Ég álít að þannig sé háttað málum og það sé það alvarlegt ástand í okkar efnahags- og atvinnumálum að það væri óráð að ákveða það nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, að loknum 63. fundi.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 495, n. 545, 546). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur athugað þetta frv. 1. flm. þess, hv. þm. Stefán Jónsson, gerði grein fyrir efni þess hér fyrir nokkrum dögum og skal ég ekki rekja það. Það er í meginatriðum á þann veg að létta nokkuð undir með refsiföngum meðan þeir eru í haldi á ríkisins vegum, getur maður sagt, og þá þannig að þeir geta ekki unnið fyrir sér og eru teknalausir. Við nm. teljum að þarna sé um réttlætismál að ræða, en höfum engu að síður breytt 1. gr. þannig að kannske yrði þessi ívilnun ekki alveg eins mikil og tillögumaður hugsaði sér. En hann hefur samþykkt hið nýja orðalag og við flytjum brtt. á sérstöku þskj. og leggjum til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu sem þar er gerð.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir rösklega meðhöndlun á frv. þessu. Ég fellst á það, að eins og frv. kemur frá n. kunni það að vera meir við hæfi. Vildi ég svo aðeins í lokin láta í ljós þá skoðun mína að betur væri allar deildir jafnvel menntar og hv. Ed. Þar gefast æ því betur gáfaðra manna ráð sem fleiri koma saman.

ATKVGR.

Brtt. 546 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 22). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 6). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði

samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Landsbanki Íslands, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 347, n. 543 og 554, 544). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Nefndin hefur fjallað um þetta mál að undanförnu á allmörgum fundum og klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á þskj. 544 og ég mun nú gera grein fyrir.

Í grg. með frv. þessu kemur fram að það veggjald, sem hér er lagt til að tekið verði upp og fari eftir þyngd bifreiða, er að nokkru leyti byggt á tillögum starfshóps sem fjallaði um fjáröflun til vegaframkvæmda og lagði til í sínu áliti að innflutningsgjald af bifreiðum yrði lækkað, en þess í stað tekið upp það gjald sem hér er um rætt.

Í umfjöllun n. komu fram aths. frá ýmsum aðilum m. a. frá Samtökum atvinnubifreiðastjóra, sem gerðu grein fyrir því að það innflutningsgjald sem lækkað var á bifreiðum samkv. till. fjmrh. á s. l. ári hafi ekki náð til þyngri bifreiða og þess vegna hafi þau einskis notið í því. Það gjald, sem hér er lagt til að sé á lagt, sé því algerlega viðbótargjald á slíkar bifreiðar eða slíkan atvinnurekstur. Nefndin tók að nokkru tillit til þeirra sjónarmiða, sem þarna komu fram, og leggur í brtt. sínum til að gjaldið verði lækkað á þessum þyngri bifreiðum á þann hátt að tekinn sé upp nokkurs konar stigi á gjaldið, það fari lækkandi eftir því sem eigin þyngd hverrar bifreiðar er meiri eða eftir því sem hver bifreið er þyngri.

Það kom einnig fram í grg. með þessu frv. að fellt skyldi niður svokallað gúmmígjald. Gúmmígjald er mjög lág upphæð og þess vegna hefur það lítil áhrif á rekstur þessara bifreiða. Því varð það einnig að samkomulagi hjá meiri hl. n. að taka nokkurt tillit til þess og er hér einnig lagt til að tollur af hjólbörðum fyrir vörubifreiðar og langferðabifreiðar sé lækkaður um helming. Þessar breytingar hafa haft þau áhrif á upphæð gjaldsins, sem ætlað var í frv. að mundi nema eins og frv. var lagt fram samtals um það bil 123—125 millj., að gjald þetta lækkar í um það bil 109 millj. Það kemur einkum fram á þyngri bifreiðunum, þannig að gert var ráð fyrir að fólksbifreiðar og minni bílar allt að tveggja tonna eigin þyngd mundu greiða sem næmi 90 millj. af þessu gjaldi. Það er svipuð upphæð ennþá. Af bílum af millistærð, sem eru að eigin þyngd 2—5 tonn, ættu að innheimtast um það bil 6 millj. kr. samkv. upphaflegri till., en eftir þessar breytingar, sem við leggjum til, mundi það nema um 4.5 millj. Af stærstu bílunum, sem eru 5 tonn að eigin þyngd og þyngri, ætti gjald þetta samkv. upphaflegu till. að nema um 27 millj. kr., en samkv. brtt. okkar hefur það lækkað verulega eða niður í 14—15 millj.

Þá er gert ráð fyrir að sú tollalækkun á hjólbörðum sem er hér lögð til muni nema um það bil 7 millj. kr. í tekjutapi hjá ríkissjóði, sem kæmi þá fram sem lækkun reksturskostnaðar hjá þessum aðilum. Þá er það um það bil 7 millj. kr. sem þetta mundi þýða í nýjum álögum á stærri bifreiðar í staðinn fyrir 27 millj. í frv. eins og það er í upphafi. Teljum við að þarna hafi verið komið verulega til móts við þessa aðila þannig að þeirra útgjaldaliðir, sem samkv. upphaflegu frv. hefðu átt að vera 27 millj., eru nú aðeins 7 millj. eða um það bil 20 millj. kr. lægri.

Það er rétt að vekja sérstaka athygli á því, að gjald þetta er árgjald. Það hefur komið fram í umr. í n. að menn hafa ekki áttað sig nægjanlega á því að gjald þetta er árgjald, en greiðist í hlutfalli við það tímabil sem viðkomandi bifreið er á skrá og er það sama meðhöndlun og á tryggingariðgjöldum bifreiða. Ef bifreið er ekki á skrá nema hálft ár er því aðeins greiddur helmingur af þessu eða hálft gjald fyrir þá bifreið, þannig að gjaldið fer eftir því hversu bifreiðin er lengi á skrá á hverju ári og greiðist í hlutfalli við það.

Ef ég fer þá aðeins í gegnum brtt. nánar, þá eru þær á þskj. 544 og er 1. brtt. sem meiri hl. n. gerir um breyt. á 1. gr. frv. Þar segir:

„1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af öllum bifreiðum og bifhjólum skal frá og með árinu 1983 greiða árgjald, veggjald, sem skal renna óskipt til vegagerðar. Skal gjaldið nema kr. 1.00 af hverju kg eigin þyngdar bifreiðar upp að 2000 kg, kr. 0.70 fyrir hvert kg frá 2001 kg til og með 5000 kg eigin þyngdar hverrar bifreiðar og kr. 0.50 fyrir hvert kg þar

umfram. Þó skal hámark veggjalds vera 7600 kr. fyrir hverja bifreið."

Svo hljóðar þessi 1. brtt. okkar. Það má geta þess, að þetta þýðir fyrir einstakar bifreiðar að t. d. 10 tonna bifreið greiðir samkv. þessari till. 6600 kr. í veggjald á ári í staðinn fyrir 10 þús. kr., eins og hún hefði gert eins og frv. gerir ráð fyrir upphaflega, og 7600 kr. hámarksgjaldið samsvarar því að vera gjald af bifreið sem er 12 tonn að þyngd. Yrði þar sett þak á þannig að það er ekki greitt hærra gjald af þyngri bifreiðum en 7600 kr. og miðast það þá við 12 tonna markið.

2. brtt, okkar er við 5. gr. frv., á þann veg að 5. gr. frv. verði 6. gr., en við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:

„Tollur á vörum í tollskrárnúmeri 40.11.20 í 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., lækki úr 40% í 20%."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir að tollur af þeim vörum, sem eru í tollskrárnúmeri nr. 40.11.20 og eru stórir hjólbarðar fyrir vörubifreiðar og langferðabifreiðar, lækki úr 40% í 20% eða um helming. Þetta, eins og ég gerði grein fyrir áðan, er álitið að muni þýða lækkun tekna ríkissjóðs um um það bil 7 millj. kr., því að auk þess sem tollar lækka lækka auðvitað vörugjaldið og söluskatturinn í hlutfalli.

3. brtt. er við heiti frv. Þar sem hér er lagt til að inn í þetta frv. verði tekin viðbótargrein um breyting á tollskrá leggjum við til að heiti frv. verði breytt og það verði svohljóðandi:

„Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum."

Herra forseti. Ég vonast til að ég hafi gert þannig grein fyrir þessum brtt. og málinu eins og það kemur frá meiri hl. fjh.- og viðskn. að það sé nokkuð ljóst mönnum hvað hér er um að ræða. Það kemur fram í nál. að við teljum að þessi lækkun á tollum á hjólbörðum sé aðeins áfangi í því að ganga lengra í þá átt að lækka tolla af hjólbörðum almennt. Er það í samræmi við þál. sem samþykkt var hér í Sþ. í gær og fjallar einmitt um að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning og notkun hjólbarða með hliðsjón af því sem tíðkast í grannlöndum okkar og kanna jafnframt hvort unnt sé að lækka verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum. Hér er sem sagt stigið nokkurt skref í þá átt.

Meiri hl. n. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 544 og ég hef gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skilum sérnefndaráliti og erum andvígir þessu máli, þar sem við teljum það óaðskiljanlegan hluta af skattastefnu núv. hæstv. ríkisstj.

Þó gert sé ráð fyrir að sá skattur á bifreiðaeigendur, sem frv. felur í sér, eigi að renna til vegamála er svo ekki í raun þar sem framlög ríkissjóðs til vegamála hafa verið skorin niður a. m. k. um svipaða fjárhæð frá yfirstandandi ári. Þetta sést einnig á því að samkv. vegáætlun er framlag ríkissjóðs í ár aðeins 20 millj. kr., en á næsta ári 140 millj. Það á því að sjöfalda framlag ríkissjóðs á næsta ári til vegamála. Sést á þessu hvað í raun er hér verið að gera.

Sá skattur, sem hér um ræðir, felur í sér 109 millj. kr. álögur og má því segja að hann komi í stað niðurskurðar á beinum framlögum ríkisins í ár.

Í grg. þessa frv. er látið í veðri vaka að þessi skattur eigi að koma í stað lækkunar á aðflutningsgjöldum undanfarið á bifreiðar. Aðflutningsgjöld hafa að vísu lækkað á hverja bifreið, en heildartekjur ríkissjóðs af þeim hafa lækkað mun minna vegna aukins innflutnings. Þessi skattheimta hefur verið sem ég skal nú greina síðan 1978, miðað við ríkisreikning og fjárlög:

Árið 1978 voru innflutningsgjöld 39.4 millj., 1979 49.2, þá voru fluttir inn 7500 bílar, 1980 71.2, þá voru fluttir inn 8900 bílar, 1981 var þessi skattheimta komin í 132,8 millj., þá voru fluttir inn 10400 bílar, og í fyrra nam skattheimtan 106 millj. kr., en þá voru fluttir inn 11 500 bílar. Í ár er gert ráð fyrir í fjárlögum að innflutningsgjöld af bifreiðum verði 110 millj. kr. og að 8000 bifreiðar verði fluttar inn.

Á hinn bóginn hafa skattar á bensín hækkað gífurlega á þessu tímabili. Þeir hafa hækkað milli ára 1978 og 1983, ársins í ár, um hvorki meira né minna en 438 millj. kr. á föstu verðlagi ársins í ár eða því verðlagi sem vegáætlun er miðuð við. Þessi skattahækkun hefur nánast einvörðungu farið í ríkissjóð og sáralítið í vegi.

Það má kannske geta þess, til að sýna hversu gífurleg hækkun hefur þarna orðið á sköttum á rekstur bifreiða, að ef við hefðum þetta fé til ráðstöfunar til vegagerðar í ár hefðum við tvöfalt hærri upphæð til að fjármagna nýframkvæmdir vega og brúa í landinu, miðað við það sem gert er ráð fyrir í vegáætlun sem nú liggur frammi eins og menn vita. Ef þessir fjármunir hefðu allir gengið til vegamála, raungildishækkun skatta á bensín, væri tvöföld upphæð til ráðstöfunar í nýja vegi og brýr á landinu, hvorki meira né minna.

Þungaskattur samkv. mæli hefur auk þessa hækkað svo mjög að hann er nú 2,97 kr. á km, en var í des. 1978 15,60 kr. gamlar. Hækkunin nemur því 1804%, ef hægt er að tala um það, en vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað á sama tíma um 518%. Þessi skattur hefur því þrefaldast að raungildi á þessum tíma. Það er því meira en lítil blekking þegar látið er í veðri vaka að þessi nýi skattur, sem miðast við þunga allra bifreiða í landinu, komi í stað einhverra skattalækkana á bifreiðaeigendur undanfarin ár.

Í fjh.- og viðskn. komu fram ýmsir agnúar á þessum skatti og mun bréf frá atvinnubílstjórum fylgja nál. minni hl., þegar það verður prentað. Sést þar hvaða sjónarmið þeir aðilar hafa.

Það var nokkuð rætt í n., hvort ekki væri ástæða til að undanþiggja öryrkjabifreiðir slíkri skattlagningu, en niðurstaðan varð sú, að ekki voru fluttar um það brtt.

Undanfarin ár hefur skattheimta í heild aukist mjög hröðum skrefum, eins og kunnugt er, ýmist vegna álagningar nýrra skatta, eins og þetta frv. hefur í för með sér, eða hækkunar á söluskatti, vörugjaldi, tekju- og eignarskatti o. s. frv. Alþb., Framsfl. og Alþfl. bera ábyrgð á þessari skattahækkunarstefnu, sem verið hefur síðan 1978. Vinstri stjórnin hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta og eignarskatta haustið 1978. Þessar hækkanir hafa haldist síðan og aukist. Vinstri

stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskattinn um 2%, úr 20% í 22%, haustið 1979 og vörugjaldið um 6% á sama tíma. Þá hófst sú skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir sem haldist hefur og aukist síðan, án þess að nokkuð sem nemi af þeirri skattahækkun hafi gengið til vegamála. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum nema nýbyggingagjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjald er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á orkujöfnunargjald, sem er í raun 1.5% söluskattur. Þá hefur hún lagt á tollafgreiðslugjald og skatt á innlánsstofnanir, svo að nokkuð sé nefnt.

Ef dreginn er saman skattahækkunarreikningur þessara tveggja hæstv. ríkisstjórna, sem er á ábyrgð flokkanna sem ég nefndi áðan, Alþb., Framsfl. og Alþfl. í vinstri stjórninni... (Gripið fram í.) Þeir hæstv. ráðh. sem sitja í núv. ríkisstj. eru ekki þar sem fulltrúar Sjálfstfl., hæstv. ráðh., eins og hæstv. ráðh. veit. Þessi skattreikningur er upp á 2 milljarða 245 millj. kr. á verðlagi fjárlaga í ár. Þessi reikningur er alveg réttur, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. (Gripið fram í.) Það er þegar innifalið í þessu. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú, jú. Hv. þm. þarf að lesa þetta betur.

Ef athugað er hve þessar skattahækkanir eru miklar á hverja fimm manna fjölskyldu jafngilda þær því að hver fimm manna fjölskylda þurfi að greiða í ár rúmar 50 þús. kr. í skattahækkanir af þessum sökum. Um þetta eru birtir útreikningar í nál. okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar.

Það er athyglisvert, af því að við erum að tala hér um vegamál, að á þessum tíma hafa bein framlög úr ríkissjóði verið stórlega lækkuð til vegamála. Ef reiknað er með sama verðlagi og í ár voru framlög úr ríkissjóði 1978 118.5 millj. kr., en í ár eru þau aðeins 20 millj.

Ég held að það þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það er augljóst mál að þessi nýi skattur, sem hér er á lagður og sagður renna til vegamála, er fyrst og fremst lagður á til að brúa það bil sem er í vegáætlun vegna niðurskurðar á framlögum ríkisins. Þessi skattur er því aðeins einn hluti af þeim hækkuðu sköttum til eyðslu ríkissjóðs sem gengið hafa yfir að undanförnu. Við erum andvígir þessari stefnu og leggjum til að þetta frv. verði fellt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar það frv., sem hér er til umr., var í undirbúningi fékk þingflokkur Alþb. þær upplýsingar frá hæstv. samgrh. að fulltrúar allra flokka hér á Alþingi hefðu lýst yfir stuðningi sínum við þetta frv. Í þingflokki Alþb. komu fram ýmsar efasemdir um að rétt væri að leggja á nýjan skatt af þessu tagi. En þegar hæstv. samgrh. tjáði okkur að fulltrúar annarra flokka, stjórnarandstöðuflokkanna beggja, hefðu lýst yfir samþykki sínu við þennan nýja skatt vegna þess að tekjur af honum ættu að renna til vegamála samþykkti þingflokkur Alþb. fyrir sitt leyti að standa að þessu frv. Það kom síðan í ljós við meðferð málsins, eins og hér hefur birst í framsögum meiri hl. og minni hl. n., að þetta reyndist ekki rétt og fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. standa ekki að samþykkt þessa frv.

Það er ljóst að margvísleg gagnrýni kom fram utan þings á þennan nýja skatt. Það hefði verið æskilegra að málið hefði verið betur undirbúið af hálfu hæstv. ráðh. en raun bar vitni. Það kom því í hlut nefndarinnar að bregðast við þeirri víðtæku gagnrýni, sem fram kom utan þings á það form skattlagningar sem hér er lagt til, og leggja til brtt. við frv., sem breyta allnokkuð eðli skattlagningarinnar, leggja til breytingar á tollum á hjólbörðum og hræra við afgreiðslu þessa máls í tollskránni. Það er ekki ákjósanleg aðferð við breytingar á tollskrá að hengja þær breytingar aftan í frv. um fjáröflun til vegagerðar með þeim hætti sem hér er gert. Það var hins vegar talið nauðsynlegt til þess að sætta aðila við efni frv. Þess vegna er ljóst að þetta mál er nokkurt vandræðamál hér á þinginu. Undirbúningur þess hefur gert það að verkum að hv. fjh.- og viðskn. varð að vega það og meta á fáeinum dögum hvort hún ætti að standa að afgreiðslu málsins þótt ljóst væri að undirbúningur frv. hefði hvergi nærri verið eins og skýrt hafði verið frá að ætlunin hefði verið.

Sömu dagana og hv. fjh.- og viðskn. var að glíma við þá þraut að breyta þessu frv. í viðráðanlegri búning voru fulltrúar hinna ýmsu landshluta hér á Alþingi að fjalla um vegáætlun þar sem tilgreind eru fjárframlög til vegamála í hinum einstöku landshlutum. Hv. fjh.- og viðskn. var þess vegna í reynd stillt upp við vegg á þann hátt að ef nefndin afgreiddi ekki þennan skatt á síðustu dögum þingsins gæti vegáætlun ekki gengið fram á þeim grundvelli sem fulltrúar hinna ýmsu kjördæma teldu óhjákvæmilegan. Því varð það niðurstaða mín að standa að því að frv. yrði samþykkt, en þó með tveimur skilyrðum: Í fyrsta lagi að skatturinn væri lækkaður allmikið á ákveðnum tegundum bifreiða og í öðru lagi að tryggt yrði með hliðarráðstöfunum af hálfu fjmrn. að öryrkjar og aðrir þeir sem hafa notið hér sérstakrar fyrirgreiðslu vegna fötlunar og annarra hindrana sem sjúkleiki og annað hefur skapað þeim yrðu ekki látnir bera auknar fjárhagsbyrðar vegna þessarar skattlagningar. Í nál. kemur fram yfirlýsing um að við teljum eðlilegt að mæta auknum rekstrarkostnaði vegna veggjaldsins með því að hækka eftirgjöf af innflutningsgjöldum bifreiða til öryrkja og leggjum til að fjmrn. athugi það mál nánar.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði í ræðu sinni, að á undanförnum árum hafa þm. allra flokka hér á Alþingi með einum eða öðrum hætti tekið þátt í að auka skatta og álögur af ýmsu tagi. Ýmsir okkar hafa verið þeirrar skoðunar, að hin svokallaða niðurtalningaraðferð, sem oft hefur verið höfð á orði hér á undanförnum árum, ætti ekki eingöngu að ná til launafólks í landinu, eins og virðist oftast nær þegar um hana er fjallað af hálfu þeirra sem eru höfundar þeirrar stefnu, heldur ætti hún einnig að ná til þeirra skatta og gjalda sem lögð eru á almenning í þessu landi. Við teljum það þess vegna ekki góðan kost að á lokadögum þingsins sé verið að telja skattana upp með þeim hætti sem hér er gert. Þeir sem hæst hafa talað um niðurtalningu á öðrum sviðum efnahagslífsins, hafa talið óhjákvæmilegt að leggja til upptalningu á álögum undir lok þingsins.

Komið hefur fram í mínum orðum hér að engin ánægja ríkir hjá okkur mörgum með hvernig þetta mál reyndist undirbúið. Það reyndist ekki rétt, sem sagt þar var, að frv. nyti stuðnings fulltrúa allra flokka í þinginu. Það reyndist einnig óhjákvæmilegt í n. að breyta

álagningunni allverulega við þau skilyrði að þm. allra kjördæma voru að ganga frá vegáætlunum í sínum kjördæmum. Þess vegna er skoðun mín að þessi skattálagning sé illur kostur. Það verði óhjákvæmilegt að skoða hana nánar þegar reynsla hefur af henni fengist. Betra hefði verið ef tími og tóm hefði gefist til að fara aðrar leiðir í því að tryggja vegaframkvæmdir í landinu en leggja enn á ný álögur á almenning í þessu landi. Ljóst er að það er almenningur í þessu landi sem mun útvega meginhlutann af því fjármagni sem hér er lagt til að fari í vegagerð. Meginhlutinn af þeim tekjum, sem eiga að koma af þessu veggjaldi, er fenginn frá venjulegum bifreiðaeigendum, launafólki í þessu landi, sem notar bifreiðar vegna vinnu sinnar eða heimilislífs.

Ég er þeirrar skoðunar að þær byrðar sem almennt launafólk ber í þessu landi séu með þeim hætti nú að það sé illgerlegt að auka þær, hvort heldur með þessum hætti eða öðrum. En við höfðum gefið það fyrirheit í Alþb., þegar málið var í undirbúningi, að standa að frv. Þótt gallar hafi komið í ljós í meðferð málsins taldi ég rétt að standa við þau orð. Ég tel að það sé langt í frá að þetta sé viðunandi lausn á þeim vandamálum sem fólgin eru í því hvernig eigi að stuðla að auknum framkvæmdum í vegagerð í landinu.

Ég er þeirrar skoðunar um þær aðgerðir, sem fulltrúar allra flokka hafa staðið að hér á undanförnum árum og ekkert síður á ríkisstjórnartímabili 1974—1978 en síðan 1978, að auka jafnt og þétt margvíslega skatta á almennt launafólk að kominn sé tími til að standa gegn frekari skrefum á þeirri braut. Það er allt of auðvelt fyrir stjórnmálamenn, sem vilja slá sig til riddara á framkvæmdum á ýmsum sviðum, að koma síðan til launafólksins í landinu og segja: Þið eigið einfaldlega að borga brúsann.

Það var gripið fram í áðan og spurt hvar hæstv. fjmrh. væri. Ég vil vekja athygli hv. Ed. á því að á síðustu tveimur árum hefur hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds haft margvíslega forgöngu um að leitast við að lækka byrðar á almennu launafólki hér í landinu með lækkun sjúkratryggingagjalds og með ráðstöfun tekjubóta af því tagi sem gerð hefur verið tilraun með á undanförnum mánuðum. En reyndin er hins vegar sú, að ráðherrar hinna ýmsu málaflokka, sem bera ábyrgð á framkvæmdum og umsvifum á hinum ýmsu sviðum, hafa verið kröfuharðastir um ný útgjöld og nýjar tekjuöflunarleiðir til að geta varið þeim til framkvæmda á hinum ýmsu sviðum. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum mánuðum lagði hann til við undirbúning fjárlagagerðar s. l. haust innan ríkisstj. að nokkur fjöldi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja yrði ýmist lagður niður eða starfsemi þeirra endurskipulögð frá grunni. Hann lagði fram í þessu skyni sérstaka skrá í vinnu ríkisstj. að undirbúningi fjárlagafrv. Það kunna að þykja nokkur tíðindi að fjmrh. Ragnar Arnalds skuli hafa verið reiðubúinn og hans flokkur að taka til skoðunar ýmsar þær stofnanir og fyrirtæki sem sett hafa verið upp í ríkisgeiranum á undanförnum áratugum og jafnvel leggja til að menn íhuguðu í alvöru að starfsemi þessari yrði hætt eða henni fenginn annar farvegur. En hverjir voru það sem neituðu þessum tillögum? Það voru fyrst og fremst ráðherrar hinna ýmsu fagráðuneyta sem neituðu því að það yrði hróflað við þessu og hinu sem undir þá heyrði.

Við höfum allt of lengi gengið þá götu að einstakir ráðherrar telji að það sé vænlegasta leiðin til fylgisöflunar í þessu landi að reisa minnisvarða með auknum útgjöldum með einum eða öðrum hætti. Þegar við blasir í þjóðarbúskap okkar veruleg tekjuminnkun vegna markaðsbrests á fjölmörgum sviðum, vegna minnkandi afla, vegna þess að fjárfesting, sem farið hefur verið í á fjölmörgum sviðum, hefur ekki skilað arði, þá er óhjákvæmilegt að menn geri ákveðnar skipulagsbreytingar á þeim sviðum sem fjármagni hefur verið varið í til þessa, ef þessi minnkun þjóðartekna, ef þessi þrenging umsvifa vegna markaðsbrests erlendis og minnkandi afla hér innanlands og fjárfestingar, sem ekki hefur skilað arði, á ekki að koma niður á almenningi í landinu í formi slíkrar kjararýrnunar að heimilin í landinu muni í raun og veru brotna fjárhagslega undan þeirri byrði. Þess vegna hefði verið æskilegra að menn hefðu sest niður og fundið aðra lausn á þeim tekjuöflunarvanda sem hér er en einfaldlega að segja við launafólkið í landinu: Þið eigið að borga meira. Fjárfestingarvandamál, hvort sem þau eru á sviði vegagerðar eða á sviði annarra þátta í okkar þjóðfélagi, verða ekki leyst á þeim tímum sem við nú lifum eða sem fram undan eru einfaldlega með því að segja við launafólkið í landinu: Þið eigið að borga meira. Það er merkilegt að sömu aðilar og fyrr á þessu þingi, fyrir nokkrum vikum, lögðu til að kjör launafólks yrðu skert allverulega með því að taka af launafólki vísitölubætur skuli einnig telja sjálfsagt að fara þessa leið hér.

Það skal tekið fram, herra forseti, að ég segi þetta ekki vegna þessa frv. sérstaklega og ekki vegna þessa málaflokks sérstaklega. Ég tek það alveg skýrt fram. Ég segi þetta eingöngu vegna þess að mér finnst að á tímum minnkandi þjóðartekna, á tímum markaðsbrests í grundvallarútflutningsgreinum okkar, á tímum minnkandi afla og þeirrar staðreyndar að fjárfesting, hvort sem það er járnblendiverksmiðja, útgerðarfjárfesting eða önnur fjárfesting, sem ákveðin hefur verið hér á undanförnum 5—10 árum, skilar ekki þeim arði sem ætlast var til í upphafi, þá verði menn að draga saman seglin í framkvæmdum. Þá sé einfaldlega ekki hægt að koma jafnt og þétt með nýjar og nýjar tillögur um að standa straum af auknum umsvifum á verksviði einstakra ráðherra með nýjum sköttum.

Hv. þm. Lárus Jónsson flutti hér svipaða þulu og þm. Sjálfstfl. hafa flutt á undanförnum árum um nauðsyn þess að lækka skatta og taldi að þeir þrír ráðherrar, sem eru þm. Sjálfstfl. í núv. ríkisstj., væru ekki fulltrúar fyrir flokkinn. En í sveitarstjórnarkosningunum á s. l. ári tók Sjálfstfl. völdin í Reykjavík. Væntanlega eru þeir sem þar eru, hv. þm. Albert Guðmundsson, Davíð Oddsson og aðrir, sem skipa borgarstjórnarmeirihl. í Reykjavík, fulltrúar fyrir Sjálfstfl., gæðastimpladir í bak og fyrir. (**EgJ:** Það er rétt. Hvað annað?) Já, það er rétt. Það er viðurkennt hér. En hvað hefur gerst í Reykjavík? Hvað hefur gerst í Reykjavík eftir að skattalækkunarmennirnir miklu komust til valda? Eigum við ekki að skoða það smástund? (**Salþ:** Jú, endilega.) Endilega, segir hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Ég skal verða við þeirri ósk.

Einn skattur hefur verið lækkaður, fasteignaskattur. Hvernig er hann lækkaður? Hann er lækkaður þannig, að stóreignamenn og fyrirtæki fá meginhluta skattalækkunarinnar í sinn hlut. Venjuleg fjölskylda launamannsins, sem býr í íbúð í sambýlishúsi, fær lækkun sem nemur um það bil 500 kr., en stórkaupmaðurinn og

forstjórinn, sem búa í einbýlishúsinu, fá lækkun um 2000—3000 kr. og fyrirtækin, sem eiga verslunarhallirnar og aðrar stórbyggingar, fá lækkanir í tugum og jafnvel hundruðum þús. Skattalækkunin er framkvæmd með þeim hætti að fjölskylda launamannsins fær 500 kr. minnkun, en fjölskylda stóreignamannsins fær mörg þús. kr. minnkun. (**Salþ:** Er það þessi krónutala eða prósentan?) Það er alveg ljóst að sú krónutala sem kemur til lækkunar hjá hverjum og einum er eins og ég hef hér lýst. En sagan er ekki búin, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Hún er rétt að byrja. (Gripið fram í.) Sjálfstfl. í Reykjavík fór nýjar brautir í skattlagningu til að afla borgarsjóði tekna. Hverjar voru þær brautir? Jú, að skattleggja börnin í Reykjavík.

Nú hefur það gerst í fyrsta sinn í Reykjavíkurborg að í hvert sinn sem barn kemur á barnaleikvöll þarf það að greiða 10 kr. Komi það oftar en einu sinni á hverjum degi þarf það að borga aftur 10 kr. (**Gripið fram í:** Það er á Akureyri.) Það er ekki betra fyrir það þó að það gerist á Akureyri. (**Salþ:** Það er ekki Sjálfstfl.) Nei, það er alveg rétt, það er ekki Sjálfstfl., en aum er afsökunin orðin þegar strax er byrjað að skýla sér bak við það að einhverjir vondir vinstri menn kunni kannske að hafa gert hið sama. Það er ekkert betra fyrir það. En safnast þegar saman kemur. Hafa hv. þm. Sjálfstfl. sest niður og reiknað hve þetta eru mikil útgjöld árlega fyrir fjölskyldu launafólksins eða ef til vill hina einhleypu verkakonu, sem þarf að senda börn sín á leikvöll? Útgjaldaviðbótin fyrir hina einhleypu verkakonu, sem sendir börn sín tvö eða þrjú á leikvöll um það bil 200 virka daga á ári, er talsverð og hvað nemur hún mikilli upphæð hjá henni einni? Heilum mánaðarlaunum. Aukning skattanna á verkakonuna í Reykjavík, sem verður að senda börn sín á leikvellina, nemur mörgum þúsundum kr. á ári. Hann er fljótur að fara fimmhundruðkallinn sem gefinn var eftir í fasteignaskatta af íbúðinni. Hann er tekinn margfaldur aftur með því að skattleggja börnin sem fara inn á leikvellina.

En sagan er ekki öll búin. Strætisvagnafargjöldin hjá börnunum eru hækkuð á tveimur mánuðum um 119%. Um 119% á tveimur mánuðum eru strætisvagnafargjöld barna í Reykjavík hækkuð. Auðvitað er það skattaaukning. Auðvitað er það tekjuöflunarleið fyrir borgarsjóð eftir öðrum leiðum. Hvað þýðir þetta á heilu ári fyrir venjulega barnafjölskyldu, sem verður að senda börn sín í skóla með strætisvögnum og til að heimsækja afa og ömmu einu sinni eða tvisvar í viku eða svo? Þessi eina hækkun nemur í útgjaldaaukningu 7—8 þús. kr. á ári. Með þessum tveimur liðum, gjöldunum á leikvellina og hækkun barnafargjaldanna í strætisvögnunum, sem er miklu meiri hækkun en á fullorðinsfargjöldunum, er tekið í auknar innheimtur hjá borgarsjóði í Reykjavík sem nemur 1—2 mánaðarlaunum venjulegs launamanns í þessari borg eða milli 10—20 þús. kr. í aukna skattheimtu af launafólki í Reykjavík. Og hvað er það á móti 500 kr. sem launamaðurinn fékk í formi hinnar margauglýstu lækkunar á fasteignagjöldum? Það er ekki mikið. Þess vegna fagna ég því að hv. þm. Lárus Jónsson skyldi benda mönnum á að skoða staði þar sem gæðastimplaðir sjálfstæðismenn stjórna. Hvað gerist þar í skattaálögum á allmennt launafólk? Það var sagt áðan skýrt í frammíkalli að þessir menn væru gæðastimplaðir af Sjálfstfl., að enginn þyrfti að efast um að þeir væru að framkvæma hans stefnu. En Sjálfstfl. er ekki treystandi til að lækka skatta á almennu launafólki hér í þessu landi. Þar verða aðrir að koma til.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil út af þessari ræðu taka fram að við erum hér að ræða dagskrármálið, fjáröflun til vegagerðar. Ég veit að margt kemur þar inn í, en vildi eindregið óska eftir því að menn héldu sig sem mest við dagskrármálið sjálft.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal halda mig við dagskrármálið.

Ég kveð mér hljóðs til þess að leiðrétta það sem kom fram og var rangt hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég hef aldrei gefið yfirlýsingu um að tryggur væri stuðningur stjórnarandstöðunnar, þ. e. bæði Alþfl. og Sjálfstfl., við þetta mál. Ég sýndi málið þm. úr báðum þessum flokkum og gerði grein fyrir því síðar í ríkisstj. að Alþfl. hefði lýst því yfir við mig að hann mundi styðja málið. Hins vegar hef ég ekki fengið slíka yfirlýsingu frá Sjálfstfl. Ég gerði þó grein fyrir því að einn þm. Sjálfstfl. hefði verið vingjarnlegur í garð málsins, en tók skýrt fram að það lægi ekki fyrir nein stuðningsyfirlýsing frá þingflokki Sjálfstfl. Ég hef aldrei rætt við hv. þm. um þetta mál og veit ég ekki hvaðan hann hefur þessar röngu upplýsingar.

Hv. þm. hélt því fram áðan að málið hefði verið illa undirbúið af þeim hæstv. ráðh. sem málið flytur, en hann hlýtur að hafa mismælt sig þar því að það er hans flokksbróðir, fjmrh., sem flytur málið. Ég skal skýrt taka það fram að það er þó ekki hann sem hefur undirbúið það. Þetta mál er að mínu mati mjög vandlega undirbúið. Það vann að því nefnd sem í áttu m. a. sæti fulltrúi fjmrn., Árni Kolbeinsson, fulltrúi Vegagerðar og fulltrúi samgrn. Þeir fengu það verkefni með fullu samkomulagi fjmrh. og mín að gera tillögur um leiðir til að færa fjármagn beint til vega, jafnvel úr ríkissjóði. Skýrslur þeirra voru lagðar fram og sýndar hér á hinu háa Alþingi fyrir meira en ári. Þær voru og eru mjög ítarlegar. Ein af þeim tillögum, sem þar kom fram, er sú, sem nú er verið að framkvæma, að lækka tolla til ríkisins af bifreiðum, en taka í staðinn upp veggjald. Þetta mál er því búið að liggja fyrir lengi.

Um þessa framkvæmd varð samkomulag við hæstv. fjmrh. og að sjálfsögðu innan ríkisstj., sem leiddi til þess að tollar voru í tvígang lækkaðir á bifreiðum, um um það bil 120 millj. kr. á ári, sem er sama upphæð sem gert er ráð fyrir að innheimta með veggjaldinu. Ég vísa því algerlega á bug að þetta mál sé illa undirbúið og kemur mér spánskt fyrir sjónir ef hv. þingflokksformaður hefur ekki fylgst með allri meðferð þessa máls. Ég held að það hljóti að vera.

Hv. þm. talaði mikið um aukna skattlagningu og upplýsti að þeir Alþb.-menn hefðu barist með oddi og egg gegn slíku. Ég verð að viðurkenna að ég kannast ekki við það. En það mun vera fyrir utan þetta dagskrármál og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

En þegar menn tala um að leggja fé í vegi verða menn jafnframt að gæta að því hvað sparast með betri vegum. Á undanförnum þremur árum hafa verið lagðir 370 km af bundnu slitlagi og eru þeir nú orðnir um 670 km. Í þessu felst gífurlegur sparnaður fyrir vegfarendur. Á því er ekki nokkur vafi og reyndar auðvelt að reikna það út. Fyrir enga er þessi sparnaður meiri en þær stóru og

þungu bifreiðar sem nota vegina jafnframt mest. Á því byggðist sú tillaga að leggja einnig á þessar bifreiðar veggjald.

Nú er orðið samkomulag um að lækka tolla á hjólbörðum og því fagna ég. Ég tel það vera framfaraspor. Góðir hjólbarðar eru öryggistæki og mega ekki vera of dýrir. Ég fagna því að í meðferð hv. nefndar hefur orðið samkomulag um slíkt.

Ég tel einnig að nefndin hafi út af fyrir sig lagfært það hámark sem þetta veggjald getur náð. Það má lengi deila um hvort of langt er gengið þar til skerðingar á tekjum Vegasjóðs, en ég tjáði mig strax hlynntan því að hámark yrði þar sett á þannig að ekki kæmi illa niður á t. d. bifreiðum sem eru mjög þungar, en kannske nota vegina lítið.

Ég tel því fyrir mitt leyti að eins og frv. er nú orðið a. m. k. eigi allir að geta sætt sig við þetta veggjald hafandi í huga bundið slitlag, sem verður lagt fyrir þessa peninga, og þann sparnað sem því fylgir, sem er mjög mikill og auðvelt út af fyrir sig að upplýsa, og jafnframt þá lækkun sem ráðgerð er á tolli á hjólbörðum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvort hægt er að gera þá kröfu til annarra að þeir haldi sig fast og stíft við dagskrármálið eftir að 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur haldið hér stefnumarkandi ræðu í efnahagsmálum. Það er hins vegar eftirsjá að því að hann skyldi ekki halda þessa ræðu fyrir 1—2 árum. Þá væri ekki jafnilla fyrir okkur komið núna, svo framarlega sem hann hefði þá komið fram vilja sínum fyrir hönd þingflokksins og talað fyrir hönd þingflokksins. Þá væri ekki eins illa komið fyrir okkur og raun ber vitni.

Við höfum oft talað fyrir því, Alþfl.-menn, að það væri orðið mikið einkenni á þessu þjóðfélagi að reikningar væru framsendir launafólki, ekki síst fyrir ýmiss konar óráðsíu í fjárfestingu og hallærisrekstur, að það færu miklir fjármunir í fjárfestingu sem ekki skilaði arði. Ég þarf ekki að telja upp dæmin um það. Þau verða rakin allt frá Kröflu og í gegnum skriðu innflutnings á togurum á undanförnum árum, sem við Alþfl.-menn fluttum hér frumvörp um ár eftir ár að skyldi stöðvaður, sem við höfðum reyndar forgöngu um að var stöðvaður í tíð fyrrv. ríkisstj., en sú ákvörðun fékk ekki að standa.

Ræða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar var eins konar uppgjör við ríkisstjórnina, sem Alþb. er aðili að, en jafnframt í rauninni harkaleg árás á hæstv. fjmrh. En í meginatriðum trúi ég að þetta hafi verið rétt mat hjá hv. þm. En vegna tilmæla hæstv. forseta um að halda sig sem mest við efnið skal ég ekki á þessu stigi fara nánar út í þessi atriði, þó að til þess sé í raun ærin ástæða.

Það sem hér er til umr. er veggjald, fjáröflun til vegagerðar. Mér er sagt að Nóbelsskáldið okkar, Halldór Laxness, sem hefur átt Jagúarbíl, hafi einhvern tíma verið spurður að því hvort það væri ekki óhentugt og dýrt að vera með svo fínan bíl á svo vondum vegum — útlendingur hafi spurt hann að því. Og Halldór Laxness svaraði að bragði: „Það er í rauninni dýrt að vera Íslendingur.“ Það er það, sem við stöndum frammi fyrir núna. Það er dýrt að aka bílum á slæmum vegum, en það er líka dýrt að endurbyggja vegina og gera þá betur úr garði. Hvorn kostinn sem menn velja er dýrt að vera Íslendingur. Hér stendur valið um hvort menn ætla að leggja meira fé í vegagerð og njóta þægindanna af betri vegum og lægri kostnaðar við að reka bílinn eða hvort menn ætla að halda áfram að eyðileggja bílana sína unnvörpum á ónýtum vegum.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. áðan, að skattlagning væri mikil af umferðinni í landinu. Það er rétt. En vegirnir kosta líka mikið. En einhvern veginn hefur það viljað verða svo, að þessir peningar hafa ekki enst allt of vel í vegagerð, án tillits til þess hvort fjmrh. heitir Matthías A. Mathiesen, Ragnar Arnalds eða Tómas Árnason og án tillits til þess hvaða þingmeirihluti hefur farið með völd hér á Íslandi. Það sem meira er: Vegna þess að nýbyggingar á vegum hröpuðu um fjórðung að raungildi í fjmrh.-tíð Matthíasar Á. Mathiesens var það sérstakt tilefni til þess að Alþingi samþykkti langtímaáætlun í vegagerð til að rétta hlutinn eftir þetta tímabil. Það vitum við.

Til nýbyggingar vega fóru á verðlagi 1981 199 millj. árið 1975, en 156 árið 1978. Þegar við stöndum frammi fyrir því að ætla að sinna því verkefni sem Alþingi samþykkti með langtímaáætlun í vegagerð og um endurbætur á vegakerfinu hljóta menn að leita leiða til að reyna að standa við það verkefni, a. m. k. að sem mestu leyti.

Um þessar mundir hafa þm. verið að reyna að skipta niður því fé sem til vegagerðar á að verja. Ég er hræddur um að það þrengdist mjög kosturinn ef það fé yrði skorið niður um svo sem eins og 100 millj. kr. En meðan menn ekki benda á aðrar leiðir til að mæta þessu verkefni hljóta menn að leitast við að finna lausn og það er auðvitað hlutverk Alþingis að finna lausn á þessu máli. Varla eru uppi hugmyndir um að leysa þetta með erlendum lánum, ég vona ekki, þannig að menn standa frammi fyrir því að útvega innlenda fjáröflun í þetta eða leysa það með erlendum lánum. Þá trúi ég að valið sé auðvelt.

Alþfl. hefur talið að það væri hlutverk Alþingis og hann vildi eiga hlut að því að leysa þann vanda sem menn stæðu frammi fyrir í þessum efnum. Hitt er annað mál, að Alþfl. taldi að veggjaldið, eins og það lá fyrir í upprunalegri mynd, væri gallað og stóð þess vegna fyrir því að á því yrðu gerðar breytingar. Ef hæstv. samgrh. þarf að kvarta undan því, eins og hann gerði hér áðan, að hér sé um of mikla takmörkun á veggjaldinu að ræða getur hann kennt Alþfl. um það.

Á sama hátt hefur það verið skoðun okkar Alþfl.-manna og verið samþykkt þáltill. frá einum okkar þm. um það, að það væri rangt að skattleggja hjólbarða með þeim hætti sem gert hefur verið. Hér er um öryggistæki að ræða. Það er ekki eðlilegt að hvetja menn í rauninni til þess með skattlagningu að sinna ekki öryggistæki af þessu tagi með eðlilegum hætti, að draga um of að endurnýja hjólbarða. Það getur valdið alvarlegum slysum. Þess vegna lögðum við áherslu á það við afgreiðslu þessa máls, að það að draga úr tollheimtu á hjólbörðum yrði liður í þeirri ákvörðun sem hér er tekin. Við höfum fengið fyrirheit um að ekki einungis verði þegar í stað helmingaður tollur á hjólbörðum í ákveðnum tollskrárnúmerum, heldur verði haldið áfram á sömu braut. Það er áreiðanlegt að langtum heilbrigðara er að taka upp veggjald af því tagi sem hér um ræðir en halda áfram mikilli tollheimtu á hjólbörðum. Að því leytinu er hér verið að stíga skref til réttrar áttar að því er

varðar tekjuöflun af umferðinni til að standa undir vegaframkvæmdum.

Herra forseti. Við Alþfl.-menn áttum hlut að þessari lausn fyrst og fremst vegna þess að við töldum að þetta mál yrði að leysa og við komum ekki auga á í fljótu bragði að það yrði leyst með öðrum hætti en þeim sem hér er lagt til. Það yrði mikið ábyrgðarleysi af þeim sem hlaupast frá þessu verki núna án þess að koma því í höfn. Alþingi á vitaskuld að leysa þetta mál og við Alþfl.-menn töldum rétt að standa að lausn á því.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Áður en þessari umr. lýkur vildi ég gjarnan fara nokkrum orðum um meginefni þessa máls og þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. með till. hv. fjh.- og viðskn. sem hér liggja fyrir.

Eins og kunnugt er er frv. þetta um bifreiðagjald lagt fram með það í huga að aðflutningsgjöld hafa verulega verið lækkuð á undanförnum árum, sérstaklega á undanförnum 18 mánuðum, og þau gjöld nema mjög svipaðri upphæð og þau gjöld sem nú er verið að leggja á, þ. e. um 120 millj. kr. Ríkissjóður hefði fengið 120 millj. kr. meira í tekjur ef aðflutningsgjöld hefðu verið óbreytt á árinu 1983. Þess vegna er ekki hægt að segja að hér sé um aukna skattabyrði að ræða frá því sem var áður en aðflutningsgjöldin voru lækkuð.

Hins vegar er ljóst, að við undirbúning frv. hefur ekki verið hugsað nægilega til þess að það eru fyrst og fremst eigendur smábíla sem hafa hagnast á lækkun aðflutningsgjaldanna. Þeir sem eiga stóra bíla, vörubíla og flutningabíla af ýmsum tegundum, hafa ekki fengið samsvarandi lækkun, en þeir verða að sjálfsögðu fyrir nokkurri gjaldtöku með álagningu þessa nýja gjalds, þótt að vísu megi segja að þeir eigi þess flestir kost að velta af sér þeirri byrði út í verðlagið. Ég tel að það hafi verið mjög skynsamlegt af hv. fjh.- og viðskn., og það er gert í fullu samráði við mig, að breyta frv. á þann veg að eigendur vöruflutningabíla og vörubíla, stórra bifreiða, þurfi ekki að greiða hlutfallslega jafnháan skatt og gildir um minni bifreiðarnar, enda gæti oft og tíðum verið um æðistórar og þungbærar upphæðir að ræða ef gjaldið, 1 kr. pr. kg, ætti að gilda um allar bifreiðar alveg óháð því hversu stórar þær eru. Þannig er enginn vafi á að hér hefur verið stigið spor í rétta átt og ég fagna því.

Eins og fram hefur komið felur frv. m. a. í sér að svokallað gúmmígjald er fellt niður. Það er líka spor í rétta átt og var auðvitað löngu kominn tími til að það gjald væri látið hverfa út úr skattakerfinu. Ekki skal ég segja hvort þetta gjald átti einhvern tíma rétt á sér, en það á það greinilega ekki lengur. Miðað við hvað góðir hjólbarðar eru mikið öryggisatriði varðandi hverja bifreið er ljóst að það er lítil skynsemi í því að skattleggja hjólbarða alveg sérstaklega.

Það vill svo til að hjólbarðar báru ekki aðeins þetta sérstaka gúmmígjald. Þeir báru líka toll og þeir bera vörugjald. Þessar vörur eru því enn töluvert tollaðar. Ég tel tvímælalaust rétta stefnu að horfið verði frá þeirri skattlagningu í nokkrum áföngum. Með hliðsjón af því að hér er um að ræða skipti á sköttum hvað varðar eigendur einkabifreiða, en eigendur vörubifreiða og vöruflutningabíla hafa ekki fengið samsvarandi lækkun í sinn hlut, þótti eðlilegt að nánar athuguðu máli að lækka aðflutningsgjöld af hjólbörðum sem sérstaklega eru ætlaðir fyrir þyngri bifreiðar, og ég samþykkti það fyrir mitt leyti að við tækjum ákvörðun um að lækka tolla af hjólbörðum úr 40% og í 20%, þegar um er að ræða þessa tegund hjólbarða, sem tolluð er í alveg sérgreindan tollflokk. Það á því ekki að valda neinum vandamálum að tollar eru lægri með þessari breytingu á hjólbörðum sem vörubílar og vöruflutningabílar eru keyrðir á en á venjulegum bílum, en þar verða þeir áfram 40%.

Það þarf auðvitað ekki að segja mönnum að tollalækkunin ein úr 40% í 20% felur ekki aðeins í sér lækkun, vegna þess að verið er að lækka þessa ákveðnu tollprósentu. Vörugjald leggst ofan á tollinn og sérstaklega leggst söluskatturinn ofan á allt verðið. — Það er kannske mismæli hjá mér að segja að vörugjaldið leggist ofan á tollinn, en það er sölugjaldið sem leggst ofan á tollinn. Því er um að ræða miklu meiri lækkun í raun og veru en bara þá sem felst í lækkuninni á tollprósentunni sjálfri. Ég hygg að flestir alþm. séu hlynntir því að aðflutningsgjöld á hjólbörðum verði lækkuð. Ég vil lýsa því yfir af minni hálfu að ég lít fyrst og fremst á þessa lækkun á aðflutningsgjöldum á hjólbörðum sem fyrsta áfanga í víðtækari lækkun aðflutningsgjalda á þessari vörutegund, sem tvímælalaust ber allt of há aðflutningsgjöld í dag, eins og svo raunar margar aðrar vörur.

Tollskráin okkar er sérkennileg bók. Þar er margt misræmið að finna. Fjmrn. hefur einmitt unnið að því að samræma aðflutningsgjöld, en það er mikil vinna. Henni er ekki að fullu lokið, en hefur verið gert ráð fyrir að hægt yrði að flytja frv. um það efni á næsta vetri.

Eitt af því sem torveldar endurskoðun tollskrár er að vísitölugrundvöllurinn, sem notaður er við útreikning á framfærsluvísitölu, er mjög úreltur og það er ákaflega erfitt að breyta tollskránni í grundvallaratriðum nema áður sé búið að breyta vísitölugrundvellinum til nútímalegra horfs. En það er ekki ástæða til þess í þessu tilviki að bíða eftir endurskoðun aðflutningsgjaldanna. Það er full ástæða til þess þvert á móti að stíga hér ákveðið spor, taka ákveðinn áfanga í þá átt að aðflutningsgjöld verði verulega lækkuð á hjólbörðum.

Ég vildi láta þessi sjónarmið mín koma fram hér um leið og málið er afgreitt við 2. umr. frá deildinni.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. úr hófi, en ég vildi gera örfáar aths. við það sem fram hefur komið hér. Sumar þær ræður, sem fluttar hafa verið við þetta mál, hafa verið allsérkennilegar, eins og hér hefur komið fram, en ég skal ekki blanda mér í það.

Hæstv. samgrh. talaði um að það hefði verið sett á laggir nefnd til að afla fjár til vegagerðar og færa fjármagn beint til vega, jafnvel úr ríkissjóði, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Ég benti á það strax við fjárlagaafgreiðslu í vetur, að vegáætlunardæmið var vísvitandi skilið eftir. Það var gert ráð fyrir stórfelldum niðurskurði á framlögum úr ríkissjóði til vega og miðað einvörðungu við að heildarframlögin yrðu 2.1% af þjóðarframleiðslu, sem væri í raun miklu minna vegna þess hve forsendur fjárlaga eru rangar. Síðan var því yfirlýst af hálfu samgrh. að það yrði tekin upp, þegar þing kæmi saman, ný fjáröflun til vegagerðar.

Það er nefnilega kjarni þessa máls, að þrátt fyrir

þennan skatt kemur ekki meir til vegamála núna en í fyrra og þó er í gildi núna langtímaáætlun þar sem Alþingi samþykkti að auka allverulega heildarframlög til vegamála. Við fjvn.-menn höfum í höndum útreikninga frá Vegagerð ríkisins um þetta atriði, þannig að það þarf ekkert að deila um að þessi skattur bætir ekki krónu við raungildi fjármagns til nýrra vega og brúa í ár frá því sem það var í fyrra, þrátt fyrir að ný vegáætlun gerir ráð fyrir, sú langtímaáætlun, verulega auknu fé. En þetta sýnir bara að skorin voru niður framlög ríkissjóðs til vegamála og féð notað í eyðslu, en bætt við nýjum skatti til vega, sem er markaður til vega, og þann veg átti að fá stjórnarandstöðuna til liðs við þetta mál.

Hæstv. ráðh., bæði hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh., töluðu um að hér væri um einhver býtti á sköttum að ræða. Ef maður tekur dæmið alveg einhliða þannig og talar um innflutningsgjöldin, að þau hafi verið lækkuð, eins og fram kom í minni ræðu áðan, voru þau lækkuð á hvern bíl, það er alveg rétt, en aukning á innflutningi hafði í för með sér að ríkissjóður tapaði ekki eins mikið á því og hefði kannske mátt halda. En burtséð frá því að við tökum bara þetta dæmi, lækkun á innflutningsgjöldum á bíla og þennan nýja skatt, má kannske til sanns vegar færa að þarna sé um að ræða einhver skipti á sköttum. Hæstv. ráðh. sá ýmsa agnúa á því. Þetta kemur nefnilega misjafnlega niður á bifreiðaeigendum. Þeir sem hagnast á lækkun innflutningsgjaldsins eru aðrir en þeir sem fá þennan nýja skatt, það er alveg hárrétt hjá honum. En ef við tökum heildarskattlagningu á umferðina, á notkun bifreiða, undanfarin ár er skattahækkunin á bensín svo gífurleg að það mundi tvöfalda — hæstv. samgrh. er víst ekki viðstaddur — þá fjármuni sem hann hefði til framkvæmda við nýja vegi og brýr, ef öll sú skattahækkun hefði gengið til vegamála. Sáralítið af því gengur til vegamála. Þetta hefur farið í ríkissjóð. Þessi þróun hefur haldið áfram alveg fram á síðustu ár. Ég er hér með upplýsingar, sem hæstv. ráðh. getur fengið, og útreikninga Vegagerðar ríkisins um þetta efni. Ef við tökum þungaskattinn á km hefur hann þrefaldast að raungildi síðustu árin. Við getum því ekki verið að tala um einhver skipti á sköttum ef við leggjum á þennan nýja skatt. Það er víðs fjarri að svo sé.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta, en ég vildi þó víkja að orðum hv. 2. þm. Reykn. Kjartans Jóhannssonar. Hann sagði að raungildi vegaframkvæmda hefði minnkað um fjórðung á árunum 1974—1978. Ég skal ekki rengja þessa fullyrðingu hans. En þá verður auðvitað að benda á að einhverjum mestu átökum í vegamálum á Íslandi var að ljúka þegar þetta tímabil hófst, þ. e. vegagerð um Skeiðarársand.

En það sem hann sagði um langtímaáætlun í vegagerð er einhver misskilningur. Það er ekki vegna þess að það hafi verið einhver samdráttur í vegaframkvæmdum á þessu tímabili sem Alþingi samþykkti langtímaáætlun í vegagerð. Við sjálfstæðismenn höfðum flutt till. um gerð langtímaáætlunar í vegagerð allar götur síðan 1978. Árið 1980 flutti núv. hæstv. ríkisstj. till. um sama efni. Hún gekk miklu skemmra en till. okkar. Við gerðum ráð fyrir að það gengju til vegamála um 2.5% af þjóðarframleiðslu á ári. Þessi till. ríkisstj. gerði ráð fyrir 2%. Fjvn. tók þessar tillögur báðar á þinginu 1981 og steypti þeim saman til samkomulags og það varð heildarsamkomulag á Alþingi um þessa langtímaáætlun. Þessi langtímaáætlun segir svo, að í ár skuli ganga 2.2% af þjóðarframleiðslu til vegamála. Það verður vanefnd á fyrsta framkvæmdaári þessarar langtímaáætlunar þrátt fyrir þennan nýja skatt, vegna þess að framlög til vegamála ná kannske 2.1% í ár með þessum skatti, en ekki 2.2%. Þar munar allverulegri fjárhæð.

Ég vildi aðeins minna á þetta. Sannleikurinn í málinu er sá, að þessar tillögur okkar sjálfstæðismanna lágu fyrir mörgum þingum. Síðan flutti núv. hæstv. ríkisstj. till. um sama efni, sem gekk skemmra, en fjvn. gekk fram í því að sameina menn um eina þáltill., sem var samþykkt, ef ég man rétt, vorið 1981, um gerð langtímaáætlunar. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætlaði að svara ummælum hæstv. samgrh. og óska eftir því að hann verði sóttur hingað í deildina.

Hæstv. samgrh. sagði áðan að hann væri undrandi á því hvaðan ég hefði þær upplýsingar að það hefði verið sagt að flokkar stjórnarandstöðunnar hefðu lýst yfir stuðningi við þetta mál. Ég get sagt hæstv. ráðh. að innan þingflokks Alþb. var skýrt frá þeim ummælum ráðh. að svo væri. Það var einnig greinilegt á fundum fjh.- og viðskn. Ed., að það kom þm. Framsfl. í n. jafnmikið á óvart og mér að niðurstaða málsins skyldi vera að þm. Sjálfstfl. lýstu yfir andstöðu við málið. Þetta er því engin einkaskoðun, sem ég hef verið að lýsa hér í umr., heldur var sá skilningur ríkjandi víða innan þings að það hefði náðst í undirbúningi málsins af hálfu hæstv. samgrh. víðtækur stuðningur við málið.

Herra forseti. Hæstv. ráðh. líður greinilega eitthvað illa undir þessum umr. um vegamál. Vill ekki forseti gera ráðstafanir til þess að það verði náð aftur í ráðh.? (**Forseti:** Það er velkomið að óska eftir því við hæstv. ráðh. að hann komi hér til umr. Hann mun vera í ræðustól í Nd. Sú mun vera ástæðan.) Ef hæstv. samgrh. er í ræðustól í Nd. óska ég eftir því að það verði gert hlé á umr. hér í Ed. þar til hæstv. ráðh. getur komið hingað aftur. Þau ummæli, sem hann lét hér frá sér fara í ræðustól áðan um undirbúning málsins og meðferð n. á því, eru þess eðlis að það er óhjákvæmilegt að þeim verði svarað og hann hafi tækifæri til að hlýða á þau svör. Ég hef engan áhuga á því að eiga við hann orðastað fjarstaddan. (**Forseti:** Þessi umr. hefur nú þegar staðið nokkuð lengi og ég hafði vænst þess og reyndar lofað hv. dm. því að fundurinn drægist ekki mjög úr hömlu.) Herra forseti. Það er til einföld lausn á þeim vanda. Hún er að ná í hæstv. samgrh. og halda honum hér í svona 2—3 mínútur. (**Forseti:** Ég reikna með því að hæstv. ráðh. þurfi að ...) (**ÞK:** Bara að fresta málinu.) (**Forseti:** Já, það er auðvitað möguleiki á því að fresta málinu alveg, ef um það er beðið, því að ég get ekki áttað mig á því nægilega vel hvað hæstv. ráðh. verður lengi í ræðustól Nd., en þannig er háttað nú að mál ganga mjög á víxl og erfitt að eiga við það atriði út af fyrir sig.) Ég tek skýrt fram að ég er ekki að óska eftir frestun málsins til morguns, en ef hæstv. forseti og aðrir þm. vilja gera það er það í lagi af minni hálfu. En þetta mun ekki taka langan tíma. (**Forseti:** Ég skal verða við þeirri ósk að fresta þessari umr. til kl. 10.20, ef svo mætti vera að hæstv. ráðh. væri þá kominn hingað í deildina. Það er út af fyrir sig sjálfsagt. Ég get hins vegar ekki ábyrgst að sá frestur nægi.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég þakka fyrir að það var gert þetta fundarhlé svo að hæstv. samgrh. gæti verið hér. Ég hafði skýrt honum frá því að það voru fleiri en ég sem voru þeirrar skoðunar að Sjálfstfl. ætlaði að styðja þetta frv. Það kom á óvart á fundum n. og lá ekki ljóst fyrir þar í byrjun máls að svo mundi ekki verða.

Hæstv. ráðh. gerði einnig aths. við þá skoðun mína að málið væri illa undirbúið, en eins og kom fram hjá honum var undirbúningur málsins á hans vegum.

Ég vil skýra mál mitt aðeins nánar. Það hefur nú komið fram í þessum umr., bæði hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni og hæstv. fjmrh., að það komu margar leiðir til greina þegar meta skyldi með hvaða hætti ætti að afla fjár til vegagerðar. Það var alls ekki sjálfgefið að sú leið sem valin var í frv. væri sú eðlilegasta og rétta, enda kom það strax í ljós við meðferð málsins að talið var óhjákvæmilegt að gera á frv. mjög miklar breytingar, breyta algerlega þeim skattstiga sem í frv. var og rjúka til og gera breytingar á tollalöggjöf með nokkurra sólarhringa fyrirvara til að sætta menn við að fallast á afgreiðslu þessa frv.

Það er alls ekki sjálfgefið að það sé eðlilegur þáttur í skattlagningu, þótt hún eigi að beinast að uppbyggingu vega á þeim grundvelli að notkun betri vega skili sér í aukinni hagsæld fyrir bifreiðaeigendur, að miða skattinn eingöngu við þyngd bifreiða. Það er hægt að færa allmörg og ítarleg rök fyrir því að slíkur grundvöllur veiti ekki rétta mynd af þeirri hagsæld sem viðkomandi bifreiðaeigandi hefur af bættum vegum. Það fer m. a. eftir notkun bifreiðar, eftir því hvar keyrt er, á hvaða svæðum, í hvaða landshlutum o. s. frv. Ef verkefnið var að afla tekna með sanngjörnum hætti til vegaframkvæmda voru fleiri leiðir en þessi sem komu til greina. Sú skýrsla, sem unnin var af hálfu þeirrar nefndar sem hæstv. ráðh. nefndi hér í sinni ræðu, gaf það til kynna að þar mætti fara ýmsar leiðir.

Ýmsir nm., þar á meðal ég, hefðu kosið að hafa betri tíma og tóm til að finna þessari tekjuöflun til vega annan og réttlátari farveg en hér er gert. Það voru mjög óeðlileg vinnuskilyrði að nefndin yrði að binda athugun sína við þá tímapressu að afgreiðsla vegáætlunar beið hjá Vegagerð ríkisins og hjá kjördæmahópum einstakra þm. eftir því að nefndin kæmi sér niður á það, í hvaða formi þessi skattlagning skyldi vera. Þess vegna sköpuðust engar aðstæður í nefndinni til að skoða hinar ýmsu leiðir, sem þarna komu til greina, né heldur til að athuga hvort það væru ekki fleiri breytingar en þær sem krafist var utan þings að væru gerðar á frv. og gefa sér þannig tíma til að skoða málið í heild sinni. Ef það lá ljóst fyrir fyrr á þessu þingi að nauðsynlegt væri að afla tekna til vegagerðar hefði verið miklu eðlilegra að leggja þetta frv. fram 1—2 mánuðum fyrr og gefa nefndinni, ef talið var nauðsynlegt að breyta frv. eins og greinilega kom í ljós, tækifæri til að skoða málið og velja á milli hinna einstöku leiða. En okkur var í reynd stillt upp við vegg. Það gekk á okkur klukkan. Vegáætlunin beið, þinginu var að ljúka, einstaka kjördæmahópar voru búnir að fjalla um vegaframkvæmdir í sínum kjördæmum og við n. var einfaldlega sagt: Ef þið afgreiðið ekki málið nú í grófum dráttum í þessari mynd þýðir það að vegáætlun verður að meira eða minna leyti að stokka upp og þær ákvarðanir, sem einstaka kjördæmahópar þm. hafa tekið varðandi vegaframkvæmdir í þeirra kjördæmum, verða að breytast. Við þessar kringumstæður tel ég reyndar að nefndin hafi unnið allgott verk að skapa þó það form um þessa skattlagningu að hún gæti náð hér fram að ganga þótt engan veginn ríki um það ánægja.

Það er þetta sem ég átti við, að málið væri illa undirbúið: Það kemur hér inn á þing á lokadögum þingsins, tengt afgreiðslu vegáætlunar, krafist er að nefndin geri á fáeinum dögum grundvallarbreytingar á frv. og glími við þær miklu óánægjuöldur utan þings sem risu út af þessu frv. Ég vil segja hæstv. samgrh. það, að meðan ég hef verið formaður í fjh.- og viðskn. Ed. hafa aldrei út af nokkru frv. komið jafnmargar mótmælaundirskriftir eða jafnmargir einstaklingar og hópar haft samband við mig sem formann nefndarinnar af sjálfsdáðum til að mótmæla frv. og benda á fjölmarga agnúa í því og mótsagnir sem þar var að finna. Við nm. stóðum frammi fyrir gagnrýni, sem mér fannst persónulega rétt frá fjölmörgum einstaklingum og hópum utan þings. Hún var þess eðlis að nauðsynlegt var að frv. tæki breytingum. Það er mjög erfitt að setja nefnd þings í þá aðstöðu að hún á fáeinum dögum eigi að breyta frv. sem búið er að vera mánuðum saman til meðferðar og athugunar í þeim ráðuneytum sem að þessu hafa staðið.

Þetta eru nokkrar skýringar á þeim ummælum mínum áðan að ég teldi þetta mál illa undirbúið, það hefði ekki komið í þeim búningi til n. sem hefði gert henni kleift að sinna því sómasamlega né heldur með sæmilegum fyrirvara, miðað við þau margvíslegu mótmæli sem fram komu utan þings.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þessar umr. gerast nokkuð langar og hafa verið nokkuð á dreif. Ég sakna þess eiginlega mest að hæstv. fjmrh. skyldi ekki heyra fyrri ræðu hv. 11. þm. Reykv. Það hefðu e. t. v. getað skapast skemmtilegar umr. upp úr því.

En það er sjálfsagt alveg rétt að þetta er ekki vinsæl skattheimta, eins og hv. síðasti ræðumaður komst að orði, frekar en önnur skattheimta. Ég geri ráð fyrir að það væri nokkuð sama hvaða leið hefði verið farin til að afla aukinna tekna nú til vegagerðar. Því hefði ekki verið tekið fagnandi af þeim sem eiga að borga. Það er nú yfirleitt venjan. Ég held að þær breytingar, sem hafa verið gerðar á þessu frv., séu til bóta. Ég styð það með þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar.

Það er oft sagt um stjórnarandstöðuna hér að hún leggist gegn öllu sem ríkisstj. hverju sinni geri og greiði atkv. gegn því af prinsipástæðum. En það gildir ekki í þessu tilviki, vegna þess að hér hefur stjórnarandstaðan, hluti hennar, hinn ábyrgi hluti stjórnarandstöðunnar, komið til móts við ríkisstj. og stutt hana í þessu máli. Við teljum að hér sé um brýnt mál að ræða og ekki verjanlegt að standa annars vegar að langtímaáætlun um vegagerð, þar sem ríkir samkomulag og þar sem allir flokkar hafa unnið saman, en neita síðan að standa að tekjuöflun til málsins. Slíkur málflutningur og slík afstaða borgar sig áreiðanlega hvorki til skemmri né lengri tíma litið.

Tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs núna var þó kannske fyrst og fremst að fagna þeirri yfirlýsingu, sem kom hér fram í ræðu hæstv. fjmrh., og þeirri staðreynd að nú á að lækka toll á hjólbörðum, að vísu ekki öllum hjólbörðum, en einhvers staðar verður að byrja. Eins og hæstv. fjmrh. lýsti hér yfir er verið að stíga fyrsta skrefið til almennrar lækkunar aðflutningsgjalda á hjól-

börðum. Ég held að það hafi verið á árinu 1979 sem ég impraði á því oftar en einu sinni í fjvn. hvort ekki væri unnt að fella niður þetta svokallaða gúmmígjald, sem að vísu var orðið ákaflega lágt og fellur niður núna þegar þetta frv. verður að lögum, en sú hugmynd fékk ekki hljómgrunn. En það er hins vegar rík ástæða til að fagna því að sá skilningur er uppi meðal þeirra, sem hér ráða, að hjólbarðar séu svo mikilvæg öryggistæki að ekki sé réttlætanlegt með neinum hætti að tolla þá jafnhátt og gert hefur verið að undanförnu.

Ég kemst ekki hjá því að minnast á það aðeins í leiðinni, að í gær var samþykkt hér þáltill., sem ég hef flutt ásamt fleiri þm. Alþfl., um að settar verði gæðareglur og gæðakröfur um hjólbarða sem fluttir eru inn til landsins. Í þeirri till. er jafnframt hvatt til þess að leitað verði leiða til að lækka aðflutningsgjöld af hjólbörðum. Þessi till. var samþ. í Sþ. í gær og það er vissulega ánægjulegt að efni hennar skuli að hluta til þegar vera að komast til framkvæmda. Ég fagna því og ég vona eindregið að unnt verði að stíga fleiri skref og stærri í þessu efni þannig að veruleg tollalækkun geti náð til hjólbarða á almennum fólksbifreiðum, þeim bifreiðum sem mest er af í notkun hér, og það verði miklu fyrr en seinna.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að elta ólar við þessa löngu og afar merkilegu ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Þetta minnir nú orðið á kosningaræður. Þó vil ég upplýsa hér, þannig að það liggi fyrir, að till. um þetta veggjald lagði ég fram í ríkisstj. töluverðu fyrir áramótin, þ. e. fyrir nokkrum mánuðum, og ég efast ekki um að hæstv. ráðh. Alþb. hafi dreift þessari till. í þingflokki Alþb. þannig að hv. þm. hefur haft tækifæri til að koma með brtt., ekki bara í nokkrar vikur heldur mánuði. Ég hef ekki orðið var við eina einustu brtt. frá hv. þm. Hann áttar sig allt í einu á því nú að því er virðist, þegar kosningar nálgast, að það sé eitthvað óvinsælt að leggja skatta á almenning. Ég tek undir það með síðasta hv. ræðumanni, sem er alveg rétt, að það er oft óvinsælt og kemur alltaf við einhverja.

En þetta vildi ég upplýsa: Ég lagði þessa till. fram töluverðu fyrir áramótin. Það má fletta því upp í fundargerðabók ríkisstj. og ég skal láta gera það. Ég gekk eftir svari við þessari till. aftur og aftur. Það má líka finna í fundargerðabók ríkisstj. og ég skal einnig athuga það. Engar brtt. fékk ég frá hv. þm. eða hans flokki.

Ég vil jafnframt taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að virðingarvert er hvað þeir Alþfl.-menn hafa litið á þetta mál af mikilli ábyrgð og ólíkt meiri ábyrgð en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem fram kom í ræðu hv. 11. þm. Reykv. Ólafs Ragnars Grímssonar áðan um að það hafi komið okkur fulltrúum Framsfl. í fjh.- og viðskn. mjög á óvart að fulltrúar Sjálfstfl. skyldu ekki ætla að standa að þessu frv. Ég vil segja það, að við höfðum sjálfsagt heyrt það eins og hann og fleiri að rætt hafi verið við fulltrúa í þingflokki Sjálfstfl. um að þeir mundu styðja þetta frv. Einnig hafði verið rætt við fulltrúa í þingflokki Alþfl. En við höfðum ekki fengið neinar yfirlýsingar um það eða að það væri gerð einhver samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. eða þingflokki Alþfl. um að standa að þessu máli. Ég vil að þetta komi hér fram. Við vonuðumst hins vegar til þess að náðst gæti samstaða í n. og höfum við orðið undrandi er það fyrst og fremst af því að fulltrúar Sjálfstfl. vildu ekki styðja svo nauðsynlegt mál eins og það að afla tekna til vegagerðar og standa við langtímaáætlun þá, sem samþ. var hér í fyrra, eftir því sem hægt væri.

Það er auðvitað ljóst að aldrei er vinsælt að leggja á skatta. Það er það auðvitað ekki heldur nú frekar en fyrr. Ég vil samt segja það hér og nú að ég er ekki jafnsannfærður um það og hv. formaður fjh.- og viðskn., 11. þm. Reykv., að aldrei hafi fleiri mótmæli komið við frv. og aldrei hafi verið harðar lagt að okkur nm. í fjh.- og viðskn. að breyta frv. eða fella frv. en að þessu sinni. Ég skal fúslega játa það og taka undir það, að fjölmargir hafa haft samband við mig út af þessu máli. Margir ágætismenn hafa talað við mig og lýst óánægju sinni eða áhyggjum og farið fram á í það minnsta lagfæringar á málinu. Ég tel að við höfum í okkar nefndarstörfum reynt að gera það eins vel og eins mikið og við treystum okkur til eða töldum okkur fært, miðað við þó að þetta veggjald gæfi verulegar tekjur samt sem áður til vegagerðarinnar.

Ég gerði reyndar grein fyrir því í framsögu minni áðan að það hefur verið komið það langt til móts við þær bifreiðar, sem eru yfir 5 tonn að eigin þyngd, að í staðinn fyrir að þær greiddu samkv. upphaflegri mynd frv. um það bil 27 millj. af þessum 123, sem ráðgert var, munu þær nú greiða um það bil 7 millj., þegar dregið hefur verið frá bæði lækkunin sem gerð er á frv. sjálfu, á 1. gr. þess, og svo líka sá sparnaður sem verður hjá eigendum þessara bifreiða við lækkun tolls af hjólbörðum.

Ég vil aðeins að lokum, forseti, það kom ekki nægilega vel fram hjá mér í framsöguræðu minni fyrir þessu nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., gera grein fyrir því, sem við fjölluðum um í nefndinni, að veitt verður undanþága frá greiðslu veggjaldsins þeim öryrkjum sem fengið hafa eftirgjöf af innflutningsgjöldum bifreiða sinna. Við fjölluðum um þetta nokkuð í nefndinni. Ég aflaði upplýsinga hjá fjmrn. og hjá tollstjóraembættinu um hvernig embættismenn teldu að hægt væri að standa að slíku. Þeir töldu að framkvæmd þess máls yrði flókin. Gjaldið yrði erfitt í innheimtu, það yrði erfitt, þegar ætti að fara að greiða veggjaldið, að fylgjast með því hver ætti að fá undanþágu, hver ætti að fá það eftirgefið. Þeir töldu að það væri eðlilegra og í samræmi við það sem áður hefur verið gert að lækka innflutningsgjöldin meira en verið hefur og þá yrði afslátturinn til öryrkja áfram í sama formi og verið hefur. Það yrði ekki gengið inn á það form að greiða niður rekstur bílanna til öryrkjanna, heldur yrði reynt að hækka meira eftirgjöfina á innflutningsgjöldunum.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég gerði ekki nægilega grein fyrir því í upphafi máls míns eða framsögu fyrir okkar nál.

Það er, eins og allir vita, aldrei vinsælt og aldrei gott að þurfa að leggja á nýja skatta. En við stöðum frammi fyrir því nú, og það þekkjum við vel og kannske manna best, við sem höfum verið og starfað í fjvn. Alþingis, hvernig það er að glíma við þær tekjur sem ríkissjóður hefur hverju sinni til skiptanna. Auðvitað hefði verið gott ef það hefði náðst fram að tekjur til vegagerðar

hefðu að meiri hluta til farið úr ríkissjóði en raun varð á og þess vegna ekki þurft að leggja á nýjan skatt til þessa verkefnis sérstaklega. En hefðum við þá e. t. v. ekki staðið frammi fyrir því að þurfa að leggja á nýjan skatt til þess að greiða fyrir framkvæmdum á vegum annarra ágætra ráðh., hvort heldur sem það hefði verið til iðnaðar- og orkumála, til félags-, heilbrigðis- og tryggingamála eða til menntamála, svo að eitthvað sé nefnt? Ég ætla ekkert að gera þar upp á milli. En þetta varð raunin. Við skiptum upp þeim tekjum sem ríkissjóður hafði og þess vegna stóðum við frammi fyrir því, ef við ætluðum að standa við þessa langtímaáætlun í vegagerð, að auka tekjur til vegagerðarinnar. Þetta var leiðin sem var valin. Hún var valin samkv. till. nefndar, sem um þetta fjallaði, starfshóps sem fjallaði um þessi mál, og það var sannarlega nokkur tími, a. m. k. fyrir stuðningsmenn ríkisstj., til þess að skoða það mál og hefðum við sjálfsagt getað gert einhverjar bætur á þessu fyrr.

En ég ítreka það: Ég tel að það sem hér hefur þó náðst og þær breytingar, sem gerðar hafa verið, hafi verið til bóta. Það er mín skoðun og ég þakka þeim samnm. mínum, sem ég starfaði með að því máli, fyrir ágætissamstaf við að ná því fram.

ATKVGR.

Brtt. 544, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 544, 2 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 544, 3 (ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, að loknum 64. fundi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 574). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. til Nd.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 571). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, kl. 6.30 síðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 447, n. 517, 504, 549). — Frh. 2. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég byrja á að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Það hefur nú verið til meðferðar í Alþingi og flokkunum mjög lengi. Það var samstarfsnefnd með einum þm. úr hverjum flokki sem gekk frá þessu frv. á sínum tíma. Eins og hv. 5. þm. Reykn. gat um hér í dag er hér um að ræða mál sem er þannig til orðið.

Ég kvaddi mér hljóðs út af tveimur greinum frv. Það eru aðallega 2. gr. og 8. gr.

Varðandi 2. gr. frv. vil ég taka fram eftirfarandi: Samkv. 3. gr. gildandi laga um heilbrigðisþjónustu er landlækni skylt að sinna kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Ég tel að það sé í raun og veru ekki verið að breyta meðferð mála með þeirri till. sem hér liggur fyrir, þannig að þessari skyldu sé létt af landlækni, heldur að eingöngu sé verið að kveða á um umfjöllun slíkra kærumála á breiðari grundvelli og þá einnig á vegum aðila sem ekki eru starfandi á vegum heilbrigðisþjónustunnar. Þannig yrði óþarfi að vísa öllum kvörtunum, einnig hinum smæstu, til nefndarinnar. Tækist landlækni einum að leysa mál yrði e. t. v. óþarfi að vísa því til nefndarinnar, en þó fer hér alltaf eftir mati viðkomandi aðila, sem telur sig þurfa að bera fram kvörtun vegna heilbrigðisþjónustunnar. Í hvaða tilvikum mál kæmi til nefndarinnar færi vitanlega eftir mati hverju sinni og vilja þess sem tekur málið upp. Ég lít svo á að hér sé um að ræða sérstaka kæruleið, sem er sett fram neytandanum til hagsbóta, en ekki til þess að flækja málin, t. d. þannig að skilyrðislaust þurfi að vísa hinum smæstu málum til nefndarinnar.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég taka fram vegna 8. gr. tölul. 17.4., sem hv. 3. þm. Reykn. gerði að umtalsefni: Greinin er nú orðuð þannig:

„Heimilt er að greiða sjúkraliða laun úr ríkissjóði gegni hann störfum á heilsugæslustöð þar sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fæst ekki til starfa."

Hér er í fyrsta lagi ekki verið að segja að sjúkraliði gegni störfum hjúkrunarfræðings eða ljósmóður, heldur að heimilt verði, þar sem ekki er hjúkrunarfræðingur né ljósmóðir, að greiða sjúkraliðanum laun beint úr ríkissjóði. Hér er um að ræða mál sem oft hefur verið rætt á undanförnum árum og forráðamenn Hjúkrunarfélags Íslands hafa rætt við mig. Ég hef skýrt þeim frá því að hér sé um að ræða hrein undantekningartilvik, bráðabirgðaráðningu eða tímabundna ráðningu. Tímabundin ráðning gæti verið með þeim hætti að viðkomandi sjúkraliði væri ráðinn til starfsins, segjum í eitt ár eða svo, og þá væri gengið út frá því að auglýst yrði eftir hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður til að gegna starfinu. Við höfum reynslu af þessu frá liðnum árum. Sérstaklega er þar um að ræða annars vegar Ólafsfjörð og hins vegar Suðureyri í Súgandafirði. Þar fengust ekki hjúkrunarfræðingar til starfa þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og verulegar tilraunir og eftirgangsmuni rn. við að fá þetta fólk til verka. Það tókst ekki og þess vegna var ákveðið að ráða þarna sjúkraliða þannig að ákveðin þjónusta væri til staðar á þessum stöðum.

Vegna þess hvernig lögin um heilbrigðisþjónustu eru orðuð var hins vegar ekki heimilt að greiða sjúkraliðunum laun beint úr ríkissjóði. Þess vegna voru þessu fólki greidd laun, að mig minnir, úr læknishéraðasjóði, sem er að sjálfsögðu óeðlilegt fyrirkomulag. Hér er einungis verið að heimila að opna fyrir laun handa sjúkraliðum úr ríkissjóði í þessum undantekningartilvikum. Ég hef greint Hjúkrunarfélagi Íslands frá því að ég sé reiðubúinn að láta þennan skilning, sem ég hef hér greint frá, koma fram í bréfi til Hjúkrunarfélagsins, þannig að þar séu tekin af öll tvímæli.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Örfá orð áður en ég skil við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þá einkum vegna ræðu sem hv. þm. Alexander Stefánsson flutti í dag.

Það hlýtur að vekja nokkra undrun þegar hv. þm. talar um að nefndin hefði átt að gefa sér meiri tíma til að kynna sér þetta mál. Þm. veit nákvæmlega jafn vel og allir aðrir hér inni að þetta frv. hefur legið í nefnd hv. Ed. í allan vetur. Allir þm. hafa haft frv. á borðinu hjá sér og enginn þm. getur afsakað sig með því að hann þekki það ekki.

Ég vil upplýsa hv. þm. Alexander Stefánsson um það, að það er ekki neitt undrunarefni þó að mál gangi nokkuð greiðlega í heilbr.- og trn. Nd. Það vill svo til að í þeirri nefnd sitja tveir fyrrv. heilbrrh. og við skyldum ætla að þeir væru nokkuð vel að sér um þau mál sem n. fjallar um. Í n. situr einnig hv. þm. Pétur Sigurðsson, sem mjög hefur komið við sögu sjúkrastofnana í landinu, og ég hygg að hann sé ekki með öllu ófróður um þessa hluti. Sjálf hef ég, formaður n., unnið í þessum málaflokki árum saman og tel mig þar af leiðandi í allri auðmýkt mega halda því fram að mér séu þessi mál nokkuð kunnug. Fimmti nm. er einn af höfundum þessa frv. og flokksbróðir hv. þm. Alexanders Stefánssonar, hv. þm. Jóhann Einvarðsson, og ég hygg að hann þekki gjörla innihald þessa frv. Þá eru eftir tveir hv. þm. sem ég hygg að hafi þó sannarlega, ef þeir vinna eins og venjulega, kynnt sér nokkuð þetta mál. En það skal játað að hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson hefur lítið setið fundi n. um málið. — En ég held að n. hafi svo sannarlega ekki verið að fjalla um þetta mál af neinu þekkingarleysi, og þetta hlýt ég að taka fram hér. Þess utan hafði, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson mætavel veit, heilbr.- og trn. Ed. farið nokkuð vel ofan í málið, enda komið með skynsamlegar brtt. að okkar dómi.

Ég vil líka segja um þá ræðu, sem hv. þm. Alexander Stefánsson flutti hér í dag, að mér er það nokkuð undrunarefni hvers vegna hann fór að tala um það, sem við erum auðvitað öll sammála um, að æskilegast væri að heilsugæslulæknar hefðu mánaðarlaun eins og aðrir opinberir starfsmenn. Ég get ekki verið honum meira sammála um nokkurn hlut. En ætli hv. þm. Alexander Stefánsson viti ekki jafnvel og við öll að hér er um að ræða samningamál, sem Alþingi Íslendinga setur ekki lög um eins og ekkert sé. Það væri ákaflega ánægjulegt ef þessi breyting yrði og ég held að fjölmargir þm. mundu verða sammála um það. En ég held að svona ræða geti ekki þjónað nokkrum einasta tilgangi nema ef vera skyldi til þess að gleðja einhvern þegar líður að kosningum.

Þriðja atriðið, sem ég ætlaði að minnast á hér, er einmitt það atriði, sem hæstv. heilbrrh. minntist á áðan, sem er 8. gr. frv., liður 17.4., sem virðist fara mjög fyrir brjóst ýmissa, ekki síst Hjúkrunarfræðingafélagsins, en það varðar heimild til að greiða sjúkraliða þegar svo stendur á að ekki fæst hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson kvaddi sér hljóðs hér í dag og lýsti vilja sínum til þess að fella þetta ákvæði niður. Ég tók undir það. Mér er það satt að segja að meinalausu. Persónulega finnst mér of mikið úr þessu vandamáli gert og ég tel enga ástæðu til þess að þetta mál geti verið á nokkurn hátt hættulegt hjúkrunarfræðingastéttinni, en til þess að miðla málum, og ég held að þetta skipti ekki nokkru máli, væri ég tilbúin að ræða það við Ólaf G. Einarsson hvort við bærum ekki fram till. um það milli 2. og 3. umr. Ef við gætum gert það nú hér í 2. umr. væri ég tilbúin að skrifa upp á að fella þetta ákvæði niður.

Annað held ég að ekki þurfi að taka fram hér. Ég vil enn ítreka að hv. heilbr.- og trn. vann vel að þessu máli og fyrir það er ég þakklát. Ég held að það væri mjög æskilegt að hér yrðu ekki lengdar umr. að óþörfu. Ég held að það sé mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga og ég vil skora á hv. deild að vinna að því.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. sagði orðrétt áðan, að Alþingi setti ekki lög um það sem ætti að semja um, það sem væri samningur. (**GHelg:** Ég sagði það ekki, herra þm., ekki orðrétt.) Ég heyrði ekki betur en hv. 8. þm. Reykv. segði áðan að Alþingi setti ekki lög um það sem ætti að semja um og væri í samningum. Þess vegna finnst mér skrýtið ef það skal binda í lögum að læknar eigi að taka laun með tvennu móti. Af hverju er þetta ekki haft sem heimildarákvæði? Af hverju er ekki sett hér inn: Heimilt er að greiða læknum laun með tvennu móti? Er nokkuð sem mælir gegn því, þannig að hægt sé að taka málið upp í samningum? Hvers vegna er verið að loka fyrir að hægt sé að taka málið upp í samningum með því að standa svona að þessu?

Ég vildi gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. heilbrrh., af því að það er og verður mjög vafasamt mál að þeir skuli taka laun með tvennu móti, hvaða hlutfall er í þessu sambandi. Eru föstu launin hærri en hinar launagreiðslurnar eða öfugt? Hvaða hlutföll er þarna um að ræða? Og þó að ég telji að undir mörgum kringumstæðum sé eðlilegt að viðhafa ákvæðisvinnu og bónus hlýtur það að vera spurning í hverju tilfelli, hvar þetta á við, hvar þetta er eðlilegt.

Í umr. um þessi lög hefur komið fram að formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur lagst gegn ákveðnum lið í 8. gr. Það hlýtur að vakna sú spurning, hvort ekki væri skynsamlegt að gefa sér ögn betri tíma til að skoða þessi lög þannig að menn væru ekki að eyða miklum tíma í deildinni til að deila um þetta. Ég óska eindregið eftir að heilbrrh. geri grein fyrir því, hvers vegna það er bundið á þann hátt í lögum að ekki er hægt að semja um þetta. Hvers vegna stendur hér: Þeir skulu taka laun með tvennu móti? Af hverju er þetta ekki haft sem heimildarákvæði? Og einnig: Hvert er hlutfallið á milli föstu launanna og þeirra launa sem þeir fá með reikningum til sjúkrasamlaganna?

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vestf., viðhafði sömu orð og hv. þm.

Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., viðhafði í sinni ræðu fyrr í dag, efnislega þau: Af hverju er ekki betri tími gefinn til að skoða það mál sem við höfum nú til meðferðar? Ég held að öllum þingheimi sé kunnugt um að við í þingflokki Sjálfstfl. höfum boðið og beðið um það, að þingi verði fram haldið nokkuð fram yfir þessa helgi, t. d. til þriðjudags, til þess að skoða þau mál betur sem eru til meðferðar hér á hv. Alþingi. En það er einmitt þingflokkur hv. þm. Framsfl. sem setur stólinn fyrir dyrnar. Nú heyrðum við í fréttum útvarpsins í kvöld að formaður flokksins lýsir því yfir að út vilji hann — sé farið að langa utan sögðu sumir, en út vilji hann, — og skiljum við sem hér erum að sjálfsögðu að það er út úr ríkisstj. Það er vegna þess sem ekki má skoða mál betur, t. d. í tvo daga, til þess m. a. að koma á móti aðfinnslum þessara tveggja hv. þm. Framsfl.

Hv. þm. formaður heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar viðhafði þau orð, að það væru margir menn sem sætu með henni í nefndinni og hún væri ein þeirra sem hefðu vit á þeim málum sem hér væru til umr. Ekki dreg ég úr því að hinir hafi það. En ég vil þó taka undir það með hv. þm. Alexander Stefánssyni, að auðvitað er sumt af því sem hann var að finna að atriði sem eiga að skoðast og hvað varðar reglugerðina, sem hann skýrði frá og varðar þetta mál, er full ástæða til þess að þingið sjálft fjalli meira um þær reglugerðir sem hæstv. ráðh. gefa út án þess að þm. skipti sér yfirleitt af þeim. Oft og tíðum rekur okkur í rogastans þegar við sjáum þær niðurstöður sem birtast í reglugerðum. Við höfum því miður ekki látið verða af því, þótt við höfum rætt um það í nokkuð mörg ár í þingflokki Sjálfstfl., að gera tillögur um breytingar á þingsköpum Alþingis á þann veg, að sú venja verði tekin upp að lög fái ekki staðfestingu frá Alþingi fyrr en reglugerðir hafa verið skoðaðar af viðkomandi nefndum þingsins eða sameiginlegri nefnd beggja þingdeilda, sem fjallað hefur um málið.

Það er að sjálfsögðu full ástæða til að huga að þeim aðfinnslum, sem þessi hv. þm. var með, og til þess gæfist væntanlega tími ef flokki þessa hv. þm. lægi ekki svona mikið á út, eins og það var orðað af formanni flokksins í fréttum í kvöld.

Ég ætlaði mér ekki að hefja efnislega umr. um þetta mál. Eins og sjá má af nál. hef ég skrifað undir það með fyrirvara. Ég gerði það m. a. vegna 8. gr. frv., 17.4., varðandi þá heimild, sem hér hefur verið til umr., til að greiða sjúkraliðum laun úr ríkissjóði þegar hjúkrunarfræðingar eða ljósmæður fást ekki til starfa. Ég vildi satt að segja með þessum fyrirvara mínum eiga þess kost í atkvgr. að geta gert grein fyrir atkv. mínu á þann veg, að vegna þess að þetta er fagstarf og þetta er starf hjúkrunarfræðinganna er það fyrst og fremst þeirra og helgað þeim. En ég vil ekki, og nú kem ég að orðum hv. þm. Ólafs Einarssonar, 3. þm. Reykn., viðurkenna þá kenningu — og nú tek ég út úr þeirri setningu hans þegar hann talaði um að sjúkraliðar geti gengið inn í störf sem öðrum eru ætluð orðið „sjúkraliðar“ og set eitthvað annað í staðinn, — að ekki megi taka mann, sem er minna menntaður en starfið segir til um að eigi að vera í því, til að gegna starfinu um stundarsakir ef fagpersónuna vantar.

Eg bendi á þetta vegna þess að ég hef mína fagþekkingu úr Stýrimannaskólanum í Reykjavík og meira að segja úr báðum deildum hans, sem m. a. veitir réttindi til skipstjórnar á skipum. Skipstjórar á skipum fara ekki aðeins með gífurlega mikil verðmæti og bera ábyrgð á þeim og stjórna skipum, sem eru verðmæt, heldur og mannslífum, stundum í tugatali. Það hefur aldrei verið talin nein goðgá, ef ekki væri hægt að fá menn með réttindi til þess að stjórna þessum skipum, að veita undanþágu samkv. þeim reglum sem til þarf og þarf að uppfylla. Okkur hefur aldrei komið til hugar að það væri hægt fyrir okkur, vegna þess að það vantaði stýrimann, að stöðva eitt skip, ef hægt hefði verið að fá góðan mann, vanan mann, öruggan mann, sem hefur þá hæfileika sem til þarf til að gegna starfinu um stundarsakir, þangað til viðkomandi prófmaður fengist. Okkur hefur aldrei komið þetta til hugar. Og ég segi, ef við förum nánar út í þau orð sem féllu hjá hv. 3. þm. Reykn.: Ég vil ekki viðurkenna þessa reglu, en ég vil viðurkenna þá reglu og hef alltaf gert og mun gera, að ef starf er lögverndað, eins og starf hjúkrunarfræðinga, er það alveg skilyrðislaust ætlað starfsstéttinni, ef það er til nóg af hjúkrunarfræðingum og ef þeir fást til starfa. Ef ekki álít ég að þeir sem eiga undir högg að sækja verði að hafa leyfi og heimildir til að leita þeirrar lausnar sem hagkvæmust er, sem nauðsyn er á að finna, — ekki til að uppfylla starfskröfur Hjúkrunarfræðingafélagsins heldur til þess að þjóna þeim sem þarf að þjóna. Í þessu tilfelli yrðu það ekki aðeins sjúkir og sárir, heldur kannske sveitarfélagið sjálft, sem vegna fátæktar sinnar getur ekki staðið undir þessari greiðslu um það tímabundna skeið sem þarf að leysa viðkomandi vandamál. Það er þetta sem ég á við, en ég skal aldrei verða til þess, — vegna þess að ég hef kannske af mörgum hér inni notið hvað mest umhyggju þess ágæta fólks sem skipar stétt hjúkrunarfræðinga og veit hvers konar starf það er og hef auk þess unnið með mörgum þeirra, sem eru margir hverjir hið ágætasta fólk að vinna með, — að ganga það langt að við á Alþingi förum að taka það upp sem reglu í sambandi við þessa stétt eða aðrar að fólk sem minni menntun hefur til að ganga inn í störf hinna geti það aldrei ef nauðir eða þörf krefja. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara til að geta látið þetta koma fram. Ég fæ ekki séð að stétt hjúkrunarfræðinga skaðist í einu eða neinu með því orðalagi sem stendur í greininni eins og hún er og þess vegna mun ég greiða henni atkv. eins og hún hljóðar í brtt. nú.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þetta virðist ætla að verða meira mál en ég átti von á þegar ég hóf máls á þessu hér fyrr í dag.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við að bæta þau orð mín sem ég sagði á fundi fyrir kvöldmat. Ég varaði þá við því að setja í lög ákvæði sem þetta, sem hér er ráðgert í 8. gr., þar sem sjúkraliðar fá nánast heimild til að ganga inn í störf hjúkrunarfræðinga. Ég met yfirlýsingu hæstv. ráðh., sem hann gaf áðan um að hann væri tilbúinn að rita Hjúkrunarfélaginu bréf þar sem hann greindi frá skilningi sínum á ákvæði frv., að hér væri eingöngu um tímabundna ráðningu sjúkraliða að ræða ef á því þyrfti að halda, en mér nægir ekki þessi skilningur hæstv. ráðh. þó góður sé. Það er í sjálfu sér ekkert sérstakt við það þótt hæstv. ráðh. mundi líta á það sem tímabundna ráðningu sjúkraliða að heilsugæslustöð. Ef ég veit rétt fengi hjúkrunarfræðingur, sem ekki hefði sérmenntun í heilsugæslu, ekki heldur nema tímabundna ráðningu.

Það er því engin sérstök lausn hjá hæstv. ráðh. að lýsa þessu yfir og nægir mér ekki.

Mér finnst gæta dálítils misskilnings í máli hv. þm. Péturs Sigurðssonar. Það ber ekki að skilja mín orð þannig, að ekki komi til mála að ráða sjúkraliða til starfa við heilsugæslustöð ef hjúkrunarfræðingur fæst ekki. En ég vil ekki fá það sem pósitívt ákvæði í lög, það vil ég ekki, og það er kannske þarna sem okkur greinir á. Sjúkraliðar eiga að vinna í öllum tilvikum undir stjórn hjúkrunarfræðings. Í þessu tilviki er ekki gert ráð fyrir því. Það er alls ekki gert ráð fyrir að hjúkrunarfræðingur verði að störfum í heilsugæslustöð þar sem sjúkraliði á að gegna hans starfi. Það er þannig gert ráð fyrir þessu samkv. orðalagi frv. og við það felli ég mig ekki.

Það mætti nefna ýmis hliðstæð dæmi. Ég nefndi í dag hvort það yrði næsta skrefið að hjúkrunarfræðingar fengju heimild til að ganga inn í störf lækna t. d. ef ekki fengist héraðslæknir í eitthvert tiltekið hérað. Það mætti taka ýmis fleiri hliðstæð dæmi. Ég veit að ef hv. þm. Pétur Sigurðsson þyrfti að fara í flugvél, þó það væri lítil flugvél sem ætti að fljúga bæði lágt og hægt, mundi hann ekki ráða mjólkurbílstjórann á staðnum til að fljúga henni ef ekki fengist flugstjóri. (**Gripið fram í:** Hann mundi fljúga henni sjálfur.) Já, hann mundi kannske fljúga henni sjálfur. Á sama hátt mundi hv. þm. Pétur Sigurðsson ekki sækja um yfirlæknisstarfið á Hrafnistu þó hann sé öllum hnútum þar gjörkunnugur og kunnugri en ýmsir aðrir. Það mundi hann ekki láta sér detta í hug að gera. Það liggur við að þetta minni mig á söguna af héraðslækninum og alþm. sem var búinn að vera þm. í áratugi fyrir tiltekið kjördæmi. Héraðslæknirinn vildi komast á þing og hafði orð á því í sínum flokki að nú væri röðin komin að sér og þá varð þm. að orði: „Ja, mér hefur aldrei dottið í hug að sækja um héraðslæknisstarfið hér.“ (**Gripið fram í:** Það gerði stjórnlagafræðingurinn.) Já, það má vera að stjórnlagafræðingurinn mundi láta sér detta þetta í hug.

En ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég ítreka andstöðu mína við þessa grein og til þess að leggja enn meiri áherslu á þá andstöðu flyt ég hér brtt. við frv. Meðflm. mínir að þessari brtt. eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Halldór Ásgrímsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Brtt. er við 8. gr. og er þess efnis, að liður 17. 4. falli brott.

Till. er skrifleg, en hún er of seint fram komin og ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann leiti afbrigða þannig að hún megi koma fyrir og hljóta afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 564) samþ. með 26 shlj. atkv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég átti ekki von á að ræða mín í dag ylli einhverju fjaðrafoki. Ég tók fram að ég mundi ekki flytja sérstakar brtt. við þetta frv., sem hér er til meðferðar, vegna þess hvernig að þessu máli hefði verið staðið. Ég dreg ekki til baka þá gagnrýni sem ég hafði frammi um meðferð málsins. Ég tel óeðlilegt að það skyldi ekki vera framsaga fyrir þessu frv. við 1. umr. í hv. Nd. Svo var ekki.

Ég byrjaði á að fagna ákveðnum umbótum sem eru í þessu frv., enda tel ég að þessi breyting, sem hér er lögð til á lögum um heilbrigðisþjónustu, verði til þess að betrumbæta gildandi lög. Ég fagnaði sérstaklega því ákvæði sem varðar skipulag sjúkraflutninga, sem árum saman hefur verið til vansa í heilbrigðisþjónustunni og valdið miklum erfiðleikum víðs vegar um land. Ég hef áður hér í hv. deild haldið uppi gagnrýni einmitt í sambandi við sjúkraflutninga og fagna því að það atriði skuli nú vera komið í viðunandi horf, sem ég vona að framhald verði á.

Ég fagna einnig því, að í 3. gr. frv. er ákvæði um að haldið skuli fjórða hvert ár heilbrigðisþing, sem ég tel mikils virði í sambandi við öll þessi mál okkar, þar sem heilbrigðisstéttir og leikmenn geta skipst á skoðunum og rætt þessi mál miðað við þá reynslu sem uppi er í þjóðfélaginu hverju sinni.

Ég fagnaði einnig því, að í þessu frv. er ákvæði um að fleira sérmenntað starfsfólk við heilsugæslustöðvar kemur nú undir launalið ríkisins, svo sem sjúkraþjálfar, iðjuþjálfar o. fl., sem áður voru óviss þáttur í heilbrigðisþjónustunni á vegum sveitarfélaga eða viðkomandi heilbrigðisumdæma.

Ég fagna einnig því, að nú er í 10. gr. tekinn allur vafi af um að viðhald og endurnýjunarkostnaður við fasteignir og tæki heilsugæslustöðva greiðist eins og stofnkostnaður viðkomandi mannvirkja.

Þetta er mikilvægt. En ég gagnrýndi sérstaklega kaflann um launakjör lækna, 12. gr. frv., sem ég tel að ástæða hefði verið til að breyta við meðferð málsins.

Ég ætla ekki að fara út í miklar efnisumræður hér og nú. Til þess er ekki tími. En ég vil benda á í sambandi við þetta mál, að hvað eftir annað hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúaráð og fundir á vegum sveitarfélaga gagnrýnt þetta sérstaklega. Eins og allir vita, sem um þessi mál fjalla, er í lögunum um heilbrigðisþjónustu frá 1973 endurtekið 1978 og núna í þessu frv. haldið áfram sama kerfi, þ. e. að læknar taka laun frá ríki eins og aðrir starfsmenn fyrir sína gegningarþjónustu, vaktaþjónustu, heilsuverndarstarf, ráðgjafarþjónustu o. s. frv., en þar að auki taka þeir laun samkv. samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar. Þessi taxti tekur ekki mið af því að þessir læknar hafa alla aðstöðu ókeypis í húsnæði ríkis og sveitarfélaga — ekki aðeins húsnæði heldur öll tæki sem til þarf. Ég tel óeðlilegt að þeir eigi fullan rétt að taka laun við þessar aðstæður sem praktiserandi læknar. Þetta hef ég gagnrýnt áður og ber engan kinnroða fyrir þeirri gagnrýni.

Ég hefði talið ástæðu til að fara að hóflegri tillögu fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga, sem lagði til að b-liður þessarar greinar orðaðist þannig, að laun samkv. samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar, sem þeir sjálfir inna af hendi, skuli í þeim samningum taka tillit til fastra launa, sbr. alið, og starfsaðstöðu þeirra. Þetta hefði verið nokkur bremsa á það frjálsræði sem nú ríkir í þessum málum.

Ég get endurtekið að ég hef rannsakað það sérstaklega hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem á að hafa eftirlit með þessum málum, að eftirlit er raunverulega ekki til vegna þess að það er einn aðili í þessu eftirliti. Hann á að hafa eftirlit með daglegum greiðslum, skulum við segja, í öllum sjúkrasamlögum landsins. Hann kemst ekki yfir nema í mesta lagi eitt sjúkrasamlag á ári. Þá

geta menn nokkurn veginn reiknað út hvað það eftirlit er virkt, ef einhvers staðar eru mistök í kerfinu. Ég fullyrði ekki að þau séu, en menn geta getið í eyðurnar í svona málum. Þetta hef ég gagnrýnt og ég tel ekki óeðlilegt að slík gagnrýni komi fram þegar menn hafa sjálfir þreifað á þessum málum.

Í öðru lagi gagnrýndi ég sérstaklega annan þátt þessa mikla máls og það hef ég gert þing eftir þing. Ég hef gagnrýnt að samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu allar götur frá 1973 og nú í þessu frv. er sérstaklega gert ráð fyrir að settar séu nákvæmar reglugerðir og gjaldskrár um meðferð og framkvæmd málsins. Þessi gjaldskrá fékkst ekki sett af ýmsum ástæðum, sem bæði núv. og fyrrv. hæstv. heilbrrh. hafa tilgreint hér í svörum sínum, m. a. vegna erfiðra samninga við Læknafélag Íslands. En loksins á s. l. ári, þegar þessi gjaldskrá sér dagsins ljós, skeður ýmislegt. Heilbrrn. sendir þessa gjaldskrá til Sambands ísl. sveitarfélaga til yfirlestrar og aths. Gjaldskráin, sem send var, var 52 greinar. Nefnd á vegum sambandsins fór yfir gjaldskrána og færði hana saman niður í 32 greinar og færði ýmis ákvæði út sem ekki áttu heima í reglugerðinni. En hvað skeði? Hæstv. heilbrrh. og rn. hans fór ekkert eftir ábendingunum, heldur gaf út nýja reglugerð um lög um heilbrigðisþjónustu, sem er ekki lengur 52 greinar, heldur 67 greinar. Ég fullyrði, miðað við þá reynslu og miðað við þá umsögn sem færustu menn hafa gefið, að mörg ákvæði í þessari reglugerð eru umfram lögin sjálf. Það sem ég gagnrýndi, hv. 8. landsk., var að ég taldi eðlilegt, og ekki síst með tilliti til ummæla hv. 8. landsk., sem segir í ræðustól að hún m. a. ásamt öðrum nm. hafi meiri reynslu í heilbrigðismálum en aðrir menn, a. m. k. margir aðrir óbreyttir þm., og það hefði verið ástæða til þess að þetta reynda fólk hefði séð a. m. k. einhverja ástæðu til að skoða þessi mál vandlega í sambandi við svona lagasetningu. Það hefði verið lágmarkið. Því miður var það ekki gert. Það má vel vera, og ég viðurkenni það, að það hafi verið mikil mistök hjá mér og fleiri, sem hafa áhuga fyrir þessu máli, að við skyldum ekki átta okkur á þeirri hættu að svona stórt mál skyldi geta farið í gegnum 1. umr. án þess að nokkur hreyfði hönd eða fót til að mæla fyrir málinu, þannig að hefði gefist tími til að koma gagnrýni að, sem kannske nefndarfólk hefði tekið til greina við meðferð málsins.

Ég reiknaði með nokkuð róttækum breytingum á þessum lögum, fyrst á annað borð var farið að taka þau til rækilegrar umfjöllunar eftir meðferðina fyrir 1978, og þess vegna varð ég fyrir vonbrigðum. Við vitum ósköp vel og viðurkennum að þetta er eitt fyrirferðarmesta málið í okkar hagkerfi. Það er ekki nokkur málaflokkur á Íslandi í dag sem tekur eins mikið fjármagn til sín og heilbrigðiskerfið og þess vegna ríður á miklu að þetta kerfi sé það vel uppbyggt ásamt tryggingakerfinu, sem við búum við, að það skili sér til hagsbóta fyrir fólkið í landinu, það er aðalatriðið, en þjóni ekki ýmsu öðru sem er kannske ekki á réttu róli. Og ég vil minna á það enn, af því að hér hafa verið á þessum degi til umr. tannlæknamál, niðurgreiðslur á tannlæknakostnaði o. s. frv. Það er í kerfinu í dag. Það eru engir samningar við Tannlæknafélag Íslands í gildi. Þeim var sagt upp vegna ágalla, vegna þess að Tryggingastofnun gat ekki náð eðlilegum samningum við Tannlæknafélag Íslands. Svo eru menn að tala hér um alls konar kúnstir til að ná tökum á þessari stétt, eins og margir orða það, og jafnvel að fara að greiða niður tannlæknakostnað og setja upp nýtt eftirlit sjálfsagt, eins og það er nú virkt eða hitt þó heldur.

Ég hef úr þessum ræðustól lesið upp samning Tryggingastofnunar ríkisins við Læknafélag Íslands. Ég hef lesið hann upp og ég hef sýnt fram á að ýmsum atriðum í þeim samningi hefur ekki verið framfylgt, m. a. þeirri endurskoðun sem þar er gert ráð fyrir. Hvers vegna?

Ég ætlast ekki til að ég fái svar við þessu hér því að það er greinilegt að það á ekki að vera tími til að ræða þessi mál. En ég gat ekki stillt mig um það, fyrst þær brtt. sem hér hafa komið fram grípa ekki á neinu því atriði sem ég hef hér nefnt, að vekja athygli á þeim. Þess vegna hef ég leyft mér að tefja þessar umr., herra forseti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 504,1 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 564 tekin aftur til 3. umr.
3.—11. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 25:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, PJ, PS, RA, SkA, StH, SteinG, SvG, VG, ÞS, AG, BÍG, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGísl, JE, JÞ, MHM, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, SV, AS, ÁG, JBH, KP.

IGuðn, JS greiddu ekki atkv.

6 þm. (MB, SighB, EH, FrS, GeirH, GGÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel að það eigi að ákveða með samningum hvernig læknum og tannlæknum, sem starfa við heilsugæslustöðvar, eru ákveðin laun. Ég gat ekki fallist á að það sé bundið með lögum að þeir fái laun með tvennu móti og segi því nei.

13.—18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 549 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 504, 2 (ný 19. gr.) svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 531). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið til meðferðar í hv. Ed. Frv. hefur fengið þar rækilega umr. og ég trúi að félmn. þessarar deildar hafi einnig komið þar við sögu.

Í frv. þessu er að finna nokkrar breytingar á húsnæðislögunum frá 1980 og er það þá fyrst, að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins hækki nokkuð frá því sem verið hefur eða sé a. m. k. 115 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1982.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að byggingarsamvinnufélög bætist við þá framkvæmdaaðila í byggingariðnaði sem lána skal til þegar veitt eru lán úr Byggingarsjóði

ríkisins. 2. gr. felur því í sér sérstaka áherslu sem menn vilja leggja á byggingarsamvinnufélögin sem framkvæmdaaðila í húsbyggingum hér á landi.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um það, hvernig veita á lán samkv. 1. tölul. 11. gr. laganna, en þar er gert ráð fyrir að lán séu veitt til að kaupa eða byggja nýjar íbúðir, svokölluð F-lán. Í greininni segir:

„Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til umsækjenda, sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð, er talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar."

Í 4. gr. frv. felst breyting á 17. gr. gildandi laga nr. 51 frá 1980. Þar er kveðið á um hvernig eigi að ákvarða lán samkv. 3. tölul. 11. gr. laganna til sveitarfélaga, stofnana á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtaka sem byggja íbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

Í 5. gr. frv. er ákvæði um hverju megi nema lán til viðbyggingar eða endurbóta á eldra húsnæði, að það megi nema allt að 40% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir að falli niður orðin „með bakábyrgð sveitarstjórnar," en það er talið óþarfi að gera ráð fyrir ábyrgð sveitarstjórnar til viðbótar við veð.

Í 7. gr. er sams konar breyting.

Í 8. gr. frv. er sérstakt ákvæði sem tekur til aldraðra og öryrkja eða fatlaðra, en þar segir að ef lántaki er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu er heimilt að fresta afborgunum um óákveðinn tíma. Gilda þá ekki ákvæði 1. málsl. þessarar greinar um hámarkslán. Lánið fellur þó í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti.

Í 9. gr. er ákvæði um byggingarsamvinnufélögin og í 10. gr. er fjallað um með hvaða hætti vextir skulu ákvarðaðir að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins, en þar segir:

„Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félmrn. um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstj. að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands."

Þetta er nýmæli frá því sem er í gildandi lögum í þessum efnum, en í gildandi lögum eru vextir Byggingarsjóðs ríkisins fastákveðnir.

Í því frv. sem upphaflega var lagt fyrir Ed. var einnig gert ráð fyrir að vextir Byggingarsjóðs verkamanna yrðu ákvarðaðir af ríkisstj. og samkv. tillögum Seðlabankans hverju sinni. Frá þessari brtt. var fallið í hv. Ed. til að betra samkomulag gæti náðst um málið.

Án þess að lesa og fara yfir einstakar brtt., herra forseti, þá vil ég aðeins hnykkja á aðalatriðum þessa máls og minna á að það var á s. l. sumri að ég skipaði starfshóp til að fjalla um fjárhagsvanda hinna opinberu byggingarsjóða, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, og til þess að kanna og gera tillögur um ýmsa þætti húsnæðismála. Í starfshópnum störfuðu hv. alþm. Alexander Stefánsson og Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Ormur Halldórsson aðstoðarmaður forsrh., Ólafur Jónsson formaður húsnæðismálastjórnar og Þorvaldur Mawby, framkvæmdastjóri byggingarsamvinnufélagsins Byggung. Auk þeirra störfuðu að málinu sem sérfræðilegir ráðunautar þeir Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson. Þessi hópur skilaði áliti til ríkisstj., ítarlegum tillögum um húsnæðismál. Ég tel að það sé nauðsynlegt vegna umræðna um húsnæðismál, sem nú standa yfir, að ég reki þessar till. nokkuð.

1. till. fjallaði um að lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð hækki verulega á næstu árum og eigi minna en um 25% að raungildi þegar á árinu 1983 frá og með næstu starfsáætlun Húsnæðisstofnunar. Af þessu tilefni vil ég taka fram að ég hef þegar gert tillögur til húsnæðismálastjórnar um að lán til þeirra, sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð, hækki á þessu ári að raungildi um 25%.

Í öðru lagi gerir nefndin tillögu um að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins verði tvöfaldað að raungildi frá árinu 1982. Er við þeirri ósk orðið með flutningi frv. þessa.

Í þriðja lagi gerði nefndin ráð fyrir að öllum lífeyrissjóðum á landinu verði skylt að kaupa skuldabréf fyrir eigi lægri fjárhæð en sem nemur 45% af ráðstöfunartekjum sínum af Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, ríkissjóði, Framkvæmdasjóði eða öðrum fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, sem viðurkenndir eru af fjmrn. Hér er um að ræða meiri kaup frá lífeyrissjóðunum en hefur verið gert ráð fyrir á undanförnum árum. Ég tel að hvaða ríkisstjórn í landinu, sem ætlar sér að reyna að ráða við peningamál og lánsfjármarkað með skikkanlegum hætti, verði að taka á fjárstreymi lífeyrissjóðanna betur en gert hefur verið á undanförnum árum. Ég tel að þessi tillaga um 45% af ráðstöfunartekjum lífeyrissjóðanna sé í alla staði eðlileg og sjálfsögð, en ljóst er hins vegar að um slíkt er ekki að svo komnu máli samkomulag á Alþingi og þess vegna mun miðað við 40% í þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. sem liggur nú fyrir hv. Alþingi.

Í fjórða lagi gerði nefndin tillögu um að reglum lífeyrissjóðanna um lánveitingar til sjóðfélaga verði breytt á þann veg að lán verði aðeins veitt til húsnæðismála. Gengið verði frá þessum málum með samningum við lífeyrissjóðina. Vegna þessa liðar skrifaði ég fyrir nokkrum mánuðum fjmrn., sem fer með málefni lífeyrissjóðanna, og óskaði eftir að í tengslum við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og fjármögnun hennar á árinu 1983 yrði þetta mál tekið upp til sérstakra viðræðna við lífeyrissjóðina.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að fella niður ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem kveða á um bindingu útlánsvaxta byggingarsjóðanna, eins og ég gat um áðan.

Í sjötta lagi segir hér:

„Ríkisstj. beitir sér fyrir samkomulagi við viðskiptabanka og sparisjóði um samræmda þátttöku í fjármögnun húsnæðismála. Í þessu skyni verði stofnaðir nýir húsnæðisreikningar í viðskiptabönkum og sparisjóðum þar sem innlán í 2—4 ár veiti rétt til 15 ára viðbótarláns við lán frá Byggingarsjóði ríkisins. Upphæð láns ákvarðast af reglum sem taka mið af innlánstíma. Það fjármagn sem bankarnir lána til lengri tíma í þessu skyni verði heimilt að draga frá bindiskyldu viðkomandi banka hjá Seðlabanka Íslands. Jafnframt verði kannað hvort unnt sé að beita skattfríðindum til að hvetja til sparnaðar í bönkum í þágu húsnæðismála."

Vegna þessa ákvæðis, sem ég las hér síðast, hefur þegar farið fram ákveðin könnun á vegum Seðlabankans, en að því er varðar fyrri hlutann, þ. e. að stofnaðir verði sérstakir húsnæðisreikningar í viðskiptabönkum og sparisjóðum, hefur viðskrn. fyrir nokkrum mánuðum tekið að sér að vinna að þessu verkefni og 14. jan. s. l. skrifaði ég viðskrn. bréf og óskaði eftir upplýsingum um hvernig gengju viðræður þess við viðskiptabankana um þetta atriði.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir því í till. nefndarinnar að viðskiptabankarnir taki að sér að veita framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði framkvæmdalán á byggingartímanum, sem Byggingarsjóður ríkisins endurgreiðir þegar íbúðirnar eru lánshæfar samkv. reglum sjóðsins. Hér er um að ræða mál sem lengi hefur verið á döfinni, og viðskiptabankarnir hafa ekki tekið illa á að þeir veiti framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði framkvæmdalán sem Byggingarsjóður síðan endurgreiðir.

Í áttunda lagi segir svo í tillögum nefndarinnar:

„Til hagræðingar og einföldunar fyrir lántakendur húsnæðistengdra lána leiti Húsnæðisstofnun samstarfs við banka, sparisjóði og lífeyrissjóði um nýtt fyrirkomulag lánveitinga og afborgana húsnæðislána. Fyrirkomulag þetta byggi á því, að lántakandi eigi aðgang að upplýsingum og gögnum frá öllum ofangreindum aðilum í sínum eigin viðskiptabanka, þar sem útborgun og innheimta húsnæðistengdra lána fari sömuleiðis fram."

Hér er um að ræða ákaflega stórt hagsmunamál húsbyggjenda í landinu, að útborgun húsnæðistengdra lána verði öll á einum stað, þannig að menn þurfi ekki að ganga á milli fjölmargra stofnana til þess að fá lán til að fjármagna íbúðabyggingar sínar.

Í níunda lagi er gert ráð fyrir að innheimta skyldusparnaðar verði bætt frá því sem verið hefur og reglur um endurgreiðslu hertar. Í því frv. sem hér liggur fyrir var í upphafi gert ráð fyrir að herða reglur um endurgreiðslur, en frá þeim tillögum var fallið að verulegu leyti í hv. Ed.

Í tíunda lagi er gert ráð fyrir mjög veigamikilli breytingu á endurgreiðslum húsnæðislána en þar segir svo í till. nefndarinnar:

„Verðtrygging afborgana og vaxta húsnæðislána verði ætíð bundin við þá af vísitölunum tveimur, kauplagsvísitölu og lánskjaravísitölu, sem er lægri. Hins vegar verði eftirstöðvar lánsins reiknaðar upp eftir lánskjaravísitölu. Ef til að mynda lán sem veitt var til 26 ára er ekki að fullu greitt (vegna bindingar eftirstöðva við lánskjaravísitölu) verði veitt nýtt lán sem framlengir það gamla eftir þörfum. Með þessu móti er tryggt að afborganir af húsnæðislánum hækki ekki úr hófi fram á tímum lífskjarasamdráttar."

Hér er um að ræða ákaflega veigamikið atriði. Ég verð að segja það, að ég tel að þetta sé eitt af merkustu atriðunum í tillögum þeirrar nefndar sem um málið fjallaði.

Í 43. gr. upphaflega frv. var gert ráð fyrir að uppfylla þetta ákvæði í tillögum húsnæðisnefndarinnar. Þetta ákvæði er nú orðað svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að fresta hluta afborgana af fullverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins ef greiðslubyrði lánanna eykst frá því sem hún var í okt. 1982 vegna hækkunar á lánskjaravísitölu umfram hækkun vísitölu kauptaxta verkamanna skv. útreikningum kjararannsóknarnefndar. Þeim afborgunum sem frestað er samkv. framansögðu skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengjast eftir þörfum svo að greiðslubyrði lánsins aukist ekki af þeim sökum."

Hér er um að ræða mjög svipað efnisatriði og var í frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl., sem lá hér fyrir Alþingi. Þar var hins vegar gert ráð fyrir að þetta ákvæði næði til allra lána, af hvaða toga sem er. Mér finnst út af fyrir sig vel koma til greina að setja slíkt almennt ákvæði í lög. Ég vil láta þá skoðun mína koma hér fram. Við erum hér hins vegar eingöngu að fjalla um húsnæðislánin og mér finnst eðlilegt að húsnæðislánin séu tekin þarna sérstaklega út úr og Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna hafi þarna forustu og sýni gott fordæmi öðrum lánasjóðum í landinu, hvort sem þar er um að ræða lífeyrissjóði eða bankana, sem ættu einnig að geta komið til móts við húsbyggjendur í þessu efni, þannig að þeir verði ekki fyrir sérstökum búsifjum vegna aukahækkana lánskjaravísitölu á sama tíma og samdráttur á sér stað í kaupmætti launa.

11. till. húsnæðismálanefndarinnar hefur vakið mjög mikla athygli. Hún var um það, að hafnar verði skipulegar byggingar leiguíbúða og verði lögð áhersla á eftirtalda liði:

Í fyrsta lagi verði veitt lán til byggingar sérhannaðra leiguíbúða fyrir aldraða með hlutafjárþátttöku leigjenda. Hér er um að ræða mjög mikilsvert nýmæli, sem vonandi verður til þess að stuðla að því að aldraðir sem eiga íbúðir séu reiðubúnir að leggja einhvern hluta af eign sinni í byggingar sem sérstaklega eru reistar í þeirra þágu.

Í öðru lagi verði gert sérstakt átak í leiguíbúðarmálum námsmanna og skal stefnt að því að byggðar verði eigi færri en 150 námsmannaíbúðir á næstu þremur árum. Leitað verði eftir þátttöku eftirtalinna aðila auk Húsnæðisstofnunar í fjármögnun þess átaks: Byggðasjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga.

Þetta ákvæði um leiguíbúðir námsmanna hefur vakið athygli í námsmannasamtökunum. Á laugardaginn var sat ég fund á vegum stúdentaráðs Háskóla Íslands, þar sem sérstaklega var um þetta mál fjallað, og það hefur komið fram að þeir leggja mjög mikla áherslu á að þetta skref verði stigið og að þetta ákvæði frv. verði samþykkt.

Herra forseti. Þessar eru meginbreytingarnar sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Eins og ég gat um í upphafi máls míns hefur mál þetta þegar fengið nokkra meðferð í hv. Ed.

Ég vil leggja á það áherslu, að þó að vafalaust sé ágreiningur um eitt og annað í húsnæðismálum á hér að vera um að ræða lagfæringar sem tiltölulega góð samstaða á að geta tekist um. Með tilliti til þess, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. og ég treysti því að mönnum takist og hv. n. takist að ljúka máli þessu á þeim tíma sem eftir lifir af yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 402). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. þetta um breytingu á vegalögum er komið frá hv. Ed. Hér er um að ræða tvær breytingar sem eru fluttar samkv. till. þm.-nefndar þeirrar sem fjallaði um langtímaáætlun á síðasta þingi. Nefndin gerði þá till., eins og fram kemur í grg. með langtímaáætlun, að skilgreiningu á stofnbrautum yrði breytt þannig að ýmsir þéttbýlisstaðir tengdust aðalvegakerfi landsins, þ. e. stofnbrautakerfi landsins með stofnbrautum. Um þetta fjallar 1. gr., þar sem segir með leyfi forseta:

„Við það stofnbrautakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200—400 íbúa, ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu."

Þeir staðir sem þannig mundu tengjast stofnbrautakerfinu með stofnbrautatengingu eru síðan taldir í grg.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að fella niður 1. mgr. 32. gr. Í þeirri mgr. gildandi vegalaga, sem eru frá 1964, er gert ráð fyrir að 12% af mörkuðum tekjum Vegasjóðs til þjóðvega renni til þjóðvega í þéttbýli. Með þessu fjármagni hefur mjög mikið áunnist við lagningu þjóðvega í þéttbýli. Er talið að nú hafi verið lagðir bundnu slitlagi rúmlega 80% af akfærum vegum eða þjóðvegum í þéttbýli. Hins vegar er þetta mjög ójafnt. Á sumum stöðum hafa allir slíkir þjóðvegir verið lagðir bundnu slitlagi. Annars staðar er átakið skammt á veg komið. Því þykir ekki lengur rétt að skipta þessu fjárframlagi eftir höfðatölureglunni, en gera fremur ráð fyrir framlagi í þessu skyni í vegáætlun og er svo gert í þeirri vegáætlun sem nú hefur verið lögð fram, — gert ráð fyrir 5 millj. kr. í ár, en samtals rúmlega 10 millj. kr. á næstu árum. Er þannig áætlað af Vegagerðinni að ljúka megi því að leggja bundið slitlag á þjóðvegi í þéttbýli á fimm árum.

Ég vil jafnframt geta þess, að á vegum hæstv. félmrh. hefur farið fram athugun á hvernig hraða mætti lagningu bundins slitlags á aðra vegi jafnframt í þéttbýli, aðra vegi en þjóðvegi, og hefur orðið samkomulag um það milli hans og mín að afla þurfi lánsfjár til slíkra framkvæmda þannig að sú vegalögn geti fylgt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til samgn. með 29 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 506). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en frv. þetta er stjfrv. og hefur verið afgreitt frá Ed. Það er rétt að taka það strax fram að hér er um að ræða samkomulagsmál milli fjmrn. annars vegar og starfsmannafélaga ríkisins hins vegar, þ. e. BSRB og BHM, því að frv. er undirbúið af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en í honum eiga sæti annars vegar fulltrúar ríkisins og hins vegar fulltrúar Bandalags háskólamenntaðra manna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Hér er um að ræða nokkur mikilvæg atriði til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en gert er ráð fyrir að heildarendurskoðun á gildandi lögum um lífeyrissjóðinn haldi áfram og henni er ekki lokið þó að hér sé gerð till. um nokkur þau atriði sem brýnast er talið að breytingar séu gerðar á.

Þau atriði sem skipta hér mestu máli eru: Í fyrsta lagi fær sá sjóðfélagi ekki verðbættan lífeyri nú sem hefur verið skemmri tíma sjóðfélagi en 15 ár, en með þeim breytingum sem hér er gerð till. um fá menn verðbættan lífeyri ef menn hafa verið sjóðfélagar í 3 ár eða lengur. Að sjálfsögðu er það með öllu ófullnægjandi að menn sem hafa verið allt að 15 ár í störfum hjá ríkinu þegar þeir hætta njóti ekki samsvarandi réttar og aðrir sem réttar njóta samkv. lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. En þessi mismunur hefur viðgengist alllengi. Hér er þetta lagfært að mestu. Þó er talið eðlilegt að maður þurfi að hafa verið sjóðfélagi þrjú ár eða lengur til að njóta þessara sérstöku réttinda.

Í öðru lagi er rétt að benda á, að í flestum lífeyrissjóðum gildir sú regla að eftirlaunagreiðslur til manna miðast við það starfshlutfall sem menn hafa að meðaltali gegnt yfir starfsævina, en í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hafa menn fengið eftirlaun í samræmi við það starfshlutfall sem gilti seinasta árið sem menn voru að störfum áður en þeir fóru á eftirlaun. Af þessu leiddi annars vegar það, að fólk sem hafði verið í fullu starfi alla ævi, en hafði látið undan síga á seinustu starfsárum sínum og tekið hálft starf eða þriðjungsstarf, lækkaði verulega í eftirlaunum og svo öfugt, að fólk, sem var í hálfu starfi lengst af, en fór í fullt starf á seinasta ári starfa síns, fékk fullan lífeyri. Að sjálfsögðu samrýmist slík skipan ekki eðlilegum réttlætissjónarmiðum. Því hefur orðið samkomulag um það í sjóðsstjórninni að gera breytingu í þá átt að miðað verði við starfshlutfall það sem viðkomandi starfsmaður hefur að meðaltali gegnt um ævina. Þannig var frv. úr garði gert og í fullu samræmi við það samkomulag sem gert hafði verið í stjórn lífeyrissjóðsins.

Í Ed. var raunar gerð breyting á þessu fyrirkomulagi á þann veg, að það fólk sem hefur notið meiri réttar en því ber eðli máls samkvæmt heldur þeim rétti enn um sinn, en þeir sem fengið hafa minni rétt en þeim ber eðli málsins samkvæmt fá leiðréttingu nú þegar. Þessi breyting var gerð í framhaldi af brtt. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti í Ed. og var í tvennu lagi og birt er á þskj. 432. Ég ætla ekki að rökræða um efni þessarar breytingar, sem gerð var á frv. í Ed. Ég held að viss rök mæli með því að þeir sem hafa áunnið sér ákveðinn rétt vegna gildandi laga haldi þeim rétti, en það var einmitt efni 1. tölul. brtt. sem Kjartan Jóhannsson flutti. Hitt orkar kannske meira tvímælis, hvort eigi að viðhalda þessu sérkennilega fyrirkomulagi í sjö ár frá gildistöku þessara laga. En á það féllst hv. Ed. og þannig kemur málið hingað til Nd.

Vissulega er eðlilegt að menn fái aðlögunartíma þegar um er að ræða breytingar af þessu tagi, sem hér er gerð, en menn hljóta nú að velta því fyrir sér hvort ekki

sé rétt að skipulag, sem er í eðli sínu jafnósanngjarnt og hér er um að ræða, verði að leiðrétta á þann veg að allir sitji við sama borð héðan í frá eða a. m. k. að ekki allt of löngum aðlögunartíma liðnum.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., en vek enn á því athygli að hér er um samkomulagsmál að ræða og þetta mál á ekki að þurfa að verða ágreiningsmál hér við afgreiðslu á hv. þingi í hv. Nd.

Ég vil eindregið hvetja til þess að málið nái afgreiðslu á þessu þingi og þar sem stutt er eftir af þingstörfum vil ég mjög hvetja fjh.- og viðskn. til að taka þetta mál til snarlegrar meðferðar þannig að unnt verði að afgreiða málið fyrir þinglok.

Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 538). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 31 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 540). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 370). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um skráningu og mat fasteigna.

Svo stendur á og hefur staðið á um nokkurt skeið, að yfirfasteignamatsnefnd ákveður framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna og tekur þá ákvörðun í nóvembermánuði, en undirbúningsvinna fer fram á tímabilinu ágúst til okt. ár hvert. Jafnframt hefur staðið svo á, að ný nefnd er skipuð á haustmánuðum eða nánar tiltekið í nóvembermánuði og því hefur farið svo, að rétt um það bil sem nefndin á að skila af sér störfum á hún að ákveða framreikningsstuðla og er raunar hætt störfum þegar ákvörðun á að taka. Það ber því brýna nauðsyn til að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að skipunartími nefndarinnar falli á aðra mánuði ársins en þessa vinnumánuði, þegar ákvörðun er tekin um framreikningsstuðla, og í fullu samráði við yfirfasteignamatsnefnd hefur frv. þetta verið samið þar sem gert er ráð fyrir að skipunartími nefndarinnar skuli vera frá 15. maí til jafnlengdar að þremur árum liðnum.

Þetta er ákaflega einfalt mál og á ekki að þurfa að vera nokkurt deiluefni. Ef frv. verður að lögum verður ný yfirfasteignamatsnefnd skipuð nú með vorinu. Raunar varð samkomulag um það við þá yfirfasteignamatsnefnd sem skipuð var í desembermánuði s. l. að reynt yrði að stuðla að þessari lagabreytingu þannig að unnt væri að skipa í nefndina á nýjan leik núna með vorinu. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að afgreiða þetta mál fyrir þinglok og ættu ekki að vera vandræði með það, þar sem málið er í síðari deild og þarf ekki að valda miklum umr.

Ég vil leyfa mér að leggja til að máli þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 557). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 387). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja hér fram brtt. við 13. gr. þessa frv. Brtt. er við 3. mgr. og er á þá leið að niður falli orðin „að dómi ráðherra".

I 13. gr. er gert ráð fyrir að ekki sé hægt að gera orkusölusamning til langs tíma við iðjuver, sem nota meira en 1000 millj. kwst. á ári, án þess að leyfi ráðh. þurfi. Hitt skilyrðið er það, að samningurinn megi ekki verða til að valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Ég hygg, herra forseti að orðin „að dómi ráðherra" séu einhver dýrustu orð í íslenskri lagasmíð.

Spurningin er hvort við eigum að eiga það undir dómgreind ráðh. hvort hann lætur gera samninga, sem kemur í ljós að valda mikilli hækkun á raforkuverði til almenningsveitna, eða hvort lögin skulu vera fortakslaus á þann veg að það sé óheimilt að gera slíkan samning. Að sjálfsögðu yrði það þá að vera dómstólaatriði, ef til kæmi að slíkur samningur yrði gerður, hvort stjórn Landsvirkjunar væri ábyrg fyrir samningnum eða hvort Landsvirkjun, þ. e. eigendurnir, yrðu að bera skaða af samningnum. Einnig hlyti að koma til greina hvort samningurinn sem slíkur væri þá ekki ógildur því að það hefði ekki verið heimilt að undirrita hann á sínum tíma.

Ég tel að sú reynsla sem við höfum fengið í þessari

ríkisstj., þar sem raforkuverð frá Landsvirkjun hefur verið hækkað um 800%, hljóti að koma mönnum til að hugleiða hvort ekki sé eðlilegt að lög séu fortakslaus hvað þetta ákvæði áhrærir. Vildu menn kannske í framtíðinni, ef þannig stæði á að iðjuver í kjördæmi ráðh. væri hagstætt ef samið væri um mjög lágt raforkuverð, en yrði óhagstætt ef samið væri um eðlilegt raforkuverð, eiga það yfir höfði sér að ráðh., til að koma fyrirtækinu á laggirnar, skrifaði upp á raforkuverð sem væri fjarri öllum raunveruleika?

Ég tel að þetta ákvæði í lögum þurfi að vera fortakslaust. Ég tel mjög óeðlilegt að Landsvirkjun geti haft þann rétt, geri hún óhagstæðan samning, að hægt sé að velta raforkuverðinu yfir á almenning í þessu landi. Og við höfum reynsluna af því hvað það þýðir að hafa þessi orð inni: að dómi ráðherra. Spurningin er þessi: Vill Alþingi Íslendinga gera þessa grein fortakslausa? Vill hún hafa það alveg á hreinu að slíka samninga sé óheimilt að gera — samninga sem leiða til þess að raforkuverð hjá öllum almenningi á Íslandi hækkar? Ef Alþingi vill hafa þetta fortakslaust á að fella niður orðin: að dómi ráðherra. Vilji Alþingi geta velt slíkum hækkunum yfir á almenning þarf að hafa þetta inni. En það er líka rétt að það komi þá fram hverjir það eru sem vilja hafa leyfi til þess að hægt sé að velta yfir á almenning hækkunum sem stafa af samningum við stóriðju í landinu, herra forseti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 566) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 566 felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, SV, VG, AG, AS, IGuðn, JS, KP.

nei: ÓE, PS, RA, SighB, SkA, SteinG, SvG, BÍG, FÞ, FrS, GS, GJG, GHelg, HÁ, HBl, HG, JBH, JÞ, MHM, MB, MÁM, SvH.

ÞS, JE greiddu ekki atkv.

7 þm. (PJ, StH, ÁG, EH, GeirH, GGÞ, IGísl) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur fjölgað í þingsalnum. Ég tel að það þurfi að vera fortakslaust ákveðið í lögum hvort heimilt sé að velta yfir á almenning í þessu landi afleiðingum af röngum samningum við stóriðju. Ég tel að það eigi ekki að vera heimilt. Þess vegna segi ég já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel að þessi brtt. sé mikið til bóta, en í heild er frv. slæmt. Því miður var ég fjarverandi umr., en ætla núna að benda á að í flestum greinum á bls. 3 eru slíkar klausur: Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í reglugerð: Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið ársfundarins skal setja í reglugerð. Nánari ákvæði um reikningshald og endurskoðun skal setja í reglugerð. Svona heldur þetta áfram. Þessi brtt., þó smá sé, er til bóta og ég segi því já.

Frv. samþ. með 30:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, BÍG, FÞ, FrS, GJG, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, JE, JS, JBH, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PS, RA, SighB, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, SvH.

nei: AG, ÓÞÞ.

GS, VG greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁG, EH, GeirH, GGÞ, IGísl, PJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég gerði grein fyrir atkv. mínu um brtt. sem flutt var af virðulegum ritara þessarar hv. deildar og las þar upp úr nokkrum greinum, þar sem segir víða að nánari ákvæði skuli setja um hitt og þetta í reglugerð. Síðan kemur hér í 20. gr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eignaraðilar undirbúi, í samráði við stjórn Landsvirkjunar, reglugerð fyrir fyrirtækið þar sem setja skal nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðh. sá sem fer með orkumál."

Sem sagt: Stjórn og eignaraðilar fyrirtækisins skulu gera þetta að þeim lögum sem endanlega skuli farið eftir. Ég tel það óeðlilegt.

Ég gerði hér þá aths. við 1. umr. líka, að í 12. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins." Síðan kemur í lok greinarinnar: „Nánari ákvæði um reikningshald og endurskoðun skal setja í reglugerð."

Endurskoðunin skal fara fram á vegum fyrirtækisins sjálfs og eignaraðila. Svona er þetta frv. allt. — Þar fyrir utan er hér verið að gera að lögum samkomulag sem var gert milli eignaraðila áður en þau lög sem nú gilda um Landsvirkjun voru leidd í gildi. Ég segi nei og tel þetta slæmt frv.

Frv. afgr. til Ed.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 560). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frv. (þskj. 315). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 578).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 464, n. 510, 511). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég var truflaður um hríð af einum ráðh., sem málið er þó skylt. Ég var ekki viðstaddur og vissi ekki að umr. um þetta mál væri lokið.

Hér er um allmikið útgjaldamál að ræða. Í lögum um stjórn efnahagsmála nr. 13/1979 stendur í 13. gr.: „Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

...2. Kostnaðarmat á tillögum frv. sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma."

Ég hef ekki orðið var við að neinar slíkar upplýsingar hafi komið hér fram. Ég hef hins vegar heyrt að það geti verið um það að ræða að útgjöld af þessu frv. séu einhvers staðar á bilinu 40—80 millj. kr. Ég tel það vera skyldu samkv. lögum að gerð sé grein fyrir þessum kostnaði áður en til atkvgr. kemur og vildi ég biðja hv. nefnd að upplýsa þingheim um það áður en ég treysti mér til að greiða atkv. um þetta mál.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins upplýsa, sem öllum hv. þdm. er vitanlegt, og ekki síst hv. 3. þm. Austurl., formanni fjh.- og viðskn. Nd., að í langflestum tilvikum eru þessi ákvæði laga þverbrotin.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í framhaldi af fsp. hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar langar mig til að spyrja hvort túlka megi þessi lög þannig, að kostnaðarmat eigi líka að fara fram á yfirlýsingu ráðh. um útgjöld sem nema jafnvel sömu upphæðum og fólgin eru í þessu frv. og öðrum.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þegar þetta frv., sem nú er verið að greiða atkv. um, var til meðferðar hjá heilbr.- og trn. á síðasta þingi leitaði heilbr.- og trn. umsagnar fjárlaga- og hagsýslustofnunar um kostnaðarmat á þessu frv. Þar segir í örfáum orðum:

„Þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan hefur ekki tekist að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að áætla kostnað sem af þessu frv. leiðir, ef það verður að lögum. Engar upplýsingar liggja fyrir um tíðni heimsókna hinna ýmsu aldurshópa til tannlækna, og samanburður við Norðurlönd, þar sem kannanir á þessu hafa verið gerðar, er með öllu óraunhæfur að sögn sérfróðra manna."

Ýmislegt annað kemur fram í þessari umsögn, en niðurstaðan er sem sagt að fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur ekki treyst sér til að gera neitt kostnaðarmat á þessu frv.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Með vísun til þeirra umr. sem hér hafa farið fram og fsp. sem ekki hafa fengist svör við, þá fer ég fram á að hæstv. forseti fresti þessari atkvgr. til morguns.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Með tilliti til þessa máls og óska hv. þm. Ólafs G. Einarssonar þætti mér vænt um að hægt væri að halda fund í n. í millitíðinni og fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh. tryggingamála um hver kostnaðurinn er af þessu máli, einkum og sér í lagi með tilliti til yfirlýsingar hans varðandi svipað mál, sem hann gaf í ríkisstjórninni eigi alls fyrir löngu. Einnig hvaða lagaheimildir hæstv. ráðh. styðst við þegar um slíkar yfirlýsingar er að ræða, þannig að þm. gefist kostur á að kynna sér málið eins og það liggur fyrir í heild. Ég mæli eindregið með því, herra forseti, að málinu verði frestað til morguns.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég bendi á að málið er komið í atkvgr., umr. er lokið og útilokað að það fari neitt til nefndar á því stigi málsins. Ég tek hins vegar um það ákvörðun að genginni þessari atkvgr. að 3. umr. fari í fyrsta lagi fram á morgun. Þá gefst mönnum tækifæri til þess að fá svör við fsp. sínum. Ég ítreka að alveg er útilokað að frv. fái sérstaka meðferð eftir að það er komið í atkvgr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að heilbr.- og trmrn. mun að sjálfsögðu veita allar upplýsingar sem fyrir liggja um þetta mál, sem eru ítarlegar, og einnig hefur fjárlaga- og hagsýslustofnun farið höndum um þetta mál og tekið saman ítarlega greinargerð um það.

Ég vil hins vegar taka það fram, að það er mat rn. að það séu allar lagaheimildir þegar til í lögum til þess að taka ákvarðanir í því efni sem uppi eru tillögur um í lagafrv.

Brtt. 511,1 samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, MHM, PS, SighB, SteinG, VG, AG, BÍG, FÞ, GHelg, HBl, JE, JS, JBH, JÞ, SvH.

nei: HÁ.

MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, FrS, GS, GJG, HG, IGuðn greiddu ekki atkv.

8 þm. (MB, PJ, ÞS, ÁG, EH, GeirH, GGÞ, IGísl) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er samdóma álit flestra alþm., að því er virðist, að rétt sé að opinberir aðilar taki meiri þátt í tannlæknakostnaði en gert er nú. Því var lýst yfir um daginn að rétt væri að þetta yrði gert í gegnum almannatryggingakerfið. Hins vegar er ekki alveg sama hvernig í þetta er farið. Það getur munað æðimörgum milljónatugum hvaða regla er þarna viðhöfð, hvenær hún kemur til framkvæmda og með hvaða hætti. Þarna getur komið fleiri en ein leið til greina. Ég tel að málið sé ófullburða í því formi sem hér er verið að greiða atkv. og um brtt. greiði ég ekki atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil mótmæla því sérstaklega að það liggi ekki fyrir upplýsingar um kostnað í svo stóru máli sem þessu. Hér er verið að tala um tugi millj. og það er upplýst hér að menn hafi ekki hugmynd um hvað þetta kostar. Á sama tíma eru menn að tala um mikla erfiðleika í þjóðfélaginu. Ég tel að það hafi verið upplýst hér að málið sé illa undirbúið og það hafi ekki komið fram hvaða útgjöld hér er um að tefla og segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tel að það sé skýlaust að lagaheimildir skorti fyrir þeim greiðslum, sem ákveðið hefur verið af ríkisstj. að taka upp vegna viðgerða á tönnum. Mér þykir best að Alþingi ákveði slíkt sjálft, er samþykkur þeirri breytingu. Málið er vel

undirbúið í rn., eins og fram hefur komið. Allar upplýsingar liggja fyrir. Ég segi já.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Það kom mér mjög á óvart þegar hæstv. ráðh. lýsti því yfir hér við umr. fyrir nokkrum dögum að ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um að greiða 20% af tannlæknakostnaði. Því taldi ég rétt, þegar þetta frv. kom til afgreiðslu í heilbr.- og trn., að skapa hæstv. ráðh. lagagrundvöll til þess að standa við sína yfirlýsingu, og því segi ég já.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli ráðh. Alþb. á því að sú till. sem hér er verið að greiða atkv. um er nákvæmlega sama till. og þeir tóku ákvörðun um í ríkisstj. að standa að. Ég tel hæpið að sú ákvörðun í ríkisstj. hafi lagastoð og eðlilegt að Alþingi samþykki slíka ákvörðun. Ég segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:7 atkv.
Brtt. 511,2 samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 511,3 samþ. með 19:3 atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 16:8 atkv.
Brtt. 511,4 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 17:5 atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég heyri að herra forseti er orðinn einn besti skemmtikraftur landsins og spjarar sig vel í því starfi. En ég spyr herra forseta og nú sem dómara í fundarsköpum þessarar hv. deildar: Ef ég er nú þeirrar skoðunar að ég vil heldur af tvennu illu láta lögin taka gildi 1. júní en strax, en helst vildi ég að þau tækju ekki gildi og vera á móti greininni, fæ ég sem hv. þm. hér í þessari deild tækifæri til að láta þá skoðun mína í ljós og með hvaða hætti, ef ég fer nú fram á það, að þessi grein verði borin undir atkv. svo breytt, eins og venja er um önnur atriði? Þetta vil ég leggja í dóm hæstv. forseta.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Á þskj. 511 ber heilbr.- og trn. fram brtt., hina 4. á því þskj., um að 4. gr. orðist eins og þar segir. Þetta hefur verið samþykkt með 17:5 atkv. Að hv. þm. hefði getað komið þeim vilja sínum fram að lögin öðluðust ekki gildi með því að fella þessa till. og fella einnig þá till. sem í frv. er: Hér er um tvímælalausa afgreiðslu að tefla, sem enginn vafi leikur á um.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:12 atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, að loknum 57. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 447). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins vegna þeirra orða sem féllu hjá 1. flm. þessarar brtt. við 2. umr. málsins sem ég vildi gera örfáar aths.

Í sjálfu sér sé ég enga ástæðu til að vera að ræða við hann um hvort ég mundi sækja um yfirlæknisstöðu á Hrafnistu, en hins vegar gæti sú staða komið upp, ef hv. þm. mundi beita sér fyrir því að sjólög yrðu látin gilda þar og ég yrði ráðinn þar stýrimaður eða skipstjóri, að þá bæði mætti ég, ætti og gæti undir vissum kringumstæðum hjálpað þar til.

Hitt má til sanns vegar færa að sé rétt hjá hv. þm. að taka slíkt dæmi, vegna þess að það verður að teljast skylda ófaglærðra manna, ef hinir faglærðu eru ekki til staðar, að hjálpa ef um neyð er að ræða eða slys. Ég hef skilið þessa till. í 8. gr. svo, brtt. sem við ræðum hér, nr. 17.4. að hér sé eingöngu um að ræða heimild ef viðkomandi aðilar fást ekki til starfa — eins og stendur skýrt í greininni: hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir.

Vegna orða sem féllu líka hjá þessum hv. þm.: Hann veit og við vitum allir, hv. þm., að undir mörgum kringumstæðum taka hjúkrunarfræðingar að sér störf lækna, ekki aðeins héraðslækna, lækna úti um land, heldur líka oft og tíðum lækna hér í Reykjavík. Guði sé lof, segi ég. En það breytir því ekki, að ef hjúkrunarfræðingar eru ekki til staðar í þessum tilfellum tel ég rétt að það megi kalla aðra til. Þetta var skoðun okkar í nefndinni og að það væri á engan hátt — og þar eru m. a. tveir fyrrv. heilbrrh., eins og hér hefur komið fram, — verið að ráðast gegn þessari stétt. Við bæði virðum hana og metum sem slíka.

En það má vera, eins og mér var bent á hér fyrir framan þingsal rétt áðan, að þetta ákvæði sé vegna þeirra aðferða sem hæstv. heilbrrh. hefur tekið upp varðandi laun þeirra sem koma ófaglærðir til þessara starfa og þess tíma sem fólkið er ráðið til þó þess þurfi ekki. Ég held að hæstv. ráðh., áður en hann gefur út reglugerð um þetta mál, ef samþykkt verður svona, ætti að kynna sér hvernig launagreiðslur fara fram í öðrum starfsgreinum þegar fagfólk er ekki til staðar. Ég held að ég fari alveg rétt með það t. d. að ef maður sem ekki hefur réttindi er ráðinn í starf á skipaflotanum, sem er æðra, þar sem fagmann þarf, njóti hann þeirra launa sem starfinu tilheyra meðan hann gegnir því, en hins vegar eru uppsagnarákvæði hans á þann veg sem eru hjá hinum ófaglærða. Þegar hjúkrunarfræðingur kæmi og segði „Nú er ég tilbúinn að taka við starfinu", þá ætti uppsagnartími að gilda eins og gildir fyrir sjúkraliða almennt, en ekki að vera til staðar 6 eða 12 mánaða ráðningarsamningur við viðkomandi aðila. Ef þetta er gert tel ég vera ráðist að starfi hjúkrunarfræðinganna. En þetta er hægt að leysa með reglugerð og ætti þess vegna að gera til að losa okkur út úr þessu máli, því að ég er alveg viss um að það er enginn hér inni sem vill á einn eða annan hátt ráðast að neinni þeirri stétt sem um er rætt í þessu ágæta frv. að öðru leyti.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég spyr: Er það virkilega meining hv. flm. þeirrar brtt., sem hér er til umr., að þau sveitarfélög, sem eru svo óheppin að hjúkrunarfræðingar eða ljósmæður fást ekki til starfa á heilsugæslustöð, þurfi þar til viðbótar að yfirtaka skyldur ríkissjóðs til launagreiðslna starfsfólks heilsugæslustöðva? Er það ekki nægilegt ólán fyrir viðkomandi sveitarfélög að geta ekki skaffað sínum íbúum lögboðna heilsugæslu, þó að þau þurfi ekki þar til viðbótar að borga stórfé sem ríkissjóði bæri ella að

borga?

Sú grein, sem brtt. gerir ráð fyrir að falli niður, gengur út á það eitt að sveitarfélögum sé hlíft við auknum útgjöldum ef þannig stendur á að alls ekki fáist hjúkrunarfræðingar eða ljósmæður til starfa. Auðvitað er betra að hafa sjúkraliða á heilsugæslustöð en ekki ef ekki fást hjúkrunarfræðingar á sama hátt og það er betra að hafa hjúkrunarfræðing en ekki ef ekki fæst læknir.

Ég vil taka það skýrt fram að það var alls ekki meining þeirra sem unnu að samningu frv. að þetta yrði til að skerða rétt hjúkrunarfræðinga, síður en svo. Þessi grein gengur eingöngu út á það eitt að tryggja rétt viðkomandi sveitarfélaga.

ATKVGR.

Brtt. 564 samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, PP, SighB, SV, SteinG, VG, ÞS, AS, FrS, GHelg, HÁ, HBl, JS, JBH, JÞ, SvH.

nei: PS, RA, SkA, SvG, AG, BÍG, GJG, HG, JE, KP, MHM.

ÓÞÞ, StH, GS greiddu ekki atkv.

9 þm. (PJ, ÁG, EH, FÞ, GeirH, GGÞ, IGuðn, IGísl, MB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sala Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, frv. (þskj. 316, n. 480). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn. Nd. varðandi frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi í Rangárvallasýslu.

Nefndin hefur fjallað um málið og rætt við forstöðumann jarðeignadeildar ríkisins, sem veitti nefndinni upplýsingar um þau atriði sem hún óskaði eftir að fá skýringar við. Við þá athugun, sem nefndin hafði uppi, kom ekki neitt það fram sem mælti gegn því að slík heimild yrði veitt sem er farið fram á í þessu frv. Fyrir því leggur landbn. til við hv. Nd. að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Lokunartími sölubúða, frv. (þskj. 4, n. 174 og 192). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur haft til athugunar frv. til l. um lokunartíma sölubúða. Frv. þetta er efnislega shlj. frv. sem flutt var á síðasta þingi og þá leitaði allshn. allvíða álits á því frv. og taldi því ekki ástæðu til að leita álits á því frv. sem flutt er á yfirstandandi þingi.

Þau álit sem allshn. fékk á síðasta þingi voru sundurleit að efni og ég held að það sé nauðsynlegt að fara örfáum orðum um þessi álit.

Kaupmannasamtök Íslands sendu frá sér álit og lýstu furðu sinni á fram komnu frv. varðandi lokunartíma sölubúða. Samtökin telja að eins og aðrar starfsstéttir eigi það fólk sem vinnur verslunarstörf fullan rétt á að skynsamleg löggjöf sé í gildi um atvinnu þess. Ennfremur segir í þessu áliti, að í nær öllum nágrannalöndum okkar séu í gildi lög um afgreiðslutíma verslana, sem koma í veg fyrir vinnuþrælkun og mismunun á opnunartíma verslana eftir sveitarfélögum. Einnig telja samtökin að nauðsynlegt sé að sett verði lög sem tryggi verslunarfólk fyrir óhóflegum vinnutíma og verslunina gegn stórauknum kostnaði sem óhjákvæmilega kæmi fram í hærra vöruverði.

Það er tillaga Kaupmannasamtakanna að sett verði lög um opnunartíma verslana og honum verði skipt í þrennt:

Í fyrsta lagi verði ákvæðið um svonefndan grunntíma, sem verði á tímabilinu frá kl. 9—18 fimm daga vikunnar og frá 9—12 á laugardögum. Einnig verði ákvæði um valtíma, þar sem heimilt verði að hafa verslanir opnar ákveðinn tímafjölda á viku að auki, t. d. átta tíma. Og í þriðja lagi vilja þau að ákveðið verði um tímabundin frávik frá þessum grunntíma og valtíma og það yrði vegna atvinnustarfsemi eða þjónustu við ferðamenn eða vegna mannfagnaðar.

Bæjarstjórn Seltjarnarness taldi sig í grundvallaratriðum vera samþykka frv., en bendir þó á að nauðsynlegt geti reynst að hafa í gildi reglur m. a. um lágmarksopnunartíma til að tryggja rétt neytenda, svo og reglur er komi í veg fyrir truflun í íbúðahverfum vegna nætursölu.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps lýsti einnig stuðningi við frv., en bendir á að á hinn bóginn hljóti starfsemi verslana sem og annarra aðila að takmarkast við það að valda ekki nærliggjandi íbúðahverfum og öðrum hlutaðeigandi aðilum ónæði eða tjóni. Hreppsnefndin segir að eðlilegt sé að marka slíkan ramma í lögreglusamþykktum, þannig að lög nr. 17 frá 1936 virðast hreppsnefndinni vera óþörf.

Samband ísl. samvinnufélaga álítur að eðlilegt sé að þjónustutími verslana sé ákvarðaður af hverju sveitarfélagi fyrir sig, enda beri sveitarstjórnir ábyrgð á nægri og skynsamlegri þjónustu til handa íbúunum hver á sínu félagssvæði.

Bæjarstjórn Kópavogs lýsti andstöðu sinni við frv. Bæjarstjórnin telur ekki rétt að fella úr gildi lög nr. 17 frá 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og álítur rétt að heimild til setningar reglugerðar um lokunartíma og fleira sé hjá hverri sveitarstjórn, sérstaklega með tilliti til mismunandi aðstæðna í hverju sveitarfélagi.

Landssamband ísl. verslunarmanna lét í ljós það álit, að það hefði kynnt sér rækilega umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur um frv. Telur landssambandið að þar komi fram allt það helsta sem það vilji um málið segja.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur sendir frá sér ítarlegt álit, sem mælir gegn þessu frv., og telur félagið að það hafi sýnt sig að ekki sé unnt að koma á vaktaskiptum í verslunum nema að mjög litlum hluta. Slíkt hafi verið reynt árið 1965 með skipulögðum hætti

samkv. samningum milli aðila vinnumarkaðarins, en reyndist óframkvæmanlegt. Hafa verður í huga, segir félagið, að um 3000 manns vinna í 600—700 verslunum á félagssvæði VR og ef koma á við vaktaskiptum þyrfti að tvöfalda tölu starfsmanna. Allir sjá að slíkt er ekki auðvelt og sá vinnukraftur liggur ekki á lausu, segir félagið.

Þá segir félagið, að rétt sé að benda á að enda þótt verkalýðshreyfingin hafi að mörgu leyti eflst síðustu áratugina og ætti þess vegna að vera betur í stakk búin en áður að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna án lagaverndar, eins og bent er á í grg., hafi Alþingi talið ástæðu til að setja löggjöf í síauknum mæli á undanförnum árum um fjölmörg hagsmunamál launþega. Má þar t. d. nefna lög um 40 stunda vinnuviku, lög um orlof, lög um aðbúnað á vinnustöðum og lög um starfskjör launafólks, svo fáein dæmi séu nefnd.

Verslunarmannafélagið víkur að því að í grg. með frv. sé því haldið fram að mjög strangar reglur gildi um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík. Hið rétta er, segir félagið, að samkv. gildandi reglum er hægt að veita þjónustu í 70 stundir í viku yfir þrjá sumarmánuði, júní til ágúst, og 78 stundir í viku níu mánuði ársins. Segir félagið að tæplega sé réttmætt að tala um að slíkur þjónustutími sé mjög þröngur, þar sem hann nálgast að vera helmingi lengri en dagvinnutími flestra stétta. Ekki er að efa að neytendum þætti þetta ríflegur tími hjá opinberum stofnunum, sem ekki hafa treyst sér til að veita þjónustu nema brot af þessum tíma, segir í áliti félagsins.

Félagið bendir einnig á að bæði lögreglustjórinn í Reykjavík og borgarlæknir hafi á sínum tíma eindregið mælt gegn afnámi reglugerðar um opnunartíma sölubúða í Reykjavík, þegar till. var um það flutt í borgarstjórn á árinu 1966. Félagið segir að í umsögn lögreglustjórans hafi sagt m. a.:

„Frá löggæslulegu sjónarmiði væri það óæskileg þróun ef engar hömlur væru settar um afgreiðslutíma verslana og þær mættu vera opnar að næturlagi. Gæti það leitt til ýmiss konar vandkvæða. Nægir í því sambandi að benda á tilhneigingu fólks til þess að senda börn og ungmenni til innkaupa utan löglegs útivistartíma, vaxandi ölvun á almannafæri er líða tekur á kvöld, svo og það að ólögleg starfsemi kynni að þróast í verslunum ef þær hefðu ótakmarkaða heimild til sölu að næturlagi."

Í umsögn borgarlæknis sagði m. a.:

„Það verður að teljast afturför ef sælgætis- og tóbaksverslanir, sem nú selja um söluop, yrðu opnaðar aftur fyrir viðskiptavini og þannig stofnað að nýju til svokallaðs búðarhangs unglinga, sem á sínum tíma var mikið og réttilega gagnrýnt opinberlega."

Að síðustu vil ég víkja að umsögn Verslunarráðs Íslands. Ráðið tekur undir þær skoðanir er fram koma í grg. með frv., en engu að síður telur Verslunarráðið frv. ófullnægjandi og sendi frá sér drög að lögum um afgreiðslutíma verslana, þar sem segir í 1. gr. að afgreiðslutími verslana skuli vera frjáls, en engu að síður og ennfremur segir í 3. gr. að afgreiðslutíma verslana sé ekki heimilt að binda í kjarasamningum vinnuveitenda og stéttarfélaga og í 5. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. sé sveitarfélögum heimilt að setja reglur um afgreiðslutíma verslana í sínu byggðarlagi þegar slíkar reglur hafa þann tilgang að vernda frið í íbúðarhverfum eða taka mið af almennum öryggissjónarmiðum.

Samband ísl. sveitarfélaga sendi frá sér álit og stjórn þess lýsti sig einróma samþykka frv.

Eins og að framan greinir hníga öll þessi álit í mismunandi áttir og er ekki auðvelt að leita í þeim að leiðbeiningum um með hvaða hætti væri eðlilegast að afgreiða þetta frv.

Megininntak þessa máls er það, að um það er deilt hvort rétt sé að viðhalda þeirri reglu, sem verið hefur í lögum á Íslandi allt frá árinu 1917, sem kveður á um það, að hvert sveitarfélag hafi heimild til þess að setja um það samþykktir hve lengi sölubúðir séu opnar í viðkomandi sveitarfélagi. Þeir sem vilja afnema þessa heimild sveitarfélaganna til að takmarka opnunartíma sölubúða vilja að opnunartíminn sé fullkomlega gefinn frjáls, en aðrir, sem eru mótfallnir því að þessi heimild sé afnumin, telja að það sé eðlilegt og sjálfsagt að sveitarfélögin á hverjum stað taki ákvörðun um með hvaða hætti opnunartíma sölubúða sé háttað í sveitarfélaginu og það megi treysta því að sveitarfélögin á hverjum tíma hafi yfir það yfirsýn hvað henti í sveitarfélaginu.

Þessi er skoðun meiri hl. allshn. Nd. og leggur n. því til að þetta frv. verði fellt. Að þessu áliti nm. standa sex nm., en Vilmundur Gylfason, 4. þm. Reykv., skilaði séráliti og lagði til að frv. yrði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem hv. alþm. þekkja, að ég hygg, allvel, bæði vegna þess að það var flutt áður á 104. löggjafarþingi og þá fellt og eins vegna hins, að hér fór fram allítarleg umr., þar sem var vítt og breitt farið yfir akurinn, við 1. umr. málsins.

Frv. sem lagt er fram er í raun og veru sáraeinfalt. Það er aðeins lagt til að tiltekin lög nr. 17/1936, um lokunartíma sölubúða, falli niður og þar með sé þeim sem verslunarstörf stunda heimilt að hafa opið svo sem þeir óska eftir.

Herra forseti. Það hafa verið flutt svo mörg og mikil rök bæði með þessu og móti að ég vil ekki vera að tefja tímann svo seint að kvöldi til að yfirfara þau eina ferðina enn. En ég vil þó aðeins vekja athygli á því, að í fskj. 1, sem þessu frv. fylgir, er samantekt sem gerð var af Kaupmannasamtökum Íslands um afgreiðslutíma verslana í nokkrum löndum.

Svo furðulegt var að þau sendu þetta plagg frá sér, að ég held, sem rökstuðning með þeim þvingandi reglum sem í raun hafa gilt hér fyrir tilstilli löggjafans. En sannleikurinn er sá, að þegar menn skoða þetta efnislega er hvergi um viðlíka þvinganir að ræða og hér hafa verið. Og til marks: Annað landið sem nefnt er er Svíþjóð. Þar afnámu jafnaðarmenn slíka reglu árið 1972. Þar er opnunartíminn frjáls. Hitt er svo annað mál, að þeir lýsa þeim meginreglum sem í gildi eru og kemur í ljós að meginreglurnar í löndum eins og Svíþjóð eru ávísun á miklu betri þjónustu en hér viðgengst víða, og er ég þá auðvitað fyrst og fremst að tala um stór-Reykjavíkursvæðið.

Það er augljóst að þetta frv. er ekki síst flutt fyrir neytendur í Reykjavík. Ég vildi biðja hv. alþm. að hafa á því skilning, jafnvel þótt þeir þekki best til í byggðarlögum þar sem þessu háttar með skikkanlegri hætti, sem auðvitað oft er, þar sem návígið er meira og

smæðin meiri, fólksfæðin meiri, að þetta er verulegt vandamál hér í Reykjavík. Þetta er vandamál vegna þess að við um það bil 40 ára aldurinn eða svo hefur samskiptamunstur fólks tekið nokkrum breytingum, sem sé þeim, að miklu hærra hlutfall fólks í hjónabandi eða í sambúð af öðru tagi vinnur utan heimilis.

Nú er það svo, og það mun væntanlega nokkuð breytast í þeim kosningum sem eru að koma, að meðalaldur inni á hinu háa Alþingi er allmiklu hærri en meðalaldur úti í samfélaginu. Ég held að menn geri sér ekki til hlítar grein fyrir því að millistríðsmunstrið var töluvert öðruvísi í þessum efnum. En þetta hefur breyst. — En það er hætta á að stofnun eins og löggjafarsamkoma sé alltaf allmikið á eftir í skilningi á nákvæmlega svona málum. Það er vandamál að það skuli vera búið að loka öllum matvörubúðum í Reykjavík kl. 6.

Þetta mál snýst um hreina hagnýta hluti af þessu tagi. Þess utan er það meiri háttar röksemd frá minni hálfu, frsm. minni hl. allshn. og flm. að þessu frv., að í raun mundi samþykkt þessa frv. vernda samkeppnisaðstöðu þeirrar stéttar fólks sem kölluð hefur verið „kaupmaðurinn á horninu". Við megum aldrei gleyma því, líka í þéttasta þéttbýli, að kaupmaðurinn á horninu gegnir stærra hlutverki en því að vera höndlari með matvöru. Í tilvist hans er fólgið öryggi. Búðirnar eru að hluta til félagsmiðstöðvar. Börn sem koma heim og komast ekki inn til sín, lykillaus eða slíkt, fá að hringja þarna.

Við skulum alveg átta okkur á því, að í raun er þetta hagsmunamál þar sem hinir stærri kaupmenn eru að takast á við hina smærri kaupmenn. M. ö. o.: þeir sem vilja loka kl. 6 eru þeir sem hafa allmikinn hluta af kostnaði sínum byggðan á launavinnu annarra. Um hina, sem eru að reka hin smærri fjölskyldufyrirtæki, gilda önnur lögmál. Og ástæðan fyrir því að t. d. Kaupmannasamtökin hafa svo mjög krafist þess að meiri hl. Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur láti loka kl. 6 er krafa í raun frá hinum stærri kaupmönnum sem horfa í þann launakostnað sem fylgir yfirvinnu í þessum efnum. Þetta vita guð og menn, hvað svo sem menn segja. En með litlu fjölskyldufyrirtækjunum, og ég dreg enga dul á þá almennu lífsskoðun mína, hef ég innbyggða samúð og ekki aðeins vegna þess að smátt er fagurt í öllum grundvallaratriðum, heldur hins, að slík fyrirtæki mynda félagslegt öryggisnet. Þau eru ávísun á mannúðlegra samfélag. (Gripið fram í.) Að þessu leytinu til geri ég það.

M. ö. o.: heimspekin að baki þessu frv. er sú, að þarna fara saman hagsmunir nútímalegra neytenda annars vegar og hinna smæstu eininga í atvinnurekstri hins vegar og fyrir slíka er þetta frv. flutt.

Ég var að gamna mér við það að velta mönnum upp úr því hve afstaða til frelsisins er stundum beggja blands. Það er furðulegt að þeir sem helst og oftast mæla hér fyrir afstæðu frelsi skuli ekki styðja svona mál, skuli vilja hafa opið, heldur hamlanir á því hvenær einhver karlmaður eða einhver kona fer að höndla matvörur. En látum það allt vera. Það vita allir að slík frelsisrök eru oftar en ekki grín og eiga ekkert skylt við kenningar af einu eða neinu tagi, heldur hreina hagsmuni. Ég skal ítreka að t. d. þeir hv. þm. Sjálfstfl. sem æ ofan í æ hafa fellt þetta mál eru auðvitað ekki að tala um neitt frelsi, hvorki afstætt né með öðrum hætti, heldur eru þeir að verja hagsmuni og það eru hagsmunir hinna stærri kaupmanna. Stærð þeirra er út af fyrir sig ekki mæld í umfanginu, heldur í hinu, hve margir tengjast þeirra atvinnurekstri í launavinnu.

Það er vel skiljanlegt að það þurfi að setja sérstök lög til varnar verslunarfólki árið 1936 og þar á undan árið 1917, vegna þess að þá var verkalýðshreyfingin svo lítil og vanmegnug. Þetta ætti að hafa gerbreyst. Þetta sérstaka verkalýðsfélag er því miður með linara móti og fyrir því er löng og harmi slegin saga að vísu frá bæjardyrum verkalýðshreyfingarinnar skoðað. En engu að síður er sú röksemdafærsla röng að hér sé verið að leggja til einhverjar sérstakar kvaðir á verslunarfólk. Í landinu eru í gildi lög af ýmsu tagi, t. d. um vinnutíma og annað slíkt, til varnar launafólki. Slík lög gilda auðvitað eftir sem áður um verslunarfólk eins og alla aðra. Það sem við segjum er það, að engin ástæða er til að taka það fólk út úr sem við verslanir starfar.

Herra forseti. Um þetta mál mætti hafa langt mál. Svo gæti ég auðveldlega ögrað hv. 7. þm. Reykv. t. d., sem hefur verið erkiíhaldsmaður í þessu máli, eins og fleiri málum raunar. En vegna þess hvernig háttar til um störf þingsins og annað slíkt sé ég ekki ástæðu til þess að sinni.

Rök með og móti í þessu máli eru vel þekkt. Ég vek athygli á fskj. 1 og 2, sem prentuð eru með þessu frv. til l., og ég vil aðeins enda á því að undirstrika að við erum auðvitað ekki að tala um afstæða hluti, heldur hreina hagsmuni. Þetta eru hagsmunir a. m. k. yngri kynslóða, neytenda í þéttbýli, og smárra eininga í þessum atvinnurekstri, sem jafnframt því að gegna verslunarhlutverki gegna einnig bæði félags- og öryggishlutverkum og hafa átt í vök að verjast. Þetta frv. fjallar efnislega um að rétta samkeppnisaðstöðu þeirra af gagnvart hinum stærri einingum.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Það er komið miðnætti og kannske ekki ástæða til að lengja umr. almennt mikið og kannske spurning hvort þingið á að starfa miklu lengur svona kvöld eftir kvöld. En ég tel þó ástæðu til að fara nokkrum orðum um þetta frv., þar sem ég var ekki til staðar þegar 1. umr. þess fór fram.

Ég vil taka það strax fram, að ég ætla að mæla nokkur orð til stuðnings þessari till., sem hv. 4. þm. Reykv. Vilmundur Gylfason hefur hérna flutt, og áliti minni hl. hérna.

Ég hef verið búsettur bæði hérna í Reykjavík, þar sem þessum ákvæðum er beitt af mjög mikilli hörku um opnunar- og lokunartíma verslana, og ég hef undanfarin allmörg ár, tæp 13 ár, búið suður í Keflavík, þar sem þessu ákvæði hefur ekki verið beitt. Á því tímabili sem ég hef búið suður frá hefur orðið breyting. Þar voru söluop opin fyrstu árin sem ég bjó þar, einungis með takmörkuðu vöruvali, sem að vísu var aldrei farið nákvæmlega eftir, heldur var alltaf verið að bæta við vörutegundum eftir vörutegund. Auðvitað var viðskiptavininum, sem kom og beið kaldur fyrir utan dyr, seldur mjólkurpottur er á vantaði vegna þess að söluopin voru auðvitað ekkert nema partur af versluninni.

Endirinn varð sá, að verslanir voru hafðar opnar eins lengi og kaupmenn ákváðu og náðu samningum við sína starfsmenn um. Reynslan hefur verið sú, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir bæjarstjórnar Keflavíkur til þess að kaupmenn kæmu sér þá saman um tillögur á hvern hátt yrði staðið að þessum málum hefur slíkt samkomulag

ekki náðst formlega, en óformlega hefur það náðst á þann hátt að verslanir eru almennt opnar til kl. 10 á kvöldin, en 8 um helgar og til, held ég að ég muni rétt, kl. 1 á sunnudögum, og segi ég sunnudagsopnunina með nokkrum fyrirvara þó.

Ég hef ekki orðið var við nein vandkvæði í framkvæmd þessa atriðis suður í Keflavík frá löggæslusjónarmiði eða hangs í sjoppum á einn eða annan hátt. Og ég verð að segja það, að ég held að Keflvíkingar almennt séu mjög ánægðir með þessa þjónustu. Ég held að starfsfólkið sé það í raun líka vegna þess að þetta eykur þó vinnutímann hjá því og það fær þarna aukavinnu greidda eftir því sem samningar gera ráð fyrir á hverjum tíma.

Það var meira að segja svo um tíma, — og verslanirnar hjá okkur suður frá held ég að teljist allar vera heldur í stærri mælikvarðanum, það er minna um kaupmanninn á horninu, eins og Vilmundur talaði um áðan, heldur meira um markaði, — að allmargir komu úr Reykjavík til að versla í þessum mörkuðum okkar á kvöldin og ekki síst um helgar.

Ég held að það sé óvarlegt að fella þessa till. frá hv. þm. Þetta eru lög sem eru búin að vera í gildi frá árinu 1936, sem er að mjög takmörkuðu leyti farið eftir nema í einstaka sveitarfélagi, eins og t. d. í Reykjavík, og ég held að það sé kominn tími til að afnema þau að fullu. Það má þá endurskoða þessar reglur eftir nokkur ár ef þær þykja gefa slæma reynslu. En reynslan suður í Keflavík, fullyrði ég, bæði eftir áliti starfsmanna að dæma og ég tala nú ekki um viðskiptavinanna, er góð.

Ég legg til að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, AS, GHelg, JE, JBH, MHM, PP, RA, SighB, StH, SteinG.

nei: SvG, ÞS, AG, BÍG, FrS, GS, GJG, HÁ, HBl, IGuðn, IGísl, JÞ, ÓE, ÓÞÞ, PS, SkA, SV, SvH.

HG greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁG, EH, FÞ, GeirH, GGÞ, JS, KP, MB, MÁM, PJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þessi grein fjallar um það eitt að niður falli lög nr. 17/1936, sem heimila sveitarstjórnum að setja reglur um þennan opnunartíma, og ég vísa til þess hversu þessu hefur verið beitt hér í Reykjavík. Ég vil minna á að tveir sveitarstjórnarmenn, hvor á sínum staðnum, annar er raunar meðflm., hv. þm. Magnús H. Magnússon úr Vestmannaeyjum, og hinn er Jóhann Einvarðsson úr Keflavík, hafa báðir við umr. um þetta mál lýst því, að í þeirra byggðarlögum er þessu háttað með frjálsum hætti og virðast allir hafa haft gagn af, bæði neytendur og þeir sem við verslanirnar starfa. Hins vegar er þvingunum beitt hér í Reykjavík. Ég segi já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að mótmæla því sem kom fram hjá virðulegum 4. þm. Reykv. Engum þvingunum hefur verið beitt af sveitarstjórnum á þessu svæði, í Reykjavík síst af öllu. Þar hafa átt sér stað frjálsir samningar milli atvinnurekenda og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Því mótmæli ég þeim ummælum sem hann lét hér falla og segi nei.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég viðurkenni að hér er á ferðinni betra orðalag en hv. flm. hafði á sinni till. á síðasta þingi. Ég tel að opnunartími verslana eigi að vera sem lengstur og henta neytendum sem best. Hins vegar er eðlilegt, að mínu mati, að ákvörðunarvaldið sé hjá sveitarstjórnum, sem best geta metið á hverjum stað hvernig fara skuli með þetta mál, enda eru þær hæfastar til að meta slíkt og bera á því pólitíska ábyrgð. Ég segi því nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Nú hefur það enn einu sinni gerst að sá stjórnmálaflokkur hér á þingi sem hefur frjálsa samkeppni á stefnuskrá sinni greiðir atkv. gegn henni þegar tillögur um slíkt koma fram. Ég segi já.

Frv. þar með fallið.

Neðri deild, 59. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, að loknum 58. fundi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 574). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um fjáröflun til vegagerðar, en frv. þetta var lagt fyrir Ed. og hefur verið afgreitt þaðan nýverið.

Frv. þetta felur það í sér að lagt er gjald, svokallað veggjald, á eigendur bifreiða eftir þyngd bifreiðanna. Gjaldið er lagt á allar bifreiðar og nemur 1 kr. á hvert kg bifreiðar upp að ákveðnu marki eftir breytingu sem gerð hefur verið á frv. í Ed., en þegar frv. var lagt fram var gjaldið lagt á allar bifreiðar, 1 kr. pr. kg.

Samþykkt þessa frv. er forsenda þess að unnt sé að afgreiða vegáætlun með þeim hætti sem undirbúið hefur verið og rætt hefur verið í fjvn. seinustu dagana og ljóst er að ef frv. nær ekki fram að ganga yrðu vegaframkvæmdir í landinu 120 millj. kr. minni á þessu ári en ella verður og mundi það fyrst og fremst koma niður á varanlegu slitlagi. Á það hefur verið bent við meðferð málsins að hér sé ekki alfarið um að ræða nýjar álögur á bifreiðaeigendur, vegna þess að með lækkun aðflutningsgjalda á seinustu tveimur árum hafa aðflutningsgjöld verið lækkuð að því marki að bifreiðaeigendur eða þeir sem kaupa bifreiðar á árinu 1983 mundu hafa greitt 120 millj. kr. meira en þeir gera ef ekki hefðu verið lækkuð aðflutningsgjöldin. Það má því með nokkrum rétti segja að hér sé um að ræða skipti á gjöldum þannig að í staðinn fyrir aðflutningsgjöld, sem hafa verið lækkuð, kemur hér sérstakt veggjald. Og upphæðin er í grófum dráttum sú sama, a. m. k. sú upphæð sem miðað var við þegar frv. var lagt fram, þ. e. 120 millj. kr.

Í Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv., þar sem

á það var bent að eigendur vörubifreiða og vöruflutningabíla hefðu ekki notið þess hagræðis sem felst í lækkun aðflutningsgjaldanna, heldur hefði sú lækkun fyrst og fremst komið til góða eigendum smábíla. Með hliðsjón af þessu var ákveðið af Ed. að lækka gjaldið á bifreiðar og bifhjól, sem eru þyngri en 2 tonn, og hæst verður veggjaldið 7600 kr. fyrir hverja bifreið eftir þá breytingu sem Ed. hefur gert, en að sjálfsögðu gat gjaldið farið allmiklu hærra eins og frv. var upphaflega lagt fram miðað við 22 tonna þyngd á bifreiðum, sem getur stundum verið um að ræða. Þá hefði gjaldið orðið þrisvar sinnum hærra en nú hefur verið ákveðið. Enginn vafi er á að þessi breyting er mjög til bóta, mjög skynsamleg, og var hún raunar gerð í samráði við mig, enda var ég þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt-væri að koma til móts við sjónarmið vöruflutningabifreiðaeigenda og gefa nokkurn slaka miðað við það sem upphaflega var ráðgert með frv.

Í öðru lagi er á það að benda að gúmmígjald er aflagt með þessu frv., en vegna þess að eigendur vörubíla og vöruflutningabíla hafa ekki notið góðs af tollalækkun eða lækkun aðflutningsgjalda með sambærilegum hætti og eigendur smábíla hefur verið ákveðið í Ed., einnig að höfðu samráði við mig, að lækka tolla á hjólbörðum, sem ætlaðir eru fyrir vöruflutningabifreiðar, úr 40% í 20%. Þá er að sjálfsögðu ekki aðeins um að ræða að tollurinn á hjólbörðum lækki, heldur lækkar þá söluskatturinn líka vegna þess að hann leggst ofan á tollinn. Þetta er áreiðanlega hvort tveggja sanngjarnt og eðlilegt miðað við að þessi tegund bifreiða naut ekki lækkunar á aðflutningsgjöldum eins og smábílarnir. Hitt er annað mál, að engir hafa meiri hag af lagningu varanlegs slitlags á vegi en eigendur vörubíla og vöruflutningabifreiða, og raunar má heita víst að þeir hefðu fengið verulegan hluta, ef ekki allan þennan skatt, endurgreiddan með hækkuðum töxtum.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta mál. Hraða þarf afgreiðslu þess eins og nokkur kostur er, því að ekki er hægt að taka vegáætlun hér fyrir til endanlegrar afgreiðslu fyrr en búið er að afgreiða þetta mál. Ég vil því leyfa mér að skora á hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hraða afgreiðslunni eins og kostur er.

Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég er ósammála hæstv. fjmrh. um að ekki sé ástæða til að fjölyrða um þetta frv., en mér er alveg ljóst að til þess er enginn tími. Það er verið að þrýsta þessu hér í gegn á allra síðustu dögum, og óljóst er hvers vegna var ekki hægt að vinna í þessu máli, en nokkur tími er liðinn síðan það var lagt fram þar sem þetta er 198. mál þingsins.

Ég vakti á því athygli í mínum þingflokki að það væri hálfhráslagalegt að það fólk sem vegna heilsubilunar verður að hafa bifreið og fær til þess nokkurn styrk, ýmist frá Tryggingastofnun eða í formi niðurfellingar á aðflutningsgjöldum, skuli nú þurfa að fara að taka þátt í að fjármagna vegi landsins.

Í nál. segir hér, með leyfi forseta:

„Samkv. upplýsingum frá fjmrn. og tollstjóraembættinu er talið að flókið yrði að framkvæma slíka eftirgjöf."

Þetta er hreinasta bull, einfaldlega vegna þess að hvorki fjmrn. né tollstjóraembættið eru í nokkru standi til að gefa upplýsingar um þetta. Það er ein stofnun sem getur gert þetta og á áreiðanlega listann tilbúinn og það er Öryrkjabandalag Íslands, þar sem fólk sækir um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum á bifreiðum.

Þetta er einn leiður kvilli við afgreiðslu mála hér, að til eru kallaðir á nefndarfundi misjafnlega áhugasamir embættismenn og fylla þm. af því að þetta sé svo óskaplega erfitt í framkvæmd svo að þm. gefast bara upp að láta þessa menn vinna. Þeir hafa hins vegar ekkert annað að gera. Í þessu tilfelli vita fulltrúar fjmrn. og tollstjóraembættis ekki nokkurn skapaðan hlut um hvað þeir eru að tala. T. d. getur Tryggingastofnun ríkisins auðveldlega gefið upplýsingar um hverjir njóta örorkustyrks vegna rekstrar bifreiða og Öryrkjabandalag Íslands veit upp á hár hverjir hafa fengið niðurfellingu. Ég vil þess vegna skora á hv. fjh.- og viðskn. Nd. að huga ofurlítið betur að þessu máli og vita hvort þetta er svo óleysanlegt vandamál að ekki megi hlífa þessu fólki við að borga þennan toll, sem mér sýnist geta orðið 1000 kr. á meðalbifreið. Einmitt þetta fólk á gjarnan nokkuð góðar bifreiðar af augljósum ástæðum.

Ég sætti mig ekki við að þessu sé sleppt héðan vegna upplýsinga frá embættum sem kemur þetta mál ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég vil beina því til hv. formanns fjh.- og viðskn. að spyrja nú rétta aðila um þetta mál og kanna hvort þetta er eins óleysanlegt og þeir herrar hjá tollstjóra og fjmrn. hafa haldið fram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hér er um hinn mesta vandræðaskatt að ræða, sem kemur illa og óheppilega niður. Það er miklu réttara að mínum dómi að miða skattlagningu sem þessa við notkun tækjanna fremur en þyngd þeirra. Þetta er að vísu einfalt í innheimtu, en það er eftir því óréttlátt.

T. d. kemur þessi skattur ákaflega illa við búrekstur, vegna þess að búrekstur krefst þess að jeppi sé á búinu í flestum tilfellum. Gjarnan er hann lítið notaður, en ákaflega nauðsynlegur til að unnt sé að reka búskapinn með eðlilegum hætti. Mér sýnist að þrjú lambsverð á s. l. hausti fari í þennan skatt eða hátt á þriðja lambsverð — bara til að borga þennan aukaskatt af jeppa sem kannske er mjög lítið notaður en þó óhjákvæmilegt að hafa. Jafnframt krefst búskapur í stórum stíl þess að á búinu sé vörubíll. Hann er líka lítið notaður í flestum tilfellum. Þetta er veruleg skattheimta fyrir tæki sem eru lítið notuð.

Ég viðurkenni þó að þetta mál skánaði í meðferð Ed., en mér fyndist að það þyrfti enn að batna.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki flytja langa tölu um þetta mál, sem kemur hér frá hv. Ed. Það er þó athyglisvert við 1. umr. þessa máls hér í hv. Nd. að tveir hv. þm. stjórnarflokkanna gera aths. við þetta mál, annars vegar hv. 8. landsk. þm. og hins vegar hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl.

Það kom fram, líkast til við 3. umr. fjárlaga, þegar þau voru afgreidd fyrir jól, í ræðu hæstv. samgrh., að til stæði að setja þennan skatt á landsmenn til að standa undir gjöldum til vegagerðar. Ég vil gagnrýna slíka málsmeðferð. Auðvitað var eðlilegt að strax í haust hefði verið ráðgert hvernig standa skyldi straum af kostnaði við þessi mál og er alls ófullnægjandi hvernig

að þessum málum er staðið hvað þetta varðar.

Í öðru lagi held ég að það fari ekki milli mála, og verður það vonandi skýrt betur fyrir mér í þessari umr. ef svo er ekki, að talsverðir fjármunir af gjöldum á umferð og umferðartæki, bæði bensín, innflutningsgjöld og tollar, fara beint í ríkissjóð. Hér er þess vegna um algerlega nýja skattheimtu að ræða til viðbótar við hina stórkostlegu skattheimtu sem átt hefur sér stað hjá hæstv. núv. ríkisstj. og forvera hennar vegna þess eins að fjármunir sem gætu farið til vegamála hafa verið teknir til annarra nota. Auðvitað fer viss hluti þessarar skattheimtu beint út í verðlagið, einkum og sér í lagi þegar um er að ræða skattheimtu þeirra aðila sem hafa atvinnu af því að reka flutningatæki, bæði fólksbifreiðar og vöruflutningabifreiðar.

Ég viðurkenni, eins og hv. síðasti ræðumaður, að þetta frumvarp hefur lagast, það hefur skánað heldur í meðferð Ed., en ég vek athygli á því, hverju er verið að læða inn í þessu frv. Ég vísa til aths. við 1. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu er lagt til að gúmmígjald verði fellt niður, en þess í stað kveðið á um greiðslu árlegs veggjalds er skuli vera 1 kr. af hverju kg eigin þyngdar bifreiðar."

Með þessu orðalagi er auðvitað verið að gefa það í skyn að þarna sé samræmi á milli gjalda. En ég þykist vita að þessi nýi skattur sé margfaldur á við niðurfellingu á gúmmígjaldinu.

Ég vísa, herra forseti, til afstöðu sjálfstæðismanna, hv. þm. Sjálfstfl. í Ed. Við höfum lýst yfir andstöðu við þetta frv. Við munum beita okkur gegn því og vinna að því að þetta nýja skattafrv. hæstv. ríkisstj. verði fellt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar því sem hæstv. fjmrh. sagði.

Það kom fram hjá síðasta ræðumanni að hér væri um viðbótarálögur á bifreiðaeigendur að ræða. Ég vek athygli á því, að í nál., sem dreift var á hinu háa Alþingi í nóv. 1981 og unnið var af nefnd sem í sátu embættismenn, m. a. fjmrn., samgrn., Vegagerðar o. fl. voru lagðar fram tillögur um hvernig mætti færa tekjur af umferðinni beint í Vegasjóð eða beint til vegagerðar. M. a. lagði nefndin til að tollar væru lækkaðir og í staðinn tekið upp þetta gjald. Þessu var dreift hér í nóv. 1981.

Ég vil jafnframt upplýsa, af því að hv. þm. gagnrýndi að mál þetta væri seint komið fram, að ég hreyfði þessu máli í ríkisstj. fyrir allmörgum mánuðum, þ. e. töluvert fyrir áramótin. Hins vegar taldi bæði ég og aðrir í ríkisstj. eðlilegt að kynna þetta fyrir stjórnarandstöðunni. Ég viðurkenni að það var ekki gert fyrr en þing kom saman eftir áramót. Af ýmsum ástæðum vildi ég heldur að þetta fengi umr. í þingflokkum ríkisstj. M. a. get ég upplýst að þetta var nú samþ. held ég án mótatkv., a. m. k. í þingflokki Framsfl., á sínum tíma.

Ég vil taka það fram að ég tel að þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. séu réttmætar. En ég vil harðlega andmæla því að hér sé um viðbótarálögur að ræða. Þessum till. n. frá nóv. 1981 var fylgt með því að í tvígang hafa tollar verið lækkaðir og um leið og það var gert var um það rætt að færa greiðslur bifreiðaeigenda þannig til Vegasjóðs.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ýmsar greiðslur bifreiðaeigenda renna beint í ríkissjóð, eins og söluskattur af bensíni o. s. frv. Að þessu hefur oft verið fundið og talið að þarna mætti meira renna beint í Vegasjóð. En það er ekkert nýtt. Það er búið að vera svo í fjölda ára að greiddur hefur verið söluskattur af bensíni og innflutningsgjöld af bifreiðum o. s. frv. og rennur það fé beint í ríkissjóð. Hér er verið að draga nokkuð úr því og færa beint í Vegasjóð, sem ég hef alltaf skilið á hv. þm., ekki síst Sjálfstfl., að þeir legðu mikla áherslu á.

En ég vil jafnframt geta þess að það voru athugaðar aðrar leiðir í þessu sambandi, m. a. að hækka bensíngjaldið og þá þungaskattinn líka, en það var af mörgum talið mjög orka tvímælis. Ef sama hlutfall hefði átt að vera milli bensíngjaldsins og þungaskattsins þá eftir sem áður hefðu t. d. bifreiðar sem mikið eru notaðar, við skulum segja langferðabifreiðar og þess háttar bílar, greitt sem næmi um 40—50 þús. kr. í þetta gjald. Ekki var talið fært að fara slíka leið.

Mér er hins vegar alveg ljóst að þetta kemur eitthvað misjafnt niður. Það er nú svo með flest gjöld. Það er rétt, sem hefur komið fram, að t. d. bifreiðar sem standa mikinn hluta ársins greiða tiltölulega meira miðað við notkun. Hins vegar held ég að skynsamlegt sé nú fyrir menn sem nota slíkar bifreiðar t. d. að sumarlagi að afskrá þær annan hluta ársins. Þá lækkar þetta gjald í réttu hlutfalli við það.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að menn hafa lagt á það mikla áherslu að auka bundið slitlag og það hefur verið gert á undanförnum árum. Það voru lagðir 370 km á þremur árum. Það eru 60% þess bundins slitlags sem nú er. Þessu fylgir mjög mikill sparnaður og hefur verið áætlaður fyrir langferðabifreiðar og vöruflutningabifreiðar. Ég er ekki með þær tölur og vil þess vegna ekki fara með þær hér, en það eru verulegar upphæðir í sparnaði. Því miður finnst mér bera á því, þegar þetta mál kemur til umr., að allir vilja hafa góða vegi, en þeir segja bara: Ekki borga ég.

Og svo þetta: það er ekki nýtt, ég vek athygli á því, að að sjálfsögðu hagnast jeppaeigendur á lækkun tolla eins og aðrir og á lækkun á tollum af hjólbörðum eins og aðrir og þar með einnig bændur.

Ég held að það sé dálítill misskilningur, sem hér hefur verið færður fram í sambandi við þetta frv. og vildi freista þess að vekja athygli á aðdraganda þess og töluvert langri meðferð þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Sala Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, frv. (þskj. 316). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 540, n. 569). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. Nd. um frv. til l. um vísitölu byggingarkostnaðar, en frv. þetta er flutt að beiðni hagstofustjóra og fjallar um nauðsynlegar breytingar á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar. En þessar breytingar eru eingöngu tæknilegs eðlis.

Núgildandi vísitala byggingarkostnaðar var sett á laggirnar með lögum nr. 93 frá 1975 og var samkv. þeim ákveðin í okt. 1975. Í 7. gr. þeirra laga er mælt svo fyrir að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á því hvort byggingarhættir hafi breyst svo að ástæða sé til að endurskoða vísitölu byggingarkostnaðar. Slík endurskoðun hefur verið á döfinni s. l. tvö ár. Niðurstaða hennar liggur nú fyrir í formi tillagna um breyttan grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Verk þetta hafa unnið þeir Guðmundur Pálmi Kristinsson deildarverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Vilhjálmur Ólafsson viðskiptafræðingur, deildarstjóri á Hagstofunni.

Með setningu byggingarreglugerðar nr. 292 frá 12. maí 1979, sem gildir fyrir allt landið, voru á ýmsum verksviðum gerðar auknar kröfur til gæða bygginga. Má þar nefna bæði einangrun, sterkari steypu, meiri járnabindingu veggja og aukið öryggi raflagna. Eiga þessar breytingar verulegan þátt í því að talið var nauðsynlegt að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Við þetta bættist einnig að tækniþróun hefur á síðari árum gengið í átt til vandaðri frágangs á ýmsum verksviðum. Val efnis til bygginga hefur og tekið talsverðum breytingum á þeim tíma sem grundvöllurinn frá 1975 var unninn. Þá hafa og komið til breyttar byggingaraðferðir. Má þar sem dæmi nefna að uppmæling uppsláttar er í hinum breytta grundvelli miðuð við notkun léttra kerfismóta, unninna með handafli, svo og að í honum er glerísetning með loftræstri aðferð.

Að því er varðar innréttingar var reiknað með aukinni stöðlun, sem þýðir lækkun kostnaðar.

Annað, sem hefur orðið að taka tillit til í þessu sambandi og skiptir miklu máli, eru breytingar á uppmælingatöxtum sem hafa átt sér stað síðan árið 1975 og einkum hin síðari ár. Er hér um að ræða breytingar sem hafa orðið á taxtamínútum verðskráa. Verkefnið sem lá fyrir var þannig að reikna upp byggingarkostnað vísitöluhússins til samræmis við núverandi byggingarhætti í víðustu merkingu þess orðs. Hér þurfti sem sé að taka tillit til aukinna gæðakrafna og annars í byggingarreglugerð frá 1979 og til fyrrnefndra breytinga að því er varðar áorðna tækniþróun og þess háttar.

Eins og fram kemur í þeim orðum sem ég hef nú flutt er hér aðeins um að ræða tæknilega breytingu á grundvelli byggingarvísitölunnar. Nefndin hefur fengið til sín hagstofustjóra Klemens Tryggvason og er sammála um að mæla með því við þessa deild að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 503). — 1. umr.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 19/1971.

Það er meginefni þessa máls, að í þessu frv. er tekinn upp sá kafli í frv.-drögum svokallaðrar útvarpslaganefndar sem fjallar um réttindi til útvarps. Aðalatriði þessa frv. eru þessi:

Einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarps, sem er skilgreindur bæði sem útvarp og sjónvarp, er afnuminn. Setja skal upp sérstaka útvarpsréttindanefnd, er fái það verkefni að veita öðrum aðilum eða umsækjendum leyfi til útvarps til skamms tíma, ekki lengur en tveggja ára, enda skuli það leyfi vera háð tilteknum skilyrðum og afturkallanlegt. Skilyrðin eru mörg, en þar á meðal má nefna að leyfishafar skulu bera ábyrgð á útsendu efni, þeir skulu fullnægja ákveðnum gæðakröfum, þeir skulu virða ákvæði höfundarréttarlaga og annarra laga, svo sem eins og laga um vernd barna og ungmenna, og þeir skulu virða ákveðnar grundvallarreglur um tjáningarfrelsi við þessa starfsemi.

Þá er það og mikilvægt atriði í þessu lagafrv. að settar eru ákveðnar reglur um birtingu auglýsinga og gjaldtöku fyrir þær. Þar eru aðalreglurnar þær, að ef um er að ræða þráðlausa útsendingu er heimild til auglýsingaöflunar og útsendingar, en ef um er að ræða lokuð kerfi, svo sem sjónvarpsútsendingar um þráð eða kapal, er auglýsingaöflun og gjaldtaka fyrir auglýsingar óheimil. Þetta er meginefni þessa máls.

Herra forseti. Nú hagar svo til að hæstv. menntmrh. hefur látið undir höfuð leggjast að framfylgja þeirri helstu skyldu handhafa framkvæmdavalds að framfylgja lögum í landinu. Það er opinbert leyndarmál að á undanförnum 2—3 árum hafa risið upp hér fyrirtæki sem ástunda útvarps/sjónvarpsrekstur og brjóta í bága við íslensk lög að mati sérfróðra manna. Á borði hæstv. ráðh. liggur t. d. álit svokallaðrar myndbandanefndar um þetta efni frá því í desember árið 1981. Samkv. þeirri skýrslu er það niðurstaða höfunda, nefndarinnar sem starfar undir formennsku Gauks Jörundssonar lagaprófessors, að fjölmörg lög sem í fullu gildi eru séu brotin að meira eða minna leyti í þessari starfsemi. Þar ber fyrst að nefna útvarpslögin sjálf og þá einkum ákvæði þeirra um einkarétt Ríkisútvarpsins til útvarps, en einnig má nefna önnur lög, svo sem t. d. lög um höfundarrétt, lög um fjarskipti frá því, ef ég man rétt, u. þ. b. árið 1941, lög sem að flestra mati eru í mörgum veigamiklum atriðum kolúrelt. Þá eru nefndir til sögunnar fleiri lagabálkar, svo sem hegningarlög og ákvæði þeirra t. d. um klám, og eigendur einkaréttar. Til eru nefnd lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, lög um kvikmyndaeftirlit og þá þeir kaflar þeirra laga sem fjalla um eftirlit barnaverndarnefndar. Þetta er ærið langur listi um lög sem talið er að brotin séu á degi hverjum vegna þeirrar starfsemi sem upp hefur risið á s. l. 2—3 árum.

Ég endurtek að það er ein helsta skylda handhafa framkvæmdavaldsins að framfylgja þeim lögum sem sett eru á Alþingi og í gildi eru. Ef stjórnvöld eru hins vegar þeirrar skoðunar að þessi lög séu úrelt ber þeim að beita sér fyrir því að fá slík lög numin úr gildi eða fá sett önnur lagaákvæði sem eru þá frekar í samræmi við breytt viðhorf og nýja starfshætti.

En það er ekki einasta að hæstv. menntmrh., sem er æðsti yfirmaður þessara mála, hafi látið undir höfuð leggjast að framfylgja lögum. Hann hefur sett kíkinn fyrir blinda augað. Bent hefur verið á þá athyglisverðu staðreynd að hið opinbera innheimtir aðflutningsgjöld og aðra skatta af því efni sem notað er við þessa starfsemi og því er jafnvel haldið fram að í því sé fólgin óbein viðurkenning.

Svo er að heyra að hæstv. menntmrh. hafi lýst þeirri skoðun sinni að hann sjái fulla ástæðu til og viðurkenni þörfina á því að breyta úreltum lögum í mörgum greinum. Engu að síður ber svo við að ríkissaksóknari bregður við allt í einu nú fyrir nokkrum vikum og höfðar mál fyrir sakadómi á hendur einu þeirra fyrirtækja sem rekur kapalsjónvarpskerfi og er því gefið að sök að hafa sjónvarpað um þráð í 15 kerfum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og gert sig þannig sekt um brot á einkarétti Ríkisútvarpsins og rekið þessa starfsemi án leyfis allt frá árinu 1981. Hins vegar eru fleiri slík fyrirtæki með sambærilega starfsemi og við þeim hefur ekki verið hróflað.

Þá er á það að benda, að á borði ráðh. hefur legið skýrsla útvarpslaganefndar. Í þeirri skýrslu er að finna drög að nýju frv. til laga um útvarpsrekstur, þar sem tekið er á þessu máli. Ég hef þegar, herra forseti, rakið meginefni þessara frv.-draga útvarpslaganefndar, en þau beinast að því, að fremur en að láta reka á reiðanum og láta þróun mála ganga fyrir sig stjórnlaust er með þeirri lagasmíð gerð tilraun til að viðurkenna áorðnar staðreyndir um gerbreytta tækni í þessum málum og hins vegar að stýra þeirri þróun samkv. einhverri fyrir fram gerðri stefnu og þá í tilraunaskyni til skamms tíma. Ég hef þess vegna, herra forseti, tekið þann kost að flytja hér á hv. Alþingi þann kafla úr frv.-drögum útvarpsréttindanefndar sem fjallar um rétt útvarps og ég hef þegar gert grein fyrir aðalatriðum þessa frv. ef að lögum verður.

Til greina gat auðvitað komið að notfæra sér frumkvæðisrétt þm. og flytja frv.-drög útvarpslaganefndar í heild, en með vísan til þess að aðrir kaflar frv.-draga útvarpslaganefndar lúta fremur að endurskoðun á minni háttar atriðum eldri útvarpslaga og samsvara þeim að mestu lét ég það ógert.

Það sem brýnast er að leysa eru þau mál sem varða einkarétt Ríkisútvarpsins. Sú spurning, sem menn þurfa fyrst og fremst að svara, er þessi: Eru menn reiðubúnir að afnema þau ákvæði og hvað skal þá gera í staðinn? Hér er mótuð ákveðin leið.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það eru skiptar skoðanir á því hvort sú stefna sem fram kemur í þessu frv. sé sú eina rétta. Þar eru uppi ýmis álitamál. Ég tel þó kjarna málsins vera þann, að með þessu frv. er mótuð ákveðin stefna í stað stjórnleysis og það er stefnt að auknu frjálsræði með ábyrgð þeirra aðila sem þess frjálsræðis eiga að njóta. Og það er kjarni málsins.

Það nær engri átt að ætla að stinga höfðinu í sandinn, neita að viðurkenna staðreyndir eða láta þessa hluti flæða yfir þjóðfélagið alveg stjórnlaust. Það ber að bregðast við þessum nýju viðhorfum og móta ákveðna stefnu um það, hvernig gera megi tilraunir með breytta starfsemi. Fyrst og fremst koma þá til álita tvö sjónarmið. Annars vegar er það: Á að stýra þessari þróun með einhverjum hætti? Ef veita á öðrum leyfi til þessarar starfsemi, hvaða skilmála á þá að setja og hvaða stefnu ber að fylgja eða er nóg, eins og sumir ætla, að gefa þetta hreinlega frjálst eða fela þetta einhverjum öðrum aðilum, eins og heyrst hefur, t. d. sé nóg að leggja þetta á vald sveitarstjórna, ef fyrir liggi heimild sveitarstjórna skuli þetta frjálst að öðru leyti?

Einnig verða menn að taka afstöðu til þess, hvernig menn vilja líta á tekjuöflunarmöguleika þeirra fyrirtækja, sem upp kunna að rísa í þessari starfsemi, og þá er auglýsingamálið mikilvægast. Ég er sammála þeirri skoðun, sem fram kemur í áliti útvarpslaganefndar, að a. m. k. á þessu skeiði, meðan gerðar eru tilraunir í tvö ár, í þeim tilvikum t. d. þar sem um er að ræða lokuð kapalkerfi, þar sem hægt er að innheimta afnotagjöld með þeim hætti, sé ekki ráðlegt að innleiða auglýsingar, en hins vegar skuli það heimilt þar sem um er að ræða þráðlausar útsendingar og gjaldtöku með afnotagjöldum verður ekki við komið.

Herra forseti. Ég vek athygli sérstaklega á ákvæði til bráðabirgða. Þau hljóða svo:

„Alþingi skal þegar í stað kjósa útvarpsréttarnefnd, sbr. 8. gr. Starfstími hennar skal fyrst um sinn vera tvö ár, sbr. þó 8. gr.“, en þar er gert ráð fyrir fjögurra ára starfstíma og að nefndin verði kosin í upphafi hvers þings að loknum alþingiskosningum.

Í annan stað segir svo: „Leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkv. ákvæðum 10. gr., má ekki veita til lengri tíma en tveggja ára.“

Þetta er undirstrikað, að hér er lagt til að fitjað verði upp á tilraunastarfsemi og árangurinn síðan metinn innan tveggja ára reynslutíma.

Sama á við um seinustu mgr. í þessu ákvæði til bráðabirgða, en þar segir:

„Lög þessi skal endurskoða innan tveggja ára frá setningu þeirra.“

Umr. frestað.

Sameinað þing, 62. fundur.

Fimmtudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Síðustu daga og vikur hafa forsetar þingsins og þm. lagt sig í líma við afgreiðslu ýmissa mikilvægra mála sem ríkisstj. hefur óskað afgreiðslu á fyrir þinglok. Nefndir og deildir þingsins hafa setið á látlausum fundum frá því snemma á morgnana til miðnættis. Ég er ekki að kvarta undan vinnuálaginu. Það hefur hins vegar komið fyrir hvað eftir annað að frsm. nefnda hafa lýst yfir því, að vart hafi gefist nægur tími til að fjalla um mikilvæg frv. og tillögur. Þetta hefur komið rækilega í ljós í umr. síðustu daga. En þm. hafa gert það sem í þeirra valdi hefur staðið til að gegna þingskyldu sinni og reynt að koma í veg fyrir meiri röskun á stjórn þjóðmála en þegar er orðin. Enn er eftir að afgreiða mikilvæga málaflokka. Nefni ég sérstaklega lánsfjáráætlun og vegáætlun.

Við þessar aðstæður hefði ég talið eðlilegt að þingið nyti aðstoðar og stuðnings hæstv. forsrh. En því fer nú aldeilis fjarri. Hæstv. forsrh. lætur ekki svo lítið að greina þinginu frá áætlunum sínum um þingrof og nýjar

kosningar. Inn í þingsali berast flugufréttir um þingrof á morgun, á mánudag eða einhvern tíma í næstu viku. Hæstv. forsrh. hefur ekki tekið þátt í fundum með forsetum þingsins og formönnum þingflokkanna, þar sem reynt hefur verið í góðri samvinnu að greiða fyrir framgangi mála. Ekki einu sinni hefur hann látið í té lista yfir þau mál sem hann vill fá afgreidd fyrir þinglausnir. Mál eru afgreidd samkv. óskum einstakra þm. og ráðh. Þessi óvissa veldur gífurlegum erfiðleikum og margvíslegum óþarfa vandamálum. Stjórnarflokkarnir reyna að skapa sér hvert tækifærið á fætur öðru til að slíta stjórnarsamstarfinu. Hæstv. forsrh. reynir að niðurlægja formenn flokkanna í stjórnarskrármálinu á meðan hann hugar að eigin framboðsmálum. Allt verður þetta til að draga upp dekkri mynd af þinginu en fyrir er og vart er á það bætandi.

Stjórnarflokkarnir virðast nauðugir viljugir taka þátt í þessu valdaspili sem ég tel bæði ódrengilegt og óheiðarlegt. Formaður Alþfl. hefur ritað forsrh. bréf og krafist svara um þingrof og nýjar kosningar. Með leyfi forseta hljóðar þetta bréf svo:

„Alþfl. telur að yfirlýsingu um þingrof og kosningar hinn 23. apríl eigi að gefa út nú allra næstu daga, en þinglausnir geti beðið um sinn. Þetta jafngildir því að þingið starfi áfram að mikilvægustu málum, þótt þingrof hafi verið dagsett svo að kosningaundirbúningur geti hafist."

Þingið getur ekki lengur tekið þátt í þessu sjónarspili. Þess vegna krefst ég þess, herra forseti, að hæstv. forsrh. skýri frá því þegar í stað, hvenær hann ætlar að senda þingið heim og efna til nýrra kosninga. Fáist þau svör ekki er það skoðun mín að þm. eigi að neita að taka þátt í afgreiðslu mála með þeim hætti sem verið hefur síðustu daga. Ástandið er ekki lengur sómasamlegt.

Herra forseti. Þar sem hæstv. forsrh. lætur ekki svo lítið að vera hér við upphaf fundar í Sþ. vildi ég biðja forseta að koma þessu áleiðis til hans.

Forseti (Jón Helgason): Það er mikill misskilningur sem fram kemur í þessu máli, á sumum sviðum a. m. k. Hæstv. forsrh. var á fundum með forsetum þingsins í gærdag og fyrir nokkru afhenti hann lista með málum sem hann óskaði eftir að næðu hér fram að ganga. Þeir listar voru afhentir formönnum þingflokka. Ég mun ekki fjalla frekar um þetta.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna orða hæstv. forseta vil ég láta það koma hér fram að fyrir fáeinum dögum lagði hæstv. forseti Sþ. fram lista á fundum formanna þingflokkanna yfir þau stjfrv. sem ætlunin væri að reyna að afgreiða hér í þinginu. Mál voru þar flokkuð í þrjá flokka og það var skýrt tekið fram að þetta væri listi frá hæstv. forseta Sþ. Ég fór með þann lista á fund í mínum þingflokki og gerði grein fyrir honum þar og við fjölluðum um hann sem lista frá hæstv. forseta Sþ. en ekki sem lista frá hæstv. forsrh. En hæstv. forseti sagði hér fyrir fáeinum mínútum að okkur formönnum þingflokkanna hefði verið afhentur listi frá hæstv. forsrh. um mál sem ætti að afgreiða. Ég hef síðustu daga ekki séð slíkan lista, en hef hins vegar tekið við lista frá hæstv. forseta Sþ. sem var í hæsta máta eðlilegur. Við tókum hann til meðferðar og afgreiðslu og ég þakka hæstv. forseta Sþ. fyrir hann. En fyrst hér var sagt opinberlega úr forsetastól að ég hefði móttekið lista frá hæstv. forsrh. gat ég ekki látið þeim orðum ómótmælt, því að það er ekki rétt.

Forseti (Jón Helgason): Það er rétt hjá síðasta ræðumanni að ég útbýtti þessum lista. En nokkru áður hafði borist listi frá forsrh. sem formenn þingflokka fengu í hendur.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Árna Gunnarssonar sem hann lét falla hér áðan. Við höfum ekki orðið varir við það formenn þingflokka, a. m. k. ekki formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar, að hæstv. forsrh. hafi nokkurs staðar nálægt komið í þeim viðræðum sem farið hafa fram milli formanna þingflokka og forseta um þinghald. Það eina sem við vitum um aðild hæstv. forsrh. að því eru að vísu lausafregnir, sem við höfum ekki fengið staðfestar, að hann hafi haft ýmislegt við það að athuga sem reynt hefur verið að ná samkomulagi um, án þess að koma þar nokkru sinni nálægt sjálfur. Ég hef ekki eitt aukatekið orð heyrt frá hæstv. forsrh., hvorki um þinglok né hvaða mál eigi að afgreiða frá þinginu, nú um langa hríð.

Herra forseti. Ég vil einnig láta það koma fram að plaggið, sem hæstv. forsrh. afhenti okkur fyrir milligöngu hæstv. forseta Sþ., ég man ekki hvort það var fyrir 2—3 vikum eða lengri tíma, var aðeins listi yfir öll stjfrv., sem flutt hafa verið á Alþingi í vetur, en þess ekki látið getið með einu aukateknu orði hvaða frv. af öllum þessum bálki ætti að reyna að afgreiða. Þetta var aðeins samantekt yfir öll stjórnarmál sem flutt hafa verið hér. Sá listi sem mér var afhentur ásamt öðrum formönnum þingflokka fyrir 2—3 dögum var frá hæstv. forseta Sþ. kominn og var okkur afhentur sem hans persónulega álit á því, hvaða stjórnarmál væri e. t. v. hægt að afgreiða og hvaða stjórnarmál þyrfti að afgreiða áður en þinglausnir færu fram. Ég spurðist sérstaklega fyrir um það hvort þessi listi væri til orðinn með vitund og stuðningi ríkisstj. Hæstv. forseti upplýsti að svo væri ekki. Ég óskaði þá eftir því við hæstv. forseta að hann færi með þennan lista á vettvang ríkisstj. svo að við fengjum upplýsingar um það, hvort persónulegt álit forseta um mál sem hægt væri að afgreiða og þyrfti að afgreiða nyti stuðnings ríkisstj., eða hvort ríkisstj. hefði á þeim málum einhverja aðra skoðun og þá hverja. Ég hef ekki enn fengið nein svör við þessari beiðni minni frá hæstv. forseta. Hann tók þetta verk að sér og hefur ekki svarað þessari spurningu enn. Það er sjálfsagt vegna þess að hæstv. forseti hefur sjálfur engin svör fengið frá ríkisstj. Ég hef ekki trú á því, hafi hæstv. forseti Sþ. fengið þau svör, að hann liggi á þeim svörum við okkur.

En ég vil ítreka það, sem kom fram hjá formanni þingflokks Alþb., að okkur hafa engin tilmæli borist frá hæstv. forsrh. um afgreiðslu mála. Okkur hefur engin vitneskja borist frá honum um það hvernig hann eða ríkisstj. hyggst haga hér þingstörfum. Það eina sem við höfum orðið varir við afskipti hæstv. forsrh. virðist vera það, að hann hafi reynt að hafa áhrif á samkomulagstilraunir, sem reyndar hafa verið í þinginu, til óhagræðis fyrir það samkomulag sem reynt var að gera.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér efnislega í þessar umr. Ég hygg þó að nokkurs misskilnings kunni að gæta að því leyti sem hæstv. forseti raðaði niður, eftir því sem hann hugði að tök væru á að afgreiða, stjfrv., stjórnarmálum og afhenti hv. þingflokksformönnum. Sú flokkun var af honum gerð, en á þeim málum sem hæstv. forsrh. hafði fyrir hann lagt að ríkisstj. legði áherslu á að næðu framgangi.

En erindi mitt var að fara fram á frestun þessarar umr. því að hér snúast umr. um verklag og verkstjórn hæstv. forsrh. sem að líkum lætur, og það er með öllu óþolandi að hann sé ekki viðstaddur þegar þær fara fram. Ég fer eindregið fram á að þessari umr. verði ekki haldið fram fyrr en að honum viðstöddum, því að það er ekki sæmandi, auk þess sem hann er sá sem helst getur setið fyrir svörum um allt verklag að þessu leyti.

Forseti (Jón Helgason): Það hafa þrír kvatt sér hljóðs hér um þingsköp. En ég vildi mælast til þess, að þeir tækju tillit til þess sem hv. síðasti ræðumaður sagði.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala um hæstv. forsrh. svo að það er vonandi í lagi að ég segi hér nokkur orð. Það er út af fyrir sig fallega gert af hæstv. forseta að taka upp hanskann fyrir hæstv. forsrh. Það veitir ekkert af. En ég vil aðeins segja hvernig þessir málalistar, sem hér hafa komið til umr., horfa við mér.

Okkur formönnum þingflokka hafa verið afhentir tveir listar yfir óafgreidd mál. Sá fyrri, ég man ekki hvenær, einhvern tíma í febr., yfir öll óafgreidd mál í þinginu og stöðu þeirra, hvort þau væru komin til nefndar eða hver væri staða þeirra í þingdeildum og Sþ. Ég held að ég megi fullyrða að þessi listi hafi ekki verið gerður að frumkvæði hæstv. forsrh. Hann var gerður af skrifstofu Alþingis og ég hef grun um að það sé vegna beiðni frá ritara þingflokks sjálfstæðismanna um að við fengjum í hendur slíkan lista.

Seinni listinn, sem var afhentur fyrir örfáum dögum, þremur dögum eða svo, var afhentur okkur formönnum þingflokka af hæstv. forseta Sþ. Þar voru talin upp óafgreidd stjfrv. og þáltill. Það var skýrt tekið fram af hæstv. forseta Sþ. að þessum lista væri ekki raðað í forgangsröð af ríkisstj., hvorki hæstv. forsrh. né öðrum hæstv. ráðh., heldur væri þessi listi gerður af sér og eins og honum þætti líklegast að lögð yrði áhersla á afgreiðslu mála.

Þetta er það sem við höfum haft til þess að fara eftir. Það hefur háð okkur í starfi hér í þinginu — þar tek ég undir með hv. þm. Árna Gunnarssyni — að við höfum ekki fengið að vita hvenær þinglausnir yrðu. Það er ekki hægt að láta okkur hafa í hendur lista sem þennan og segja svo jafnframt að þinglausnir skuli fara fram á föstudag. Í þessu tilviki gengur það ekki upp, það er alveg ljóst. Og ég held að hæstv. ríkisstj. sé loksins orðið það ljóst líka, að ef á að ljúka hinum allra nauðsynlegustu málum verður þingi ekki slitið á föstudaginn kemur. Þetta vildi ég láta koma hér fram, herra forseti.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að vekja athygli á þeirri pólitísku stöðu sem hér er nú á Alþingi Íslendinga. Þannig stendur á, að á dagskrá þingsins eru tvær tillögur, sem hafa það í för með sér, að ef sú fyrri verður samþykkt, sem er á dagskrá síðdegis í dag, um viðræðunefnd við Alusuisse, mun Alþb. hlaupa úr ríkisstj. Ef hin till., um samkomudag Alþingis, — þær eru reyndar tvær, en ef önnur þeirra verður samþykkt mun Framsfl. fara úr ríkisstj. Ef báðar þessar tillögur verða samþykktar, þá sitja eftir í hæstv. ríkisstj. þrír ráðh. Tveir, hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh., sem þegar eru ráðnir sem frambjóðendur Sjálfstfl., og hæstv. forsrh., sem ennþá er að velta því fyrir sér hvort hann eigi að bjóða sig fram á móti sínum fyrri félögum hér í Reykjavík, og mun þá sitja í minnihlutastjórn sjálfstæðismanna væntanlega þegar báðir stjórnarflokkarnir eru hlaupnir fyrir borð. Þetta er sannarlega skrýtin staða. Ég tek undir það með hv. þm. að það sé mjög nauðsynlegt að höfuðpaurinn sjálfur hæstv. komi hér og geri grein fyrir málinu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það eru tvö atriði sem þingið þarf að fá að vita. Í fyrsta lagi er brýnt að yfirlýsing verði gefin um þingrof og nýjar kosningar, ef hugmyndin er sú, að kosningar fari fram 23. apríl eins og um hefur verið talað. En það þarf ekki að fara saman við þinglausnir.

Í annan stað þarf þingið að fá ákvörðun um þinglausnardag. Þetta eru tvö aðskilin mál. Það eru mörg fordæmi fyrir því, að ákvörðun um þingrof og þinglausnardagur fari ekki saman. Árið 1963 var t. d. gefin yfirlýsing um þingrof hinn 5. apríl, en þinglausnir fóru ekki fram fyrr en hinn 20. apríl. Það er þetta tvennt sem þingið þarf að fá að vita. Ákvörðunina um þingrof þarf að tilkynna alveg á næstu dögum ef kosningar eiga að geta farið fram hinn 23. apríl.

Hins vegar liggja fyrir þinginu margvísleg mikilvæg mál sem nauðsynlegt er að afgreiða. Hér er verið að kokka upp bráðabirgðalausnir og menn eru á þönum og geta ekki skoðað mál. Þess vegna þarf að liggja fyrir yfirlýsing um það hvenær þinglausnir eiga að fara fram. Þingið á að starfa áfram að dómi okkar Alþfl.-manna og menn eiga að ætla sér eðlilegan tíma til þeirra verkefna sem þarf að vinna. Og það er vitaskuld lágmarkskrafa að það þurfi ekki að vera ágiskun forseta Sþ. hver sé vilji ríkisstj., heldur að ríkisstj. láti sjálf í ljós sinn vilja, ekki síst með tilliti til þess hvernig ástandið er sem hér ríkir núna. Óvissan um hvort kosningar geti farið fram á réttum tíma, óvissan um það hvenær þinglausnir muni fara fram, óvissan um það hvaða mál eigi að afgreiða er gersamlega óviðunandi. Þingið getur að dómi okkar Alþfl.-manna alls ekki unað því, að hæstv. forsrh. haldi málum í þessari óvissu og þessari úlfakreppu. Því beini ég því eindregið til forseta Sþ. að hann taki nú í taumana og sjái til þess að hér verði komið skikkan á málin. Og ég geri jafnframt þá kröfu til annarra flokka, sem aðild eiga að ríkisstj., Framsfl. og Alþb., að þeir sinni þessari skyldu við þingið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta hér miklu við. Ég tel að það þurfi að nota tímann til afgreiðslu mála í hv. Alþingi. En þó vil ég taka undir orð þess þm. sem hóf þessar umr., að nauðsyn var að hefja þessa umr. og benda á hvernig málum er hér háttað.

Ég öfunda ekki hæstv. forseta af því hlutskipti sem

hann hefur undir þessum kringumstæðum. Það þarf að koma betri skipan á. Forsrh. verður að hafa frumkvæði að því að skapa sátt og samlyndi við afgreiðslu mála. Og þá er fyrsta skilyrði að ákveða hvenær á að ljúka störfum þingsins og hvaða málum á að leggja áherslu á að ljúka. Þegar þingheimur veit þetta, þá ganga störf betur. Ég hef átt hér sæti í 20 ár og ég minnist þess ekki að slíkt ástand hafi nokkru sinni verið fyrr en á síðustu þremur árum. Forsrh. hafa allan þennan tíma gengið fram fyrir skjöldu að ná samkomulagi við stjórnarandstöðu og stjórnarflokka í afgreiðslu mála. Við verðum að halda virðingu þingsins í heiðri og starfa samkv. því.

Að síðustu langar mig til að beina þeirri ábendingu ekki eingöngu til hæstv. forseta Sþ. heldur einnig til forseta deilda, að það hefur verið svo mikill gusugangur undanfarna daga, fundir frá því snemma á morgnana og fram á nótt í nefndum, í þingdeildum og í Sþ., að ég held að ég hafi aldrei átt verra með að fylgjast með en í gærkvöld hér í hv. Nd., samhliða því að sitja nefndafund eftir nefndafund, á meðan þingfundir eru haldnir, til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála. Ég ætla því að óska eftir því við alla forsetana þrjá að þeir láti sér ekki koma til hugar að hafa kvöldfund í kvöld, fjórða kvöldið í röð. Ég er sannfærður um það að þm. úr öllum flokkum, hvort sem þeir fylgja þessari ríkisstj. eða ekki, láta ekki bjóða sér fjórða kvöldfundinn í röð. A. m. k. ætla ég fyrir mitt leyti ekki að mæta ef boðað verður til kvöldfundar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði, að síðustu daga í þessari viku og fyrri viku hefur verið ótrúlegt vinnuálag hér í þinginu. Nefndafundir hafa verið haldnir frá því snemma á morgnana og fram að fundum í deildum og Sþ. og oft og tíðum einnig á kvöldin. Hér eru fjölmörg veigamikil mál til umfjöllunar og afgreiðslu og það er varla að nægur tími gefist í nefndum þingsins til þess að skoða þau sem skyldi. Ég hef fundið fyrir því sem formaður í fjh.- og viðskn. Ed. að hafa ekki haft nægan tíma til þess að fjalla um mál, sem þangað hafa komið, og eiga þó ýmis höfuðmál þingsins eftir að koma til okkar.

Það er mjög erfitt á sama tíma og maður verður hér á kvöldin að sitja fundi í deild og Sþ. að þurfa sem formaður nefnda að undirbúa þar fundi og tryggja að viðræðuaðilar og gögn séu þar þegar fundir eiga að hefjast snemma næsta morgun. Ég vil því eindregið taka undir þá ósk hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að það verði ekki kvöldfundur hér í kvöld svo að tími gefist til þess í kvöld fyrir nefndaformenn og aðra ábyrga aðila í nefndum þingsins að undirbúa þau mál sem enn er eftir að fjalla um í nefndum þingsins. Ég er ekki að biðja hæstv. forseta um leyfi handa þm. í kvöld, heldur fyrst og fremst að það gefist tóm í kvöld til þess að undirbúa þá lokalotu í deildafundum á morgun sem þarf óhjákvæmilega að eiga sér stað. Ég tek því eindregið undir þessa ósk, að fundum verði lokið hér um 7—8 leytið í kvöld.

Það hefur komið fram í þessum umr. að hér hefur mikið verið að gerast undanfarna daga og ýmsir sakna áhrifa forsrh. í meðferð þeirra mála. Eru helst flokksbræður hans sem hafa hér í ræðustól saknað mjög áhrifa hans á gang mála. Mér finnst þessar umr. nú gefa nokkuð ranga mynd af því hvernig þetta hefur gengið. Ég vil upplýsa það, að mér finnst forsetar þingsins, forseti Sþ. og forsetar deilda, hafa staðið sig mjög vel í því að láta mál ganga hér fram og formenn nefnda og þingflokksformenn einnig. Ég segi það, þó ég eigi þar sjálfur hlut að máli, að ég tel menn hafa stuðlað að því með góðum árangri við erfiðar aðstæður að afgreiðsla mála gengi fljótt og vel. Og ég er ekkert viss um að þau vinnubrögð kunni að batna þótt sá hv. þm. og ráðh. sem hér hefur títt verið nefndur í umr. færi að blanda sér mikið inn í það.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil mjög styðja þau tilmæli sem hér hafa fram komið vegna þess að sannleikurinn er sá, að eins og var hér á fundi í gærkvöld, þá voru menn meira og minna búnir að missa sjónar á því sem verið var að gera. Auðvitað gengur það ekki til lengdar, ef menn sem eiga að afgreiða hér mikilsverð mál eru meira og minna orðnir sér ómeðvitaðir um hvaða mál eru til afgreiðslu og hvaða mál er verið að afgreiða. Ég get upplýst það, að á fundi fjh.- og viðskn. í morgun voru tekin fyrir tvö stór mál til afgreiðslu og við, sem eigum að skila þeim hingað til hv. Nd. Alþingis, höfum hreinlega ekki komist í það enn að ganga frá okkar álitum. En það er gert ráð fyrir því að taka þau til umr. jafnvel í dag. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt og gengur ekki.

En ég vil líka kvarta mjög undan því við hæstv. forseta, að á sama tíma og þetta mikla vinnuálag er hér á þingi og allir þm., að ráðherrum meðtöldum, sitja hér á fundum langt fram á kvöld og nætur til þess að geta verið viðstaddir og svarað fsp. og veitt upplýsingar, þá skuli ávallt vera einn af hinum 60 þm. sem virðist vera stikkfrí í þessari vinnu. Það er hæstv. forsrh. sjálfur. Hann hefur ekki mætt hér á mjög mörgum þingfundum upp á síðkastið. Og það er athygli vert að hér fer fram utandagskrárumræða um starfshætti Alþingis við þessar aðstæður og það er ekki hægt að ræða það mál við hæstv. forsrh. því að hann er eini þm. af þessum 60 sem mætir ekki til funda. Sjálfsagt er mikið hjá hæstv. forsrh. að gera í forsrn. við þær pólitísku ákvarðanir sem hann virðist nú vera að taka. En ýmsir þm. þurfa nú að fara í framboð án þess að geta tekið sér frí frá þingstörfum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir orð hv. þm. Sverris Hermannssonar, þar sem hann óskaði þess eindregið að menn dokuðu við eftir hæstv. forsrh., þannig að hann mætti vera viðstaddur þegar menn frýja honum hugar og dugnaðar. Sjálfur verð ég að líta í eigin barm og játa það, að mér finnst best að fá að vera viðstaddur sjálfur þegar þess háttar er beint til mín.

Að öðru leyti vil ég taka undir þá ósk, sem borin hefur verið hér fram á undan mér af ýmsum þm., til hæstv. forseta að þess verði nú til kostað að ekki þurfi að verða kvöldfundir hér þá fáu daga sem eftir eru eða þá fáu sólarhringa sem eftir eru til þingslita. Það má hugsa til þess, að í gildi eru lög, lagabálkar, sem upp á það hljóða hversu mönnum má halda til vinnu, hversu langan tíma. Hirði ég ekki að þylja upp heiti þeirra lagabálka.

En jafnvel þótt hinir vöskustu menn í hópi okkar hv. alþm. treysti sér til fyrir karlmennsku sakir og

drengskapar, svo að ég víki nú að orðfæri Bergþóru heitinnar á Bergþórshvoli, að leggja nótt við dag og halda greind sinni jafnvakandi eigi að síður, þegar fjallað er um hin þýðingarmestu mál, þá má hugsa til þess að einnig þessu er misskipt meðal vor alþm. Í þessum hópi eru menn sem ekki treysta sér til þess að láta loga jafnskært á skarinu sínu jafnvel sólarhringum saman með slíkum vinnubrögðum. Í okkar hópi eru menn, sem ekki hafa heilsu til slíkra vinnubragða en eiga þó fullkominn rétt á því að fá að leggja sitt hér til málanna, enda skil ég ekki, hv. alþm., hvers konar æðibunugangur þetta er með hækkandi sól, að við þurfum að leggja hér nótt við dag sem þrælar eða íslenskir sjómenn fyrir vökulögin af ótta við að missa pláss. Eða er það kannske þannig að menn óttist um að missa plássið?

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ef einhverjum hv. þm. dettur í hug að mér hafi verið hlátur í hug þegar ég hóf þessa umr. hér um þingsköp, þá er það mikill misskilningur. Ég tel hér mikið alvörumál á ferðinni og ég fagna því að hæstv. forsrh. er kominn í salinn. Ég segi það eins og er, ég gerði tvær tilraunir í morgun til þess að ná sambandi við hann. Það tókst ekki og þá reiknaði ég með því að hér gerðist það sem þingsköp gera ráð fyrir, að menn sinni mætingarskyldu sinni.

Ég verð að segja það eins og er, að mér hefur runnið ákaflega í skap hér síðustu daga þegar ég hef fylgst hér með þingstörfum og hver frsm. n. á fætur öðrum kemur hér upp og lýsir yfir því, að hann hafi og hans nefnd varla haft tíma til þess að athuga nógu rækilega, kanna nógu vel þau frv. sem nefndir hafa fengið til afgreiðslu. Þetta geta menn lesið í útskrift af ræðum manna hér. Og þetta gengur auðvitað ekki. Á sama tíma svífur þingið hér í einhverju tómarúmi vegna þess að engin svör fást um það hvenær hæstv. forsrh. ætlar að rjúfa þing og boða til kosninga. Við heyrum í véfréttastíl í fjölmiðlum að það sé hugmynd, það kunni að vera o. s. frv.

Það er þess vegna, herra forseti, að ég hóf þessa umr. Það er þess vegna að ég geri kröfu til þess að við fáum að vita um þessa einföldu hluti, svo að menn geti skipulagt störf sín samkv. því. Þetta er virðingarleysi gagnvart 60 mönnum, sem hér sitja á löggjafarsamkundu þjóðarinnar, að greina þeim ekki frá jafneinföldum hlutum og þeim hvenær á að senda þing heim og hvenær á að halda kosningar í landinu. Það er nefnilega þjóð utan veggja þessa húss sem hefur líka áhuga á þessum málum og vill fá að vita hvað er að gerast og hvað á að gerast í náinni framtíð. Ef menn í raun og veru eru að hugsa fyrir virðingu þessarar stofnunar, þá er öllum fyrir bestu að þessi mál séu á hreinu.

Herra forseti. Ég verð að segja það að mér finnst ekki sómasamlegt, eins og ég sagði hér í upphafi, að þm. haldi áfram störfum á sama eða svipuðu róli og verið hefur undanfarna daga, án þess að þeir fái svör við spurningum, svör sem þeir eiga fullan rétt á að fá, lýðræðislegan, stjórnarfarslegan rétt. Þetta gengur ekki svona lengur. Þessi svör verðum við að fá. Ég skora á hæstv. forsrh., að greina nú þinginu frá því hvenær hann ætlar að senda það heim og hvenær hann ætlar að láta kosningar fara fram. Þetta mál kemur ekki okkur einum við, sem ætlum í framboð, heldur þeim sem hyggjast taka þátt í kosningunum líka.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af þessari fsp. hv. þm. Árna Gunnarssonar, sem er nú flutt hér af ástæðulausum þjósti, er þess að geta að grundvöllurinn að þessari spurningu er náttúrlega algerlega rangur og rökfærslum snúið við. Varðandi kjördag hefur það verið tilkynnt opinberlega fyrir alllöngu að hann verði eigi síðar en 23. aprílmánaðar. Ég tel að því sé slegið föstu að hann verði 23. apríl. Að vísu hafa núna undanfarna daga komið fram óskir um að þessu verði ekki endanlega slegið föstu meðan ekki er séð hvenær Alþingi ljúki. Ég hef gengið út frá því að það yrði 23. apríl.

Varðandi hitt atriðið, hvenær þing verði rofið og þingstörfum hætt, þá munu vera líklega um tvær vikur að ég ætla síðan ég ræddi um það við forseta þingsins alla þrjá að ríkisstj. vildi stefna að því að ljúka þingi föstudaginn 11. mars eða laugardaginn 12. mars. Forsetarnir allir voru sammála því að vinna á þessum grundvelli og það hefur verið gert.

Ég taldi ekki rétt að tilkynna þinginu úrslitakosti um það hvaða dag þingstörfum yrði lokið, eins og mér skilst að hv. þm. Árni Gunnarsson krefjist nú að ég geri og hafi gert fyrir löngu. Hann telur það virðingarleysi fyrir Alþingi af minni hálfu að gera slíkt ekki. Mér finnst þessum röksemdum gersamlega snúið við. Það mætti segja að það væri virðingarleysi og óviðfelldin vinnubrögð gagnvart Alþingi að gera slíka úrslitakosti, að slíta þingi og rjúfa á tilteknum degi með löngum fyrirvara, áður en vitað er hvar þingmál eru á vegi stödd sem þurfa fram að ganga.

Nú í dag horfir svo um þingmál, sem fram þurfa að ganga, — ég get nefnt þau, það er frv. um kjördæmabreytingu, lánsfjárlög, vegáætlun og veggjald, svo að þau helstu séu nefnd, sem ríkisstj. hefur lagt áherslu á að fá afgreidd, — að það er engan veginn útilokað að þeim gæti orðið lokið í dag og á morgun.

Það hefur komið inn í þetta dæmi að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur skorast undan þingfundum á laugardaginn kemur, laugardaginn 12. mars, vegna fundar sem flokkurinn hefur boðað fyrir alllöngu. Það er gert ráð fyrir því í þingsköpum að eldhúsumræður fari fram á síðari hluta þings. Að vísu hefur það komið fyrir að þing hefur verið rofið áður en eldhúsumræður færu fram og þá hafa þær fallið niður af sjálfu sér. Það var ætlunin að eldhúsumræður yrðu í kvöld, fimmtudagskvöld hinn 10. mars og útvarpað. Samkv. þingsköpum eru formenn þingflokka aðilar að ákvörðunum um útvarpsumræður. Úr þeim hópi munu hafa komið fram óskir um að þær umr. yrðu eftir helgi, á mánudag, og yrði sjónvarpað. Þannig standa þessi mál nú. Það hefur verið stefna og vilji ríkisstj. og þar með forsrh. að haga þinglausnum í samræmi við það hvernig málum miðar áfram og með það fyrir augum að reyna að halda sæmilegum friði um þessi mál. Ég segi: Þannig standa málin og mér finnst málum alveg snúið við með kröfu hv. þm. Árna Gunnarssonar um það að fyrir fram hefði átt að setja úrslitakosti um dagsetningu í þessu efni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli þingsins á því, að hæstv. forsrh. hefur það yfirbragð á máli sínu hér að það geti verið undir þingstörfum komið hvort kosningar geti farið fram hinn 23. apríl. Þetta er alrangt. Það virðist mega

ráða það af ræðu hæstv. forsrh. að þingkosningum þurfi e. t. v. að fresta vegna þess að afköst í þinginu séu ekki nægilega mikil. Þetta er gersamlega rangt.

Hitt er rétt, að ákvörðunarvaldið um það hvort tekst að hafa kosningar 23. apríl n. k. er í höndum hæstv. forsrh. En til þess að það takist þarf hann að birta yfirlýsingu um þingrof þessa dagana. Annars hefst það ekki, annars verður að fresta kosningum. En þingið getur og á að halda áfram störfum og þinglausnir geta og eiga að fara fram síðar. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Auðvitað veit hæstv. forsrh. ekki bara þetta, heldur veit hann líka að það greiðir fyrir þingstörfum að í fyrsta lagi sé ætlaður eðlilegur tími til afgreiðslu þeirra mála sem þarf að afgreiða og í annan stað að lagðar séu línur um það á hvaða tíma þinglausnir eiga að fara fram. Að þessu leyti var sú umr. sem hér fór fram mjög þörf. Það er fyllsta ástæða til þess að ítreka það að skýrari svör fáist frá hæstv. forsrh., að hann gefi afdráttarlaus svör. En það liggur í hendi forsrh. sjálfs hvort hann birtir yfirlýsingu um þingrof þessa dagana og sér til þess að sá vilji þingsins komi fram, að kosningar fari fram 23. apríl eða ekki. Það er ekki þinginu um að kenna ef það getur ekki lokið störfum sínum nógu snemma. Forsrh. getur hvenær sem er birt þessa yfirlýsingu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég tel nú ekki að hæstv. forsrh. hafi einkarétt á því að tala með þjósti. Ég mun leyfa mér það þegar mér dettur í hug. Ég vil eingöngu, herra forseti, minna á það, að þingreyndir menn — mér margfalt þingreyndari hafa litið svo á að verkstjórn á Alþingi Íslendinga hverju sinni væri í grundvallaratriðum í höndum hæstv. forsrh. Ég held að það vefengi enginn þennan skilning á málinu.

Í öðru lagi vil ég segja það, að hæstv. forsrh. hefði verið í lófa lagið að semja við stjórnarandstöðu um þingrof og kosningar og afgreiðslu mála hér á þingi. En það var ekki gert.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson lýstir hér almennri reglu, sem hann taldi að hefði verið við lýði og ætti að vera við lýði, að forsrh. á hverjum tíma, hvort sem hann heitir Gunnar Thoroddsen eða hvað svo sem hann heitir, eigi að vera verkstjóri í störfum þingsins. Ég hef aldrei heyrt neinn mann staðfesta þessa kenningu. Ég er algerlega andvígur þessari kenningu og tel að hægt sé að færa sterk rök að því að ýmsar grundvallarreglur í okkar stjórnskipun séu andstæðar slíkri kenningu. Hitt er svo rétt, að það hefur oft og tíðum gerst áður fyrr, þegar sitjandi forsrh. var óumdeildur foringi í sínum flokki og sá flokkur var sterkt og ráðandi afl í þinginu, að slíkur maður hefði mikil áhrif á gang mála í þinginu.

En ég vildi, herra forseti, andmæla þeirri kenningu og ekki láta þessari umr. lokið hér án þess að ítreka, bæði vegna þess sem gerst hefur á undanförnum árum og þess sem kann að gerast í framtíðinni, að ég er algerlega ósammála þeirri kenningu að forsrh. á hverjum tíma sé sjálfskipaður verkstjóri starfa í þinginu. Það eru forsetar þingsins og flokkarnir, í samvinnu þeirra á millum, sem eiga að annast þá verkstjórn, en þó fyrst og fremst þeir forsetar sem til þess eru kjörnir, aðallega forseti Sþ., sem hefur auk þess þann sérstaka sess í stjórnskipun lýðveldisins að vera jafngildur hæstv. forsrh. sem handhafi forsetavalds í lýðveldinu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. forsrh. um að líta megi svo á, að kjördagur verði 23. apríl. Það er líka ástæða til þess að fagna því, að við sitjum hér ekki undir neinum úrslitakostum um það hvenær þingstörfum skuli lokið. Mér hefur satt að segja stundum fundist á fundum með forsetum þingsins núna að undanförnu að það væri nánast ákvörðun um að ljúka hér á morgun.

Ég held að það sé ennþá tími til að ljúka mikilvægum málum án þess að þurfi að reikna með að kjördegi verði frestað fram yfir 23. apríl. En það eru fleiri mál sem þarf að afgreiða hér í þinginu, a. m. k. að dómi okkar stjórnarandstæðinga, en þau stjfrv. og þáltill. sem hæstv. forsrh. nefndi. Ég get talið upp hér aðeins þrjú, sem eftir er að ræða í þinginu og við vildum gjarnan fá afgreiðslu á. Það er í fyrsta lagi skipan álviðræðunefndar, það er í öðru lagi flugstöðvarmálið svonefnda og það er í þriðja lagi tillaga um samkomudag hins nýja þings. Þetta viljum við allt fá rætt, og ég fæ ekki séð að það geti gengið, jafnvel þótt við hefðum laugardaginn til stefnu, að við lykjum þessum málum fyrir helgi.

En sem sagt, tími virðist ennþá fyrir hendi til að halda áfram þingstörfum, e. t. v. fram í miðja næstu viku, án þess að verulega þurfi að stytta fresti, framboðsfresti og annað. Það hafa menn í hendi sér að gera. Svo má auðvitað fara þá leið, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur hér nefnt sérstaklega, að tilkynning um kjördag og þingrof verði gefin út, en þingstörf haldi áfram. Þessir möguleikar eru enn fyrir hendi.

Varnir vegna snjóflóða og skriðufalla, fsp. (þskj. 263). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fsp. til félmrh. á þskj. 263 um varnir vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum.

Ekki þarf að taka fram að náttúruhamfarir af völdum snjóflóða og skriðufalla hafa alla tíð valdið miklu tjóni hér á landi, miklu manntjóni og eignatjóni og þarf ekki að rifja þá sögu upp hér, en skemmst er að minnast þeirra atburða sem urðu á þessum vetri þegar snjóflóðin féllu á Patreksfjörð með hörmulegum afleiðingum. Það er einmitt vegna þess að reynslan hefur sýnt hve mikið tjón hlýst af snjóflóðum og skriðuföllum, sem menn hafa verið að tala um að vinna markvisst að vörnum til að mæta þessum náttúruhamförum.

Þessi mál hafa oftsinnis komið til umr. hér í þinginu áður. Á þinginu 1980—81 var flutt till. til þál. um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum. Það voru fimm valinkunnir alþm. sem voru flm. að þeirri till., þeir Helgi Seljan, Árni Gunnarsson, Stefán Valgeirsson, Sverrir Hermannsson og Stefán Jónsson.

Till. fjallaði um það að fela ríkisstj. að undirbúa og leggja fram á Alþingi frv. til l. um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla. Það var gert ráð fyrir því að við samningu löggjafar um þetta efni yrði höfð hliðsjón af vissum atriðum, sem fram voru

tekin í þessari þáltill., svo sem að staðið yrði skipulega að gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem fallið hafa. Það yrði við skipulag byggðar tekin upp sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnurekstrar á svæðum sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Það var gert ráð fyrir að gerðar yrðu tillögur um varanleg varnarmannvirki fyrir byggð á hættusvæðum. Það var gert ráð fyrir rannsóknum á þessu sviði og fyrirbyggjandi varnaraðgerðum. Það var gert ráð fyrir að á stöðum þar sem byggð er risin og hætta er á snjóflóðum verði komið upp eftirlits- og viðvörunarkerfi. Það var gert ráð fyrir að slík atriði sem þessi yrðu höfð í huga þegar samið yrði frv. að lögum um skipulegar aðgerðir til varnar snjóflóðum og skriðuföllum.

Þessi þáltill. frá þinginu 1980—81 var samþykkt 2. apríl 1981. Nú er því liðið nær eitt ár, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft til þess að sinna því verkefni sem þál. gerir ráð fyrir og ég hef þegar gert grein fyrir.

Það er með tilliti til þessa sem nú er flutt fsp. á þskj. 263 til félmrh. um það, hvað líði undirbúningi að frv. til l. um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla, sem ríkisstj. var falið að gera með þál. frá 2. apríl 1981.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gat um var afgreidd hér þáltill. 2. apríl 1981 um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla. Þessi mál hafa lengi verið til meðferðar í stjórnkerfinu, löngu áður en ég kom þar og áður en sú till. var flutt sem samþykkt var og hér var vitnað til. M. a. stafar það af því, að það hefur í raun og veru ekki verið nægilega ljóst hvar í stjórnkerfinu þessi málaflokkur ætti að vera. Því miður hefur það komið fyrir að deilur um slíkt hafa stundum tafið það að tekið væri á málum sem skyldi. Þó að þessar deilur séu ekki háværar, þá eru þær engu að síður þannig að þær geta stundum orðið til að tefja mál.

Þegar kemur að máli eins og snjóflóðavörnum, þá eru margir aðilar sem telja sig sjálfkjörna til að hafa þar nokkra forustu eða a. m. k. hönd í bagga um alla framkvæmd. Ég vil nefna aðila eins og t. d. Almannavarnir ríkisins, Skipulag ríkisins, Viðlagatryggingu Íslands, Veðurstofu Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, Vegagerð ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Ég fór fram á það á síðasta ári, þrátt fyrir þessa óvissu, við ráðuneytisstjórann í félmrn. að hann tæki saman fyrir mig skýrslu um þessi mál. Það kemur fram í þessari skýrslu, sem er dags. 21. des. 1982, að allt frá árinu 1975, í ársbyrjun, hafa þessi mál verið á dagskrá hér og þar í okkar stjórnkerfi. Ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar, sumar þannig að þær hafa haft veruleg áhrif, einkum varðandi gagna- og upplýsingasöfnun og rannsóknir, en að öðru leyti hefur ekki verið fjallað um málið með heildstæðum hætti svo sem þurft hefði að vera.

Hinn 7. mars 1978 var fsp. um þessi mál á dagskrá á hv. Alþingi. Í svari, sem þáv. hæstv. félmrh., Gunnar Thoroddsen, hafði undirbúið við fsp. frá Tómasi Árnasyni, núv. hæstv. viðskrh., segir:

„Þessi þáltill. var send félmrn. 1977, enda þótt telja verði að réttara hefði verið að senda hana þeim ráðuneytum sem Rannsóknaráð ríkisins, Almannavarnir, vegamál og Veðurstofa heyra undir.“ Þannig var það skoðun þáv. hæstv. félmrh. að eðlilegra hefði verið að vista málið í þessum ráðuneytum. Af þessum sökum er það vafalaust sem þáv. ríkisstj., ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, tók um það ákvörðun vorið 1978 að vista þessi mál í samgrn. Það var gert og kemur það fram m. a. í umr. um þessi mál sem síðan urðu.

Á Alþingi 1980 fylgdi hv. þm. Helgi Seljan í nóvembermánuði úr hlaði till. til þál. um snjóflóð og snjóflóðavarnir, sem síðan var samþykkt vorið 1981 og hér var vitnað til í máli hv. fyrirspyrjanda. Þrátt fyrir þá óvissu sem uppi var um þessi mál taldi ég engu að síður rétt að félmrn. færi rækilega yfir þau. Ráðuneytisstjórinn í félmrn. taldi hins vegar mikið vafamál að þessi mál ættu heima í því rn. og segir í þessari skýrslu til mín að það sé í raun og veru aðeins í einu tilviki að þessi mál snerti félmrn. beint. Það sé í sambandi við og samkv. nýju byggingarlögunum, sem kveða á um tilteknar skyldur byggingarfulltrúa í þessu efni, en nýju byggingarlögin eru frá 1979.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, í upphafi máls míns. En eins og ég gat um óskaði ég eftir þessari skýrslu frá ráðuneytisstjóranum í félmrn. og í framhaldi af því kallaði ég saman fund í rn. seint í janúarmánuði eftir að hafa kynnt málið í ríkisstj. Þann fund, sem ég kallaði þar saman, sóttu fulltrúar frá þeim stofnunum sem ég las upp hér í upphafi, auk þess sem þar var fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Á fundinum var það niðurstaða okkar, sem hann sátum, að fara fram á það við Vilhjálm Lúðvíksson, forstjóra Rannsóknaráðs ríkisins, að hann tæki saman yfirlit um vinnubrögð til að bæta varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Skilaði Vilhjálmur þessu plaggi til mín 30. jan. s. l. þar sem er að finna ítarlegar tillögur um þessi mál.

Eftir að skýrsla Vilhjálms Lúðvíkssonar lá fyrir var enn kallaður saman fundur þeirra aðila sem hér um ræðir. Niðurstaða fundarins, sem var haldinn 4. febr. 1983, var sem hér segir:

„Í umr. kom m. a. fram hjá fundarmönnum að ekki mundi vera um vöntun á lögum að ræða. Fremur væri spurning um framkvæmd og skipulag. Talið er óhjákvæmilegt að mikið af varnar- og athugunarstarfi verði að vera hjá heimamönnum, en þó ekki eingöngu, þar sem það hefði sýnt sig að um gæti verið að ræða mikla fjárhagshagsmuni einstakra aðila.“ Ég er að lesa hér orðrétta fundargerð sem ég tek fram að er ekki samin af mér. „Varðandi kort yfir svæði þar sem einhvern tíma hefðu fallið snjóflóð væri ekki að finna heimildir um aðra staði en þar sem byggð hefði verið, en nú hefði byggð víðast aukist mjög og skipulögð svæði þar sem aldrei hefði verið byggt áður.“

Að lokum var samþykkt að leggja til við ráðh. að stofnuð yrði nefnd eða skipaður starfshópur, sem safnaði og kannaði lög sem í gildi eru og í framhaldi af því gerði tillögur um endurskoðun og samræmingu eða heildarlöggjöf og var Vilhjálmi Lúðvíkssyni falið að gera tillögur, sem aðilar afgreiddu síðan á fundi mánudaginn 7. febr. 1983.

Niðurstaða þess fundar var svo uppistaða í samþykkt, sem ríkisstj. gerði að minni till. 10. febr., en fréttatilkynning um málið var send út 28. febr.

Niðurstaða fundarins var þessi: Að skipuð verði nefnd til að hafa forustu um að efla varnir gegn snjóflóðum í landinu. Hlutverk nefndarinnar verði að

samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla. Nefndina skipi fulltrúar eftirtalinna sex aðila: 1. Almannavarna ríkisins. 2. Sambands ísl. sveitarfélaga. 3. Skipulags ríkisins. 4. Viðlagatryggingar Íslands. 5. Veðurstofu Íslands. 6. Raunvísindastofnunar Háskólans. 7. Vegagerðar ríkisins. 8. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Nefndinni verði falið að leita samráðs við sveitarfélög og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta eða hlutverki gegna í þessu efni. Verði nefndinni ætlað að hafa forustu um framkvæmdir á þeim sviðum sem m. a. eru rakin í ályktun Alþingis um heildarlöggjöf, skipulag og varnir gegn hættu af snjóflóðum og skriðuföllum. Áhersla verði lögð á að framkvæmdir á einstökum liðum þál., sem samþykkt var á Alþingi 2. apríl 1981, hefjist strax á grundvelli gildandi laga, en leiði störf nefndarinnar í ljós þörf á breytingum á lögum eða setningu nýrra laga geri hún tillögur þar um. Gert er ráð fyrir að í byrjun verði fyrst og fremst um skipulags- og undirbúningsstörf að ræða á vegum nefndarinnar. Verði nefndinni falið að gera heildaráætlun um aðgerðir í þessu efni með tillögum um tímamörk til framkvæmda og fjármögnunar. Nefndin skili fyrstu yfirlitstilhögun fyrir septemberlok 1983. Nefndinni verði heimilað að ráða sérstakan starfsmann til að vinna með nefndinni.

Þessi till. var samþykkt í ríkisstj. 10. febr. s. l. og í samræmi við samþykkt ríkisstj. hef ég skrifað þeim stofnunum sem hér voru nefndar. Ég hef beðið þær um tilnefningar og ég hef einnig ritað fjmrn. sérstakt bréf og óskað eftir því, að viðkomandi nefnd fái að ráða sér starfsmann strax og hún getur hafið störf eftir að hún er fullskipuð. Það er gert ráð fyrir því að nefndin skili af sér störfum í septembermánuði n. k. Tilgangurinn með því er sá, að þá geti legið fyrir tillögur vegna fjárlaga ársins 1984, því að hér er fyrst og síðast um að ræða fjárhagsmál. Það verður að tryggja með einhverjum hætti að komið verði á farvegi fyrir sveitarfélögin til að leita til, ef þau þurfa á stuðningi að halda við að koma upp snjóflóðavörnum. Ég tel að það sé fjárveitingahliðin á þessu máli sem er langsamlega stærst. Mér sýnist, eftir að hafa farið vel og rækilega yfir lög og reglur um þetta, að í sjálfu sér þurfi hér ekki ný lög, ef Alþingi samþykkir fjárveitingar í þessu skyni á fjárlögum hverju sinni samkv. áætlun, sem þá yrði hugsanlega gerð að fengnum tillögum slíkrar nefndar. Ef hins vegar nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að setja lög, sem hún hefur ekki gert til þessa, þá held ég að hafa verði hraðan á og setja þau strax á haustþingi svo að hérna verði alveg skýr ákvæði um það með hvaða hætti eigi að fjármagna varnir gegn snjóflóðum og skipuleggja þær.

Í sambandi við þetta mál hefur verið bent á að enn sé hugsanlega eitthvað um það í landinu að byggt sé á hættusvæðum. Í því efni vil ég bara taka það fram að í nýju byggingarlögunum frá 1979, sem núv. hæstv. forsrh. beitti sér fyrir að sett voru, eru alveg ótvíræð ákvæði sem heimila byggingarnefndunum að banna að byggt sé á slíkum svæðum. Spurningin er hér því frekar um framkvæmd, eins og segir í áliti starfshópsins, sem ég nefndi áðan, en um skort á lagafyrirmælum.

Herra forseti. Ég vænti þess að ég hafi svarað þeirri fsp. sem til mín var beint.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir greinargóð svör við fsp. minni, en mér þykir svarið gefa tilefni til nokkurra aths. af minni hálfu. Og það er fyrst og fremst vegna þess hver töf hefur orðið á þessu máli, þ. e. því máli að ríkisstj. léti undirbúa og leggja fram á Alþingi frv. til l. um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla. Hæstv. ráðh. vék að þessu og það var meginþáttur hans máls að skýra í hverju þessi töf væri fólgin. Hæstv. ráðh. sagði að það hefði ekki verið ljóst hvar í stjórnarkerfinu þessi málaflokkur ætti heima og hann hefði falið ráðuneytisstjóranum í félmrn., að því er mér skildist, að kanna það mál og skila skýrslu um það.

En jafnframt kom fram í máli hæstv. ráðh. að í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, árið 1978, hefði verið tekin ákvörðun um að vista þessi mál í samgrn. Með hliðsjón af þessum upplýsingum er mér ekki alveg fullkomlega ljóst í hverju það liggi að þetta hafi ekki mátt öllum vera ljóst fyrst búið var að vista málið í samgrn.

Hæstv. ráðh. skýrði svo frekar sínar aðgerðir í þessu máli og þátt Vilhjálms Lúðvíkssonar í því. Og mér skilst að á fundi, sem haldinn var nú í byrjun febr., hafi eftir allar þessar athuganir komið í ljós að ekki væri vöntun á lögum um þessi efni, heldur þurfi skipulag, og það hafi verið settur á fót starfshópur til þess að kanna hvaða lög væri um að ræða eða til þess að gera tillögur um heildarlöggjöf ef það þætti rétt. Síðan upplýsir ráðh. að 10. febr. hafi verið skipuð nefnd til þess að vinna að því að efla varnir og samræma aðgerðir til varnar gegn snjóflóðum og skriðuföllum og að nefndinni sé ætlað að vinna að framkvæmdum á grundvelli gildandi laga.

Ég hef í sjálfu sér ekkert við þetta að athuga, ef það er alveg augljóst að ekki sé hyggilegra að setja heildarlöggjöf um þessi efni. En það komu ekki, fannst mér, fram nægileg rök fyrir því af hálfu ráðh. að það væri röng stefna, sem hv. Alþingi tók með samþykkt þáltill. frá 2. apríl 1981, en þar er fjallað um að það sé sett löggjöf um þetta efni.

Hæstv. ráðh. sagði að vísu að fyrst og síðast væri þetta fjárhagsmál. Auðvitað er það rétt að það skiptir miklu máli. En það er líka mikið skipulagsmál hvernig haldið er á þessum málum. Og ég leyfi mér að efast um að það sé rétt að setja ekki heildarlöggjöf um varnir gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla eins og Alþingi hefur þegar falið ríkisstj. að gera.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér finnst nú satt að segja að þetta mál sé þannig vaxið, að við eigum að reyna að sameinast um að laða fram jákvæða niðurstöðu. Það er mín meginafstaða í málinu. Ég hef engan áhuga á því að neyða tiltekna lausn á þessu máli og fyrirkomulag á því í stjórnkerfinu upp á eina stofnun fremur en aðra. Ég hef ekki heldur áhuga á því að láta kerfistogstreitu tefja þetta mál miklu lengur. Þess vegna lagði ég á það megináherslu að ná þessum stofnunum saman, sem þarna voru kallaðar saman til fundar með fulltrúum sínum, til þess að ná tiltekinni vinnuniðurstöðu frekar en láta málið standa fast langtímum saman eins og það hefur gert á liðnum árum. Og það er af þeim ástæðum sem töf hefur orðið á málinu. Það var ég að skýra hér áðan og það finnst mér óþarfi af hv. þm. að leggja út á verri veg. Töfin stafar af þessu, sem ég rakti

mjög rækilega og samviskusamlega hér áðan, og ég held að það sé aðalatriðið að við þessar aðstæður ákveði alþm. að reyna að halda þannig á þessum málum að þeir leggi þessari starfsemi fé á fjárlögum næsta árs. Það er grundvallarpunkturinn í þessu máli. Og ég vil taka það fram út af orðum hv. þm. að ég var út af fyrir sig ekkert að rekja hér sérstaklega minn þátt og þátt Vilhjálms Lúðvíkssonar. Hans nafn kom eitthvað við sögu nokkrum sinnum. Það eru fjöldamargir aðrir einstaklingar sem hér hafa komið við sögu og ég skil ekki af hverju hv. þm. þurfti endilega að tína þennan eina ágæta mann út úr. Það er fjöldinn allur af góðu fólki sem hefur hjálpað til við að vinna að þessu máli núna á undanförnum mánuðum.

En vegna þeirra fsp. sem hv. þm. bar beinlínis fram um samgrn. í þessu efni, þá hef ég ekkert fyrir mér í þeim efnum annað en það, að samkv. greinargerðum tillögunnar frá 1978—1979, 279. máls, og frá 1980, 49. máls, kemur fram að vorið 1978 fól forsrn. samgrn. að fara með málefni sem varða snjóflóðavarnir. Samgrn. mun hafa falið Veðurstofu Íslands að annast þessi mál. Þannig fæ ég þetta mál í þeirri skýrslu sem tekin er saman fyrir mig um það og ég skýrði frá því eins og það kom mér sannast og réttast fyrir. Engu að síður taldi ég félmrn. skylt að sinna þessu, sérstaklega út frá skipulags- og byggingarsjónarmiðum, en ég hefði einnig talið að það gæti vel komið til greina að heilbr.- og trmrn. fjallaði um þetta mál sérstaklega vegna hinna nýju laga um Viðlagatryggingu Íslands, sem opna fyrir það að nokkru fé sé varið af tekjum Viðlagatryggingarinnar til rannsókna og forvarnarstarfs í þessu skyni.

Það er rétt að Alþingi var þeirrar skoðunar að semja þyrfti frv. til l. um snjóflóðavarnir eins og hér var getið um áðan. En það var niðurstaða manna eftir að hafa farið mjög ítarlega yfir málið á þessum vetri, að fyrst ætti að vinna eftir þeim lagaheimildum sem þegar eru fyrir áður en tekin væri ákvörðun um að setja sérlög um þetta mál, vegna þess að í slíkum sérlögum yrðu menn að taka fram hvar þetta mál ætti að vera til frambúðar. Og það stóð ekki þannig á, að menn væru tilbúnir til að taka af skarið um það. Þess vegna held ég að hér hafi verið valin mjög góð leið og ég er sannfærður um að hún skilar betri árangri en þófið sem verið hefur í þessum efnum á liðnum árum. Það leyfi ég mér a. m. k. að vona. Ég er reiðubúinn til þess að aðstoða hv. þm. og aðra, sem áhuga hafa á þessum málum, við að tryggja að þetta starf, sem þarna er verið að vinna, skili þeim árangri sem okkar fólk hefur orðið að bíða eftir allt, allt of lengi.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að mér kom nokkuð einkennilega fyrir eyru tónninn í ræðu hæstv. ráðh. Hann var að tala um að það þyrfti að laða fram jákvæða niðurstöðu. Geta ekki allir verið sammála um það? Hvaða tilefni gaf ég til þess að leggja sérstaka áherslu á þetta? Jú, hann sagði að ég hefði verið að leggja út á verri veg það sem hann hefði verið að segja og ég hefði gert þá óhæfu að nefna nafn eins manns og hann spyr: Hvers vegna er hann nefndur sérstaklega? Skýringin er sú, að hann nefndi ekki nema einn mann á nafn. Og ég var hvorki að nefna nafn þessa manns til hnjóðs eða heiðurs ráðh. Þetta voru bara upplýsingar sem ráðh. kom með.

En aðalatriðið í þessu er það, að ég sagði að ég efaðist um að það væri rétt að setja ekki heildarlöggjöf. En ég hefði átt að haga orðum mínum öðruvísi og geri það að gefnu tilefni nú. Ég spyr hæstv. ráðh.: Ætlar hann að hunsa vilja Alþingis? Það er ekki hæstv. ráðh. að ákveða hvort frv. verði undirbúið og lagt fyrir Alþingi. Alþingi hefur þegar ákveðið þetta og ég vil fá svör við því hvort hæstv. ráðh. og ríkisstj. ætli ekki að hlíta ákvörðun Alþingis eða vilja Alþingis í þessu efni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er rétt að það hefur ekki verið talin skynsamleg regla eða starfsaðferð á þessu stigi málsins að fara út í það að semja lagafrv. Það hefur ekki verið undirbúið og er ekki í undirbúningi. Það er verið að reyna að vinna að málinu með öðrum hætti, eins og ég hef reynt að skýra fyrir hv. 4. þm. Vestf. þegar í tveimur ræðum.

Um þingsköp.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Efst á dagskrárlistanum í dag er fsp., sem ég er 1. flm. að ásamt öðrum þm. Reykjaneskjördæmis, fsp. til forsrh. um hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í framleiðslutekjum frá ÍSAL. Ég hef nú beðið nokkuð þolinmóður eftir því að fá svör við þessari fsp. Mér brá þess vegna í brún þegar hæstv. forseti tók hana ekki til umr. hér þó hún væri efst á dagskrá. Þegar ég leitaði skýringar, þá var svarið það, að svar við fsp. væri ekki tilbúið.

Þessi fsp. er ekki ný, hún er þriggja mánaða gömul. Hún var send hæstv. forsrh. 8. des. s. l. Það eru þrír mánuðir og tveir dagar síðan. Það er ótvírætt samkv. þingsköpum, að það er ætlast til þess að fsp. frá þm. sé svarað. Það er gert ráð fyrir því að fsp. sé tekin á dagskrá ekki síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð — og þá væntanlega í þeim skilningi að fsp. sé þá svarað um það leyti sem hún er tekin á dagskrá, ekki að það dragist í þrjá mánuði, hvað þá að þegar hún er orðin efst á dagskrárliðunum sé ekki unnt að svara henni. Það er ótvírætt samkv. þingsköpum að ráðherrar eiga að svara fsp. frá þm. Það stendur beinlínis í þingsköpum: Ráðherra eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fsp. Þessi fsp. varðar viðræður milli ríkisstj. og Hafnarfjarðarkaupstaðar um hlutdeild bæjarins í framleiðslutekjum ÍSALs. Það er spurningin um efndir á samkomulagi, sem var gert 1976, og það er spurningin um efndir á yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf hér fyrir ári síðan. Mér finnst það gersamlega óviðunandi, herra forseti, að þm. fái ekki svör við fsp. sínum og get ekki annað en borið fram harðorð mótmæli gegn því að þessari fsp. sé ekki svarað hér í dag.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þeirri fsp. sem hér er um að ræða er beint til forsrh., en hún snertir forsrn. ekki nema að litlu leyti heldur önnur rn. Ég harma það að ekki hefur tekist ennþá að taka saman svar við þessari fsp. En það er staðreynd að það hefur reynst meira mál að svara þessu en gert var ráð fyrir. Má því í þessu sambandi líka minna á það, af því að hv. fyrirspyrjandi nefndi þingsköp í því sambandi, að það er skýrt tekið fram í þingsköpum að fsp. eiga að vera með þeim hætti að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Mér

þykir þetta leitt, en ástæðan til þess að ég geri ekki ráð fyrir að svara fsp. nú er að svarið var ekki tilbúið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel ótvírætt að þessi fsp. fjalli um afmarkað mál og fsp. hefur verið leyfð. Þess vegna ber að svara henni.

Ég get ekki komist hjá því að lesa þessar fsp. vegna þeirra svara sem ég fékk hjá hæstv. forsrh. Þetta eru tvær fsp. Önnur er svona:

„Hvað líður viðræðum milli ríkisstj. og Hafnarfjarðarkaupstaðar um hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL, sem forsrh. lét í ljós vilja um að teknar yrðu upp að nýju í svari við fsp. hinn 4. maí s. l.?"

Hafa einhverjar viðræður átt sér stað, engar? Hvert stefnir? Ég get ekki séð annað en þetta sé mjög afmörkuð fsp.

Í annan stað: „Hefur það verið útkljáð í ríkisstj. hvort borið verði fram lagafrv. um þetta efni í samræmi við ákvæði samninga milli iðnrn. og bæjarstjórnarinnar frá því í maímánuði 1976?"

Hefur það verið útkljáð? Hefur ákvörðun verið tekin? Svarið gæti ekki verið einfaldara. Annaðhvort er það já eða nei.

Sameinað þing, 63. fundur.

Fimmtudaginn 10. mars, að loknum 62. fundi.

Rannsóknir á laxastofninum, þáltill. (þskj. 127, n. 482). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 597).

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, þáltill. (þskj. 475). — Fyrri umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem hér er flutt í nafni ríkisstj. og er orðuð með svofelldum hætti:

„Með vísun til 3. gr. laga nr. 70 frá 7. maí 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, samþykkir Alþingi niðurstöðu skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., dags. 7. jan. 1983, og ályktar að stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988."

Ég tel rétt að víkja að nokkrum atriðum varðandi undirbúning málsins og þá skýrslu stjórnarinnar sem er fskj. með þessari þáltill.

Það var þann 7. maí s. l. að Alþingi samþykkti lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, þar sem ríkisstj. er heimilað að stofna hlutafélag er reisi og reki slíka verksmiðju. Ríkisstj. var einnig heimilað að leggja fram 25 millj. kr. sem hlutafé.

Alþingi kaus sjö manna stjórn til eins árs og skipa hana eftirtaldir aðalmenn: Halldór Árnason iðnráðgjafi, formaður, Sveinn Þórarinsson verkfræðingur, varaformaður, Axel Gíslason framkvæmdastjóri, Eggert Steinsen verkfræðingur, Geir A. Gunnlaugsson prófessor, Geir H. Haarde hagfræðingur og Hörður Þórhallsson sveitarstjóri.

Stofnfundur félagsins Kísilmálmvinnslunnar hf. var haldinn á Reyðarfirði hinn 4. júní 1982. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins var ráðinn Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur frá og með 1. júlí 1982.

Í 3. gr. laga nr. 70 frá 1982 um kísilmálmverksmiðjuna segir svo:

„Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.

b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.

c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstj. heimilt að leggja fram allt að kr. 200 millj. í hlutafé til viðbótar."

Að þeim verkefnum sem um ræðir í þessari grein hefur stjórn og framkvæmdastjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. unnið frá því að stjórnin var skipuð og með bréfi, sem dags. er 7. jan. 1983, sendi stjórn félagsins iðnrn. skýrslu um starfsemi þess og athuganir, sem hún hafði gert samkv. ofangreindum tilvitnuðum fyrirmælum laganna. Skýrsla þessi hafði verið samþykkt samhljóða ásamt niðurstöðum á stjórnarfundi þann 6. jan. 1983 og var hún send hv. alþm. um miðjan jan. Er skýrslan í heild fskj. með þessari þáltill. Niðurstöður skýrslunnar eru teknar inn í grg. með till., en þær eru þessar:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur á grundvelli þessarar skýrslu að:

— kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu.

— Stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988, en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986.

— ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum.

— auka þurfi hlutafé félagsins.

— verð raforku til kísilmálmvinnslunnar skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.

— vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda og erlenda."

Þetta voru orðréttar niðurstöður úr skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., sem stjórnin stendur óskipt að.

Þegar þessi skýrsla lá fyrir og nokkru eftir að hún hafði verið send hv. þm. sneri iðnrn. sér til þingflokka með ósk um umsögn um niðurstöður skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. á Reyðarfirði, þar sem vísað var til umræddrar 3. gr. laga um verksmiðjuna og þess, að stjórnin hafi lokið þeim athugunum og undirbúningi sem henni var ætlað að annast til undirbúnings fram-

kvæmda við verksmiðjuna. Það var lögð áhersla á það af hálfu að sem víðtækust samstaða gæti tekist í þessu mikilvæga máli og óskað eftir sem bestri samvinnu við þingflokka um málsmeðferð áður en formlega yrði leitað eftir afstöðu Alþingis. Jafnframt sagði í bréfi þessu að æskilegt væri að fá fram meginviðhorf þingflokka til niðurstaðna stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., sem hér var vitnað til áður, og einnig til þess að veita lánsfjármagni til verksmiðjunnar á þessu ári svo að unnt væri að miða undirbúning við að hægt væri að hefja starfrækslu 1986. Ég leitaði eftir viðhorfum þingflokka ítrekað í sambandi við þetta mál, en óskað hafði verið eftir því að þau kæmu fram ekki síðar en 5. febr. Það gerðist því miður ekki, en nokkrir þingflokkanna tjáðu sig munnlega um málið og gerðu samþykktir, án þess að ég hafi fengið þær skriflega, og lýstu yfir fylgi við að málið yrði hér lagt fyrir og næði fram að ganga varðandi ákvörðun um þessa verksmiðju. Fékk ég þau boð frá formanni þingflokks Alþfl. m. a. og einnig frá þingflokki Framsfl. og í framhaldi af því, þegar þetta lá fyrir og ekki hafði komið fram nein sérstök andstaða við framlagningu þessa máls hér inn í þingið, enda gera lögin um verksmiðjuna ráð fyrir því að málið verði hér fyrir lagt á yfirstandandi þingi, var gengið frá þáltill. í því formi sem hér er.

Herra forseti. Ég tel rétt að drepa hér á nokkur atriði í skýrslu stjórnarinnar, sem varða stöðu og framhald málsins. Í skýrslunni segir m. a.:

„Stjórnin telur störf sín hafa mótast af varfærni og hafi hún leitast við að leggja sjálfstætt mat á rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni verksmiðjunnar og leitað til innlendra og erlendra ráðgjafa í því sambandi. Um mat á þróun markaðar fyrir kísilmálm og hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Íslandi sneri stjórnin sér til bandarískra fyrirtækisins Chase Econometrics, en áður hafði verkefnisstjórn iðnrn. fengið breska fyrirtækið Commodities Research Unit Ltd. til að gera sambærilega athugun.

Niðurstöður beggja þessara aðila hníga mjög í sömu átt og telja þeir að markaður fyrir kísilmálm fari vaxandi og verksmiðja á Íslandi geti í framtíðinni framleitt kísilmálm á samkeppnishæfu verði."

Þetta var orðrétt tilvitnun úr skýrslu stjórnarinnar.

Um s. l. áramót var óvenjumikil lægð á mörkuðum á málmiðnaði og hefur raunverð á kísilmálmi aldrei verið lægra en gerðist á síðasta ári, en að undanförnu hefur verið að rofa til í þeim efnum og fer verð nú aftur hækkandi. Nýjustu upplýsingar sem ég hef um þessi efni er að finna í Metal Bulletin, skráningu þess virta rits um verð á kísilmálmi þann 4. mars s. l., en þá hefur verðið hækkað frá því sem var í des. s. l. 870—900 dollarar á tonn í 970—1050 dollarar á tonn og búist er við því af sérfróðum aðilum að skráð verð fyrir næsta ársfjórðung geti orðið um 1100 dollarar á tonn. Hér eins og í áli er því um verulega jákvæða hreyfingu að ræða á verði og sama gildir um eftirspurn.

Í skýrslu stjórnarinnar segir að það sé nokkuð samdóma álit þeirra sem hún hefur leitað til að verðið muni ekki lækka frá því sem var fyrir síðustu áramót og spár um að það færi hækkandi bráðlega hafa verið að rætast. Hins vegar telur ráðgjafarfyrirtækið Chase Econometrics að það yrði ekki fyrr en á síðari hluta árs 1983 sem vart yrði við bata. Hann er þó kominn fram nú fyrr en þessir aðilar töldu, en þeir gerðu ekki ráð fyrir að verðið yrði miklu hærra á árinu 1983 en á s. l. ári og það væri fyrst 1985 sem verð hefði hækkað að marki. Allar spár eru óvissu háðar og það kann að sannast í sambandi við það sem hér er rakið. En hér er um að ræða sérfræðiaðila, sem gerst eiga að vita um þessi efni, bæði þau virtu fyrirtæki sem vitnað var til hér áðan.

Vegna hins háa verðs á orku í Evrópu og Japan á kísilmálmiðnaður þar og reyndar annar málmiðnaður mjög í vök að verjast. Sem dæmi má nefna að kísilmálmframleiðsla í Japan hefur minnkað úr 60 þús. tonnum í 12 þús. tonn á ári á skömmum tíma. Búast má við að á næstunni muni nokkrar kísilmálmverksmiðjur í Evrópu leggja upp laupana vegna erfiðrar samkeppnisstöðu, ekki síst vegna hins háa orkuverðs í Evrópulöndum. Þess má raunar sjá þegar merki að markaðsástandið, sem ríkt hefur að undanförnu, hafi flýtt fyrir þessari þróun, minnkandi framleiðslugetu verksmiðja í Evrópu og annars staðar, en í Evrópu er okkar þýðingarmesti markaður. Að mati stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. styrkir það samkeppnisstöðu kísilmálmverksmiðju hér á landi.

Hvað sölufyrirkomulag varðar telur stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. nauðsynlegt að byggja sem fyrst upp þekkingu innan fyrirtækisins á sölu- og markaðsmálum og hefur verið að því unnið. Til að svo megi verða gerir stjórnin ráð fyrir að tveir starfsmenn í fyrirtækinu vinni við sölu- og markaðsmál, auk þess sem gert er ráð fyrir að kostnaður vegna sölu verði 3.5% af fob-verði og er það tekið með inn í hagkvæmniútreikninga.

Ráðgjafarfyrirtækið Chase Econometrics fjallar sérstaklega í skýrslu sinni til stjórnar Kísilmálmvinnslunnar um það, hvaða leið fyrirtækið eigi að velja til þess að selja afurðir sínar. Niðurstöður eru þær, að höfuðáherslu eigi að leggja á að selja til svokallaðra silikonframleiðenda í Evrópu, en eins og hv. alþm. væntanlega hafa í minni skiptist markaðurinn fyrir kísilmálm annars vegar í sölu til álframleiðenda og hins vegar til silikonframleiðenda og er vöxtur markaðar mjög ör hjá þeim síðar töldu. En Chase Econometrics telur að fyrirtækið eigi að hafa öfluga eigin söluskrifstofu sem selji til silikonframleiðenda og stærstu kaupenda í áliðnaði, en til greina komi að nota umboðsmenn til að selja til smærri kaupenda. Stjórn Kísilmálmvinnslunnar telur að þegar ákvörðun Alþingis um byggingu kísilmálmverksmiðjunnar liggur fyrir eigi að kanna til hlítar þau tilboð sem borist hafa frá öðrum kísilmálmframleiðendum um sömu samvinnu. Stefnt verði að því að tryggja eðlileg áhrif kísilmálmvinnslunnar við mótun markaðsstefnu og að samband við helstu kaupendur verði tryggt og að fullt jafnræði ríki þar milli aðila.

Hvað raforkuverð snertir er í hagkvæmniathugun um kísilmálmverksmiðjuna reiknað með að orkuverðið til hennar sé um 18 mill á kwst., en 1 mill er sem kunnugt er þúsundasti hluti úr dollar og skyldi það nema því fyrstu 1—2 rekstrarár verksmiðjunnar, þ. e. eftir að Blönduvirkjun kemst í gagnið sem áætlað er að verði á árinu 1987. Fram að þeim tíma er ekki hægt að mati Landsvirkjunar að afhenda fulltryggða orku og með tilliti til þess telur Landsvirkjun hæfilegt að verðleggja raforkuna til verksmiðjunnar á sem svarar 8 mill á kwst. fram til þess að Blönduvirkjun kemst í gagnið.

Í þessu sambandi má einnig benda á að ákjósanlegt er að hafa notanda eins og kísilmálmverksmiðju til staðar á Austurlandi þegar væntanleg Fljótsdalsvirkjun kemst í gagnið, en ákveðið er að hún verði næsta virkjun á eftir Blönduvirkjun og undirbúningi þannig háttað að taka mætti hana í gagnið árið 1990, ef markaðsástæður gera slíkt fýsilegt. (**Gripið fram í:** Sagði hæstv. ráðh. 1980?) Ég sagði: fram að þeim tíma sem Blönduvirkjun kemur í gagnið, væntanlega 1987, þ. e. fyrstu 1—2 starfsár verksmiðjunnar, sé um að ræða ótryggða orku, sem Landsvirkjun telur hæfilegt að verðleggja á 8 mill kwst., en gert er síðan ráð fyrir 18 mill á kwst. fyrir raforkuna, sem er fyllilega framleiðslukostnaðarverð.

Varðandi búnað fyrir verksmiðjuna hafa tvö fyrirtæki, Elkem AS í Noregi og Mannesman Demag í Þýskalandi, gert tilboð í vélbúnað verksmiðjunnar og lá það fyrir í apríl 1982. Af hálfu Kísilmálmvinnslunnar hf. hefur verið farið ítarlega yfir þessi tilboð og haldnir hafa verið fjölmargir fundir með framleiðendum um fyrirkomulag og gæði tækjabúnaðar, svo og almenn samningsskilyrði, verð og greiðslufyrirkomulag, tryggingar og ábyrgðir. Tekist hefur að fá verulegar lækkanir á upphaflegum verðtilboðum frá þessum fyrirtækjum. Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur mikilvægt að ganga sem fyrst frá samningum um kaup á vélbúnaði fyrir verksmiðjuna til að tryggja það hagstæða verð sem nú er í boði og er gert ráð fyrir að unnt sé að ganga frá slíkum samningum, þótt með fyrirvara sé varðandi samþykki Alþingis um framkvæmdir við verksmiðjuna. Verðlækkun frá upphaflegum tilboðum í vélbúnaðinn er veruleg og hefur hagstæð áhrif á heildararðsemi verksmiðjunnar.

Einn af kostum við kísilmálmframleiðslu er sá, að hráefni til hennar eru auðfengin. Sem kunnugt er eru helstu hráefni: kvarts í háum gæðaflokki, kol, olíukoks og trékurl. Fjölmörg tilboð hafa borist í allt hráefni og virðist ekkert vera því til fyrirstöðu að hægt sé að gera langtímasamninga um hráefni hvenær sem er.

Tækni við kísilmálmframleiðslu er vel þekkt og ekki eru talin vandkvæði á að ná tökum á henni. Í því sambandi er ráðgert að gera samning við ofnaframleiðanda um að sérfræðingar frá honum hafi umsjón með byggingu ofnanna og rekstri, uns fullum afköstum er náð. Að því loknu verði gerður gagnkvæmur tæknisamvinnusamningur við annan framleiðanda og komið verði upp sérstakri tækni- og þróunardeild hjá fyrirtækinu.

Áætluð heildarfjárfesting í kísilmálmvinnslunni er samkv. yfirliti, sem ég hef fengið frá fyrirtækinu miðuð við 1. febr. s. l., 63.7 millj. Bandaríkjadala, en það er á núverandi gengi rétt um 1300 millj. kr. og eru þá ekki innifaldir vextir af stofnlánum á byggingartíma.

Það er rétt að upplýsa það í þessu sambandi, að þegar málið var lagt hér fyrir í fyrra, undirbúið af verkefnisstjórn á vegum iðnrn., var áætlun um stofnkostnað verksmiðjunnar án vaxta á byggingartíma 77 millj. Bandaríkjadala. Í haust eða 1. okt. gerðu útreikningar á tilboðum ofnaframleiðenda og aðrir útreikningar ráð fyrir að stofnkostnaður væri 70.6 millj. dala, en síðan hafa þeir sem boðið hafa í framleiðslu á ofnum lækkað sín tilboð stig af stigi og ákveðið var af stjórn fyrirtækisins að ganga til samninga við vestur-þýska fyrirtækið Demag. Nú er sem sagt áætlaður stofnkostnaður 63.7 millj. dala. Lækkunin á stofnkostnaði frá því sem var í fyrra, þegar málið var lagt fram, er því um 13.3 millj. Bandaríkjadala eða 273 millj. kr. á núverandi gengi.

Þessu valda margar ástæður, eflaust samverkandi. Bæði hefur verið mjög hörð samkeppni milli þeirra aðila sem boðið hafa í búnað verksmiðjunnar og auk þess mun sú efnahagslægð, sem staðið hefur yfir undanfarin misseri, hafa valdið því að þeir hafa séð sér hag í að bjóða verðið niður frá því sem áður var í þeim frumtilboðum sem lágu fyrir í apríl 1982.

Þá hefur stjórn fyrirtækisins haft til athugunar ýmsar fjármögnunarleiðir og kannað þær við bankastofnanir og tækjaframleiðendur og rætt þær við rn. og bankastofnanir, bæði hér og erlendis. Er ekki ástæða til að fara ítarlega út í það hér. Það liggur þó fyrir að æskilegt er, til þess að fá sem hagstæðust fjármögnunarkjör, að ríkisábyrgð sé fyrir lánum til verksmiðjunnar, en það er mál sem er á athugunarstigi. Samkv. lögum um fyrirtækið er heimild fyrir utan hlutafé að veita ríkisábyrgð, ef ég man rétt, fyrir um þriðjungi af stofnkostnaði fyrirtækisins.

Að umhverfisvernd vegna þessa fyrirtækis hefur verið hugað allt frá því að undirbúningur hófst. Fljótlega eftir stofnun Kísilmálmvinnslunnar hf. var haft samband við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð og leitað eftir samstarfi um nauðsynlegar rannsóknir. Til að undirbúa og hafa umsjón með þeim rannsóknum var sett á fót nefnd þriggja manna frá þessum aðilum, þ. e. frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og Kísilmálmvinnslunni hf., og sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna til Heilbrigðiseftirlits ríksins, raunar þegar 29. júní s. l.

Þar til fyrir nokkrum árum var ryk sem myndast við framleiðslu kísilmálms látið berast með lofti út í umhverfið. Var mikið angur af þessu og óþægindi, þar sem engar mengunarvarnir voru, en svo háttaði til t. d. í Noregi við slíka framleiðslu allt frá því snemma á öldinni og þar til 1974—1975 að mengunarvarnabúnaður hafði verið þróaður. Nú er það svo, að við þetta fyrirtæki eru gerðar mun strangari kröfur um umhverfisvernd, ekki síður en við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, og þar þarf verulegu til að kosta að hreinsa rykið úr útblástursloftinu. Síðan var gert ráð fyrir að urða það, en fyrir nokkrum árum kom í ljós að hægt er að nota þetta ryk til ýmissa hagnýtra þátta, t. d. til að bæta steypu með því að blanda ryk þetta í sement. Það hefur verið gert raunar með kísilryk frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga með góðum árangri. Rannsóknir síðustu ára hafa leitt í ljós kosti slíkrar íblöndunar kísilryks.

Jafnframt slíkum rannsóknum á notagildi ryks til sementsíblöndunar eru aðrar leiðir til notkunar þess í athugun og flest bendir til að þarna geti verið um allverðmæta hliðarframleiðslu að ræða. Kísilmálmvinnslan hf. hefur gert samning við Iðntæknistofnun Íslands um athugun á notagildi kísilryks og líklega þróun markaðar fyrir það. Athuganirnar sýna að stöðugt eru ný notkunarsvið að bætast við. Markaðsverð á kísilryki í Danmörku er nú um tvöfalt verð á sementi, en líklegt er talið að innan 2—5 ára nái það þreföldu til fjórföldu sementsverði. Af þessu er ljóst að sala á kísilryki getur orðið nokkur tekjulind fyrir verksmiðjuna og til viðbótar sölutekjum kemur sparnaður sem því fylgir að þurfa ekki að urða rykið. Þó ber

að hafa í huga að flutningskostnaður á því á markað til Evrópu væntanlega verður umtalsverður, ekki síst vegna þess að það er allrúmfrekt.

Herra forseti. Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og treysti því að hv. alþm. hafi kynnt sér vendilega þá skýrslu, sem stjórn fyrirtækisins skilaði iðnrn. og send var hv. alþm. um miðjan jan., og þeir séu þannig vel undir það búnir að taka afstöðu til þessa máls. Ég veit að stjórn verksmiðjunnar hefur farið mjög vandlega yfir alla þætti, sem snerta mál þetta, gagnrýni, frá þeim undirbúningi sem fyrir lá þegar lög voru sett um verksmiðjuna og fyrirtækið var stofnað, og þó að einstakir stjórnarmenn geri aths. í bókunum sem fylgja þessari skýrslu stendur stjórnin í heild að þessari skýrslu og hefur samþykkt niðurstöður hennar, sem ég vitnaði hér til. Það má því fullyrða að bygging og væntanlegur rekstur kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði eru betur undirbúin en almennt hefur gerst um fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum hér á landi og skiptir það að sjálfsögðu miklu máli þar sem hér er um stóra framkvæmd að ræða, ekki síst á okkar mælikvarða.

Þannig hafa verið gerðar, eins og hér hefur komið fram, tvær óháðar athuganir á arðsemi verksmiðjunnar. Fyrri athugunin, sú sem unnin var á vegum iðnrn., lá til grundvallar setningu laga um verksmiðjuna í fyrra og samkv. henni var arðsemi af heildarfjárfestingu áætluð 10.4% miðað við 20 ára endingartíma. Seinni athugunin, sem unnin var á vegum stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., liggur til grundvallar þessari þáltill., en samkv. henni og miðað við svokallaða varfærna spá ráðgjafa eins og Chase Econometrics varðandi verðþróun á kísilmálmi er gert ráð fyrir 11.2% arðsemi eða afkastavöxtum, eins og kallað mun vera. Þetta er þannig heldur meiri arðsemi en gert var ráð fyrir á síðasta ári í grg. með frv. til l. um verksmiðjuna, og á grundvelli aðalspár sama ráðgjafarfyrirtækis varðandi verð og markaðsþróun áætlar stjórn verksmiðjunnar að arðsemi heildarfjárfestingar eða afkastavextir í verksmiðjunni verði 13.5%. Það er athyglisvert að heildarniðurstöður beggja þessara athugana eru mjög svipaðar þó að nokkur mismunur sé á einstökum þáttum.

Alþingi setti á síðasta þingi lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Í lögum þessum var sá fyrirvari að Alþingi fengi málið til umfjöllunar á yfirstandandi þingi. Það má fullyrða að þrátt fyrir þá lægð sem verið hefur í efnahagsstarfsemi iðnríkja og tekið hefur verið tillit til, eftir því sem föng eru á og eftir því sem menn frekast sjá fram í tímann, séu horfur varðandi þetta fyrirtæki nú metnar betri en þegar málið var lagt fyrir Alþingi í aprílmánuði 1982.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. hér, en mér skilst að gert sé ráð fyrir tveimur umr. um málið, verði till. vísað til hv. atvmn. þessarar deildar.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það vill svo til að ég á sæti í þeirri n. í Sþ. sem fá mun þessa till. til meðferðar og get ég því verið örstuttorður, enda hef ég lofað því.

Ég fagnaði mjög á sínum tíma þegar stjórn Kísilmálmverksmiðjunnar hf. skilaði skýrslu sinni og ég tel að stjórnin eigi hrós skilið fyrir vandaða vinnu og ástæða sé til að fagna þeim niðurstöðum sameiginlegum sem hún kemst að og ekki ástæða til að leggja megináherslu á þær sérbókanir sem þar má út af fyrir sig finna. Hún birti niðurstöður sínar í einum sex meginatriðum málsins og kemst að þeirri mikilvægu niðurstöðu að hér gæti verið um vænlegan kost að tefla.

Þá er þess enn að geta, að svo er að sjá sem nú rakni úr í þeirri efnahagskreppu sem riðið hefur húsum í veröldinni hin síðari misserin, þannig að einnig það ætti mjög að gera þetta að álitlegri kosti en ýmsir hafa þóst sjá hingað til. En eins og ég segi: í niðurstöðum má lesa að hér kunni að vera um vænlegan kost að tefla.

Ég ætla aðeins að nefna tvö atriði, sem ég legg megináherslu á. Það er þá auðvitað hin gamla hugmynd og till. mín meira en áratugar gömul í Alþingi, að stórvirkjun rísi á Austurlandi, sem sjái m. a. þessari verksmiðju fyrir rafmagni með því móti eingöngu að beisla hið mikla afl og koma því í lóg. Með verslun við erlenda aðila getum við vænst þess að vinna bug á hinum óbærilega hitunarkostnaði heimilanna, sem er að sliga þau, ég tala nú ekki um á hinum köldu svæðum eins og á Austurlandi.

Í annan stað legg ég áherslu á þá skoðun mína og míns flokks, þá skoðun sem ég hef aldrei dregið dul á, að það eigi að breyta þeim lögum sem gilda um kísilmálmverksmiðjuna, þar sem tekið er fram að eignaraðild annarra en ríkisins geti þó ekki orðið meiri en 49%. Ég á beinlínis við að að því eigi að stefna að fá erlenda aðila í samvinnu við okkur, sem taki áhættuna og eigi þessi fyrirtæki. Þessi var skoðun mín þegar silikonverksmiðjan í Hvalfirði var reist og það hefði betur farið að það sjónarmið hefði orðið ofan á, en páv. iðnrh. okkar, fulltrúi Sjálfstfl. í ríkisstj., hefði ekki tekið upp stefnu Magnúsar heitins Kjartanssonar um að Íslendingar skyldu eiga þarna meiri hluta.

Ég stytti mál mitt, herra forseti, en ég hygg að þegar af er þessi ótíð í stjórn landsins muni tekið til við að leita eftir slíkri samvinnu, eignaraðild útlendinga að slíkri verksmiðju þar sem þeir bæru megináhættuna. Og ástæðan er einföld fyrir þessari minni skoðun og míns flokks. Hún er sú, að um síðasta stig framleiðslunnar, söluna, munu Íslendingar aldrei hafa neitt að segja. Þar ráða, hvort sem okkur líkar betur eða verr, hákarlar viðskiptalífsins, auðhringarnir stóru, og af því að við getum ekki haft áhrif á það getum við ekki tekið þá áhættu að vera aðaleignaraðilar slíkra fyrirtækja.

Ég veit hvað minn góði vinur, hæstv. iðnrh., hefur um þetta að segja. Hann er alveg öndverðrar skoðunar. Hann kallar það íslensku stefnuna sína að við bægjum útlendingum sem mest frá í þessum sökum. Þetta er hans einlæga skoðun og eftir henni fer hann auðvitað og það met ég vissulega og virði. En ég hika ekki heldur við að halda minni fram.

En sem ég segi: Ég lýsi yfir fylgi við þessa þáltill., en þegar atvmn. fer að fást við tillgr. þykist ég þurfa að bæta þar við og bæta um betur með brtt. eins og þeirri að inn í tillgr. yrði fellt að unnið skuli markvisst að því á næstunni, eins og segir hér raunar í niðurstöðu n., að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda og erlenda, en eignaraðila sem mundu vilja taka áhættu.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mér er óskiljanlegt hvernig stendur á því að forseti skuli nú rjúfa þessa umr. og leyfa aðeins tveimur Austfirðingum að tala, umr. sem ég átti satt að segja alls ekki von á, að forseti leyfir sér að fresta umr. eftir að aðeins eitt sjónarmið hefur komið fram í málinu. Ég held að hæstv. forseti ætti að rúlla rólega í gegnum þingsköp Alþingis og athuga hvort þar sé hvergi minnst á að gagnkvæm sjónarmið eigi að koma fram í málum. Forseti hefur t. d. leyfi til þess að gefa mönnum orðið eftir þeirri röð sem honum sýnist, ef það verður til þess að menn fái að heyra fleiri en eina skoðun og fyrst og fremst mismunandi skoðanir á hlutunum. Mér er ekki kunnugt um að mælendaskrá sé löng hjá forseta og sé þess vegna enga ástæðu til að það séu gerðar tilraunir með þessum leiðinlega hætti til að þagga niður í þeim sem hafa aðrar skoðanir á þessu. Mér finnst þetta aðfinnsluvert og því óskaði ég eftir því að fá að segja hér nokkur orð.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar í Sþ. eru mörg mál, en efst á þeim málalista, sem hér á að taka til 1. umr., er þáltill. sem þrír þm. flytja, fulltrúar þriggja flokka, um afvopnun og stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna. Þessi till. hefur beðið umr. í langan tíma. Það er að vísu rétt að fyrir nokkrum vikum ræddum við hæstv. forseti um hvort till. skyldi koma til umr. á þeim fundi, en ég taldi að það væri í lagi þótt svo yrði ekki. Ég hafði hins vegar búist við því í dag, að ef ætti að fara að ganga almennt á þennan lista yrði ekki gengið svona skýrt fram hjá þessu máli, eins og hér virðist eiga að gera.

Hér er tekin til umr. till. frá ríkisstj. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ég geri út af fyrir sig ekki aths. við það þótt tillögur sem fram koma frá stjórnvöldum séu teknar hér til umr. Þó get ég skilið þá aths., sem hér kom fram frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að það er nokkuð sérkennilegt að rjúfa síðan þá umr. til að hefja umr. um annað mál sem vitað er að er mikið hita- og deilumál hér í þinginu.

Nú hafði verið ákveðið á fundum forseta deilda og formanna þingflokka fyrr í dag að um kl. 5 hæfust fundir í deildum. Ég verð að segja eins og er, að ég á bágt með að skilja hvaða tilgangi það þjónar að vera þá að hefja hér umr. í rúman hálftíma um mál sem vitað er að er mikið deilumál hér í þinginu. Væri fróðlegt að vita frá hæstv. forseta hverjir það eru sem knýja á um að hér sé rofin umr. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og hafin umr. um 17. mál, viðræðunefnd við Alusuisse. Ég get ekki séð að það séu nein sérstök rök sem mæli með því í fundarstjórn, þannig að það hlýtur að vera að hæstv. forseti hafi fengið um það óskir frá einhverjum þm. að taka þetta mál fram yfir önnur mál sem hér eru á dagskránni. Mér er ekki kunnugt um að sú ósk hafi komið fram formlega frá neinum þingflokki. Að vísu gat formaður þingflokks Sjálfstfl. þess fyrr í dag að þetta væri eitt af þeim málum sem Sjálfstfl. vildi gjarnan fá rædd hér áður en þinginu lyki. En skoðun mín er sú, að ýmis önnur mál, sem hér eru á dagskrá, eigi jafnmikinn rétt á því að ganga inn í umr., sem rofin er, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og því vildi ég leita skýringa hæstv. forseta á því, hvaða orsakir liggja að baki því að sú umr. er rofin með slíkri skyndingu eins og raun varð á og tilkynnt að hafin skuli umr. um 17. mál.

Forseti (Jón Helgason): Ég hafði gert ráð fyrir því á fundi á þriðjudag að þessi till. yrði tekin til umr. Iðnrh. óskaði þá eftir því að 17. dagskrármáli yrði frestað, jafnvel þótt tími yrði til að ræða það. Ég varð við þeirri ósk, beitti þar mínu forsetavaldi til að lýsa því yfir að þessi till. yrði ekki til umr. enda þótt óskað væri eftir og tími yrði til. Þetta er eina málið á dagskránni sem ég hef farið þannig með.

Síðan hefur það gerst að sá óvanalegi máti hefur verið hafður á flutningi þáltill. um frestun á samkomudegi Alþingis að þær hafa verið fluttar í báðum deildum. Í fréttum er flutt sú skýring að í deildum séu góðir menn forsetar, Helgi Seljan og Sverrir Hermannsson, en framsóknarþm. Jón Helgason forseti Sþ. og það gæti haft áhrif á gang mála. (**GS:** Í hvaða fréttum var þetta, forseti?) Í sjónvarpi og blöðum. Eftir að hafa fengið þær ákúrur að hafa misnotað mitt vald með því að fresta máli læt ég það ekki gerast aftur og þess vegna ákveð ég að taka þetta mál fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég verð því miður að lýsa undrun minni og vissri hryggð yfir þeim ummælum hæstv. forseta, sem komu fram úr forsetastól hér áðan, að ummæli blaðamanna og ótilgreindar fréttir í fjölmiðlum, — sem ég hef nú satt að segja ekki séð, heyrði að vísu fréttamann sjónvarps fjalla um þetta atriði í gærkvöld, en hef ekki séð neitt í blöðum um þetta efni sem hann vék að, — séu á einhvern hátt tengd því að hann tekur hér fyrir 17. mál, viðræðunefnd við Alusuisse, rétt eftir að umr. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er hafin.

Ástæðan fyrir því að nm. Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl. í Ed. og Nd. flytja í deildum till. til þál. um samkomutíma Alþingis að loknum kosningum er á engan hátt vantraust á hæstv. forseta Sþ., Jón Helgason, hvað þá heldur að sú ákvörðun hafi nokkuð með það að gera að hæstv. forseti er félagi í Framsfl. Og mér þykir mjög leitt að heyra ummæli fréttamanna, sem eru flutt á þeirra ábyrgð og mér er ekki kunnugt um að nokkur maður hafi staðfest hér innan þings eða látið frá sér fara. Ég tek að vísu fram að ég hef ekki grandskoðað blöðin í dag, en við fljótan lestur sá ég ekki að að þessu væri vikið sérstaklega í blöðum. Það má þó vera að svo sé, en að það verði til þess að hæstv. forseti fari að láta slík ummæli frétta- og blaðamanna hafa áhrif á fundarstjórn sína gagnvart hv. alþm. er lakara, og mikið er þá vald þeirra manna orðið, sem sitja hér daglega í stúku fjölmiðlamanna og flytja af þinginu fréttir og túlka störf þess, þegar hæstv. forseti ber fyrir sig lausafréttir í sjónvarpi og blöðum þegar hann er krafinn skýringa á ákvörðunum sínum um meðferð dagskrár hér á Alþingi.

En fyrst hæstv. forseti hefur gert þessi fjölmiðlaummæli að umræðuefni úr forsetastól og nefnt það sem meginskýringu á ákvörðunum sínum um dagskrá tel ég alveg nauðsynlegt að láta það koma fram hvers vegna þessar tillögur eru fluttar í deildum þingsins til þess að fyrirbyggja allan misskilning. Mér þykir mjög leitt að þessar fjölmiðlafréttir skuli hafa haft þau áhrif á hæstv. forseta sem raun ber vitni. Skýringin á því hvers vegna þessar tillögur eru fluttar í Ed. og Nd. þingsins er fyrst og fremst fólgin í því, að upphaflega var það ætlun

flokkanna sem að þessu stóðu að flytja í deildum þingsins í tengslum við umr. um frv. til breytingar á stjórnarskránni ... (**Forseti:** Þetta er um þingsköp.) Já, ég er að skýra það, hæstv. forseti, og vona að hæstv. forseti vegna sinna eigin orða forláti mér þó að ég vilji skýra frá hinu rétta og eðlilega í þessu máli. Ég tel það reyndar óhjákvæmilegt vegna orða hans áðan. — Ástæðan er sú, að það hafði verið um það rætt af hálfu þessara þriggja flokka að flytja í tengslum við frv. til breytingar á stjórnarskrá annað frv. í deildum þingsins um samkomudag Alþingis að loknum kosningum. Þessi skoðun var tilkynnt fulltrúum Framsfl., sem áttu sæti í sameiginlegum nefndum beggja deilda um stjórnarskrármálið, og þessi ákvörðun var einnig tilkynnt formanni Framsfl. á fundum formanna flokkanna fyrir alllöngu, þannig að sú ákvörðun að flytja þetta mál inn á þingið getur ekki með neinum hætti komið þm. Framsfl. á óvart.

Það var í upphafi ætlunin að flytja sérstakt frv. í deildum þingsins um þetta efni. En þegar málið var skoðað nánar kom í ljós að með slíku frv. hefði þurft að binda eðli þess þings við að vera reglulegt Alþingi, þar eð frv. um aukaþing ... (**Forseti:** Ég vil biðja þm. að stytta mál sitt.) Já, herra forseti, ég skal gera það. En ég er að rekja þetta nákvæmlega til að forða því að hæstv. forseti sé að láta einhver ógætileg ummæli fjölmiðlamanna utan þings hafa áhrif á fundarstjórn sína hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Var það ekki þm. sjálfur sem sagði þetta?) Nei, þm. sagði þetta ekki sjálfur. Ég vona að menn virði mér þetta til vorkunnar því að hæstv. forseti hefur gefið mér þá einu skýringu á breyttri fundarstjórn sinni að fjölmiðlamenn hafi verið að gefa til kynna eitthvert vantraust á hæstv. forseta. Ég er að fyrirbyggja að virðulegur forseti Sþ. trúi því að um slíkt vantraust sé að ræða og er þess vegna að rekja mjög nákvæmlega ástæður og aðdraganda málsins og ég skal ljúka því á *fáeinum mínútum, herra forseti.*

Það kom í ljós við nánari athugun málsins að með því að flytja frv. um samkomudag Alþingis hefur orðið að ákveða að slíkt væri reglulegt þing. Menn vildu hins vegar ekki binda það með slíkum hætti hvort heldur væri og töldu þess vegna eðlilegt að um viljayfirlýsingu væri að ræða. Þar sem upphaflega hafði verið rætt um það á *sameiginlegum fundum stjórnarskrárnefndar* beggja deilda að þetta mál yrði flutt inn í deildirnar, þá fannst okkur eðlilegast að halda því striki og flytja málið í formi þáltill. í deildum, einkum og sér í lagi til að staðfesta það, sem var tilkynnt fyrir röskri viku, að það yrðu stjórnarskrárnefndarmenn flokkanna í báðum deildum sem mundu flytja þetta mál á sínum vettvangi. Það er til að tengja þessa ákvörðun við uppruna hennar, þ. e. starfið í stjórnarskrárnefndum deildanna, sem sú ákvörðun var tekin að flytja þetta sem þingdeildarmál og ennfremur vegna þess að í deildum þingsins fer fram umr. um stjórnarskrármálið og stjórnarskrárbreytinguna en ekki í Sþ. og ákveðið hafði verið að flutningur þessa máls yrði í beinum tengslum við það frv. Auðvitað má halda því fram að það hefði fyllilega komið til greina að flytja þetta í Sþ., það segir sig sjálft, en það hafa verið deildir þingsins sem hafa verið umræðuvettvangur um þetta efni á undanförnum vikum og verða það til loka þessa þings. Það voru stjórnarskrárnefndarmenn í deildum sem tilkynntu þessa ákvörðun. Þess vegna fannst okkur eðlilegt að þeir fylgdu málinu eftir til loka.

Þetta vildi ég láta hér koma fram, herra forseti, vegna þess að ummæli hæstv. forseta hér áðan, að þátttaka hans í Framsfl. og störfum þingflokks Framsfl. væri ástæðan fyrir því að þetta væri flutt í deildum, geta leitt til mjög leiðs misskilnings hér innan þings. Ég varð satt að segja mjög undrandi á því að heyra það úr forsetastól fyrir nokkrum mínútum að skýringin á því að umr. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er rofin eftir tvær ræður og hafin umr. um viðræðunefnd við Alusuisse sé sú, að till. til þál. um samkomudag Alþingis eftir kosningar hafi verið fluttar í deildum þingsins og fjölmiðlar hafa túlkað það atriði með þeim hætti sem virðist hafa sært hæstv. forseta. Ég vona að þessar skýringar nægi hæstv. forseta, vona af heilum huga að svo sé, og hann láti ekki ummæli fjölmiðla hafa slík áhrif á fundarstjórn sína eins og raun ber vitni. Það væri slæmt ef við ættum að láta allt það sem um okkur er sagt í fjölmiðlum hafa mikil áhrif á hvað við segjum og gerum hér í þinginu.

En ég vil ítreka hins vegar að lokum, herra forseti, þá ósk mína að það verði upplýst hvaða þm. það voru sem óskuðu eftir því að till. um viðræðunefnd við Alusuisse yrði tekin á dagskrá nú inn í umr. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði vegna þess að það var ekki upplýst áðan í orðum hæstv. forseta.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vildi í tilefni af þeim umr. sem hér fara fram og þeirra spurninga sem hv. 11. þm. Reykv. bar fram hér áðan inna eftir því hvernig á því stendur að ýmsum öðrum málum, sem fyrr standa á dagskrá þessa 63. fundar Sþ., er sleppt. Er það að ósk flm. að þessum tillögum er sleppt af dagskránni? Hvernig er með 3. mál á dagskrá, afvopnun og stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, 82. mál Sþ.? Hvernig stendur á því að því er sleppt úr umr.? Hafa flm. og meðflm. hans óskað eftir því að þetta mál komi ekki til umr.? Innsiglingarleiðin í Höfn í Hornafirði, þáltill., 108. mál Sþ. Ég veit ekki betur en hv. þm. Halldór Ásgrímsson sé þetta viðriðinn. Hvernig stendur á að því er vikið til hliðar fyrir þessa till. hér, nr. 17? Afvopnun, þáltill., 110. mál Sþ. Hafa flm. óskað eftir því að það mál komi ekki til umr.? Ég spyr vegna þess að nú sneiðist vafalaust mjög um þingfundartíma hér á hv. Alþingi og það er meiningin að reyna að ljúka þingstörfum nú um helgina. Brúargerð á Kúðafljót. Hvað segir hæstv. forseti Sþ. um þá till.? Á ekki að ræða hana hér? Má ekki tala um hana hér í hv. Alþingi? Hvers á hún að gjalda eða flm. hennar? Hefur verið beðið um að till. um brúargerð á Kúðafljót verði ekki rædd hér í þinginu? Hver hefur farið fram á það? Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla. Allt þetta á að rífa út, fjölmörg þjóðþrifamál hvert á fætur öðru, og henda sér í 17. dagskrármál. Hvernig í ósköpunum víkur þessu við? (**Forseti:** Ég skal svara hæstv. félmrh. strax. Ég hef ítrekað boðið öllum flm. þessara mála að ræða þau hér á þinginu áður.) Það er nokkuð fróðlegt að heyra, ég verð að segja það, að svo skuli vera og þeir hafi þá neitað að tala um þessi mál. Það fylgir þá ekki mikill hugur máli ef þeir neita að ræða um það.

Gerð frv. til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds, flm. Bandalag jafnaðarmanna gjörvallt, sem talar yfirleitt um sjálft sig í fleirtölu hér eins og konungurinn gerði á síðustu öld. Við aleinir vitum, sagði konungurinn, við, segir þm. Bandalags jafnaðarmanna. Hann talar ævinlega um

sjálfan sig í fleirtölu. Vill hann ekki ræða um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds? Annað hefur mér heyrst að undanförnu. Það kveður þá nýrra við ef hv. þm. Vilmundur Gylfason, þm. Bandalags jafnaðarmanna og þingflokkur og formaður með meira, vill ekki ræða um þetta grundvallaratriði í stefnuskrá Bandalags jafnaðarmanna. Þetta er býsna sérkennilegt, herra forseti, og það er líka nokkuð sérkennilegt, verð ég að segja, að þegar umr. fara fram um fsp. fyrr í dag á 62. fundi Sþ. er félmrh. mættur hér og tilbúinn að ræða um varnir vegna snjóflóða og skriðufalla, en það eru tekin út mál sem hann er tilbúinn til að svara án þess að ráðh. sé látinn vita af því eða fyrirspyrjandi. Hérna er greinilega verið að ýta fram málum með býsna annarlegum hætti.

Ég vil að lokum segja að auðvitað er till. til þál. um samkomudag Alþingis að loknum næstu kosningum flutt í deildum vegna þess að hún er hluti af stjórnarskrár- og kjördæmamálinu. Auðvitað er hún flutt í deildum vegna þess. Það er grundvallaratriði og það vil ég taka fram, vegna þess að ég er einn af flm. þess frv. um stjórnarskrá sem hér hefur verið rætt á liðnum dögum. Til að koma í veg fyrir allan misskilning í þeim efnum, herra forseti, felst í þeim tillöguflutningi af hálfu flm. ekkert vantraust á störf forseta Sþ.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það kom fram í orðum forseta áðan að hv. þm. Friðrik Sophusson hefði óskað eftir því að taka þetta mál á dagskrá og hæstv. forseti gaf honum orðið síðan. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Síðan hvenær er hv. þm. Friðrik Sophusson 1. flm. þessarar till. og hvar stendur það í þskj. að hv. þm. Friðrik Sophusson hafi orðið fyrir hönd þess fríða hóps sem stendur að þessari till.? (**HÁ:** Það er bókað í atvmn.) Þá er rétt að sú gjörðabók sé borin inn í þingsalina og kynnt fyrir þingheimi. En það hefur kannske verið eitthvað feimnismál að hv. þm. Halldór Ásgrímsson skyldi velja Friðrik Sophusson sem talsmann sinn í þessu máli, vegna þess að það er ekki prentað í þskj. og það stendur hvergi í þskj. hver er 1. flm. eða frsm. þessa máls. Hins vegar stendur hér efstur á blaði höfuð og leiðtogi þessarar sveitar, hv. þm. Eggert Haukdal. Hvers á hann að gjalda? Af hverju fær hann ekki að mæla fyrir þessu máli? Hann er fyrstur á þessu blaði. (**FrS:** Hann er formaður nefndarinnar.) Formaður n., já. Af hverju fær hann ekki að njóta tignarinnar? Ef það er bókað í fundargerðabók atvmn. að hv. þm. Friðrik Sophusson eigi að vera frsm. fyrir n., en það er ekki birt í þskj., þá er það í fyrsta sinn svo ég viti til sem því er undan skotið í prentun þskj. hver sé framsögumaður. (**SvH:** Þú þekkir bara svo illa til þingstarfa.) Við skulum nú vona að þjóðin fái ekki margar sýnikennslur eins og voru í fundarstjórn Nd. í gærkvöld.

Ég dreg það fyllilega í efa, herra forseti, að það hafi verið ákveðið af meiri hl. atvmn. að hv. þm. Friðrik Sophusson eigi að vera frsm. Það stendur hvergi í þskj., sem væri sjálfsagt og eðlilegt. Þar sem ég og fleiri draga í efa að hv. þm. Halldór Ásgrímsson og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hafi virkilega falið varaformanni Sjálfstfl. að vera málsvari sinn í þessu máli — ég trúi því hins vegar upp á hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson — óska ég eftir því að við fáum fram með formlegum hætti í gerðabók atvmn. að hv. þm. Friðrik Sophusson hafi verið valinn frsm. meiri hl.

Þetta þskj. hefur einu sinni verið prentað upp vegna þess að meiri hl. n. láðist að láta þess getið hverjir væru flm. að þessari nýju till. sem hér á að ræða. Það er venja þegar um nýjar till. er að ræða, herra forseti, að sá sem efstur er á blaði sé frsm. Þessi till. er meðhöndluð hér í þinginu af hæstv. forseta eins og um nýja till. sé að ræða. Það hefur verið farið með hana þannig hér í þingsköpum og þess vegna fara fram tvær umr. um tillöguna. Það er almenn regla í þingsköpum að 1. flm. að till. sem lagðar eru fram með þessum hætti sé jafnframt frsm. fyrir þeim.

Ég dreg t. d. í efa að hv. þm. Eggert Haukdal hafi afsalað sér þessum rétti. Það væri mjög fróðlegt að fá hann upp í ræðustólinn og láta hann staðfesta að hann hafi afsalað sér þessum rétti. Ég sé ekki hvers vegna forseti lætur hv. þm. Friðrik Sophusson komast upp með þessa frekju að ryðja sér fram fyrir menn og krefjast þess að fá að mæla fyrir þessu máli. Það stendur hvergi að hann eigi að gera það. Ef það hefur verið bókað í fundargerðabók atvmn. er best að sú bók verði borin hingað inn. Annars er það algert brot á öllum þingvenjum að hv. þm. Friðrik Sophussyni verði leyft það.

Þetta er ný till. Hún hefur marga flm. og þeir eru í ákveðinni röð. En það væri líka mjög fróðlegt að fá það fram, þó að það hafi að vísu komið fram í frammíkalli frá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að varaformaður Framsfl. hafi falið varaformanni Sjálfstfl. að vera talsmaður sinn í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ég get nú talað fyrir mig sjálfur.) Það virtist ekki í þessu máli að hv. þm. geti talað fyrir sig sjálfur vegna þess að hann hefur valið hv. þm. Friðrik Sophusson til þess að gera það. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar þegar ég var í Framsfl. að efsti maður á framboðslista Framsfl. á Austurlandi, maðurinn sem skipar sæti Eysteins Jónssonar, skyldi velja varaformann Sjálfstfl. til að vera talsmann sinn í málefnum Alusuisse. Það hefðu a. m. k. þótt tíðindi í Framsfl. (**Forseti:** Þetta er um þingsköp.) á áratugnum milli 1960 og 1970, þegar Eysteinn Jónsson háði hér harða baráttu gegn Alusuisse í þingsölum og utan og naut til þess stuðnings núv. formanns þingflokks Framsfl. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka þessu, þótt ég verði að játa það að þessi órólegu frammíköll hjá efsta manni á framboðslista Framsfl. á Austurlandi hafi vakið upp nokkrar minningar um hvernig þeir sem eitt sinn skipuðu það sæti töldu réttast að halda á baráttunni gegn Alusuisse og hvernig þeir sem nú skipa forustusæti Framsfl. á Austurlandi telja það sér við hæfi að vera aftaníossar varaformanns Sjálfstfl. í þessu máli.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég hef ekki misnotað tíma fundarins, aðeins gert þá sjálfsögðu aths. við fundarstjórn hæstv. forseta að hann skyldi leyfa sér að fresta umr. eftir að aðeins iðnrh. og annar hv. Austfirðingur hafa látið ljós sitt skína, sem var því miður býsna dauft, enda tapskuggi yfir áætluninni sem birtist í þáltill. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Ég hef ekki gert hingað til aths. við fundarstjórn hæstv. forseta. Hann hefur verið að tala um það hér að hann sé minna metinn en aðrir forsetar þingsins, að þeir séu góðir forsetar í deildum, en slæmi maðurinn sitji í

sæti forseta Sþ. Það er hörmulegt að hæstv. forseti skuli segja þetta og byggja það á upplýsingum úr Tímanum eða einhverju slíku blaði eða Helgarpóstinum eða hvað þessi rit heita sem eru sífellt með slúðursögur sem reynast svo vera meira og minna ósannindi, því miður. En ég byggði mína aths. fyrst og fremst á þeirri eðlilegu skýringu, að forseta sé skylt að leyfa andstæðum sjónarmiðum að koma fram. (Forseti hringir.) Herra forseti. Nú tala ég um þingsköp og ég vil ekki missa heyrnina af þessum bjölluslætti.

Eg hef nokkra reynslu af fundarstjórn hér í þinginu sjálfu, en aldrei leyft mér að misnota vald mitt með neinum hætti, að sjálfsögðu ekki. Og ég er viss um að hæstv. forseti Sþ. gerir það ekki núna í þessu máli af ásetningi, heldur af því að hann hefur ekki kynnt sér nægilega vel anda þingskapanna sem kveða á um að menn eigi að fá að tala fyrir gagnstæðum skoðunum í því máli sem er á dagskrá. Niðurstaða hæstv. forseta er því miður sú, að hann leyfir tveim einstefnumönnum að koma fram sínum sjónarmiðum, en neitar mér síðan, þm. úr sama kjördæmi og hann er fulltrúi fyrir eða sagður vera, um orðið. Það finnst mér aðfinnsluvert.

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa till. til þál. Menn hafa kannske veitt því athygli að lengst til vinstri — kannske horfa allt of fáir þangað — stendur: Prentað upp. Og í staðinn fyrir hvaða þskj. er þetta prentað upp? Það er prentað í stað annars þskj. sem einnig var merkt svona, Prentað upp. Þetta er sem sagt 3. útgáfa þessa þskj. vegna þess að ekkert þeirra hefur fram að þessu verið fullnægjandi. Það hefur verið formlega rangt. Og hvernig stendur á því að flm. eru nú tilnefndir á þessu þskj.? Það er vegna þess að ég óskaði eftir því við skrifstofustjóra Alþingis, ósköp einfaldlega vegna þess að á forvera þessa þskj. stóð einungis að meiri hl. atvinnumálanefndar flytti tillöguna. Ef við tölum um meiri hl. leiðir af sjálfu sér að minni hl. hlýtur að vera til. Til þess að komast að því hverjir væru í raun flm. og hverjir ekki þurftu menn að leggja það á sig að lesa afburðaleiðinlega og umfram allt vitlausa grg. til þess að sjá hver var ekki flm. Svona vinna menn ekki. Ég tala nú ekki um ef þessi grg. hefði verið mjög löng og nafn mitt hefði kannske verið á síðustu síðunni, (Gripið fram í.) t. d. síðu 355 eða eitthvað slíkt, ef um það væri að tefla. Það var ekki svo slæmt að þessu sinni að vísu, en það væri full ástæða til að gera þetta þskj. með endurbótum, fá 4. útgáfuna sem sagt, sem væri með fullnægjandi upplýsingum um hverjir væru í meiri hl. og hverjir væru í minni hl. og hver væri frsm. Þannig líta almennileg þskj. út. En það lá svo mikið á að böðla þessu í gegn. Í fyrsta lagi var ekki nokkur einasta von að fá þessa menn til að ganga til einhverra samninga. Ég margreyndi hins vegar í nefnd samninga í málinu og bauð upp á jafnvel — ég segi ekki hvað sem er, en ýmislegt. En þessir menn sáu bara beint fram fyrir sig og neituðu að ræða þessi efni.

Þetta mál, herra forseti, sýnir auðvitað hversu óvönduð þessi vinnubrögð hafa verið öll, svo að ég tali nú ekki um ef menn fara að lesa till. Um það ræðum við síðar. En hún sýnir þó að hér í þinginu hefur myndast nýr meiri hl. — það kemur nýr meiri hl. eins og annan hvern dag í þessari virðulegu stofnun.

Að lokum, herra forseti. Ég óska eftir að fá að koma hér í ræðustólinn og ræða um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. (**Forseti:** Það verður tekið á dagskrá síðar á þessum fundi. Það hafa verið ákveðnir deildafundir núna kl. 5. En hv. 10. þm. Reykv. hefur hér mál sitt um 17. dagskrármálið).

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 467). — Fyrri umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Þeim hefur tekist, hv. þm. Alþb., að skerða nokkuð þann tíma sem ætlaður var til umr. um það mál sem nú hefur verið tekið á dagskrá.

Í tilefni þeirra þingskapaumr., sem hafa farið fram, vil ég taka það sérstaklega fram að það mál sem hér er til umr. byggir á 24. máli, sem lagt var fyrir yfirstandandi Alþingi. Það mál var rætt í hv. atvmn. Hinn 14. febr. var haldinn fundur í n. og ákveðið að afgreiða málið út á næsta fundi, en gefinn frestur í málinu. Á næstu fundum þar á eftir var gefinn frestur í þessu máli að sérstakri beiðni hv. þm. Garðars Sigurðssonar, sem hér talaði síðast úr ræðustól, vegna þess m. a. að hann óskaði eftir því að fá að athuga það í sínum þingflokki hvort hann gæti gerst meðflm. þeirrar þáltill. sem hér er til umr.

Það er ljóst að mikill meiri hl. hv. atvmn. stendur að þessu máli eða sex af sjö nm. og í örstuttri grg. með till. er sagt, með leyfi forseta:

„Að þessari till. standa allir nm. atvmn. nema fulltrúi Alþb., Garðar Sigurðsson."

Af þessum orðum má öllum ljóst vera hverjir standa að till.

Varðandi frsm. skal það tekið fram, að þess var auðvitað getið í fundargerðabók, þannig að það var auðvelt verk fyrir hv. þm. að komast að því hver hafi verið kjörinn frsm. nefndarmeirihluta. Það skal auk þess tekið fram, að þegar nefndir flytja ný mál er það yfirleitt ekki tekið fram hver sé frsm. n. Hér er um nýtt mál að ræða, þótt það sé flutt í beinu framhaldi að fyrirliggjandi till., sem lá fyrir hv. atvmn.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði mikið veður af því, til þess að geta eytt nokkrum mínútum af dýrmætum tíma hv. Alþingis, að hv. þm. Halldór Ásgrímsson hafði staðið að því að varaformaður Sjálfstfl. væri frsm. í þessu máli og taldi það mikil drottinsvik að 1. þm. Austurl. skyldi standa að slíku og þvílíku. Í þessu sambandi væri kannske til skemmtunar hægt að rifja það upp að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., gerði þáv. varaformann Sjálfstfl. að forsrh. og hikaði ekki við það, þegar hann átti í hlut, og talaði þá allra síst um drottinsvik, heldur um virðingu Alþingis.

Herra forseti. Ég var kjörinn frsm. í þessu máli. Ég hef gert grein fyrir því að hér er um sérstakt þingmál að ræða, þótt það byggi á fyrirliggjandi till. Í þáltill. er gert ráð fyrir að skipuð verði sex manna viðræðunefnd og það eigi hæstv. ríkisstj. að gera. Skal hver þingflokkur tilnefna einn fulltrúa, forsrh. einn og Landsvirkjun einn. Nefndin kjósi sér sjálf formann. Þá er greint frá því, hvert eigi að vera starfssvið nefndarinnar og að nefndin eigi að hafa aðgang að þeim gögnum sem liggja fyrir í þessu máli.

Ég mæli með því, herra forseti, að þetta mál fái hraða afgreiðslu á yfirstandandi Alþingi á þessum fáu dögum sem eftir eru. Málinu þarf ekki að vísa aftur til nefndar,

þar sem málið hefur verið rætt þar mjög ítarlega, og eðlilegt að afbrigða verði leitað til þess að tvær umr. geti farið fram hvor fram af annarri.

Það er sjálfsagt óþarfi að rekja í löngu máli sögu málsins, en það var í des. 1980 að hæstv. iðnrh. gekk út af þingfundi og hélt blaðamannafund þar sem hann sakaði Alusuisse um „hækkun í hafi" eins og það var kallað, og fleira í þeim dúr. Í bréfum hæstv. ráðh. var staðhæft að hér væri um sviksamlegt athæfi að ræða. Þrátt fyrir beiðni hæstv. ríkisstj. um að notast ekki við slíkt orðalag var það eftir sem áður notað í bréfi til Sviss frá hæstv. ráðh.

Segja má að allar götur síðan hafi meðferð málsins verið með þessum sérkennilega hætti sem upphafið gaf tilefni til. Engar viðræður áttu sér stað við fulltrúa Alusuisse fyrr en haustið 1981. Meginástæðan fyrir þessari bið var sú, að beðið var eftir skýrslum endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrand. Frá því fyrirtæki komu drög í marsmánuði 1981 og í framhaldi af því stundaði Ingi R. Helgason lögfræðingur mjög ferðalög til Lundúnaborgar, þar sem hann var í sambandi við fulltrúa Coopers & Lybrand. Endanleg gerð skýrslunnar frá Coopers & Lybrand kom svo fram í júlí. Það ber að taka það fram að hækkun raforkuverðs var ekki á dagskrá á þessum tíma, þótt hæstv. ráðh. léti í það skína síðar að hann hefði haft það í huga frá upphafi málsins.

Síðla sumars 1981 skipaði ráðh. síðan svokallaða álviðræðunefnd og var henni sent erindisbréf síðar eða í septembermánuði. Með þskj. 24 fylgir ályktun sem Sjálfstfl. lét frá sér fara varðandi það mál og er óþarft að rekja það hér og nú. En þó tel ég, herra forseti, ástæðu til, vegna þess hver framvinda málsins hefur orðið að undanförnu, að gera í stuttu og eins skýru máli og hægt er grein fyrir hver hafa verið samskipti Sjálfstfl. og hæstv. iðnrh. í þessu máli, því að þau samskipti eru án efa táknræn um vinnubrögð hæstv. ráðh.

Í des. 1980 bauð Sjálfstfl. samvinnu í málinu í umr. á Alþingi í Ed. Því var engu sinnt. Í júlí 1981 tilnefnir flokkurinn síðan mann í nefnd eftir að ríkisstj. falaðist eftir samvinnu. Sjálfstfl. óskar eftir því að nefndin verði fagleg undir forustu sem flokkurinn geti sætt sig við, og yrði þar að sjálfsögðu fyrst og fremst rætt um ágreiningsmálin, súrálsmálið og skattana, og síðar um framtíðarsamskipti.

Um miðjan sept. kemur síðan erindisbréf til nefndarinnar. Það má segja að allt frá þeim tíma hafi samráð aldrei verið nægilega gott á milli hæstv. ráðh. og stjórnmálaflokkanna í landinu annarra en Alþb. Innan tíðar, eða nánar tiltekið í febr. 1982, má segja að álviðræðunefnd verði aðeins áhorfendahópur að viðræðum hæstv. iðnrh. og Alusuisse. Frá þeim tíma hefst sú saga sem allir Íslendingar þekkja, þessi klúðurssaga hæstv. iðnrh. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. ræðumann að fresta ræðu sinni þar sem nú hafa verið boðaðir deildafundir.) Það er sjálfsagt, herra forseti. — [Frh.]

Umr. frestað.

Efri deild, 66. fundur.

Fimmtudaginn 10. mars, kl. 5 síðdegis.

Samkomudagur Alþingis, þáltill. (þskj. 562). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 521 (sbr. 367), n. 579). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Stjórnarskrárnefnd Ed. hefur rætt frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, á fundi sínum, en áður en málinu var vísað til þessarar hv. deildar höfðu stjórnarskrárnefndir beggja deilda haldið nokkra fundi þar sem fjallað var ítarlega um frv.

Á fund nefndanna kom hagstofustjóri og gerði þar grein fyrir viðhorfum sínum, þar sem hann taldi þörf á breytingu á 2. gr. frv. Nefndirnar urðu sammála um að taka aths. hans til greina og þess vegna var 2. gr. frv. nokkuð breytt í Nd. Breytingin var í því fólgin, eins og fram kemur í brtt., að kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi þegar kosning fer fram er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

Eins og nú er í gildandi stjórnarskrá er það skilyrði fyrir kosningarrétti að hafa lögheimili á Íslandi. Um nokkurt skeið hafa verið uppi reglur sem eru ekki að fullu í samræmi við þetta vegna námsmanna sem dveljast á Norðurlöndum, og vegna hins samnorræna flutningsvottorðs missa lögheimili sitt hér á landi. Í frv. eins og það var lagt fram var gert ráð fyrir að koma til móts við þetta með því ákvæði að menn gætu haft hér kosningarrétt ef þeir hefðu átt hér lögheimili einhvern tíma á síðustu fjórum árum. Hagstofustjóri benti á að það væri mjög miklum vandkvæðum bundið að framfylgja slíku ákvæði og auk þess mundi það alls ekki ná til allra sem þörf væri á. Þess vegna féllust nm. á að gera þessa breytingu.

Hugmyndin er sú, að í lögum um kosningar til Alþingis sé möguleiki að setja ákvæði sem heimili þegnum sem hafa íslenskan ríkisborgararétt að hafa hér kosningarrétt, enda þótt þeir eigi ekki lögheimili á Íslandi. Það er sem sagt reiknað með að slíkt undanþáguákvæði verði sett í kosningalögin. Hins vegar þarf að athuga málið betur áður en því er slegið föstu að allir íslenskir ríkisborgarar eigi þennan rétt og þess vegna er sú leið farin að vísa því yfir í kosningalögin.

Aðrar breytingar voru ekki gerðar á frv. í Nd. og stjórnarskrárnefnd Ed. mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Þetta mál er búið að vera í ítarlegri athugun í þingflokkunum í langan tíma. Þetta er eins og allir vita ákaflega viðkvæmt mál og skiptar skoðanir. En menn hafa reynt að leggja sig fram um að ná samkomulagi og niðurstaðan birtist í þessu frv. Þegar þannig er reynd málamiðlun og komist að samkomulagi verður kannske enginn fullkomlega ánægður, en menn misjafnlega óánægðir. En það er von þeirra sem að þessu máli

standa að hér hafi tekist að fara nokkurn meðalveg og vænta þeir þess að breytingin megi verða farsæl í framtíðinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, EKJ, GeirG, GB, GK, GTh, JH, KSG, KJ, LJ, ÓRG, ÓlJ, SalÞ, StJ, TÁ, ÞK, DA, HS.
nei: StefG, EgJ.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég tel að önnur leið til leiðréttingar á tilhögun kosninga til Alþingis sé æskilegri en sú sem þetta frv. felur í sér, en þetta frv. hefur náð það miklu meirihlutafylgi meðal alþm. að önnur leið hefur enga möguleika á því að hljóta samþykki nú, og þar sem brýn er þörf á lagfæringu á kosningaskipan til Alþingis segi ég já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þetta frv. felur í sér áfanga í átt að leiðréttingu þess misvægis sem hefur verið í vægi atkv. eftir búsetu hér í landinu. Þessi áfangi er vissulega mikilvægur þótt hann feli ekki í sér þær æskilegustu breytingar sem betur hefðu samrýmst búseturétti hér í landinu. En vegna þess að ég tel þennan áfanga mjög mikilvægt skref segi ég já.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Mér er ljóst að með þeirri röskun á búsetu sem orðið hefur í landinu er leiðrétting á vægi atkv. milli kjördæma ekki óeðlileg. Við þá leiðréttingu ber þó mjög að hafa í huga að því aðeins að við byggjum landið allt og nýtum á þann hátt gögn þess og gæði tryggjum við sjálfstæði þjóðarinnar. Af því sem hér er sagt þykir mér óeðlilegt að kosningatilhögunin, sbr. frv. til stjórnskipunarlaga á þskj. 367, skuli tekin ein sér til afgreiðslu. Þar sem heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar er nú lokið er óeðlilegt annað en allir þættir hennar séu teknir til umfjöllunar og afgreiðslu samhliða. Hér er um grundvallarmál að ræða, hornstein þess lýðræðis er við byggjum á. Slík mál þurfa og eiga að ræðast jafnt innan Alþingis sem utan. Þjóðin öll á og þarf að vera þátttakandi í þeirri sköpun. Til þess hefur ekki verið gefinn nægjanlegur tími og því segi ég nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Innan þingflokks Alþb. var gerð sátt í þessu máli um að þingflokkurinn stæði að afgreiðslu máls þessa svo sem það kemur fram í frv. Það skildist mér að þess háttar sátt hefði verið gerð innan annarra stjórnmálaflokka einnig. Ég hef grun um að svo hafi verið í öðrum flokkum sem í mínum flokki að þar hafi enginn verið alveg ánægður. Hitt veit ég, að hefðum við skipst í fylkingar innan þingflokks Alþb. og haldið hvor sínum málstað fram til fullnustu og af hörku hefði þar ekkert samkomulag orðið og Alþb. ekki orðið aðili að flutningi þessa máls. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að það hefði gilt innan allra stjórnmálaflokkanna að ef þeir sem öðrum megin stóðu hefðu beitt sér af fullri einurð og hreinskilni innan flokka sinna og látið það kosta svo mikið sem þeir láta í veðri vaka nú þegar þetta er gagnrýnt hefði þetta frv. alls ekki komið fram. Ég kýs, þó að ég sé ekki ánægður, hvergi nærri til hlítar, með frv. það sem hér liggur frammi eða þá skipan mála, sem hér er gert ráð fyrir, að standa að þessu máli með félögum mínum, en nota ekki tímann nú þegar málið kemur til afgreiðslu til handþvottar og til að koma sök yfir á flokksfélaga mína þegar til kastanna kemur til þess að geta veifað því heima í kjördæmi. Ég segi því já.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég álít að leiðrétting á vægi atkv. sé eðlileg. Ég er hins vegar ekki ánægður með þá málsmeðferð sem þetta mál hefur fengið og tel að hún þyrfti að vera með öðrum hætti, eins og ég hef áður gert grein fyrir. Ég undirstrika að stöðu landsbyggðarinnar verður að tryggja í stjórnarskránni þegar heildarendurskoðun hennar fer fram. Ég tel að um þetta mál, eins og það liggur hér fyrir, sé þó sæmileg sátt. Þetta er viðkvæmt mál og vandasamt til úrlausnar og ég veit að sennilega eru bæði þéttbýlið hér suðvestanlands og landsbyggðin, strjálbýlið, óánægð með niðurstöðu málsins. Það bendir kannske til þess að hér sé um að ræða sæmilega sanngjarna sátt og m. a. með tilliti til þess segi ég já.

Egill Jónsson: Herra forseti. Þar sem þjóðin hefur ekki fengið ráðrúm til að ræða þær breytingar á kjördæmaskipun, sem hér eru til afgreiðslu, og þar sem þessi breyting gengur mjög á hlut dreifbýlisins í þessu landi, án þess að hagsmunir þess séu að öðru leyti tryggðir, og ennfremur þar sem þær reikniregla, sem liggja að baki þessari skipan, eru mikilli óvissu háðar, að ekki sé fastara að orði kveðið, þá segi ég nei.

Helgi Seljan: Með tilvísan til þess fyrirvara, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði á sinni afstöðu, segir Helgi Seljan já.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 5, n. 581). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hér eru til meðferðar nokkur frv. sem fjalla um bankastofnanir ríkisins. Við félagar í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar höfum bróðurlega skipt með okkur að mæla fyrir nál. um þessi frv.

Þessi frv. eru öll eins. Í þeim eru ákvæði sem skylda bankastofnanir til að birta opinberlega í reikningum sínum greinargerðir um launakostnað, eignir, risnu og ýmislegt annað í þeim tilgangi að skýrt liggi fyrir með opinberum hætti hvernig trúnaðarmenn þessara stofnana stjórna þeim. Við erum þeirrar skoðunar, að slík meðferð sé eðlileg í okkar lýðræðisríki að þeir sem stjórna voldugustu fjármálastofnunum ríkisins standi að málum með þeim hætti sem hér er gert. Auðvitað mætti tilgreina nánar í lögum slíka skipan, en við teljum rétt að styðja þær tillögur sem í frv. felast. Síðar mætti endurskoða þessa skipan, þegar ljóst er hvernig hún

hefur gefist.
Fjh.- og viðskn. Ed. mælir því með því að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 6, n. 582). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er á dagskrá, fjallar um Búnaðarbanka Íslands og er hliðstætt því frv., sem fyrr var mælt fyrir, um Útvegsbanka Íslands.
Fjh.- og viðskn. Ed. leggur eindregið til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 7, n. 583). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Landsbanki Íslands, frv. (þskj. 8, n. 584). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur gaumgæft þetta frv. og athugað og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sala Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, frv. (þskj. 316). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 557). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt á 103. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt og er nú flutt í því formi sem það er í eftir 2. umr. í hv. Nd. Þar var gerð sú breyting, að í stað orðanna „orlofsheimili í eigu stéttarfélaga, launþega eða starfsmannafélaga" komi: orlofsheimili í eigu stéttarfélaga, launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi.
Þetta mál var upphaflega samkomulagsmál í svonefndum félagsmálapakka. Þá samdist um að undanskilin vegaskatti yrðu, auk þess sem nú er í 24. gr. laganna, sem eru kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili og vitar, einnig orlofsheimili í eigu stéttarfélaga.
Þetta mál var lagt fram í Nd. og hefur hlotið afgreiðslu þar með þeirri breytingu að ekki þótti fært að fella eingöngu niður vegaskatt af orlofsheimilum í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum, eins og það var orðað, heldur yrði þá nauðsynlegt að fella niður vegaskatt af sumarbústöðum almennt. Deildin taldi m. ö. o. ekki kleift að mismuna á milli sumarbústaða í eigu einstaklinga annars vegar og stéttarfélaga hins vegar. Ég skil þetta sjónarmið mætavel og hef engar aths. við þessa breytingu að gera.
Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Eins og ég sagði í upphafi hefur þetta mál áður legið fyrir hv. Nd. Vil ég því gera að till. minni að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 560). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Við umfjöllun Nd. um þetta mál, þ. e. frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, hafa bæst við þrjú nöfn, svo sem

ekki er óalgengt við meðferð mála af þessu tagi. Þau nöfn liggja fyrir á þskj. 560 og eru þeir einstaklingar, sem gert er ráð fyrir að öðlist íslenskan ríkisborgararétt, samkv. þessu 36 talsins. Nöfnin sem við hafa bæst eru Tove Solveig Heinesen húsmóðir í Reykjavík, Ali Riza Mete verkamaður á Eskifirði og Johnnie Wayne Wheat símsmiður í Keflavík.

Nm. í allshn. hv. Ed. geta fyrir sitt leyti fallist á þessa breytingu og mæla með því að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 598).

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 586 (sbr. 447)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Svo sem kemur fram á þskj. hafa orðið breytingar á frv. í Nd. og tel ég óhjákvæmilegt að fara þess á leit að umr. verði frestað um þetta mál til þess að heilbr.- og trn. hv. Ed. fái ráðrúm til að athuga þær brtt.

Umr. frestað.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 387). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Landsvirkjun, en það var lagt fram í Nd. og er það an komið án breytinga frá því sem málið var lagt fyrir. Hér er um hið mikilsverðasta mál að ræða, sem segja má að sé lokagerð í sambandi við skipulag raforkuvinnslu og raforkuflutnings í landinu og að koma henni í aðalatriðum á eina hendi, þó að nokkrir aðilar framleiði raforku fyrir utan Landsvirkjun.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið að beiðni iðnrn. af viðræðunefndum eignaraðila að Landsvirkjun, þ. e. fyrir utan fulltrúa ríkisins af fulltrúum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem um þetta mál fjölluðu.

Aðdragandi að þessu máli er sá, að í febr. 1981, svo að ekki sé lengra litið til baka, var undirritaður á Akureyri sameignarsamningur milli ríkisstj., Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, en samkv. þeim samningi, sem birtur er sem fskj. með þessu frv., mun Akureyrarbær 1. júlí n. k. gerast meðeigandi í Landsvirkjun og leggur til hennar eignarhlut sinn í Laxárvirkjun.

Í 5. tölul. ákvæða til bráðabirgða með þeim samningi segir að á aðlögunartímabilinu séu aðilar sammála um að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi stjórnarkjörs Landsvirkjunar og að nauðsynlegri lögfestingu á samkomulagi þeirra þar að lútandi. Auk ákvæða um stjórnarkjör var það álit eignaraðila að nauðsynlegt væri að lögfesta ýmis önnur atriði sameignarsamningsins, t. d. skilgreiningu á hlutverki og starfssvæði fyrirtækisins, eignarhlutdeild, höfuðstól og arðgreiðslum. Þar fyrir utan var svo tekið á nokkrum atriðum sem iðnrn. óskaði eftir að fjallað yrði um við undirbúning að þessu frv., þ. á m. varðandi aðild annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar að fyrirtækinu, þeim skilyrðum sem sett eru fyrir slíkri aðild og möguleikum sveitarfélaga í landinu, landshlutasamtaka þeirra sérstaklega, til að fylgjast með málefnum þessa stóra fyrirtækis.

Með samningi sem undirritaður var í Reykjavík 11. ágúst s. l. var samið um að Landsvirkjun yfirtæki frá síðustu áramótum til eignar og reksturs meginstofnlínukerfi landsins, hinar svokölluðu byggðalínur. Jafnframt var, með vísun til 1. gr. laga nr. 60 frá 1981, um raforkuver, samið um að Landsvirkjun mundi reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun, sbr. einnig þál. dags. 6. maí frá 1982. Með gerð þessa samnings varð grundvallarbreyting á hlutverki og starfssviði Landsvirkjunar. Hlutverk hennar hefur þannig vaxið í það að reisa og reka öll meiri háttar raforkuver í landinu og annast raforkuflutning milli landshluta. Starfssvæði Landsvirkjunar verður þannig nánast landið allt.

Það atriði sem ekki skiptir minnstu máli í sambandi við þennan sameignarsamning og þá lagasetningu sem hér er till. um er að Landsvirkjun skuldbindur sig til að selja raforku í heildsölu samkv. sömu gjaldskrá til allra landshluta frá afhendingarstöðvum út frá stofnlínukerfinu.

Það tókst heildarsamkomulag milli þeirra nefnda sem um þetta mál fjölluðu, en þær unnu verk sitt frá nóvembermánuði s. l. til janúarloka. Þann 28. jan. undirrituðu þessar nefndir sameiginlega bókun um samkomulag um frv. það sem hér liggur fyrir og það hlaut síðan staðfestingu ríkisstj. og einnig Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, þannig að eignaraðilar hafa fyrir sitt leyti fallist á frv. eins og það hér er flutt og er þannig um það víðtækt samkomulag.

Helstu nýmæli samkv. þessu frv. eru:

1. Breytt er ákvæðum laganna um eignarhlutdeild eignaraðila. Eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og með því að ríkissjóður hefur með ákvæði 8. gr. 3. tölul. samningsins frá 11. ágúst 1982 tekið að sér greiðslu vegna áframhaldandi 50% eignaraðildar ríkissjóðs að Landsvirkjun verður eignarhlutdeildin þannig: Ríkissjóður á 50%, Reykjavíkurborg 44.525% og Akureyrarbær 5.475%, nákvæmt tilgreint.

2. Með hliðsjón af breyttu hlutverki og starfssvæði Landsvirkjunar er ákvæðum um hlutverk fyrirtækisins breytt á þann veg að starfssvæði þess nær að heita má til landsins alls. Kveðið er á um hlutverk Landsvirkjunar að hafa með höndum meginhluta orkuöflunar og heildsölu raforku í landinu. Aukin er skylda Landsvirkjunar til að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

3. Starfssvæði Landsvirkjunar er skilgreint sem orkusvæði og er ákveðið landið allt, eftir því sem raforkuverð fyrirtækisins, stofnlínur og aðveitustöðvar spanna.

4. Ákvæðum laganna um stofnframlög og eiginfjárframlög er breytt til samræmis við ákvæði sameignarsamningsins þar um.

5. Til samræmis við skuldbindingu Landsvirkjunar

samkv. samningum frá 11. ágúst 1982 og samkv. sameignarsamningum frá 27. febr. 1981 er lagt til að lögfest verði að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna frá afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

6. Breytt er ákvæðunum um einfaldar ábyrgðir eignaraðila á skuldbindingum Landsvirkjunar.

Felld eru úr gildi ákvæði sem sérstaklega eiga við um Búrfellsvirkjun og ábyrgðir hennar vegna.

8. Landsvirkjun fær nú það hlutverk að reisa og reka öll meiri háttar raforkuver í landinu og starfrækja meginstofnlínukerfi landsins, hinar svokölluðu byggðalínur, en hringtengingu þeirra verður væntanlega lokið á yfirstandandi ári eða í síðasta lagi á hinu næsta. Nær þá starfssvæði fyrirtækisins til allra landshluta. Með hliðsjón af því er lagt til að lögfest verði að önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafi möguleika á að gerast eignaraðilar að fyrirtækinu.

9. Með tilliti til þess að Landsvirkjun mun starfa í öllum landshlutum er lagt til að komið verði á föstum samráðsvettvangi við samtök sveitarfélaga í hinum einstöku landshlutum um málefni fyrirtækisins. Í frv. er lagt til að haldnir verði ársfundir með þátttöku fulltrúa frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, þar sem kynntar verði áætlanir og afkoma Landsvirkjunar og þar sem fulltrúar sveitarfélaga geta komið sjónarmiðum um málefni Landsvirkjunar á framfæri.

10. Þá er stjórnarfyrirkomulagi breytt þannig, að stjórnarmönnum er fjölgað um tvo og kjörtímabil stjórnar stytt úr sex árum í fjögur ár. Þá er og lagt til að ráðh. orkumála skipi einn fulltrúa til setu á fundum stjórnar.

Herra forseti. Það mætti tala langt mál um þetta frv. hér, svo mikilsvert sem það er, en ég ætla ekki að taka tíma til þess. Ég vil aðeins minna á að að þessum málum hefur verið unnið alllengi, skipulagsmálum raforkuiðnaðarins í landinu. Skoðanir hafa verið nokkuð skiptar um það, en færst þó nær því samkomulagi sem hér liggur fyrir smám saman. Raforkuvinnslan hefur verið að vaxa hvað snertir uppsett afl og framleidd orka í vatnsaflsstöðvum landsins eru nú uppsett um 750 megawött samtals, í gufuaflsstöðvum 25—30 megawött og í olíustöðvum eitthvað yfir 100 megawött. Hefur orðið mikil breyting á þessu frá því sem var fyrir fáum áratugum og ekki síst hinu, að nú eru að heita má öll rafveitusvæði landsins samtengd með stofnlínum. Það má segja að sé eðlileg forsenda þess að fyrirtæki af þessari gerð verður til, þar sem er þessi nýja útfærða Landsvirkjun sem að stofni til byggir á því fyrirtæki sem ríkið og Reykjavíkurborg hafa staðið að frá árinu 1965 að telja.

Herra forseti. Ég vænti þess að það megi takast fyrir lok þessa þings að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur.

Fimmtudaginn 10. mars, kl. 5 síðdegis.

Samkomudagur Alþingis, þáltill. (þskj. 561). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 540). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1983, frv. (þskj. 412, n. 558, 592, 559, 563 og 593). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur haft þetta frv. til meðferðar og hafa nefndir beggja þd. starfað saman til þess að hægt væri að koma málinu fram fyrir þinglok. Það er nú svo með þetta mál, að það er nokkuð mörgum mánuðum of seint á ferðinni samkv. þeim lagafyrirmælum sem um það gilda auk þess sem þetta frv. á í raun og veru að leggja fram með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, þar sem gerð er grein fyrir stefnu ríkisstj. í fjárfestingarmálum og í lánamálum. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal leggja fyrir Alþingi fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv., eins og segir með leyfi forseta í 14. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979. Það eru lög um efnahagsmál o. fl. sem hv. þm. kannast við. Í upphafi 16. gr. sömu laga segir, með leyfi forseta:

„Með skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal lagt fram frv. um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frv. til fjárlaga. Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við.“

Frv. til lánsfjárlaga er því fylgifiskur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og ætlað að afla ríkisstj. heimildar til innlendrar lántöku, til erlendrar lántöku, afla ríkisstj. heimildar til þess að fjárfestingarlánasjóðir geti fengið fjármagn til þess að sinna starfsemi sinni og annað sambærilegt því. Þetta frv. er að sjálfsögðu ætlað sem fylgifiskur lánsfjáráætlunar og þá um leið að fyrir liggi hver sé stefna ríkisstj. í fjárfestingar- og lánamálum, en þegar komið er fram í marsmánuð á þessu ári fyrirfinnst ekki ennþá stefna ríkisstj. í fjárfestingarmálum, það fyrirfinnst ekki heldur ennþá stefna ríkisstj. í

lánamálum og út af fyrir sig kemur þetta ekki okkur stjórnarandstæðingum á óvart.

Af því sem hér hefur verið bent á, þ. e. með því að vísa til laga um efnahagsmál frá því 1979, má glögglega sjá hvers konar vinnubrögð eru viðhöfð af núv. hæstv. ríkisstj. þegar enn hefur ekki verið lögð fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og við erum að ræða frv. til lánsfjárlaga. Hér er um algert einsdæmi að ræða. Að vísu voru þm. ýmsu vanir af hæstv. ríkisstj. í þessum efnum og þótti það sýnu merkilegra þegar ýmsir af ráðh. ríkisstj. og ýmsir úr stjórnarliðinu gagnrýndu það mjög á sínum tíma, þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrst var lögð fram eins og lög gera nú ráð fyrir, að ekki tókst að leggja hana fram fyrr en við afgreiðslu fjárlaga, en það tókst þó að leggja fram lánsfjárlög og fá þau samþykkt áður en fjárlög voru samþykkt.

Ýmsar afsakanir hafa verið fram bornar af hæstv. ráðherrum og ríkisstj. í þessum efnum. Fyrst voru það stjórnarskipti seint á ári að sagt var. Síðan urðu aftur stjórnarskipti þannig að alltaf var einhver afsökun fyrir töfunum, en nú þegja menn þunnu hljóði einfaldlega vegna þess að þeir finna ekki stefnuna, þeir hafa ekki stefnuna og þar af leiðandi útilokað fyrir þá að kynna hana Alþingi og þjóðinni. Ég vék að þessu við 1. umr. og sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það. En ég benti í þeirri umr. á nokkur atriði varðandi þetta frv. sem ég taldi ekki vera á rökum reist, illa unnin og beinlínis sett fram á fölskum forsendum.

Ég vakti annars vegar athygli þar á því, að það væri um að ræða ofmetna innlenda fjáröflun og þar væri um að ræða vanmat á þeim erlendu lántökum sem ákvarðanir ríkisstj. og heimildir gerðu kröfu til. Og ég vék að því þar, að það væri sennilega mismunur upp á 1 milljarð í sambandi við lánsfjárlögin annars vegar og áætlun á innlendu fjármagnsöfluninni og hins vegar vanáætlun á erlendri fjáröflun ef standa ætti við heimildir ríkisstj. og þeir sem þær höfðu fengið ættu að standa við þá samninga sem þeir höfðu gert.

Á fundi nefndarinnar komu fulltrúar þeirra stofnana annars vegar sem hafa fjallað um lánsfjáráætlanir svo og fulltrúar þeirra stofnana sem hagsmuna hafa að gæta, þ. e. eiga að fá fjármögnun samkv. lánsfjárlögum. Ég verð að segja það eins og er að það sem kom fram í minni ræðu var allt saman varlega áætlað, þegar þessir aðilar höfðu látið í ljós skoðanir sínar og lagt fram þau gögn sem þeir höfðu með höndum og veittu nm. upplýsingar annars vegar um áætlanir í sambandi við fjáröflun og hins vegar heimildir sem búið var að veita og samninga sem gerðir höfðu verið byggðir á heimildum ríkisstj.

Fulltrúar Seðlabankans, fulltrúar Þjóðhagsstofnunar, fulltrúar Byggingarsjóðs ríkisins og fulltrúar Fiskveiðasjóðs komu allir til funda og gerðu grein fyrir því sem þeir voru spurðir um og lögðu n. til ýmis gögn til úrvinnslu. Sumt af þessum gögnum, sumt af þessum greinargerðum hefur formaður n., hv. 3. þm. Austurl. birt í nál. minni hl., en þar sem meiri hl. skilar nú skriflegu nál. munu þær greinargerðir, þær áætlanir, birtast sem fskj. með nál. meiri hl. — allar þær sem komu til nefndarinnar.

Það þurfti ekki að taka af neinn vafa, því það var tekinn af allur vafi í þeim efnum þegar að greinargerðir voru lagðar fram af hálfu Seðlabankans, um að innlend fjáröflun samkv. frv. er ofáætluð og má þar vera um að ræða um 300—400 millj. kr. Þetta var hvort tveggja byggt á reynslu ársins 1982, en það kemur fram í skýrslu fjmrh. hver staðan er í sambandi við sölu á spariskírteinum. Reynslan frá árinu 1982 varðandi verðbréfakaup af hálfu lífeyrissjóða sýnir líka að þessar tölur, sem hér eru, standast ekki. Það var rétt til getið í ræðu minni hér við 1. umr. að fjáröflun frá lífeyrissjóðunum er áætluð hærra hlutfall af ráðstöfunarfé þeirra í ár en í fyrra vitandi þó að það hefur ekki tekist að ná frá lífeyrissjóðunum því fjármagni sem lánsfjáráætlun ársins 1982 gerði ráð fyrir.

Það kom skýrt fram hjá fulltrúum Seðlabankans að áætlanir um erlendar lántökur vegna atvinnulífsins eru ekki of lágar um 100 millj. og ekki um 200, heldur eru þær of lágar sem nemur hvorki meira né minna en 600 millj. kr., eins og kemur fram í grg. Seðlabankans og birtist með nál. meiri hl. sem fskj. Hér er um að ræða skipakaup, hér er um að ræða innlenda skipasmíði og hér er um að ræða endurbætur hjá innlendum skipasmíðastöðvum. Mér er ekki ljóst hvaða tilgangi það þjónar að koma fram með frv. til l. um heimild á erlendum lántökum, þegar ríkisstj. er áður búin að gefa heimildir og/eða standa fyrir því að samningar hafa verið gerðir sem kalla á um 1200 millj. kr. í erlendum lántökum, og leggja til tæpar 600 millj. kr.

Hæstv. fjmrh. sagði að það þyrfti að skera niður og menn yrðu að gæta sín í erlendum lántökum. Hann virðist hafa uppgötvað þetta núna í ár. Það er búið að vera að benda honum á þetta undanfarin þrjú ár. Það er vissulega rétt að við erum komnir á mjög háskalegt stig þegar helmingur af þjóðarframleiðslunni er orðinn í erlendum lánum og þegar greiðslubyrði erlendra lána er orðin meiri en fjórðungur af þjóðartekjunum. Það verður að fara langt aftur til þess að finna samanburð. Þetta er með þeim hætti að það eru ekki nema eitt eða tvö ár sem hægt er að bera sig saman við, og eru þó hlutfallstölur á þeim tíma hagstæðari en ársins 1983. En að skera niður lántökur vegna heimilda sem búið er að veita — mér er ekki ljóst hvern árangur það ber í baráttunni við erlendar lántökur. Númer eitt verður að breyta ákvarðanatökunni. En það liggur ljóst fyrir að ríkisstj. verður að standa við það sem hún hefur þegar sagt og lántökur í þessum efnum verða því óumflýjanlegar hvort sem hæstv. fjmrh. líkar það betur eða verr.

Miðað við frv. kalla ákvarðanatökur ríkisstj. á 600 millj. kr. meiri lántökur vegna atvinnufyrirtækja en lánsfjárlögin gera ráð fyrir. Þetta kom skýrt fram í grg. Seðlabankans og birtist á því fskj. sem kemur með nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Erlendar lántökur eru áætlaðar 3 milljarðar 388 millj. kr. Sömu dagana er verið að upplýsa okkur þm. um að erlendar lántökur á s. l. ári voru 3500 millj. kr. og við erum upplýstir um að afborganir af lánum ársins 1983 verði 2300 millj. kr. Það má öllum vera ljóst að hér er um að ræða óraunhæfar tölur, óraunhæfar hugmyndir manna sem nú gera sér grein fyrir að þeir eru komnir á ystu nöf í sambandi við erlendar lántökur. Það liggur auðvitað ljóst fyrir hvers vegna hlutirnir eru settir svona fram. Það þarf enginn neitt að spá í það. Það eru hreinar línur. Það er verið að ganga til kosninga og menn hafa vissa tilhneigingu til að mála myndina örlítið ljósari en hún er í raun.

Þegar forsendur þessa frv. eru skoðaðar kemur í ljós að þær eru byggðar á sömu forsendum og fjárlögin.

Reiknitala fjárl., eins og hæstv. fjmrh. hefur orðað þetta, s. l. þrjú ár, eftir að þeir gáfust upp við að gera sér grein fyrir því hver yrði þróun verðlags og kaupgjalds í landinu, var áætluð 42% á milli áranna 1981 og 1982. Það þýðir hins vegar 30—32% verðbólgu frá upphafi árs til loka. Við erum nú komin aðeins fram á þriðja mánuð þessa árs og þá er staðreyndin sú, að verði ekkert að gert verður verðbólgan frá upphafi árs til loka ekki undir 70—80%. Ég ímynda mér að ég sé með varlegar áætlanir nú í þeim efnum eins og áður. Það er því ljóst mál að allar þessar tölur, sem hér er verið að setja fram, eru jafnóraunhæfar og tölurnar í fjárl. fyrir árið 1983. Þetta sýnir líka nákvæmlega hvernig er útkoma ársins 1982, þar sem reiknitalan var 30% á milli ára. Verðbólgan frá upphafi árs reyndist þó örlítið lægri en gert er ráð fyrir núna á þessu ári. En í staðinn fyrir að erlendar lántökur voru áætlaðar 2 milljarðar 255 millj. urðu þær 3500 millj. kr. og eru orðnar í lok ársins 1982 19 milljarðar og 600 millj. kr. Allt hjal hæstv. fjmrh. um niðurskurð á erlendum lántökum er því blekkingar og ekkert nema blekkingar einar til þess, eins og ég sagði áðan, að mála myndina örlítið ljósari.

Þess var óskað að Þjóðhagsstofnun gerði nefndunum grein fyrir breyttri þjóðhagsspá fyrir árið 1983, en forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar treysti sér ekki til þess að gera það, enda þótt tveir mánuðir væru liðnir af árinu og þó nokkuð miklar breytingar hefðu átt sér stað í þróun mála innanlands í sambandi við aflabrögð. Það hefði ekki verið úr vegi að Alþingi hefði fengið vitneskju um þessi mál, þær breytingar sem orðið hefðu frá því í lok s. l. árs, þegar Þjóðhagsstofnun gerði fjvn. grein fyrir sambærilegum málum við afgreiðslu fjárlaga, en þetta var ekki hægt að fá.

Hvernig er svo staðan hjá fjárfestingarlánasjóðunum? Hvaða skoðanir höfðu fulltrúar Fiskveiðasjóðs? Hvaða skoðanir höfðu fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins fyrir hönd Byggingarsjóðs? Skoðanir þessara manna voru mjög ljósar. Þeir töldu fjármögnun til þeirra framkvæmda, til þeirra lána sem Byggingarsjóður á að annast, til þeirra lána sem Fiskveiðasjóður á að annast, með öllu óraunhæfa og þörfina miklu meiri en hér er gert ráð fyrir. Fulltrúar Framkvæmdasjóðs gerðu grein fyrir sínum sjónarmiðum. Þeir gerðu grein fyrir því að fjármögnun eins og frv. gerir ráð fyrir vegna Framkvæmdasjóðs gæti ekki staðist.

Allt er þetta með þeim hætti að það stendur ekki steinn yfir steini af því sem skrifað hefur verið eða prentað á þskj. miðað við það sem þeir segja sem gerst þekkja og eiga að fara með þessi mál til afgreiðslu, til úrvinnslu á yfirstandandi ári. Það var þess vegna sem meiri hl. fjh.- og viðskn. féllst á till. formanns nefndarinnar, að litið væri á afgreiðslu þessa frv. sem bráðabirgðaafgreiðslu vegna þess sem áður hafði verið samþykkt í fjárl. Dæminu er gersamlega snúið við. Í staðinn fyrir að tekjuöflunarfrv. eru samþykkt áður en fjárlög eru samþykkt, í staðinn fyrir að lánsfjárlög eru samþykkt áður en fjárlög eru samþykkt er það ævinlega háttur vinstri stjórna að samþykkja óskalistann fyrst, þ. e. fjárlögin, samþykkja síðan tekjuöflunarfrv. og lántökufrv., og þá er dæmið ævinlega með þeim hætti að um er að ræða óraunhæfar tölur, aðeins til þess að fylla upp og út í þann ramma sem áður hafði verið samþykktur.

Út frá því sjónarmiði að fjárlög hafa verið samþykkt og þar gert ráð fyrir erlendum lántökum, út frá því sjónarmiði að búið er að samþykkja heimildir til framkvæmda töldu fulltrúar meiri hl., sjálfstæðismenn og Alþfl.-maðurinn í nefndinni, rétt að verða við tillögum formanns nefndarinnar og sjá svo um að lántökuheimildir þessa frv. yrðu ekki felldar, þær yrðu samþykktar þó að ríkisstj. hafi ekki meiri hl. í Nd., til þess að þeir sem hafa byggt á fjárl., hafa byggt á heimildum sem ríkisstj. hefur veitt, fái a. m. k. bráðabirgðalausn með þessu frv. Þess vegna ákváðu umræddir nm., eins og fram kemur í nál., að haga svo málum í hv. Nd. að I. kafli og III. kafli þessa frv. yrðu ekki felldir. Hins vegar vildu þessir nm. vera með öllu óbundnir af II. kafla frv., eins og það er nú orðað þrátt fyrir ákvæðin um að ríkissjóði sé ekki skylt, þrátt fyrir ákvæði fjölmargra laga, að greiða nema ákveðnar upphæðir til þeirra sjóða sem þar er um að ræða eða stofnana. Þessi kafli á að vísu ekki heima í þessu frv. og hefur aldrei átt heima í þessu frv. Hann er settur hér inn vegna þess að frv. er nánast flutt eins og bandormur. Það hefði verið miklu eðlilegra að ríkisstj. eða fjmrh. hefði flutt frv. sérstaklega sem hefði innihaldið ákvæði II. kafla, því að lánsfjárlög og lánsfjárlagahluti þessa frv. eru I. kaflinn og III. kaflinn.

Formaður n. flytur auk þess brtt. við frv., sem hann mun gera grein fyrir, en mismunandi margir nm. eru fylgjandi þeim brtt. eftir því hvað þau ákvæði hvert út af fyrir sig fjalla um.

Á þskj. 593 flytjum við fjórir þm. brtt. við þetta frv. þar sem gert er ráð fyrir að á eftir 27. gr. komi ný grein sem orðist svo:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, 15 millj. kr. lán, sem Verslunarskóli Íslands tekur til byggingar nýs skólahúss í Kringlumýri við Ofanleiti.“

Nefndinni barst erindi frá aðstandendum Verslunarskólans, þeim sem það hús eru að byggja sem Verslunarskólinn mun verða til húsa í í framtíðinni. Hér er um að ræða stofnun sem lítið hefur þurft að leita til hins opinbera. Ég tel að það sé það minnsta sem hægt sé að gera að verða við óskum þessara aðila um ríkisábyrgð fyrir lántöku, sem þeir koma sjálfir til með að standa straum af. Þessi till. er flutt af mér ásamt hv. 1. þm. Vestf. Matthíasi Bjarnasyni, hv. 3. þm. Reykv. Albert Guðmundssyni og hv. 5. þm. Suðurl. Magnúsi H. Magnússyni, sem um tíma tók þátt í störfum fjh.- og viðskn. vegna fjarveru fulltrúa Alþfl. í nefndinni.

Herra forseti. Ég hef hér rakið nokkuð hvernig að þessu frv. hefur verið staðið. Ég hef vikið að því að allt sem fram kom hjá mér við 1. umr. málsins var staðfest á nefndarfundum, þegar viðkomandi aðilar komu þar til fundar, og greinargerðir þeirra og skýrslur birtast með nál. sem fskj. til staðfestingar því sem áður var sagt. Af því sem hér hefur verið drepið á má sjá að lánsfjárlagafrv. það, sem ríkisstj. hefur loks lagt fram, er í senn slælega undirbúið, óraunhæft með öllu og er ekki með nokkrum hætti til þess bært að leysa þau fjölmörgu vandamál sem við er að glíma. Á meðan situr ríkisstj. í landinu stefnulaus og úrræðalaus og lætur þjóðarskútuna reka stjórnlaust fyrir sjó og vindi. Afleiðingar þess eru að eftir þriggja ára starf ríkisstj. er útlitið í þjóðmálunum dekkra en nokkru sinni fyrr.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur um nokkurt skeið fjallað um frv. til lánsfjárlaga. Það verður að segjast eins og er, að mjög skammur tími hefur gefist til þess að fjalla um málið og einnig liggur fyrir að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hefur ekki komið fyrir þingið.

Nefndin hefur við þessar aðstæður reynt sitt ítrasta til að greiða fyrir því að þingi verði ekki svo slitið að ekki séu til heimildir til að taka erlend lán til nauðsynlegustu mála. Það er hins vegar ljóst, að miðað við allar aðstæður getur svo farið og er mjög líklegt að eitthvað þurfi að endurskoða varðandi þau mál.

Ég vil biðja þá aðila, sem hafa nokkuð gagnrýnt meðferð fjh.- og viðskn. á þessu máli, að skilja að það hefur verið mjög stuttur tími til stefnu og það var mjög nauðsynlegt að ná góðu samkomulagi í þinginu um að afgreiða þetta mál. Það voru allir þm. í nefndinni fúsir til að gera sitt ítrasta til að mál þetta mætti ná fram að ganga. Það hefur að sjálfsögðu orðið til þess að við hefðum gjarnan viljað athuga ýmis mál mun betur og við hefðum líka kosið að þeir sem eru aðstandendur þessa máls og bera það fram hefðu einnig haft ráðrúm til að líta á ýmis mál betur, sem hér koma fram, og hefði gefist kostur til að ræða þau betur við okkur áður en málið var kynnt. Ég vil biðja menn að skilja þessar aðstæður og ég vil láta það koma fram að allir nm. hafa viljað gera sitt ítrasta til að greiða fyrir þessu máli. Ekki meira um það.

Einnig vil ég taka það fram, að formaður nefndarinnar hefur flutt hér brtt. sem allir nm. standa að, eins og fram kemur í nál. minni hl., eða réttara sagt hafa nm. tjáð samþykki sitt við þessum brtt. þótt minni hl. nefndarinnar beri ábyrgð á málinu með sama hætti og hann ber ábyrgð á núv. ríkisstj.

Varðandi brtt. vil ég fyrst taka fram að 9. brtt. á þskj. 559 gerir ráð fyrir að lánsfé samkv. þessum lögum sé ráðstafað í samræmi við fjárlög fyrir árið 1983. Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér viðbót við heimildir fjárlaga skal því fé ráðstafað að höfðu samráði við fjvn. Alþingis, og skal núverandi fjvn. starfa þar til önnur verður kjörin.

Við teljum nauðsynlegt að fjvn. fái upplýsingar um þá liði sem ekki var fjallað um varðandi afgreiðslu fjárlaga, hreinlega vegna þess að við höfum ekki haft tækifæri eða tíma til að líta náið á þessa liði, og enn kemur þar til áhugi nm. á að greiða sem mest fyrir málum.

Varðandi 2. brtt. skal það tekið fram að við kölluðum á fulltrúa frá Landsvirkjun, enda er þessi lántökuheimild vegna þess fyrirtækis. Það er kannske rétt að taka það fram að í sjálfu sér er ekki nauðsynlegt að flytja lántökuheimild fyrir Landsvirkjun og ýmsar B-hluta stofnanir í frv. til lánsfjárlaga. Það hefur hins vegar verið tekinn upp sá siður að gera það, en það er ekki vegna þess að það sé nauðsynlegt að lögum. Það eru til annars konar heimildir til að framkvæma þá lántöku. En hins vegar er alger nauðsyn að fara svona að varðandi ríkissjóð og A-hluta ríkissjóðs. Þetta hefur verið gert á þennan hátt á undanförnum árum.

Við spurðum menn frá Landsvirkjun um það, hvernig þeir hygðust ráðstafa því fjármagni sem þeir fengju til umráða. Bréf þeirra er, eftir því sem ég best veit, birt á þskj. 558. Þeir gerðu sér fulla grein fyrir því að nauðsynlegt væri að takmarka sem mest erlendar lántökur, en voru hins vegar fullir af áhuga á að ljúka ýmsum verkefnum og töldu vera mikilvægt að ljúka verkefnum eins og Sultartangastíflu og Suðurlínu og hefja byrjunarframkvæmdir við Blönduvirkjun þannig að hún gæti tekið til starfa á árinu 1987.

Það kemur hins vegar fram í nál., sem ég vil lesa:

„Varðandi framkvæmdir Landsvirkjunar kemur fram í fskj. að útlit sé fyrir að anna megi núverandi markaði fram á haustið 1988 og jafnvel eitthvað lengur. Hins vegar er mikilvægt að stofna til nýrra atvinnufyrirtækja í orkufrekum iðnaði. Nefndin telur að áformum um orkuöflun verði að fylgja ákveðnar tímasetningar um orkusölu.

Samkv. frv. er ráðgert að stöðva framkvæmdir við Suðurlínu og ljúka verkinu á árinu 1984. Þegar hefur verið keypt allt efni vegna línunnar og aðeins eftir að leggja hluta hennar. Ekki er einsýnt að hagkvæmast sé að fresta þessu verki af þeim verkefnum, sem Landsvirkjun hyggst vinna á árinu, og nauðsynlegt að fyrirtækið meti það á ný í ljósi þrenginga varðandi erlendar lántökur."

Það hlýtur að vera almenn og góð regla, að ef ráðist er í framkvæmdir sé þeim lokið á sem skemmstum tíma. Hins vegar má alltaf deila um hvenær rétt sé að hefja framkvæmdir. Mikilvægast af öllu er þó það, hvort sem það eru virkjanir eða rafmagnslínur, að fyrir þessar dýru framkvæmdir sé full þörf þegar þær eru teknar í notkun. Þess vegna verður það aldrei of oft sagt að það verði að haldast í hendur orkuöflun og orkusala. Okkur í nefndinni þóttu ekki liggja fyrir nægilega góðar upplýsingar um þessi mál og þess vegna segjum við hér í lokin:

„Nefndin vill leggja áherslu á að áform um orkuöflun og orkudreifingu fái frekari umfjöllun á næstunni og síðan verði leitað eftir heimildum til viðbótar síðar á árinu þegar frekari ákvarðanir liggja fyrir."

Þetta verður að skoðast í ljósi þess, að við töldum okkur ekki fá fullnægjandi upplýsingar. Við erum á engan hátt að koma í veg fyrir að ýmislegt sem nauðsynlegt er að gera varðandi þessi mál verði gert, en við vildum með þessari till., að lækka fjárhæðina um 60 millj., leggja áherslu á að framkvæmdamál þessi yrðu tekin til nánari umfjöllunar á næstunni og þegar niðurstöður væru fengnar varðandi það mætti leita nýrra lántökuheimilda, ef menn telja það skynsamlegt, hvort sem það er varðandi framkvæmdir og ekki síst með tilliti til möguleika á orkusölu.

Varðandi 4. brtt. er þar aðeins lagt til að leiðréttingar verði gerðar, sem við fengum upplýsingar um að væru nauðsynlegar, í sambandi við skuldbreytingu lána; í fyrsta lagi hjá Hitaveitu Suðurnesja og í öðru lagi varðandi Hitaveitu Akureyrar. Vænti ég þess, að þessar heimildir geri kleift að framkvæma þær skuldbindingar sem nauðsynlegar eru varðandi þessi fyrirtæki.

Í 5. brtt. er aðeins gerð sú breyting, að veitt er heimild til lántöku vegna framkvæmda sveitarfélaga og skuldbreytinga sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra. Það er vitað mál að ýmis sveitarfélög eigi í vandræðum varðandi skuldbreytingar. Það á við um fjarvarmaveitur, hitaveitur og ýmis önnur fyrirtæki sveitarfélaga. Er nauðsynlegt að þessi heimild sé fyrir hendi, enda hefur nefndin ekki gert neina till. um breytingar þar um.

Ég vildi einnig geta um 3. brtt. Í 4. gr. frv. segir:

„Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt

að taka lán á árinu 1983 samkv. síðari ákvörðun fjmrh. um lántökuaðila að fjárhæð allt að 33 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt."

Við fengum upplýsingar um að fyrirhugað væri að ráðstafa 8 millj. og aðrar upplýsingar lágu ekki fyrir í n. Þess vegna þótti ekki ástæða til á þessu stigi málsins að hafa þessa fjárhæð hærri, ekki nema frekari upplýsingar lægju fyrir, og mætti þá taka það upp síðar.

Ég vildi einnig geta þess varðandi Landsvirkjun að einn liður heitir í B-hluta fjárlaga Virkjunarrannsóknir/framkvæmdir. Við spurðum fulltrúa Landsvirkjunar um hvort þessar framkvæmdir heyrðu undir þá eða undir hverja þær heyrðu, en engar upplýsingar fengust um það. Væntanlega hefur hv. fjvn. gengið frá því og fengið upplýsingar um það við afgreiðslu fjárlaga.

Í sjálfri brtt. er lagt til að vegna beiðna bæði frá ríkisstj. og Framkvæmdastofnun sé fjmrh. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Byggðasjóðs að fjárhæð allt að 5 millj. kr. vegna smíða fiskiskipa innanlands. Á sínum tíma var slík heimild í lánsfjárlögum 1980/1981 að upphæð rúmar 18 millj. kr., ef ég man rétt, og má líta á þessa heimild sem viðbót við þá heimild.

Í 8. brtt. er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða, sem ég get ekki séð að skipti máli, en sumir nm. töldu rétt að breyta orðalagi og fjmrn. sagði að það mundi ekki koma að sök á þessu ári. Hins vegar væri sama orðalag á greininni og var árið áður, en þá hafi það verið mjög nauðsynlegt.

Herra forseti. Ég veit að hér er mjög skammur tími til að afgreiða mál og þess vegna vil ég ekki hafa framsögu mína lengri, en vænti þess að málið fái skjóta afgreiðslu og óþarfa málalengingar verði ekki hér í Nd. um málið því að það er mjög brýnt að það komist til Ed. þótt nefndirnar hafi starfað saman að málinu.

Ég vil aðeins að lokum leggja það til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem ég hef flutt á þskj. 559, en ég vil áskilja mér rétt til að draga sumar brtt. til baka til 3. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og raunar hefur þegar komið fram er hér á ferðinni eitt af stærstu málum sem Alþingi ber lagalega skylda til að afgreiða á hverju ári, en eins og formaður fjh.- og viðskn. sagði hefur n. gefist ákaflega lítill tími til að skoða þetta stóra mál — miklu minni tími en nefndin yfirleitt tekur sér til að skoða miklu minna marktækt mál en það sem hér er á ferðinni. Þetta er aðeins eitt dæmið um það, sem hv. þm. Árni Gunnarsson vakti athygli á utan dagskrár fyrr í dag, að nú hrannast hingað inn málin hvert á fætur öðru, en nefndaformenn hafa þær yfirlýsingar að vegna þess hraða sem verður að hafa á afgreiðslum hér sé ekki hægt að veita þessum málum þá skoðun sem nauðsynleg er. Þetta sýnir tvennt:

Í fyrsta lagi að það er fullur vilji hér á Alþingi, meðal stjórnarandstæðinga ekki síður en stjórnarliða, til þess að afgreiða hér mál svo að allt reki ekki í strand á þeim fáu vikum sem eftir eru þangað til áforma má að nýtt þing komi saman.

Í öðru lagi staðfestir þetta enn á ný það, sem því miður hefur komið fram oft áður, að hér er ekki við Alþingi né fjh.- og viðskn. að sakast að ekki skuli hægt að hafa vandaðri vinnubrögð, heldur er ástæðan sú, að hæstv. ríkisstj. kom ekki málinu frá sér til Alþingis fyrr en fyrir fáum dögum.

Þetta mál átti raunar að koma frá hæstv. ríkisstj. um svipað leyti og fjárlagafrv. kom fram á s. l. hausti. Þegar fjárlagafrv. hafði verið lagt fram og hæstv. fjmrh. flutti nokkru síðar framsögu með því frv. skýrði hann frá því að lánsfjárlög væru í smíðum og þess væri að vænta að ekki liði langur tími þangað til frv. til lánsfjárlaga kæmi fram, en til þess er ætlast að afgreiðsla fjárlaga og lánsfjárlaga fari fram á sama tíma svo að við eina afgreiðslu sé hægt að gefa mynd af ríkisfjármálunum í heild, bæði þeirri afgreiðslu sem fram fer í fjárlögum og þeirri afgreiðslu sem fram fer í lánsfjárlögum. Þetta tókst ekki. Þar er ekki við Alþingi að sakast. Ég vil taka það fram, að ég býst við því að ég fari rétt með þegar ég segi að sennilega sé ekki heldur við hæstv. fjmrh. að sakast, heldur er ástæðan sú, að ríkisstj. kom sér ekki saman um tillögugerð að lánsfjárlögum fyrr en fyrst nú fyrir nokkrum dögum að hæstv. fjmrh. tókst að fá heimild til að leggja slíkt frv. fram.

Ég tel ótvírætt að hæstv. ráðh. og rn. hans sé löngu búið að gera tillögur til ríkisstj. um efnisatriði lánsfjárlagafrv. Hins vegar gerist það í þessu máli, eins og svo fjölmörgum öðrum, að um nokkurra missera skeið hefur hæstv. ríkisstj. raunar verið óstarfhæf — ekki vegna þess fyrst og fremst að hún hafi misst meiri hl. sinn í annarri deild þingsins, heldur fyrst og fremst vegna hins, að hún kemur sér ekki sjálf saman um tillögugerð í neinu meiri háttar máli. Lánsfjárlagafrv., sem hér er á ferðinni á elleftu stundu, er ein sönnunin enn um þetta. Málið er ekki svona seint á ferðinni vegna vanrækslu af hálfu Alþingis eða fjh.- og viðskn. Það er ekki svona seint á ferðinni að minni hyggju vegna þess að hæstv. fjmrh. hafi ekki ráðið við tillögugerðina. Ástæðan er sú, að hæstv. ríkisstj. kom sér aldrei saman og hefur ekki komið sér saman í marga mánuði um hvaða tillögur fjmrh. væri heimilt að flytja í hennar nafni hingað inn á Alþingi.

Að sjálfsögðu er þetta ekki ábyrg afgreiðsla á lánsfjárlögum, sem hér á að fara fram, og út af fyrir sig ekki hrósvert að Alþingi skuli afgreiða mál með þessum hætti, en það er ekkert við því að gera eins og mál standa í þinginu nú. Menn verða að taka þessa afgreiðslu á sig. Hins vegar vek ég athygli á því, að það hafa komið fram, bæði í þessari hv. deild og í hv. Ed., till. til þál. frá þremur stjórnmálaflokkum, þremur af fjórum sem eiga kjörna fulltrúa á Alþingi. Þessi till., sem væntanlega verður afgreidd nú á næstu sólarhringum, lýsir vilja þessara aðila til þess að Alþingi geti komið saman eigi síðar en 18 dögum eftir næstu kosningar, fyrst og fremst til þess að nýtt þing geti þegar í stað tekið til við úrlausn þeirra erfiðu efnahagsvandamála sem hafa beðið óleyst allt of lengi vegna þess að núv. hæstv. ríkisstj. hefur skort bæði afl og getu til að koma lausnum fram. Með tilvísan til þessa þingmáls, sem væntanlega verður afgreitt hér á næstu mánuðum, vil ég benda á að ætla má að nýtt Alþingi komi fljótlega saman aftur með vorinu þannig að slíkt þing geti tekið þá afgreiðslu sem hér á að fara fram til endurskoðunar strax að 2—2½ mánuði liðnum og gert þær breytingar á lánsfjárlögum, sem afgreidd yrðu nú, sem í ljós kæmi að þyrfti að gera til þess að hægt væri að standa að eðlilegri afgreiðslu mála til ársloka.

Herra forseti. Ég er ekki fleiri orðum um þetta að fara að þessu sinni. Ég er reiðubúinn að standa að þeirri bráðabirgðaafgreiðslu sem hér á að fara fram og hef greitt fyrir því að svo megi verða, en vísa enn og aftur til þess, að það er staðföst ætlun þriggja stjórnmálaflokka að nýtt Alþingi komi saman mjög fljótlega eftir að kosið hefur verið til þess m. a. einkum og sér í lagi að takast á við efnahagsvandann í þjóðfélaginu. Eitt af þeim atriðum sem þarf að skoða er að endurskoða þá afgreiðslu sem hér á að fara fram.

ATKVGR.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hef áður lýst því í ræðu hvernig stendur á afgreiðslu þessa máls, hvers vegna þarf að afgreiða það nú og að stjórnarandstaðan hafi fyrir sitt leyti fallist á að standa ekki gegn afgreiðslu málsins. Ég hef einnig vísað til þess, að þrír stjórnmálaflokkar af fjórum hafa flutt á Alþingi till. um að Alþingi verði kvatt saman á ný eigi síðar en 18 dögum að loknum kosningum beinlínis í því skyni að taka til við úrlausn efnahagsmála og þá hlýtur m. a. þetta mál að koma til endurskoðunar. Ég mun fyrir mitt leyti gera það sem gera þarf til að greiða veg þessa máls í gegnum þessa umr. og atkvgr. og greiða atkv. fyrst og fremst til að greiða fyrir afgreiðslu málsins, en ekki vegna þess að ég taki afstöðu jákvætt með einstökum greinum.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GS, GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGuðn, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH.

BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JBH, JÞ, MHM, MÁM, ÓE, SighB, AG, ÁG, SvH greiddu ekki atkv.

12 þm. (EH, GHelg, IGísl, JE, KP, MB, PS, SteinG, SvG, VG, ÞS, AS) fjarstaddir.

Brtt. 559,1 (2. gr. falli niður) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 559,2 tekin aftur til 3. umr.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 17:7 atkv.

Brtt. 559,3 tekin aftur til 3. umr.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 16:5 atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 16:7 atkv.

Brtt. 559,4 samþ. með 22 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 559,5 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 19:4 atkv.

Brtt. 559,6 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 20:4 atkv.

Brtt. 559,7 samþ. með 26 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 17:4 atkv.

10.—24. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 559,8 samþ. með 25 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

26.—27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 593 felld með 18:11 atkv.

Brtt. 563 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 18:6 atkv.

Brtt. 559,9 (ný gr., verður 29. gr.) með 25 shlj. atkv.

28. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 19:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 574, n. 595). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem hefur fengið allverulega meðhöndlun í hv. Ed. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fylgst með störfum fjh.- og viðskn. Ed. án þess að sitja þá fundi og niðurstaða meiri hl. n. er að mæla með því að frv. þetta verði samþykkt með þeim breytingum sem komu fram í Ed., en nokkrar lagfæringar voru þá gerðar á frv. til lækkunar, aðallega varðandi þunga bíla og eins voru lækkaðir tollar á dekkjum á almenningsvagna og vöruflutninga- eða vörubifreiðar úr 40% í 20%. Ég vil taka fram að það var upplýst í n. að þessi lækkun væri áætluð um það bil 7 millj. kr. tekjuminnkun hjá ríkissjóði.

Ég vil aðeins ítreka að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:9 atkv.

2.—6. gr. samþ. með 17:11 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:1 atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 538, n. 585). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla frá menntmn. Nefndin flutti þetta frv. að beiðni menntmrh. og hefur athugað frv. á ný og leggur til að það verði samþykkt. Frv. er þess efnis að stefna skuli að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á öllu landinu tíu árum eftir gildistöku laganna.

Þessi lög, sem um getur, voru gefin út 1974 og þá felur þetta frv. í sér að níu ára skólaskylda frestist enn um eitt ár, þ. e. til haustsins 1984. Það liggur fyrir að grunnskólar landsins eru ekki ennþá undir það búnir að framkvæma lög um níu ára grunnskólaskyldu og þess vegna er þetta frv. flutt.

Herra forseti. Að umr. lokinni óskum við eftir að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 434, n. 577). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um frv. þetta. Frv. felur í sér þá einu breytingu á gildandi lögum að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilað að veita starfsmönnum fræðsluskrifstofa aðild að sjóðnum, en starfsmenn þessir eru opinberir starfsmenn þó að þeir séu vegna fyrirkomulags ráðnir samkv. grunnskólalögum, hvorki ráðnir af ríkinu né sveitarfélögum, heldur af stjórnum fræðsluskrifstofa í viðkomandi umdæmi.

Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Fimmtudaginn 10. mars, að loknum 60. fundi.

Lánsfjárlög 1983, frv. (þskj. 605, 559,2—3). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég gat um það áðan að ég hef dregið til baka til 3. umr. tvær brtt., nr. 2 og nr. 3 á þskj. 559, ef ég man rétt. Um þessar brtt. ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Ég vil aðeins vitna til þess sem segir í nál. varðandi það mál. Við höfðum talið nauðsynlegt að líta betur á mál þau er varða Landsvirkjun og fjárfestingar Landsvirkjunar. Ég hef í engu breytt því áliti mínu, en hitt er svo annað mál, að það skiptir í því sambandi ekki meginmáli hvort lántökuheimildin er 800 millj. eða 860 millj. Aðalatriði málsins er það, að menn líti betur á þau mál sem að Landsvirkjun snúa. Vænti ég þess og treysti því að svo verði gert.

Varðandi 3. brtt. er það að segja, að ekki höfðu komið fram upplýsingar um í hvað átti að nota það fjármagn sem þar um ræðir. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. að fjvn. fjalli um notkun þessara heimilda. Ég veit að nm. treysta því, ef þörf er fyrir frekara fjármagn í þessu sambandi, sem ég efast ekki um, en okkur var ekki kunnugt um í hvað ætti að nota það, að það muni fá meðhöndlun í fjvn. Þar eiga allir stjórnmálaflokkar sína fulltrúa, þannig að menn geta þá fylgst með frekari framvindu mála og fengið upplýsingar frá þeim mönnum í sambandi við málið. Ég vil aðeins ítreka að ég hef ákveðið í samráði við meðnm. mína að draga þessar tvær tillögur til baka.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 2. umr. fékk ekki náð fyrir augum hv. þdm. till. sem við fluttum fjórir hv. þdm. um að ábyrgjast 15 millj. kr. lán til Verslunarskóla Íslands vegna byggingar nýs skólahúss í Kringlumýri við Ofanleiti. Ég leyfi mér, herra forseti, að flytja hér við 3. umr. brtt. — það eru sömu flm. — um að ábyrgðin verði ekki 15 heldur 10 millj. Ég vek athygli á að hér er aðeins um að ræða ábyrgð fyrir byggingu skóla sem er sennilega ódýrasti skólinn fyrir íslenska ríkið. Það var sagt áðan úr þessum ræðustól af hv. 3. þm. Austurl., formanni fjh.- og viðskn., þegar hann dró till. sína til baka um lækkun á lántöku úr 860 í 800, að það skipti kannske ekki meginmáli hvort upphæðin væri 860 eða 800. Þá trúi ég því ekki að mönnum finnist það skipta meginmáli hvort ábyrgð ríkissjóðs er 10 millj. meiri eða minni, — ég tala nú ekki um þegar það er nokkuð öruggt að ríkissjóður þarf aldrei að borga það fé.

Ég leyfi mér að flytja till. skriflega og fer fram á að forseti veiti afbrigði, en það eru sömu flm. á till. og þeirri sem flutt var við 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 600) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þó að ég hafi greitt atkv. áðan gegn till. um heimild til að veita ábyrgð vegna láns í þágu Verslunarskólans og ætli mér að gera það enn á ný við 3. umr. vil ég taka það fram að ég er ekki að taka efnislega afstöðu til þess hvort slík ábyrgðarveiting geti átt rétt á sér eða ekki. En sannleikurinn er sá, að þetta erindi kemur ekki í hendur okkar fyrr en núna á allra seinustu dögum. Það hefur enginn tími gefist til að ræða við þá sem hér eiga hlut að máli. Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um hvort um málið hafi verið fjallað í menntmrn., það hefur í öllu falli enginn rætt við mig um þetta mál, en hvort eitthvað hefur verið rætt við fjvn. eða fjhn. skal ég ekki segja. Ég tel að málið sé sem sagt því miður ekki nægilega rækilega undirbúið og þurfi nánari skoðunar við. En það gefst þá hugsanlega tækifæri til að líta betur á málið, væntanlega á næsta þingi. Það liggur ekkert fyrir um það á mínum pappírum hvort hér er um mjög brýnt mál að ræða eða hvort hugsanlegt er að þetta gæti komið inn í fjárlagaafgreiðslu á næsta hausti. Ég held sem sagt að málið liggi einfaldlega þannig fyrir að það sé allt of seint fram komið til þess að það sé hægt að taka það inn í lánsfjáráætlun.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af orðum hæstv. fjmrh. vil ég vekja athygli hans á því, að þetta erindi frá Verslunarskóla Íslands kom til fjh.- og viðskn. á sama tíma og þau lánsfjárlög sem við erum að afgreiða hér nú. Við höfum því haft svipaðan tíma til að skoða lánsfjárl. og þetta erindi frá Verslunarskóla Islands. Það er nákvæmlega sami tími. Ég er sannfærður um að við mundum vilja hafa ýmislegt öðruvísi í lánsfjárlögunum ef við hefðum fengið tíma til þess, ef þau hefðu verið lögð fram hér á Alþingi eins og lög gera ráð fyrir í októbermánuði á s. l. ári.

ATKVGR.

Brtt. 559,2—3 teknar aftur.
Brtt. 600 felld með 16:10 atkv.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 574). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir skjóta afgreiðslu þessa máls. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um efni þess.

Fram hafa komið mjög eindregnar óskir um að gjalddagi veggjalds verði síðar á árinu en ákveðið er í frv. Með tilliti til þess hversu seint lögin eru nú afgreidd þykir okkur samgrh. eðlilegt að verða við óskum um að gjalddaginn sé fluttur til, en síðan komi það til nánari athugunar hvort gjalddaginn verði þá framvegis aðeins síðar á árinu en lögin gera ráð fyrir. Því höfum við samgrh. leyft okkur að flytja svofellda till. við frv.:

„1. Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Fjmrh. getur ákveðið með reglugerð að gjalddagi og eindagi veggjalda sé síðar á árinu en að framan greinir.

2. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á árinu 1983 skal gjalddagi veggjalda vera 1. júní og eindagi 1. júlí."

Þetta er sem sagt seinkun um tvo mánuði, og má auðvitað til sanns vegar færa að þegar af tæknilegum ástæðum eru þær dagsetningar sem nefndar eru í frv. fullsnemma á árinu.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja fram þessar skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 603) samþ. með 24 shlj. atkv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Svo hratt gengu mál hér rétt áðan að nefndarstörfum um þetta mál lauk hér í húsinu fimm mínútum fyrir kl. 5. Formaður n. gaf út sitt nál. fyrir hönd meiri hl. Frsm. minni hl. hafði ekki tíma til þess því að hann þurfti að vera kominn í ræðustólinn að fimm mínútum liðnum. Hann var í ræðustól í nokkuð langan tíma, um það bil hálftíma, en engu að síður var þetta mál tekið til afgreiðslu án þess að gæfist tækifæri til að gefa út nál. minni hl. og flytja brtt. sem hugsuð var við þetta frv. Það er því ósk mín að umr. verði frestað til morguns þannig að það gefist tækifæri til að vinna þetta mál eins og eðlilegt er og minni hl. fái tækifæri til að koma sínu nál. fram, þó við 3. umr. sé, og brtt. (**Forseti:** Forseta urðu á mistök í sambandi við þetta mál og hann fellst á beiðni um frestun málsins.)

Umr. frestað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 434). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. (þskj. 538). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 575). — 3. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Við umr. um þetta mál í gær kom fram sú skoðun mín og heilbr.- og trmrn. að það væri til lagaheimild til að framkvæma þær breytingar á greiðslum sjúkrasamlaga fyrir tannlæknakostnað sem rætt hefur verið um og því væri þetta frv. óþarft. Í umr. um málið í gær kom einnig fram, að hv. alþm. óskuðu eftir upplýsingum um málið. Mér er kunnugt um að fyrir liggja hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun ítarlegar greinargerðir um þetta mál og mér er einnig kunnugt um að heilbr.- og trmrn. hefur ýmislegt við þær greinargerðir að athuga. Ég veit ekki til þess að þessar grg. hafi borist hv. þm. síðan við ræddum málið í gær né heldur að þær hafi verið teknar fyrir alveg sérstaklega. Ég mun ekki taka þátt í atkvgr. um þetta mál við svo búið.

Umr. frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 43, n. 572, 492, 509, 573). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vek athygli á að ég get ekki haldið umr. lengi áfram. Hér hafa fundir verið sóttir ákaflega fast og það er búið að boða kvöldfund — þann fjórða hygg ég í röð — í kvöld. Það er alveg nauðsynlegt að menn fái sæmilegt matarhlé, þannig að ég get ekki leyft langa umr. hér, en aðeins örstutta.

Frsm. meiri hl. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá félmn. Nd. um frv. til l.

um breyt. á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Hér er um að ræða brbl. sem sett voru s. l. sumar, 27. júlí 1982, og eins og hv. þm. er sjálfsagt kunnugt fjalla fyrst og fremst um tvö atriði:

Annars vegar skal létta af sveitarfélögum kaupskyldu á íbúðum í verkamannabústöðum byggðum fyrir 1. júlí 1980, en láta þau njóta forkaupsréttar í staðinn. Þetta var mikilvægt atriði frá hendi sveitarfélaga og Samband ísl. sveitarfélaga lagði mikla áherslu á að þetta væri sett í brbl.

Hins vegar skyldi sníða af annmarka á reglum laganna um innkaup og endursölu þessara íbúða, sem komið hafa í ljós í framkvæmd og hindrað eðlilega sölu. Það var einkum haft í huga að koma í veg fyrir stökkbreytingar á verðlagningu íbúðanna miðað við ástand á húsnæðismarkaði á viðkomandi stöðum.

Nefndin hefur lagt mikla vinnu í þetta frv. og fengið um það umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Þjóðhagsstofnun og Byggingarfélagi alþýðu í Hafnarfirði. Á fund til n. komu tilkvaddir aðilar, svo sem eins og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúi frá Húsnæðisstofnun, Sigurður E. Guðmundsson, og Skúli Sigurðsson og Sigurður Snævarr frá Þjóðhagsstofnun.

Því er ekki að leyna að nm. höfðu ýmislegt að athuga við þetta frv. og var lögð mikil vinna í útreikninga, sérstaklega varðandi verðbótaþátt og uppfærslu verðs vegna sölu á eldri íbúðum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að eyða tíma Nd. í málið. Brtt. sem n. varð sammála um að flytja á þskj. 573 eru þrjár.

Í fyrsta lagi er gerð brtt. í sambandi við breytingu á forkaupsrétti á öllum íbúðum og í öðru lagi er við 67. gr. laganna gerð till. um nokkra breytingu. Eins og kemur fram í 4. gr. laganna er reiknað með að það sé stjórn verkamannabústaða sem skal fyrir hönd sveitarfélaga endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði, á því kaupverði sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu til endursöludags. Við leggjum til að matsmenn félagslegra íbúða meti endursöluverð allra félagslegra íbúða samkv. 54.—65. gr. og taki tillit til byggingarkostnaðar á þeim tíma sem mat fer fram, markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu, ástands íbúða við sölu og aldurs íbúðar, og sveitarstjórn geti falið stjórn verkamannabústaða að annast endursölu íbúða.

3. brtt. er um ákvæði til bráðabirgða, um að 3. gr. brbl., þ. e. varðandi 66. gr. húsnæðismálalaga, falli úr gildi 1. jan. 1984.

Til að tefja ekki tímann held ég að ég vísi að öðru leyti í nál., sem skýrir þetta atriði nánar, og ég mun þess vegna ekki eyða fleiri orðum í þetta nema tilefni gefist til.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. með þessum brtt.

Umr. frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Föstudaginn 11. mars, kl. 11 árdegis.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 434). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1983, frv. (þskj. 605). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983, en frv. hefur þegar verið afgreitt frá Nd.

Eins og kunnugt er hefur sá háttur verið hafður á á undanförnum árum að lögð hefur verið fram svonefnd fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir hvert ár, en jafnhliða því hefur verið lagt fram sérstakt frv. til lánsfjárlaga þar sem aflað er heimilda til að taka megi þau lán sem ekki hefur þegar verið aflað heimilda fyrir. Lánsfjáráætlun er síðbúin að þessu sinni og eru ástæðurnar fjölmargar og þá fyrst og fremst sú óvissa sem hefur verið ríkjandi bæði í efnahagslífi landsmanna og í pólitísku lífi.

Það eru mjög óvenjulegir tímar sem við búum við nú. Samdráttur hefur nú orðið meiri í þjóðarframleiðslu en dæmi eru um um mjög langt skeið og þetta mikla samdráttarástand, sem er jafnvel hér á landi orðið meira en í flestum nálægum löndum þó að þar hafi vissulega ríkt mikil kreppa, hefur skapað sérstakar aðstæður.

Það er eðlilegt að kvartað hafi verið yfir því að ekki skuli lagt fram sérstakt þskj. nefnt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Á hinn bóginn ber á það að líta að grg. með frv. til lánsfjárlaga er miklu ítarlegri nú en nokkru sinni fyrr og má með fullum rétti segja að í grg. sé að finna flestallar þær töflur sem vani hefur verið að birta í svokallaðri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Jafnframt er þar að finna upplýsingar um áætlaða heildarfjárfestingu eða fjármunamyndun í efnahagslífi þjóðarinnar á því ári sem hafið er.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun mundi hins vegar vafalaust vera greinarbetra yfirlit yfir lánsfjármál líðandi árs, en þar mundu ekki koma fram neinar þær upplýsingar um efnisatriði þess máls, sem hér er um að ræða, sem þörf væri á til að hægt væri að taka þær ákvarðanir sem felast í þessu frv. Ég geri ráð fyrir að eftir að lánsfjárlög hafa verið afgreidd verði unnið frekar að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þannig að unnt sé að gefa þinginu skýrslu um þau mál og mun hún þá vera lögð fram á nýju þingi, hvenær svo sem það kemur saman.

En hér liggur sem sagt fyrir að afgreiða frv. til lánsfjárlaga, sem fyrst og fremst felur í sér heimildir fyrir ríkissjóð til lántöku á árinu 1983 vegna A- og B-hluta ríkissjóðs, auk heimilda fyrir Framkvæmdasjóð Íslands og fyrir fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs og fyrir sveitarfélög til erlendrar lántöku.

Í þessu frv. eru breytingar á lögum um fjárfestingarlánasjóði og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum fyrir

árið 1983 og leitað heimilda til viðbótarlántöku vegna ársins 1982. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð erlends lánsfjár nemi um tæpum 3390 millj. kr., eins og frv. var lagt fram í Nd. Þessi upphæð hefur lítillega hækkað við meðferð málsins í Nd., en þar skeikar ekki miklu. Hitaveitur hafa fengið aukna lántökuheimild frá því sem áður hafði verið ákveðið og er rétt að upplýsa að þar er fyrst og fremst um framlengingu að ræða. Þar er ekki um raunverulegar nýjar lántökur að ræða, heldur að verið er að breyta lánum sem þegar hafa verið tekin í lán til lengri tíma. Á þetta fyrst og fremst við lán, sem Hitaveita Akureyrar hefur fengið að taka, að fjárhæð allt að 70 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, en þessi lántökuheimild bættist við við meðferð málsins í Nd. Þar er sem sagt ekki um nýja lántöku að ræða.

Eins og ég sagði eru heildarlántökur á árinu áætlaðar tæpar 3390 millj., en í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 var hliðstæð tala um 2256 millj. kr. Hækkunin milli ára er 50%.

Sú stefna er mörkuð í þessu frv. að erlendar lántökur verði við það miðaðar að skuldir aukist ekki að raungildi á árinu 1983. Í grg. frv. er gerð grein fyrir hvernig þessi viðmiðun er síðan reiknuð út út frá þeim forsendum sem frv. er miðað við og er gert ráð fyrir 6% verðbólgu í viðskiptalöndum okkar. Miðað við þá útreikninga sem þar er að finna og miðað við þær tölur sem lágu fyrir í desembermánuði um föst erlend lán, sem þá voru að meðalgengi í árslok talin verða 13 630 millj. kr., mættu erlendar lántökur ekki fara yfir 3439 millj. kr. á árinu 1983 til þess að unnt væri að segja að erlendar lántökur ykjust ekki að raungildi sínu á árinu 1983. Eins og hér hefur komið fram er lántökuheimildin miðuð við að erlendar lántökur verði lægri fjárhæð en ég hef hér nefnt eða 3390 millj. kr. tæpar.

Rétt er að geta þess, að í fskj. 9 á bls. 15 í frv. til lánsfjárlaga kemur fram önnur tala um heildarupphæð erlendra lána en miðað er við hér í grg. Er hún þar talin vera samkv. nýjustu upplýsingum Seðlabanka Íslands um 14 700 millj. kr. En eins og ég hef áður nefnt var hér í grg. rætt um að erlend lán væru á meðalgengi ársins 1982 talin vera í árslok 13 630 millj. Munurinn á þessum tveimur tölum liggur fyrst og fremst í því, að lægri talan er frá því í des., en hærri talan er alveg ný og miðast við allra seinustu upplýsingar. Sé hærri talan og sú nýrri notuð til viðmiðunar verður svigrúm til erlendrar lántöku á árinu 1983 heldur meira en það sem gert er ráð fyrir í grg. og þar af leiðir að enn meiri líkur eru á að unnt verði að halda við þá meginviðmiðun, sem fram er sett í grg. frv., að skuldir aukist ekki að raungildi á árinu 1983. Jafnvel þótt í ljós komi að eitthvað sé vanáætlað í þessu frv., eins og raunar var bent á við umr. um málið í Nd., t. d. að lántökur einkaaðila verði ívið meiri en hér er gert ráð fyrir, þá má ætla að eftir sem áður eigi erlendar lántökur að geta orðið innan þess ramma sem hér er settur fram, þ. e. að erlendar skuldir aukist ekki að raungildi á árinu 1983.

Ljóst er að fjármunamyndun í landinu er þrengri stakkur skorinn nú en oft áður. Að mati Þjóðhagsstofnunar gæti fjármunamyndun á árinu 1983 numið um 25–26% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er svipaður hundraðshluti og á árinu 1982. Hins ber að gæta, að allar hundraðstölur sem ganga út frá spám um þjóðarframleiðslu og útflutningstekjur 1983 verða hærri vegna samdráttarins en ella væri. Gleggsta dæmið um áhrif sveiflna í þjóðhagsstærðum eru hundraðstölur um skuldabyrði og greiðslubyrði þjóðarinnar út á við, en þessar tölur hafa að sjálfsögðu farið hækkandi um leið og deilitalan í hlutfallinu þjóðarframleiðsla hefur farið lækkandi.

Í fskj. 8 er sýnt að horfur eru á að fjárfestingar atvinnuveganna dragist saman um 7.6% frá árinu 1982. Svipuðu máli gegnir um byggingar og mannvirki hins opinbera. Þar er spáð rúmlega 9% samdrætti. Íbúðabyggingar hafa aftur á móti ekki dregist saman frá því sem var á árinu 1981 og horfur eru á að íbúðabyggingar geti orðið í raun áþekkar því sem var 1982. Hér veldur fyrst og fremst átak í byggingu íbúða á félagslegum grundvelli og aukin framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ástæðan fyrir því að fjármunamyndun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu helst nokkuð svipuð og verður svipaður hundraðshluti og var árið 1982, þrátt fyrir að fjárfestingar atvinnuvega og byggingar hins opinbera dragast saman, er að sjálfsögðu sú, að fjárfestingar og fjármunamyndun eru látnar dragast saman í réttu hlutfalli við þann samdrátt sem hefur orðið í þjóðartekjum. Við það helst að sjálfsögðu hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu óbreytt, þar sem tölurnar bæði fyrir ofan og neðan brotastrikið dragast saman með hliðstæðum hætti.

Við meðferð málsins í Nd. voru þær breytingar helstar gerðar, að bætt var inn í frv. lántökuheimild fyrir Hitaveitu Akureyrar, eins og ég hef nú þegar greint frá, að fjárhæð allt að 40 millj. kr., en eins og ég sagði er þar fyrst og fremst um framlengingu á þegar teknu láni að ræða. Aðrar breytingar eru nú ekki stórvægilegar. 7. gr., sem nú er orðin 6. gr. frv., var breytt á þann veg að ekki einungis sveitarfélögum væri heimilt að taka lán á árinu 1983, eins og þar segir, heldur sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra. Þá var bætt inn í frv. nýrri grein, sem varð 8. gr., að fjmrh. væri heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Byggðasjóðs að fjárhæð allt að 5 millj. kr. vegna smíði fiskiskipa innanlands. Hér mun vera um að ræða byggingu tveggja tiltekinna báta og er upphæðin við það miðuð að einungis verði um að ræða sjálfskuldarábyrgð á lánum Byggðasjóðs vegna þeirra.

Af öðrum ástæðum er rétt að benda sérstaklega á nýja grein, sem varð 28. gr. frv., en þar segir:

„Lánsfé samkv. lögum þessum skal ráðstafa í samræmi við fjárlög fyrir árið 1983. Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér viðbót við heimildir fjárlaga skal því fé ráðstafað að höfðu samráði við fjvn. Alþingis, og skal núverandi fjvn. starfa þar til önnur hefur verið kjörin."

Með þessu ákvæði er farið inn á nýja braut, þar sem lántökur hafa fram að þessu ekki verið bornar sérstaklega undir fjvn. áður en þær hafa verið afgreiddar, en viss rök mæla með því að nú sé afbrigðilegur háttur hafður á, þar sem ekki hefur tekist að veita Alþingi það svigrúm til umfjöllunar um lánsfjáráætlun og lánsfjárlög sem æskilegt væri, og finnst mér því að þessi viðbót Nd. við lánsfjárlögin eigi fyllsta rétt á sér.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að það mundi hins vegar vera nokkuð tafsamt ef fjvn. þyrfti að koma saman oft í hverri viku til að fjalla um mál af þessu tagi, því að mál þau sem hér um ræðir eru til afgreiðslu flesta

daga ársins, og ég hygg nú að fjvn.-mönnum, sem eru að hefja kosningabaráttu og hafa í mörg horn að líta, fyndist ekki að sér væri mikill greiði gerður ef þeir væru kvaddir til funda oft í hverri viku til að fjalla um þessi mál. En auðvitað verður reynt að safna þeim málum saman sem hér um ræðir. (**LJ:** En ef einhverjir þeirra féllu í kosningunum?) Það verður reynt að safna þessum málum saman og bera þau undir fjvn. í nokkrum áföngum. Það skal líka tekið fram, að hér er fyrst og fremst um samráð að ræða. Fjvn. á þess kost að segja álit sitt á fyrirhuguðum lánveitingum, en lánveitingarnar eru sem sagt ekki háðar samþykki nefndarinnar og nefndin hefur ekki neitunarvald gagnvart einstökum lánveitingum. En þarna er um samráð að ræða, sem verður að teljast mjög eðlilegt þegar haft er í huga að Alþingi hefur haft fremur skamman tíma til meðferðar málsins.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og það er ekki um annað að ræða en óska eftir sem hraðastri afgreiðslu málsins.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég minnist þess að fyrir nokkru, þegar hæstv. núv. viðskrh. var fjmrh. og mælti fyrir lánsfjárlögum á Alþingi, viðhafði hann þau orð að það frv. væri ekki síður stefnumótandi fyrir einstaka þætti efnahagsmálanna en sjálf fjárlögin. Ég held að hann hafi þá kannske fyrst notað orðin frv. til lánsfjárlaga. Ég vek athygli hv. Ed. á því að þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessu frv. viðurkenndi hann það, enda ýmsar brtt. Nd. í þá veru, að hér væri raunar um hálfkarað verk að ræða og það í máli sem varðar svo mjög alla stefnu í efnahagsmálum, eins og hæstv. núv. viðskrh. vakti athygli á, og ég er honum hjartanlega sammála í þeim efnum.

Ég ætla ekki að viðhafa mörg orð við þessa umr. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. En ég vil aðeins ræða nokkuð um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við undirbúning þessa máls.

Á sameiginlega fundi fjh.- og viðskn. beggja deilda komu að venju ýmsir aðilar til viðræðna út af þessu máli. Þar komu m. a. fulltrúar frá Seðlabankanum og þeir gerðu margvíslegar aths. við þetta frv. og þá grg., sem hæstv. fjmrh. nefndi, sem fylgdi því, en auðvitað er margt í þessari grg. sem á vantar miðað við þær upplýsingar, sem komu fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem ekki hefur séð dagsins ljós eins og hann tók fram. Margar þessar aths. Seðlabankans voru mjög alvarlegs eðlis og alls ekki hefur verið upplýst enn hvernig á því standi að margar þær upplýsingar sem fram koma í fskj. með þessu frv., fái ekki staðist að mati þessara manna. Sama má segja um fulltrúa Þjóðhagsstofnunar. Ég held að ég hafi skrifað orðrétt niður það sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar sagði. Hann sagði:

„Nú er öðruvísi að þessu máli staðið en áður. Það hefur verið miklu minna samráð við okkur um undirbúning þessa máls en áður."

Ég leyfði mér að viðhafa þau orð að kannske væri rétt að afgreiða þrenn lánsfjárlög frá Alþingi, lánsfjárlög sem hæstv. ríkisstj. legði fram, lánsfjárlög sem Seðlabankinn legði fram og lánsfjárlög sem Þjóðhagsstofnun legði fram, því að þessar upplýsingar, sem komu fram frá þessum aðilum, voru það ólíkar að kannske hefði verið ástæða til að gera þetta. En auðvitað er þetta ekki mælt í alvöru, heldur sem dæmi um hvernig þetta mál er í pott búið.

Ég vil nefna hér eitt dæmi, án þess að fara út í fleiri efnisatriði um þetta mál við þessa 1. umr. Ég hef í höndum drög að spá um greiðslujöfnuð við útlönd frá Seðlabankanum, sem hefur ekki verið endurskoðuð, við höfum ekki fengið nýja spá um greiðslujöfnuð við útlönd í fjh.- og viðskn. Í þessari spá er gert ráð fyrir að staða þjóðarbúsins versni við útlönd um 2000 millj. kr., hvorki meira né minna. Það skakkar talsvert miklu, hæstv. ráðh., miðað við forsendur þessa frv. Hæstv. ráðh. talaði hér um að stefnt væri að því með þessu frv. að staða þjóðarbúsins versnaði ekki við útlönd í erlendum lántökum, að erlendar nýjar lántökur væru nánast þær sömu og afborganir af erlendum lánum. Í þessari greiðslujafnaðarspá er gert ráð fyrir að lántökur verði 3500 millj. kr., en afborganir ekki nema 2300 og að gjaldeyrisstaðan versni um 800 millj. kr., þ. e. staða þjóðarbúsins versni við útlönd um hvorki meira né minna en 2 milljarða kr. Þannig er nú þetta mál vaxið og þannig eru þær upplýsingar sem hv. Alþingi á að fá. Annars vegar segir í grg. að það sé stefnt að því að staða þjóðarbúsins versni ekki. Á hinn bóginn segja ríkisstofnanir að það séu allar líkur á að hún versni um 2000 millj. kr. Ég vil taka fram að hér er um að ræða drög að spá frá Seðlabankanum, sem var gerð einhvern tíma nálægt áramótum að ég held, en hún er með nákvæmlega sömu hugmyndum um erlendar lántökur og nýjar lántökur eru í þessu frv., en þar er gert ráð fyrir verulegum viðskiptahalla. Ég held að allir sem þekkingu hafa á íslenskum efnahagsmálum séu þeirrar skoðunar að viðskiptahallinn verði verulega meiri en spáð var um áramót. Niðurstaða þessarar spár er sú, að staða þjóðarbúsins versni um 2 milljarða kr.

Mér er nokkuð vel kunnugt um vinnubrögð í hv. fjh.- og viðskn. og ég þarf þess vegna ekki að fara þess á leit við hana sem hæstv. utanrrh. fór fram á út af ákveðnu máli hér, sem varðaði ríkisábyrgð um 50 millj. kr. Hér er verið að fjalla um nokkra milljarða. Upplýsingar sem komið hafa fram á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. eru eins og ég hef hér bent á. Ég tel því æskilegt að skoða þetta mál og ég tel þetta mál lýsandi dæmi um að hæstv. ríkisstj. getur ekki verið alvara að ætla sér, eins og hún hefur sagt síðustu viku, að ljúka þingi núna í kvöld. Ég trúi því ekki að menn með fullu viti stefni að því með mál eins og þetta, undirbúið eins og það er.

Ég vil að lokum segja að ég er hæstv. ríkisstj. sammála um að auðvitað þarf að afgreiða mál eins og lánsfjárlög, svo stefnumarkandi mál sem það er, frá Alþingi áður en því lýkur. Það verður að gerast með skaplegri hætti en mér sýnist að í horfi nú. Ég lýsi mig reiðubúinn að vinna að þessu máli og ætla ekki á einn eða annan hátt að tefja framgang þess, en ég tel að það verði að skoðast nánar í hv. nefnd.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. er skammur tími sem þessi deild hefur til að fjalla um þetta frv., enda þótt fjh.- og viðskn. deildarinnar muni hafa verið búin að skoða það í samstarfi við fjh.- og viðskn. Nd. En tíminn sem við

einstakir þm. höfum til að athuga þetta mál er vitanlega skammur.

Þó langar mig aðeins til að spyrja hæstv. fjmrh. nú fyrir 2. umr. málsins um gögn sem varða einn lið þessa máls. Í fskj. er talið upp hvenig ráðstafa skuli þessum lántökum. Einn liðurinn er steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla og stálfélag. Mig langar að fá gögn, sem sýna rekstrar- og stofnkostnaðaráætlanir þær sem nú liggja fyrir um þessar þrjár verksmiðjur, áður en 2. umr. fer fram.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það eru víst orð að sönnu, sem standa í nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., að það ríki sérstæðar aðstæður. Eins og hv. Ed. er kunnugt er meiningin sú, að lánsfjáráætlun verði lögð fram með fjárlögum, en hún er alls ekki lögð fram og þetta lánsfjárlagafrv. með margvíslegri vansmíð.

Eins og kemur fram í fskj. með brtt. frá Halldóri Ásgrímssyni er áætlað að innlend lánsfjáröflun verði um 200 millj. lægri en gert hafði verið ráð fyrir í sambandi við fjárlög. Það kemur reyndar líka fram í þessum gögnum og hafði komið fram í n., að þau lánsloforð sem ríkisstj. hefur þegar veitt til fjárfestinga í atvinnurekstri væru um 500—600 millj. kr. hærri en gert væri ráð fyrir í frv. til lánsfjárlaga. Þetta verða að teljast mjög sérstæðar aðstæður.

Við höfum verið þeirrar skoðunar, Alþfl.-menn, að það bæri nauðsyn til að skoða þessi lánsfjárlög mjög vandlega og að þingið ætti að afgreiða þau með eins eðlilegum og réttum hætti og frekast væru tök á og taka til þess þann tíma sem þyrfti. Það er nóg vandræðaástand í þjóðfélaginu þó að lánsfjárlög séu ekki líka afgreidd til bráðabirgða, eins og hefur verið gert í Nd. þingsins. Reyndar kemur fram þversögn og stefnuleysi í því að afgreiða frv. til lánsfjárlaga, sem greinilega er ekki í neinu samræmi við þau loforð og þær yfirlýsingar sem ríkisstj. hefur gefið. Ef hugmyndin er sú, að fjárfestingin verði þessu minni í atvinnuvegunum og verði að ganga á bak einhverra þeirra vilyrða sem hafa verið gefin, þá verður auðvitað að gera ráðstafanir til að ógilda ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar af hálfu ríkisstj. Öðruvísi er gagnslaust að vera með svo lága tölu fyrir þennan lið í frv. til lánsfjárlaga. Þá væri ekki hægt að standa við þær tölur sem hér er verið að tala um að séu nauðsynlegt markmið fyrir þetta ár, og ekki skal það dregið í efa. Það er álit okkar Alþfl.-manna líka að takmörkun á erlendum lántökum og stöðvun á skuldaaukningu í erlendum lánastofnunum sé brýnt nauðsynjamál. Ef þetta frv. til lánsfjárlaga verður afgreitt í þeim búningi sem það er í nú, án þess að grípa til þess að skera frekar niður í opinbera geiranum eða ógilda ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar af hálfu ríkisstj., þá mun þetta markmið ekki nást, þá er þetta plagg ekki til mikils.

Mér sýnist líka, herra forseti, að það gæti verulegrar þversagnar í nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. Nál. hefst á því, sem er nú viðtekin venja að segja og margir taka undir þótt illa gangi að standa við það, að við ríkjandi aðstæður eigi að takmarka erlendar lántökur til hins ítrasta. Um miðbik plaggsins er bent á að lántökur þessar, sem áformaðar eru í frv., séu eitthvað vanáætlaðar. Ég tel 500—600 millj. kr. vanáætlun æðimikið.

En undir lok þessa álits frá minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. er það fært fram sem rökstuðningur fyrir þeirri skemmri skírn sem hér er verið að gera, að með þessu móti sé gert ráð fyrir að leita eftir heimildum til viðbótar í lántökum síðar á árinu. Upphafið fjallar um að það þurfi að takmarka lántökurnar og þess vegna séu hér fluttar svo litlar niðurskurðartillögur, sem eru ekki mjög stórtækar, en niðurlagið fjallar um að þessi háttur afgreiðslunnar sé til þess að menn geti leitað eftir viðbótarlántökum síðar á árinu. Þá eru markmið fjmrh. og nefndarinnar fokin út í veður og vind.

Á þessu vildi ég vekja athygli, herra forseti, nú þegar við 1. umr. um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 538). — 1. umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og fram kemur í þskj. er þetta frv. flutt af menntmn. Nd. í samráði við menntmrh. Þetta er gamall kunningi hér í Ed. og þess mun vænst að það sé hægt að afgreiða það áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 540). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 5). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 637).

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 6). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 638).

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 7). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 639).

Landsbanki Íslands, frv. (þskj. 8). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 640).

Um þingsköp.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. (Gripið fram í.) Ég hélt að hæstv. forseti hefði verið að gefa mér orðið, en ekki hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. (**Forseti:** Það er rétt.)

Hér er um að ræða mjög óvenjulegt mál, svo að ekki sé meira sagt. Það verður að hafa í huga að við erum nú að ljúka þingi. Innan skamms verður þing rofið og efnt til kosninga. Það er þess vegna ljóst að stutt er eftir af þeim tíma sem þm. halda umboði sínu. Síðan fara fram kosningar og kosið verður nýtt Alþingi, sem hefur auðvitað nýtt umboð og verður sjálfsagt allt öðruvísi skipað en það Alþingi sem nú situr, og veit auðvitað enginn hvernig það verður skipað eða hvernig það tekur á málum.

Till. til þál. um samkomudag Alþingis að loknum næstu kosningum hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram."

Síðan er stutt grg. með þessari ályktun á þessa leið:

„Þar sem allt útlit er fyrir að breyting á stjórnarskránni verði samþykkt í samræmi við samkomulag fjögurra flokka um að þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga, þykir flm. þessarar till. nauðsynlegt að Alþingi lýsi yfir" o. s. frv.

Síðar kemur fram í þessari grg. að í stjórnarskrárnefndum beggja deilda þings hafi komið skýrt fram að fulltrúar Alþfl., Alþb. og Sjálfstfl. teldu óhjákvæmilegt að þing kæmi saman fljótlega eftir næstu kosningar og áskildu þeir sér rétt til að flytja frv. eða tillögu um það efni, lagafrv. um það efni. Spurningin er hvort slík tillögugerð hefur lagagildi. Ef litið er á stjórnarskrána, og það er kannske ástæðan fyrir því að ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp og efni þess máls sem hér er á dagskrá (**ÓRG:** Þetta er greinilega málþóf, en á að vera um þingsköp.) kemur í ljós — Ég ætla að ef lesin væru þingtíðindi mundi fljótlega koma í ljós að hv. 11. þm. Reykv. hefur varið drjúgum lengri tíma til málskrafs hér á Alþingi en ég hef gert og margt af því sem hv. þm. hefur þar sagt hefði gjarnan mátt vera ósagt. (Gripið fram í.) Fresta því. (**Forseti:** Ég óska eftir því að það verði þögn í salnum. Ég óska einnig eftir því að hér fari fram umr. um þingsköp, sem knöppust að sjálfsögðu, og bið hv. ræðumann að taka tillit til þess, sem ég vænti að hann geri.) Já, herra forseti, það er sjálfsagt. Ég skal halda áfram minni ræðu, en þá verð ég náttúrlega að hafa frið til þess að tala í samfelldu máli án þess að vera truflaður af hv. þm.

Í stjórnarskránni, 22. gr. hennar, segir beinlínis, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsetinn stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið."

Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi, segir stjórnarskráin. Samt er gert ráð fyrir því í grg. fyrir þessari till. til þál. að þm. hafi áskilið sér rétt til að flytja frv. eða tillögur þessa efnis. Það er alveg ljóst af þessu, sem ég hef nú tilgreint um stjórnarskrána, að það kemur ekki til mála, er gersamlega útilokað, að flytja lagafrv. um að Alþingi skuli koma saman á tilteknum degi á sama tíma sem það stendur í sjálfri stjórnarskránni að forseti lýðveldisins stefni saman Alþingi. Það er alls ekki hlutverk Alþingis að gera það. Það er samkv. okkar stjórnskipunarlögum og stjórnarskrá hlutverk forseta lýðveldisins.

Nú hafa flm. þessa máls valið aðra leið í þessu efni en að flytja lagafrv. — þá leið að flytja till. til þál. Það er miklu vægari leið, þó að hún sé ákaflega óviðfelldin og allt að því móðgandi fyrir forsetaembættið þar sem það er skýlaust kveðið á um í stjórnarskránni að forseti lýðveldisins skuli stefna saman Alþingi. Ekki er till. því sérlega þingleg þegar af þeirri ástæðu.

Það má kannske segja að svona till. hafi í sjálfu sér sáralítið gildi, vegna þess að það er forsetinn, að tillögu forsrh. þess sem situr hverju sinni, sem kallar saman Alþingi. Þess vegna er það, að þeir sem að till. standa, ef þetta ætti í sjálfu sér að hafa nokkurt innihald og gildi, þyrftu hreinlega að búa til nýjan forsrh. Þeir þyrftu að mynda ríkisstjórn og nýr forsrh. tæki við og hinn nýi forsrh. legði það til við forseta lýðveldisins, að Alþingi yrði kallað saman á tilteknum degi. Þá fyrst hefði þetta eitthvert gildi í sjálfu sér. Málið, eins og það er lagt fyrir hér, hefur í raun og veru sáralítið gildi vegna þess að það er ekki í samræmi við það sem ætlast er til með því beina ákvæði stjórnarskrárinnar að forseti stefni Alþingi til funda. Málið er því að mínu mati óþinglegt og óeðlilegt. En það er kannske ekki það sem skiptir höfuðmáli í þessu efni. Það skiptir auðvitað höfuðmáli hvað býr á bak við tillöguflutninginn. Ég skal ekki segja um hvort þessir þrír flokkar eru þegar byrjaðir stjórnarmyndunarviðræður. Það er ekki óeðlilegt að halda að svo sé og að þeir séu að gefa Alþingi og þjóðinni til kynna með þessum tillöguflutningi að svo sé, þeir vilji ráða því saman hvenær Alþingi verði kvatt saman að loknum kosningum. En sá er hængur á því, að það veit enginn hvernig nýtt Alþingi verður skipað. Það veit enginn hvaða flokkar fara þar með meiri hl. Þess vegna er þetta mál í rauninni reifað með ákaflega óvenjulegum hætti.

Eins og ég sagði áður liggur við að hér sé um að ræða móðgandi till. við embætti forseta landsins.

Ég vildi, herra forseti, við upphaf þessarar umr. vekja athygli á að þessi till., sem hér um ræðir, er örugglega ekki í anda þess sem stjórnarskrá lýðveldisins segir skýrum stöfum.

Forseti (Helgi Seljan): Út af fram komnum aths., sem hér hafa verið uppi, vildi ég mjög gjarnan óska þess að menn styttu mál sitt um þingsköp varðandi þessa till. og færu sem minnst út í efnislegar umr. um hana, því að hún kemur til umr. á eftir, og að sjálfsögðu að ræðumenn fái einnig gott hljóð til að flytja sitt mál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa allir flokkarnir, þ. á m. Framsfl., komið sér saman um það að það eigi að kjósa. Hins vegar virðist Framsfl. ekki hafa áhuga á að hið nýja þing komi saman, en væntanlega hefur það verið kosið til að koma saman. Ég vísa algerlega á bug þeim aðdróttunum sem hæstv. viðskrh. hafði hér uppi áðan varðandi hvað byggi á bak við.

Ég tel að það sé einsýnt að flokkar í þingi geti haft skoðun án þess að það þurfi að vera fellt undir einhverja einokun hjá framsóknarmönnum. Ef flokkarnir hafa þá skoðun að þeir telji að þing eigi að koma saman geta þeir látið þann vilja sinn koma fram hver og einn og saman eftir því sem þeim hentar og þurfa ekki að bíða eftir löggildingu frá Framsfl.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tala nema um þingsköp þó að hér hafi verið farið út fyrir þingskapaefni.

Það er ekki hægt að láta ómótmælt skýringum hæstv. viðskrh. á túlkun stjórnarskrárinnar um það, að ekki sé heimilt fyrir Alþingi að setja lög um það hvenær Alþingi kemur saman. Það vill svo til, og ætti ekki að þurfa að minna á það, að í 35. gr. stjórnarskrárinnar er tekið fram hvenær Alþingi kemur saman, en jafnframt að þessu megi breyta með lögum. Nú kemur Alþingi saman ár hvert, en ekki samkv. beinum ákvæðum stjórnarskrárinnar um það heldur samkv. lögum frá 1967, þannig að allt tal hæstv. viðskrh. um þetta efni virðist mér vera út í hött. (**Viðskrh.:** Reglulegt Alþingi.) Reglulegt Alþingi, segir hæstv. ráðh. Ég vitnaði til 35. gr. stjórnarskrárinnar og þar er talað um reglulegt Alþingi.

En hæstv. ráðh. virðist vera að gera því skóna að annað gildi um aukaþing og ákvæði um það eru í 22. gr. stjórnarskrárinnar. Ég skal ekki fara að deila hér um hver er réttur skilningur á því, en tel persónulega að það samrýmist ekki annað stjórnskipun og anda stjórnarskrárinnar en að Alþingi geti tekið ákvörðun um að mæta til aukaþings. (**Utanrrh.:** Hvað segir um þetta í 22. gr.?) Það segir í 22. gr. að forseti lýðveldisins kveðji Alþingi til aukafundar þegar nauðsyn ber til, hæstv. utanrrh. Það segir líka í 22. gr., ef ég má minna hæstv. ráðh. á það: „Forsetinn stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið.“ Það er þegar um reglulegt Alþingi er að ræða.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að fara hér út í deilur um hvort leyfilegt sé samkv. stjórnarskránni að setja lög um að Alþingi komi til aukafunda, en ég hef sagt mína skoðun í því efni. En þetta skiptir bara ekki máli varðandi þá till. sem hér á að taka til umr. Þar er um að ræða þáltill., en ekki frv. að lögum, þannig að allt tal hæstv. viðskrh. er þess vegna út í hött. En aðalatriðið hjá honum virtist mér — og þá var honum mest niðri fyrir — þegar hann var að tala um hvað byggi á bak við þessa þáltill., en umr. um það eru ekki umr. um þingsköp svo að ég skal ekki fjölyrða um það.

Samkomudagur Alþingis, þáltill. (þskj. 562). – Ein umr.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á þskj. 562 höfum við fimm þm. flutt till. þess efnis, að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram. Flm. þessarar till. eru þeir þm. sem þrír flokkar, Alþb., Alþfl. og Sjálfstfl., völdu til að sitja í stjórnarskrárnefnd hv. Ed.

Í þeim umr. sem farið hafa fram milli flokkanna á undanförnum vikum hefur komið skýrt fram að það var ríkur vilji til þess að þing kæmi saman fljótlega að loknum kosningum. Þessi skoðun kom fram á viðræðufundum formanna flokkanna. Hún kom einnig fram á sameiginlegum fundum stjórnarskrárnefnda beggja deilda þessa þings.

Það hefur jafnframt komið fram að einn stjórnmálaflokkur hér á Alþingi er ekki reiðubúinn að lýsa vilja sínum í þessu efni, að þing komi saman fljótlega eftir kosningar, en þrír aðrir flokkar telja nauðsynlegt að það komi saman.

Rétt er að vekja athygli á því, að ef fylgt væri reglubundnum hætti með þinghald mundi líða rúmlega hálft ár frá því að þessu þingi lýkur og þar til nýtt þing kæmi saman 10. okt. Ég held að það séu margir áratugir síðan svo langur tími hafi liðið milli þinghalds. Starfshættir Alþingis á okkar dögum og krafa þjóðarinnar um aukið og reglubundið þinghald samrýmist á engan hátt því, að það líði rúmlega hálft ár frá því að þing lýkur störfum nú og þar til það kæmi saman aftur í haust. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning um það efni hafa þessir þrír flokkar því talið nauðsynlegt að lýsa yfir þeim vilja sínum að þing kæmi saman innan 18 daga eftir að næstu kosningar hafa farið fram svo að tryggt sé að þinghaldið verði með eðlilegum hætti.

Það eru mörg verkefni sem bíða næsta þings. Það hefur verið vakin athygli á því úr þessum ræðustól fyrr í dag af hæstv. viðskrh. að það þurfi að mynda ríkisstjórn í þessu landi. Formaður Framsfl. hefur lýst því yfir hvað eftir annað að það sé eitt fyrsta verkefnið eftir kosningar að mynda nýja ríkisstjórn. Er rétt að vekja athygli á að það voru ráðh. Framsfl. sem fyrstir hófu það tal opinberlega að mynda þyrfti nýja ríkisstjórn að loknum kosningum. Hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson hefur einnig lýst því yfir að hann telji rétt að ríkisstj. segi af sér strax að loknum kosningum. Það er á margan hátt eðlilegt að þing komi þá saman fljótlega eftir kosningar, fyrst svo víðtækar skoðanir eru uppi, eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðh. Sjálfstfl. og Framsfl. í þessari ríkisstj., um að það þurfi að mynda nýja ríkisstj.

Jafnframt er ljóst að fjölmörg vandamál á sviði efnahagsmála og atvinnumála bíða úrlausnar. Það væri í hæsta máta óeðlilegt að ráða þeim til lykta með brbl. í apríl- eða maímánuði og láta svo líða til október- eða nóvembermánaðar þar til nýtt þing fengi tækifæri til að fjalla um þau. Vegna ástandsins í efnahags- og atvinnumálum og þeirrar nauðsynjar að setja lög um þau efni, sem gerðu kleift að framkvæma aðgerðir til úrbóta í efnahags- og atvinnumálum, er þessi till. flutt.

Síðast en ekki síst hefur það verið venja við tvennar undanfarnar breytingar á kjördæmaskipun og stjórnarskrá, bæði 1959 og 1942, að Alþingi kæmi saman fljótlega á eftir til að fjalla um ný kosningalög í

samræmi við þær breytingar. Þessir þrír flokkar telja því eðlilegt að þeim hætti verði einnig fylgt nú.

Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. þarf flutningur þessarar till. ekki að koma á óvart. Efni hennar hefur verið marglýst í viðræðum á milli flokkanna á undanförnum vikum og mánuðum. Þess vegna höfum við talið eðlilegt að flytja þessa till. hér og nú.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, gefur ekki ein sér tilefni til margra orða. Það má segja að hún geri hvorki gagn né skaða nema eitthvað annað og meira byggi á bak við. En það er einmitt það sem grunsemdir hafa vaknað um. Menn hafa viljað túlka það svo, að hún væri viljayfirlýsing um að þessir flokkar vildu og teldu að fram ættu að fara tvennar kosningar á sumri komanda.

Nú er það náttúrlega þeirra mál að ákveða það á sínum tíma, ef þeir eru þeirrar skoðunar, sem ég mun víkja aðeins að síðar. En till. sjálf gefur, eins og ég sagði, ekki tilefni til þess að um hana sé farið mörgum orðum út af fyrir sig. Það eru stjórnarskrárákvæði um aukaþing og ég geri ráð fyrir að enginn haldi því fram að hér sé ætlunin að boða til reglulegs þings, heldur geri ég ráð fyrir að menn séu sammála um að það sé aukaþing sem hér er um að tefla.

Það stendur skýrum stöfum í 22. gr. stjórnarskrárinnar að forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafundar þegar nauðsyn er til. Þetta stendur í framhaldi af því sem segir um reglulegt Alþingi, þannig að um það er auðvitað engum blöðum að fletta að það er forseti sem stefnir saman aukafundum Alþingis. Hann gerir það að sjálfsögðu með undirskrift og á ábyrgð forsrh. En það stendur skýrt í stjórnarskránni að það á ekki að efna til slíks aukaþings nema nauðsyn beri til og það er auðvitað forseti sem metur á ábyrgð forsrh. hvort slíka nauðsyn beri til aukaþings eða ekki. Þegar þing er rofið er öryggisákvæði í 79. gr. um að Alþingi skuli koma saman innan 8 mánaða frá því að kom til þingrofs.

Það er nú svo, og ég vona að það verði ekki deilumál hér þegar menn athuga málið betur, að vald forseta samkv. niðurlagi 22. gr. stjórnarskrárinnar verður ekki skert né takmarkað. Það verður ekki gert með lögum. Það má með lögum breyta samkomudegi reglulegs Alþingis og það hefur verið gert. Það er reyndar fast ákvæði nú í lögum sem ákveður samkomudag Alþingis, en það á auðvitað á engan hátt við um aukaþing. Það væri út í bláinn og gæti ekki staðist ef það væri farið að setja lög um að aukaþing skyldi koma saman á einhverjum ákveðnum dögum. Það stangast á við það, sem segir í stjórnarskránni, að aukaþing skuli koma saman þegar nauðsyn ber til. Það má segja að það sé ekki þingið sjálft sem metur þá nauðsyn, heldur sé það forsetinn, eins og ég hef sagt, sem metur þá nauðsyn á ábyrgð forsrh. Þessu ákvæði verður ekki breytt með lögum. Þá liggur í augum uppi að því verður því síður breytt með þál. Á þessu vildi ég vekja athygli. Þess vegna er það, að þessi þál. og sú viljayfirlýsing sem í henni felst er í raun og veru markleysa, sem vel getur verið að forseti taki tillit til. Um það skal ég ekkert segja. Það er ekki á mínu valdi. En það er algerlega undir hans mati komið. (Gripið fram í.) Já, að sjálfsögðu hef ég ekkert á móti því að tíminn sé drýgður með frammíköllum. Hvað var hv. þm. að spyrja um? (Gripið fram í.) Ég sagðist ekkert fullyrða um það. Það er hans mál, en ekki mitt mál. (Gripið fram í.) Já, ekki mál Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Það fer auðvitað eftir atvikum hvað forseti gerir í því efni. Það fer eftir mati á því, hvort hann telur nauðsyn bera til að kalla saman þing.

Það er enginn vafi á því í mínum huga að það verður kallað saman aukaþing eftir þessar kosningar. Hvort það gerist innan 18 daga frá kosningum eða ekki er undir mati forseta komið, hvort hann telur nauðsyn til þess eða ekki. Þingið getur ekki bundið hendur forseta að þessu leyti. Það er aðeins hægt að breyta þessu með stjórnarskrárákvæði. Það hefur verið venja oft og einatt að í stjórnarskrárbreytingum og lögum um stjórnarskrárbreytingar hefur verið bráðabirgðaákvæði einmitt um þetta atriði, þar sem er tekið fram um þetta atriði. Þegar stjórnarskrárgjafinn vill ekki láta það vera á valdi forseta eins og það er eftir stjórnarskránni tekur hann það fram, en löggjafinn getur ekki gert það. Lægra stjórnvald getur auðvitað ekki bundið hendur æðra stjórnvalds. Það er einungis æðra stjórnvald sem getur bundið hendur lægra stjórnvalds.

Ég sé að hv. þm. Vestf. brosir og það er gott. Ekki veitir af að létta lundina í þessum þingsal. Ekki veit ég hvað honum hefur þótt broslegt við þetta, en hann upplýsir það í ræðu á eftir. (**ÓRG:** Það er broslegt hvað ráðh. ætlar sér að tala lengi marklausar þingræður.) Ja, ég hef talið nauðsynlegt að gera hv. þm. grein fyrir því hvernig ég lít á þetta mál og ég veit ekki annað en ég hafi fullt málfrelsi til þess. (**ÓRG:** Og okkur er frjálst að brosa að því?) Já. Ég hef málfrelsi hér engu síður en nafni minn hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. (**ÓRG:** Meira málfrelsi.) Já, ég hef meira, ef í það fer, og það getur komið sér vel ef þyrfti að stinga upp í hv. þm.

Þingið getur ekki bundið hendur sjálfs sín með viljayfirlýsingum, það held ég líka að sé nokkuð viðurkennt, ekki einu sinni þó að það sé sama þingið, hvað þá fráfarandi þing, sem ætlar að binda hendur þings eftir nýjar kosningar, sem kann að vera skipað allt öðrum mönnum. Það er nú svo, að það er aldrei neitt öryggi í kosningum og það veit enginn hverjum kann að skila inn á þing og hverjir liggja eftir úti. Menn geta talið yfirgnæfandi líkur á því að þessi eða hinn fljóti áfram inn og aðrir muni ekki komast. Staðreyndin er sú, að um þetta er aldrei hægt að fullyrða neitt og allra síst í talsverðu umróti sem nú er í stjórnmálum. Öllum er kunnugt að fleiri flokkar verða t. d. í boði. Maður veit ekkert hvaða fylgi þeir kunna að fá og hve margir nýir þm. koma til með að skipa hið nýkjörna þing. Þess vegna er augljóst að fráfarandi þing getur ekki gefið nýkjörnu þingi nein fyrirmæli. Það er álíka fráleitt og ef fráfarandi ábúandi færi að senda orðsendingu til viðtakandi leiguliða um að hann skyldi nytja túnið svona og svona eða ekki.

Ég hef talið nauðsynlegt að benda á þessi atriði til að sýna fram á hvers vegna ég tel þessa yfirlýsingu markleysu.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, að það muni að sjálfsögðu verða kvatt saman aukaþing og það muni verða gert fljótlega. Það getur vel skeð að þau tímamörk, sem þarna eru sett, séu ekki alls óeðlileg. Það getur staðið þannig á. En hitt er jafnvíst að það getur staðið svo á að það sé réttlætanlegt að kvaðning aukaþings dragist nokkuð. Setjum svo að það verði mynduð stjórn mjög fljótt eftir kosningar. Þá geri ég ráð fyrir að sú stjórn vildi gjarnan fá ráðrúm til að

undirbúa mál fyrir þing áður en það er kvatt saman. Þess vegna finnst mér óeðlilegt í mesta máta að ætla að reyna að setja skorður í þessu efni þannig að það ætti að vera hægt að hnika þessu til. Nú er það að vísu svo, að það er ekkert slíkt í þessari till. Hún bindur ekki þannig. Það verður alveg á valdi þess sem við tekur að ákveða hvernig að er farið. Þess vegna er það, eins og ég gat um, að þessi till. gerir engan skaða og gagn sé ég ekki að hún geti gert.

Ég sé sem sagt ekki að það sé ástæða til þess nú, ef það væri meiningin og það hefur verið meiningin eftir því sem fram hefur komið í málflutningi tillögumanna eða þess sem hefur talað fyrir till. nú, að ákveða samkomudag Alþingis. Ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess fyrir fram. Það verður gert, þegar kosningar hafa farið fram, af þeim sem bær er til þess og það er engin ástæða til þess að það dragist úr hömlu.

Hitt er svo það, að vaknað hafa grunsemdir um það og ekki að ástæðulausu, vegna þess að yfirlýsingar í þá átt mun hafa mátt sjá eða heyra, að það ættu að fara fram tvennar kosningar á sumri komanda. Miðað við ummæli ýmissa stjórnarandstæðinga að undanförnu um ástand í þjóðfélagsmálum og þá ekki hvað síst efnahagsmálum mætti ætla að það væri meiri ástæða til einhvers annars en tvennra þingkosninga á sumri komanda. Þau ummæli fela í sér að vísu ýkjur og alhæfingar, sem ég tek ekki undir nema að nokkru leyti.

Það er rétt að ástandið er alvarlegt á ýmsa vegu, ekki hvað síst í efnahagsmálum og atvinnumálum, og þeir munu fáir verða til þess að neita því hér á Alþingi að það þurfi að gera ráðstafanir í þeim efnum og það þurfi að taka á þeim málum á annan veg en gert hefur verið að undanförnu, það þurfi að taka á þeim málum sem allra fyrst. Og þeir munu verða margir sem telja æskilegt að eftir kosningar myndist nýr starfhæfur meiri hl. sem getur staðið að ríkisstjórn þannig að það ástand sem hefur staðið nokkuð lengi standi ekki öllu lengur, að ríkisstj. sé í sjálfheldu og þeir flokkar sem standa að ríkisstjórn geti ekki komið fram nauðsynjamálum. Ég held að það sé þetta sem sá meiri hl. sem hlýtur að myndast eftir nýjar kosningar verður að snúa sér að og það sé það sem verður að hafa forgang umfram það að efna til annarra alþingiskosninga alveg á næsta sumri. Það má vel vera að meiri hl. takist að ganga frá slíkum tillögum. Það má vel vera að þær tillögur fáist samþykktar eða staðfestar á því aukaþingi, sem kemur saman, og það getur vel verið að þá megi efna til nýrra kosninga. Ég útiloka alls ekki að það geti farið fram tvennar kosningar. En ég segi: Það er ekki tími til þess nú að vera að ákveða slíkt, hvorki beint né óbeint né gera gælur við þá hugmynd. Fyrst skulum við reyna að koma efnahagsmálum í það ástand sem þörf er á og bjarga því sem bjargað verður.

Ég er alveg viss um að hv. 1. flm. þessarar till., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, tekur undir hvert orð af þessu sem ég sagði vegna þess að hann tók það svo skilmerkilega fram í ágætri og athyglisverðri ræðu, sem hann flutti hér á dögunum í sambandi við fjáröflun til vegamála, að það hefði ekki verið tekið á málum eins og þörf væri á og það stæði upp á okkur ráðh., ekki síst þá sem veita forstöðu ráðuneytum sem þurfa á miklu fé að halda, að sýna aðhald í þessum efnum og taka málin á annan veg en gert hefur verið. Ég er honum sammála um þetta. Ég er honum sammála líka um að það hafi kannske ekki verið alveg 100% skynsamleg aðferð sem beitt var þegar aðflutningsgjöld á bíla voru lækkuð og svo var aftur farið að leggja á gjöld með öðrum hætti. Öllum getur nú yfirsést og það kemur líka fyrir á þessu stjórnarheimili.

En það eru miklir erfiðleikar sem við er að etja. Um það eru allir sammála. Stjórnarsinnar viðurkenna að það séu tímabundnir erfiðleikar sem við er að fást, þó að stjórnarandstæðingar máli þá náttúrlega sterkari og svartari litum en eðlilegt er. Þeir erfiðleikar eiga fyrst og fremst auðvitað rætur sínar að rekja til aðstæðna og ástæðna sem okkur eru óviðráðanlegar, eins og aflarýrnunar og sölutregðu og annars slíks og ýmiss konar óróleika í efnahagsmálum veraldarinnar. Samt dettur mér ekki í hug að halda því fram að sumt megi ekki rekja til þess að núverandi stjórn og stjórnarflokkar hafa ekki haft tök á þessum málum, sem stjórnarflokkar þurfa að hafa, og hafa þess vegna ekki getað gert þær ráðstafanir sem hefði þurft. Og stjórnarandstaðan hefur verið svo skammsýn að leiða aldrei hugann að því að komast í stjórnarstóla eftir næstu kosningar og þyrfti þá e. t. v. að fara að huga eitthvað að þessum málum. Það hefði hún betur gert stundum og tekið undir skynsamlegar ráðstafanir sem hér hefur verið hreyft og hafðar eru á orði. Ég ætla ekki að fara að saka einn eða neinn í þessu efni, en þetta eru staðreyndir sem hér liggja fyrir. Þess vegna er það sjónarmið okkar framsóknarmanna að það þurfi að nota tímann til annars en vera að bollaleggja um tvennar kosningar, án þess að við viljum útiloka á nokkurn hátt að það geti komið til þess að það sé hægt að láta þær fara fram á þessu sumri.

Mín skoðun er sú, að þar sem hér er verið að innleiða að nokkru nýja skipan sé eðlilegt að það dragist ekki óeðlilega að nýjar kosningar fari fram. En það á ekkert skylt við að ákveða endilega nú hvenær slíkt skuli gert. Nú verð ég að segja að það er ekki gert með þessari till. Hún er ekki um tvennar kosningar, heldur um að aukaþing skuli koma saman innan ákveðins tíma. En það eru vissar grunsemdir sem hafa vaknað og það væri vissulega ánægjulegt ef menn gætu risið hér upp og skýrt það skilmerkilega að þær grunsemdir væru ekki á neinum rökum reistar, það hvarflaði ekki að neinum að fara að efna til nýrra þingkosninga fyrr en búið væri að laga ýmislegt sem aflaga fer í þjóðfélaginu. Það er sú yfirlýsing sem ég vildi gjarnan fá.

Þessi ályktun er ekki þess eðlis að ég hafi nokkra tilhneigingu til að vera að tefja hana með málþófi. En hún er samt það einstæð í þingsögunni fyrir margra hluta sakir að það er ástæða til að eyða örfáum orðum að henni.

Það tíðkaðist á árum áður, vissulega ærið oft, að þáltill. væru fluttar í deildum, enda fóru störf Alþingis þá yfirleitt fram í deildum, en ekki Sþ. En sá háttur hefur hins vegar komist á á síðari árum að þáltill. væru fluttar í Sþ., en ekki í deildum. Samt sem áður tíðkaðist líka oft að fluttar væru tillögur í deildum. Þá báru þær yfirleitt forskriftina: neðri deild Alþingis lýsir yfir eða efri deild Alþingis lýsir yfir. En þó hefur alltaf verið gert ráð fyrir að þáltill. gætu gengið á milli deilda og það er auðvitað meiningin í þessu tilfelli, sem hér er um að tefla, vegna þess að hér stendur: Alþingi lýsir því yfir. Þess vegna er ætlast til þess að þessi till. gangi nú til Nd. og hljóti þar samþykki líka og allt er í lagi með það. En þá ber svo einkennilega til, að það er þarna niðri í

Nd. samhljóða till. og hún verður náttúrlega líka að koma upp í Ed. og verða samþ. hér. Það er þá meiningin að Alþingi samþykki tvær shlj. ályktanir um þetta efni. Þetta held ég að sé einsdæmi. Þetta ber kannske vitni um að það væri fullmikið óðagot á flm.

Þetta er aukaatriði sem ekki skiptir miklu máli. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. verður nokkuð lengi á eftir að þekkja þær. Það er alveg víst að það tekur eitthvað fram á kvöldið. Ég efast ekki um að þessi tungulipri hv. þm. muni geta talað langt um þetta. En ég þekki lögskýringar hans sumar og fer nærri um hvernig þær muni verða. Ég mun ekkert láta af minni skoðun í þeim efnum. En hann fær að tala síðar. Það gefst nægur tími til þess. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Hér hefur ekki verið takmarkaður ræðutími og menn mega hafa sína skoðun á því hvort mínar lögskýringar séu einkennilegar eða einkennilegar ekki og hvernig minn málflutningur sé, það skiptir engu máli, það hafa allir frelsi að sjálfsögðu til þess, en hitt er náttúrlega fyrsta aðalsmerki þeirra manna, sem flytja sitt mál og ætla að tala fyrir því, að þora að hlusta á málstað sem fluttur er og geta síðan svarað með rökum ef þeir treystast til.

Ég skal nú, herra forseti, fara að ljúka máli mínu því að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja miklu frekar um þetta. Ég vil þó endurtaka það, sem ég hef sagt, að ég er þeirrar skoðunar að það verði að sjálfsögðu fljótlega kallað saman aukaþing. Ég tel það alveg sjálfgefið að núv. ríkisstj. segi af sér þegar að loknum þessum alþingiskosningum og þá verði að hefjast handa um að mynda nýja ríkisstj. Það verður svo á valdi þeirrar ríkisstjórnar, sem þá kann að verða mynduð, hvenær auka Alþingi verður kvatt saman, en sjálfsagt er að það verði fyrr en síðar.

En út af þessum grunsemdum, sem ég hef gert hér nokkuð að umtalsefni, langar mig til að beina spurningum til hv. 1. flm. Það er í fyrsta lagi þessi einfalda spurning: Ber að túlka þessar tillögur, sem svo mikið hefur verið haft við að þær hefur þurft að flytja í báðum deildum, sem viljayfirlýsingar um tvennar kosningar á sumri komanda? Ég hugsa að fólki almennt þyki fróðlegt að fá að heyra það og heyra þau rök sem fyrir því eru færð ef svo kynni að vera. (**Gripið fram í:** Svarið er nei.) Svarið er nei. Það er nú stutt og laggott og heldur í styttra lagi af hv. þm. Venjulega hefur hann nú þurft að nota fleiri orð. En ég veit að hann gerir það hér á eftir.

En þá ætla ég að spyrja annarrar spurningar. Telur hv. 11. þm. Reykv. tvennar kosningar á næsta sumri heppilegar? Ég fer alls ekki fram á það að hann svari þessu með jái eða neii strax á stundinni, alls ekki. Það er jafnvel vel líklegt að viðhorf manna til þeirra spurninga mótist dálítið af því hvernig kosningaúrslitin verða og hvernig þau koma við menn. Um þau getur ekki nokkur lifandi maður spáð nokkru. En það er að mínum dómi mjög æskilegt fyrir kjósendur að fá að heyra og vita um viðhorf manna til þessa, viðhorf frambjóðenda í þessum kosningum, því það verða þeir sem koma til með að koma inn á þing. Það er ekki eins mikils virði að fá að vita um hvað þeir menn, sem nú sitja á þingi, hafa um þetta að segja.

Ég læt nú máli mínu lokið. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir að þessari umr. verði frestað og þessi till. gangi til nefndar eins og venjulegt er. Þetta er ekki till. flutt af nefnd og þetta er ekki till. flutt af neinum meiri hl. nefndar, heldur aðeins af einstaklingum, þannig að hún á að fara til nefndar réttum reglum samkv. — Ja, nú versnar í því. Ég sé að hv. 1. flm. hristir höfuðið. Þá vil ég treysta á réttsýni forseta og mælist til þess að forseti ráðfæri sig við skrifstofustjóra um hvort svona till. eigi að fara til nefndar eða ekki. Ég mun algerlega beygja mig fyrir úrskurði þeirra um það efni.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Till. sú til þál. sem hér er til umr. er, eins og raunar hefur komið fram hér í umr. áður, ákaflega óvenjuleg till. Það er ekki nóg með að efni till. sé óvenjulegt, það er ekki nóg með að till. stríði nánast gegn beinum fyrirmælum stjórnarskrárinnar, í öllu falli anda stjórnarskrárinnar, það er ekki nóg með að hún sé gerð af Alþingi sem er að ljúka kjörtímabili innan kannske einnar til tveggja vikna, svo maður nefni einhver mörk í þessu efni. Nýtt Alþingi kemur að loknum kosningum og till. á að tala fyrir munn þess Alþingis, sem verður allt öðruvísi skipað en þetta þing, sem enginn veit raunar hvernig verður skipað fyrr en kosningaúrslit liggja fyrir. Till. er ekki aðeins óvenjuleg að efni og formi að þessu leyti til, heldur er hún næsta einkennilega fram borin á þingi. Það mun vera mjög fátítt, ef það er ekki einsdæmi, að bornar séu fram í báðum deildum nákvæmlega eins till. Þegar afgreiðslu þeirra er lokið í deildum er hrókerað og till. sem er í Nd. og er nákvæmlega samhljóða gengur til Ed. til afgreiðslu þar. Þetta nálgast að vera skrípaleikur. Auðvitað á svona till. heima í Sþ. Ég hefði áhuga á því að flutningsmenn till. gerðu grein fyrir því hvers vegna þeir haga tillöguflutningi á þessa leið, hvers vegna till. er ekki flutt í Sþ., eins og sjálfsagt er að gera um slíka till. sem þessa. Ég er ekki að segja að hér séu brotin þingsköp og þingskapalög, en örugglega þingvenja. Ég álít að þetta sé óþingleg meðferð máls af þessu tagi. Þess vegna mundi ég vilja óska eftir því að flm. till., hver sem er, gerðu grein fyrir því hvers vegna þeir hafa talið nauðsynlegt að hafa þennan hátt á um meðferð málsins hér á hv. Alþingi.

Það hefur áður verið rakið hversu fráleit þessi till.-gerð er. Ég hef heyrt lítinn málflutning fyrir till. Vitanlega er rétta málsmeðferðin og aðferðin sú, að þeir sem vilja halda á málum eins og hér er gert ráð fyrir myndi ríkisstjórn í landinu. Það er auðvitað það eina rétta. Forsrh. þeirra geri síðan tillögu til forseta á sínum tíma um að þing verði kallað saman o. s. frv. Það er auðvitað hin rétta leið í þessum efnum. Það er sú leið sem farin hefur verið þegar svona mál fara í gegnum Alþingi, kosningar og síðan Alþingi aftur. Þetta er auðvitað það sem býr að baki till. sem hér er til meðferðar. Þessir flokkar þrír hafa í raun og veru gert með sér leynisamkomulag um myndun ríkisstjórnar eftir kosningar. (**Gripið fram í:** Bara eftir kosningar?) Ja, það mundi fara að sjá í klaufirnar á henni ef hún ætti að koma fyrir kosningar, sem væri náttúrlega það eðlilega.

Það er svo með búskap í stjórnmálum eins og í lífinu sjálfu, að hann á sér sinn aðdraganda. Menn hafa séð samdrátt til að byrja með. Stundum er það svo að menn taka eftir samdrætti t. d. á dansleikjum. Það hefur ekkert farið fram hjá mönnum að þeir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Ólafur Einarsson hafa dansað pólitíska vangadans um alllangan tíma. Menn fer nú að renna grun í það sem á eftir hlýtur að koma. (**ÓRG:** Vilt

þú kannske rekja næturheimsóknir ráðh. til stjórnarandstöðunnar á undanförnum árum?) Ég veit ekki hvar þessi 'vangadans hefur verið stiginn. Þessi pólitíski vangadans hefur verið í skúmaskotum á Alþingi um langa hríð og menn verða varir við að atlotin verða innilegri eftir því sem að tíminn líður. Þannig má segja að þessir tveir hv. þm. stígi nú villtan pólitískan vangadans.

En það er nokkur feimni í kringum þetta allt saman. Þó álít ég að trúlofunin hafi í raun og veru verið auglýst þó þeir séu ekki búnir að setja upp hringa beint. En hún hafi verið auglýst með þeirri till. sem hér er til meðferðar. Það verður líklega að telja þá trúlofaða. (**Gripið fram í:** Jarðarförin auglýst?) Það verður nú síðar. (**Salþ:** Er ráðh. að mynda væntanlega ríkisstj.?) Nei, ég er að gera grein fyrir því, ef hv. þm. hefur ekki fylgt þræðinum í þessu, að undir þessari till.-gerð býr auðvitað samkomulag flokkanna um tvennar kosningar á þessu sumri. Ég ætla ekki hv. alþm. þessara flokka það að ætla að notast við núv. hæstv. ríkisstj. til þess arna. Ég ætlast til þess að þeir sjái sóma sinn í því að gera þetta sjálfir í stað þess að ætla að nota núv. hv. ríkisstj. til þess að sjá um framkvæmdina fyrir sig. (**Gripið fram í:** Eiga ekki allir að vera farnir úr henni?) (**Forseti:** Þögn í salnum, viðskrh. hefur orðið.) Mér heyrðist nú ekki betur á atkvgr. hér í Sþ., sem fór fram fyrir nokkrum mínútum, að á þeim sem í ríkisstj. eru væri ekkert fararsnið. Hins vegar var kominn nokkur brestur í þetta þar sem var afstaða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, en það sannar bara þá pólitísku trúlofun sem ég hef verið að gera grein fyrir hér, hvað sem að undir býr að öðru leyti. (**Gripið fram í:** Ert þú trúlofaður?) Ég hef orðið, hv. þm., og vonast til að geta talað án þess að verða truflaður. (**Forseti:** Ég óska eftir því að menn hafi hljóð hér í salnum og hæstv. viðskrh. fái að halda fram máli sínu.)

En það liggur í hlutarins eðli, þegar um svo stóralvarlegt mál er að ræða eins og þetta, sem er raunar stærsta mál þjóðarinnar, breytingar á stjórnarskránni, að auðvitað er eðlilegt að menn taki það alvarlega þegar menn bindast samtökum um hvernig á að halda á málinu. Ég er sannfærður um að það býr miklu meira undir en menn vilja vera láta. Nú eru ýmsir fleiri fletir á þessu máli öllu og það er erfitt að ræða þetta mál án þess að gera grein fyrir því við hvaða aðstæður þetta mál er flutt og hvernig með það er farið. Ég held að það fari ekki á milli mála að ástand í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, eftir þá atburði sem gerst hafa nýlega, er með þeim hætti að öllum ábyrgum mönnum er ljóst að það verður að stinga við fótum og það verður að tryggja að sérstaklega undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar verði reknir með eðlilegum hætti. Ég held að flestir séu þeirrar skoðunar, að eins og nú er orðið sé veruleg hætta á því að verulegar truflanir komi til í rekstri undirstöðuatvinnuveganna, nema gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir það.

Það er ástæða til að rekja í nokkrum orðum, það væri hægt að gera það í löngu máli, en ég skal ekki gera það við þetta tækifæri, hvað hefur verið að ske í þessum málum. Það sem hefur skeð er raunar einfaldlega það innan ríkisstj., að ekki hefur náðst samkomulag um aðgerðir gegn vaxandi verðbólgu í landinu. Og ástæðan fyrir því að samkomulag hefur ekki náðst er einfaldlega að Alþb., einn af stjórnaraðilunum, hefur ekki fengist til að taka þátt í ráðstöfunum til viðnáms og lækkunar verðbólgu. Þetta hefur varað um alllangan tíma.

Það var auðvitað ljóst, eftir að sótt var með miklu kappi á breytingar á stjórnarskránni, svo miklu kappi að það vannst ekki mikill tími til þess að sinna öðrum málum, eins og t. d. efnahags- og atvinnumálum, að aðgerðaleysi mundi hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. Við í Framsóknarflokknum töldum og teljum enn að það hafi komist á samkomulag stjórnaraðila í ágústmánuði í sumar um að gera viðnámsráðstafanir gegn verðbólgu. Þessar ráðstafanir voru aðallega þær, að gengið var lækkað seinni partinn í ágúst. Það voru sett brbl. um viðnám gegn verðbólgu, sem allir þekkja og ég þarf ekki að rekja efni þeirra hér, það voru ákveðnar láglaunabætur til að reyna að viðhalda kaupmætti lægri launa miðað við önnur laun, það var lengt orlof í landinu og það átti að gera breytingar á viðmiðunarkerfi launa, vísitölukerfinu, og það var samið um að það yrði gert. Við í Framsóknarflokknum studdum að sjálfsögðu þessar ráðstafanir, eins og t. d. láglaunabætur, og lengingu orlofs, í þeirri trú að vísitölumálið gengi fram eins og um hafði verið samið og auglýst hafði verið. Þess vegna stóðum við að því að afgreiða þau mál hér í þinginu, þegar þau höfðu verið afgreidd, bæði láglaunabæturnar og lengingu orlofs. Þá átti eftir að afgreiða vísitölumálið, en þá heyktist Alþb. á gerðum samningum og hljóp frá málinu. Stjórnarandstaðan hljóp undir árar með Alþb. í raun og veru í þessu máli og gerði því leikinn tiltölulega auðveldan að hindra framgang þess. Þetta hafði þau áhrif að 1. mars s. l. skall yfir verðbólgualda sem áreiðanlega mun stofna rekstrargrundvelli atvinnuveganna í landinu í stórkostlega hættu.

Ég dreg í efa að það líði langur tími án aðgerða svo að ekki komi til stórkostlegra truflana í rekstri ýmissa undirstöðugreina. Við í Framsfl. gerðum tilraun til þess á seinustu stundu að í bili yrði beitt niðurgreiðslum fram yfir kosningar til þess að veita viðnám svipað eins og gert var með brbl. 1974 fyrir kosningar þá. Okkar ætlun var auðvitað sú, að viðmiðunarfrv. gengi fram og viðbótarhækkanirnar kæmu ekki til 1. mars og síðan væri hægt að beita niðurgreiðslum 1. apríl fram yfir kosningar, þannig að leikur nýrrar ríkisstjórnar, sem tæki við eftir kosningar, væri léttari eins og nú er komið.

Þegar þetta allt er haft í huga er alveg ljóst, þegar mistekist hefur að fá samkomulag um viðnámsaðgerðir gegn verðbólgu, að ástandið í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar verður með þeim hætti næstu mánuði að hreinn háski er á ferðum. Þess vegna teljum við í Framsfl. að það eigi að leggja áherslu á það fyrst og seinast að takast á við efnahagsmálin, gera ráðstafanir til viðnáms og lækkunar verðbólgu og að það sé nauðsynlegt þegar að loknum kosningum að það verði mynduð sterk ríkisstjórn í landinu sem geti tekist á við þessi bráðnauðsynlegu verkefni. En í staðinn fyrir þetta, á meðan átökin fóru fram um hvort unnt væri að ná samkomulagi um viðnámsaðgerðir, — og þó er auðvitað vísitölufrv. meira en viðnámsaðgerðir nú. Það er aðgerð sem hefur varanleg áhrif áfram, þó að okkur sé það ljóst að það sé áfangi sem sé allt of skammur í þessum málum. Það þarf róttækar breytingar á þessu kerfi öllu saman til þess að unnt sé að ná valdi og stjórn á efnahagsmálunum og atvinnumálunum — voru menn

í óða önn að fást við að breyta stjórnarskránni, fjölga þm. um þrjá, í stað þess að snúa sér að þeim bráðnauðsynlegu verkefnum, sem við blasa á sviði efnahags- og atvinnumála. Nú er ljóst að það sem vakir fyrir flm. þessarar till. er fyrst og seinast að drífa á tvennar kosningar í sumar án þess að þeir sjálfir geri ráðstafanir til þess að tekið sé á efnahags- og atvinnumálunum.

Það er engu líkara en flm. hugsi sér að nú sé ríkisstj. góð, nú eigi hún að sitja og standa fyrir málum. Þessu var allt öðruvísi farið t. d. 1959. Þá gerðu tveir flokkar með sér samkomulag, Sjálfstfl. og Alþfl., um viðnámsaðgerðir fyrst, fyrst og fremst viðnámsaðgerðir í eitt ár í efnahags- og atvinnumálum, á meðan verið var að gera breytingar á stjórnarskránni. Það voru allt öðruvísi vinnubrögð. Það voru ábyrg vinnubrögð. Að vísu höfðu þessir flokkar þá ekki meiri hluta til þess að koma þessum viðnámsaðgerðum fram árið 1959. Og efnahagsráðstafanirnar, sem þeir beittu, höfðu ekki meiri hluta þessara tveggja flokka hér í þessari hv. þd., þannig að Framsfl. þurfti þá að taka afstöðu til þess hvort hann hleypti þeim ráðstöfunum í gegn, og það gerði hann. (**Gripið fram í:** Þær voru líka góðar.) Þær voru að mörgu leyti góðar. Þess vegna var þeim hleypt í gegn. Menn sýndu fulla ábyrgð í þeim efnum. Þó að Framsfl. væri andvígur þá kjördæmabreytingunni og berðist gegn henni þótti honum sjálfsagt að hleypa þessum aðgerðum í gegnum þingið vegna þess að það var nauðsynlegt. (Gripið fram í.) Nei, nei, ég er ekki kominn að stjórnarsáttmálanum ennþá. Ég er á árinu 1959.

Það voru dálítið öðruvísi móttökur sem brbl. ríkisstjórnarinnar frá því í sumar fengu hjá stjórnarandstöðunni hér í haust, þegar hún lýsti því yfir í blöðum, á Alþingi, eftir að það kom saman, og við öll möguleg tækifæri að hún mundi fella brbl. og heimtaði að brbl. yrðu lögð fyrir Alþingi sem fyrst, svo að færi gæfist á að fella þau. Það var mikið hark út af þessu, eins og menn muna, og Sjálfstfl. lagði ofurkapp á það, Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, að fella lögin. Síðan breyttist staðan og Sjálfstfl. sneri af einhverjum ástæðum við blaðinu og barðist nú hatrammri baráttu gegn því að lögin gengju fram þvert ofan í það sem sagt var og lýst yfir á haustdögum. Það er nú svo, að lægðirnar í pólitíkinni alveg eins og í veðrinu breytast því það kom enn ein lægð. Það hefur kannske verið hæð því að það var þó afstöðubreyting til bóta þegar Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu sat að lokum hjá við brbl., en það tók þá sex mánuði að átta sig á þessu. (**EgJ:** Menn skipta nú um skoðun á skemmri tíma en sex mánuðum.)

Þegar vísitölufrv. var lagt fram hefði maður haldið að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu tæki slíku máli fegins hendi og styddi það. Þetta er skynsamleg ráðstöfun. Þetta er ráðstöfun sem er nákvæmlega í þeim anda sem Sjálfstfl. hefur fylgt í þessum málum. (**ÓRG:** Var það þess vegna sem Framsfl. flutti þetta?) Ja, það voru allir stjórnaraðilar sammála um það, hv. þm., og menn gerðu samninga um það á s. l. sumri og fengu menn til að samþykkja ýmsar hliðarráðstafanir, eins og láglaunabætur og lengingu á orlofi, en svo þegar kom að því að efna samkomulagið um vísitölumálið, sem var nú fyrsti punkturinn í þessu samkomulagi frá því í ágústmánuði, heyktist Alþb. heldur betur í hnjáliðunum. Niðurstaðan varð sú, að þeir gengu frá málinu. En Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, maður skyldi ætla að hann hefði haft áhuga á að taka þarna í til þess að styrkja rekstrarstöðu atvinnuveganna í landinu (**Gripið fram í:** Átti það að vera nýi meiri hlutinn?) Nei, þvert á móti sýndu sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu hið mesta tómlæti í þessu máli og létu sér vel líka að málið fékk ekki framgang. Þeir snerust svo einnig af hinu mesta offorsi gegn hugmyndum um niðurgreiðslur um sinn, svipað því sem beitt var 1974. Ég get vel samþykkt að niðurgreiðslur eru ekki ... (**Gripið fram í:** Niðurtalning?) Niðurgreiðslur. Við vorum að tala um niðurgreiðslur, hv. þm. Ég kann eiginlega hálf illa við að sjá hv. þm. Egil Jónsson þarna. Ég hef alltaf heyrt í honum hérna aftan við mig. (**Forseti:** Ég vil biðja menn að hafa hljóð í salnum á meðan þessar umr. fara fram.) Ég kann nú betur við að sjá hv. þm. í sínu sæti í salnum. (**Forseti:** Ja, það er svo sér á parti.) Það er sér á parti. En ekki hefur hv. þm. dregið þetta sæti. Honum hefur verið ætlað sæti annars staðar og veglegra sæti kannske, uppi við háborðið. (**Gripið fram í:** Hann villist eins og aðrir.) Já, já. — En þegar svo var komið að menn vildu ekki taka þátt í viðnámsaðgerðum gegn verðbólgu var auðvitað ljóst að hér yrði mikill háski á ferðum og það verðbólguflóð sem nú fossar yfir þjóðina er með þeim hætti að mönnum stendur ógn af.

Þessi 15% verðbótahækkun, sem varð núna 1. mars, vigtar manninum, sem hefur 10 000 kr. mánaðarlaun, 1500 kr., manninum sem hefur 50 000 kr. vigtar hún hins vegar 7500 kr., þannig að hálaunamaðurinn fær 7500 kr. til að mæta þessum verðbólgustraum, en sá sem hefur 10 000 kr. fær í sinn hlut 1500 kr. Þetta er réttlæti vísitölunnar.

Það er nokkurn veginn ljóst að ekki er samstaða í núverandi hæstv. ríkisstjórn til þess að taka á í efnahagsmálunum. Það er nokkurn veginn ljóst að Alþb. ætlar sér ekkert að taka þátt í neinum aðgerðum, af því Alþb.-menn þora það ekki fyrir kosningar. Þeir halda að þeir fái atkvæði í kosningunum með því að gera ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut, þó þeir sitji í stjórn landsins, þó að ástand atvinnumála sé með þeim hætti að það er líklegt að það verði vaxandi atvinnuleysi í landinu ef ekki verður gripið í taumana. Þeir ætla sér ekkert að gera, það er augljóst, en þeir sitja samt sem fastast. (**ÓRG:** Hefur ráðh. orðið fyrir vonbrigðum með það?) Ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að Alþb. skyldi ekki standa við samninga, sem voru gerðir á s. l. sumri, og ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að Alþb. hefur ekki verið til viðtals um ráðstafanir í efnahags- og atvinnumálum nema sjaldan. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því réttilega og sagt að þær hafi komið of seint og sjaldan. Þetta er alveg rétt, en hvers vegna komu þær seint og hvers vegna komu þær sjaldan? Það var vegna þess að menn voru að glíma við Alþb. daginn út og daginn inn, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár, að fá það til þess að taka þátt í nauðsynlegum efnahagsaðgerðum. Það er heldur ömurlegt hlutskipti þeirra Alþb.-manna í sambandi við efnahagsmálin og tregðu þeirra á að taka þátt í nauðsynlegum aðgerðum. (**Gripið fram í:** Samt vill ráðh. endilega vera með okkur í ríkisstj.).

Ég hafði trú á að það væri kannske hugsanlegt að fá Alþb. til þess að taka þátt í raunhæfum ráðstöfunum í efnahags- og atvinnumálum. Og svo ég komi nú að stjórnarsamningnum. Það vantaði svo sannarlega ekki yfirlýsingarnar í stjórnarsamninginn. En hvar eru aðgerðirnar? Hvar eru raunhæfar aðgerðir, sem þurftu að

koma til til þess að sá árangur næðist sem þar er gert ráð fyrir? Að sjálfsögðu er skylt að taka það fram að á síðasta ári urðu mjög skjót umskipti í efnahagsmálum í umheiminum, meðal þeirra þjóða, sem við skiptum fyrst og fremst við. Þjóðarframleiðsla Íslendinga minnkaði verulega eða að því er talið er og áætlað 9—10% á tveimur árum. Þá voru einnig gerðir nýir kjarasamningar á s. l. ári, eins og kunnugt er. Það er talið að þeir kjarasamningar, þegar talað er um heildina, hafi falið í sér raunveruleg útgjöld fyrir atvinnulífið í landinu og það opinbera sem nema um 12% þegar orlofið er tekið með, kannske 12—14, segja sumir. Á sama tíma sem þessi viðbótarútgjöld verða lækka þjóðartekjur um milli 5—10%. Það vantar þarna á allt að 20% til að brúa þetta bil. Auðvitað er augljóst hvernig bilið er brúað. Það er brúað með stóraukinni verðbólgu. Ég er ekki að segja að það sé hægt að kenna ríkisstjórninni um þetta þrennt, alþjóðlega kreppu í efnahagsmálum, verðlækkanir á sumum okkar útflutningsafurðum, sölutregðu, stórkostlega aflarýrnum og samdrátt þjóðartekna og síðan óraunhæfa kjarasamninga. Það er ekki hægt að kenna ríkisstj. um þetta að mínum dómi. Það kemur til viðbótar við tregðu Alþb. til þess að taka þátt í virkum ráðstöfunum í efnahagsmálum og gegn verðbólgu og upplausn. Það er auðvitað ljóst að það sem býr að baki þessari till., sem hér er til meðferðar, er sá vilji flokkanna, sem standa að till., að halda tvennar kosningar í sumar. Það er jafnljóst að ef tvennar kosningar verða haldnar í sumar verða seinni kosningarnar sjálfsagt ekki fyrr en einhvern tíma í júlímánuði, þykir mér líklegt, — í fyrsta falli snemma í júlímánuði.

Það hefur verið svo eftir alþingiskosningar undanfarin ár, margar alþingiskosningar, að það hefur tekið æðilangan tíma að mynda nýja ríkisstjórn eftir kosningar. Það hefur yfirleitt tekið um tvo mánuði. Það tók um tvo mánuði 1974, það tók um tvo mánuði 1978, það tók um tvo mánuði og rúmlega það 1979—80. Það má því eins ætla að ekki verði búið að mynda nýja ríkisstjórn í landinu, ef tvennar kosningar verða haldnar, fyrr en seinnipart ágústmánaðar. (**Gripið fram í:** Það verður enga stund gert.) Það verður enga stund gert, segir hv. þm. Þetta hefur nú staðið í mönnum, eins og ég hef verið að rekja. Kannske stendur það til bóta. *Ef til vill er þegar búið að mynda ríkisstjórn og þá er* þetta enga stund gert. En ef við rekjum þetta svona er eins líklegt að ný ríkisstjórn komist ekki til valda fyrr en í ágústmánuði í sumar.

Ef flokkarnir, sem standa fyrir tvennum kosningum, mynda ekki ríkisstjórn og taka ábyrgð á ástandi efnahags- og atvinnumála á meðan bera þeir auðvitað ábyrgð á því sem skeður á þessum tíma. Þeir hljóta að gera sér það ljóst. En það hefur ekki bryddað á því að þeir vildu ljá máls á þátttöku í aðgerðum sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir alvarlegar truflanir í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Nú er það sjálfsagt mál, sem komið hefur fram hér í þessum umr., að þing verði kallað saman. Það gefur auga leið, en að ákveða það nú með þessum hætti, sem er náttúrlega engin ákvörðun, þetta er auðvitað hrein markleysa í sjálfu sér, er hið fyllsta ábyrgðarleysi, að mínu mati, vegna þess að það gerir enginn sér grein fyrir því hvernig ástatt verður í þessum málum seinni hluta aprílmánaðar. Það gerir enginn sér grein fyrir því nú. Hér er auðvitað um að ræða áhuga á allt öðru en því að takast á við efnahags- og atvinnumál. Flokkarnir hafa fyrst og seinast áhuga á að drífa kjördæmamálið í gegn og kjósa án þess að hafa þrek í sér til að taka nú þegar ábyrgð á málefnum landsins og mynda ríkisstjórn. Það væri ábyrg afstaða, eins og Alþfl.-menn gerðu 1959. (**Gripið fram í:** Nú eru þeir búnir að hafa tíma til þess.) *Þetta er því hinn mesti skrípaleikur, en það er nauðsynlegt* að þjóðin gefi því gaum hvað er að gerast í þessum málum og nauðsynlegt að þeir sem stofna til slíkrar málsmeðferðar, eins og hér er lagt til, beri ábyrgð á því sem gerist í þessum málum, t. d. í atvinnumálum á næstu mánuðum, vegna þess að þeir skorast undan því meðan verið er að afgreiða önnur mál að taka að sér stjórn á málefnum landsins.

Það er þetta sem við höfum gagnrýnt í Framsfl. Við höfum gagnrýnt það og höfum lagt áherslu á að þegar búið er að kjósa verði teknar ákvarðanir, væntanlega af nýrri ríkisstjórn, um hvenær þing verði kallað saman og kosningar haldnar á nýjan leik. Það er auðvitað alveg ljóst að þessi nýi þingmeirihluti, sem hér er á ferðinni, er að réttu lagi skyldugur til að undirbúa mál fyrir nýtt Alþingi, sem hann leggur áherslu á að kallað verði saman stuttu eftir kosningar. Þetta er þá kannske þannig að í þessum tillöguflutningi felist ákvörðun um stjórnarmyndun eftir kosningar sem standa fyrir því að undirbúa tillögugerð m. a. í efnahags- og atvinnumálum fyrir nýtt þing. Ég geri ráð fyrir að sá undirbúningur mála sé þegar hafinn, vegna þess að það er ólíklegt að menn geti unnið það verk á 18 dögum. Og það eru talsverð tíðindi fyrir þjóðina að heyra þessar trúlofunarfréttir flokkanna, sem eru áreiðanlega undanfari myndunar ríkisstjórnar sem mundi standa fyrir málum, kalla saman þing og halda nýjar kosningar þegar þeirri ríkisstjórn finnst það tímabært.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf ekki með mér mjög stóran bunka af blöðum hingað upp vegna þess að ég hef ekki lagt í vana minn að tefja svo mjög störf þings. Mér hefur nú skilist þessa allra síðustu daga að mönnum liggi ýmislegt á hjarta og hafi viljað svo mjög þoka ákveðnum málum áleiðis, en þeir sem hæst hafa talað í þeim efnum og gert mestar kröfurnar til þess eru sömu mennirnir og hafa hvað eftir annað og *æ ofan í æ tafið störf þingsins með málæði utan* dagskrár. Þar á ég fyrst og fremst við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson.

Sú till., sem hér liggur fyrir, er út af fyrir sig merkileg till. Þarf ekki mörgum orðum um hana að fara frekar því það hefur verið gert af þeim sem hafa talað á undan mér. En eitt vekur þó sérstaka athygli mína í þessari tillögu. Það er það, að af fimm flm. þessarar þáltill. sýnist mér að þrír og þó trúlega fjórir af þessum hv. þm. muni ekki koma til með að sitja á Alþingi eftir næstu kosningar. Það segir mér nokkra sögu hvers lags ofurkapp er lagt á að binda samkomudag Alþingis nógu rækilega. Ég sé ekki betur og eg heyri ekki betur en e. t. v. muni aðeins einn af flm. þessarar till. sitja á Alþingi eftir kosningarnar í apríl. Ég sé því glöggt og við sjálfsagt öll hvað vakir fyrst og fremst fyrir hv. flm. Það er að það verði gengið svo tryggilega frá að kosið skuli aftur og það sem allra fyrst í von um að þá verði eitthvað skárra fiskirí og kannske verði hægt að fleyta einhverjum af þessum fallkandidötum inn á þing að

nýju. En ég verð að segja að mér finnst það sjálfum, þennan stutta tíma sem ég er búinn að starfa í Alþingi, alveg skaðlaust fyrir Alþingi þó að eitthvað af þessum mönnum biði utan þings einhvern tíma. Ég held að menn verði bara að hafa biðlund og bíða. Það verður kannske kallað til þeirra seinna, en mér finnst að það eigi að hafa sinn eðlilega framgang. Ég tala nú ekki um hvað það er miklu skynsamlegra að láta þá bíða fyrir utan og vinna heldur að því að það verði mynduð sterk ríkisstjórn í þessu landi, sem vill og þorir að takast á við þau vandamál sem úrlausnar bíða.

Hins vegar er það ljóst orðið öllum í þessum þingsölum og náttúrlega þjóðinni allri, sem hefur fylgst með fréttum af Alþingi, hvað hér er að gerast. Hér er verið að mynda nýja ríkisstjórn og þátttakendur í henni eru Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl. Það er ekkert vafamál að þessir flokkar ætla sér að taka höndum saman að afloknum kosningum í apríl og mynda stjórn. Það fer kannske ekkert illa á því, það er stutt öfganna á milli, og það kemur manni svo sem ekkert á óvart. Svo langt er þetta komið að formaður þingflokks Alþb. gefur það út í Sþ. hvað standi til í herbúðum Sjálfstfl., þeir séu í óða önn að undirbúa kosningastefnuna, og hann segir okkur frá því í þinginu hverjir það eru úr liði Sjálfstfl. sem muni taka þátt í að undirbúa kosningabaráttu Sjálfstfl. Gríðarlega er formaður þingflokks Alþb. kominn langt til Sjálfstfl.

Aðalatriðið finnst mér í þessu máli vera að að afloknum kosningum verði mynduð ríkisstjórn sem styðst við meiri hl. á Alþingi — stjórn sem vill og þorir að takast á hendur þá ábyrgð sem þarf. Það eru þeir þm. sem kosnir verða í apríl sem eiga að taka ákvarðanir um framvindu mála þá, en ekki menn sem eru að láta af þingmennsku nú.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vildi óska eftir því að hæstv. viðskrh. yrði sóttur. Ég þyrfti að segja eina setningu við hann. En áður en ég geri það vil ég hugga hv. þm. Stefán Guðmundsson með því að það eru engar hugleiðingar tengdar framboðum þeirra sem að þessari till. standa sem liggja þar að baki. Hugleiðingar hans um að mönnum sé hugstætt það efni að þeir kunni ekki að verða á næsta þingi og það sé hvatinn að þessum till.-flutningi eru æðisérkennilegar. Hv. þm. Stefán Guðmundsson er sá eini þm. þessarar hv. deildar sem hefur hlotið þau örlög að samþingismaður hans, Ingólfur Guðnason, hefur ákveðið að bjóða fram sérstakan lista til að tryggja að hv. þm. Stefán Guðmundsson verði ekki á næsta þingi. Það er kannske skiljanlegt að hv. þm. Stefáni Guðmundssyni sé þetta efni sérstaklega hugleikið. Gamalt máltæki segir „Margur heldur mig sig". Ég held það verði eingöngu að líta á ummæli hans í þessu ljósi. Það hefur hvergi gerst nema hjá Framsfl. í Norðurlandi vestra að þingbræður úr sama flokki séu þannig á sig komnir að einn þeirra tekur sig sérstaklega út úr og býður fram lista til að reyna að tryggja að hv. þm. Stefán Guðmundsson verði ekki á næsta þingi. Það er hins vegar ekkert samhengi í þeim rökum að telja að till. um að þing komi saman sé háð vissu um það að þeir sem hana flytja verði ekki á næsta þingi. Hann hefði frekar mátt ályktа öfugt, ef menn væru að gefa sér þá forsendu að menn væru fyrst og fremst að hugsa um það.

Þessi till. er óskaplega einföld. Hún er eingöngu viljayfirlýsing um hvenær Alþingi eigi að koma saman. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að þessi till. sé markleysa, hún geri engum skaða, geri heldur ekkert gagn og fleiri orð féllu í þá veru, en hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði hins vegar að þetta væri merkileg tillaga. Ekki er nú alveg samræmi í þeim málflutningi. (**StG:** Hún er merkileg vegna flm.) En það er hins vegar mikill misskilningur, sem fram kemur hjá hæstv. ráðh. Tómasi Árnasyni og reyndar einnig hæstv. ráðh. Ólafi Jóhannessyni, að að baki þessari till. liggi einhver ákvörðun um ríkisstjórn. Það er mesti misskilningur. Hugleiðingar Tómasar Árnasonar um miklar viðræður á milli manna, sem í þessum flokkum eru, um myndun ríkisstjórnar eru líka mikill misskilningur. Hins vegar hefur oft frést af ferðum hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar, þegar dálítið hefur gefið á bátinn í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Þá hefur frést af því að hæstv. viðskrh. hefur um leið verið kominn í viðræður við sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu og Alþfl. og farið að gera sig líklegan til að biðja þá að koma með sér í nýja ríkisstjórn. (**Viðskrh.:** Hef ég fengið keppinaut?) Nei, hæstv. ráðh. hefur ekki fengið keppinaut.

Ástæðan fyrir því að ég bað um að hæstv. viðskrh. yrði hér viðstaddur var sú, að ræða hans leiddi til einnar augljósrar niðurstöðu. Það var tvennt sem hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu efnislega: Annað var að mynda verður nýja ríkisstjórn í landinu, það verður að hafa forgang. Seinna atriðið var að rökstyðja mjög rækilega hvílíkur ógerningur væri að hafa Alþb. með í ríkisstjórn, hve illa Alþb. reyndist í ríkisstjórn. Þegar þessir tveir efnisþættir eru lagðir saman kemur skýrt í ljós að ætlun hæstv. ráðh. er greinilega að reyna að mynda ríkisstjórn eftir kosningar án Alþb. Hann vill hafa frið til þess frá Alþingi. Hann vill ekki láta Alþingi tefja fyrir sér í þeirri ætlun sinni. Þessi tvö markmið, sem hann lýsti hér í sinni ræðu og var það eina sem hans ræða í raun og veru fjallaði um, það að mynda sterka ríkisstjórn og að mynda ríkisstjórn án Alþb. eru greinilega markmið Framsfl. Framsfl. óttast að verði Alþingi við störf um það leyti muni kannske ganga erfiðlega fyrir þá að ná þessari ætlun sinni fram. Ég fagna því vissulega að hæstv. ráðh. Tómas Árnason skuli hafa haft hreinskilni til þess að lýsa þessu svona skýrt yfir hér í umræðunum, að markmið Framsfl. sé að mynda sterka ríkisstjórn eftir kosningar án Alþb. Ég virði menn sem tala af slíkri hreinskilni. Það er ánægjulegt að fá það hér skýrt fram. Það skyldi þó ekki vera að forsrh.-efni í þessari nýju ríkisstjórn Framsfl. án Alþb. sé sessunautur hæstv. viðskrh., Ólafur Jóhannesson.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þegar ég flutti ræðu mína áðan heyrðist í salnum tuldrað: Þetta er einkennileg lögskýring. Ég átti von á að þeir sem töluðu slíkt í hljóði kæmu hér upp og skýrðu í hverju þessi einkennilega lögskýring væri fólgin. Ég sýndi fram á að niðurlag 22. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að forseti kveðji Alþingi saman til aukafundar ef nauðsyn ber til, stæði öldungis óbreytt þrátt fyrir að þessi viljayfirlýsing — skulum við segja — þessa Alþingis verði samþykkt. Þetta er einföld lögskýring, en jafnvel einfaldar lögskýringar þarf stundum að lemja inn í höfuðið á mönnum. En ég tek það svo, að þeim hafi gefist tími til að melta þetta og þeir hafi áttað sig og þögn sé sama og samþykki. Það hafa engin andmæli

komið fram gegn þessari lögskýringu.

Ég gerði ennfremur að umtalsefni þann einkennilega hátt sem er á flutningi þessa máls í báðum deildum. Till. eru fluttar samhljóða í hvorri deild fyrir sig, sem ætlað er að ganga á milli deilda. Kannske er þá meiningin að Alþingi sendi frá sér þær ályktanir eða felli. Það hefur ekki verið gerð nein tilraun til þess hér að gefa skýringar á því, af hverju þessi einkennilegi máti er á hafður. Hins vegar gerði hv. 11. þm. Reykv. tilraun til þess í Sþ. í gær að gera grein fyrir því, en þær skýringar, verð ég nú að segja, voru ekki haldbetri en nýju fötin keisarans, og allir vita hvert skjól var í þeim.

Ég bar upp tvær spurningar til hv. 1. flm. Ég bar ekki upp spurningu um það, hvort það ætti að fara að mynda nýja ríkisstjórn. Ég bar í fyrsta lagi upp spurningu um hvort þessi samþykkt á þessari viljayfirlýsingu táknaði að þeir sem að henni stæðu, væru með því að boða og vildu hafa tvennar alþingiskosningar í sumar. Ekkert svar. (**ÓRG:** Það er rangt hjá ráðh. Hann fékk svarið strax.) Það tekur enginn mark á svari þar sem gjammað er fram í fyrir ræðumönnum, enda er það ekki fært þannig til bókar að það sjáist í þingskjölum hver hefur talað þau orð. (**ÓRG:** Það er sjálfsagt að endurtaka það í ræðustólnum fyrir ráðh.) Já, ég spurði ennfremur og í öðru lagi að því, hvort það væri skoðun og viðhorf hv. þm., 11. þm. Reykv. persónulega að hann vildi hafa tvennar alþingiskosningar í sumar, og gerði það raunar að gefnu tilefni eftir að hann hafði skotið þessu eina litla orði, sem er svo ólíkt honum, inn í mína ræðu.

Ég verð að segja að það er nú sjaldan að þessum hv. ræðumanni verði orðs vant, þ. e. 11. þm. Reykv., en það var hógvær maður sem stóð hér í ræðustól áðan. Ég var eiginlega farinn að örvænta um að hann ætlaði nokkuð að láta til sín heyra. Það er bara eins og allur vindur hafi farið úr honum í ofstopanum í Sþ. áðan. Það er jafnvel svo, að stærstu vindbelgir geta sprungið ef of mikið er á þá reynt og gat kemur á þá.

Ég hef lýst því áður, að með tilliti til þess að þetta breytir í engu þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem um kvaðningu aukaþings gilda, og með tilliti til þess að það verður algerlega á valdi forseta, í reyndinni á valdi þess forsrh. sem þá situr við völd, hvenær aukaþing verður kallað saman, þá er þetta markleysa. Þess vegna er það síður en svo að þessi þáltill. sé nokkurt hitamál fyrir okkur framsóknarmenn. Við göngum út frá því sem gefnu að þessi till. nái fram að ganga og hún verði samþykkt af þeim þremur flokkum sem að henni standa. Það er sjálfsagt mál og ekkert við því að segja. En hún er hitamál fyrir þá. Það er bersýnilegt af því sem hér hefur gerst í þingi og þeim óróa sem vakinn var upp í Sþ. fyrir skömmu þar sem allt, ekki framtíðarheill þjóðarinnar en allur gangur mála á Alþingi, var undir því komið að þessi till. næði fram að ganga, það væri bara ekkert hægt að gera fyrr en búið væri að afgreiða hana.

Þessi till. er vissulega kappsmál þeirra sem að henni standa, en hún er síður en svo kappsmál og hitamál frá hendi okkar framsóknarmanna. Við látum samþykkt hennar okkur í léttu rúmi liggja. En við teljum óeðlilegt að vera á þessu stigi að ákveða samkomudag þings fyrir fram þegar menn vita svo lítið um framtíðina, jafnvel þó með þessari viljayfirlýsingu sé aðeins verið að gera ráð fyrir ákveðnum samkomudegi aukaþings. Þess vegna munum við greiða atkv. gegn till., en það er ekki annað en það sem oft kemur fyrir að menn greiða atkv. gegn því sem þeir eru ekki samþykkir þó að ekki sé um nein stórmál að ræða.

En þó að litlar skýringar hafi komið fram á málsmeðferðinni á þessari till. hefur komið fram sú skýring að hún sé fylgifiskur við stjórnarskrárbreytingu. Stjórnarskrárbreyting sú, sem hér er langleiðina komin, hefur verið gerð með samkomulagi allra flokka. Það hefur að ég hygg ekki gerst fyrr á Alþingi að hafi verið staðið þannig að stjórnarskrárbreytingu í því samstarfi og því samkomulagi og þeirri málamiðlun sem menn hafa staðið að, og er óskemmtilegur endir að egna þannig til ósamkomulags um algert aukaatriði og óþarft í því sambandi.

En hvað sem því líður verð ég að segja það, og ég held að allir hv. deildarmenn hljóti að fallast á það, að úr því að þetta er túlkað sem fylgifiskur við stjórnarskrármálið hefði verið rökréttara að afgreiða það að fullu áður en farið er að afgreiða þennan fylgifisk. Látum það vera að hann hefði fram komið, en að fara að leggja þessa ógnaráherslu á það að hann sé afgreiddur áður en sjálft stjórnarskrármálið er afgreitt, það vekur furðu. Á dagskrá hv. Ed. er 3. umr. um stjórnarskrárbreytinguna, 1. málið. Eins og ég sagði rétt áðan hefði það verið það eina rökrétta að afgreiða það mál áður en farið er að afgreiða þetta, sem sagt er að sé fylgifiskur við stjórnarskrármálið. Hvað sem því líður vænti ég þess að jafnskjótt sem þessi ályktun hefur verið afgreidd verði 1. dagskrármál, stjórnarskrármálið, afgreitt á þessum fundi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. og síst af öllu að draga hana, en þar sem hæstv. utanrrh. hefur á mig skorað að skýra hvað ég átti við þegar ég greip fram í fyrir honum og sagði að mér fyndist lögskýring hans einkennileg verð ég sjálfsagt að greina frá því í hverju það var fólgið.

Hæstv. ráðh. sagði í þessum stól að báðar till. yrðu að ganga á milli beggja deilda og verða samþykktar í þeim báðum, en bætti að vísu inn í í síðari ræðu sinni: það verður kannske að gera það. Það er auðvitað alveg ljóst að ef þessi till. verður samþykkt hér gengur hún til Nd. og þar verður hún væntanlega samþykkt, en ekki hin. Þetta veit hæstv. ráðh. Þessi lögskýring hans er fáránleg, algerlega út í bláinn.

Það vakti dálitla athygli áðan að hæstv. ráðh. rann í skap og það allillilega. Hann leyfði sér að kalla einn ákveðinn hv. þm. vindbelg. Ég held að það orð sé ekki þinglegt. Það hefði átt að víta ráðh. fyrir það orðbragð, svo mikið er honum sýnilega niðri fyrir. Og það kom í enda ræðunnar það sem undir bjó. Ég veit ekki hvers vegna hæstv. ráðh., sem er búinn með sínum flokki að hindra í allan dag að hér fengist málið sem nú er til umræðu tekið á dagskrá, vill fara að taka til við 3. umr. um stjórnarskrárbreytinguna. Kynni að vera að sú skuld sem hann á að gjalda hæstv. forsrh. væri enn í einhverju ógoldin, en hann skýrði frá í viðtali nýlega að hann hefði átt skuld að gjalda hæstv. forsrh.? Er kannske hugmyndin að nota það sem átyllu, ef stjórnarskrárfrv. verður afgreitt og samþykkt núna á þessum fundi, til að rjúfa þing hér í kvöld? Kynni það að vera skýringin? Spyr sá sem ekki veit. En allavega er

einkennilegt hvað ráðh. er mikið niðri fyrir og minnir óneitanlega á árið 1974.

En að því er varðar málflutning framsóknarmanna í þessu máli, sem hér er til umr., hef ég verið að velta því fyrir mér hver ósköpin hafi yfir þennan flokk komið og hans leiðtoga. Ég hélt að það væri kannske helst það að formaður flokksins hefði rétt einu sinni talað af sér í þessu máli. Það hefur ekkert komið fram sem réttlætir einhverjar ágiskanir um að það sé búið að ákveða að mynda stjórn þeirra þriggja flokka sem að þessu standa o. s. frv. Þvert á móti hefur því verið neitað af öllum aðilum. Það trúir ekki einn einasti maður því á landinu að það sé búið að mynda einhverja slíka stjórn, enda var hæstv. viðskrh. að segja áðan að það tæki a. m. k. tvo til þrjá mánuði o. s. frv. Hver getur skýringin á þessum ósköpum verið? Varla það að Framsóknarflokkurinn sé alveg ákveðinn í því að verða utan stjórnar hvað sem tautar og raular. Ég held ekki. Ég held að Framsóknarflokkurinn vilji vera í stjórn. En skyldi það nú vera að skýringin væri ofureinföld? Það eru kosningar fram undan og Framsfl. vill auðvitað fá eins mikið fylgi og unnt er. Er skýringin sú, að frambjóðendur flokksins hafi gert sér grein fyrir að helsta vonin til að framsóknarhjörðinni verði haldið saman sé sú, að menn þurfi ekki að óttast að framsókn verði áfram í stjórn, kannske svipaðri stjórn og nú hefur verið? Ég finn enga aðra skýringu á þessu. Þeir eru að reyna að lemja það inn í fólk að þeir verði ekkert í stjórn, þess vegna sé óhætt að kjósa þá, að flokksmenn Framsfl. geti kosið sinn gamla flokk að því að þeir séu öruggir um að hann verði ekki í stjórn og hann verði áhrifalaus. Ég finn enga aðra skýringu. Hún hlýtur að vera þessi. Og þetta hlýtur fólk að sjá alveg á næstu dögum.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala hér aftur, en það er greinilegt að hæstv. utanrrh. er mikið kappsmál að fá að hlýða á ræðu mína um þetta mál. Færi nú betur að það hefði löngum verið svo. Það hefur ekki alltaf verið svo að hæstv. utanrrh. hafi verið kappsmál að hlýða á mínar ræður. Man ég þá tíð, að vísu fyrir mörgum árum, að honum var kappsmál að ég segði sem minnst. **(Utanrrh.:** Föðurleg umhyggja.) Það er greinilegt að sú föðurlega umhyggja bar ekki mikinn árangur. Enda er hæstv. utanrrh. eini formaður stjórnmálaflokks á Íslandi sem hefur afrekað að láta fylgi flokksins minnka um þriðjung frá því að hann tók við og þar til að hann skilaði formennskunni af sér. Betur hefði því verið að föðurhlutverkið gagnvart flokknum hefði verið rækt sem skyldi.

Það fór ekki fram hjá neinum að hæstv. ráðh. var reiður mjög. Ekki gekk það upp í hans ræðu að telja þetta annars vegar ómerkilegt mál og merkingarlaust og hins vegar lýsa því yfir að þetta mál jafngilti því að egna til ósamkomulags hér í þinginu. Hins vegar var greinilegt að hæstv. ráðh. lýsti öðru yfir en formaður Framsfl. og aðrir talsmenn Framsfl. hafa gert undanfarna daga, m. a. hæstv. viðskrh. Það hefur vakið undrun okkar margra að því hefur verið lýst yfir af hálfu Framsfl. að þessi till., sem hæstv. utanrrh. kallar merkingarlausa og léttvæga, hefur engu að síður af ýmsum talsmönnum Framsfl. verið talin tilefni til þess að þeir gengju út úr ríkisstj., ef hún yrði samþykkt. Formaður flokksins hefur meira að segja lýst því yfir af þessu tilefni að hann hafi lengi langað út úr þessari ríkisstj. og fagni því jafnvel að fá nú á grundvelli þessarar till. tækifæri til að fara út úr ríkisstj. Nú kemur það fram hjá hæstv. utanrrh. að Framsfl. hefur ekkert slíkt í hyggju. Það kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan að auðvitað mundi Framsfl. taka því ef þessi till. yrði samþykkt. Enn einu sinni hefur það gerst, sem sumir hafa kallað, að blaðrið í formanni Framsóknarflokksins hefur reynst markleysa. Enda hafa fáir lagt trúnað á þessar stóru yfirlýsingar um brottgöngu úr ríkisstj. vegna þessarar till. Að því leyti var ræða hæstv. utanrrh. merkileg að hann var fyrst og fremst að tala til formanns Framsfl. Hann var enn einu sinni að gera tilraunir til þess hér á Alþingi að ala upp núverandi formann Framsfl. Kannske er það sams konar föðurleg umhyggja eins og hann taldi sig á sínum tíma sýna mér.

Það er alveg sjálfsagt að endurtaka það fyrir hæstv. ráðh. hér úr ræðustól að það ber alls ekki að túlka þessa till. sem viljayfirlýsingu um tvennar kosningar. Það er alveg skýrt. Hins vegar spurði hæstv. ráðh. að því, hvort ég teldi persónulega að aðrar kosningar væru heppilegar í sumar. Ég hef ekki tekið afstöðu til þess á hvaða dagsetningu slíkar kosningar eiga að fara fram. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar, að það væri óeðlilegt að er þjóðþingið hefur samþykkt nýja skipun á kosningum í landinu færi þingmeirihluti að byggja ríkisstjórn á skipulagi sem þegar er búið að ákveða að eigi að heyra sögunni til. Það hefur reyndar verið venjan á undanförnum áratugum þegar slíkar breytingar hafa verið gerðar, 1942 og 1959. Mér heyrðist hæstv. ráðh. reyndar fyrr í dag, þegar þessi till. kom til umr., ekki vera fjarri þeirri skoðun að óeðlilegt væri að það liði langur tími þar til hið nýja skipulag væri framkvæmt. Það verður hins vegar matsatriði hvenær þær kosningar eiga að fara fram.

Eins og ég gerði skýra grein fyrir í minni framsöguræðu eru það fyrst og fremst þrenns konar málefni sem verður að vinna að að loknum þessum kosningum. Það er myndun nýrrar ríkisstjórnar. Það eru aðgerðir í efnahagsmálum. Það er umfjöllun um það kosningalagafrv. sem tilheyrir þessari stjórnarskrá. Ég er ekki, né neinn annar, í stöðu til þess að meta hér og nú hvað þetta tekur langan tíma. Það er hins vegar ljóst að hæstv. viðskrh. hefur endurtekið það oft hér í kvöld að það er Framsfl. mikið kappsmál að mynda sem fyrst ríkisstjórn án Alþb. Það er auðvitað merkilegasti atburðurinn við þessa yfirlýsingu, að hæstv. viðskrh. skuli hafa tekið svona af skarið.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því í tilefni af öllum þessum umr. um ríkisstj., og menn geta velt því fyrir sér til skemmtunar, að ráðh. Framsóknarflokksins hafa lýst því yfir að þessi ríkisstj. ætti að segja af sér. Þeir hafa hins vegar talið að þeir ættu ekki að gera það fyrr en eftir einn og hálfan til tvo mánuði. Hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson hefur líka lýst því yfir að þessi ríkisstj. ætti að segja af sér strax eftir 23. apríl. Það liggja alveg skýrt fyrir yfirlýsingar frá tveimur aðilum þessarar ríkisstj. um að þessi ríkisstj. eigi að segja af sér. Ég veit ekki til þess að nokkur talsmaður Alþb. hafi lýst því yfir að þessi ríkisstj. ætti að segja af sér. Ég skil því ekki hvaðan allar þessar hugleiðingar hjá hæstv. ráðh. um viðræður okkar við stjórnarandstöðuna ættu að vera spunnar. Það eru þeir en ekki við sem hafa lýst því yfir

að það væri bráðnauðsynlegt að fara að mynda aðra ríkisstj. en þessa. Ef einhverjir eru búnir að gera það upp við sig skýrt og klárt opinberlega að þeir vilji vista sig annars staðar eru það ráðh. Framsfl. og hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson.

Hæstv. utanrrh. vék að því áðan að honum fyndist sérkennilegt að 3. umr. um stjórnarskrárfrv., sem fjallar um breytingu á kjördæmaskipuninni, færi ekki hér fram. Ég get tjáð hæstv. ráðh. það hvað mig snertir og fleiri, að við höfum áskilið okkur rétt til að taka til máls í þeirri 3. umr., þegar að henni kemur, m. a. í tilefni af þeirri ræðu sem hæstv. ráðh. Tómas Árnason flutti hér á sínum tíma. Ennfremur höfum við talið það sjálfsagða kurteisi við hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen að það stjórnarskrárfrv., sem hann hefur hér flutt, verði tekið til umr. í þessari hv. deild áður en 3. og lokaumr. um hitt stjórnarskrármálið fer fram. Ég heyri greinilega á hæstv. utanrrh. að hann er ekki þeirrar skoðunar að sýna eigi hæstv. forsrh. þessa kurteisi. Hæstv. forsrh. hefur lagt fram frv. um stjórnarskrána — viðamikið frv., byggt á vinnu margra manna. Hann hefur óskað eftir því að mæla fyrir því frv. Hæstv. forseti þessarar deildar hefur tilkynnt okkur að hann muni verða við þeirri ósk innan tíðar. Við töldum sjálfsagt og eðlilegt, þegar við fjölluðum um þessi mál á samvinnufundum forseta og formanna þingflokkanna, að 1. umr. um stjórnarskrárfrv. hæstv. forsrh. færi fram áður en endanlegri afgreiðslu þingsins á stjórnarskrármálum lýkur. Það er af minni hálfu ásamt hinni ástæðunni, um rétt til þess að fjalla um kjördæmamálið við 3. umr., meginástæða þess að það sé rétt hjá hv. Ed. að bíða með afgreiðslu 3. og lokaumr. frv. sem snertir kjördæmaskipunina þar til 1. umr. um stjórnarskrárfrv. hæstv. forsrh. hefur farið fram.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það hefur vakið athygli mína í þessum umr. að málflutningur okkar framsóknarmanna hefur beinst að því að sýna fram á að samkv. stjórnarskránni stefnir forseti saman Alþingi að sjálfsögðu með atbeina forsrh. Ég hef ekki orðið var við að tillögumenn þessarar till. hafi tjáð sig um þetta efni þegar við höfum gagnrýnt að það væri allt að því verið að grípa fram í fyrir hæstv. forseta lýðveldisins með þessum hætti. Ég lít svo á, að þessi gagnrýni af okkar hálfu, þegar höfð er í huga þögn hv. flm., eigi við fyllstu rök að styðjast og þeir geri sér nú ljóst, þegar þeir fara að hugsa og athuga málið, að það er á verksviði forseta lýðveldisins að stefna Alþingi saman, en ekki Alþingis. Alþingi getur gert þetta óbeint með því, eins og ég orðaði það áður, að búa til nýjan forsrh. Þó það standi ekki berum orðum í stjórnarskránni að forsrh. leggi til við forseta hvenær Alþingi komi saman er það samt viðtekin stjórnskipuleg venja og ég tek eftir því að í frv. hæstv. forsrh. að nýrri stjórnarskrá er þetta skýrum orðum tekið fram. Þess vegna er það að menn hafa talið að það búi eitthvað annað og meira undir þessari till.-gerð, það sé annað og meira á bak við þessa till.-gerð, sem sé fólgið í því, að meiningin sé að mynda stjórn og auðvitað verður þá nýr forsrh., hvort sem það verður hæstv. núv. forsrh. eða einhver annar, til þess að leggja til við forseta hvenær Alþingi verður kallað saman.

Ég tók eftir því að hv. 5. landsk. þm. gerði að umræðuefni till.-flutninginn að formi til og sagði að það væri meiningin, eins og hann orðaði það, að eftir að till. yrði samþykkt hér í hv. Ed. yrði henni vísað til Nd. En hann sagði hins vegar að það hefði engum lifandi manni dottið í hug að till. sem er nákvæmlega eins og flutt er í Nd. yrði vísað til Ed. Þá er mér spurn: Til hvers voru till. fluttar í báðum deildum? Hver var ástæðan fyrir því? (**EKJ:** Að þær væru í báðum deildum og spara tíma.) Hver er ástæðan fyrir því? Það hefði mátt spara tíma með því að flytja þær í einu lagi og í einni till. í Sþ., en þar á auðvitað till. af þessu tagi heima, ef hún á yfir höfuð nokkurs staðar heima hér á Alþingi.

Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hv. 5. landsk., og óska eftir því að hann svari henni úr ræðustól, en ekki innan úr hliðarherbergjum, hvort það sé vilji Sjálfstfl. að standa fyrir tvennum kosningum í sumar. Hann svari henni hreinskilnislega, hvort Sjálfstfl. ætli sér að standa fyrir tvennum alþingiskosningum í sumar, öðrum væntanlega seinni partinn í apríl og hinum sjálfsagt í júlímánuði eða hvenær sem það nú verður. (Gripið fram í.) Ég vil beina þessari spurningu til hv. þm. og óska eftir að hann svari henni héðan úr ræðustól. Ef hann svarar henni ekki — (**EgJ:** Vekur það grunsemdir?) Já. Ef hann snýr út úr spurningunni vekur það grunsemdir. Jafnvel hv. þm. kemur auga á þetta. (**EgJ:** Ég var bara að aðstoða ráðh. við að orða hugsanir sínar.) Þá vekur það grunsemdir um að þarna sé hundurinn grafinn. Ég beini þessari spurningu formlega til hv. þm. og til þess að þurfa nú ekki að taka aftur til máls mun ég túlka svar hans, ef það verður ekki afdráttarlaust og ég tala nú ekki um ef hann svarar spurningunni alls ekki, á þá leið að það sem vakir fyrir Sjálfstfl. sé að halda tvennar kosningar, aðrar í vor og hinar í sumar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Í annars heldur lélegri ræðu hæstv. utanrrh. var einn kafli ágætur, þar sem hann fjallaði um hver ástæða væri til að hafa aðrar kosningar á árinu og þá hvenær, það sæju menn betur þegar úrslit lægju fyrir. Ég vitna til þess kafla í ræðu hans, sem var prýðilegur, og tel að sjálfstæðismenn séu honum sammála í því efni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EG, EKJ, GeirG, GK, KSG, KJ, LJ, ÓRG, SalÞ, ÞK, HS.

nei: DA, GB, JH, ÓlJ, StefG, TÁ.

GTh greiddi ekki atkv.

Einn þm. (StJ) fjarstaddur.

Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Samkvæmt skýlausu ákvæði í 22. gr. stjórnarskrár Íslands er sú verkaskipting ákveðin að forseti Íslands ákveður hvort nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til aukafundar. Eftir okkar stjórnskipun þýðir þetta auðvitað að slík ákvörðun er tekin að fenginni till. forsrh. og á hans ábyrgð. Þegar kosningar hafa farið fram hér á landi hefur það alloft gerst að Alþingi hefur ekki verið kallað saman strax eða skjótlega að loknum

kosningum, heldur hafa viðræður verið teknar upp á milli flokka og stjórnmálamanna um stjórnarmyndun, og ef skjótlega hefur skapast nokkuð skýr meiri hluti, sem vill mynda stjórn, hefur hann alloft óskað eftir að hafa þann hátt á að Alþingi verði ekki kallað saman alveg á næstunni til þess að ný ríkisstjórn fengi betri tíma til að undirbúa mál undir Alþingi. Ég tel ástæðu til í sambandi við þessa till. að rekja nokkuð, ekki aðeins hvernig stjórnarskrárákvæðið er heldur hver háttur hefur verið hafður hér á. Þegar þessum kosningum, sem fara fram 23. apríl, er lokið kemur það vafalaust til athugunar hjá forseta Íslands og forsrh. hvern hátt skuli hafa á í þessu efni og veltur þá náttúrlega mjög á því hvort meiri hl. kann að skapast þá skjótlega eftir kosningar og vitanlega mundi sá meiri hl. gera sína till. í því efni. Að þessu athuguðu, sem ég hef sett hér fram, og með hliðsjón af því eins og nú horfir, þá geri ég ráð fyrir að það falli í minn hlut að kosningum loknum að gera till. til hæstv. forseta í þessu efni. Miðað við allar aðstæður tel ég ekki rétt að greiða atkv. um þessa till.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þingræðið er grundvallarregla í stjórnskipun Íslendinga. Í till. um nýja stjórnarskrá er þessi skilningur áréttaður eins og hann birtist í tveimur þskj. hér á Alþingi nú. Samkv. þessari grundvallarreglu ber framkvæmdavaldinu að fara eftir og hafa hliðsjón af vilja Alþingis á hverjum tíma, þótt hitt sé rétt, að að formi til taka framkvæmdavaldshafar ákveðnar ákvarðanir. Grundvallarreglur stjórnarskrárinnar eru hins vegar þær, að hafi vilji þingsins komið fram er hann meginforsenda þeirra ákvarðana sem taka ber. Þess vegna teljum við, sem að þessari till. stöndum, eðlilegt og rétt í samræmi við þingræðislega grundvallarreglu okkar stjórnskipunar að Alþingi lýsi vilja sínum, og ég segi því já.

Viðskrh. (Tómas Árnason:) Herra forseti. Eins og komið hefur fram í umr. um þetta mál er ótvírætt að íslenska stjórnarskráin, stjórnarskrá lýðveldisins, mælir svo fyrir að forseti lýðveldisins skuli stefna saman þingi. Ég álít því með tilliti til þessa ákvæðis að þessi till., sem hér verða greidd atkv. um, sé í raun og veru óþingleg, vegna þess að hún brýtur í bága við anda stjórnarskrárinnar og raunar skýlaus fyrirmæli hennar. Eins og hefur verið tekið fram er auðvitað aðferðin sú fyrir meiri hluta þings að fá vilja sinn fram í þessu efni með því að mynda ríkisstjórn og að forsrh. þeirrar ríkisstjórnar gerir till. til forseta lýðveldisins um að kalla saman þing. Ég skírskota að öðru leyti til málflutnings hæstv. forsrh. um þessa till. og segi nei.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er grundvallarregla samkv. stjórnarskránni að það er Alþingi sem ræður hvenær það kemur saman, og vitna ég til 35. gr. stjórnarskrárinnar í því efni. Þar er að vísu talað um reglulegt þing, en það leiðir af þessu að það er eðlilegt að Alþingi geti einnig tekið afstöðu til þess, hvenær aukaþing á að koma saman. Með samykkt þessarar till. lýsir Alþingi því yfir að aukaþing skuli koma saman, svo sem þar er ákveðið, og í trausti þess að það verði farið að vilja Alþingis í þessu efni segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 62. fundur.

Föstudaginn 11. mars, kl. 1 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 575). — Frh. 3. umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í umr. í gær ítrekaði heilbrmrh. þá afstöðu sína að hann teldi sig hafa heimild til þess að fella tannlækningar fyrir alla landsmenn undir almannatryggingakerfið án afskipta löggjafans. Að sjálfsögðu fagna ég þeirri ákvörðun ríkisstj. að fella tannlækningar fyrir landsmenn undir almannatryggingar, enda sömu hugmyndir og ég hafði á síðasta Alþingi, sem þá var ekki vilji fyrir að afgreiða. Engu að síður hef ég í umr. um þetta mál dregið í efa þá ákvörðun ríkisstj. að ráðh. geti með einfaldri reglugerðarbreytingu ákveðið að fella tannlækningar undir almannatryggingakerfið fyrir alla landsmenn án þess að lögunum sé breytt og þessi ákvörðun hljóti staðfestingu löggjafans.

Undir þessar efasemdir mínar hefur tekið Gunnar Möller hrl., sem átt hefur sæti í tryggingaráði um langan tíma og manna best þekkir tryggingalöggjöfina. Auk þess átti Gunnar þátt í undirbúningi þeirra breytinga sem gerðar voru á almannatryggingalögunum 1977, þegar þetta ákvæði kom inn í almannatryggingalögin, sem ráðh. byggir heimild sína á. Hann þekkir því vel forsögu þessa máls. Þegar ég leitaði eftir áliti Gunnars Möllers á þessu máli tjáði hann mér að hann teldi þetta mjög hæpna lagatúlkun og frjálslega með þessa reglugerðarheimild farið.

Ráðh. upplýsir að hans ráðgjafar í heilbrmrn. telji reglugerðarákvæði gefa honum svigrúm, þannig að þarna stangast á lögfræðilegt mat á túlkun reglugerðarákvæða. Hvað sem því líður, hvor hafi rétt fyrir sér í því máli, þá stendur þó alla vega eftir að eðlilegt hefði verið að ríkisstj. hefði leitað eftir staðfestingu Alþingis, sem fer með fjárveitingavaldið, á svo veigamikilli breytingu almannatryggingalaganna sem hefði verulegan kostnað í för með sér. Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé að líta á þann bakgrunn, sem þetta reglugerðarákvæði byggir á, þegar það er metið hvort ríkisstj. hafi þessa heimild eða ekki, og skoða hvernig þetta reglugerðarákvæði er tilkomið. Er þá fyrst til þess að líta, að þegar 1974—75 er sett inn í almannatryggingalögin ákvæði um greiðslu kostnaðar fyrir ákveðna hópa í þjóðfélaginu. En í þeim lögum segir með leyfi forseta:

„Sjúkrasamlög greiða að hálfu þá tannlæknaþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, hjá skólatannlæknum eða stofnunum tannlækna sem Tryggingastofnun ríkisins semur við um þjónustu í þágu sjúkratrygginga. Meðan uppbygging tannlæknaþjónustu á heilsugæslustöðvum samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu stendur yfir skulu ákvæði 1. mgr. aðeins gilda fyrir tiltekna þjónustu og tiltekna hópa fólks," segir í þeim lögum.

Hér er greinilega talað um tiltekna hópa, en í þeim lögum segir að frá 1. sept. 1974 átti ákvæðið að ná til barna og unglinga 6—15 ára, og frá 1. jan. 1975 átti ákvæðið að taka til barna 3—5 ára og 16 ára unglinga, ellilífeyrisþega, öryrkja og vanfærra kvenna. Síðan segir að ráðh. sé heimilt að auka með reglugerð þá þjónustu, sem greiðslur samkv. 1. mgr. taki til, eftir því sem uppbyggingu heilsugæslustöðva miðar og fé er veitt til á

fjárlögum. Síðan er gerð breyting á þessum lögum 1977 í þá veru, að bætt er inn í þjónustu fyrir þessa hópa og dregið úr henni fyrir aðra hópa. T. d. er þá hætt að greiða fyrir hópa eins og vanfærar konur. Í stað þess ákvæðis sem fyrir var, um að ráðh. væri heimilt að auka við og bæta þjónustu fyrir ákveðna hópa, sem lögin frá 1975 tóku til, kemur ákvæði sem ráðh. byggir nú heimild sína á. En þar segir með leyfi forseta:

„Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin er í þessari grein, þ. á m. að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr., svo og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlæknakostnaði viðbótarhópa."

Hér er áfram talað um hópa eins og í fyrri lögunum, og í stað þess að talað er um tiltekna hópa, eins og var í fyrri lögunum, er í núgildandi lögum notað orðið viðbótarhópar, sem ég fæ ekki séð annað en kveði á um það sama og í fyrri lögunum, þ. e. að ráðh. geti bætt inn viðbótarhópum við þá sem fyrir eru, t. d. að hækka aldurinn sem greiðslan nær til í 20 ár, svo að dæmi sé tekið, en ekki að hægt sé að túlka ákvæðið svo rúmt og svo frjálslega, að framkvæmdavaldið geti með stoð í þessu ákvæði án afskipta löggjafans ákveðið að fella greiðslu fyrir tannlækningar fyrir alla landsmenn undir almannatryggingar, jafnvel þó greiðslan nái aðeins til hluta kostnaðarins. Sú túlkun á ákvæðinu í fyrri lögunum um tiltekna hópa og í núgildandi lögum um viðbótarhópa tel ég að ekki fái staðist og hugsunin á bak við *þetta sé að ráðh. hafi svigrúm til að bæta við ákveðnum* hópum, eins og gert var með lagabreytingu 1977, en ekki sé heimilt að greiða fyrir alla landsmenn tannlækningar án afskipta löggjafans.

Herra forseti. Þar sem það frv. sem nú er til umfjöllunar hafði engan hljómgrunn á síðasta þingi kaus ég á þessu þingi að fara aðra leið til að létta af byrðum vegna útgjalda við tannviðgerðir, ef um verulegan kostnað væri að ræða, þ. e. að veittur væri skattafsláttur vegna verulegra útgjalda, enda taldi heilbrmrh. á síðasta þingi að skoða bæri þá leið sérstaklega. Auk þess er um verulega minni útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð vegna þessa frv., sem fellt hefur verið, þar sem hvert einstakt tilvik er metið. Taldi ég því rétt að fara þá leið, ekki síst þar sem svigrúm er lítið nú til útgjaldaaukningar og nýrrar kostnaðarþátttöku fyrir þjóðfélagið. Alþingi felldi þá tillögu og upplýst var að ríkisstj. hefði ákveðið, með stoð í þessari umdeildu reglugerðarheimild, að greiða 20% af tannlækningum fyrir alla landsmenn. Ég taldi því rétt að fara þá leið sem ég lagði til á síðasta þingi, þar sem bæði var vilji fyrir því í ríkisstj. og fjmrh. taldi auk þess að til væri fjármagn til þess að Alþingi staðfesti þessa ákvörðun, ekki síst með tilliti til verulegra fjárútláta svo og hæpinna lagaheimilda framkvæmdavaldsins í þessu efni.

Atkvgr. í fyrradag við 2. umr. um þessa tillögu, sem reyndar var staðfesting á tillögu sem samþykkt var í ríkisstj., var nokkuð einkennileg. Þeir ráðherrar sem að henni stóðu — sumir hverjir a. m. k. — í ríkisstj. greiddu atkv. gegn henni eða vildu ekki taka afstöðu til sömu tillögu og þeir höfðu fyrir nokkrum dögum fallist á og samþykkt í ríkisstj. Afstaða sumra ráðh. er því öll hin einkennilegasta, í ljósi þess að þeir leggja hana til í ríkisstj. og greiða atkv. með henni þar, en á Alþingi, þar sem rétti vettvangurinn er til að fjalla um málið og taka afstöðu til þess, segja þeir nei eða treysta sér ekki til að styðja eigin ákvörðun og staðfesta þá tillögu sem þeir sjálfir hafa átt frumkvæði að í ríkisstj.

Eðlilegt er, eins og ég hef áður sagt, að vilji löggjafans komi hér fram í atkvgr. á Alþingi, svo að enginn sé að velkjast í vafa um það hvað við er átt og fyrir því sé örugg stoð í lögum að framkvæmdavaldið hafi þessa heimild. Í því sambandi vil ég í lokin benda á að hæstv. heilbrmrh. upplýsir í Dagblaðinu í fyrradag að ekki sé fullfrágengið hvort greiða eigi fyrir allar tannviðgerðir, þar með taldar gullfyllingar, krónur og brýr. Rétt er að fá það upplýst hvort einnig eigi að greiða fyrir þá þjónustu, þannig að löggjafinn viti um það og taki þá afstöðu til þess hluta einnig. Ráð hafði verið fyrir því gert í því frv. sem flutt var í fyrra og því sem ég endurflyt nú og er hér til umfjöllunar, en heilbr.- og trn. felldi það út við meðferð málsins í nefnd.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég bar fram þá spurningu í samræmi við ákvæði laga um stjórn efnahagsmála hver kostnaður yrði við framkvæmd þessa frv. Það hafa engar fullnægjandi upplýsingar komið um það, enda er málið allt illa undirbúið og ekki hæft til afgreiðslu hér í þinginu að mínu mati. Það hefur heldur ekki komið fram með hvaða hætti slík niðurgreiðsla á tannlækningakostnaði mundi virka. Ég hef fengið upplýst að þegar slík ákvörðun var tekin í Svíþjóð á sínum tíma hafi það orðið til þess að kostnaður við tannlækningar hækkaði um 15%. Það má því vel vera að þetta verði fyrst og fremst til þess að hækka laun tannlækna og auka þannig kostnað hjá þeim að það muni lítt gagna almenningi í landinu. Þetta tel ég að hafi ekki verið upplýst með fullnægjandi hætti. Mér er nær að halda að kostnaður samkv. þessu sé ekki á bilinu 30—60 millj. Hann gæti vel verið vel yfir 100 millj. kr. Ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með máli sem þessu þegar undirbúningur er með þeim hætti sem ég hef greint. Ég mun því greiða atkv. á móti þessu, enda tel ég að ekki séu aðstæður til þess nú í þjóðfélaginu að taka inn á fjárlög svo stóran málaflokk sem þennan án þess að líta á tekjuhlið fjárlaganna.

Afkoma ríkissjóðs fer versnandi. Það er minnkandi kaupmáttur í landinu, sem þýðir það að tollar og gjöld til ríkisins fara lækkandi án þess að lækkun útgjalda fylgist að. Ég er algerlega mótfallinn því að á slíkum tímum sé farið að taka inn útgjaldapósta, sem gætu numið 100—200 millj. kr., sem ég sé alveg fulla ástæðu til að telja meðan annað er ekki upplýst hér í deild.

Herra forseti. Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir gagnrýni hv. 3. þm. Austurl. að því er varðar meðferð á þessu máli og hvernig það horfir við í sambandi við efnahagsástand þessa dagana. En ég vil fyrst og fremst koma hér til þess að benda á aðra staðreynd, sem hlýtur að tengjast eðlilega þessu máli, hvort sem um er að ræða það frv. sem hér er til umr. á þskj. 575 eða ákvörðun ríkisstj. í sambandi við endurgreiðslu, og það er sú staðreynd að engir samningar eru í gildi milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins. Þeim var sagt upp 1981 af þeirri einföldu ástæðu, að Tannlæknafélag Íslands neitaði að fallast á

þau skilyrði sem reynt var að koma á um meðferð reikninga, meðferð á upplýsingum í þeirra starfi, sem auðvelduðu eða gerðu nauðsynlegt opinbert eftirlit með þessari gjaldtöku. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér fram. Ég minni á það, að hér hafa verið gerðar fyrirspurnir árið 1979, 1980 og 1981 um þessi mál, þar sem þetta hefur greinilega komið fram. Það eru ekki til neinir samningar eða samræmdar opinberar reglur um skyldur tannlækna, bæði að því er varðar gjaldskrá og upplýsingar í sambandi við gjaldtöku þeirra, sem hægt væri að byggja á slíkar niðurgreiðslur. Mér finnst ákaflega þýðingarmikið að menn átti sig á þessu, ekki síst með tilliti til hinna opinberu upplýsinga sem hér hafa komið fram í sölum Alþingis um launagreiðslur Reykjavíkurborgar vegna tannlækninga skólabarna eða þeirra sem njóta núna samkv. lögum réttinda í sambandi við tannviðgerðir. Það voru engar smáupphæðir. Og það kom fram í sambandi við þetta, sem ég var að tala hér um, að engar samræmdar reglur eru til. Hvernig í ósköpunum á að fara að því að endurgreiða tannlæknakostnað ef þetta atriði er ekki tekið til meðferðar um leið? Tannlæknar geta hækkað sinn taxta ekki aðeins um 20% heldur jafnvel um 40—50% áður en til kemur sú viðmiðun sem þarf að nota til þess að ákvarða slíka endurgreiðslu. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram í þessu máli. Hér er verk að vinna sem ég álít að heilbrmrn. og Tryggingastofnun ríkisins verði að koma í framkvæmd.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson gat þess, að hann teldi líklegt að kostnaður við framkvæmd þeirrar yfirlýsingar sem ég gaf hér fyrir nokkrum dögum væri svona 100—200 millj. kr. Af því að hv. þm. Halldór Ásgrímsson er þekktari fyrir það en ýmsir aðrir menn hér að vera talnaglöggur, þá tel ég ástæðu til að mótmæla þessu. Þetta getur ekki verið.

Heildarkostnaður ríkisins af tannlækningum á árinu 1983 er 100 millj. kr. á fjárl. eins og er. Það liggja engar upplýsingar fyrir um það, sem haldbærar eru, hverjar heildartekjur tannlæknastofa í landinu eru. Rn. hefur þó leyft sér að giska á að þær séu alls á bilinu 250—300 millj. kr. Það er hrein ágiskun, vegna þess að við höfum engar nægilega traustar upplýsingar í þessu efni, en ég hygg að efri talan sé í rauninni hámark. Og ég er að segja þetta að vandlega yfirveguðu máli.

Nú skulum við hugsa okkur það, að hér verði tekin upp sú regla að greiða allan kostnað, viðbótarkostnað umfram þessar 100 millj. kr. sem þegar eru greiddar. Þá gæti ég trúað því að það næðist þessi hámarkstala hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, þó mjög ólíklegt. Í þessu efni hefur verið gert ráð fyrir því að undanskilja kostnað við gullfyllingar, krónur eða brýr, sem er mjög verulegur hluti af tannlæknareikningum um þessar mundir og vaxandi hluti eftir því sem aldur viðskiptamanna tannlæknastofanna fer hækkandi, þannig að þessi tala hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar er að mínu mati víðs fjarri. Ég vil leyfa mér að giska á að talan sé á bilinu 20—30 millj. kr. Ég hef lýst því hér yfir, að ég telji að heilbr.- og trmrn. hafi heimild til þess að taka inn viðbótarhópa. Ég hef einnig lýst því yfir, bæði hér og í blaðaviðtölum, að rn. sé nú að undirbúa það hvernig að þessu verður staðið. Ég held að það sé ekki skynsamlegt af Alþingi að rígbinda fasta reglu í þessu efni, vegna þess að við þurfum að líta aðeins betur á hlutina, m. a. með tilliti til útgjaldanna og með tilliti til samninga við tannlæknana.

Hér voru nefndir samningar við Tannlæknafélag Íslands og það er auðvitað víðs fjarri öllu lagi að setja málið upp eins og hv. þm. Alexander Stefánsson gerði hér áðan, að tannlæknar geti hækkað sinn taxta svo og svo mikið og síðan sé ríkið dæmt til að borga það. Auðvitað geta ríkið og sveitarfélögin neitað að greiða slíka taxta, auðvitað er það hugsanlegt. Að sjálfsögðu er það þannig, að einhliða taxtar af hálfu tannlæknanna geta ekki gilt. Hins vegar hefur það verið þannig, að tannlæknataxtar undanfarinna ára hafa byggst á þeim samningum sem gerðir voru fyrir nokkrum árum og tannlæknar hafa ekki farið fram úr því. Við höfum reynt að ná nýjum samningum við Tannlæknafélagið. Það hefur gengið mjög illa. Þar hefur Tryggingastofnunin í raun og veru verið ákaflega sein við að koma hlutunum á að mínu mati. Af þeim ástæðum lýsti ég því yfir í fyrra, og ég endurtek það núna, að ég get vel hugsað mér að samþykkja það ákvæði, sem er í 2. gr. frv. eins og það lítur hér út á þskj. 575, þar sem segir: „Skylt er tannlæknum að leggja fram greiðslukvittun í því formi, sem Tryggingastofnun ríkisins óskar eftir, þegar greiðsla er innt af hendi. Framvísa ber þessari kvittun við sjúkrasamlög, þegar sótt er um endurgreiðslu."

Það sem ég tel að væri hugsanlegt að samþykkja er þetta ákvæði, vegna þess að þar með er verið að lögbinda tegund greiðslukvittunarinnar, og ég tel að það sé ákaflega mikill fengur að því að fá slíkt fram. Hins vegar hefur mér verið sagt hér aftur og aftur, m. a. hér á hv. Alþingi af þeim sem sæti eiga í tryggingaráði, að samningar séu að nást alveg á næstunni við þá aðila sem hér er um að ræða. Ég er orðinn mjög langeygður eftir því. Og ef samþykkt þessa ákvæðis gæti orðið til þess að reka trippin og ganga frá niðurstöðum í þessu efni, þá yrði ég manna fegnastur. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til þess að fallast á 1. gr. frv. eins og hún lítur hér út. Ég mun ekki taka þátt í atkvgr. um það mál eins og ég gerði hér grein fyrir í gær.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég get vel skilið viðbrögð hv. 3. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, við þessu máli í heild. Hv. þm. er þekktur að því að vera talnaglöggur, eins og hæstv. félmrh. sagði, og hann er þekktur að því að vera varfærinn í fjármálum og ég gef honum fullt hrós fyrir það. Hins vegar verður hv. þm. að skilja að flutningur þessa frv. nú í þessari mynd eru ákaflega eðlileg viðbrögð við því sem hér hefur gerst á hv. Alþingi.

Á s. l. þingi var flutt frv. um það að almannatryggingar greiddu hluta af tannlæknakostnaði. Þá var því haldið fram, að það væri mun eðlilegra að taka það inn sem frádrátt frá skatti og frv. náði því ekki fram að ganga. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytur nú á þessu þingi frv. um að fara þá leið sem ráðlögð var á síðasta Alþingi. Viðbrögð hæstv. félmrh. við því er að koma hér upp í ræðustól og lýsa því yfir, að hann hafi tekið þá ákvörðun að breyta reglugerð á þann veg, að almennur tannlæknakostnaður verði greiddur að 20% af almannatryggingum. Hann segir þá jafnframt að þetta hafi fengist samþykkt í ríkisstj., að öll hæstv. ríkisstj. standi að því máli.

Nú er það mjög dregið í efa að fullar lagaheimildir

séu fyrir því. Hinir færustu lögfræðingar hafa látið það álit í ljós að fyrir þessu sé ekki lagaheimild. Það eru því fullkomlega eðlileg viðbrögð að því sé haldið fram hér á hv. Alþingi, að þetta frv. verði hér að ná fram að ganga til þess að hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstj. fái fullkominn lagagrundvöll fyrir því að framkvæma það sem hún hefur samþykkt. Hv. 3. þm. Austurl. hafði áhyggjur af því að ríkissjóður kynni ekki að geta staðið undir þessum auknu greiðslum — þær áhyggjur skil ég vel — og hann fullyrðir að fjárhagur ríkissjóðs fari versnandi, en þetta stangast algerlega á við það sem hæstv. fjmrh. hefur sagt um þetta mál, því að daginn sem hæstv. félmrh. lýsti því yfir hér á hv. Alþingi að hann hefði ákveðið að taka þetta inn í reglugerð var flutt viðtal við hæstv. fjmrh. um málið í Ríkisútvarpinu og hæstv. fjmrh. lýsti því þar yfir, að hann teldi engin vandkvæði á því að greiða þetta. Það mundi vera greiðsluafgangur hjá ríkissjóði til þess að greiða það sem þetta hefði í för með sér í útgjöldum. Það er því engin furða þó að þeir sem flytja þetta frv. haldi fast við það að það nái hér fram að ganga, þegar fulltrúar hæstv. ríkisstj., bæði hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., hafa lýst yfir að það sé ekkert auðveldara en að framkvæma reglu eins og þá sem hér er lögð til. Hv. 3. þm. Austurl. á því auðvitað fyrst og fremst að snúa sér til samstarfsaðila sinna í ríkisstj. til þess að flytja gagnrýni á þetta mál, en ekki á þá sem flytja hér frv. til að tryggja með lögum að stefnumark og ákvörðun hæstv. ríkisstj. geti náð fram að ganga.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Á s. l. þingi fluttu Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri sams konar frv. og hér er til umr. Ég var þá heldur mótfallinn því að stíga þetta skref, ekki af því að þetta væri ekki æskilegt, heldur af því að útgjöld ríkisins til tryggingamála og heilbrigðismála eru komin í tæplega 40% af heildarútgjöldunum og því taldi ég ekki varlegt annað en hugleiða þetta mál vel og gera sér grein fyrir því hvað það kostar í raun og veru.

Það kom fram hér um daginn að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafði ráðlagt flm. þessa frv. að fara aðrar leiðir. Því flutti hún frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt, sem hlaut þá undarlegu meðferð að vera vísað til heilbr.- og trn., sem afgreiddi svo málið frá sér með nál. En þá gerist það að hæstv. heilbr.- og trmrh. stígur hér í stólinn og tilkynnir útgáfu reglugerðar, þar sem heitið er 20% greiðslu á öllum tannlæknakostnaði umfram það sem heimilt er samkv. 43. gr. laga um almannatryggingar. Sú grein er eingöngu miðuð við greiðslur til barna, til ellilífeyrisþega, til öryrkja og vangefinna og aftur ákvæði inni, þar sem má breyta út frá því og víkka þessar greiðslur, en ekki almennt.

Eftir að þessi yfirlýsing kom var það sjáanlegt að hæstv. ríkisstj. hafði tekið þessa ákvörðun, eftir því sem hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði, og enginn ráðh. mótmælti svo að það verður að líta svo á að þetta mál hafi verið samþykkt þar. Þá sá ég ekki ástæðu til annars fyrir flm. þessa frv. en leggja frv. fram. Og fyrst búið var að taka þessa ákvörðun, þá neitaði ég því ekki að vera einn af flm. frv., því ég taldi það nauðsynlegt að hafa stoð í lögum um þessar greiðslur.

Því miður var ég á öðrum fundi þegar heilbr.- og trn. afgreiddi þetta frv. Ég hefði fyrst og fremst viljað fá eitthvað betra yfirlit um það hvað þetta kostaði, hvort Tryggingastofnunin eða einhverjir aðrir aðilar gætu lagt á þetta eitthvað raunhæfara mat en hæstv. heilbr.- og trmrh. er að bera á borð. Við verðum að fara varlega í þessum efnum. Ég tek alveg undir þau orð hv. 3. þm. Austurl. sem hann sagði hér áðan. Hins vegar er hann ein styrkasta stoð hæstv. ríkisstj. hér í þingsölunum og hann ætti að reyna að halda svolítið aftur af henni, því þetta er kraftmikill þm., svo að hún taki ekki svona ákvarðanir í einum hvelli og hugsunarlaust, meira að segja ákvarðanir sem ekki eiga sér stoð í lögum. Því er ekki óeðlilegt að þm., sem láta sig almannatryggingar miklu varða, grípi til þess ráðs að flytja frv. sem þetta.

En allt hefur þetta í för með sér að leggja þarf aukna skatta á þjóðina. Alltaf eru skattafrv. á dagskrá, alltaf er verið að bæta á herðar landsfólkinu. Það kemur aftur í ljós síðar á þessum fundi að þarna er verið að leggja á nýja skatta. Fyrir þessu þarf líka að leggja á nýja skatta, þegar þar að kemur, og þá verða menn að gera það upp við sig hvor er nú betri brúnn eða svartur, hvort er nú betra að bæta við útgjöldin eða að lækka skattana. Ríkisstj. hefur varðað veginn í þessum efnum. Hún hefur farið hér mjög geyst af stað. En það hefði verið skemmtilegra af hv. heilbr.- og trn. að fara nokkru nánar út í þennan kostnað og flýta sér hægt, flýta sér mun hægar en hæstv. ráðh. og ríkisstj. hefur gert.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki deila við hæstv. félmrh. um hvað það kostar að koma þessum niðurgreiðslum í framkvæmd. Ég viðurkenni að mín tala var ágiskun vegna þess að ég hafði engar upplýsingar um málið. Hann sagði að sín tala væri hrein ágiskun að vandlega yfirveguðu máli. Ég skal viðurkenna að mín var aðeins hrein ágiskun, ekki að vandlega yfirveguðu máli, og ég skal ekki deila við hæstv. ráðh. um það. Hitt er ljóst, að ekkert liggur fyrir um það, sem hægt er að treysta, hvað þetta kostar. Og það liggur heldur ekkert fyrir um það hvað kostar að framkvæma þessi lög eða hvernig þau muni gagnast almenningi í landinu. Hv. þm. sumir hverjir tala hér eins og þetta muni koma af himnum ofan og verða ókeypis fyrir allt fólkið í landinu. Það þurfi enga skatta að leggja á til að ná þessu inn og enginn þurfi að borga neitt. Jafnvel hefur heyrst að það sé til gamall gróði hjá ríkinu sem sé hægt að nota í þetta. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hvar hann er geymdur.

Það hefur einnig verið látið skína í það, að við þetta muni skattar tannlækna hækka svo mikið til ríkisins, að það muni jafnvel verða hagnaður af öllu saman. Ef það er tilfellið að skattaundandráttur eigi sér stað hjá tannlæknum í þessu landi, sem ég skal ekkert fullyrða um, en ljóst er að þeir hafa möguleika til slíks, þá á náttúrlega að fara í það mál af fullri hörku samkv. skattalögum. Það eru heimildir til þess að gera það. Af hverju er það ekki gert ef mikill grunur er um slíkt? En það er ekki hægt að fullyrða slíkt og jafnvel að réttlæta heila löggjöf á slíkum rökum. Það er allt annað mál og kemur ekki þessum niðurgreiðslum við. Í það verður að sjálfsögðu að fara af fullri hörku og nýta til þess þær heimildir sem til eru í lögum. Og það er undarlegt ef það hefur ekki verið gert.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Örfá orð. Hv. 1. þm. Vesturl. átelur það hvernig að þessu máli er staðið og tekur undir gagnrýni hv. 3. þm. Austurl.

Sjálfur hefur hv. 1. þm. Vesturl. nýlega flutt frv. til l. um breytingu á lögum um fæðingarorlof, sem kostar miklu meira en dagskrármálið, líklega helmingi meira, samkv. þeim tölum sem komu fram í máli hæstv. heilbr.- og trmrh., án þess að benda á leiðir til tekjuöflunar, svo að ekki er nú samræminu fyrir að fara.

Hv. 1. þm. Vesturl. segir að ekki séu til samræmdar reglur um gjaldskrár tannlækna og því sé ekki unnt að samþykkja þetta frv. Í frv. er einmitt gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun setji reglur um form greiðslukvittana og í framhaldi af því mætti setja ýmsar reglur um þessi mál öll. Ef einhver fótur væri fyrir tölum hv. 3. þm. Austurl. um aukinn kostnað, sem þessu frv. mundi fylgja, þá munu þeir peningar skila sér aftur í hækkuðum sköttum tannlækna. Í blaði hér fyrir nokkru var reynt að grafast fyrir um hverjar væru heildartekjur tannlækna. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að þær mundu vera um 300 millj. fyrir utan það sem ríki og bær greiðir nú þegar. Ef talsverður hluti af þessum 300 millj. er fyrir aðgerðir, sem þetta frv. nær ekki til, þá erum við ekki að tala um 500—1000 millj. heldur erum við að tala um 30—40 millj.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð þess var að hv. þm. gerast hvumpnir við aðfinnslu hv. 3. þm. Austurl. vegna þess máls sem hér er til umr. Ég held þó að þeir ættu að athuga betur hans málflutning og reyndar líka málflutning hv. 1. þm. Vesturl. þegar þessir tveir þm. gagnrýna þetta mál. Þeir eru ekki að gagnrýna okkur þm. sem fluttum þetta mál né í raun hæstv. heilbr.- og trmrh. Þeir eru að gagnrýna sína eigin ráðherra í ríkisstjórn Íslands fyrir að hafa farið út í þessa vitleysu sem þeir telja vera. Þeir eru að gagnrýna þá fyrir að hafa staðið þannig að yfirlýsingu hæstv. heilbrmrh., sem hann gaf Alþingi hér um daginn og fékk góðan stuðning hæstv. fjmrh. til, þegar hann lýsti því yfir að svo mikill tekjuafgangur væri hjá ríkinu að óhætt væri að fara þessa leið.

Ég get vel skilið þetta með hliðsjón af því sem skeð hefur innan Framsfl. á síðustu misserum, að það er farið að losna um ráðherrasæti þeirra ráðherra sem þar sitja og nýir menn búa sig undir að velgja þær setur í framtíðinni. Ég tek undir þær skýringar sem hér hafa komið fram hjá þeim hv. þm. sem hafa talað í þessu máli. Við töldum auðvitað ekki nokkurn möguleika á því að láta það viðgangast til frambúðar að í slík stórútgjöld ríkisins væri ráðist án þess að skýrar lagaheimildir væru að baki slíkra útgjalda. Þar fyrir utan er gagnrýni þessara hv. þm., a. m. k. annars þeirra, algerlega út í hött, þegar hann flytur hér frv., sem kostar miklu, miklu meira, án þess að benda nokkuð á hvaðan fé eigi að koma til þess að greiða þann kostnað.

Mér sýnist spil þetta vera svo mikill leikaraskapur, að forseti eigi að stytta þessar umr. svo sem honum er mögulegt og hann er þekktur fyrir að geta gert á síðkvöldum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna afgreiðslu þessa máls í þeirri nefnd sem ég veiti forstöðu. Mér finnst menn vera að tala hér út og suður um þetta mál. Hv. formaður fjh.- og viðskn., Halldór Ásgrímsson, sem menn hafa hér hamast við að hrósa fyrir aðgætni í fjármálum, hefur látið að því liggja að nefndin hafi afgreitt þetta mál með forgangshraði og að lítt athuguðu máli. Um þetta get ég haft ýmislegt að segja. Það þarf ekkert endilega að vera að menn eigi að vera fyrst og fremst hér til að sýna aðgætni í fjármálum. Menn eru á Alþingi Íslendinga til að taka pólitískar ákvarðanir um meðferð fjármagns. Það eru engin meðmæli með nokkrum þm. að hann sé almennt aðgætinn í fjármálum. Spurningin er: Við hvaða meðferð fjármagns er hann aðgætinn? Það vill svo til að það er pólitísk ákvörðun hvernig skattpeningar þjóðarinnar eru notaðir.

Ég er formaður í heilbr.- og trn. og hlýði hér almennt á umr. Hæstv. félmrh., heilbr.- og trmrh. lýsir því hér yfir, að ríkisstjórn Íslands hafi þá um morguninn tekið þá pólitísku ákvörðun að greiða 20% af tannlækningum allra landsmanna, þ. e. þeirra hópa sem ekki njóta þegar meiri fríðinda. Hvernig á þm., sem situr hér í salnum, að bregðast við þegar ríkisstj. tekur ákvörðun um svo ágætt mál? Þá er tæpast annað að gera en samþykkja það.

Menn hafa spurt hér, eins og þeir hafi aldrei heyrt skýringar á því, hvaðan á að taka þessa peninga? Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að til þessara nýju hlunninda landsmanna yrði notaður greiðsluafgangur ríkissjóðs. Það hefur legið fyrir frá fyrstu byrjun að þetta eigi að gera og hvaðan peningarnir eigi að koma. Það er þess vegna aldeilis með ólíkindum að undrast það að slíkt frv. skuli svo afgreitt. Ekki ætla ég að standa í vegi fyrir því að landsmenn fái nú einu sinni dálítið nýtileg hlunnindi fyrir það sem þeir greiða í skatta.

Ég vil minna hv. formann fjh.- og viðskn. á að ef ég man rétt greiddi hann því atkv. að ríkissjóður Íslands ábyrgist 50 millj. kr. til þess að grafa upp handónýtt mörg hundruð ára gamalt skip austur á söndum. Það kann að vera að hv. formaður fjh.- og viðskn. sé að vona að þar finni hann gullið í tennur landsmanna. Ég er ekki eins viss um það.

Ég vil minna hv. þm. enn einu sinn á að pólitík snýst um það að veita málum forgang. Þau mál sem varða beina hagsmuni landsmanna eiga að hafa forgang. Við greiðum hér árlega hundruð milljóna í vitlausar fjárfestingar. Nægir að minnast á Kröflu. Svo ætlar að líða yfir hv. fjh.- og viðskn. ef eyða á nokkrum tugum milljóna í það sem veldur íslenskum fjölskyldum hvað mestum útgjöldum.

Ég vil enn og aftur standa við það, að ég mun mæla með að þetta frv. verði samþykkt, og þá geri ég engan mun á því sem virðist nú fara fyrir brjóstið á ýmsum hv. þm. að stjórnarandstöðuþm. flytur þetta frv. Ég legg ekki í vana minn að standa gegn góðum málum hér á hinu háa Alþingi Íslendinga af því að það séu pólitískir andstæðingar mínir sem flytja þau. Ef mál eru góð, þá greiði ég þeim atkv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skil þessa áminningu en tek hana ekki til mín. Ég vil aðeins koma hér til þess að vekja athygli á ummælum hæstv. heilbrmrh., þar sem hann viðurkennir að engir samningar eru til, engir samningar eru í gildi við Tannlæknafélag Íslands. Þetta er ákaflega viðamikið atriði og spilar alveg inn í framhald þessa máls, hvort sem greiðslurnar eru staðfestar með frv., eins og hér er verið að leggja til, eða ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að við meðferð þessara

mála sé beitt aðhaldi og föstum reglum. Þess vegna tel ég ekki eðlilegt að auka niðurgreiðslur og tannlæknakostnað frá því sem nú er, því að við erum allir sammála um að það er nauðsynlegt að lækka þennan kostnað, og eins og gildandi lög gera ráð fyrir, þá kemur þessi niðurgreiðsla þeim mest til góða sem mesta hafa þörfina, eins og það er í gildandi lögum. En mér finnst að aukning í þessu formi geti alls ekki verið skynsamleg fyrr en búið er að setja aðgengilega samninga við starfandi tannlækna í landinu, þar með Tannlæknafélag Íslands. Og þá sé hægt að fara út í frjálsræði um það að auka niðurgreiðslur á þessum kostnaði, ef menn á annað borð telja að nægjanlegt fjármagn sé til til þess að framkvæma þá hluti.

Ég get vel skilið að hv. þm. nokkrir, sem hér hafa komið upp í ræðustól, séu viðkvæmir fyrir fæðingarorlofsmálum. Ég er ekkert hissa á því, vegna þess að þegar lögin um fæðingarorlof voru sett var framið eitthvert mesta óréttlæti sem gerist í slíkum málum hér í sölum Alþingis. Ég er ekkert hissa á því að hv. 5. þm. Suðurl. og hv. 8. landsk. þm. séu viðkvæmir fyrir þessum málum og hv. 1. landsk. þm. En ástæðulaust er að draga það í þessa umr. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að samkv. 22. gr. tryggingalaganna greiða atvinnurekendur 2% gjald til Tryggingastofnunarinnar, sem ég loksins fékk upplýsingar um í fjmrn. nú fyrir nokkrum dögum að nemi á s. l. ári hvorki meira né minna en 170 millj. kr., og samkv. sömu gr. tryggingalaga er ríkissjóður skyldugur að láta jafnháa upphæð á móti. Þarna er því um að ræða 340 millj. kr., sem fara í endurgreiðslu á ýmsum atriðum sem tryggingalöggjöfin á að fjármagna, þar með fæðingarorlofið. Hækkunin við það að láta heimavinnandi húsmæður eða foreldri, sem fæða barn samkv. læknisvottorði, fá jafnháar bætur og þeir sem núna fá þær í þriðja þrepi er um 22 millj. kr. miðað við upplýsingar ársins 1982. Það er allt og sumt. Ég lagði áherslu á það í minni framsögu fyrir þessu frv. að þarna væri fjármagnið til, hvort sem þarf að færa til aðrar bætur almannatrygginga til þess að koma þessu fyrir, það skal ég láta ósagt, en hér er ekki um óþarft mál að ræða.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. meir en ég hef gert, en ég taldi ástæðu til að benda á þungamiðju þessa máls, að opinberir samningar til þess að eiga möguleika á því að vita hvaða upphæð er verið að tala um í sambandi við tannlæknakostnað, eru ekki til í landinu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, GGÞ, GHelg, HBl, JE, JS, JBH, JÞ, MHM, MB, PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, SvH.

nei: GS, GJG, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, ÞS, AS.

FÞ, FrS, GeirH, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SvG greiddu ekki atkv.

1 þm. (KP) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem fram hefur komið að þessi lagasetning er óþörf segi ég nei.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Þar sem ég tel að vafi leiki á lagalegum rétti ríkisstj. til þess að taka þá ákvörðun sem hún lýsti yfir hérna fyrir nokkrum dögum, að greiða 20% af tannlæknakostnaði, tel ég brýna nauðsyn til að samþykkja þetta frv. Ég segi já.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Verður ekki að skilja þessa atkvgr. í hv. þd. á þann veg, að um leið sé þd. að hafna yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., sem kom fram í orðum hæstv. heilbr.- og trmrh. hér fyrir nokkrum dögum, um hið efnislega sama og þetta frv. átti að staðfesta?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ekki þorir forseti að kveða upp úrskurð um þetta efni. En því máli má taka af með því að Alþingi afgreiði þessi lög.

Frv. afgr. til Ed.

Vegalög, frv. (þskj. 402, n. 588). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Það fjallar aðeins um tvö efnisatriði, þ. e. að við skilgreiningu í 12. gr. bætist: Við það stofnbrautakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200—400 íbúa, ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Og að síðari málsl. 1. mgr. 32. gr. falli niður, en það er um 12.5% gjaldið vegna þéttbýlis, sem á að standa undir að gera götur í þéttbýli. Þetta þýðir það að 10 þéttbýlisstaðir mundu tengjast stofnbrautakerfinu. Þetta er samkomulagsatriði eða samkomulagsmál sem var gert í sambandi við langtímaáætlun í vegagerð.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og er sammála um að leggja til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 253, n. 580 og 601). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með síðari breytingum.

Nefndin hefur kannað og rætt þetta mál og fengið á sinn fund bæði borgarstjórann í Reykjavík og verðlagsstjóra.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt. Rétt er að geta þess, að bæði borgarstjórinn í Reykjavík og verðlagsstjóri töldu samþykkt þessa frv. til bóta til þess að komast þannig hjá bæði málaferlum og þrasi úti í þjóðfélaginu.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það hefur komið fram hér að mál þetta er flutt af því

tilefni að borgarsjóður Reykjavíkur hefur átt í deilum við verðlagsyfirvöld í landinu og ekki viljað hlíta fyrirmælum og reglum frá þeim. M. a. hefur dregist inn í þessa deilu, eins og kemur hér beint fram í grg., deila borgar- og verðlagsyfirvalda um fargjöld Strætisvagna Reykjavíkur, sem er í raun deila um rétt ríkisvaldsins til þess að greiða niður vísitölu með fjármunum sem teknir eru úr borgarsjóði.

Það eru til ákveðin lög og reglur um verðlag í landinu. Slík lög þurfa að vera fyrir hendi. Alltaf má um það deila hversu það muni gagna til að halda verðlagi í skefjum að framkvæma slíkt verðlagseftirlit og að aðilar þurfi að sækja um hækkanir til þess að gæta almenns samræmis í landinu. Borgarsjóður Reykjavíkur hefur í reynd ekki viljað virða þessi lög, hefur ekki viljað virða þessar reglur og reynt að brjóta þær niður. Það er eðlilegt að verðlagsyfirvöld snúist mjög hart við þegar menn ætla í stórum hópum að fara að framkvæma lögbrot í landinu. Ég ætla að vona að það takist ekki. Það verður að ætlast til þess að Reykjavíkurborg virði lög og reglur í landinu, hversu góð eða slæm sem þau lög kunna að vera, ef menn ætla almennt að virða lýðræðið í landinu. Það hefur ekki tekist að brjóta þetta niður og lítt verið um samtöl milli verðlagsyfirvalda og Reykjavíkurborgar. Mér hefur skilist að málsvarar borgarinnar vilji hreint ekkert við verðlagsyfirvöld tala og telji að verðlagsyfirvöld hafi ekki rétt til að gera það sem þau hafa gert.

Síðan koma þm. Sjálfstfl. hér inn á Alþingi með frv. sem gengur í þá átt að breyta þessu þannig að deilunni sé þar með lokið. Það er fyrst og fremst tilgangur þessara laga. Ég legg til að þetta frv. verði fellt og við þessar aðstæður verði lögum ekki breytt í þessu sambandi. (**Forseti:** Á hv. ræðumaður mikið eftir?) Ég á nokkuð eftir. Ég get gert hlé á ræðu minni. (**Forseti:** Já, takk fyrir.) [Frh.]

Umr. frestað.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 370, n. 596). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Á nál. vantar nafn eins af nm. Þskj. þarf þar af leiðandi að prenta upp. Nafn Matthíasar Bjarnasonar hefur fallið niður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 253, n. 580 og 601). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson) (frh.): Herra forseti. Ég hafði gert grein fyrir því í stuttu máli, að minni hl. fjh.- og viðskn. leggst gegn því að frv. þetta verði samþykkt. Hér er hið mesta að gera, eins og forseti hefur margoft sagt, í deildinni. Ég sé því ekki ástæðu til að eyða frekari tíma í að gera grein fyrir afstöðu okkar, en mun gera það síðar ef ástæða þykir til og frekari umr. verða um málið. Ég ætla því að bíða með það sem ég hafði ekki lokið við að segja og vil aðeins ítreka það, að við leggjum til að frv. þetta verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að tala mikið í þessu máli og mun ekki gera. Ég hélt að nóg væri að mæla fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. En því miður hefur hv. 3. þm. Austurl. gefið mér tilefni til þess að leiðrétta hér misskilning sem fram kom hjá honum þegar hann mælti fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli.

Ég vil fyrst benda á að borgarstjórn hefur sótt um hækkun hvað eftir annað, í mörg ár og síðast í nóv. s. l., án þess að fá svar. Því var það að borgarstjórn vildi láta á það reyna í byrjun árs, í febr., að taka einhliða ákvörðun um hækkun gjaldskrár Strætisvagna Reykjavíkur. Var þá haldinn fundur í verðlagsráði. Borgarstjóri fyrir hönd borgarstjórnar óskaði eftir fundargerðum verðlagsráðs fyrir þann fund með það í huga að eiga fund með verðlagsstjóra. Þær fundargerðir voru ekki tilbúnar. Fundur var næst haldinn seint í febr. og þá lögð fyrir fundargerð verðlagsráðs frá byrjun febr. En það var gerð við hana aths. og sú aths. kom ekki í fundargerð verðlagsráðs fyrr en í byrjun mars og var þá liðinn um mánuður frá því að borgarstjóri óskaði eftir upplýsingum í fundargerð til þess að undirbúa fund með verðlagsstjóra.

Ég held að hér sé alrangt farið með þegar talað er um að lýðræði sé í hættu af völdum borgarstjórnar Reykjavíkur eða af aðgerðum borgarstjóra sem starfar í fullu umboði borgarstjórnar. Ég segi borgarstjórnar, vegna þess að ég á hér við fleiri en borgarstjóra, því að málið er það sama undir þessari meirihlutastjórn í Reykjavík eins og það var á síðasta kjörtímabili þegar vinstri meiri hl. ríkti hér í höfuðborginni. En hvað er það sem ágreiningurinn stendur um núna? Ágreiningurinn stendur um það að fargjöld hjá Strætisvögnum Reykjavíkur voru hækkuð án samráðs við verðlagsstjóra nú síðast upp í 10 kr. vegna þess að verðlagsstjóri og verðlagsráð hafði leyft Strætisvögnum Kópavogs að hækka sín gjöld upp í þá upphæð. Barnafargjöld eru að sjálfsögðu þau sömu hjá báðum fyrirtækjum, þ. e. 5 kr. farið.

En um hvað erum við þá að tala? Við erum að tala um það, að þegar borgarstjórn Reykjavíkur hækkar sín gjöld upp í það sama sem Kópavogsvagnarnir hafa, þá kemur fyrirskipun frá verðlagsstjóra um að Strætisvagnar Reykjavíkur skuli taka upp afsláttarkort og selja, afsláttarkort sem borgarstjórn Reykjavíkur hafði ákveðið að fella niður. Það er þar sem ég álít að verðlagsráð eða verðlagsstjóri fari út fyrir sína heimild samkv. lögum. Hann getur ekki ákveðið þar hvort fyrirtæki eða stofnanir úti í bæ gefi afslátt eða gefi ekki afslátt.

Þessu til viðbótar vil ég benda á að Strætisvagnar Reykjavíkur keyra lengri vegalengdir en Kópavogsvagnarnir. Þeir keyra lengri vegalengdir en Hafnarfjarðarvagnarnir. Frá Lækjartorgi í Reykjavík upp í Breiðholt er sama vegalengd og frá Lækjartorgi til Hafnarfjarðar, en það eru hér um bil þrisvar sinnum

lægri fargjöld hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, þrátt fyrir það að til viðbótar kemur leiðin frá Lækjartorgi vestur í bæ og út á Seltjarnarnes, þannig að vegalengdin sem keyrð er er þó nokkuð miklu lengri, ef ekki helmingi lengri en það sem Strætisvagnar Hafnarfjarðar keyra og miklu meira en það sem Strætisvagnar Kópavogs keyra.

Ég vil bara að þetta komi hér fram til upplýsinga, þannig að ef ætti að meta gjaldskrá Strætisvagna Reykjavíkur og bera hana saman á þann hátt að ekinn kílómetrafjöldi væri tekinn inn í gjaldskrána, þá væri gjaldskrá Reykjavíkurvagnanna mun lægri en t. d. Hafnarfjarðarvagnanna. En það er ekki það sem verið er að fara fram á. Hér er ágreiningurinn nú vegna þess að opinber aðili, þ. e. framkvæmdavaldið eða verðlagsstjóri í umboði framkvæmdavaldsins, tekur sér heimild til að fyrirskipa kjörnum fulltrúum sveitarfélaga að gefa afslátt af verði, sem þegar er það lágt, að Reykjavíkurborg þarf að standa undir a. m. k. um 600 millj. gkr. sem þarf að borga með rekstrinum til viðbótar við allan fjárfestingarkostnað kringum fyrirtækið og rekstur þess.

Ég hafði ekki búist við því að inn í þessar umr. mundi fléttast ágreiningurinn á milli borgarstjóra og verðlagsstjóra, sem er algert aukaatriði í þessu máli, og síst af öllu að það kæmi frá hv. formanni fjh.- og viðskn., vegna þess að ég hef reynt hann í samstarfi vera mjög samvinnuþýðan og skilningsgóðan þegar um mál til samkomulags er að ræða. Hér hafa deiluaðilar úti í bæ orðið sáttir við lausn á málinu. Samþykkt þessa frv., sem hér er lagt fram á þskj. 253, 1. flm. Friðrik Sophusson, er talin til bóta af báðum deiluaðilum. En meðan þessi breyting er ekki samþykkt telur verðlagsstjóri sig vera að fara að lögum og það láir honum það enginn. Við erum hér sem stjórnvald að reyna að koma málum þannig fyrir, að ágreiningur skapist ekki, málaferli verði óþörf og samkomulag um gjaldskrá Strætisvagna Reykjavíkur og önnur samskipti við verðlagsyfirvöld geti verið eðlileg á þann hátt sem þau eiga að vera annars vegar á milli framkvæmdavalds, sem telur sig starfa í umboði Alþingis, en hins vegar kjörinna sveitarstjórnarmanna.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það hefur komið fram mjög glöggt í þessu máli og hefur komið mjög skilmerkilega fram í fjölmiðlum að borgarstjórn Reykjavíkur — borgarstjóri Reykjavíkur fyrir hönd meiri hl. borgarstjórnar — hefur ekki talið Reykjavíkurborg skylduga til að fara eftir þeim lögum sem um þetta gilda og dregið þau í efa. Hann hefur látið í veðri vaka að Reykjavíkurborg hafi valdið í þessu sambandi og þurfi ekki að virða verðlagsyfirvöld.

Það kom skýrt fram í nefndinni að ekki hefur verið sótt um neina hækkun á þessu ári, eins og kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni. Það var gert í nóv. s. l. Það lá alveg fyrir að Strætisvagnar Reykjavíkur mundu geta fengið hækkun. Ég held að það hafi verið í febr. sem þeir fengu hana svo. Þeir töldu ekki ástæðu til að sækja um hana og vildu með því sýna það, að það væri þeirra að ákveða þessi mál, en ekki verðlagsyfirvalda í samræmi við lög. Reykjavíkurborg hefur því í reynd tekið þá ákvörðun að veitast að verðlagsyfirvöldum, sem hafa verið að reyna að gegna skyldum sínum, varðandi afsláttarkortin, sem hv. þm. Albert Guðmundsson gerði hér að umræðuefni. Kom það fram hjá verðlagsstjóra á fundi nefndarinnar að alltaf hafði verið venja að gefa út úrskurði varðandi hvern lið fyrir sig. Þannig hefði það verið gegnum tíðina. Hins vegar hafði hann ekki séð neina ástæðu til aðgerða varðandi það mál.

Þetta mál er fyrir dómstólum. Ég held að það sé rétt að gefa dómstólum tækifæri til að fjalla um það og að ekki sé við hæfi að breyta lögum í málum á meðan dómstólar fjalla um þau. Eftir að úrskurður er kominn í þessu máli frá dómstólum er sjálfsagt að mínu mati að taka þessar reglur og þessi lög til endurskoðunar. En mér finnst ekki við hæfi að Alþingi sé að breyta þessum lögum á meðan að mínu mati prinsipmál sem þetta er í deiglunni, því að það verður að vera ljóst, meðan við höfum verðlagseftirlit í landinu, að verðlagsyfirvöld séu virt, hvort sem í hlut á Reykjavíkurborg eða fyrirtæki eða aðrir aðilar í landinu. Ef það á að líðast að þessi lög eru ekki virt, þá er til lítils að vera að setja þau. Þá má einnig segja að það sé til lítils að setja ýmis önnur lög í landinu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal hafa orð mín fá. Það dylst engum, sem kunnugir eru rekstri hinna ýmsu fyrirtækja Reykjavíkur, að þau gjalda þess mjög illa að vísitölufjölskyldan er staðsett í Reykjavík, eins og þar stendur og notað er í daglegu tali, þannig að það eru 100 fjölskyldur á Reykjavíkursvæðinu sem tekið er mið af. Ýmis þjónustufyrirtæki Reykjavíkurborgar fara mjög illa út úr málum af þessum orsökum, t. d. Hitaveita Reykjavíkur. Hún hleypir upp vísitölu. Aftur á móti þó að hitunarkostnaðurinn hækki fjórfalt utan Reykjavíkur, þá kemur það ekkert inn í vísitölu. Þess vegna er það keppikefli allra stjórnvalda að halda niðri ýmiss konar þjónustuatriðum í Reykjavík. Ég hefði álitið að það væri hægt að taka upp nýjan vísitölugrundvöll án þess að í honum þyrftu að felast sérstakar skerðingar og væri það ákaflega mikið atriði fyrir Reykjavík. Þá væru það 170 eða 200 fjölskyldur í Reykjavík, á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað, á Hvolsvelli, í Vestmannaeyjum o. s. frv., sem miðað væri við, og þá kæmi þarna mynd af kostnaði á landsbyggðinni. Ef þessi nýi grundvöllur væri tekinn upp, þá liggur það fyrir samkv. könnun að vísitalan mundi hækka beinlínis út af ferðakostnaði, flugfargjöldum, símakostnaði og fleiri atriðum, ég tala nú ekki um hitunarkostnaði. Þetta væri raunhæfasta leiðin.

Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Austurl. Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til þess að þessum lögum sé breytt eins og á stendur, jafnvel þó að menn séu þm. Reykv., þegar borgarstjórinn í Reykjavík og — af því að hann er hér fjarstaddur — forseti borgarstjórnar, Albert Guðmundsson, eru búnir að túlka þessi lög þannig að þeir þurfi ekki að sækja um hækkun til verðlagsstjóra. Og þeir hafa ekki sótt um hækkun eftir áramót heldur hækkað einhliða og verið sett lögbann á þá. Þeir túlka þessi lög svona einhliða. En þessi lög koma kostnaði við strætisvagna ekki nokkurn skapaðan hlut við. Við þurfum ekkert að sækja, þetta er gerunnið mál. Ekki er það nú sterkt fyrir borgarstjórann í Reykjavík eða forseta borgarstjórnar að viðhafa þessa túlkun annars vegar fyrir dómstólum og koma svo hér á

Alþingi og leggja til að þessi lög verði afnumin til þess að hægt sé að hækka eðlilega ákveðin þjónustugjöld. Þetta er alger andstæða í málflutningi. Það er heldur ekki hægt, eins og hv. 3. þm. Austurl. tók fram, að stefna málum, sækja ekki um hækkanir og stofna til átaka og leggja svo til, meðan málið er fyrir dómstólum, að lögin séu afnumin. Ég væri til í að endurskoða þessi lög, en alls ekki undir þessum kringumstæðum.

Ég held að slíkur málflutningur og þessi tillögugerð verði ekki til að styrkja borgarstjóra fyrir dómstólum. Þessi lagagrein kemur því ekkert við hvort við hækkum strætisvagnagjöld eða ekki, það fellur ekki undir þessa lagagrein. Síðan er talið nauðsynlegt að Alþingi felli niður þessa lagagrein til að við getum hækkað strætisvagna og ýmislegt annað.

Það má tala um þetta langt mál. Vandamál Reykjavíkur í sambandi við þessi þjónustufyrirtæki eru til staðar, það ber að viðurkenna. Ég er á því að þau þurfi að leysa. En svona uppstilling á málum er engum til góðs.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, enda hef ég hag af því að þetta mál fái afgreiðslu þar sem ég er 1. flm. Ég tel þó nauðsynlegt að taka nokkur atriði fram.

Í fyrsta lagi hafa verið fluttar brtt. við verðlagslöggjöfina af hv. þm. sjálfstæðismanna í því skyni að færa þessi lög til upphaflegs horfs. Í öðru lagi hafa verið fluttar till. um það á fyrri þingum að öll þjónusta á vegum sveitarstjórna verði óháð ákvæðum verðlagsyfirvalda. Frá þessu hefur algerlega verið horfið. Hér er aðeins tekið eitt lítið mál út úr. Það er aðeins verið að tala um það sem snýr að niðurgreiðslu af þeirri þjónustu sem sannanlega er niðurgreidd. Og ég tek það fram að í lögunum stendur mjög skýrum stöfum að fara skuli eftir því við ákvörðun verðlags, að það sé miðað við að fyrirtæki séu vel rekin og hafi þó einhvern ágóða. Þetta hefur ekkert með hitaveitur eða rafmagnsveitur að gera, einfaldlega vegna þess að hitaveitur og rafveitur sveitarfélaga hafa tekið lán ef tekjur standa ekki undir gjöldum. Hér er eingöngu um það að ræða ef sannanlega er verið að greiða niður úr sveitarsjóði, enda teljum við að ríkið eða verðlagsyfirvöld eigi ekki að hafa ráðstöfunarrétt yfir sveitarsjóðunum, en það gerist þegar farið er að eins og hefur gerst í þessum málum.

Varðandi ágreining borgarinnar annars vegar og verðlagsyfirvalda hins vegar skal það tekið fram að sá ágreiningur varð til vegna breytinga sem hæstv. viðskrh. gerði á lögunum á síðasta þingi. Þá kom upp sú staða, að í vissum tilvikum er einungis ætlunin að tilkynning berist verðlagsyfirvöldum en ekki umsókn um hækkun. Af því stafa þessi málaferli á milli Reykjavíkurborgar og verðlagsyfirvalda. Hér er aðeins tekið af skarið um þetta varðandi 2. gr. frv. Þetta er skýrt og einfalt. Pólitísk ákvörðun á auðvitað að vera hjá sveitarstjórnunum sjálfum. Ég trúi því ekki, að þeir menn, sem vilja sjálfstæð sveitarfélög og vilja að tekjustofnar sveitarfélaga séu beinlínis á hendi þeirra pólitískt kjörnu fulltrúa þar, leggist gegn þessu vegna þess að það sé ágreiningur um lagatúlkun á öðrum atriðum og málið sé fyrir dómstólum. Ef við ætlum ekki að semja lög um þau mál eða þau atriði sem eru fyrir dómstólum, þá getum við hætt miklum hluta af okkar iðju hérna, því að það er sýknt og heilagt verið að dæma eftir lögum og reyna að fá túlkun dómstóla á lögum sem við höfum samið og samþykkt að undanförnu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess að hv. Alþingi skilji að hér er prinsipmál á ferðinni og hér er enginn stuðningur við einn eða neinn. Hér er verið að taka af skarið og það hefur komið fram að bæði verðlagsstjóri og borgarstjóri eru hlynntir því að Alþingi taki af skarið í þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JBH, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, AG, BÍG, EH, FrS, GeirH, GGÞ, HBl, SvH.

nei: KP, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, VG, ÞS, AS, ÁG, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl.

JE greiddi ekki atkv.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég er hlynntur því í meginatriðum að breyta verðlagslöggjöf í þá átt sem hér er um rætt, en tel réttara að það sé gert í tengslum við heildarendurskoðun löggjafarinnar, en ekki að eitt atriði sé tekið út úr. Ég segi nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er alveg ljóst að borgarstjórinn í Reykjavík og borgaryfirvöld hafa hegðað sér með mjög umdeilanlegum hætti, að ekki sé meira sagt, þegar þau tóku ákvörðun um þá hækkun sem varð tilefni þessara umr., svo sem menn þekkja. Það mál er fyrir dómstólum. Og meðan það mál er fyrir dómstólum, úr því að sú leið var farin, tel ég óviðeigandi að Alþingi sé að breyta þeim hinum sömu lögum á meðan það er að ganga yfir. Með því er verið að grípa með pólitískum hætti inn í mál sem verða fyrst að ráðast á öðrum vettvangi. Það kemur ekki efnisatriðum málsins við, því að ég er fylgjandi þeim í sjálfu sér, en af þessum hinum stjórnmálalegu ástæðum segi ég nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það kemur nú úr hörðustu átt þegar síðasti ræðumaður, hv. þm. Vilmundur Gylfason, fer að vanda um við menn, tala um að borgaryfirvöld hafi hegðað sér á umdeilanlegan hátt. Ég vísa því heim til föðurhúsanna. Borgarstjórn hefur alls ekki hegðað sér ósæmilega í þessu máli frekar en öðru. Bæði alþm. og sveitarstjórnarmenn um land allt eru að vinna að, eftir því sem þeir segja sjálfir, auknu sjálfstæði sveitarfélaganna. En hér eru greidd atkv. um afskaplega sjálfstætt mál. Samþykki hv. Alþingi þessa brtt. breytir það ekki öðru en því, að sveitarstjórnin, höfuðborgin, fær sjálfsákvörðunarrétt í tveimur málum, þ. e. gjaldskrá Strætisvagna Reykjavíkur og sundstaðanna. Strætisvagnar Akureyrar og sundstaðirnir á Akureyri tilkynna sínar gjaldskrár án þess að verðlagsyfirvöld geri nokkra aths. við það. Ég segi já.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Verðlagsyfirvöld hafa hagað sér með mjög ósæmilegum hætti í skiptum sínum við Reykjavíkurborg. Verðlagsyfirvöld

hafa neitað Reykjavíkurborg um gjaldtöku fyrir þjónustu sem verðlagsyfirvöld láta afskiptalausa annars staðar eða jafnvel samþykkja. Það er því kominn tími til að losa um þessi höft og breyta hér til. Ég segi já.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem ég er að sjálfsögðu samþykkur efnisatriðum frv., þá læt ég ekki dómstóla ráða ferðinni við setningu laganna. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hefur komið í ljós við þessar umr. eins og stundum áður að hv. þm. Vilmundi Gylfasyni er ekki sjálfrátt stundum. Hann sagði hér áðan: Ég er fylgjandi efnisatriðum málsins. Og bætti síðan við: Af pólitískum ástæðum segi ég nei. Við vitum það þm. að hjartalag hans er gott. Ef það fengi að ráða mundi hv. þm. stundum komast að skynsamlegri niðurstöðu. En kerfismaðurinn er svo sterkur í honum og hann verður allt of oft ofan á. Þar sem mínar pólitísku ástæður og hinar efnislegu fara saman hjá mér eins og vant er, þá segi ég já.

Frv. þar með fallið.

Samkomudagur Alþingis, þáltill. (þskj. 561). — Ein umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi till. til þál. er þess efnis, að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram. Flm. till. eru þeir þm. sem sæti áttu í stjórnarskrárnefnd frá Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl. Við töldum rétt að flytja þessa till. í báðum deildum þingsins en ekki Sþ. vegna þess hvað þetta mál var rætt í stjórnarskrárnefndinni. Þar var rætt um það að flytja sameiginlega till. hvað þetta varðar, en fulltrúar Framsfl., sem er fjórði stjórnmálaflokkurinn sem stóð að flutningi frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum, lýstu því yfir, að þeir vildu ekki vera með í flutningi þessa máls. Því töldum við rétt, fulltrúar hinna flokkanna, að flytja þessa till. í deildum af þessum sömu aðilum en ekki í Sþ.

Það er mikill misskilningur, sem fram kom hér í Sþ. í gær og fréttaskýrendur hafa verið að ræða síðan till. var flutt, að þessi flutningur í deildum væri vantraust á forseta Sþ. Þetta er alger misskilningur. Tillöguflutningur í deildum byggist eingöngu á því, að við töldum að ef þm. almennt óska eftir því, eða sérstaklega sá flokkur sem stendur ekki að þessum tillöguflutningi, að málið verði rætt í nefnd, sem ég tel sjálfsagt að gert sé ef fram kemur ósk um það, þá sé eðlilegt að sama nefndin fjallaði um málið en ekki væri kosin þriðja stjórnarskrárnefndin í Sþ. Ég vil láta þetta koma fram, því að annars getur þetta litið út eins og nokkurs konar vantraust á hæstv. forseta Sþ., sem enginn fótur er fyrir.

Tveir flokkar, sem standa að þessari till. um samkomudag, eru í stjórnarandstöðu. Þeir hafa því ekki aðild að þingrofsréttinum og því er eðlilegt að þeir geri þá kröfu, þegar þeir standa að stjórnlagabreytingunni, að það sé trygging fyrir því að Alþingi verði kvatt saman fljótlega að kosningum loknum. Annars hefði verið hægt að segja að flokkar þeir og flokksbrot, sem að ríkisstj. standa, geti setið svo lengi sem þeir vilja og ekki kvatt þing saman fyrr en 10. okt. í haust. Ég tek alveg undir það að það eru fleiri mál á ferðinni, sem þarfnast úrlausnar og afgreiðslu, en stjórnskipunarlögin. Það er brýn nauðsyn á því að ræða hið allra fyrsta hið alvarlega ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Af þeirri ástæðu einnig er brýn nauðsyn að tryggja að Alþingi lýsi því yfir að þing komi saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram.

Ég tel að hið nýja þing verði að ákveða hvað ákvarðað er í þessum efnum en ekki þetta þing sem senn fer að kveðja. Mannabreytingar verða alltaf töluverðar eins og menn vita og því er rétt að yfirlýsing komi fram um það frá Alþingi sjálfu, af því að hér er það mikill meiri hluti fyrir því, að þessi háttur verði á hafður.

Herra forseti. Ég geri ekki ákveðna till. um að vísa þessari þáltill. til nefndar nema fram komi ósk um það, en þá hef ég þann fyrirvara á að ég tel eðlilegast að málinu verði vísað til stjórnarskrárnefndar sem hefur áður fjallað um málið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Satt að segja er þessi till. um samkomudag Alþingis í sjálfu sér hin ómerkilegasta og varla pappírsins virði, því að þetta hv. Alþingi getur vitanlega á engan máta bundið hendur þess þings sem kjörið verður væntanlega 23. apríl n. k. Ég vil vekja athygli á því, að það er á valdi forseta Íslands að kveðja saman aukaþing, og til þess þarf hann að sjálfsögðu að hafa uppáskrift forsrh. Þess vegna væri í raun ekki ástæða til að ræða þessa till. Hitt er miklu merkilegra, sem að baki liggur og kemur fram m. a. í því, að þessi till. er flutt af fulltrúum þriggja flokka hér á Alþingi.

Talsmenn sumra þessara flokka hafa ekki farið leynt með þá skoðun sína, að Alþingi eigi að koma saman eins fljótt og kostur er og kosningar aðrar að fara fram um mitt sumar eða svo. Þessi skoðun kom fram á fundum formanna stjórnmálaflokkanna og m. a. af þeirri ástæðu var um það rætt af sumum formönnum að taka inn ákvæði til bráðabirgða í frv. um stjórnlagabreytingu, sem kvæði á um slíkan framgang mála. Við framsóknarmenn lögðumst gegn þessu af ástæðum sem ég kem að síðar. Sömuleiðis hefur þessi vilji komið fram í ræðum t. d. formanns Alþb. og formanns Sjálfstfl. Þeir hafa ekki farið leynt með þá skoðun sína, að aðrar kosningar ætti að heyja nú þegar í sumar.

Við framsóknarmenn höfum út af fyrir sig ekkert á móti því, að aðrar kosningar fari fram svo fljótt sem aðstæður leyfa. Við teljum hins vegar að efnahagsástand þjóðarinnar og erfiðleikar atvinnuveganna séu slíkir, að þjóðin hafi alls ekki efni á því að standa í kosningabaráttu hálft árið án þess að á þeim málum sé tekið af fullkominni festu. Ég get sagt fyrir mitt leyti að ég mundi fagna því, ef sá stóri meiri hl., sem stendur að baki þessari till., væri tilbúinn til þess að taka á efnahagsmálum þjóðarinnar þannig að vit sé í. Ég mun ekki standa í vegi fyrir því. Og þá getur vitanlega sá meiri hl. ákveðið aðrar kosningar og þær gætu jafnvel orðið fljótlega, ef þannig væri tekið á þessum mikilvægu málum að traust vekti.

Ég vil jafnframt segja það að fyrir okkur framsóknarmönnum vakir ekki að tefja fyrir öðrum kosningum. Við værum tilbúnir að taka þátt í aðgerðum í efnahagsmálum, sem gætu þá tryggt að aðrar kosningar færu fram, án þess að valda stórtjóni, sem ég tel að annars

yrði í atvinnu- og efnahagsmálum þessarar þjóðar. Ég vek hins vegar athygli á því, að hér á Alþingi hefur undanfarnar vikur virst vera samstaða um að gera sem minnst í þeim málum. T. d. hefur verið samstaða með Alþb.-mönnum og stjórnarandstöðunni um að koma í veg fyrir lagfæringu á vísitölukerfinu, sem m. a. hefði frestað þeirri holskeflu sem yfir þjóðina gekk 1. mars s. l., sem kostar t. d. sjávarútveginn 670 millj. á ársgrundvelli. Sú samstaða þessara þriggja flokka kemur því fram á fleiri sviðum en í flutningi þessarar till.

Ég vara mjög við að ota þjóðinni út í tvennar kosningar eins og nú er ástatt. Það er að sjálfsögðu engin launung að eftir slíkar holskeflur eiga atvinnuvegirnir í stórkostlegum greiðsluerfiðleikum. Á þeim málum þarf að taka og samstöðu þarf að ná um aðgerðir í efnahagsmálum, sem snúa við þeirri þróun, sem nú er orðin í verðbólgu hér á landi og efnahagslífinu almennt. Ég endurtek: Ég mundi fagna því að sjá tillögu frá þessum flokkum á því sviði. (**HBl:** Hvar eru tillögur stjórnarinnar?) Við höfum lagt fram tillögur, m. a. um vísitölumálið, ég rakti það hér áðan, og fleira. Hv. þm. getur eflaust fengið orðið hér á eftir, og ég bið forseta að vera jafnröggsamur í stjórn og hann hefur stundum verið þegar ritari á í hlut. (**Gripið fram í:** Þegar þinn ritari á í hlut.) En hann snýr sér sjaldan að þessum.

Um þetta mætti flytja langt mál, en það er ekki ætlun okkar framsóknarmanna að tefja framgang þessarar till. Það er ekki ætlun okkar framsóknarmanna að standa á nokkurn máta í vegi fyrir þeirri samstöðu, sem virðist liggja að baki þessari till., né sýna andstöðu við önnur góð mál hér á hinu háa Alþingi. Ég fyrir mitt levti og við framsóknarmenn teljum sjálfgert að ríkisstj. segi af sér eftir kosningar. Ljóst er að samstaða hefur myndast með þremur flokkum öðrum. Þeir eiga að taka við stjórn ef þeir eru reiðubúnir að gera það strax. Munum við heldur ekki standa í vegi fyrir því. En ég vil fullvissa hv. alþm. um það, að við munum leggja áherslu á að sú ríkisstj. sem nú situr segi af sér eftir kosningar, þannig að þessir þrír flokkar geti tekið við. Og að sjálfsögðu er þessum flokkum í lófa lagt að ákveða kosningar þegar þeim sýnist. Þeir hafa mikinn meiri hl. hér á hinu háa Alþingi.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, enda tíminn sem við höfum nú brátt útrunninn. Eins og ég sagði áðan er það ekki ætlun okkar framsóknarmanna að standa í vegi fyrir samþykkt þessarar till. Ég vil ljúka orðum mínum með því að óska Sjálfstfl. og Alþb. til hamingju með samstarfið.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tek það skýrt fram, að flutningur þessarar þáltill. þýðir alls ekki, af hendi Alþfl., að verið sé að samþykkja tvennar kosningar á þessu ári. Alþfl. telur, eins og Framsfl., að myndun nýrrar ríkisstj. strax að kosningum loknum sé bráð nauðsyn. Ríkisstj. sem þorir að takast á við þann mikla efnahagsvanda sem nú er við að etja.

Aftur á móti telur Alþfl. að samkoma Alþingis sé nauðsynleg til þess að auðvelda myndun ríkisstj. og til þess að ráðast strax að efnahagsvandanum. Ef ekki tekst að mynda ríkisstj. að kosningum loknum, þá og þá fyrst er nauðsynlegt að taka ákvörðun um nýjar kosningar.

Ég endurtek, herra forseti: Frá hendi Alþfl. þýðir framlagning og samykkt þessarar þáltill. alls ekki ákvörðun um tvennar kosningar á þessu ári.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í þeirri till. sem hér er á dagskrá er ekki verið að ákveða neitt annað en það að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að þing verði kallað saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram. Það er gersamlega út í hött að leggja nokkra aðra meiningu í till. en í þessum orðum stendur. Þess vegna eru yfirlýsingar formanns Framsfl. hér áðan gjörsamlega út í hött. Úr því að hann hins vegar kýs að haga málum með þeim hætti sem hann hér gerir, þá get ég alveg eins óskað honum til hamingju með nýja álmeirihlutann, sem Framsfl. virðist vilja vera aðili að hér á hv. Alþingi, og er lítill sómi að þeim meiri hluta, verð ég að segja.

Hér er auðvitað um það að ræða að Alþingi lýsi því yfir, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram, svo að Alþingi geti tekið á þeim efnahagsvanda sem hér er uppi í þjóðarbúinu. Alþingi fjalli um vanda atvinnuveganna og Alþingi fjalli um vanda efnahagslífsins. Hér er ekki verið að gera tillögur um neitt annað. Sá meiri hluti, sem hugsanlega er fyrir þessari till. hér, er heldur ekki um neitt annað en það að þingið fái að fjalla um vanda efnahagslífsins. Það er sérkennilegt af flokki eins og Framsfl. að rísa með þeim hætti gegn því að Alþingi fjalli um efnahagsvandamál þjóðarinnar.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna orða hæstv. sjútvrh. vil ég aðeins taka fram að með flutningi þessarar till. er Sjálfstfl. ekki að lýsa yfir stjórnarsamstarfi með einum eða öðrum. Þessi till. fjallar um það, eins og fram kemur í efni hennar, að tryggja það að Alþingi lýsi yfir að hið nýja þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir næstu kosningar. Sjálfstfl. er ekki þeirrar skoðunar, að Framsfl. og Gunnar Thoroddsen eigi að stjórna landinu með brbl. fram eftir öllu sumri. (**Forseti:** Það á að ávarpa ráðh. sem hæstv.)

Erfiðleikar atvinnuveganna eru miklir. En hvernig hefur ráðh. í ríkisstj. sjálfri lýst þeim úrræðum sem ríkisstj. hefur framkvæmt: Of seint, of lítið. Þetta eru þeirra eigin orð. Það er einmitt þetta sem er um að ræða. Hvað er með viðmiðunarfrv., vísitölufrv.? Var leitað samstarfs við stjórnarandstöðuna um afgreiðslu þess? Því er kastað fram á síðustu dögum fyrir 1. mars. Við stjórnarandstæðingar í Sjálfstfl. mættum á fund í nefndinni áður en frv. var vísað til nefndar, en einn stjórnarflokkanna dró sinn fulltrúa til baka og vildi ekki mæta. Það voru engar viðræður hafðar við Sjálfstfl. áður en frv. var lagt fram. Það sýnir að það var ekki vilji fyrir því að koma þessu máli fram. Brbl. frá því í haust náðu hvergi tilgangi sínum. Þau komu sex mánuðum of seint. Þess vegna voru áhrif þeirra svo lítil. Ríkisstj. hefur setið síðan aðgerðarlaus með öllu. Það er fyrst og fremst þeim að kenna, sem í þessari hæstv. ríkisstj. sitja, að engar ráðstafanir hafa verið gerðar í efnahagsmálum. Ríkisstj. hefur setið þegjandi og aðgerðarlaus til þessa og Framsfl. vill halda áfram að sitja aðgerðalaus og stjórna með brbl. eftir næstu kosningar, á meðan fram fer myndun nýrrar ríkisstj.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hér er í reynd um mjög óvenjulegt mál að ræða, eins og kom fram í orðum hæstv. forseta, þegar hann kynnti málið, að hér væri um frv. að ræða. Það er hinn venjulegi gangur mála að frv. séu rædd í deildum og hljóti þar venjulega meðferð og þáltill. séu fluttar og ræddar í Sþ. Hér er um mál að ræða sem að sjálfsögðu hefði átt að flytja í Sþ. En í stað þess hafa flm. kosið að flytja sams konar þáltill. í báðum deildum. Það verður ekki skilið öðruvísi en svo, að afgreiða eigi tvær sams konar tillögur frá Alþingi til þess að Alþingi geti almennilega látið í ljós vilja sinn varðandi þetta mál.

Framsfl. hefur lýst því yfir að hann sé andvígur tvennum kosningum á þessu ári. Og hann hefur lýst því yfir að nauðsynlegt sé að taka á efnahagsmálum strax að loknum kosningum. Hv. formaður Alþb., Svavar Gestsson, hefur lýst því yfir að hann telji nauðsynlegt að hafa tvennar kosningar á þessu ári og sams konar yfirlýsingar hafa komið frá þeim sjálfstæðismönnum. Það er ekki hægt að hugsa sér að neitt annað búi hér undir en að menn vilji leggja á það áherslu með þessari þáltill. að efnt skuli til tvennra kosninga á þessu ári. En í umr. um þetta mál hafa menn heykst á því að lýsa yfir þeim vilja sínum, sennilega vegna þess að þeir treysta sér vart til þess að verja slíkt gagnvart þjóðinni. Og það er að heyra að þessir flokkar hafi nú hætt við þetta. Hvað er það þá sem þeir vilja? Að sjálfsögðu höfum við framsóknarmenn mikinn áhuga á því að menn segi skilmerkilega og af fullri hreinskilni hvað þeir eru að fara. Við höfum engan áhuga á því að halda uppi einhverjum málalengingum um það, eins og hæstv. iðnrh. hefur gert hér í allan dag, öllum til leiðinda. Þess vegna skal ég vera mjög stuttorður og vænti þess að hæstv. iðnrh. verði það framvegis.

Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað ætlast menn fyrir? Það kom hér fram hjá formanni Alþb. að þeir ætluðu að koma saman að loknum kosningum og taka á efnahagsmálum, án þess að mynda ríkisstj. Af hverju eru menn þá ekki tilbúnir að taka á þessum efnahagsmálum strax? Hafa menn trú á því að hægt verði að taka á efnahagsmálum í þessu landi án þess að mynda ríkisstj. eða mynda til þess meiri hl. hér á Alþingi? Var tekið á þessum málum fyrstu tvo mánuðina 1979 og 1980, áður en ríkisstj. var mynduð? Það er náttúrlega gersamlega út í hött að halda því fram að menn ætli að koma saman á Alþingi til þess að taka á efnahagsmálum án þess að mynda meirihlutastjórn í landinu. Af hverju geta þessir menn þá ekki tekið á þeim málum strax? Og hvernig ætla þeir að taka á þeim málum án þess að mynda meiri hl.? Sannleikurinn er náttúrlega sá, að það býr hér eitthvað undir. Sennilega býr það þá undir að þessir flokkar hyggjast ná saman að loknum kosningum og taka á þessum efnahagsvanda. Og fyrst þeir ætla að gera það, þá væri náttúrlega fróðlegt að þeir upplýstu okkur eitthvað um það með hvaða hætti þeir ætla að gera það. Ætla þeir að taka á vísitölumálunum? Það hefur verið erfitt að fá þá til að taka á þeim málum hingað til. Alþb. hefur alls ekki viljað taka á þeim málum og Sjálfstfl. hefur sýnt þeim heldur lítinn áhuga, þótt ég viðurkenni það sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði hér, að þeir sýndu málinu þó mun meiri áhuga heldur en Alþb.

Ætla þeir að taka á ríkisfjármálum eða ætla þeir að minnka erlendar lántökur? Það hefur ekki komið í ljós mikill vilji hér í þinginu undanfarið til þess að halda erlendum lántökum í skefjum. Allur þessi málatilbúnaður er því að sjálfsögðu hrein markleysa. Við, sem viljum ekki standa að þessum málatilbúnaði, eigum heimtingu á að fá að vita hvað menn eru að fara. Og þjóðin á náttúrlega heimtingu á að fá að vita hvað menn eru hér að samþykkja. Það þýðir ekkert að koma hér fram og segja að menn ætli að sjá til þess að Alþingi komi saman til þess að menn geti fengið tækifæri til þess að ræða um efnahagsmál. Við erum búin að vera að ræða hér um efnahagsmál í allan vetur. Það hefur gengið fremur illa, enda hefur núv. ríkisstj. ekki starfhæfan meiri hl. hér á Alþingi og það hefur komið í ljós að þegar þannig er í pottinn búið er ekki hægt að taka á þeim málum. Auðvitað vita þeir þm. sem hér standa að málum að það er ekki hægt að gera þetta öðruvísi en að mynda starfhæfan meiri hl. á Alþingi. Er þá ekki alveg eins gott að menn viðurkenni það og segi það skilmerkilega og séu ekkert að draga í land með það, að það sem stefnt sé að séu tvennar kosningar á þessu ári.

Vonandi eru þá viðkomandi aðilar tilbúnir að bera ábyrgð á því, tilbúnir að bera ábyrgð á þjóðfélaginu meðan á því stendur, þótt við framsóknarmenn séum ekki tilbúnir að gera það. Við teljum að hér sé við slíkan vanda að etja, að ekki sé verjandi að eyða fleiri mánuðum í kosningabaráttu. (**MB:** Af hverju lögðuð þið þá í veturinn?) Af hverju lögðum við í veturinn? Það er svo sem ágæt spurning. Það hefði sjálfsagt verið að mörgu leyti skynsamlegt að þær kosningar, sem nú eiga eftir að eiga sér stað, hefðu verið afstaðnar. Við getum orðið sammála um það. En þess þá heldur ber að forðast það að fara í tvennar kosningar það sem eftir er ársins.

Herra forseti. Ég sagði hér í upphafi máls míns að ég hefði ekki áhuga á að tefja þetta mál. Ég vildi aðeins koma hér á framfæri skoðunum mínum í málinu, enda tel ég það óhæfu að menn standi hér í málalengingum og málþófi á Alþingi. Það ber fyrst og fremst vott um það að menn sætti sig ekki við lýðræðisleg vinnubrögð. Ég get ekki tekið þátt í slíkum málalengingum. Það er ekkert við það að athuga þótt meiri hl. Alþingis samþykki það og ákveði að farið skuli út í tvennar kosningar á þessu ári. Það eru lýðræðisleg vinnubrögð. En það er lágmark að menn segi frá því, en séu ekki með einhverjar blekkingar um það að menn ætli að ná þinginu saman til þess að tala hér um efnahagsmál í nokkrar vikur. Það leggur ekki nokkur maður trúnað á það.

Ég vildi aðeins að lokum biðja hv. flm. að upplýsa þetta nú í fullri hreinskilni. Það kemur náttúrlega fram í þessu máli að hér býr eitthvað að baki. Annars væri ekki lagt slíkt ofurkapp á að afgreiða málið. Flm. hafa jafnvel látið í það skína að þetta skipti engu máli og sé hið ómerkilegasta mál, þótt þeir hafi ekki treyst forseta Sþ. fyrir meðhöndlun þess. Nú leggja þeir ofurkapp á að afgreiða þetta mál, sem þeir telja jafnvel sjálfir nokkuð ómerkilegt. Það vekur mikla furðu hjá okkur að menn skuli leggja þetta ofurkapp á að afgreiða málið. Því skal engan undra þótt við viljum gjarnan vita aðeins meira um það en fram hefur komið hjá mönnum hér í þessum umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hygg nú raunar að það sé einsdæmi á Alþingi að uppi séu samtímis í báðum deildum um sama mál þáltill., tillögur sem þurfa

þó að fara á milli deilda. Ég hefði viljað spyrja hvort hv. flm. gætu bent á hliðstæðu þess. Svo koma menn hér upp í ræðustól og þvo hendur sínar eins og Pílatus forðum og fullyrða að það sé ekki gert vegna þess að menn vantreysti forseta Sþ. Ja, fyrr má nú vera.

Ég þarf ekki að spyrja hvers vegna þessi málatilbúnaður er hér uppi. Og þjóðin þarf ekki að spyrja um það. Það er sýnilegt að hér er kominn nýr meiri hl. á Alþingi. (**Gripið fram í:** Álmeirihlutinn.) enda hefur ekki farið neitt leynt hver er hinn nýi leiðtogi þrístirnisins: Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. (Gripið fram í.) Svo kemur hæstv. félmrh. og segir: Við viljum taka þátt, við viljum láta kalla saman þingið vegna þess að það þarf að taka á efnahagsmálum eftir kosningar. Hver er það í þessu húsi sem heldur að það geti beðið fram yfir næstu kosningar, hvað þá til hausts eins og nú er stefnt að? Nei, það þarf ekki að fá svör við því hér á hv. Alþingi hvað er á bak við. Það er líka hægt að vitna í ummæli ýmissa þm. og ráðh. því til staðfestingar hvað er á bak við. Það eru tvennar kosningar, kannske til að bjarga þeim sem detta út í fyrri kosningunum inn aftur. Ég er ekki viss um að það verði ávinningur fyrir þá í kosningum sem bera ábyrgð á því, ef verðbólgan heldur áfram að vaxa, þegar atvinnuleysi fer að skella yfir, því að mörg fyrirtæki eru nú stöðvuð og eru að stöðvast vegna þess að menn fást ekki til að taka á þessum málum. Eru líkur fyrir því að hv. þm. Alþb. verði frekar tilbúnir að taka á þessum málum eftir kosningar, fyrri kosningar? Eða ætla þeir að bíða fram til hausts? Því að í fyrsta lagi verður ríkisstj. eftir síðari kosningar komin, ef að vanda lætur, seinni partinn í ágúst eða í sept., því að það sjá allir að ekki verður kosið fyrr en seinni partinn í júlí eða a. m. k. eftir miðjan júlí, þó að fyrri kosningarnar fari fram 23. apríl.

Nei, hér þýða engin látalæti, engin látalæti um það að hverju er stefnt. Og það þýðir ekki fyrir hv. þm. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., að þvo hendur sínar eins og Pílatus forðum um að það hefði ekki verið vegna þess að hann treysti ekki forseta Sþ. Þetta sjá allir. Það er auðvitað óþarfi að ræða þessi mál hér meira. En ég vil að endingu enn lýsa ábyrgð á þá menn, sem ætla sér að stefna þjóðinni út í tvennar kosningar, þar sem það er sýnilegt að ekki verður hægt að taka á þeim málum, atvinnu- og efnahagsmálum, eins og þarf fyrr en að þeim loknum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins og komið hefur glögglega fram í máli manna hér á þinginu í dag og í umr. undanfarna daga, þá er hér á ferðinni mjög furðuleg till. og einstæð á borðum þm. og málsmeðferð öll með nokkuð sérkennilegum hætti. Við verðum að skoða þetta í samhengi og með tilliti til forsögunnar. Í því þrefi sem stóð við undirbúning stjórnarskrármálsins kom upp á síðari stigum málsins, eftir því sem prófkjör þróuðust með flokkum og stjörnurnar hröpuðu, viss tilhneiging til að reyna að hnýta aftan við stjórnarskrármálið ákvörðun um tvennar kosningar. Þetta var ákvæði til bráðabirgða um kosningar í sumar og þá eftir nýjum kosningalögum, þar sem hægt væri a. m. k. að vonast til að þeir sem stríðslukkan hafði snúið baki við í prófkjörum yrðu endurreistir vegna fjölgunar þingsæta. Við framsóknarmenn gátum ekki fallist á þetta ákvæði til bráðabirgða. Ekki það, að við sæjum ekki að þjóðinni væri mikið tjón og mikill skaði að verða að vera án nokkurra núv. alþm. um einhvern stuttan tíma, heldur sýndist okkur ástæðulaust og ófært að ákveða næst- næstu kosningar nú þegar, og rétt væri að prófa hvort ekki væri hægt að fá stjórnmálamenn, nýkjörna þm., þá sem kjörnir yrðu í apríl, til þess að herða upp hugann og reyna að takast á við efnahagsmálin, reyna að bægja frá þeim bráða háska sem yfir vofir og hvert mannsbarn hlýtur að sjá glögglega.

Við lifum í verðbólgu sem eykst frá viku til viku hröðum skrefum. Við horfum fram á það, að við erum alveg komnir á síðasta snúning. Við erum komnir langt yfir hættumarkið. Við erum komnir á það stig, að það getur hver verið síðastur að snúa við. Stærri þjóðir en við hafa ekki ráðið við verðbólgu upp á kannske 100% og við erum sannarlega farnir að sjá framan í þvílíka ófreskju. Við vildum sem sagt prófa hvort næsta Alþingi væri ekki í færum að gera það sem gera þyrfti, a. m. k. einhverjar bráðabirgðaráðstafanir, sem gætu skapað næði, og þá væri hægt að kjósa á hentugum tíma. Auk þess finnst okkur óeðlilegt og óviðfelldið að binda hendur ókjörins Alþingis. Við vitum að það verða mikil mannaskipti á þinginu. Við vitum ekki nákvæmlega hug þeirra manna, sem hingað koma til með að verða kjörnir nýir, kannske í heilum fylkingum. En síðan yrði hægt að kjósa á hentugum tíma, þegar búið væri að gera þær ráðstafanir sem ekki yrði undan vikist. Og við mundum meta það meira, þó ekki tækist nema að bremsa þessa stórhættulegu þróun, við mundum meta meira ef það væri hægt heldur en að endurheimta félaga okkar, sem tímabundið hverfa væntanlega hér af vettvangi.

Það varð endirinn að málið var lagt fram án þess ákvæðis til bráðabirgða. Og það var vegna kröfu okkar framsóknarmanna sem það var tekið úr, því við ætluðum ekki að standa að málinu öðruvísi. Síðan kemur það hér til meðferðar í Alþingi og það er kosin stjórnlaganefnd til þess að fara með málið, lausanefnd í Alþingi. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem fulltrúi hér úr hv. deild fyrir minn flokk. Strax á fyrsta fundi nefndarinnar byrjuðu menn að klifa enn á því að taka inn í frv. ákvæði til bráðabirgða um kosningar í sumar. Við mótmæltum því harkalega framsóknarmenn, og ég lét í ljós þá skoðun mína, að ég gæti ekki staðið að nál. með öðrum flokkum ef þetta ákvæði yrði tekið inn. Við urðum að skila sérstöku nál.

Vegna samviskusemi og sérstakrar lipurðar formanns n., hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, tókst okkur framsóknarmönnum í n. að varna því að þetta ákvæði yrði tekið inn og þess vegna gátum við með góðri samvisku staðið að afgreiðslu nefndarinnar óklofinnar um málið. En fulltrúar Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. tilkynntu okkur í n. að þeir mundu þá verða að flytja þetta mál með öðrum hætti. Þeir tilkynntu okkur það að þeir mundu flytja það sem frv. í þinginu um samkomudag Alþingis. Þannig kæmust þeir að markinu, þannig gætu þeir strax eftir þessar kosningar afgreitt kosningalögin og boðað til nýrra kosninga.

Nefndarstarfinu lauk og við gátum sæmilega unað við okkar hlut. Okkur hafði tekist að varna því að ákvæði til bráðabirgða yrði tekið inn. Við vissum að í farvatninu var málatilbúnaður frá hinum flokkunum um nýjar kosningar og þá kom til Teits og Siggu. Satt að segja varð ég undrandi þegar ég sá hver þróunin hafði orðið. Þeir höfðu komið sér saman, Alþb. og Sjálfstfl. og Alþfl., sem hafði þó nokkra sérstöðu að einu leyti, Alþfl. leggur ekki eins mikla áherslu á það að fá

kosningar strax eins og hinir flokkarnir, eða tvennar kosningar strax. En þeir höfðu tekið saman höndum um það að ákveða samkomudag Alþingis.

Úr því að þetta mál var ekki flutt í frv.-formi og þál.-leiðin var valin, þá var auðvitað sjálfsagt að flytja málið í Sþ. Það var hin þinglega aðferð. En hún var ekki valin. Í Morgunblaðinu stóð það svart á hvítu að málið væri ekki flutt í Sþ. vegna þess að þar væri forseti framsóknarmaður. Það er ómaklegt mjög að vega svo að hæstv. forseta Sþ. að honum sé ekki treystandi fyrir þáltill. Ég get ekki hugsað mér forseta sem rækir starf sitt af meiri skyldurækni, lipurð og samviskusemi heldur en hæstv. forseti Sþ. að öðrum forsetum ólöstuðum. Lipurð hans er rómuð hér í þinginu. Nei, það þurfti að tortryggja hann. Það þurfti að hafa annan hátt á. Málið skyldi flutt sem þáltill. í deildum. Þá var auðvitað eðlilegt að málið væri flutt sem þáltill. í Nd. af formanni Nd.-nefndarinnar, hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni. En ekki gekk það nú alveg upp.

Þeir eru miklir fyrir sér sumir hérna í þinginu, og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vildi gjarnan vera 1. flm. að þessu máli. Þess vegna er það fáránlega ráð tekið að flytja samhliða í báðum deildum sama mál. Þetta er fáheyrt og ég veit reyndar ekki um nein fordæmi fyrir því. Auðvitað var það stórkostlega fræðandi fyrir hv. Ed.-menn að hlýða á framsöguræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, en þó held ég að þeir hefðu getað numið spekina þó að búið hefði verið að mæla fyrir málinu hér í Nd., og hv. þm. Ólafur Ragnar hefði getað flutt sína snjöllu ræðu yfir Ed.-mönnum sem almennur ræðumaður.

En æðibunugangurinn var nú meiri en svo að þetta væri nóg. Það var ekki einu sinni hægt að hafa hina þinglegu meðferð á þskj. Nei, nei. Hv. þm., formaður þingflokks Alþb. tekur sig til, dreifir ljósriti af þskj. sem ekki var búið að bóka, ekki var búið að leggja fram, og dreifir því til fréttamanna sem hér voru staddir í húsinu. Ég sá hjá fréttamönnum þetta ljósrit af handritinu 2½ klukkutíma áður en hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, lagði þáltill. inn á skrifstofu til skjalavarðar til bókunar. Það var ekki hægt að bíða eftir því að starfsmenn þingsins fengju málið til réttrar meðhöndlunar. Nei, nei, það varð að auglýsa það fyrir þjóðinni að þetta væri á leiðinni og þarna væru nú aldeilis menn á ferð.

Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þeim meiri hl. sem myndast hefur, og þarf náttúrlega ekki vitnanna við, því að svo er nú orðið tilhugalíf Alþb. og Sjálfstfl. hér í þinginu, ekki einasta um þetta mál, vísitölumálið, brbl. á lokastigi, þar sem Alþb. hélt í höndina á Sjálfstfl. eftir því sem unnt var, og í fleiri málum sem of langt yrði upp að telja. Þetta tilhugalíf getur náttúrlega ekki bent til annars en að náin samskipti eru á næsta leiti. Það liggur við að við framsóknarmenn þurfum að fyrirverða okkur fyrir að vera þarna fyrir og þeir fái ekki að njótast strax. Ég lýsi sem sagt ábyrgð á hendur þeim meiri hl. sem hér hefur myndast. Framsóknarmenn vilja ekki taka þátt í því að boða til seinni kosninganna fyrr en útséð er um að næsta Alþingi hafi ekki manndáð til að vinna þau verk sem óhjákvæmilegt er að vinna.

Þar að auki — sem er nú kannske rúsínan í pylsuendanum — hefur þessi till. náttúrlega ekki neitt stjórnskipulegt gildi og er út af fyrir sig alveg óþörf, alveg óþarft vantraust og ómaklegt vantraust á næsta Alþingi. Ef hér myndast eftir kosningarnar meiri hluti, þá tekur hann að sjálfsögðu við völdum. Það er hin rétta aðferð, að menn komi sér saman um hvernig þeir ætla að stjórna landinu eða láta því óstjórnað, taki saman höndum með lýðræðislegum hætti og gangi frá málunum, myndi ríkisstj. sem — ef hún hefur sómatilfinningu til — reynir að reisa rönd við þeim háska sem að okkur steðjar í efnahagsmálum. Ef hún hins vegar hefur ekki dug til þess, þá er að demba sér út í nýjar kosningar. En í því viljum við framsóknarmenn ekki taka þátt. Við afsegjum að standa að samþykkt svona till. af því að við vitum að á bak við liggur að mennirnir eru bara að hugsa um að kjósa og reyna að styrkja með því stöðu sína og tefla í hættu efnahagslegri velferð þjóðarinnar e. t. v. um langan tíma. Svo belgir hæstv. heilbrmrh. sig út hér í ræðustól um það, að hann ætli að kveðja saman Alþingi til þess að taka rækilega á efnahagsmálum. Eftir þau kynni sem við framsóknarmenn höfum haft af þessu samstarfi við Alþb., gætum við giskað á að honum væri eitthvað ofar í hug en að taka á efnahagsmálum. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl., gerði þetta atriði að umtalsefni með glöggum hætti hér áðan. Mér sýnist ekki þörf þar um að bæta, en get ekki annað en látið í ljósi sérstaklega mikla furðu mína á hinum digurbarkalegu orðum hæstv. heilbrmrh. um þetta efni. Hann hefur haft tækifæri til allt síðan 8. febr. 1980 að taka á efnahagsmálum í samstarfi við okkur framsóknarmenn. En flokkur hans hefur ekki verið sérlega fús til þeirra verka.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta mál öllu meira. Mér sýnist rétt að hinir samhæfðu kraftar Sjálfstfl. og Alþb. fái að taka saman og njóta sín í þjóðfélaginu. Þá bæru þeir líka ábyrgðina á því hvernig landinu yrði stjórnað. Við framsóknarmenn bjóðum okkur fram til að stjórna landinu eftir kosningar. En við viljum reyna að stjórna því með árangri. Við viljum stjórna því til þess að hér verði betra að búa, til þess að hér verði traustari efnahagur, til þess að hér verði blómlegra atvinnulíf, en ekki verið að leggja alla áherslu á að slást í kosninguna. (**Gripið fram í:** Hvað ætlið þið að gera fram að kosningum?) Við ætlum að reyna að stjórna landinu með þeim burðum sem við höfum. Við munum fara til þjóðarinnar og biðja um aukið traust til að koma betur fram stefnu okkar og gera okkur meira gildandi í stjórnmálalífi þjóðarinnar. Við munum reyna að standa fyrir því, að hér sé það þjóðfélag sem við viljum hafa, með blómlegu atvinnulífi og allir hafi nóg fyrir sig að leggja. Við viljum reyna að forðast atvinnuleysi. Við viljum stemma stigu við hinni stórhættulegu skuldasöfnun í útlöndum o. s. frv., sem ég kem til með að rekja í löngu máli á framboðsfundum fyrir norðan og þarf ekki að flytja hér fyrir hv. 3. þm. Reykn. í ítarlegra máli.

Ég legg til að þessi till. verði felld. Hinn nýi meiri hl. getur að sjálfsögðu neytt aflsmunar og samþykkt till. þó að við greiðum atkv. á móti henni. Það er hans réttur. Það er nefnilega réttur meiri hl. að gera þær vitleysur sem hann kemur sér saman um að gera.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er einn af flm. þessarar till. og mér þykir rétt að segja nokkur orð um hana, einkum og sér í lagi vegna þess að hér hefur margt orðið fallið sem ekki er hægt að láta ósvarað.

Ég var satt að segja ákaflega undrandi þegar ég varð var við þá miklu óánægju sem var meðal þm. Framsfl. með flutning þessarar till. Ég vissi ekki betur en það

væri klappað og klárt að þm. þriggja flokka mundu flytja þessa till. sér á parti og að hún yrði afgreidd hér fyrir þinglokin. Ég veit ekki betur en þingflokkur Framsfl. gerði sér fulla grein fyrir því að á þessu væri von og að það væri vilji mikils meiri hl. þingheims að það efni, sem í þessari till. felst, yrði staðfest af Alþingi og þá yrði við það að una. En það kom í ljós að þessi litla till. — um það að Alþingi verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir næstu alþingiskosningar — reyndist mesta stórmál sem Framsfl. hefur staðið frammi fyrir á því kjörtímabili sem nú er senn á enda. Að þing skuli eiga að koma saman eftir kosningar er fáheyrt hneyksli, svo stórt að það hlaut að varða stjórnarslitum, ekkert meira og ekkert minna. (**Gripið fram í:** Þurfti að flytja till. um það?) Jú, vissulega má spyrja eins og hv. þm. gerir: (**Gripið fram í:** Vegna hvers?) Vegna þess að við sem sitjum á þessu þingi höfum ekki neina tryggingu fyrir því að þing komi saman fljótlega aftur eftir næstu kosningar til þess að fjalla um stjórnarskrármálið, ef við reynum ekki að fá það staðfest að þingvilji sé fyrir því nú, á því þingi sem er að afgreiða stjórnarskrána. (Gripið fram í.) Nei, það þarf auðvitað fyrst og fremst vilja þeirrar ríkisstj. sem er starfandi á hverjum tíma. Það er hún sem kveður þingið saman og ef þar er einn aðili inni, sem hyggst beita neitunarvaldi gagnvart því að þing sé kvatt saman, þá kemur það ekki saman. Þetta er auðvitað ástæðan fyrir því að þá er eðlilegra að kanna það hér á Alþingi, hvort ekki er mikill meirihlutavilji fyrir því að þing komi saman.

En þá er spurningin þessi: Hvers vegna þarf þing að koma saman? Hvers vegna er eðlilegt að þing komi saman? Ástæðan er ósköp einfaldlega sú, að við sem stöndum að breytingu á stjórnarskránni teljum nauðsynlegt að staðfesta það samkomulag, sem tekist hefur um stjórnarskrármálefnin, fljótlega eftir næstu kosningar. Við viljum ekki að það bíði kannske í hálft eða eitt ár. Við óttumst að ef mjög langur tími líður frá því að um málið er fjallað hér á Alþingi í fyrra sinn og þar til það er tekið til umr. aftur í seinna sinn, þá gæti það samkomulag, sem nú hefur blessunarlega tekist hér í þinginu, verið í hættu. Eftir þær ítarlegu og miklu umr., sem hafa orðið um hvernig kosningalögum skuli skipað, viljum við að sú niðurstaða sé staðfest af þinginu hið fyrsta eftir næstu kosningar.

Hitt málið, sem hér hefur svo aftur verið gert að umtalsefni hvort kosningar verða þar á eftir, er allt annað mál. Það er hvergi minnst á það í þessari till. Það er mál, sem ríkisstj. tekur ákvörðun um, þegar þar að kemur. Það má vel vera að eftir næstu kosningar verði mynduð ný ríkisstj. og hún vilji koma fram efnahagsaðgerðum eða hafa uppi það prógramm í þjóðmálum sem kostar nokkurn tíma að framkvæma. Þá er það hennar ákvörðun hvenær hún vill efna til næstu kosninga.

Það er svolítið lævís áróður fólginn í þessu kosningatali þeirra framsóknarmanna. Vegna þess að það verður að hafa kosningar strax eftir að stjórnarskráin hefur verið samþykkt einu sinni kunna ýmsir að halda að svo þurfi að vera eftir að stjórnarskráin hafi verið samþykkt öðru sinni. Það er ekki. Það er skylda samkv. stjórnarskránni, ef henni er breytt, að rjúfa þing og boða þegar til kosninga. Síðan getur þing komið saman á nýjan leik og breytt stjórnarskránni endanlega með því að staðfesta þá fyrri breytingu sem Alþingi hefur samþykkt. Svo er hægt að fresta þingi og þarf ekki að hafa kosningar fyrr en mönnum sýnist og sú stjórn sem þá tekur við ákveður. Það er ekkert samband þarna á milli.

Þegar hv. þm. Framsfl. eru að reyna að tengja þetta mál við hugsanlegar nýjar kosningar, þá er það ekkert annað en áróður. Ég er hins vegar ekkert að útiloka það, að næsta stjórn kynni að vilja hafa nýjar kosningar og kjósa eftir hinni nýju kjördæmaskipun. Og ég get vel skilið að Framsfl. sé ekkert spenntur fyrir því að láta kjósa eftir þessari nýju kjördæmaskipun vegna þess að forustumenn hans vita og hafa alltaf vitað að þeir koma heldur lakar út úr þessu nýja kosningafyrirkomulagi heldur en því gamla. Þeir vilja kannske fresta því í lengstu lög að láta kjósa í annað sinn. Þetta er ósköp skiljanleg afstaða og þarf ekkert að fara í launkofa með hana. Við skiljum það allir þm., að framsóknarmenn eru ekkert æstir í það að láta kjósa öðru sinni og verða að taka á sig það tap sem þeir óhjákvæmilega verða fyrir með nýju fyrirkomulagi. (**SV:** Ertu alveg viss um það?) Ég er alveg viss um það, já, og ég veit að forustumenn Framsfl. hafa ekki heldur sjálfir dregið neina dul á það, að auðvitað er nýja fyrirkomulagið þess eðlis að þeir tapa á skiptunum. En þó að svo sé, þá er ekkert sem segir það í dag, hvenær næstu kosningar fara fram. Það getur orðið í júnímánuði, ef ný stjórn ákveður það, ef hún vill frekar stjórna með seinni kosningarnar að baki. Það getur líka orðið næsta haust, ef ný stjórn vill hafa nokkurra mánaða frest til að gera ráðstafanir og vill svo boða til kosninga með haustinu, en það getur líka allt eins orðið eftir eitt ár. Það er ný stjórn sem ákveður það.

Það er ekkert í þessari till., ekki nokkur skapaður hlutur sem felur það í sér að verið sé að taka ákvörðun um seinni kosningarnar. Það hefur bara ósköp einfaldlega legið fyrir að þrír flokkar hér á Alþingi hafa viljað tryggja það, að þing kæmi fljótlega saman aftur. (**SV:** Það er engin trygging fyrir því.) Jú, ég hygg nú að það sé nokkur trygging fyrir því, ef þær tillögur verða samþykktar sem hér liggja fyrir. Ég hygg að hinn ágæti þm. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e. geri sér fulla grein fyrir því, að ef Alþingi hefur samþykkt með miklum meiri hl. atkv. að þing skuli koma saman 18 dögum eftir næstu kosningar, þá getur engin ríkisstj., hvernig sem hún er skipuð, staðið að neinu öðru en því að fara að þeim vilja þingsins. Það má að vísu segja eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson er kannske að hugsa: Það er engin 100% trygging. Það er alveg rétt. Það er hægt að sniðganga það. En það verður enginn meiri maður af því. Hver stjórn hlýtur að vilja virða þingviljann, vilja virða lýðræðið í landinu. Það er ljóst að hinir nýkjörnu þm. verða ekki spurðir að því hvort þing verður kallað saman. Það er ríkisstj., sem þá situr, sem tekur þá ákvörðun. Og ef hún hefur að leiðarljósi þessa ákvörðun Alþingis, að vilja kalla saman þing 18 dögum eftir kosningar, þá hlýtur hún að fara eftir því.

Það lá fyrir að þrír flokkar vildu að þing kæmi saman. Einn flokkurinn var á móti. Þetta var staðfest í stjórnarskrárnefndinni. Við lýstum yfir þeim vilja okkar þar að flytja till. af þessu tagi og ég vissi ekki betur en að þá væri fullt samkomulag um að við gerðum það. Þeir sem væru á móti þessari till. greiddu þá atkv. á móti henni en hinir samþykktu hana. Að það þyrfti að verða þetta einkennilega upphot og hótanir um úthlaup úr ríkisstj. vegna þess að menn óska eftir því að þing komi saman, það kom mér heldur betur í opna skjöldu og áreiðan-

lega mörgum fleiri landsmönnum. Ég er viss um að það eru þúsundir og tugþúsundir kjósenda Framsfl. um allt land, sem botna ekki upp né niður í þeirri afstöðu Framsfl., að það sé orðið mikilvægasta málið, sem Framsfl. hefur staðið frammi fyrir í þrjú ár, hvort þing komi saman eða ekki. Og þó vita allir að það verða ekki gerðar neinar efnahagsráðstafanir á komandi sumri eða komandi vori öðruvísi en þing komi saman. Þingið verður að lögfesta flestar þær aðgerðir sem ríkisstjórnir grípa til. Þar af leiðandi er nokkurn veginn sjálfgert að þing hlýtur að koma saman.

Nei, nú virðist ýmislegt annað, sem áður hefur verið efst í huga manna, eins og verðbólga, erlend skuldasöfnun, samdráttur í þjóðarframleiðslu eða annað þess háttar, ekki vera stóra málið, sem þjóðin stendur frammi fyrir, heldur aðeins það hvort nýkjörið þing fær að koma saman. Ég vil taka það skýrt fram að allt tal minna ágætu samstarfsmanna, sem gripnir eru mjög sérkennilegum eldmóði hér í dag, að ekki sé meira sagt, allt tal þeirra um að hér sé verið að ákveða nýjar kosningar er gersamlega úr lausu lofti gripið, gersamlega út í bláinn.

Hitt er svo þess háttar brandari að maður eyðir ekki orðum að því, að með flutningi þessarar till. hafi skapast einhver nýr þingmeirihluti hér á Alþingi, að þingið megi ekki lýsa yfir þeim vilja sínum að næsta þing skuli koma saman fljótlega eftir næstu kosningar, þá sé bara kominn nýr þingmeirihluti hér á Alþingi. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég hélt að menn færu ekki að nefna snöru í hengds manns húsi, menn sem sækja á hér öllum stundum að koma fram till., sem flutt er af Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. og felur það í sér að taka eitt stærsta mál ríkisstj. úr hennar höndum, eitt stærsta málið sem við stöndum frammi fyrir og iðnrh. hefur farið með fram til þessa, taka það úr höndum hans og fela það nefnd, þar sem stjórnarandstaðan á að sjálfsögðu að vinna í góðu samkomulagi við Framsfl. að nýrri stefnumótun í því máli, menn sem sækja það af ofurkappi að koma slíku fram hér. Það er þó efnisatriði sem um er að ræða. Það er verið að taka stóran málaflokk úr höndum ríkisstj. með aðstoð stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Menn, sem flytja mál af þessu tagi og búa sig nú undir að halda margra klukkutíma fund í nótt út af þessu máli, kannske til morguns — **(Gripið fram í:** Ætlar þú að tala í því máli?) Ég ætla að tala í því máli og ég ætla að tala lengi, það er rétt. Ég ætla að gera það. Ég ætla ekki að horfa á það sitjandi hér að Framsfl. standi að því með stjórnarandstöðunni að taka stóra málaflokka út úr höndum ríkisstj. Mér dettur ekki í hug að sitja þegjandi undir því. Ég ætla að halda hér langa ræðu og það ætla áreiðanlega margir fleiri að gera, því að hér er virkilegt stórmál á ferðinni. Hér er efnislegt mál á ferðinni. Hér er nefnilega verið að mynda nýjan meiri hl. um mál, um eitthvert efni sem stjórnmálin snúast um. Þetta sjá auðvitað allir skyni bornir menn.

En að þetta litla mál hér, sem fjallar um það hvenær þing eigi að koma saman, sé eitthvert stjórnarmyndunarmál, það er auðvitað þess háttar fjarstæða að engum heilvita manni dettur í hug að taka undir það utan þingsala. **(SV:** Hvers vegna þessa feimni?) Hvers vegna þessa feimni? Ég er ekki feiminn maður. En ég skil fyrr en skellur í tönnum. Ég skil það, að þegar hv. þm. Framsfl. eru óðfúsir til að ganga til samninga við Alusuisse ásamt stjórnarandstöðunni og taka þau mál úr höndum ríkisstj., þá er hér eitthvað á ferðinni, þá er hér eitthvað á seyði. Og ég þarf ekkert að vera feiminn til þess að benda á það. Ég vil segja að hér er lítið mál á ferðinni, afskaplega lítið mál, mál sem ekki þarf að valda neinum hávaða hér í þinginu, mál sem er einfaldlega þess eðlis, að það er vilji mikils meiri hl. þm. að þing komi saman.

Á það hefur verið bent af hálfu minna ágætu samstarfsmanna, framsóknarmanna, að það þurfi að mynda stjórn eftir næstu kosningar. Og þeir gefa í skyn að ekki sé hægt að mynda stjórn ef Alþingi er kvatt saman. Þetta mun almenningur í landinu eiga dálítið bágt með að skilja, að það sé ekki hægt að mynda stjórn ef Alþingi hefur komið saman. Auðvitað má til sanns vegar færa að þingfundir taka nokkurn tíma. Auðvitað má til sanns vegar færa að ef umr. eru miklar hér í þinginu hafa forustumenn flokkanna eitthvað minni tíma til að ræða saman. Því er það kannske ekki alveg út í bláinn, að það geti verið skynsamlegt að bíða einhverjar vikur með að þing komi saman. Ekki skal ég hafa neitt á móti því. Mér finnst það sjálfsagt og eðlilegt að forustumenn stjórnmálaflokkanna fái svo sem eins og þrjár vikur til þess að reyna að mynda stjórn áður en Alþingi kemur saman og er þá líklegt til að trufla þá. Ef mönnum hins vegar nægja ekki þessar þrjár vikur, þá má kannske bæta þeirri fjórðu við ef það gæti orðið til samkomulags. Ég er viss um að menn væru alveg tilbúnir til samkomulags um að þetta væru allt upp í fjórar vikur, ef menn leggja svona mikla áherslu á að stjórnarmyndunarviðræður geti átt sér stað.

Því hefur verið lýst yfir af forustumönnum Framsfl. og af ráðh. Sjálfstfl. í ríkisstj. að eðlilegt sé að núv. ríkisstj. segi af sér að loknum næstu kosningum. Ég hygg að það sé að flestu leyti eðlilegt að haga vinnubrögðum með þeim hætti. Ég álít að hvernig sem kosningaúrslitin verða sé eðlilegt að reynt verði við stjórnarmyndun á frjálsum grundvelli og þar af leiðandi segi þessi ríkisstj. af sér þegar kosningum er lokið og stjórnarmyndunarviðræður hefjast. Það getur verið álitamál hvað menn vilja ætla langan tíma til þess. Í till. sem við flytjum hér er stungið upp á því að menn geri þá tilraun í t. d. 18 daga og síðan komi þing saman. Ég segi fyrir mig að ef það væri eitthvert mál af hálfu framsóknarmanna að hafa þennan tíma lengri, við skulum segja þrjár vikur eða jafnvel fjórar, þá mundi ég persónulega vera til viðtals um það, þó að ég tali auðvitað ekki fyrir munn allra flm. þessarar till., sem kunna að hafa misjafnar skoðanir á þessu atriði. En ég legg á það áherslu að sá aðili sem síðan tekur ákvörðun um hvort nýjar kosningar fari fram er ekki þeir sem standa að þessari till. og sennilega ekki heldur núv. ríkisstj. Það hlýtur að vera ný ríkisstj., sem tekur við af þeirri sem nú er að störfum, ellegar Alþingi ákveður það sjálft þegar þar að kemur. Það er líka hugsanlegur möguleiki.

Ég tel að sá dagur sem nú er að kvöldi kominn en er þó langt frá því lokið hjá okkur alþm., að því er mér skilst, hafi nýst heldur illa og ekki liggi mikið eftir okkur eftir þennan dag. Það hefur mikið verið talað hér á Alþingi í dag, en fátt verið ákveðið. Senn líður að þingrofi og við eigum eftir að fjalla um fjöldamörg mál. Ég vek á því athygli að við eigum eftir að afgreiða vegalög frá þessari hv. deild. Þegar þau hafa verið afgreidd héðan þurfa þau að fara til Ed. Síðan þarf að fjalla hér um vegáætlun. Hugsanlega er aðeins eftir einn þingdagur, mánudagurinn. Til viðbótar þessu þarf sjálf-

sagt að afgreiða hér nokkra tugi annarra mála, þ. á m. lánsfjárlög, sem eru aðeins komin til nefndar í síðari deild og á eftir að ræða við tvær umr. í Ed. Ég álít að hv. þm. ættu að taka höndum saman um að semja um framgang mála á mánudaginn kemur, ljúka þeim málum sem allir hljóta að vera sammála um að verði að ljúka og þá um leið að semja um það hvernig þessu máli verði fyrir komið, vegna þess að ég trúi ekki öðru en hægt sé að semja við þá ágætu framsóknarmenn, sem hér eru æstastir á móti þessu máli, um einhverja skaplega niðurstöðu sem allir geta við unað. Ég trúi ekki öðru en að þeir geti fallist á það að eftir næstu kosningar segi þessi stjórn af sér og stjórnarmyndunartilraunir hefjist, en að eðlilegt verði talið að þing komi saman að einhverjum ákveðnum tíma liðnum eftir að kosningar hafa farið fram. Það hlýtur að verða talið ósanngirni af þeirra hálfu, ef þeir eru ekki til nokkurra samninga um þetta mál, og ég hef ekki trú á því, miðað við framgöngu þeirra í álmálinu svokallaða, að þeir verði ýkja margir utan þessara þingsala sem trúa þeirri furðusögu þeirra að með flutningi þessa þingmáls hafi skapast nýr þingmeirihluti á Alþingi. Svo fjarstæðukennd er sú fullyrðing, að jafnvel æstustu stuðningsmenn þeirra um allt land eru áreiðanlega sammála okkur hinum um að þetta er með meiri háttar fjarstæðum sem hér hafa heyrst á Alþingi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur komið fram að þessi þáltill. er ekki flutt í deildum vegna þess að flm. treysti ekki hæstv. forseta Sþ. Það kom aftur á móti fram í máli frsm. að hann treysti ekki forsrh. Samkv. stjórnarskrá hefur forsrh. þetta vald í umboði forseta. Þáltill. hlýtur ávallt að víkja fyrir lögum, hvað þá gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins.

Það er út af fyrir sig fráleitt að láta sér detta í hug að hægt sé að breyta stjórnarskránni með þáltill. Ég vil með leyfi forseta lesa hér upp 22. gr. stjórnarskrárinnar. Þar stendur svo:

„Forsetinn stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda þegar nauðsyn er til."

Et menn vilja ekki una þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, þá er að sjálfsögðu rétt að bera fram brtt. við stjórnarskrána þar sem þetta vald er tekið úr höndum forseta og fært til þingsins. Þá ættu þeir að bera fram brtt. við 22. gr. stjórnarskrárinnar. Svo einfalt er þetta. En það vekur ennþá meiri undrun að flm., sem hefur 20 ára þingreynslu, skuli ekki bera upp vantraust á ríkisstj. og stefna að því að losa sig við þennan forsrh. sem hann treystir ekki. Hvað dvelur hann í því að bera upp vantraust á ríkisstj.?

Hv. 6. þm. Suðurl. hefur lýst því yfir að hann beri ekki ábyrgð á ríkisstj. Hv. 8. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir hefur lýst því yfir að hún beri ekki ábyrgð á þessari ríkisstj. Hvað dvelur yfir höfuð 1. flm. till. að bera upp vantraust á ríkisstj. með þennan liðsstyrk á bak við sig sem hann er með í þingsölum? Er það kjarkurinn sem er brostinn?

Það vekur vissulega undrun að hann skuli vantreysta forsrh. en samt trúa því, að hann ætli að hlýða þál. sem brýtur í bága við það vald sem honum er falið í stjórnarskránni. (**Gripið fram í:** Það vantar viljann.) Vantar viljann, vantar viljann. Það má vel vera að það sé staðreynd málsins, að 1. þm. Vestf. vanti viljann í þessu máli, hann hafi ekki áhuga á að bera upp vantraust, hann vilji að forsrh. sitji. Engu að síður trúir hann því að með því að bera upp þáltill., sem hlýtur að vera víkjandi gagnvart stjórnarskránni, geti hann skikkað forsrh. til. Þetta er trú sem mér finnst dálítið grunnfærnisleg.

Hitt vekur ekki síður furðu, að fjmrh. kemur hér upp í ræðustólinn og hefur umr. um þáltill., sem liggur fyrir Sþ. og fæst varla rædd fyrir formanni þingflokks Alþb., því að strax og hún er tekin á dagskrá birtist hann og biður um orðið um þingsköp. En það er eðlilegt að dómi fjmrh. að hefja hér umr. um þessa þáltill. í reynd. Hann bætir því við, að hann trúi því ekki að ekki sé hægt að semja við framsóknarmenn um samkomudag Alþingis og slíka hluti. Það vekur dálitla athygli að í þeim samningum sem átt hafa sér stað um þessi mál hefur það fyrst og fremst verið formaður þingflokksins, hv. 11. þm. Reykv., sem hefur verið beitt. Ég ætla nú samt að Alþb.-mönnum sé almennt ljóst að það er ekki víst að við séum hvað ginnkeyptastir fyrir að eiga í miklum samningum við þann mann.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var undrandi á því að við værum óánægðir með að þing yrði kallað saman strax eftir kosningar. En þó ræddi hann það mál alveg sérstaklega, hvað fyrir okkur mundi vaka, og viðurkenndi að þetta hefði verið lítið hugsað, sem er ekkert undarlegt. Þetta er línan að ofan, línan frá hv. Ólafi Ragnari Grímssyni.

Það hefur komið í ljós að hann lagði hér fram till. löngu áður en till. kom frá þeim mönnum sem flytja þessa till. í Nd. Ég held að við, sem erum búnir að vera nokkuð lengi hér á Alþingi, höfum þá reynslu að það er ekki þægilegt að vera í stjórnarmyndunarviðræðum á sama tíma og Alþingi situr. Það hefur tekið meira en tvo mánuði enda þótt þing sæti ekki, hvað þá þegar þing situr. Svo er hæstv. fjmrh. að segja að það sé ekkert samkomulag um það og það liggi ekkert fyrir um að það eigi að fara strax út í aðrar kosningar. En hv. þm., þeir nafnar Ólafur Einarsson og Ólafur Ragnar Grímsson hafa ekkert farið í felur með þetta að undanförnu. Þeir hafa ekki farið í felur með það hvað fyrir þessari nýju fylkingu vaki þó að sumir þm. vilji sverja þetta af sér í bak og fyrir. (**Gripið fram í:** Þetta hvað?) Þetta með kosningarnar 2. júlí eins og þeir hafa verið að ræða um að væri markmiðið. Það er langt síðan hv. þm. heyrðu þetta og vissu um þetta. Nú eru menn feimnir. Nú neita þeir og þræta enda þótt allir viti sannleikann. (**Gripið fram í:** Þeir þora ekki.) Nei, þeir þora ekki. Málið er svona einfalt. Kjarkurinn er ekki meiri.

En ég er dálítið hissa á hæstv. fjmrh. því að ég hef reynt hann að öðru en að vera kjarklítinn. Yfirleitt er hann hreinskiptinn í öllum samskiptum og ég verð að segja það, að mér hefur ekki líkað betur við aðra þm. en hæstv. ráðh. Þess vegna er ég ennþá meira undrandi á þessum viðbrögðum, vegna þess að auðvitað vitum við báðir og allir aðrir hvað fyrir þessari nýju fylkingu vakir.

Svo taldi hæstv. ráðh. að það væri komin einhver ný samfylking í sambandi við álmálið og hann vildi halda því fram, að sú till. sem hér liggur fyrir fæli það í sér að taka ætti það úr höndum iðnrh. Ég er að vísu ekki lögfræðingur, en ég stend í þeirri trú að það sé ekki hægt að taka það með þessari till. úr höndum ráðh. Það sé sannleikurinn í málinu. Þetta er því fyrirsláttur, ekkert annað en tilbúningur. (**Fjmrh.:** Er þetta bara

dellutillaga?) Ja, það er víst, og það veit hæstv. fjmrh., að þetta mál verður ekki tekið úr höndum iðnrh. né önnur mál sem undir hann heyra. Hitt er annað mál, að það er verið að tala um að setja nefnd í málið til þess að taka þátt í samningum við Svisslendingana. En málið verður ekki tekið úr höndum iðnrh. Það er alveg þýðingarlaust fyrir hæstv. fjmrh. að halda slíku fram.

Hæstv. ráðh. sagði að þessi dagur hefði nýst illa. Hverjum skyldi það vera að kenna? Er það okkur framsóknarmönnum að kenna að þessi dagur hefur nýst illa? Var ekki búið að boða fund í Sþ. kl. 4? Stóð til að slíta honum vegna funda í deildum? Var um það rætt? Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að rifja það upp, hvernig dagurinn hefur liðið. Var það ekki formaður þingflokks hans sem var hér með málatilbúnað og langar ræður um þingsköp? Það færi betur að hæstv. ráðherrar Alþb. hefðu stjórn á sínum mönnum. En það virðist ekki vera.

Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram að till. sem hér er nú til umr. væri bindandi fyrir forsrh. eftir kosningar. En þáltill. er aðeins viljayfirlýsing og hefur ekki lagagildi. Þess vegna er hún óþörf og marklaus og á að taka hana þannig.

Ég ætla mér ekki að fara að halda hér uppi málþófi. Mér fannst rétt og nauðsynlegt að ræða þetta fullum hálsi fyrst verið er með svona málatilbúnað hér á Alþingi. En það væri hægt að ræða um margt fleira í þessu sambandi. Það væri t. d. hægt að rifja það upp alveg í hreinskilni hvernig hefur gengið að fá þessa hv. þm., þingflokk Alþb. til að taka á efnahagsmálunum í þau þrjú ár sem liðin eru síðan stjórnarsamstarfið hófst. (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að gera það. Ég ætla að lofa hv. þm. Ólafi Einarssyni að komast hér að og ræða þessi mál ef hann vill. (**ÓE:** Ég hef ekki beðið um orðið.) Nei, ég geri ráð fyrir því að það sé alveg eins gott að þegja.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það gerist nú ekki á hverju kvöldi að ég sakni hv. 1. þm. Vestf. En það vekur undrun mína, jafn glaðhlakkalegur og hann var fyrir nokkrum kvöldum og vorkenndi mönnum ekki að vera hér á þingfundum, ef hann er nú horfinn á burt úr þingsölum á kvöldfundi. Ég óska eftir að það verði upplýst af hæstv. forseta hvort hann hefur fjarvistarleyfi. (**Forseti:** Hann hefur það, já.) Það var fróðlegt að fá upplýsingar um að hann hafi fjarvistarleyfi.

Það mætti þá jafnframt spyrja hvort aðrir flm. hafi fjarvistarleyfi. Ég kann því illa, að menn flytji hér mál sitt og hverfi svo úr sölum, þannig að þegar lagðar eru fyrir þá spurningar fáist engin svör. Það er eins og menn eigi aðeins að tala þá við stólana. Það kom hvergi fram í máli hv. þm. hvort hann væri að tala fyrir munn nefndarinnar eða fyrir sig sem einstakur þm. og var þó ekki svo lítil traustsyfirlýsing sem fólst í upphafi hans málflutnings. Ég tel það mjög bagalegt, forseti, ef haldið er áfram umr. um þetta dagskrármál meðan 1. flm. þess er fjarverandi — það er raunverulega fátítt að slíkt gerist — að hann sé ekki hafður við til að svara fsp. Er það virkilegt, að forseti telji þetta eðlileg vinnubrögð? (**Forseti:** Hv. þm. og ýmsir fleiri hv. þdm. hafa hér fullyrt að mér áheyrandi að þetta væri afar ómerkileg og einföld og auðskilin till. Hvað er það sem hv. þm. þarf að fá útskýrt?)

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vitna í Morgunblaðið 11. mars 1983. „Stjórnarskráin og formaðurinn" heitir textinn.

„Stjórnarskrárnefnd undir formennsku Gunnars Thoroddsens hóf störf 1. des. 1978 og samkv. ályktun Alþingis átti hún að ljúka störfum innan tveggja ára. Hinn 8. febr. 1980 settist formaður stjórnarskrárnefndar í stól forsrh. og þá var því jafnframt lýst yfir í stjórnarsáttmála, að stjórnarskrárnefnd lyki störfum fyrir árslok 1980, „þannig að Alþingi hafi nægan tíma til þess að ljúka afgreiðslu stjórnarskrár- og kjördæmamálsins fyrir lok kjörtímabilsins" eins og það var orðað.

Hinn 11. jan. 1983 sendi formaður stjórnarskrárnefndar og forsrh. þingmönnum skýrslu nefndarinnar með bréfi, þar sem sagði að skýrslan ætti að vera grundvöllur umræðna í þingflokkum. Engar slíkar umræður hafa farið fram vegna brýnna úrlausnarefna.

Hinn 9. mars 1983 leggur forsrh. fram á Alþingi frv. að nýrri stjórnarskrá. Þar er komið álit stjórnarskrárnefndar án þess að nefndin hafi samþykkt þessa meðferð á niðurstöðum sínum.

Aðeins nokkrir dagar eru til þingslita og gersamlega vonlaust um framgang stjórnarskrármálsins, þegar formaður stjórnarskrárnefndar, Gunnar Thoroddsen, veitir forsrh., Gunnari Thoroddsen, einhliða heimild til að hafa einkaafnot af fjögurra ára opinberu starfi þingkjörinnar nefndar."

Það liggur ljóst fyrir að allt frá því á árinu 1978 hafa flm. þessar þáltill. sem hér liggur fyrir haft möguleika á því að bera fram við stjórnarskrá Íslands þá brtt. að Alþingi skuli kalla sjálft sig saman. Það skuli ekki vera á valdi forseta. Hvers vegna hafa þeir ekki flutt þessa brtt. í stjórnarskrárnefnd? Það er sú spurning sem ég þarf nauðsynlega að fá svar við hjá 1. þm. Vestf., sem sat í nefndinni allan tímann, en hann ku vera farinn að sofa. Mér finnst það dálítið skrýtið, þar sem öll þessi mikla vinna hefur verið lögð í stjórnarskrána, ef það er tilfellið að þáltill. ryðji burtu ákvæðum stjórnarskrárinnar hvenær sem mönnum dettur í hug.

Herra forseti. Hefur það þá ekki verið sóun á störfum manna allt frá því 1978 að hafa þá í þessari nefnd? Er hér ekki um einhvern voðalegan misskilning að ræða? Hvernig stendur yfir höfuð á þessum vinnubrögðum? Er það tilfellið, að menn hafi verið að hafa sig að þeim fíflum að útbúa lög, sem séu víkjandi fyrir stjórnarskránni? Þetta væri alveg stórkostleg niðurstaða. En hvernig í dauðanum dettur mönnum í hug, fyrst þeir efa það að þingreyndasti maður Alþingis, hæstv. forsrh., muni gæta virðingar þingsins í sínu sæti, að það þurfi að útbúa eitthvert keyri á hann til að þingið verði kallað saman? Ef þeir yfir höfuð trúa þessu, flm., hví í dauðanum bera þeir þá ekki upp vantraust á manninn? Hann hlýtur að vera hættulegur þingræðinu í landinu með stjórnarskrána á bak við sig. (**ÓE:** Hvað með Framsfl.? Hvenær vill hann að þingið komi saman?) Framsfl. hefur litið svo á, að forseti hefði þetta vald samkv. stjórnarskránni. Og við höfum ekki flutt neina brtt. í stjórnarskrárnefnd um að þetta vald verði af forseta tekið. Þannig stendur málið.

Það er ekki skrýtið þó að menn hristi hausinn. Þetta er stórkostlega flókið mál. Nefndin er búin að starfa frá því 1978 og það hefur engin till. komið fram um það að Alþingi kalli sjálft sig saman. Þetta er dularfull niðurstaða. En hitt finnst mér ennþá skrýtnara, eftir að yfirlýsingar hafa gengið hér í þinginu um hverjir séu stuðningsmenn ríkisstj., og það liggur ljóst fyrir samkv. þeim yfirlýsingum sem hér hafa verið gefnar, m. a. af hv. 8. landsk. þm., að hún beri enga ábyrgð á þessari

ríkisstj., svo það liggur ljóst fyrir að stjórnarandstaðan getur borið upp vantraust, að hún þorir ekki að gera það. Hvers vegna? Er það minningin um það sem gerðist þegar þeir fólu krötum bráðabirgðastjórnina hérna um árið og allar skoðanakannanir sýndu stórsigur hjá Sjálfstfl. og þeim tókst með leiftursókn undir stjórn kratanna á landsmálunum að glutra því fylgi niður? Eru það þessar minningar sem þeir hræðast svo að þeir telji betra að hafa forsrh.?

Ég verð að segja eins og er að mig undrar það, að formaður Bandalags jafnaðarmanna, sem hefur talað hér hvað ákveðnast fyrir hugmyndum um aðskilnað framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins, — hann hefur nú talað um dómsmál líka — skuli ekki taka til máls og vekja athygli á því að þetta mál heyrir ekki undir löggjafarvaldið. Málið heyrir ekki undir löggjafarvaldið, svo einfalt er það. Hvers vegna dettur mönnum í hug að það sé brýnasta verkefnið að reyna með þáltill. að narta í vald sem heyrir ekki undir þingið? Ég verð að segja eins og er, að þegar maður verður vitni að svona hlutum, þá hlýtur maður að hugleiða hvort eitthvert stórkostlegt hernaðarplat sé á bak við þessar útskýringar. Ef hugsunin er álíka rökrétt eins og hjá hv. 1. þm. Vestf. hér á bls. 23 í Morgunblaðinu 11. mars 1983, þá skal mig ekki undra þó að það sé skrýtið sem kemur frá öðrum stöðum. Þar ráðlagði hv. 1. þm. Vestf. mönnum að skríða undir borð og láta ekki sjá sig fyrr en fundi væri slitið. Ég veit ekki hvort hann hefur farið eftir fyrri ráðleggingunni, en það liggur ljóst fyrir að hann hefur farið eftir þeirri síðari, herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég vek athygli á því að hann kvartar undan því einnig, að það sé allt of mikill vindur, menn séu að gleypa hér vind. Það er misjafnt hvernig loftleysið hefur farið með menn, ég segi nú ekki annað. Það virðist eins og sumir hafi þurft að fara eftir lofti. (**Forseti:** Gæti hv. ræðumaður hugsað sér að geyma okkur eitthvað af ræðu sinni þangað til síðar?) Ef forseti hefur áhuga á að fresta þessari umr., þá er ég reiðubúinn að verða við þeim óskum. (**Forseti:** Ég var að tala um það.) Ég verð við þeirri ósk. (**Forseti:** Það var ekki hægt að misskilja þetta.)

Umr. frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Föstudaginn 11. mars, kl. 4 síðdegis.

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 467). — Frh. fyrri umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson) (frh.): Herra forseti. Þar var ég kominn ræðu minni að ég greindi frá samskiptum Sjálfstfl. og hæstv. iðnrh. varðandi álviðræðunefnd og hafði lýst því að Sjálfstfl. bauð samvinnu í málinu í umr. á Alþingi í des. 1980 og var því engu sinnt. Þá sagði ég frá því að í júlí 1981 hefði flokkurinn tilnefnt mann í álviðræðunefnd. Um miðjan sept. kom síðan erindisbréf til nefndarinnar sem var ekki í fullu samræmi við það sem við héldum að ætti að vera starf hennar. Loks vil ég taka það fram, að 5. maí, daginn sem viðræður fóru fram með ærið sérstæðum hætti við Alusuisse, sendi þingflokkur sjálfstæðismanna hæstv. ráðh. bréf, en geymdi birtingu bréfsins í fimm mánuði til að skaða ekki málið.

Í bréfi Sjálfstfl. til hæstv. ráðh. kom fram gagnrýni vegna meðferðar málsins og óskað var eftir sérstakri nefnd til að ræða um framtíðarsamskipti Alusuisse og íslenska ríkisins. Í framhaldi af þessu eða nánar tiltekið seint í maímánuði boðaði hæstv. ráðh. mig á sinn fund, en þá var formaður Sjálfstfl., hv. þm. Geir Hallgrímsson erlendis. Sömuleiðis er mér kunnugt um að hæstv. ráðh. boðaði formann Alþfl., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, á sinn fund til þess að ræða um viðræðurnar við Alusuisse. Var á hæstv. ráðh. að skilja að hann vildi hefja viðræður við stjórnarandstöðuna um hugsanlega lausn málsins. Aðeins var haldinn einn fundur með formanni Sjálfstfl. þá um sumarið, en um haustið átti hæstv. ráðh. fund með hv. þm. Geir Hallgrímssyni og Birgi Ísl. Gunnarssyni ásamt mér. Auk þess talaði ég við hæstv. ráðh. rétt fyrir jól þegar ljóst var að viðræðunefndin hafði leystst upp. Í öllum þessum viðræðum við hæstv. ráðh. greindum við sjálfstæðismenn frá því að við værum óánægðir með gang mála og lögðum eindregið til að ný nefnd yrði skipuð til þess að fjalla um þessi mál, ekki síst raforkuverðshækkunina. En hæstv. ráðh. reyndist ekki fús til þess að eiga samvinnu með þeim formerkjum í einu eða neinu.

Það er ekki ætlun mín, herra forseti, að ræða mjög ítarlega um þessa till. sem fyrir liggur. Þetta mál hefur verið til umr. hér í sölum hv. Alþingis margoft, en eins og margoft hefur komið fram og verið lýst gerði viðræðunefndin lítið annað en vera hópur statista sem fengu upplýsingar við og við frá þeim útvöldu sem fengu að tala við samningamenn Alusuisse. Í rauninni var aldrei um neinar alvöruviðræður að ræða, enda voru fundir haldnir eins og verið væri að setja leikrit á leiksvið, þar sem hæstv. ráðh. baðaði sig í ljósi fjölmiðla og í gegnum blaðamannafundi og sendi fréttatilkynningar í allar áttir eins og hann er svo frægur fyrir.

Frá því í maí lá málið svo niðri, en þá slitnaði upp úr viðræðunum. S. l. haust skrifaði síðan hæstv. forsrh. bréf til Alusuisse og skýrði þar frá umr. um álmálið á Alþingi og þó einkum því, sem fram kom í ræðu hans á Alþingi, að ekki væri verið að saka Alusuisse um sviksamlegt athæfi. Í framhaldi af því, eða nánar tiltekið hinn 10. nóv. s. l., sendi Alusuisse hæstv. ríkisstj. bréf, þar sem var sundurliðað hvernig þeir vildu standa að samningum við íslensku ríkisstj.

Í stuttu máli má segja að hæstv. iðnrh. hafi komið sér hjá málefnalegum viðræðum við Alusuisse með alls kyns undanbrögðum. Hæstv. ráðh. hafði slitið viðræðum við Alusuisse í maí s. l. ár og sýndi aldrei í framhaldi af því neitt frumkvæði né nokkurn vilja til að hafa samband við svissneska álfélagið um þessi mál. Í hugmyndum Alusuisse um viðræðugrundvöll hinn 10. nóv. var boðið upp á íslenskan gerðardóm eða gerðardóm sem aðilar kæmu sér saman um. En með einhliða ákvörðun um álagningu skatta, sem þeir hjálpuðust að að framkvæma hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh., er líklegt að búið sé að loka fyrir íslenskan gerðardóm, eins og hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson hefur bent á í því sambandi með mjög glöggum hætti, m. a. í viðtali við dagblaðið Tímann hinn 5. febr. s. l.

Það er engin ástæða til að rekja þetta mál sérstaklega, en það er ljóst að enginn réttur tapast þótt beðið hafi verið með málið, enda er það álit sérfræðinga, sem rn. hæstv. iðnrh. styðst við, að skattauki á fyrirtækið fyrnist ekki nema á sex árum.

Það er flestum ljóst nú orðið að hæstv. ráðh. hefur

aldrei ætlað sér að semja við Alusuisse. Málflutningur hans virðist fyrst og fremst beinast að því að reyna að styrkja stöðu sína innan Alþb. Í því skyni hefur hann þyrlað upp moldviðri hvað eftir annað og allra síst hefur það stuðlað að þjóðarsamstöðu. Þvert á móti hefur hæstv. ráðh. harðast gengið fram í því að spilla slíkri samstöðu, sem auðvitað er nauðsynleg í jafn veigamiklu máli og þessu. M. a. hefur hæstv. ráðh. gengið svo langt að hefja ófrægingarherferð gegn þeim sem stóðu að endurskoðun samninganna 1975 og þeim sem stóðu að gerð upphaflegu samninganna við Alusuisse um ÍSAL 1966. Þetta er auðvitað ekkert skrýtið þegar þess er gætt, að hæstv. ráðh. var í hópi andstæðinga álversins frá upphafi.

Í þessu sambandi hefur það þó vakið einna mesta athygli að hæstv. iðnrh. réðst á aðstandendur endurskoðunarinnar frá 1975, eins og ég áður sagði, einmitt þegar hæstv. forsrh. var erlendis í opinberri heimsókn, en núv. hæstv. forsrh. var iðnrh. árið 1975. Það hefur að vísu verið grunnt á því góða á milli þessara hæstv. ráðh. vegna furðulegra aðdróttana hæstv. iðnrh. í garð hæstv. forsrh., þegar hæstv. núv. iðnrh. tók við í iðnrn. og lét þá eftir sér hafa að hann væri að taka til í rn., en úr því varð deila á milli hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh., þar sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir, þegar hann svaraði hæstv. iðnrh., að margt væri sér til gamans gert um áramót, í frægri blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu í upphafi árs 1979. Það er ljóst að samstarfsflokkar Alþb. í hæstv. ríkisstj. hafa gefist upp á vinnubrögðum hæstv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar og ítreka ég þá tilvitnun til blaðaviðtals við formann Framsfl., hæstv. ráðh. Steingrím Hermannsson, í dagblaðinu Tímanum 5. febr. 1983, en þar segir Steingrímur m. a. með leyfi forseta:

„Ég harma það mjög að svona hefur farið og því miður tel ég að svona hafi farið fyrir klaufaskap“ og síðar: „Hins vegar verð ég því miður að segja að ég hef sjaldan séð haldið á málum á jafn vafasaman og vonlausan hátt og iðnrh. hefur gert í þessu máli.“ Full ástæða hefði verið til að fara fleiri orðum um þessi atriði.

Þá hefur hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson lýst því yfir, að hæstv. ráðh. hafi hvorki getað né viljað ná samningum við Alusuisse. Hér verður ekki rætt efnislega frv. hæstv. ráðh., sem er á stærð við nýja símaskrá, ein nýjasta skýrsla hæstv. ráðh., fskj. með frv. hæstv. ráðh. Ég giska á að það taki a. m. k. 5 klst. að lesa þá skýrslu upp, ef það verður gert hér á hv. Alþingi, en till. hæstv. ráðh. um einhliða aðgerðir sýna og sanna að allan tímann hefur það blundað hjá hæstv. ráðh. að pólitískt væri það heppilegast fyrir hann að sigla málinu í strand, með þeim hætti að flytja gersamlega vonlaust frv. um einhliða aðgerðir, þegar honum var ljóst að hann gat ekki samið um hagsmunamál Íslendinga við Alusuisse. Frv. hæstv. ráðh. um einhliða aðgerðir hlaut að kalla á viðbrögð af hálfu samstjórnarmanna hæstv. ráðh. og m. a. af þeim sökum myndaðist hin breiða samstaða í hv. atvmn. Sþ. um þá till. sem hér er verið að mæla fyrir.

Sú till. sem hér er til umr. er byggð á þáltill. sjálfstæðismanna, en jafnframt er í flestum veigamestu atriðum tekið tillit til hugmynda hv. framsóknarmanna á Alþingi og till. hæstv. samgrh. í ríkisstj. um nefndaskipunina. Ljóst er að leiðir hafa skilist með hæstv. iðnrh. og öðrum í þessu máli, svo að notuð séu ummæli hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar, enda er deilt um þær leiðir sem fara skal. Af þeim ástæðum er það af illri nauðsyn sem lagt er til að hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj. taki málið úr höndum hæstv. iðnrh. Hæstv. iðnrh. hefur valið áróður í stað árangurs. Hann hefur fremur valið þá aðferð að sverta þá sem áður hafa fjallað um þessi mál en að reyna að ná árangri sjálfur.

Í seinni tíð hefur hæstv. ráðh. sýknt og heilagt talað um nauðsyn hækkaðs orkuverðs, en í raun og sannleika er tiltölulega stutt síðan hæstv. ráðh. datt í hug að ræða þann möguleika, enda var hann svo upptekinn við að koma höggi á álfélagið vegna sviksamlegs athæfis og hækkunar í hafi. Ég tel víst að hæstv. ráðh. komi hér í ræðustól á eftir og flytji stutta og gagnorða ræðu þar sem hann fjallar um þetta mál eins og hans er vandi. Þá er eðlilegt að hann upplýsi hv. Alþingi um það hvernig notaðar hafi verið þær aukafjárveitingar sem koma fram á lista yfir aukafjárveitingar á s. l. ári, en á fyrstu 10 mánuðum s. l. árs var 4.1 millj. kr. eytt til þess að kosta verk er varða álverið og hingað til hefur ekki verið gerð grein fyrir því máli. Það kemur fram í ályktunargreininni, í þeirri þáltill. sem hér er verið að ræða, að ætlunin er að nefnd sú sem sett yrði á laggirnar hafi aðgang að öllum gögnum.

Herra forseti. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Það hefur margoft verið rætt á hv. Alþingi. Hæstv. ráðh. hefur rætt það á blaðamannafundum og í fjölmiðlum og málið er öllum kunnugt. Ég vil fagna þeirri víðtæku samstöðu sem náðst hefur um málið í hv. atvmn. Vonandi nær það fram að ganga, enda er málið brýnt. Hér eru íslenskir hagsmunir í húfi. Ég álít, herra forseti, að málið þurfi ekki að ganga til hv. atvmn. á milli umr., enda hefur hv. nefnd rætt málið mjög ítarlega og málinu verið frestað á milli funda a. m. k. tví- eða þrívegis í nefndinni til þess að umr. fengjust um það í þingflokkum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál og læt ræðu minni lokið.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er verið að ræða 16. mál, viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill., 231. mál Sþ., þskj. 467. Og samkv. þingsköpum er það auðvitað þannig, að — eða ég hef talið að það væri litið þannig á, að hér væri um að ræða sjálfstæða till. Hins vegar kemur það ekki fram á þskj. með hvaða hætti flutningur þess er að öðru leyti en því, að þar stendur að hér sé um að ræða till. frá meiri hl. atvmn. Meiri hl. nefndar flytur nál. en þm. taka upp mál með sjálfstæðum hætti. Hér virðast flm. ætla að gera hvort tveggja í senn: að vera meiri hl. n. og líka að taka mál upp með sjálfstæðum hætti. Mig undrar það að jafn þingvanir menn og sumir þeirra eru, sem að þessu máli standa, skuli grauta svo í þingsköpum sem þessi málatilbúnaður ber vitni um. Hef ég ekki heyrt hjá hæstv. forseta hvernig hann hugsar sér að meðhöndla þetta mál, þegar það bætist svo við að hér í dagskránni stendur að hér sé um að ræða till. frá meiri hl. atvmn. frh. fyrri umr. eða er hér um að ræða nýja umr.? Hvort er hér um að ræða? Eru menn að tala um það að hér sé framhald umr. sem hófst fyrir nokkru um allt annað mál? Frh. fyrri umr., stendur hér. Hvaða umr. er það, sem áður hefur farið fram um þetta mál? **(Gripið fram í:**

Á síðasta fundi.) Það er þá verið að skírskota til síðasta fundar í þeim efnum. Ég vona að það sé það sem átt er við í þessum texta, eins og hann er settur hér fram. (**FrS:** Augljóslega.) En málatilbúnaður er allur í þessu máli sérkennilegur. Fyrir utan það að málið er hneyksli, þá er málatilbúnaðurinn hinn grautarlegasti í einu og öllu. Og hæstv. forseti Sþ. hefur ekki kveðið upp úr með það hvort hér er um að ræða sjálfstæða till. né heldur um það hvort hér er um að ræða till. frá meiri hl. n. og þar með meirihlutaálit.

Nú háttar þannig til með upptalningu á flm. að þeir eru taldir í þessari röð innan sviga í þessu snubbótta þskj.: EH, það mun standa fyrir hv. þm. Eggert Haukdal. FrS mun standa fyrir hv. þm. Friðrik Sophusson. ÓÞÞ mun standa fyrir hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson. Síðan kemur hv. þm. Halldór Ásgrímsson, varaformaður Framsfl., sem slæst í þessa undarlegu för. Þá kemur hér hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og síðan kemur hér hv. þm. Sverrir Hermannsson. Hérna er því framkvæmdastofnunardúettinn mættur bæði í bak og fyrir. Fyrst er það hv. þm. Eggert Haukdal og svo lýkur þessari föngulegu sveit með hv. þm. Sverri Hermannssyni. Síðan kemur hér hv. þm. Friðrik Sophusson og mælir fyrir þessari till. og kemur þó hvergi fram í málatilbúnaði að hann eigi að vera fremstur þeirra sem málið bera upp.

Það finnst mér afar sérkennilegt að hv. þm. Halldór Ásgrímsson, sem ég vona að hafi verið að kveðja sér hljóðs einmitt núna, skuli slást í þessa för undir forustu hv. þm. Friðriks Sophussonar. Af hverju hefur hann ekki forustu hv. þm. Eggerts Haukdals, sem þó er leiðtogi þeirra samkv. þessum pappír, sem hér liggur fyrir á þskj. 467, Tillaga til þingsályktunar um viðræðunefnd við Alusuisse.

Ég óska, herra forseti, eftir úrskurði um það hvort hér er um að ræða sjálfstæða till. eða nál. eða hvers lags pappír þetta yfir höfuð er, sem hér er á dagskránni, áður en umr. er lengra haldið. Ég vænti þess að úrskurður geti legið fljótlega fyrir, svo að umr. um þetta mikilvæga mál þurfi ekki að tefjast mjög mikið af þessum sökum, en ég óska eindregið eftir því að hæstv. aðalforseti Sþ. svo og aðrir forsetar komi sér saman um það hvers lags till. það er sem hér er verið að ræða.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil nú mótmæla því að hæstv. félmrh. er hér að endurflytja ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar frá í gær. Þá úrskurðaði forseti með hvaða hætti þetta mál skyldi ræða hér á Alþingi. Það er búið að fara þinglegar leiðir og er undarlegt að þm. skuli ekki geta sætt sig við það. Hvers konar lýðræðishugsanir eru það að geta ekki sætt sig við það að mál séu rædd hér á Alþingi? Það eru undarlegar hugsanir.

Ég ætla ekki að svara hér þeim aðdróttunum sem komu fram í máli hæstv. félmrh. Ég get gert það síðar varðandi þetta mál, enda á ekki að ræða efnislega um mál um þingsköp. En ég vil mótmæla því að einstakir þm. komist upp með það dag eftir dag að hafa hér langt mál undir liðnum þingsköp og fara út í efnislega umr. Það mætti halda að Alþb.-menn væru að koma í veg fyrir það að hæstv. iðnrh. gæti tekið hér til máls og við fengið að hlýða á hann nokkra stund.

Forseti (Steinþór Gestsson): Ég vil taka það fram að það fer að sjálfsögðu ekkert á milli mála hvaða mál er verið að ræða. Þetta er 16. málið, 231. mál í Sþ. og ef menn skoða þskj., þá sést hvað hér er um að ræða. Ég sé enga ástæðu til að gefa neina yfirlýsingu um þetta að öðru leyti. Það segir sig sjálft hvernig slíkt er meðhöndlað.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er einkennilegt að varaformaður Framsfl. skuli gera sér sérstakt ómak til þess að halda uppi málþófi hér utan dagskrár eða um þingsköp. Ég veit ekki hvaða ástæðu þessi hv. þm. hefur til þess að reyna að koma í veg fyrir það að virðulegur hæstv. iðnrh. fái að láta ljós sitt skína í þessum efnum. Ég ætla mér a. m. k. ekki að biðja um orðið fyrr en það er víst að þeir sem mest vita um málið og hafa best um það að segja hafi möguleika til þess að koma hér á undan mér.

En, herra forseti. Ástæðan til þess að ég kom hérna upp er einfaldlega sú, að ég leyfði mér að gera aths. við þetta þskj. sem menn veifa hér í kringum sig en ég hef því miður ekki undir höndum. Hins vegar veit ég hvernig það er. Þetta er 3. útgáfa þess þskj. sem átti að brúka. (**HÁ:** Þetta sagðirðu í gær.) Ég sagði það í gær og ég get alveg fullyrt það, að það hefur ekki farið verulega vel inn í heilabúið á þeim mönnum sem eiga að sjá um að hafa þetta í lagi, vegna þess að þskj. er langt frá því að vera nægilega gott.

Hvaða ástæður lágu að baki því þskj. sem var undanfari þessa? Mig langar að vita með hvers konar hugarfari menn láta slíkt þskj. frá sér fara, því að þar stóð einvörðungu að þetta væri þskj. frá meiri hl. n. og ekki sagt hverjir þeir væru. Það vill svo til að ég er einn af nm. og menn gætu nefnilega haldið, með því að lesa eingöngu þetta orð, meiri hl. n., að ég væri einn af flm. Slíkt er auðvitað ósæmilegt. (**FrS:** Það stendur í grg.) Já, greinargerðir gerast nú býsna langar og hætt við því að menn leggi ekki í það verkefni að lesa greinargerðir. Og þessi er svo leiðinleg og vitlaus, að ég trúi því ekki að menn almennt leggi það á sig að lesa hana, eftir að hafa lesið þessa dæmalausu till. Ég leyfði mér að benda á það, að á þetta þskj. vantaði auðvitað að greina frá því hver væri frsm. Það er ekkert svo sjálfgefið að hv. þm. Friðrik Sophusson sé frsm. málsins, nema síður sé, vegna þess að hv. þm. og formaður stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar í landinu er þó nefndur þarna fyrstur.

Ég ætla ekki að eyða tíma Sþ., herra forseti, í að ræða þessi vinnubrögð n. undir þessum lið, um þingsköp, því að ég neyðist til að skýra gang þess máls allan áður en þessari umr. lýkur og vil mælast til þess að hv. frsm. hlýði þá vel á og taki eftir.

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 467). — Frh. fyrri umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er ekki fyrsta umr. um þetta mál, sem hér ber á góma, sem nú fer fram. Það hefur komið fyrir hér á hv. Alþingi alloft og hv. alþm. hafa átt hlut að þeim umr. Ég hef hverju sinni fagnað því þegar þetta mál hefur komið hér á dagskrá, því að það er svo sannarlega ástæða til að ræða þetta mál hér á hv. Alþingi. Ég hefði kosið að hv. frsm., hv. 10. þm. Reykv., hefði gert tilraun til þess hér áðan, að taka málefnalega á þessu þýðingarmikla máli, gera einhverja grein fyrir þeim

tillöguflutningi sem hér liggur fyrir og hann þóttist vera að mæla hér fyrir fyrir hönd meiri hl. hv. atvmn. Sþ. Ég held að hún muni vitna nú og framvegis um þá málefnafátækt, sem að baki býr þeim tillöguflutningi sem hér er, sú ræða sem hér var haldin áðan. Þar var ekki reynt að taka efnislega á máli. Það var hlaupið yfir það í stíl, sem við kölluðum einu sinni Heimdallarstíl og heyra má ennþá, og það er ekki alveg fráleitt að hv. 10. þm. Reykv. sé eitthvað kunnugur slíkum stílbrögðum, en ég tel að slíka málafylgju og slíkan málflutning í hagsmunamáli, sem varðar Íslendinga jafnmikið og þetta, eigi ekki að viðhafa. Það kann þó að vera að ég sjái ástæðu til þess, áður en ég lýk máli mínu hér í dag, að koma að einstaka atriði úr máli hv. 10. þm. Reykv., sem tekið hefur að sér fyrir hönd meiri hl. hv. atvmn. að mæla fyrir þessu þskj., sem er á einni bls. með grg. upp á 10 eða 15 línur eða svo.

Hér fyrir þinginu liggja tvö mál varðandi Alusuisse og ÍSAL. Annað þeirra er umrædd till. hv. atvmn. upp á eina blaðsíðu knappa. Hitt er 204. mál Nd. Alþingis, sem hefur ekki enn komið hér til umr., en tíundað hefur verið í fjölmiðlum að það væri nokkuð gilt verk, sem þar er saman dregið, og það hefur verið spurt um það sérstaklega hér af hv. alþm. úr röðum Alþfl. hvað kostað hafi að taka saman þetta málsskjal, rétt eins og það væri aðalatriði máls, hvað það kostaði að koma á framfæri við hv. Alþingi Íslendinga meginefni í þessu stóra máli. Það einkennir nefnilega það lið, sem stendur að baki þessari þáltill., að það forðast að taka efnislega á þessu máli. Annaðhvort er það vegna slæmrar samvisku eða þá vegna vankunnáttu, nema hvort tveggja sé, svo að notað sé frægt orðalag, sem heyrðist einu sinni frá hv. þm. sem situr hér stundum í horni en er nú þaðan farinn.

Þessi tvö þingmál endurspegla gerólík viðhorf og ólíkt stöðumat stjórnmálaflokkanna í landinu á samskiptum við Alusuisse vegna álversins í Straumsvík. Alþb. telur Alusuisse hafa sýnt óbilgirni og hafnað sanngirniskröfum okkar það lengi að við svo búið megi ekki lengur standa. Því sé það eðlilegt að leiðrétta samninga við Alusuisse einhliða til þess að tryggja lágmarkshagsmuni Íslendinga. Hinir flokkarnir þrír vilja halda áfram samningaþófi við auðhringinn í fullkominni óvissu um niðurstöðu, og til þess að eiga kost á að halda slíku samningaþófi áfram vilja þeir gefa í forgjöf stóra hagsmuni til þess eins að Alusuisse fáist til viðræðna. Á sama tíma og staða mála er slík, þá er öllum spjótum hér á hv. Alþingi af hálfu talsmanna þessara flokka beint að mér sem stjórnvaldi í þessu máli, þ. e. inn á við, en málstaður og viðbrögð Alusuisse eru gerð að algeru aukaatriði í þessu máli og fegruð á ýmsa lund.

Þann 4. febr. s. l., daginn eftir að ráðherrar Framsfl. í ríkisstj. höfðu hafnað tillögum okkar Alþb.-manna um að grípa til einhliða aðgerða til að leiðrétta raforkuverðið við ÍSAL, til þess að færa samningana í átt að upphaflegum forsendum, þá er skrifað í dagblaðinu Tímanum: „Sverfur til stáls í ríkisstjórninni í álmálinu. Steingrímur hefur lagt fram sérstakar tillögur sem svar við tillögum Hjörleifs Guttormssonar um einhliða aðgerðir."

Ég vakti athygli á því þá og ég vek athygli á því hér aftur að það hefði betur sorfið til stáls á öðrum vettvangi í þessu máli. Í þessari grein í Tímanum þann 4. febr. er vitnað til formanns Framsfl. um það, að þessar tillögur séu mjög í anda þeirra tillagna sem fulltrúi Framsfl. í álviðræðunefnd lagði fram á sínum tíma, og að þar sé um að ræða eins konar mótleik við tillögum Alþb. um einhliða aðgerðir. Þannig er staðið að þessu máli af samstarfsmönnum Alþb. í ríkisstj., sem nú hafa slegist í hópinn með stjórnarandstöðunni í þessu máli og standa að þeim tillöguflutningi sem hér er til umr.

Frv. okkar Alþb.-manna um einhliða leiðréttingu raforkuverðsins til álversins í Straumsvík, sem er 204. mál Nd. Alþingis, er þess efnis í meginatriðum, að þar er gert ráð fyrir hækkun raforkuverðsins frá núverandi 6.45 millum fyrir kwst. í 12.5 mill á kwst. strax og lög hafa verið samþykkt um það hér á hv. Alþingi, þ. e. um það bil tvöföldun. Í framhaldi af því verði reynt að ná samnningum við Alusuisse um endurskoðun á raforkuverði og það er tilgreint á hvaða forsendum sú endurskoðun skuli byggð. Það er í fyrsta lagi á þeirri grundvallarstefnu, sem lögfest er í 11. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Í öðru lagi á raforkuverði því sem álver annars staðar í heiminum greiða, í þriðja lagi á framleiðslukostnaði raforku hér á landi og í fjórða lagi á heimsmarkaðsverði á áli. Fari hins vegar svo, að Alusuisse vilji ekki við okkur semja um svo sanngjarnar og sjálfsagðar kröfur varðandi verðlagningu á raforku, þá er gert ráð fyrir því í frv. okkar Alþb.-manna, sem flutt er í Nd. af öllum þm. flokksins þar, að stjórn Landsvirkjunar skuli með stoð í þeim lögum sem frv. gerir tillögu um ákvarða með gjaldskrá raforkuverðið til álversins í Straumsvík á bilinu 15—20 mill á kwst. frá og með 1. jan. 1984, og það verð eigi að breytast í samræmi við breytingar á skráðu heimsmarkaðsverði á áli, þ. e. það verði tryggt að við fáum hér fram þreföldun á raforkuverði til álversins innan árs. Þannig verði það tryggt að framleiðslukostnaðarverð fáist fyrir raforkuna, sem seld er til álversins í Straumsvík, og því ástandi verði aflétt að almenningur í landinu þurfi að greiða stórar fjárfúlgur með hverri einustu orkueiningu, sem seld er til þessa stórnotanda, sem fær hátt í helminginn af framleiddri raforku í landinu. Eg vænti þess að þjóðin setji sig þannig inn í þessi mál, að hún geti á efnislegum forsendum borið saman tillöguflutning okkar Alþb.-manna annars vegar og hins vegar þá þáltill. sem hér liggur fyrir frá fulltrúum annarra þriggja flokka. Ég óttast ekki þann dóm.

Þetta frv., sem Framsfl. hafnaði að standa að innan ríkisstj. og þingflokkur Framsfl. hafði þá um fjallað, byggir á því mati að forsendur fyrir rafmagnssamningnum vegna álversins séu brostnar. Því hafi Íslendingar fullan rétt á að breyta forsendum samningsins í átt til upphaflegrar stöðu hans og í samræmi við þróun orkuverðs til áliðnaðar í heiminum og aðrar breytingar í efnahagsþróun heimsins. Þetta er skýr tillaga, reist á mjög traustum grunni og viðtækum undirbúningi, sem er að finna í því frv. sem hér var lagt fram um daginn af okkur Alþb.-mönnum í Nd. Alþingis.

Till. fulltrúa þingflokkanna í atvmn. meiri hl. atvmn., sem svo er kallaður, undir forustu Eggerts Haukdals, er allt annars eðlis og raunar fullkomin andstæða við stefnumörkun Alþb. í þessu máli, stefnumörkun sem ég hélt lengi vel að nyti stuðnings allrar ríkisstj. — og tók þá mið af samþykktum hennar og yfirlýsingum og

einnig með tilliti til þeirra viðbragða sem fram hafa komið hjá Alusuisse frá því að viðræður hófust við auðhringinn í lok árs 1980. En eins og þið vitið, hv. alþm. hefur þáltill. sem betur fer í þessu tilviki takmarkað gildi, en nógu slæmt er samt að hún skuli fram komin hér á hv. Alþingi, hvað þá ef Alþingi færi að samþykkja hana.

Það má heita vinnuheiti þessa dæmalausa þinggagns: „*Málið úr höndum iðnrh.*“ Það *er vinnuheiti* þessarar þáltill. Það er mikið gert úr því að meginatriðið sé að með till. skuli málið tekið úr mínum höndum sem iðnrh. og falið nefnd, sem sjálf á að kjósa sér formann. Þetta mætti eitt út af fyrir sig teljast broslegt, broslegur málabúnaður, ef ekki hengi annað og verra á spýtunni. Samþykkt af þessu tagi er út af fyrir sig markleysa, þar sem hún stangast við stjórnskipunarlög og lög um Stjórnarráð Íslands. Við skulum líta ögn nánar á það atriði. Við skulum líta nánar á stjórnskipulegt gildi þál. af því tagi sem hér liggur fyrir til umr., um skipan nefndar til að eiga viðræður við Alusuisse.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar segir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Í lögum nr. 73 frá 1969 um Stjórnarráð Íslands eru ákvæði um skiptingu starfa milli ráðuneyta og greiningu stjórnarráðsins í ráðuneyti. Í auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96 frá 1969 er stjórnarmálefnum skipt á milli rn. Þar segir að mál er varða iðju og iðnað heyri undir iðnrn. Málefni álversins í Straumsvík heyra samkv. þessu undir iðnrh., sem ber að óbreyttum lögum stjórnskipulega ábyrgð á meðferð þessa máls. Forræði málsins verður því ekki breytt með þál. Alþingi hefur a. m. k. einu sinni áður reynt að skipa málefni, sem ákveðið var í lögum, með þál. Sú ráðstöfun leiddi til dómsmáls, sem kom til kasta Hæstaréttar og fékk þar sinn úrskurð. Þingsályktanir geta þannig ekki breytt lögum. Þeir sem virðast telja það sáluhjálparatriði að losa Alusuisse undan því að þurfa að eiga samskipti við iðnrn. og mig sem iðnrh. hefðu því átt að flytja um það frv. til l. eða bera fram vantraust á mig sem ráðh.

Það er vissulega fróðlegt, herra forseti, að sjá atriði í grg. með þáltill. er varða minn hlut að þessu máli. Sú grg. er ekki löng, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, um þennan þátt:

„Að undanförnu hefur komið í ljós að iðnrh. hefur ekki auðnast að ná víðtækri samstöðu um hagsmunamál þjóðarinnar gagnvart Alusuisse. Ekkert tillit hefur verið tekið til ábendinga annarra í máli þessu og ráðherra lagt fram þmfrv. í Nd. Alþingis um einhliða aðgerðir. Þar með hefur ráðh. siglt málinu inn á brautir sem enginn sér fram úr.“

Þetta er í rauninni allur efnisstuðningurinn, öll efnisatriðin í þessari grg. með þessari mikið umræddu þáltill. Ekki er mikið kjöt á henni og var ekki miklu bætt við hér af hv. 10. þm. Reykv., sem var frummælandi fyrir till. hér áðan. En það er vert að líta aðeins á þau atriði sem hér eru tíunduð í þessari grg. Hefur af hálfu iðnrn. ekki verið reynt að stilla saman í þessu stóra máli? Ég bið hv. alþm. að líta yfir þingræður um þessi mál, þ. á m. ræðu mína í þingtíðindum frá 28. okt. s. l., þar sem ég fór talsvert yfir gang þessara mála að gefnu tilefni, þegar fram fór umr. hér um till. sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse, sem er uppistaðan í þeirri till. sem hér er komin til umr. frá svokölluðum meiri hl. hv. atvmn.

Ég minni á það, að í júlímánuði 1981, þegar það lá fyrir eftir ítarlega athugun endurskoðenda á yfirverði á súráli til álversins í Straumsvík, að þar var um stórfellt yfirverð að ræða á árunum 1974 fram á mitt ár 1980, upphófst mikið fjaðrafok og umr. hér í fjölmiðlum. Og það leyndi sér ekki hverjir það voru sem vildu nú gera niðurstöðu þessarar endurskoðunar sem tortryggilegasta. Þar fór fyrir málgagn, sem þá a. m. k. var talið víðlesnasta málgagn í landinu, Morgunblaðið, og fór geyst til þess að gera þessa niðurstöðu tortryggilega og bar ekki í fyrsta sinn blak af auðhringnum og tók undir hagsmunamál er hann varðar. En þá tókst að fá, þrátt fyrir harðar deilur og sviptingar, fyrst Alþfl. til samstarfs um þetta mál inn í álviðræðunefnd og síðan Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, sem tilnefndi þar fulltrúa ásamt fulltrúum ríkisstjórnaraðilanna. Þarna var fenginn vettvangur allra stjórnmálaflokka, allra þingflokka og aðila að ríkisstj. í þessu máli, sem fengu öll þau gögn er máli skiptu um þetta, tækifæri til þess að fjalla um málið og ræða það á fundum sínum, sem urðu hátt í 60, ef ég man rétt, áður en Framsfl. rauf þennan samstarfsvettvang þann 6. des. s. l. Og þegar þetta liggur fyrir, þessi samstaða sem þarna var sköpuð með öllum stjórnmálaflokkum í landinu, samstaða sem rofin var af stærsta aðilanum að ríkisstj. í des. s. l., þá koma þessir menn hér með tillögu á hv. Alþingi og bera mig sökum um það að hafa ekki leitast við að stilla saman þjóðina í þessu máli og stjórnmálaflokka í landinu. Það er mikið hugmyndaflug hjá þessum hv. *talsmönnum*.

Ég hef rifjað það upp hverjir rufu þennan vettvang. En þegar það lá fyrir lýstu talsmenn þingflokka stjórnarandstöðunnar því yfir hér á hv. Alþingi, að þeir teldu að þessi viðræðunefnd þjónaði ekki lengur tilgangi og þeir litu svo á, að hún væri hætt störfum og þeir fulltrúar, sem þeir hefðu í hana tilnefnt, þó að þeir drægju þá ekki út með formlegum hætti eins og þingflokkur Framsfl. gerði með sérstakri þingflokkssamþykkt. Það er því dálítið einkennilegt þegar hv. þm. Friðrik Sophusson kemur hér og ásakar mig fyrir það að hafa ekki leitast við að hafa samstarf við Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu í þessu máli.

Hér segir í tilvitnuðum 5 línum úr grg. — þær eru víst 10 samtals í grg. með þessari till.: „Ekkert tillit hefur verið tekið til ábendinga annarra í máli þessu.“ Við skulum líta aðeins nánar á það atriði. „Ekkert tillit hefur verið tekið til ábendingar annarra.“ Ég heyri að hv. varaformaður Framsfl. leggur við hlustir. Það er ágætt því að (**Gripið fram í:** Þeir eru þarna báðir.) það liggur fyrir að ríkisstj. gerði ítrekað samþykktir í þessu máli og ég veit ekki betur en þingflokkar sem að ríkisstj. standa — og hæstv. ráðh. sjálfstæðismanna þar á meðal — hafi fjallað ítarlega um efni þessara samþykkta áður en þær voru gerðar í des. 1980, í júlímánuði 1981 og þann 26. febr. 1982. Þessar samþykktir voru ekki aðeins stjórnaraðilum kunnar, heldur einnig fulltrúum stjórnarandstöðu í álviðræðunefnd, og innan ramma þessara samþykkta var unnið að málinu og hefur verið unnið að málinu fram til þessa, þangað til það lá fyrir að leiðir skildu innan ríkisstj. og Framsfl. fékkst ekki til þess að standa að frv. um leiðréttingu á raforkuverði, hafnaði því þann 3. febr. s. l. og ég áskildi mér rétt til að flytja málið hér inn á vettvang þingsins.

Það segir í 4. og 5. línu tilvitnaðrar grg. að enginn sjái

nú fram úr málinu. Og menn eru greinilega afskaplega óttaslegnir. Hv. flm. úr atvmn. Sþ. sjá ekkert fram úr málinu. Þeir vilja ekki leggja neitt á sig til þess að knýja hér á með þeim hætti sem árangri gæti skilað til þess að fá fram sanngjarnar leiðréttingar á raforkuverði til Íslands. Hvar er nú hugur þeirra manna, þar á meðal úr Framsfl., sem stóðu að því með Alþb. 1971 að rifta þeim nauðungarsamningi sem gerður var af viðreisnarstjórninni 1961 varðandi landhelgismál við Breta og Vestur-Þjóðverja? Hvar er nú hugur og kjarkur þeirra manna? Telja þeir ekki að hér séu hagsmunir í húfi, sem varða þjóðina alla, að hér sé um nauðvörn af okkar hálfu að ræða, rétt eins og um var að ræða 1971, þegar Sjálfstfl. og Alþfl. vildu heldur sökkva með nauðungarsamningnum við þessar bandalagsþjóðir okkar, Breta og Vestur-Þjóðverja, láta yrja hér upp fiskimiðin við landið fremur en grípa til sjálfsagðra aðgerða fullvalda ríkis? Þá stóð Framsfl. með okkur Alþb.-mönnum í því máli. En nú hefur blaðinu verið snúið við og ég vænti þess, að það ágæta fólk, sem stutt hefur Framsfl. í þeirri trú að hann væri fáanlegur til skynsamlegra verka til að verja þjóðarhagsmuni, taki eftir þessari stefnubreytingu og þeir fulltrúar flokksins í ríkisstj. og hér á hv. Alþingi komist ekki hjá því að verða varir við það hvernig hér hefur verið snúið við blaðinu. En það er nú því miður svo, að Framsfl. hefur ekki staðið heill í þessu máli alla tíð, raunar ekki á viðreisnarárunum heldur. Þau öfl, sem þá vildu ganga sömu erinda og Sjálfstfl. og sá Alþfl. sem tók þátt í þeirri stjórn, hafa nú að því er virðist náð yfirtökunum innan Framsfl.

En við skulum líta aðeins á efnisatriði þessarar þáltill. fyrir utan það sem ég þegar hef gert að umtalsefni, að taka skuli málið úr höndum iðnrh. Það er að vísu sagt í till. að lögð skuli rík áhersla á verulega hækkun raforkuverðs, en það er ekkert skilyrði sett um það að raforkuverðið skuli hækka. Ekkert slíkt skilyrði er að finna í þessari till., aðeins frómar óskir sem Alþingi eigi að setja fram við auðhringinn. Í þessari till. er tekið undir meginkröfur auðhringsins, sem hann hefur sett fram í þeim viðræðum sem fram hafa farið til þessa, tekið undir kröfu hans um stækkun álversins í Straumsvík, um það að geta fengið stærri hluta af orkuauðlindum Íslendinga. Án þess að nokkuð liggi fyrir um það, um hvað samningar gætu tekist í sambandi við raforkuverð og annað, þá eigi að slá því föstu hér að Alþingi Íslendinga sé reiðubúið til þess að taka slíkt mál upp við auðhringinn að afhenda honum aukinn hlut í orkulindum Íslendinga. Það eigi að vera eins konar verðlaun fyrir þau samskipti og þann samningsvilja sem Alusuisse hefur sýnt gagnvart Íslendingum til þessa.

Og það er tekið undir aðra meginkröfu: að fá heimild til þess að taka nýjan hluthafa inn í íslenska álfélagið, sem svo er kallað, ÍSAL, helmingseiganda á móti Alusuisse, vegna þess að það hentar auðhringnum nú að reyna að losa sig við hluta af hlutafé í þessari bræðslu og koma þeim skuldum, sem þar hefur verið hlaðið upp í þetta sýnilega gjaldþrotafyrirtæki í Straumsvík, eins og það hefur verið bókfært, koma þeim út fyrir skuldaramma og viðskiptaramma Alusuisse gagnvart bönkum samsteypunnar. Þetta er þeirra kappsmál og að geta veifað heimild til stækkunar á álverinu í leiðinni.

Ég vek athygli á því í sambandi við þá stækkun, að þar hafa menn talað um heilan kerskála, sem með núverandi tækni væri ekki aðeins aukning um þriðjung á framleiðslu álversins í Straumsvík, heldur mætti í slíkum kerskála koma við tvöföldun á framleiðslu álbræðslunnar og þar með nærri tvöföldun á því magni af raforku sem álverinu væri selt.

Og svo má segja að komi kórónan í þessu verki þeirra flm. úr hv. atvmn., þar sem lagt er til með svofelldu orðalagi, herra forseti:

„Til að stuðla að því, að viðræður geti hafist án tafar, verði fallist á að setja deilumál um verð á súráli, rafskautum og skatta í gerðardóm sem aðilar koma sér saman um."

Hér er verið að leggja það til, að þær ákvarðanir íslenskra stjórnvalda, sem fyrir liggja af hálfu fjmrn., að leggja endurmetið framleiðslugjald á álbræðsluna í Straumsvík sem nemur um 130 millj. kr. vegna dulins hagnaðar fyrirtækisins frá árinu 1976 að telja, að þessi gerð íslenskra stjórnvalda skuli brotin upp og sett í gerðardóm með samkomulagi við Alusuisse. Til hvers? Jú, til þess að greiða fyrir því að viðræður geti hafist. 130 millj. ísl. kr. á að setja í gerðardóm með samkomulagi við Alusuisse til þess að greiða fyrir því að viðræður geti hafist.

Ég heyrði að hv. 10. þm. Reykv. taldi hér áðan að við værum að kasta frá okkur einhverju kostaboði, sem komið hefði frá auðhringnum 10. nóv. s. l., þess efnis, að málið ætti að fara fyrir íslenskan gerðardóm, þeir væru að bjóða okkur að setja málið í íslenskan gerðardóm, deiluna um fortíðina. Hæstv. sjútvrh. hefur oftar en einu sinni, að ég hef tekið eftir, vitnað til þess sér til málsbóta í sambandi við undirtektir hans við tillöguflutning stjórnarandstæðinga, sem raunar eru undirtektir við kröfur og málflutning Alusuisse. Hann hefur vitnað til hins sama. En menn skulu líta í þessa texta. Þeir hafa þá undir höndum. Hvar stendur það að boðið sé að setja þetta í íslenskan gerðardóm? Í bréfi Alusuisse frá 10. nóv. er talað um tvo gerðardóma með samkomulagi. Annar átti að fjalla um yfirverð og deilur varðandi þau, en það er ekki tiltekinn neinn íslenskur gerðardómur. Hinn átti að fjalla um deilur varðandi afskriftir á árinu 1980 sérstaklega og þar máttu íslenskir lögfræðingar koma við sögu. Það var hinn íslenski gerðardómur sem tilboð var gert um. Það er kannske táknrænt fyrir málflutning þessara hv. talsmanna atvmn. og hagsmuna Alusuisse í þessu máli, að þeir skuli ekki einu sinni geta farið með rétt mál varðandi þau tilboð sem auðhringurinn hefur gert. En það er reyndar mjög í samræmi við annað í þeirra málflutningi.

Hér er sannarlega á ferðinni tillaga um málsmeðferð, sem ekki er hægt að gefa aðra einkunn eða viðhafa um annað lýsingarorð en það, að hún sé hroðaleg. Hún sé hroðaleg í gamalli og góðri merkingu þess lýsingarorðs. Að baki hennar getur í besta falli búið glópska eða barnaskapur. En hún eldurspeglar einnig ótrúlegan undirlægjuhátt við erlent vald og við erlenda hagsmuni. Það er vissulega eitt, að einstakir þm. eða einstakir aðilar utan þings túlki viðhorf sín til þessa stóra máls, og annað það, að hv. Alþingi er að taka upp mál með þessum hætti og gera um það till. að samþykktir af þessu tagi verði gerðar hér á hv. Alþingi. Átta hv. alþm. sig ekki á því, hvernig þeir eru með þessum tillöguflutningi að spila upp í hendurnar á auðhringnum, á gagnaðilanum í þessu máli? Eru þeir gersamlega skyni skroppnir um það, hvernig samningar ganga fyrir sig, hvernig það er að halda á samningum við sterkt

vald? Eru hér engir lengur, sem muna deilur okkar um aðra auðlind, fiskimiðin við landið, og að það þurfti svolítið á sig að leggja til þess að við Íslendingar næðum þar tökum á máli? Þjóðin var reiðubúin til þess af því að það tókst samstaða meirihlutamanna hér á hv. Alþingi að leggja það til og bera það fram og fá um það samþykktir. En nú virðist öldin vera önnur.

Ég held að það sé mikið atriði fyrir íslenska þjóð að átta sig á þeim veðrabrigðum, sem virðast vera orðin hér á hv. Alþingi þegar íslenskir hagsmunir mæta erlendum hagsmunum, veðrabrigði, sem orðið hafa frá því fyrir 12 árum síðan er meiri hl. Alþingis bar gæfu til þess að rifta nauðungarsamningum, sem stór hluti alþm. hafði glæpst til að gera 1969, virtist fremur kjósa að sökkva með samningunum, að sökkva íslenskum efnahag fremur en rifta þessum samningum.

Því er mikið haldið á lofti í málgögnum þeirra aðila sem standa að þessari þáltill. að ég sem iðnrh. hafi ekki borið fram kröfur af Íslands hálfu um það sem mestu máli skipti í þessu, þ. e. að fá eðlilegan afrakstur fyrir þá orku sem seld er til álversins í Straumsvík. Því er haldið fram, það má lesa í dagblöðum og það er endurómað í landsmálablöðum sömu flokka núna þessar vikur, að ég hafi verið svo upptekinn af því að kljást við Alusuisse varðandi dulinn hagnað og skattamál, að ég hafi skilið raforkuverðið eftir, látið vera að bera fram kröfur um leiðréttingu á raforkuverði og væntanlega öðrum atriðum samninga, það mál hafi bara legið og beðið. Þetta er málflutningur, sem þið kannist við, allir hv. alþm. og þeir sem fylgjast með þessu máli. Það er því ástæða til þess hér að minnast aðeins á hvernig að þeim þætti hefur verið staðið. Það er dálítið furðulegt að þeir aðilar sem stóðu að samþykktum í ríkisstj. 1980 í desembermánuði og ítrekað í júlímánuði 1981 innan ríkisstj., þar sem meginhersla var lögð á það að sanngjörn leiðrétting fengist á raforkuverði til álversins í Straumsvík, þeir sömu aðilar skuli telja sér það sæmandi, eftir að hafa fylgst náið með þessu máli innan álviðræðunefndar, að bera mig þeim sökum að ekki hafi verið knúið á um að fá fram leiðréttingu á raforkuverðinu. Það er því ástæða til að rifja það aðeins upp hér, hvenær tillögur komu fram um það frá þessum mönnum, sem svo hátt hafa um þessi efni og bera fram ásakanir á mig, hvenær tillögur komu fram frá þeim um það að stórhækka þyrfti raforkuverðið til álversins í Straumsvík — kannske ekki stórhækka heldur jafnvel breyta því eitthvað til hækkunar. Ég held að það sé full ástæða til að rifja það upp í ljósi þeirra ásakana sem uppi hafa verið hafðar undanfarna mánuði og misseri í minn garð um þetta efni.

Ég þarf ekki að hafa mjög mörg orð um frammistöðu Sjálfstfl. í því efni. Ég hef svo oft úr þessum ræðustóli á liðnu ári og á þessu ári lýst eftir því, — og beint þar sérstaklega máli mínu til hv. 6. þm. Reykv., sem oft hefur tekið til máls um þessi efni og var 1. flm. þáltill. þeirra sjálfstæðismanna í byrjun þessa þings um viðræðunefnd við Alusuisse, að hann benti mér á það í þinggögnum hvenær hann bar fram kröfur hér á hv. Alþingi um það að leiðrétta beri raforkuverð til álversins í Straumsvík og stórhækka það, eins og loksins mátti lesa í Morgunblaðinu í ágústmánuði s. l. eða byrjun september, þegar skyndilega rofaði til á þeim bæ, svona svipað og þegar Sjálfstfl. sneri við blaðinu í landhelgismálinu á sínum tíma og tók undir kröfuna um útfærslu í 200 mílur. En hv. 6. þm. Reykv. hefur ekki svarað þessu ennþá. Hann hlýtur þó að vera búinn að lesa í gegnum ræður sínar á undanförnum árum um þetta mál, þannig að hann geti komið hér upp og vitnað til þeirra, hvenær hann eða hans flokksmenn hafi á árunum 1979, 1980 — og hann má gjarnan fara fram á árið 1981 — borið fram hér á Alþingi kröfur um að leiðrétta raforkuverðið til álversins í Straumsvík og lýst yfir því að það væri áhugamál Sjálfstfl. að svo yrði gert.

Í umr. hér um daginn minnti ég hv. þm. á þetta og benti á að þessi ræðustóll stæði honum opinn til þess að hann gæti upplýst um þetta efni. Sannleikurinn er nefnilega sá, að Sjálfstfl., sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu, fulltrúar Sjálfstfl. í stjórn Landsvirkjunar hafa ekki séð ástæðu til þess fyrr en eftir dúk og disk að taka undir sjálfsagðar kröfur um leiðréttingu á raforkuverði til álversins í Straumsvík. Ég fagna síðbornu liðsinni þeirra við þá kröfu, þó að þar hafi því miður slegið í bakseglin á síðustu vikum á nýjan leik, þegar t. d. Morgunblaðið skrifar í leiðara sínum þann 11. jan. s. l. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Öllum er ljóst að miðað við stöðu áliðnaðarins í heiminum er varanleg verðhækkun á raforku til álversins í Straumsvík óraunhæf nema samþykkt verði að auka *megi framleiðslugetu* þess."

Hvað lesið þið út úr þessari yfirlýsingu þá víðlesnasta blaðs landsins? Ég var raunar að heyra að það væri einhver búinn að slá því við. (**Gripið fram í:** Þjóðviljinn kannske?) Það væri ágætt ef hv. 11. landsk. þm. vildi slást í lið með mér og efla útbreiðslu besta dagblaðsins á Íslandi, m. a. að gera það víðlesnara á Austurlandi, þannig að hann fengi dálítið einarðari kröfur í sitt eyra í sambandi við hagsmunamál okkar Íslendinga og Austfirðinga þar á meðal. (**EgJ:** Eru það ekki Austfirðingar sem þurfa að fá það í eyra?)

Ég les þetta út úr þessum orðum Morgunblaðsins, það er raunar afar skýrt: Það er ekki fært, segir Morgunblaðið, og ekki raunhæft að fá neina leiðréttingu á raforku til álversins í Straumsvík miðað við stöðu áliðnaðar í heiminum nema við föllumst áður á stækkun álversins í Straumsvík, enda er það mál sem Sjálfstfl. hefur klifað á undanfarin ár, að stækka þurfi álverið. Það glumdi 1981 í júlímánuði í þingflokkssamþykktum flokksins og í skrifum Morgunblaðsins og það er eitt meginhugamálið. En að fá fram einhverja nettóleiðréttingu á raforkuverði til álversins í Straumsvík *telur* Sjálfstfl. að sé *borin von*. Það *telur* Morgunblaðið a. m. k. að sé borin von miðað við núverandi stöðu áliðnaðarins. Skilja menn það mál sem hér er talað? Ætli Alusuisse skilji það ekki? Það væri hægt að halda slíkum tilvitnunum í talsmenn Sjálfstfl. lengi áfram, en þeir hafa nú haft svo hátt um þessi efni að það er ekki stór þörf á því að vitna þar að þessu sinni til margra þátta til viðbótar, en þó er sjálfsagt að bæta þar við. Eg vona eindregið að hv. 6. þm. Reykv. komi hér upp í þessari umr. og lesi eitthvað úr verkum sínum um kröfur sínar á fyrri árum varðandi hækkun á raforkuverði til álversins í Straumsvík.

En það má ekki bara ræða um Sjálfstfl. í þessu efni. Það má ekki gleyma garminum honum Katli heldur. Mér þætti vænt um, herra forseti, ef hv. 9. þm. Reykv. væri hér einhvers staðar nærstaddur og hlýddi á mitt mál, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, því að mig langar að rifja hér aðeins upp fyrir honum málflutning sem lesa mátti í hans flokksmálgagni á þeim tíma sem hann var ritstjóri Alþýðublaðsins. Mér þætti gott ef

hann kæmi hér í augsýn, herra forseti. (**FrS:** Hann er kominn með eyrnabólgu.) (**Forseti:** Hv. þm. þurfti að bregða sér frá.) Er ekki von á hv. þm. í salinn? Ég sá hann hér fyrir augnabliki. (**Forseti:** Hann var að bregða sér frá.)

Það er kannske hægt að vísa hv. þm. á það tölublað Alþýðublaðsins sem ég ætla að vitna hér til, frá 6. des. 1980, en þá var hv. núv. 9. þm. Reykv. og leiðarstjarna Alþfl. hér í höfuðstað landsins í komandi kosningum ritstjóri Alþýðublaðsins, ef ég man rétt, og þá var einmitt á þeim vikum skrifað talsvert mikið í þetta málgagn, sem ekki er stórt að blaðsíðutali eða umfangi, um málefni álversins í Straumsvík. Páv. framkvæmdastjóri álversins var leiddur þar til vitnis öðrum mönnum fremur. Þann 6. des. mátti á 4. síðu Alþýðublaðsins lesa m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta, sem ég trúi ekki að hafi neitt á móti því að vitnað sé í þetta málgagn, undir yfirskriftinni „Stefna Alþfl. í orkumálum". Svo kemur aðalfyrirsögn: „Álverið er leiðarljós". Þar segir síðan:

„Alþýðublaðið hefur undanfarið birt greinar um stóriðjumál. Kveikjan að þessum skrifum var ræða Lúðvíks Jósepssonar á landsfundi Alþb., þar sem hann fór hörðum orðum um stóriðjustefnu „íhalds og krata", eins og hann orðaði það. Með ræðu iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar á Alþingi í gær er enn vegið að stóriðjustefnu Alþfl.-manna" segir síðan í þessari blaðagrein. Og áfram: „Alþýðublaðið leitaði til Ragnars Halldórssonar, forstjóra ÍSALs, og bar undir hann ummæli þeirra Lúðvíks og Hjörleifs um fyrirtækið. Ragnar sagði að ýmissar ónákvæmni og rökleysu gætti í málflutningi þeirra." Og síðan segir í Alþýðublaðinu: „Lúðvík Jósepsson og Hjörleifur Guttormsson hafa báðir haldið því fram, að orkuverð það sem ÍSAL greiðir sé aðeins brot af kostnaðarverði orkunnar. Eins og áður hefur verið rakið í Alþýðublaðinu", takið eftir, „eins og áður hefur verið rakið í Alþýðublaðinu er hér um mikinn misskilning að ræða. Annars vegar er verið að bera saman greiðslur til að standa straum af fjármagnskostnaði við nýjar virkjanir og hins vegar orkukostnað vegna eldri virkjana. Lúðvík Jósepsson hélt því fram í ræðu sinni á landsfundi, að orka til stóriðnaðar úr hagkvæmustu virkjunum okkar nú mundi kosta 10 kr. á kwst. en ÍSAL greiðir eins og kunnugt er ca. 3.60 fyrir kwst."

Og nú kemur mitt innskot, því að enn var framkvæmdastjóri álversins leiddur fram til þess að svara þessum rökum. „Ragnar Halldórsson", segir Alþýðublaðið, „var spurður álits á þessu atriði og sagði hann að hér væri augljóslega um hreint rugl að ræða, það væri ekki réttmætt að bera saman orkuverð frá gömlum orkuverum og nýjum. Gömul stóriðjuver greiða fjármagnskostnað vegna orkuvera sem byggð voru á sama tíma, en það er ekki réttmætt að ætlast til að gamlar verksmiðjur geti greitt orkuverð nýrra virkjana." Og síðan kemur orðrétt tilvitnun í sjálfan Ragnar Halldórsson: „Ég skil ekki hvað þessir menn eru að fara með svona samanburði, hann er út í hött," sagði Ragnar.

Og áfram segir í Alþýðublaðinu:

„Eins og bent hefur verið á í blaðinu eru margar hliðar á orkuverðinu. Í ÍSAL-tíðindum (en það er heimilismálgagn álversins í Straumsvík) frá síðasta ári er nokkuð komið inn á þessi mál, og segir þar m. a.: „Árið 1978 notaði ÍSAL 51% af heildarorkuframleiðslu Landsvirkjunar það ár. Ef greiðslur ÍSALs til Landsvirkjunar fyrir þessi orkukaup eru athugaðar kemur í ljós að ÍSAL greiddi „aðeins" rúm 30% af heildargreiðslum til Landsvirkjunar vegna orkusölu. Hins vegar notaði ÍSAL aðeins tæp 31.8% af uppsettu vatnsafli Landsvirkjunar. Þetta er raunhæfur samanburður á greiðslum og tilkostnaði, en ekki samanburður óskyldra hluta."

„Í framhaldi af þessu" segir Alþýðublaðið „er síðan minnt á þá staðreynd, sem vikið hefur verið að í blaðinu, að stóriðjuver eins og ÍSAL og Járnblendiverksmiðjan nota orkuna í mun lengri tíma en hinar almennu rafveitur og eru þar að auki skuldbundnar til að greiða hana, án tillits til hvort hún er notuð eða ekki.

Ef litið er á orkuverð til álvinnslu í heiminum kemur í ljós að verðið er mjög misjafnt og fer eftir staðháttum og markaðsaðstæðum. Orkuverðið er oft mælt í einingunni mill, sem jafngildir 1/1000 hluta úr Bandaríkjadollar. Ragnar Halldórsson sagði í viðtali við Alþýðublaðið að ÍSAL greiddi hærra orkuverð en t. d. bæði Kanadamenn og Bandaríkjamenn. Í lista yfir orkuverð til álframleiðslu í 10 löndum, sem birst hefur í ÍSAL-tíðindum, kemur fram að ÍSAL greiðir nálægt meðalverði fyrir orkuna eða 6.45 mill fyrir kwst.

Ragnar Halldórsson minnti á það, að Hjörleifur Guttormsson væri sjálfur með ýmsar bollaleggingar í stóriðjumálum, svo sem kísilmálmverksmiðju, saltverksmiðju, magnesíumverksmiðju o. fl. Yrði fróðlegt að sjá hvaða orkuverð yrði samið um fyrir þessar verksmiðjur ef af verður. „Það gildir engin óskhyggja í þessum málum, menn verða að fara eftir markaðsaðstæðum og samkeppni á markaðinum. Við greiðum fyllilega sambærilegt verð og aðrar þjóðir fyrir raforkuna og ég held að erfitt verði fyrir iðnrh. að flytja þessa stefnu sína úr landi," sagði Ragnar."

Og enn segir Alþýðublaðið í þessari grein um stefnu Alþfl. í orkumálum: „Um þennan rökstuðning sagði Ragnar Halldórsson að hann væri marklaust þrugl. Hann spurði á móti hvort annar iðnaður í landinu, eins og t. d. sjávarútvegur, greiddi ekki vexti og annan fjármagnskostnað. „Þannig eru öll lán," sagði hann, „af þeim þarf að borga vexti og Alusuisse er þar engin undantekning." Við þetta má bæta "— og ég bið ykkur að taka eftir því vegna þess að það tengist öðru máli, sem rifjað verður upp síðar —„ Við þetta má bæta að samkv. upplýsingum frá Landsvirkjun má gera ráð fyrir því, að ÍSAL muni á 25 árum standa undir allri greiðslubyrði vegna Búrfellsvirkjunar, aðalspennistöðvar við Geithála og gasaflsstöðvar við Straumsvík ásamt báðum háspennulínum frá Búrfelli og Þóris-Vatnsmelum" — stendur nú hér, en á líklega að vera Þórisvatnsmiðlun —" enda þótt ÍSAL noti aðeins hluta orkunnar. Stór hluti orkunnar ásamt mannvirkjum og línum notast öðrum kaupendum."

Þetta læt ég nægja, herra forseti, sem tilvitnun í stefnu Alþfl. í orkumálum, eins og hún er flutt í Alþýðublaðinu þann 6. des. 1980, og þar sem höfuðvitni í þessu máli fyrir hönd Alþfl. er framkvæmdastjóri álversins í Straumsvík. Það má heyra hvert hann sækir rök sín. Hann sækir þau m. a. í upplýsingar, sem hann telur sig hafa frá sjálfum orkuseljandanum, Landsvirkjun, upplýsingar sem hafa heyrst í máli talsmanna orkusölusamningsins við Alusuisse og sést á prenti í Morgunblaðinu. Ég treysti því að vísu, að þetta leiðarljós Alþfl. í orkumálum, álverið í Straumsvík, sé nú farið að dofna á þeim bæ. Ég trúi satt að segja ekki

öðru en að svo sé og tel mig reyndar hafa séð ýmis batamerki hjá þeim flokki, því að þingflokkur Alþfl. hefur í ályktunum oft tekið með skynsamlegum hætti undir málflutning ríkisstj. og minn málflutning og kröfugerð í sambandi við m. a. hækkun á raforkuverði til álversins í Straumsvík. Það er hins vegar ástæða til fyrir Reykvíkinga, sem eiga að ganga að kjörborðinu væntanlega seinni hluta aprílmánaðar ásamt öðrum landsmönnum, að íhuga þann málflutning sem nú fremsti frambjóðandi Alþfl. og þáv. ritstjóri Alþýðublaðsins hefur uppi sem stefnu Alþfl. í orkumálum á síðum blaðsins í tilvitnuðu tölublaði 6. des. 1980.

Er ég þá, herra forseti, kominn að Framsfl. og hans málflutningi í sambandi við raforkuverð og er mér þá alveg að skapi, ef hæstv. forseti óskar eftir að hlé verði gert, að bíða með það, vegna þess að það er ágætt, ef menn hafa fengið bólgu í eyrun, eins og ég heyrði hér í hliðarherbergjum, að henni létti. Menn geti þá kannske jafnað sig til þess að fylgjast aðeins með því sem ég hef að segja í sambandi við málflutning Framsfl. að þessu leyti. [Frh.]

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Kl. 4 í dag var haldinn fundur þar sem forsetar þingsins og formenn þingflokka ræddu um vinnu hér í þinginu. Á þessum fundi kom fram formleg ósk frá fulltrúum þriggja þingflokka, þingflokks Alþb., Alþfl. og Sjálfstfl. um að síðar í dag, milli kl. 5 eða 6 eða svo, yrðu haldnir fundir í deildum þingsins til að ræða þau mál sem þar væru á dagskrá. Fulltrúi Framsfl. á þessum fundi mótmælti því og krafðist þess að fundir yrðu haldnir í Sþ. til þess að till. um viðræður við Alusuisse fengi allan tíma þingsins í dag. Fulltrúar flokkanna þriggja bentu á að til að greiða fyrir þingstörfum og auðvelda afgreiðslu þeirra frv. sem eru forsenda þess að þingi geti lokið með sómasamlegum hætti í byrjun næstu viku, þá verði að gefa tíma fyrir deildafundi.

Í Ed. á eftir að fjalla um frv. til lánsfjárlaga til 2. og 3. umr. Þar á eftir að ræða till. um samkomudag þings og ýmis önnur mál og í Nd. eru einnig ýmis mál óafgreidd.

Í Ed. hófst í dag um þrjúleytið umr. um till. til þál. um samkomu Alþingis. Það var ljóst að sú umr. mundi ekki taka langan tíma, aðeins einn maður var á mælendaskrá, hæstv. viðskrh., og kunnugt að almennt mundu deildarmenn ekki taka mikinn þátt í þeirri umr. Það var samdóma álit okkar margra, sem sátu þennan fund forseta og formanna þingflokka, að til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála hér í þinginu væru skynsamlegust vinnubrögð að umr. um till. um samkomudag Alþingis eftir næstu kosningar lyki í Ed. Hún gengi síðan til Nd. og yrði þar rædd. Á meðan gæti Ed. tekið til meðferðar frv. til lánsfjárlaga, stjórnarskrárfrv. hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens og ýmis fleiri frumvörp, sem í Ed. eru. Það væri þannig skynsamlegust nýting á tíma manna hér í þinginu að skipuleggja næstu klukkustundir með þessum hætti. Þá var boðið að síðar í kvöld gæti verið fundur í Sþ. til að taka fyrir þau mál sem þar þyrfti að ræða.

Þessum fundi lauk þannig, að fyrir lá sameiginleg niðurstaða þriggja þingflokka um að þetta væru skynsamlegustu vinnubrögðin í afgreiðslu mála hér í þinginu. Þar með gæfist tími til að ræða það sem brýnast væri og ennfremur mætti þá síðar í kvöld halda áfram umr. í Sþ. Nú gerist það hins vegar fimm mínútum fyrir kl. 6 að við erum boðaðir á fund hæstv. forseta Sþ. og okkur tilkynnt að hæstv. forseti Sþ. hafi ákveðið að hafna ósk þriggja þingflokka um deildafundi, en verða við ósk Framsfl., síns eigin flokks, um áframhaldandi fund í Sþ., þar sem krafa Framsfl. er að till. um nýjar viðræður við Alusuisse yrði þar til áframhaldandi umr.

Því miður hefur það nú gerst, að hæstv. forseti hefur hafnað ósk sem fulltrúar mikils meiri hl. þings hafa hér sett fram og orðið í staðinn við ósk Framsfl. um hvernig með þingstörf yrði farið — hafnað samkomulagi sem hefði auðveldað mjög framgöngu flestra mála hér í þinginu, m. a. þess máls sem Framsfl. virðist nú telja aðalatriðið að hér sé rætt. Ekkert annað megi gera hér í þinginu fyrr en umr. um það nái fram að ganga. Hinn nýi Alusuissemeirihl. Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. fái að birtast hér í þinginu. Það er fróðlegt fyrir okkur að sjá af hvílíku kappi Framsfl. leggur áherslu á að þessi nýi Alusuissemeirihl. fái að birtast hér í þingsölum. Misbeitt er forsetavaldi á þann einstæða hátt sem hér hefur fram komið. Hæstv. forseti, sem hingað til hefur stjórnað fundum Alþingis vammlaust og vel, er nú knúinn til þess af sínum eigin flokki (**Gripið fram í:** Ertu talsmaður nýja meiri hl.?) að misbeita forsetavaldi sínu með þessum hætti.

Ég vil segja við formann þingflokks Framsfl. og formann Framsfl. að það er ljótur leikur við forsetaembætti Jóns Helgasonar, jafnmikils drenglundarmanns og hann er, að Framsfl. skuli leggjast á hann með þessum hætti. Menn verða að átta sig á að forseti Sþ. er trúnaðarmaður þingsins alls, en ekki sérstakt embætti sem heyrir undir formennina í Framsfl. Það hefði farið betur að þessir miklu kappsmenn í álmálinu, hv. þm. Páll Pétursson og hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, sæktu það mál ekki af slíku kappi fyrir hönd síns flokks að þeir stefndu virðingu hæstv. forseta Jóns Helgasonar og störfum þingsins í þá hættu sem nú hefur orðið.

Ég get ekki séð með hvaða rökum hægt er að hafna ósk sem fram hefur komið frá miklum meiri hl. þings, einkum og sér í lagi þegar sú ósk er jafnrækilega rökstudd ábendingum um hvað muni greiða fyrir afgreiðslu mála. Við höfum boðið upp á að að loknum fundum í deildum, þar sem þau mál yrðu tekin til afgreiðslu sem ég hef hér nefnt, yrði fundur í Sþ. og menn gætu þá haldið áfram að ræða þær tillögur sem þar eru á dagskrá. Þessu tilboði er hafnað þótt meiri hluti þings standi að því. Ég vil óska eftir því að forystumenn Framsfl. dragi nú til baka kröfur sínar til hæstv. forseta. Það er, eins og ég sagði áðan, hættulegur leikur með embætti forseta Sþ. að flokksbræður hans stilli honum upp í þá erfiðu stöðu sem þeir hafa hér gert. Það væri drenglundaðri framkoma af hálfu forustumanna Framsfl. að draga kröfu sína um fund í Sþ. til baka, því að það er í skjóli þeirrar kröfu sem þessi fundur er haldinn.

Jafnframt vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. forseta Sþ. að hann verði við þeim óskum sem fram hafa komið frá hinum þingflokkunum þremur og sem forsetar deildanna hafa lýst sig fúsa til að verða við. Þeir geta eðlilega ekki komið við fundum vegna þess að hér

er auglýstur fundur í Sþ. Við þurfum að fá næstu klukkustundir til að halda áfram störfum í deildum. Síðan er hægt að taka til við fund í Sþ. þegar þeim fundum er lokið. Ég vona, herra forseti, að þeirri ákvörðun að halda nú áfram fundi í Sþ. verði breytt, þessum fundi verði frestað og forseti gefi gjarnan nokkrar klukkustundir til að halda fundi í deildum. Vilji menn ljúka þessu þingi með sóma, vilji menn ljúka þessu þingi á þann hátt að afgreidd séu þau frumvörp sem allir eru sammála um að nauðsynlegt sé að afgreiða og vilji menn að þinginu ljúki strax eftir helgina, þá er óhjákvæmilegt að farið sé fram með þeim hætti sem ég hef hér lýst og sem flestir þeir sem sitja vinnufundi formanna þingflokka og forseta þings, voru sammála um að væri vænlegasta leiðin til að skipuleggja störf Ed., Nd. og Sþ.

Forseti (Jón Helgason): Eins og hv. alþm. er kunnugt hafa fundir í Sþ. að undanförnu mjög vikið fyrir deildafundum. M. a. var svo í gær, en þá er þó vanalegur fundartími í Sþ. Þá hafði ég gert ráð fyrir að halda áfram og ljúka umr. á þeim málum sem ég hafði hugsað mér að taka á dagskrá, þ. e. því dagskrármáli sem þegar hefur verið hafin umr. á og einnig um kísilmálm. Því miður tókst það ekki þá vegna óska um að ekki yrði kvöldfundur þar sem kvöldfundir höfðu þá verið þrjú kvöld í röð. Þeir sem óskuðu eftir þessum fresti höfðu ekkert við það að athuga að það yrði svo fram haldið hér í dag. Það varð svo að samkomulagi í milli okkar forseta, mín og deildaforseta, að þessu yrði hagað þannig að fundur í Ed. hæfist kl. 11 í morgun, fundur í Nd. kl. 1 og fundur í Sþ. nú kl. 4. Ég tel því að þarna hafi verið mjög hliðrað til fyrir deildafundi. En að það sé ekki hægt að ljúka þingi með sóma þó að umr. séu í Sþ. á ég erfitt með að sætta mig við. Ég tel því, að ég hafi ekki neitt misbeitt valdi mínu í þessu tilfelli, heldur sé farið hér eftir því sem búið var að ráðgera og ræða, m. a. í gærkvöld við formenn þingflokka.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil taka það fram að mér þykir ákvörðun hæstv. forseta í hæsta máta eðlileg. Forseti Sþ. hefur æðsta vald hér um fundarstjórn og það er alveg ómótmælanlegt að samkv. þingsköpum hefur hann fullan rétt til að halda áfram fundi í Sþ. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., er að vísu mikill valdsmaður hér í þinginu, en ákvarðanir forseta Sþ. eru þó ennþá gildari en óskir hans.

Það er auðvitað fjarstæða að telja að forseti Sþ. hafi misbeitt valdi sínu. Það er líka fjarstæða að telja að ég hafi lagst á hann með nokkrum hætti eða knúið hann til eins eða neins. Ég styð hins vegar ákvörðun þá, sem hann hafði þegar tekið og öllum var vitanleg strax í gærkvöld, að hér verði fundur í Sþ. síðdegis og fram á kvöld eða nótt, ef þurfa þykir.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur rakið í sínu máli gang þessa máls og ég þarf ekki að ítreka í sjálfu sér margt af því sem hann hefur sagt. En ég vil þó segja að á þessum fundi okkar í dag kom fram formleg ósk þriggja þingflokka um að deildafundir yrðu haldnir í dag eða kvöld til þess að halda áfram umr. um þau mál sem þar eru á dagskrá. Ég lýsi sérstökum vonbrigðum mínum yfir því, að hæstv. forseti Sþ. hefur ekki talið sér fært að verða við þessum óskum þriggja þingflokka. Ég skil satt að segja ekki í því hvernig á því stendur að ekki megi verða við þessari sjálfsögðu beiðni.

Það er staðreynd, að það eru ýmis mál óafgreidd í deildum þingsins og mér sýnist að þessi afstaða hæstv. forseta hljóti að leiða til þess að við lendum í vandræðum með þingstörf á mánudaginn. Það hefur þegar verið ákveðin sjónvarpsumr. frá Alþingi á mánudagskvöldið. Það hefur verið talað um að þinglausnir verði að loknum þessum sjónvarpsumr. Ég get ekki með nokkru móti séð að af því geti orðið, ef staðið verður að málum eins og hér er ætlað.

Við höfum sjálfsagt misjafnan áhuga á framgangi einstakra mála sem ennþá eru á dagskrá bæði deilda og Sþ. Við í stjórnarandstöðunni og Alþb. höfum áhuga á að tillögurnar, sem eru fyrir báðum deildum þingsins um samkomudag hins nýja Alþingis, verði afgreiddar fyrst. Og ég vænti þess að hæstv. forsetar hafi skilið að við munum ekki greiða fyrir framgangi mála í þinginu meðan þær tillögur hafa ekki verið afgreiddar. Við höfum boðið samstarf. Það hafa ekki verið settar fram neinar hótanir. Við höfum boðið samstarf við stjórnarliða um þinghaldið, en slíkt tilboð, sem frá okkur hefur komið, hefur æ ofan í æ verið lítilsvirt og það er enn verið að því með afstöðunni sem hér er tekin.

Ég vil taka það mjög skýrt fram að við sjálfstæðismenn erum ekki að koma í veg fyrir afgreiðslu á till. um álviðræðunefndina þó að við séum að fara fram á frestun á þeirri umr. núna um stund. (**ÓÞÞ:** Það bendir nú allt til þess.) Það er mikill misskilningur, hv. þm. Ólafur Þórðarson, en þú hefur misskilið það sem meira er. Það er okkar sameiginlegt áhugamál, stjórnarandstöðunnar og hæstv. forseta Sþ., ef ég hef skilið rétt, að það mál hljóti afgreiðslu á þessu þingi, og það skal ekki standa á okkur í stjórnarandstöðunni að sitja hér á fundi í nótt, ef þarf, til þess að koma þeirri umr. áfram, og það munum við gera.

Ég ítreka þessa ósk okkar, að gert verði hlé á fundum Sþ. Ég ætla ekki að taka svo djúpt í árinni, sem hér var gert áðan, að hæstv. forseti Sþ. hafi misbeitt valdi sínu. Það tel ég ekki að hann hafi gert. Mér er alveg ljóst það, sem hv. þm. Páll Pétursson var að segja áðan, að forseti Sþ. hæstv. hefur vald til þess að halda áfram störfum í Sþ. En það kemur okkur á óvart ef hann ætlar gersamlega að hundsa beiðni þriggja þingflokka og það vekur vissar grunsemdir um að hann meti meira óskir síns eigin flokks í þessu efni en óskir hinna þriggja þingflokkanna.

Ég ítreka að ég vænti þess að hæstv. forseti endurskoði þessa afstöðu sína um leið og ég lýsi því yfir að við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir að taka þátt í störfum Sþ. í kvöld og nótt, ef þurfa þykir.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd Alþfl. að við teljum þessa ákvörðun forseta algerlega óviðunandi, enda fer hún alveg á skjön við það sem formenn þriggja stjórnmálaflokka hafa óskað eftir. Við höfum óskað eftir að nú verði deildafundir og hægt verði að afgreiða þau fjölmörgu mál sem þar liggja fyrir og yrði af því mun meira hagræði en því að vera nú með fundi í Sþ.

Það var á fundi í dag eða fyrri partinn að þessi ósk kom fram frá þessum þremur stjórnmálaflokkum, Alþfl., Alþb. og Sjálfstfl., og það var ekki fyrr en eftir

þingflokksfund hjá Framsfl. að forseti tók þessa ákvörðun, sem ég vil telja gerræðislega, enda tekna þrátt fyrir mikil mótmæli stjórnmálaflokkanna sem ég nefndi.

Ég fer fram á að forseti endurskoði þessa ákvörðun sína til þess að fundarstörf geti gengið eðlilega fyrir sig, við getum haldið þingstörfum eðlilega áfram og afgreitt þau fjölmörgu mál sem liggja fyrir í deildum. Þinginu er það nauðsyn og þeim málum sem fyrir liggja er það nauðsyn einnig. Á þann hátt höldum við betur uppi virðingu Alþingis en gert yrði með þessari ákvörðun, sem er gersamlega óviðunandi og við Alþfl.-menn mótmælum harðlega.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég skýra frá því, að ég tilkynnti deildaforsetum um ákvörðun mína áður en þingflokksfundur Framsfl. var haldinn, svo að það stenst ekki sem hv. síðasti ræðumaður sagði. En ég vil aðeins skírskota til þess, sem ég hef sagt áður við umr. um þingsköp, af hverju ég tel að eigi og vil afgreiða þessa till. nú og get ekki fallist á að það auki virðingu Alþingis að láta alltaf umr. í Sþ. víkja fyrir deildafundum. Það er kannske fyrst og fremst sú ástæða sem er fyrir því að ég tók þessa ákvörðun.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er greinilega kominn upp verulegur ágreiningur — ágreiningur sem felst í því að meiri hl. þings eða það sem meira er, tveir deildaforsetar að því er mér skilst, óskar eftir því að halda fundi í sínum deildum, en forseti Sþ. neitar því að deildafundir verði haldnir. Ég spyr: Við hvaða ákvæði í þingsköpum styðst hann þegar sú ákvörðun er tekin að deildaforsetum sé meinað að halda deildafundi? Hvar eru þau ákvæði í þingsköpum sem ákveða að forseti Sþ. geti ráðið í tilvikum sem þessu?

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta er á misskilningi byggt. Deildaforsetar hafa ekki sett fram ósk við hæstv. forseta Sþ. um deildafundi kl. 6 í kvöld. Það voru fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka, eins og margsinnis hefur komið fram hér.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur komið fram formlega í þingsölum að vilji þriggja flokka er sá, að hér verði gefið tóm til að halda áfram í nokkrar klukkustundir fundum í deildum þingsins. Það er að vísu rétt, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði fyrir stundu, að forsetar deildanna hafa ekki talið eðlilegt að þeir bæru formlega fram þessa ósk, en það er jafnljóst að þeir væru reiðubúnir að verða við henni ef hæstv. forseti Sþ. mundi veita tíma til deildafunda. Það er því alveg ljóst að þetta mál strandar ekki á forsetum deildanna. Það er alveg ljóst og skýrt, þótt þeir hafi talið eðlilegra að valdið væri hjá forseta Sþ., sem það er að forminu til. Það hefur enginn maður dregið það í sjálfu sér í efa að forseti geti haldið áfram fundi sem hann hefur sett.

Hins vegar vita það allir, að eigi störf þessarar samkomu að vera árangursrík og farsæl er nauðsynlegt að menn fari með það vald þannig að það stuðli að árangri og afgreiðslu mála, en það leiði ekki til endalauss málþófs um þingsköp, deilna um meðferð mála hér í þinginu.

Það hafa ekki komið fram nokkur rök hjá hæstv. forseta eða formanni þingflokks Framsfl. að halda nú fund í Sþ. önnur en þau, að hæstv. forseta finnst aðeins minni tími gefast til funda í Sþ. en í deildum. Þetta voru einu rökin sem hæstv. forseti flutti hér fram. Það hefur enginn, herra forseti, lagst gegn því að hæstv. forseti fengi að halda fund í Sþ. síðar á þessum sólarhring. Það er þess vegna mesti misskilningur að telja að svo sé. Meira að segja hv. þm. Ólafur G. Einarsson lýsti því yfir að hann væri reiðubúinn að halda fund í Sþ. í alla nótt. (**Utanrrh.:** Deildafundi í nótt.)

Á morgun, hæstv. utanrrh., ætla hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson hæstv. ráðh. að móta sameiginlega stefnu með öðrum frambjóðendum Sjálfstfl. í komandi þingkosningum. Við hinir höfum talið æskilegt að gefa þeim þennan umþóttunartíma. Þess vegna stendur þessi deila ekki um hvort hv. Sþ. fær tíma til að fjalla um sín mál. Það er mesti misskilningur, herra forseti. Hún stendur eingöngu um hvort Framsfl. tekst að koma í veg fyrir nauðsynlegar umr. í deildum þingsins. Það er kjarni málsins.

Ef það er rangt, sem ég hef talið að væri rétt, að Framsfl. sé andvígur því að fundir væru í deildum, þá óska ég að það sé upplýst. Er kannske málið þannig, að Framsfl. sé sammála okkur hinum um að nú eigi að vera fundir í deildum? Ég hafði skilið hv. þm. Pál Pétursson á fundum forseta þingsins og formanna þingflokkanna þannig, að Framsfl. væri andvígur því. Nú sé ég hins vegar að hv. þm. Jóhann Einvarðsson, skrifari hæstv. forseta, hristir höfuðið yfir þeirri fullyrðingu að Framsfl. sé andvígur því. (**JE:** Yfir ræðu þinni.) Ef Framsfl. er hins vegar sammála okkur hinum um að halda fund í deildum er þetta ekkert mál. Þá er sjálfsagt að verða við því. (**JE:** Við klárum Sþ. fyrst og höldum svo deildafundi.)

Það er ljóst að miklu fleiri mál eru óafgreidd í Sþ. en í deildum. (**JE:** Það eru tvö mál sem þarf að klára núna.) Það liggur ekkert fyrir um það. Hæstv. forseti Sþ. hefur lýst því yfir að óski menn eftir því að mál séu tekin á dagskrá í Sþ. muni hann verða við þeirri ósk. Það er forsenda hans fyrir því að halda fund hér og nú að það hefur verið óskað eftir að viðræðunefnd við Alusuisse yrði tekin til umr. og kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði. Ég setti fram ósk í gær um að till. mín, sem er hér efst á blaði af málum sem taka skal til umr., um afvopnun og stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, yrði tekin til umr. Hæstv. forseti hefur ekki orðið við þeirri ósk. Hvernig stendur á því að mönnum er mismunað svona í þinginu? Ég setti fram þá ósk í gær að sú till. yrði tekin til umræðu og formaður Alþb., hæstv. félmrh., gerði þá kröfu að brúargerð á Kúðafljót yrði tekin til umr. einnig. Það eru því fjölmörg mál ofar en þetta sérstaka, 16. mál, sem eðlilegast væri að taka til umr., ef það eitt er kappsmál hæstv. forseta, sem hann lýsti hér áðan, að halda fund í Sþ. Það var eina ástæðan sem hæstv. forseti gaf og þá væntanlega tekur hann fyrir þau mál sem þar eru á dagskrá í þeirri röð sem flm. þeirra óska að þau séu tekin fyrir. Þá er mér ennfremur kunnugt um að hv. þm. Vilmundur Gylfason telur brýna nauðsyn að fram haldi umr. um frv. til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Við erum ýmsir sem eigum eftir að tala í því máli.

Það er ennfremur ljóst, að sé það ætlun hæstv.

forseta að stuðla að eðlilegu vinnulagi hér í þinginu er það ekki farsælt að halda á máli með þeim hætti sem hér er gert. Það er ljóst að það verða langar umr. um viðræðunefnd við Alusuisse. Ég get sagt hæstv. forseta það, að ætli hann sér að ljúka þeirri umr. stendur hún fram á næsta dag a. m. k. (**Gripið fram í:** Fram yfir miðnætti?) Það er stuttur tími. Hún stendur a. m. k. fram á næsta dag, ef það er markmið forseta að ljúka þeirri umr. eins og mér heyrist að sé krafa frá þeim sem að þeirri till. standa. Ef menn telja, hæstv. forseti og Framsfl., sem eru einu aðilarnir hér sem eru þeirrar skoðunar, að tíma þingsins sé best varið með þeim hætti kemur það væntanlega í ljós.

En ég held að það sé mjög varhugavert fordæmi, sem hér er verið að skapa, — fordæmi sem ég segi í fullri hreinskilni og fullri einurð að stofnar embætti forseta Sþ. í hættu. Auðvitað er það ekkert annað en orðhengilsháttur hjá hv. þm. Páli Pétursyni að hann hafi ekki haft nein áhrif á ákvörðun forseta Sþ. — hann einfaldlega lýsi yfir stuðningi við hana. Við höfum allmargir verið á fundum þar sem Páll Pétursson hefur fyrir hönd Framsfl. krafist þess að svona yrði haldið á málum. Hann hefur sett fram þá kröfu formlega frá Framsfl. að svona yrði haldið á málum. Ég spurði hann að því gagngert á fundinum kl. 4 í dag hvort þessi till. hans um látlausa fundi í Sþ. og að álmálið yrði þar tekið á dagskrá væri krafa frá Framsfl. og því var játað. Þess vegna þýðir ekkert fyrir þm. að koma hér eins og saklaus engill, enda fer það honum illa, og þykjast ekkert hafa komið nálægt þessu máli, heldur sé hann eingöngu að beygja sig undir ákvörðun hæstv. forseta. (**MB:** Hann er nú af guðlegu kyni.) Nei, hann er af Guðlaugsstaðakyni.

Ég endurtek þau tilmæli mín til forustumanna Framsfl. að þeir íhugi í fullri alvöru í hvaða hættu þeir eru að setja jafnágætan og drenglundaðan mann og Jón Helgason með því að beita hann þessum þrýstingi. Það liggur fyrir formlega innan þings að Framsfl. er eini aðilinn sem hefur krafist þess að með málið væri farið með þessum hætti. Allir aðrir eru annnarrar skoðunar. Það er bæði hættulegt fordæmi gagnvart forsetaembætti þessarar virðulegu stofnunar og eins ósanngjarnt í hæsta máta að gera þá kröfu til hæstv. forseta Jóns Helgasonar að hann axli þessar byrðar fyrir Framsfl. með þessum hætti. Það væru slæm endalok, ég segi það í fullri hreinskilni, á jafnágætu samstarfi og verið hefur innan þings milli forseta þingsins og formanna þingflokkanna á undanförnum árum ef Framsfl. gengi fram með slíku offorsi í þessu máli. Þess vegna mælist ég nú til þess við forustu Framsfl. að hún samþykki tilmæli okkar hinna um að tekin verði ákvörðun um að halda deildafundi einhvern tíma á næstu klukkustundum. Það er ekkert höfuðatriði hvort það verður endilega hér og nú á þessari klukkustund. Það er hins vegar höfuðatriði að það verði á þessum sólarhring og það gerist með eðlilegum hætti.

Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann gefi eins og stundarfjórðungshlé á fundi þessarar stofnunar. (**ÓÞÞ:** Er hv. þm. tekinn við stjórninni á þinginu?) Það eru tilmæli, herra þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ég hef þá trú á viti hinna og sanngirni hér í þinginu, að ef menn fá stundarfjórðung til að ræða þessi mál í rólegheitum geti menn sameinast um að finna á þessu farsæla lausn. Það eru tilmæli mín til hæstv. forseta að hann gefi nú 10—15 mínútna hlé á fundum Sþ. svo að mönnum gefist tækifæri á að ræða hér um hvort ekki er hægt að finna sameiginlega lausn á þeirri deilu sem hér er uppi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. var í ræðu sinni að reifa ákveðið mál þegar gert var hlé á fundi Sþ. Sumum okkar þykir að hann noti stundum fullmörg orð um það sem hann þarf að koma á framfæri. Okkur sýnist einnig sennilegt að ekki verði það til þess að stytta mál hæstv. iðnrh. verði honum gefnar pásur jafnt og þétt á milli. Þess vegna eru það vinsamleg tilmæli mín að ekki verði haldið áfram með þeim hætti að hér sé ávallt verið að gera hlé, heldur verði hæstv. iðnrh. leyft að tala út, jafnvel þótt það verði til morguns.

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 467). — Frh. fyrri umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson) (frh.): Herra forseti. Ég var þar kominn máli mínu í sambandi við kröfur um hækkun á raforkuverði til álversins í Straumsvík að geta um hlut Framsfl. í sambandi við þau efni, en hann hefur ekki gengið síður hart fram undanfarnar vikur alveg sérstaklega í að gagnrýna mig fyrir það og bera sakir á hendur mér fyrir það að hafa ekki sótt nógu fast eftir leiðréttingu á raforkuverði til álversins í Straumsvík. Ég var búinn að fara yfir í nokkrum orðum hlut sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu og Alþfl. með því m. a. að vitna til þess leiðarljóss sem Alþfl. sá skærasta birtu bera á jólaföstu 1980 í þessum efnum almennt varðandi stefnu í orkumálum, þar sem var álverið í Straumsvík. En ég tel rétt í sambandi við málflutning framsóknarmanna að leiða hér til vitnis aðalritstjóra dagblaðsins Tímans í þessum efnum nú fyrir skömmu, þar sem hann ritar sunnudagshugvekju í málgagn sitt þann 27. febr. s. l. undir fyrirsögninni „Sök Hjörleifs". Þar segir sá mæti maður, Þórarinn Þórarinsson, sem ég hefði viljað sjá í öðru hlutverki í málflutningi um þetta mál, því að hann hefur kunnað á stundum að taka sér penna í hönd og taka undir málstað með öðrum hætti þegar íslenskir hagsmunir eiga í hlut en í þessari tilvitnun, sem ég vil leyfa mér að koma með, hæstv. forseti:

„Æsiskrif Þjóðviljans um álmálið að undanförnu eru 100% viðurkenning á því, að Hjörleifur Guttormsson hefur haldið óhyggilega á málinu og stefnt því í fyllsta óefni. Í þau fjögur ár, sem hann hefur haft forustu í málinu, hefur ekkert áunnist til hækkunar á orkuverðinu, sem álhringurinn greiðir.

Vitanlega á það sinn þátt í þessu, að álhringurinn er ekkert lamb að leika við og hann hefur góðan stuðning í hinum misheppnaða samningi, sem viðreisnarstjórnin gerði við hann á sínum tíma. Til viðbótar hafa álhringnum svo borist upp í hendurnar hin klaufalegu vinnubrögð Hjörleifs Guttormssonar.

Klaufaskapur og óhyggindi Hjörleifs Guttormssonar hafa verið fólgin í því, að hann hefur fest sig eins og kræklingur við stein við deiluna um reikninga og skattamál fyrirtækisins. Hann hefur ekki séð neitt annað.

Að sjálfsögðu bar að kanna það mál og afla um það sem gleggstra upplýsinga. Það ber vissulega að virða.

Þetta mátti hins vegar ekki verða til þess, að sjálft aðalatriðið sama og gleymdist í meðferðinni hjá Hjörleifi, en það var að knýja á um hækkun raforkuverðsins. Það var kjarni málsins.

Deilan um reikningana og skattamálin átti fyrir löngu að vera gengin til dómstólanna, en viðræðurnar við álhringinn að snúast einkum um orkuverðið. Það er hin stóra sök Hjörleifs að hafa komið í veg fyrir slík vinnubrögð.

Þess vegna hefur orkuverðið haldist óbreytt og málið komist í sjálfheldu". — Hv. alþm., takið eftir orðalagi aðalritstjóra Tímans: „Þess vegna hefur orkuverðið haldist óbreytt og málið komist í sjálfheldu, sem vel getur leitt til þess að grípa verður til einhliða aðgerða með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Áður en til slíks kemur verður að reyna samningaleiðina til þrautar. Guðmundur G. Þórarinsson stefndi að því með till. sinni í álnefndinni, en Hjörleifur hafnaði henni. Steingrímur Hermannsson stefnir að hinu sama með till. þeirri, sem hann hefur flutt í ríkisstj. Það mundi draga úr sök Hjörleifs, ef hann hugsaði sig betur um og féllist á till. Steingríms Hermannssonar."

Þetta segir hv. aðalritstjóri Tímans, Þórarinn Þórarinsson, í málgagni sínu þann 27. febr. s. l.

Þau eru einkar fróðleg þessi ummæli. Það er ekki auðhringurinn sem er sökudólgur í þessu máli. Það er ekki þangað sem á að beina geiri sínum, heldur að því stjórnvaldi sem leitast hefur við að bera fram kröfur íslenskra stjórnvalda, sem Framsfl. tók undir í ríkisstj. og átti þátt í að móta. Það er það stjórnvald sem er sökudólgurinn og tæpast sagt orð til að styggja ekki hinn æruprýdda auðhring, sem er þó sá aðili sem við þurfum að ná kröfum okkar fram gagnvart ef raforkuverð og önnur atriði í hinum fráleita samningi eiga að hreyfast. Ritstjórinn segir í lokin:

„Það mundi draga úr sök Hjörleifs ef hann hugsaði sig betur um og féllist á tillögu Steingríms Hermannssonar í ríkisstj."

Ég held að það sé nú ástæða til þess vegna þess að það er skorað á mig að fylgja þeirri till., að hún liggi fyrir í þinggögnum eins og hún var flutt á sínum tíma í ríkisstj. þann 3. febr. s. l. dags. 1. febr. 1983 — þessi tillaga sem svo var talað um í Tímanum þann 4. febr. að Steingrímur Hermannsson stefndi henni sérstaklega fram sem mótleik við tillögum Alþb. um einhliða aðgerðir, og Tíminn spurði: „Er ekki að sverfa til stáls í ríkisstj.?" Það taldi hann vettvanginn til að láta sverfa til stáls.

Till. Steingríms Hermannssonar er svohljóðandi í þessu máli, ber yfirskriftina: „Tillaga um meðferð samninga við Alusuisse.":

„1. Skipuð verði ráðherranefnd sem komi sér saman um meðferð málsins.

2. Skipuð verði álviðræðunefnd með einum fulltrúa frá hverjum flokki (fjórum), einum frá forsrh. og einum frá Landsvirkjun.

3. Deilumál um verð á súráli og rafskautum og skatta verði með samkomulagi sett í gerðardóm.

4. Lögð verði áhersla á hækkun á raforku nú þegar."

Tíminn talar að vísu 4. febr. um þessa kröfu með því orðalagi: „Alusuisse hækki orkuverð eitthvað áður en samningaviðræður hefjast", og mun hafa haft textann eins og hann lá fyrir 1. febr., en þar var fellt niður orðið „eitthvað". En það er ekki skilyrði. Ég vek athygli á því hér, það er ekki skilyrði að náð verði fram hækkun raforkuverðs fyrir því að gengið verði til samninga og inn á önnur atriði sem þarna er að vikið, heldur aðeins lögð áhersla á hækkun raforkuverðs nú þegar.

„5. Viðræður hefjist án tafar.

6. Samþykkt verði stækkun álversins í tengslum við samkomulag um viðunandi hækkun á raforkuverði.

7. Fallist verði á að nýr hluthafi, sem við samþykkjum, komi inn í ÍSAL með 50% hlut."

Þetta er sú tillaga sem „mundi draga úr sök Hjörleifs," ef ég hefði á hana fallist.

Ég þykist vita að menn kannist við þessa till. að verulegu leyti í þeirri þáltill. Eggerts Haukdals og fleiri úr atvmn. sem hér liggur fyrir til umr.

Ég hef þegar komið að vissum efnisþáttum þessa máls og mun þó víkja að þeim betur og skýra hvers vegna ég tel þessa till. Steingríms Hermannssonar, sem hann lagði fram í ríkisstj. á sínum tíma, jafnfráleita til að fallast á hana og þá till. Eggerts Haukdals, Halldórs Ásgrímssonar o. fl. úr atvmn. sem hér er til umr.

En ég er ekki aðeins borinn ásökunum af ritstjóra Tímans fyrir að hafa ekki tryggt hækkað orkuverð til álversins í Straumsvík, því að það á vist að vera í mínu valdi, eftir því sem Þórarinn Þórarinsson hagar orðum sínum, heldur kemur þetta fram víða í málgögnum Framsfl. T. d. ritar núverandi varaformaður flokksins, hv. 3. þm. Austurl. Halldór Ásgrímsson, í kjördæmismálgagn framsóknarmanna á Austurlandi 11. febr. s. l. leiðara undir yfirskriftinni „Rafmagnsverð". Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hjörleifur Guttormsson hlaut sérstakt traust Austfirðinga í kosningum 1978 og meiri stuðning en menn höfðu vanist um langt skeið. Hann hefur síðan þá verið iðnrh. í ríkisstjórnum sem Framsfl. hefur átt aðild að. Hann hefur unnið óhindrað að framgangi mála eftir því sem hann hefur talið heppilegast á hverjum tíma." — Takið eftir: „Hann hefur unnið óhindrað að framgangi mála eftir því sem hann hefur talið heppilegast á "hverjum tíma," sem sagt verið einfaldur og einráður. „Það eru því mikil vonbrigði að iðnrh. skuli ekki hafa tekist að hækka raforkuverð til álversins í Straumsvík verulega. Það leikur enginn vafi á því, að möguleikar til slíkra samninga voru miklir á árunum 1979—1980, þegar verð á áli var hagstætt í heiminum, en ráðh. virðist hafa haft einstakt lag á að klúðra þeim möguleikum."

Tilvitnun lýkur, þótt gjarnan mætti lesa meira úr þessum leiðara rituðum af varaformanni Framsfl. þar sem álíka er haldið á máli og hér hefur komið fram.

Hér er verið að koma því inn hjá almenningi í fyrsta lagi, að ég hafi verið nánast einráður um meðferð iðnaðar- og orkumála á þessu tímabili. Það má auðvitað reyna að koma því inn hjá lesendum, sem ekki þekkja til starfa innan ríkisstj. og á hv. Alþingi, en mér finnst þetta heldur ómerkilegur málflutningur.

Því er jafnframt haldið fram og það á að vera mín sök, að ekki hafi verið knúið á um hækkun raforkuverðs 1979—1980. Ég spyr Halldór Ásgrímsson, hv. 3. þm. Austurl. að því: Hvar voru tillögur og ábendingar Framsfl. í þá átt á þeim árum? Hann er hér að taka upp sömu lummurnar og lesa má í þáltill. sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu á s. l. hausti einmitt um sama efni, þar sem hv. 6. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson ritar í grg. með þeirri þáltill. efnislega á þá leið að auðvitað

hefði átt að sækja hækkað raforkuverð til álversins í Straumsvík og Alusuisse á árinu 1980, á þeim tíma sem sjálfstæðismenn ekki orðuðu að það þyrfti að ná fram leiðréttingu á orkuverði. En á þeim tíma hafði undirbúningur að því máli verið hafinn á vegum iðnrn. hins vegar. Það var ekki meiri áhersla lögð á þetta atriði hjá hv. sjálfstæðismönnum á þeim tíma og á árinu 1981, eins og lesa má í grg. með þáltill. þeirra, en að þeir töldu að leiða bæri skattamálin og deiluna þar að lútandi fyrst til lykta og síðan væri ástæða til að taka upp raforkuverð og annað fleira af því tagi. Það er í þennan kór sem hv. 3. þm. Austurl. er að slást og verða meðsöngvari í, að hlaupa aftur til ársins 1979 og 1980. Mér þætti ósköp gott ef hann benti á kröfur framsóknarmanna sem fram hafi verið bornar um þetta efni innan ríkisstj. eða hér á Alþingi. Ég kannast ekki við þær og minnist þeirra ekki. Ég ætla hins vegar ekki að halda því fram að Framsfl. hafi ekki tekið undir kröfur um leiðréttingu á raforkuverði innan ríkisstj. eftir að ég bar fram tillögur þar að lútandi, og það ber að þakka svo langt sem það náði.

En aðalritstjóri Tímans vitnar sérstaklega í till. Guðmundar G. Þórarinssonar í álviðræðunefnd, sem ég hafði hafnað, og það er brot af þeirri „sök" sem hann ber mér á brýn. Ut á hvað gekk þessi till. Guðmundar G. Þórarinssonar, sem varð honum tilefni til þess að endasendast út úr álviðræðunefnd með mjög áhrifamiklum hætti? Jú, hún var um að það yrði reynt að fá fram 20% leiðréttingu á raforkuverðinu og fallast í leiðinni á gagnkröfur Alusuisse, ekki bara um stækkun álversins, ekki bara um nýja 50% hluthafa, heldur bar hann fram þessa kröfu sem úrslitaatriði þó að honum væri kunnugt um að aðaltalsmaður Alusuisse, dr. Müller, hafi borið fram kröfu um að lækkuð yrði kaupskylda álversins í Straumsvík úr 85%, eins og það nú er, niður í 50%, þ. e. að auðhringurinn gæti þegar honum þóknaðist dregið úr framleiðslu sinni um helming af framleiðslugetu, án þess að þurfa að borga nokkuð fyrir raforkuna. Samt sem áður skyldi ég fallast á þá till. sem Guðmundur G. Þórarinsson hafði verið að reyna að knýja fram þann 5. des. innan álviðræðunefndar.

Þetta er málflutningur í lagi. Fyrir þessum málflutningi stendur Framsfl. Honum er velkomið að bera mig sökum í þessu efni með þeim hætti sem fram kemur í málgögnum flokksins, en hann ætti að gæta sín á þeim málflutningi. Mér þykir satt að segja hörmulegt að sá aðili sem við höfum átt samstarf við í ríkisstj., Alþb.-menn, og reynt að vera samstíga í þessu máli skuli bregðast þannig á úrslitastundu.

En það er ekki aðeins þessi söngur sem uppi er hafður í þessu máli. Þegar það liggur fyrir að raforkuverð til almenningsveitna í landinu hefur hækkað eins og raun ber vitni á undanförnum árum, um 800% undanfarin þrjú ár og stefnir í stórfellda hækkun á þessu ári til viðbótar hjá almenningsveitum, er verið að reyna að koma því inn hjá almenningi að þessar hækkanir, sem stjórn Landsvirkjunar telur nauðsynlegt að knýja fram og gerir samþykktir um eins og hún hefur heimildir til samkv. gildandi lögum, skrifi ég upp á, að ég standi fyrir þessum hækkunum á almenning. Ég vitna til leynipenna í Tímanum þann 5. mars s. l., það þarf ekki lengra að leita, leynipenna sem kallar sig Starkað, — hann er kannske hér einhvers staðar nærri, ég veit það ekki, — þar sem hann skrifar m. a. undir fyrirsögninni „Jöfnun raforkukostnaðar jafnréttis- og byggðamál." Það hefst þannig, herra forseti, með leyfi:

„Gífurlegar hækkanir á raforkuverði hafa komið mjög illa við marga landsmenn og þá sérstaklega þá, sem þurfa að hita upp hús sín með rafmagni. Hækkanir á raforkuverði þurfa ávallt að hljóta staðfestingu iðnrh. og hafa landsmenn ekki orðið varir við mikla fyrirstöðu þar, enda meira hugsað um skýrslugerð og pappírsflóð í rn. hans en skjótar og raunhæfar aðgerðir."

Lengra þarf ekki að lesa í þennan texta. Það eru nú bærileg fræði sem þarna eru fram borin. Og það er rétt að minna á að á sama tíma er reynt að staðhæfa að stjórn Landsvirkjunar þurfi að fá heimild frá iðnrn. og iðnrh. fyrir sinni gjaldskrá sem ekki hefur verið frá því um áramótin 1981—1982, þegar lagaheimildirnar féllu úr gildi sem gáfu iðnrn. færi á og kváðu á um að það skyldi um gjaldskrármál Landsvirkjunar fjalla, og þetta liggur fyrir, en á sama tíma er þessi söngur viðhafður í málgögnum Framsfl. út um allt land.

Hvernig haldið þið, hv. alþm., að Framsfl. hagi svo málum sínum á hv. Alþingi þegar ég með samþykki ríkisstj. leita eftir heimild til þess að málefni Landsvirkjunar og verðlagning á raforku hjá Landsvirkjun þurfi að hljóta staðfestingu iðnrn. og ríkisstj. fellst á tillögur um frv. þar að lútandi, sem ég lagði fram í Ed. fyrir nokkrum vikum og mælti þar fyrir? Þetta frv. fór til hv. iðnn. Ed. Alþingis og þar situr þetta frv. óafgreitt. Í umr. um málið gerðu hv. stjórnarandstæðingar, sjálfstæðismenn, nokkrar aths. við þetta frv., en það komu ekki efnislegar aths. frá stjórnarliðum. En síðan hefur það gerst að samkv. áskorunum og ég býst við flokkssamþykktum innan Framsfl. hefur formaður iðnn. Ed., hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, hv. 3. þm. Vesturl., ekki treyst sér til að afgreiða þetta frv. út úr nefnd, þrátt fyrir að ég hef margoft gengið á hans fund og óskað eftir að þetta mál fái þinglega meðferð og það verði afgreitt úr nefndinni. Nei, það hentaði ekki Framsfl. að lögfest verði slík atriði hér, sem geri iðnrh. kleift að taka á gjaldskrármálum Landsvirkjunar á svipaðan hátt og annarra orkuveitna í landinu, til þes að þeir geti haft uppi þennan söng, sem ég vitnaði til áðan, þ. e. að það væri sérstakt áhugamál mitt að láta hækkanir Landsvirkjunar dynja á almenningi í landinu. Þarna er svo ómerkilega að verki verið að með fádæmum verður að teljast. Það er þessi málstaður sem talsmenn Framsfl. virðast vera að verja, — málstaður af því tagi að geta haldið uppi ásökunum í Tímanum og landsmálgögnum Framsfl. um að ég skrifi upp á allar hækkanir stjórnar Landsvirkjunar. Á sama tíma sitja framsóknarmenn á stjfrv. um að gjaldskrármál Landsvirkjunar heyri undir iðnrn. eins og gjaldskrármál annarra orkufyrirtækja og neita um afgreiðslu á því þingmáli út úr nefnd. Ég held að það væri full ástæða til þess að menn átti sig á vinnubrögðum af þessu tagi.

Þetta var svolítið um þátt Framsfl. í sambandi við raforkuverðsmálin og mætti þar þó mjög mörgu við bæta. En það sem ég hef rakið hér, herra forseti, varðandi þann áróður og sakir, sem á mig eru bornar, að hafa legið á liði mínu við að leita eftir hækkun raforkuverðs og leiðréttingu á raforkuverði til álversins í Straumsvík og þess í stað fengist fyrst og fremst við að rannsaka skattamál fyrirtækisins og þann dulda hagnað, sem nú hefur verið leiddur fram og öllum er ljós, er mjög

lýsandi fyrir málstað þeirra manna sem nú hafa sameinast undir forustu Eggerts Haukdals í atvmn. Sþ. og gera það að till. sinni og höfuðkappsmáli að málefni álversins í Straumsvík, samskiptin við Alusuisse, verði tekin úr mínum höndum, eins og er vinnuheitið á þeirri atlögu sem hér er staðið fyrir. Það er full ástæða til að líta aðeins nánar á bakgrunn þessa stóra máls, sem hér er um að ræða, vegna þess að nauðsynlegt er að menn átti sig á samhenginu, samhengi þess sem nú er að gerast og þess sem gerst hefur í fortíðinni. Menn þurfa að átta sig á hver hefur verið gangur þessara mála í samskiptum Íslendinga við Alusuisse á liðinni tíð og skyldleikanum með ýmsu því sem nú er fram borið og því sem gerst hefur í fortíðinni. Við þurfum að læra á þeirri sögu og þess vegna vil ég leyfa mér, herra forseti, að rifja hér upp nokkra þætti þar að lútandi vegna þess að þeir varða kjarna þessa máls.

Fyrstu athuganir í sambandi við álframleiðslu hér á landi voru gerðar á áratugnum milli 1950 og 1960. Athuganir viðvíkjandi byggingu álverksmiðju hérlendis í tengslum við ný orkuver voru gerðar 1950—1953, en þá komu hingað til lands breskir aðilar, Kanadamenn og Svisslendingar til að kynna sér aðstæður varðandi raforkuframleiðslu og hafnarmöguleika hérlendis með tilliti til hugsanlegra framkvæmda í áliðnaði. Á árunum 1956—1958 áttu sér stað viðræður við bandarísk álfyrirtæki um slíka byggingu, en það er fyrst eftir 1959 sem skriður kemst á það mál.

Á samnorrænni ráðstefnu iðnrekenda á Íslandi sumarið 1960 var mikið rætt um stóriðjumöguleika landsins. Haustið 1960 hafði svissneska fyrirtækið Alusuisse leitað eftir möguleikum um álvinnslu á Íslandi. Þann 5. maí 1961 skipaði þáv. iðnrh. Bjarni Benediktsson stóriðjunefnd, sem svo var kölluð, undir formennsku Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra. Verkefni nefndarinnar var skýrt afmarkað að kanna möguleika á álvinnslu á Íslandi. Þegar þá um sumarið hóf nefnd þessi viðræður við Alusuisse. Frá upphafi voru sérfræðingar frá norskum fyrirtækjum þessari stóriðjunefnd til ráðgjafar og Alþjóðabankinn var látinn fylgjast með áætlunum í virkjunarmálum allt frá árinu 1961 að telja.

Herra forseti. Ég vek athygli á að hv. formaður atvmn. Sþ., hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, er ekki nærstaddur í salnum og ég sé ekki heldur hilla undir hv. frummælanda þessa máls, hv. 10. þm. Reykv., né heldur hv. 3. þm. Austurl. Halldór Ásgrímsson, sem er einn af meðreiðarsveinum Eggerts Haukdals á þeirri þáltill. sem hér er til umr. Hv. 9. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson er ekki heldur sjáanlegur í þingsal, leiðarstjarna Alþfl. í komandi alþingiskosningum, og aðrir flm. sjást hér ekki heldur, þar á meðal hv. 5. þm. Vestf. Ég tel lágmark, herra forseti, að þessir menn séu viðstaddir þessa umr. og óska eindregið eftir því að þeir verði tilkvaddir. Mér finnst ekki forsvaranlegt að halda þessari umr. áfram að þeim fjarstöddum, óska eftir að þeir verði sóttir eða ráðstafanir gerðar til þess að þeir komi hingað. (**Forseti:** Ég skal láta kanna það.) Ég geri hlé á máli mínu, herra forseti, á meðan.

Herra forseti. Aðeins hefur úr ræst þar sem hv. 10. þm. Reykv., varaformaður Sjálfstfl., er genginn í salinn, en ekki hillir undir hv. formann atvmn. Sþ., hv. þm. Eggert Haukdal. Ég teldi vel við hæfi að hann sem formaður þess meiri hl. atvmn. sem um er að ræða sé viðstaddur umr. og óska eftir því að reynt verði að fá hann hingað. Ég tel það nánast lágmark, fyrst verið er að halda þessari umr. áfram á kvöldmatartíma, að þeir sjái sér kleift að vera viðstaddir. En ég held nú áfram máli mínu í von um að úr rætist með þessa aðila. — Og ekki sakaði nú þótt leiðarljós Alþfl. í orkumálum, hv. 9. þm. Reykv., bættist við í hópinn, þannig að þarna væri forustan í þessu liði, svo og varaformaður Framsfl., hv. 3. þm. Austurl., sem var hér fyrir skemmstu, þannig að það væri þó einn fulltrúi frá hverjum flokki, sem á sæti í atvmn., fyrir utan sjálfan formann n. og aðalmann fyrir þessu liði, sjálfan hv. 6. þm. Suðurl. Eggert Haukdal.

Auk Alusuisse átti stóriðjunefnd viðræður við ýmis fleiri fjölþjóðafyrirtæki í áliðnaði, einkum við franska fyrirtækið Pechiney. Veturinn 1961—1962 áttu sér stað viðræður bæði við Alusuisse og Pechiney, því fyrrnefnda til lítillar ánægju, en það vildi sitja eitt að samningaviðræðum við Íslendinga, þ. e. Alusuisse. Alusuisse bauð í upphafi lágt rafmagnsverð eða 2 mill á kwst. og vildi reisa hér litla álverksmiðju með samningi til fremur skamms tíma. Pechiney bauð hærra orkuverð og vildi reisa stærri álbræðslu en Alusuisse, en Pechiney vildi samning til mjög langs tíma og gerði kröfu um eignaraðild íslenska ríkisins í fyrirtækinu. Eftir tiltölulega skamman tíma slitnuðu viðræður við Pechiney. Eftir það gerði Alusuisse svipaðar kröfur um tímalengd samninga og Pechiney hafði gert.

Á seinni stigum viðræðna við Alusuisse kom fyrirtækið með nýjar kröfur. Það er reyndar ein höfuðsamningatækni Alusuisse að bæta við í sína kröfugerð þegar á líður samningaviðræður. Þeir gerðu þarna nýjar kröfur, einkum viðvíkjandi sérstöðu hins fyrirhugaða dótturfyrirtækis á Íslandi í skatta- og lögsögumálum. Það er athyglisvert að í fyrstu drögum frá Alusuisse að rafmagnssamningi, sem sett voru fram árið 1961 við íslenska ríkið, var að finna ákvæði um gagnkvæman rétt til að krefjast endurskoðunar á samningum ef aðstæður gerbreyttust. Eftir skýrslum stóriðjunefndar að dæma virðist nefndin litla áherslu hafa lagt á að hafa þetta ákvæði með í endanlegri samningagerð, þar sem hvergi var í skýrslum hennar vikið að réttindum til endurskoðunar samninga og þau réttindi fengust ekki heldur inn þegar samningurinn var endurskoðaður 1975, því miður, og er því ekki slík ákvæði að finna í gildandi samningum við Alusuisse.

Sú forsenda kom greinilega fram í starfi stóriðjunefndar, að ef Íslendingar virkjuðu ekki vatnsorku sína sem skjótast og kæmu sér sem fyrst upp álbræðslu misstu þeir af bátnum vegna tilkomu nýrra ódýrra orkugjafa. Einnig virðist hafa verið ríkjandi sú skoðun að hörð samkeppni ríkti meðal þjóða heims um að fá alþjóðafyrirtæki í áliðnaði til að fjárfesta í löndum sínum. Fyrirtæki gætu hér augsýnilega valið og hafnað eftir vild sinni. Þessi sjónarmið komu greinilega fram í „Skýrslu stóriðjunefndar til ríkisstj. um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun," eins og fyrirsögn skýrslunnar var, en hún er dags. 14. nóv. 1964. Viðsemjandi Islands var augsýnilega sammála þessari skilgreiningu. En samkv. áðurgreindri skýrslu lagði Alusuisse frá upphafi á það áherslu, að eina ástæðan fyrir áhuga fyrirtækisins á að byggja álverksmiðju á Íslandi væri lágt raforku-

verð.

Eitt af því sem gerði stöðu Íslands sem stóriðjulands nokkuð erfiða var sú staðreynd, að það stóð utan við EFTA og Efnahagsbandalagið og því þyrfti að greiða háa tolla af áli sem framleitt væri á Íslandi. Lýstu forráðamenn Alusuisse sig fúsa á árinu 1964 til þess að ákvæði yrðu í samningum sem gerðu ráð fyrir hækkun raforkuverðs ef Íslendingar fengju tollfrjálsan aðgang að þessum mörkuðum. Ég bið ykkur, hv. alþm., að taka eftir þessu, að talsmenn Alusuisse lýsa sig á árinu 1964 fúsa til að hafa inni í samningum ákvæði þess efnis, að ef Íslendingar fengju tollfrjálsan aðgang að mörkuðum innan Efnahagsbandalagsins og Fríverslunarsamtakanna EFTA yrði ráð fyrir því gert í sambandi við raforkuverð. Þegar samningarnir voru hins vegar undirritaðir vorið 1966 voru engin slík ákvæði í þeim samningum.

Í samningaviðræðunum neitaði Alusuisse lengi að hvika frá upphaflegu rafmagnsverðstilboði sínu um 2 mill á kwst. Samtímis taldi Alþjóðabankinn, sem var fyrirhugaður lánardrottinn Íslendinga vegna Búrfellsvirkjunar, að lágmarkstekjur vegna virkjunarinnar frá fyrirhugaðri álbræðslu ættu að vera 3.7 mill á kwst. Í árslok 1964 samþykkti Alusuisse hækkun í 2.5 mill á kwst. gegn því skilyrði að framleiðsla bræðslunnar yrði 60 þús. tonn árlega í stað 30 þús. tonna, eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Fulltrúar Alþjóðabankans töldu þetta samt vera of lágt verð. Því varð útkoman sú, að verðið var ákveðið 3 mill á kwst. fram til 1. okt. 1975, en þá skyldi það lækka í 2.5 mill á kwst. Í staðinn var framleiðslugjald það sem upphaflega var ákveðið 20 dollarar á hvert tonn lækkað fram til 1. okt. 1975 í 12.5 dollara á hvert tonn. Hækkun rafmagnsverðsins og lækkun skattsins voru taldar vega hvor aðra upp þannig að arðsemisútreikningar virkjunarinnar miðuðust áfram við 2.5 mill á kwst. Þetta var því miður ekki í síðasta sinn sem skipt var með þeim hætti á tekjum til íslenska ríkisins, til ríkissjóðs, og tekjum af raforkuverði til Landsvirkjunar og fært þannig á milli vasa hjá íslenskum aðilum.

Samhliða undirbúningi að byggingu Búrfellsvirkjunar og álbræðslunnar í Straumsvík voru orkumál hérlendis endurskipulögð með stofnun Landsvirkjunar árið 1965. Aðalástæðan fyrir þessari endurskipulagningu orkumála var vilji til að auka hagkvæmni væntanlegra nýrra virkjana á Þjórsársvæðinu með því að láta Landsvirkjun í upphafi fá í hendur rafmagnsstöðvar sem þegar voru að mjög miklu leyti afskrifaðar. Þessi endurskipulagning var skilyrði af hálfu Alþjóðabankans fyrir lánveitingum vegna Þjórsárvirkjana, sem svo voru kallaðar. Jafnframt var bankanum lofað að rafmagnsverð til almennra neytenda yrði hækkað þegar á árunum 1964—1967 til að auka arðsemi Landsvirkjunar í framtíðinni. Á árinu 1964 var gert ráð fyrir 10% hærra raforkuverði í heildsölu fram til ársins 1968 en ráð var fyrir gert áður og nýrri hækkun var lofað árið 1966 frá og með 1. jan. 1967.

Í lögum um Landsvirkjun nr. 59 þann 29. maí 1965 eru ákvæði um verðlagningu orku, sem voru nýmæli á þeim tíma er frv. til landsvirkjunarlaga var lagt fram á Alþingi 1965. Í frv. til l. um Landsvirkjun var að finna sérákvæði í 2. mgr. 11. gr. um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar samkv. sérstökum orkusölusamningum til langs tíma, sem ekki falla undir gjaldskrá Landsvirkjunar, og er ákvæðið svohljóðandi:

„Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver, innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið."

Vegna þeirra nýmæla, sem fram komu í ákvæði þessu, urðu allmiklar umr. hér á hv. Alþingi á þeim tíma, vegna þess að sumir alþm. þóttust sjá að almenna ákvæðið mundi verða til þess að raforkuverð til almennings hækkaði verulega ef leggja ætti til hliðar verulegt fjármagn til að fjármagna næstu stórvirkjun að verulegum hluta. Þá vildu einnig sumir alþm. á þeim tíma að Alþingi eitt samþykkti samninga þá, sem um var fjallað í sérákvæðinu, um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar.

Þegar frv. var til meðferðar á Alþingi í maí 1965 hafði ríkisstj. þá þegar lagt fram skýrslu um viðræður við Swiss Aluminium Ltd., þ.e. Alusuisse, um fyrirhugaða álbræðslu og kom fram að stefnt mundi að samningi um 60—65 þús. tonna álbræðslu, sem mundi greiða 2.5 mill á kwst. fyrir raforkuna í 25 ár með þeim frávikum að verðið yrði 3 mill á kwst. fyrstu árin og yrðu skattar til ríkissjóðs lægri sem því næmi á sama tímabili. Þá var og vitað að gert væri ráð fyrir mjög takmarkaðri endurskoðun raforkuverðsins til álbræðslunnar að loknum fyrstu 15 árum samningstímans. Þótti augljóst að sérákvæðinu í 11. gr. væri ætlað að ná til fyrirhugaðs samnings við Alusuisse um orkusölu og vildu sumir þm. tryggja að slíkir samningar yrðu lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar. Ráðherra raforkumála lýsti því yfir í umr. um frv. að samningur um orkusölu til svissneska félagsins yrði lagður fyrir Alþingi til staðfestingar, til afgreiðslu þar.

Það mun einkum hafa verið tilefni óska um þá breytingu á 2. mgr. 11. gr. að Alþingi staðfesti orkusölusamninga við orkufrek iðnfyrirtæki að þegar höfðu heyrst þær gagnrýnisraddir að fyrirhugað rafmagnsverð til bræðslunnar, 3 mill á kwst. og síðar 2.5, væri of lágt og jafnvel lægra en kostnaðarverð framleiðslu orkunnar. Væri því ekkert til að mæta breyttum forsendum svo sem því, að fjárfestingarkostnaður Búrfellsvirkjunar yrði hærri en áætlað var eða framleiðslukostnaður framtíðarinnar. Þá var og á það bent að í heimildarákvæðinu um virkjun við Búrfell í frv. til landsvirkjunarlaga var lagt til að felld yrðu niður öll aðflutningsgjöld á fjárfestingarvörum til virkjunarinnar, en það var nýmæli og var ætlað að gera það kleift að halda verði til álbræðslunnar í lágmarki. Þessi niðurfelling leiddi að sjálfsögðu til samsvarandi tekjutaps ríkissjóðs. Framangreind ákvæði voru hins vegar samþykkt óbreytt á Alþingi og eru óbreytt enn.

Áður en til þeirrar samþykktar kom var fjallað um þessi mál í stjórn Landsvirkjunar og ég tel, herra forseti, rétt að minna á það hér að í þáverandi stjórn Landsvirkjunar voru ekki allir á einu máli um þessi efni. Hinn virti verkfræðingur, Sigurður Thoroddsen, sem þá var fulltrúi Alþb. í stjórn Landsvirkjunar skilaði sérstakri greinargerð með atkv. sínu í stjórn Landsvirkjunar á þeim tíma, greinargerð með atkv. í atkvgr. á fundi stjórnar Landsvirkjunar, sem fram fór þann 24.

mars 1966. Það er sannarlega fróðlegt að kynna sér þessa greinargerð Sigurðar Thoroddsens frá þessum tíma og væri ástæða til að festa hana alla í þingtíðindum. En ég ætla ekki tímans vegna að fara að lesa hana í heild sinni, heldur aðeins, herra forseti, vitna til þess sem segir um rafmagnsverðið sérstaklega. (**Forseti:** Það hefur verið mælst til að hafa matarhlé nú í hálftíma. Er hæstv. ráðh. langt kominn með ræðu sína?) Herra forseti. Það er ekki mjög langt síðan ég byrjaði að gera grein fyrir málum sem sneru að viðhorfi Framsfl. til þessara mála og ég er nýbyrjaður að gera grein fyrir þróun þess sem er undirstaðan í því máli sem hér er verið að flytja varðandi raforkuverð, þannig að ég á þó nokkuð eftir af máli mínu. (**Forseti:** Mundi þá hæstv. ráðh. ekki vilja fresta máli sínu í hálftíma?) Það er velkomið og þó að lengur væri, því að ég er vel undir vökuna búinn. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var staddur þar í ræðu minni, þegar hlé var gert til kvöldverðar, að vitna til grg. sem Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, stjórnarmaður í Landsvirkjun um skeið fyrir Alþb., gerði með atkv. sínu þann 24. mars 1966 í stjórn Landsvirkjunar. Ég tel mikilsvert að hér liggi fyrir hvað hann hafði að segja um rafmagnsverðið sérstaklega, þó að öll sé grg. hin fróðlegasta. Þar segir um 13., 14. og 15. gr. undir fyrirsögninni rafmagnsverð:

„Áður var á það minnst að ég taldi rafmagnsverðið 10.75 aura ekki hagkvæmt, hvorki borið saman við það verð sem Alusuisse greiðir í Noregi né fyrir virkjunina sjálfa. Eins og þar var gefið í skyn má búast við að verðið verði undir vinnslukostnaði, og hafa það aldrei þótt hagkvæm viðskipti að selja vöru undir kostnaðarverði. Að selja á föstu verði byggðu á áætlunum, sem e. t. v. standast ekki fyllilega, er áhætta, sem ég mundi ekki taka á mig fyrir mína parta, og get því ekki samþykkt að landsvirkjunarstjórn geri það. Að binda sig við þetta fasta verð næstu 15 árin eru því hörmuleg mistök að mínu viti. Ekkert tillit er tekið til verðsveiflna á þessu tímabili. Ekki er tekið tillit til þess að kaupgjald og kostnaður hækka. Trúað er á hinn ameríska dollar, en þó er vitað að verðgildi hans rýrnar ár frá ári. En ekkert tillit er til þess tekið. (**Gripið fram í:** Hver er hann á s. l. ári?) Eftir 15 ár má endurskoða verðið og síðan á 5 ára fresti. Síðan 1957 — [Þetta var nú óveruleg endurskoðunarheimild sem þarna var og betur hefði verið að hefði verið í reynd.] Síðan 1957 hefur verð á Sogsrafmagni verið hækkað fimm sinnum og talað er um hækkun síðar á þessu ári. Það hefur þó þótt henta að hækka það á tæplega tveggja ára fresti en hér skal beðið í 15 ár fyrst og síðan í 5 ár í hvert skipti.

Hækkunin sem fæst miðar við breytilegan kostnað, sem tekur til raunverulegra vinnulauna og viðhaldskostnaðar Búrfellsvirkjunar reiknað sem hlutfall milli þessa kostnaðar þrjú fyrstu rekstursár verksmiðjunnar, þegar reksturskostnaður verður mikill vegna þeirra vandamála sem við verður að etja, t. d. vegna ísvandans, og sama kostnaðar á 12.—14. ári Straumsverksmiðjunnar, en þau árin verður kostnaðurinn væntanlega hlutfallslega minni, því að þá verða óhjákvæmilega tilkomnar aðgerðir, sem a. m. k. draga úr ísvandanum. Það verð sem þá fæst skal síðan greiðast fyrir orkuna næstu 5 árin á hverju sem veltur, en þá má endurskoða að nýju eftir sömu reglu og svo koll af kolli út samningstímabilið 45 ár. Auk þess er viðmiðun við hækkun á raforkuverði við systurbræðslu í Noregi og heimsmarkaðsverð á alumin. Að því er tekur til hækkunar raforkuverðsins verður því ekki annað sagt en að útreikningar á hækkuninni eru allir „Íslenska álfélaginu“ í vil og óaðgengilegir fyrir Landsvirkjunarstjórn.

Eitt atriði er vert að minna á í þessu sambandi. Með samningunum er „Álfélaginu“ afhent mikið af ódýrri orku um langan tíma, sem íslenskur almenningur gæti annars orðið aðnjótandi, svo flýta verður virkjunum fyrir bragðið. Fróðlegt er að bera saman verð Landsvirkjunar til hins almenna íslenska notanda, sem verður 30 aurar á einni kwst. samkv. áætlun 6. febr. 1966, afgangsorku sleppt. 25. gr. Lög þau sem farið skal eftir. Hér kemur fram vantraust á íslenskum dómstólum, sem sýnd er óviðeigandi óvirðing, og get ég ekki fellt mig við niðurlag greinarinnar, þar sem segir: „sem við kunna að eiga, þar á meðal grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum“. Hér ætti t. d. að segja: "Sem við kunna að eiga samkv. íslenskum réttarvenjum."

Um 26. gr., deilur og gerð, segir Sigurður Thoroddsen að lokum: „Ekki verður óvirðingin fyrir íslenskum dómstólum minni með þessari grein. Hér skal skjóta deilu milli tveggja íslenskra aðila til útlends dómstóls. „Hið íslenska álfélag“ nýtur allra réttinda íslenskra aðila og langt fram yfir það. Meðan allt fellur í lyndi er það „íslenskt“, en ef upp rís deila, þá er „Hið íslenska álfélag“ allt í einu orðinn útlendur aðili og þarf ekki að hlíta íslenskri lögsögu. Slík firra og lítilsvirðing er ekki sæmandi.

Með tilvísun til framanskráðs greiði ég atkv. gegn tillögunni.

Reykjavík, 24. mars 1966.
Sigurður Thoroddsen.“

Þessi orð Sigurðar Thoroddsens má gjarnan rifja upp við þessa umr. Það hefði farið betur að fleiri aðilar í stjórn Landsvirkjunar, svo að ekki sé talað um hér á hv. Alþingi, hefðu gert hans sjónarmið að sínum á þessum tíma. Voru þá þessir samningar, þegar þeir voru gerðir á þessu ári, 1966, ekki jafnhörmulegir fyrir hag okkar þjóðar og þeir eru orðnir á þeim tíma sem síðan er liðinn.

En áður en lengra er haldið er rétt að rifja upp nokkur atriði í umr. hér á hv. Alþingi um álbræðslusamningana 1966. Um það mál urðu miklar umr. hér á þinginu og tók prentun þeirra ræðna, sem haldnar voru, um 600 dálka í ræðuparti Alþingistíðinda. Mörg þau rök, bæði með og móti samningum, hafa oft komið fram síðar, en önnur ekki. Sérstök ástæða er til að nefna eftirfarandi:

1. Bæði stuðningsmenn og andstæðingar samningsins óttuðust hugsanleg áhrif Alusuisse á Ísland, t. d. í sambandi við stjórnmál, fjölmiðla og vinnudeilur. Vegna síðastnefnda atriðisins kom Alþfl. því til leiðar — hann var þá aðili að ríkisstjórn — að ÍSAL var bannað að ganga í samtök íslenskra atvinnurekenda.

2. Forsrh. þáv., Bjarni Benediktsson, og dómsmrh. og iðnrh., Jóhann Hafstein, lögðu báðir á það áherslu í alþingisumræðunum að réttur Íslendinga til eignarnáms ÍSALs væri ótvíræður ef þjóðarhagur krefðist þess. Ekkert atriði aðalsamningsins gæti hindrað slíkt.

Ég vona að hv. 10. þm. Reykv. varaformaður

Sjálfstfl., hafi tekið eftir þessu atriði sem til var vitnað. Páv. forsrh. Bjarni Benediktsson og páv. dóms- og iðnrh. Jóhann Hafstein lögðu báðir á það áherslu í alþingisumræðunum að réttur Íslendinga til eignarnáms ÍSALs væri ótvíræður ef þjóðarhagur krefðist þess. (Gripið fram í.)

3. Mikil bjartsýni ríkti meðal stuðningsmanna álsamningsins svokallaða um að nýiðnaður risi í skjóli álbræðslunnar. Við erum nú reynslunni ríkari um það efni. Andstæðum sjónarmiðum um álsamninginn 1966 er vel lýst með eftirfarandi tveimur tilvitnunum. Í áliti meiri hl. álbræðslunefndar, sem dags. var 28. apríl 1966, sagði m. a.:

„Hinar frjálsu þjóðir heims gera sér ljóst, hver þörf er á alþjóðlegri samvinnu um efnahagslegar framfarir og hvern þátt alþjóðleg einkafjárfesting getur átt í bættum lífskjörum þjóða. Alþjóðleg samvinna, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst fólgin í því, að lönd, sem hafa fjármagn aflögu, láta það öðrum löndum í té til uppbyggingar á arðvænlegum atvinnuvegum viðkomandi lands, m. a. í formi fjárfestingar í viðkomandi landi."

Tilvitnun lýkur í þetta álit meiri hl. páv. svokallaðrar álbræðslunefndar.

Nú er lakara að hv. varaformaður Framsfl. er ekki hér nærri í þingsal til þess að hlýða á. (Gripið fram í.) Nú, hann er þarna. Páv. formaður Framsfl. Eysteinn Jónsson var meðal ákveðnustu andstæðinga samningsins og sagði eftirfarandi í þingræðu um tvö mikilvæg atriði viðvíkjandi erlendri fjárfestingu, um útflutning, gróða og afskriftir:

„Þetta jafngildir því, að verksmiðjan flyst út úr landinu aftur jafnóðum og hún slitnar, en einmitt gróðinn og afskriftaféð í íslenskum fyrirtækjum er aðalgrundvöllur að uppbyggingu atvinnulífs í landinu sjálfu. Hvernig færi í þjóðarbúskapnum, ef þessir liðir féllu niður og mikill hluti af atvinnurekstrinum væri þannig að hann borgaði bara laun og þjónustu og ekkert annað?"

Þessi orð mættu ýmsir hv. framsóknarþm. hér á Alþingi rifja upp. Þau eru í góðu gildi. Og fleiri eru þeir sem þyrftu að taka þau til sín. Ég minni hér á orð hv. 4. þm. Austurl., sem féllu við upphaf umr. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, þar sem hann hvatti til þess að veðja á erlenda hesta í sambandi við fjárfestingu í íslensku atvinnulífi.

Í nánu samhengi við réttlætingu þess að flytja inn erlent fjármagn voru röksemdirnar fyrir innflutningi tæknilegrar þekkingar. Það var einnig forsrh., Bjarni Benediktsson, sem sérstaklega lagði áherslu á þetta atriði. Hann nefndi Noreg í þessu sambandi, þar sem álitið væri að innflutningur tæknilegrar þekkingar hefði verið jákvæðasti þátturinn við erlenda fjárfestingu þar í landi. Þekkingin var að dómi hans mikilvægasta forsenda efnahagslegra framfara. Röksemdum Bjarna Benediktssonar forsrh. um innflutning tæknilegrar þekkingar var lítið svarað af andstæðingum álfrv. annað en þeir töldu að slíkt gæti gerst án erlendrar fjárfestingar.

Bæði stigsmunur og blæbrigðamunur var á afstöðu andstæðinga álfrv. vorið 1966. Þeim tókst ekki að sameinast um eitt álit gegn frv., en andstöðuflokkunum tveimur, Alþb. og Framsfl., tókst þó hvorum um sig að sameinast um álit. Munurinn á heildarafstöðu þessara tveggja flokka til erlendrar stóriðju kemur skýrt fram í eftirfarandi atriðum úr nál. flokkanna:

„Framsfl. er ekki endilega á móti beinni þátttöku erlends fjármagns í íslensku atvinnulífi, en slík fyrirtæki yrðu að öllu leyti að lúta íslenskum lögum."

Þetta var tilvitnun í nál. þeirra framsóknarmanna. Alþb.-menn sögðu í nál.:

„Við Alþb.-menn erum ekki andvígir stóriðju, en við viljum að stóriðja á Íslandi verði íslensk stóriðja, eign landsmanna sjálfra."

Innan Alþb. var ríkjandi andstaða gegn allri erlendri fjárfestingu á Íslandi. Þetta kom skýrt fram í afstöðu páv. 3. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, í alþingisumr. um álfrv. vorið 1966. Hann ræddi um nýlendustefnu í þessu sambandi og taldi að álsamningurinn væri eitt skrefið í þá átt að gera Ísland að efnahagslegri nýlendu, alþjóðlegir auðhringir reyndu að ná sem sterkastri stöðu í efnahagslífi þjóða og leituðust við að etja einu landi á móti öðru. Orðrétt sagði Einar Olgeirsson í einni af sínum ræðum:

„Þessum svissneska hring hefur tekist með aðstoð þessara sérfræðinga [þ. e. í stóriðjunefnd] að etja íslenskum stjórnarvöldum út í það að bjóða rafmagn niður fyrir alla aðra."

Þm. taldi einnig að Alusuisse fengi mjög sterk ítök í íslensku þjóðlífi, ekki aðeins efnahagslega heldur líka félagslega og stjórnmálalega. Það er vert að minnast þess í ljósi reynslu nýliðinna ára. Í skjóli fjölþjóðafyrirtækisins fengju Íslendingar, að mati Einar Olgeirssonar, fámenna útsenda sérréttindastétt, eins konar aluminiumbaróna eins og hann orðaði það. Skyldu menn minnast einhverra slíkra í dag? Og hann sagði að þar sem forsrh. hefði nefnt eignarnám ÍSALs sem fræðilegan möguleika væri gefið „að svona stórt fyrirtæki byrjar að setja sig í varnarstellingar í upphafi vega og byrjar að skapa sér einn varnarvegg í íslenskum stjórnmálum, í íslenskum blöðum og í íslenskum flokkum."

Þm. setti fram kröfu um að sett yrðu ákvæði í samninginn við Alusuisse sem bönnuðu fyrirtækjum öll afskipti af íslenskum stjórnmálum.

5. þm. Vesturl. Benedikt Gröndal sagði að hv. þm. Einar Olgeirsson hefði flutt hér það sem hann kallaði gamlar pólitískar kenningar, sem séu úreltar, og hann sagði:

„Jafnvel ríki með frumstæðum menningarþjóðum hafa það vald yfir landi sínu og því sem þar gerist að þau hafi í fullu tré við erlend félög."

Alusuisse gerði í upphafi kröfu um að hugsanleg deilumál fyrirtækisins og íslenska ríkisins yrðu leyst fyrir alþjóðlegum gerðardómi, eins og það var orðað, eftir grundvallarreglum íslenskra og svissneskra laga að svo miklu leyti sem þau væru sameiginleg, en ef þau væru það ekki, þá eftir alþjóðalögum, eins og það var orðað. Fram kom í alþingisumr. í apríl 1966 að Íslendingarnir sem stóðu í samningunum við Alusuisse voru í upphafi almennt á móti alþjóðlegum gerðardómi og einkum og sér í lagi að þar ættu svissnesk lög að vera jafngild þeim íslensku. Að mati íslensku samningamannanna var eðlilegast að aðeins íslensk lög og íslenskir dómstólar færu með alla lögsögn í málum Alusuisse hér á landi. Íslensku samningamennirnir urðu samt að lúta vilja Alusuisse í þessum efnum eða gerðu það í reynd.

Ágreiningsmál ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse skyldu sett í alþjóðlegan gerðardóm, ef annar aðili óskar þess, samkv. 47. gr. aðalsamningsins frá 1966, en á móti sleppti Alusuisse kröfunni um að svissnesk lög ættu að gilda í deilum fyrirtækisins við íslensk stjórnvöld og var ákveðið að fylgt skyldi íslenskum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þ. á m. þeim grundvallarreglum laga sem almennt eru viðurkenndar með siðmenntuðum þjóðum, eins og það er orðað í 45. gr. aðalsamningsins frá 1966.

Í alþingisumr. um álbræðsluna í apríl 1966 var það gerðardómsákvæðið, sem mest fór fyrir brjóstið á andstæðingum samningsins. Raunar var einnig ljóst að fylgismenn samningsins voru síður en svo hrifnir af þessu atriði, en samþykktu það hins vegar og þá sem nokkurs konar illa nauðsyn til þess að ná samningum við Alusuisse. Ástæðulaust er að vera að rekja þær umr. frekar hér, þótt lærdómsríkar geti talist.

Í álsamningunum 1966 var gert ráð fyrir álbræðslu með 60 þús. tonna árlegri framleiðslu. ÍSAL átti rétt á 10% frávikum frá þessari framleiðslu, þannig að framleiðslugetan var skilgreind sem 66 þús. tonn árlega. Í fyrsta viðauka við álsamninginn, sem gerður var 1969, var bræðslan stækkuð um ⅙. Heildarframleiðslugetan var 77 þús. tonn. Í öðrum viðauka 1975 var bræðslan svo stækkuð um ⅐ í viðbót eða í 88 þús. tonna framleiðslugetu. Eðlileg ársframleiðsla er eigi að síður skilgreind sem 80 þús. tonn. Þessi stækkun kom til framkvæmda í ársbyrjun 1980 og verður að því vikið nokkru síðar.

Álverið í Straumsvík samanstendur nú af tveimur 40 þús. tonna kerskálum. Alusuisse hefur öðru hvoru á þeim tíma sem liðinn er frá upphaflegum samningum haft á því talsverðan áhuga að bæta þriðja kerskálanum við og hefur sá áhugi greinilega komið í ljós á undanförnum árum. Hafa ber í huga að nýr kerskáli af sömu stærð og núverandi kerskálar hefur með nýrri tækni framleiðslugetu allt upp í 80 þús. tonn, þannig að viðbót um einn kerskála mundi þýða allt að 100% stækkun álversins í Straumsvík.

Eins og skýrt hefur verið frá hér að framan í máli mínu voru í álsamningnum 1966 engin endurskoðunarákvæði ef aðstæður breyttust. Þess vegna lögðu íslensku samningsaðilarnir á það þunga áherslu við endurskoðun samninganna 1975 að í nýju samningsgerðinni yrðu sérstök ákvæði um reglubundna endurskoðun rafmagnsverðs og skatta og var á það lögð áhersla af íslensku ríkisstjórninni á þeim tíma svo sem eðlilegt var. Í álitsgerð viðræðunefndarinnar, sem hafði forustu um endurskoðun samninga við Alusuisse 1975, í álitsgerð hennar frá 8. okt. 1975, var þannig komist að orði að til greina kæmi „einhver stiglækkandi hækkun á rafmagnsverði með fyrirvara um endurskoðun að tilteknum tíma liðnum."

Þegar viðræðunefndin lagði svo fram till. sína um slíka stiglækkandi hækkun, eins og það var orðað þann 20. okt. 1975, var í sömu till. krafan um endurskoðun á verði þannig að ef skráð heimsmarkaðsverð á áli yrði hærra en 70 cent pundið eftir ár, þ. e. frá 1. okt. 1983, gæti annaðhvort íslenska ríkisstjórnin eða Alusuisse gert kröfu um endurskoðun á rafmagnsverði og skatti. Í till. Alusuisse hins vegar um nýja gerð samninga, sem fram kom í okt. 1975, var sérstaklega tekið fram að fyrirtækið væri á móti ákvæði um endurskoðun verðlags og á fundinum 20.—21. okt. 1975 ítrekuðu fulltrúar Alusuisse þá afstöðu og það sama kom fram á fundi þann 4. nóv. 1975 eða eins og segir í fundargerð frá þeim tíma: „Dr. Müller taldi að endurskoðunarákvæði væru ekki æskileg". Svo var það orðað og þannig varð það í reynd. Í till. Alusuisse um nýja gerð samninga, sem fram kom í okt. 1975, var sérstaklega tekið fram að fyrirtækið væri á móti ákvæðum um endurskoðun verðlags og í þessum samningi voru engin endurskoðunarákvæði þrátt fyrir þá staðreynd að tilvist þeirra var upphafleg forsenda þess að íslensku fulltrúarnir léðu máls á stiglækkandi rafmagnsverði.

Þann 10. des. 1975 var annar viðaukasamningurinn formlega undirritaður af iðnrh. og fulltrúum Alusuisse. Þegar daginn eftir þann 11. des., var lagafrv. borið fram á Alþingi samningnum til staðfestingar. Afstaða stjórnmálaflokka og einstakra þm. til þessa annars viðauka samningsins var talsvert ólík því sem verið hafði við samþykkt álsamningsins 1966.

Framsfl., sem nú var í ríkisstjórn með Sjálfstfl., studdi þennan viðaukasamning þótt einstaka þm. flokksins tækju þar aðra afstöðu. Almenn afstaða Framsfl. í málinu kom m. a. skýrt fram í málflutningi 1. þm. Norðurl. e., Ingvars Gíslasonar, núv. hæstv. menntmrh., sem sagði m. a.:

„Ég tel að þessar breytingar, sem hér er rætt um, feli í sér vissar endurbætur á álsamningnum 1966. Mín skoðun er alveg óbreytt um það, að álsamningarnir hafi verið stórgallaðir þegar þeir voru gerðir."

Alþfl.-þm. tóku þátt í meirihlutaáliti iðnn. beggja deilda Alþingis, þar sem mælt var með samþykki annars viðaukasamningsins, en við yfirlestur á umr. fékk ég ekki séð að þm. Alþfl. hefðu tekið þátt í umr. um samninginn.

Sjálfstfl. studdi óskiptur þá samþykkt annars viðaukasamningsins.

Alþb. var andsnúið þessum samningi eins og hann lá fyrir endurskoðaður hér á Alþingi 1975. Það var einkum hið lága umsamda orkuverð sem olli andstöðu þm. Alþb. Páv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, taldi að frv. fæli í raun og veru ekki í sér neina hækkun orkuverðs eða eins og hann orðaði það:

„Þegar betur er að gáð er hér ekki um neina hækkun að ræða, heldur er það raunverulega gamla verðið fyrir orku frá Búrfellsvirkjun að viðbættu því verði sem samið er um fyrir viðbótarorkuna frá Sigölduvirkjun, öllu slengt saman, og þannig er fengið út eitt nýtt meðaltalsverð."

Hjá öðrum þm. Alþb., 3. þm. Reykv., Vilborgu Harðardóttur, sem sat þá sem varamaður Magnúsar Kjartanssonar, kom mjög fram það sjónarmið að orkuverð í þessum öðrum viðauka samningsins væri langt undir heimsmarkaðsverði, eins og hún orðaði það.

Þótt talsmenn Alþb. þá hafi talið skattgjaldsbreytingu annars viðauka samningsins skýrari en skattaákvæði aðalsamningsins 1966 gagnrýndu þeir tvennt í nýju framleiðslugjaldsákvæðunum: stiglækkandi hlutfall framleiðslugjalds miðað við álverð og viðurkenningu af Íslands hálfu á skattinneigninni, eins og til umræðu hefur verið nú nýverið.

Ýmsir þm. Sjálfstfl. tóku til máls í alþingisumr. 1975—1976 til stuðnings öðrum viðauka samningsins 1975. Tveir þm. flokksins, 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, og 1. þm., Suðurl., Ingólfur Jónsson, leituð-

ust einkum við að verja álsamninginn frá 1966. Einn þm. Sjálfstfl., Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e., gagnrýndi hins vegar álsamninginn frá 1966 vegna þess hve orkusöluákvæðin giltu til langs tíma án endurskoðunarréttar af hálfu Íslendinga, eins og hann orðaði það: „En það kemur eiginlega ekki þessu máli við [þ. e. öðrum viðaukasamningnum]. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er þessi samningur (þ. e. álsamningurinn 1966) í gildi". Þannig orðaði Jón G. Sólnes alþm. það við umr. hér í þinginu.

Að þessum tíma liðnum frá endurskoðun samninganna við Alusuisse 1975 erum við reynslunni ríkari. Það er mjög athyglisvert, þegar farið er yfir umr. hér á hv. Alþingi og þau gögn sem fram voru lögð af þeim aðilum, sem báru ábyrgð á viðræðunum við Alusuisse á þessum tíma, þ. á m. núv. formaður Framsfl., Jóhannes Nordal einnig og Ingólfur Jónsson, sem voru aðalsamningamenn af Íslands hálfu, að í greinargerðum frá þeim var alls ekki dregin fram sú mikla áhætta sem þarna var tekin varðandi eðli þeirra breytinga sem voru gerðar, sérstaklega að því er varðaði skattgjaldsákvæðin.

Nú liggur það fyrir óyggjandi samkv. mati ríkisendurskoðunar að tap í skattgreiðslum vegna samninganna 1975 nemur alls 26.7 millj. dollara á tímabilinu frá 1. okt. 1975 til ársloka 1982 eða 512 millj. kr., en hagnaður vegna hækkunar á raforkuverði á þessum sama tíma nemur hins vegar 26.2 millj. dollara eða 503 millj. kr. Af því er ljóst að töluleg niðurstaða á þessari endurskoðun álsamninganna frá 1975, sem fram fór á því ári, er sú, að ríkissjóður hefur tapað að heita má nákvæmlega sömu upphæð í lækkuðum skattgreiðslum og Landsvirkjun hefur fengið greitt með hærra raforkuverði og er þá dæmið reiknað til ársloka þessa árs. Því skal svo við bætt, sem ekki hefur verið tekið inn í þetta mál og þessa útreikninga, að endurskoðunin á raforkuverðinu, sem um var samið 1975, gildir aðeins til ársins 1994, sú hækkun sem um var samið á raforkuverðinu á þeim tíma, en breytingin á skattgreiðslufyrirkomulaginu gildir ekki bara til 1994, heldur var gerð út allan samningstímann. Það væri fróðlegt, og verður sjálfsagt gert, að reikna út það stórfellda tap sem í því felst, miðað við allar líkur, á tímabilinu 1994 til ársins 2014. Ég fullyrði að það nemi tugum millj. Bandaríkjadala, ef ekki ennþá hærri upphæðum, miðað við þær forsendur sem líklegar geta talist. En ég hef ekki séð ástæðu til að vera að taka þetta sérstaklega inn í þetta mál.

Ég hef látið reynsluna fram til síðustu áramóta tala sínu máli og þar eru það tölur ríkisendurskoðunar og Landsvirkjunar sem lagðar eru til grundvallar. Þessar niðurstöður ríkisendurskoðunar varðandi skattgreiðslur ÍSALs eru miðaðar við endurskoðun Coopers & Lybrand hvað varðar afkomu ÍSALs á þessu tímabili, þó að frátöldu árinu 1982, en varðandi það ár er byggt á upplýsingum ÍSALs því reikningar þess árs hafa enn ekki verið endurskoðaðir.

Hvað varðar skattinnstæðuna má af sumum skilja að þessi skattgreiðsla upp á 500 millj., sem upphaflegu samningarnir hefðu óbreyttir gefið ríkissjóði umfram samningana 1975, hefði í raun verið einskis virði vegna þess að samkv. gömlu samningunum frá 7. áratugnum hefði Alusuisse bara eignast skattinnstæðu hjá ríkissjóði. Skattinnstæða samkv. upphaflegum samningi var hins vegar engan veginn okkur Íslendingum í óhag, en hins vegar mjög íþyngjandi fyrir Alusuisse og það í vaxandi mæli. Þessi innstæða var í fyrsta lagi ekki eign Alusuisse, heldur safnaðist fyrir í ríkissjóði sem bráttógreiðsla á framleiðslugjaldi, sem greitt var jafnóðum, en síðan gert upp við hver áramót í ljósi skerðingarákvæða sem kveða á um að árleg skattgreiðsla skuli aldrei fara fram úr 50% af hagnaði. Þessa innstæðu gat ríkissjóður fyrir samningana 1975 notað í sína þágu hverju sinni gegn aðeins 5% vöxtum, en með samningunum 1975 urðu mikil og slæm umskipti í þessum efnum. Þá féllst íslenska samninganefndin ekki aðeins á þá kröfu Alusuisse að lækka stórlega skattstiga ÍSALs, heldur var einnig látið undan kröfu fyrirtækisins um að afnema þetta greiðsluform og afhenda Alusuisse til eignar skattinnstæðuna eins og hún stóð þann 1. okt. 1975, upp á 4.4 millj. dollara eða um 85 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Þetta var gert þrátt fyrir að íslenska samninganefndin hafði undir höndum álitsgerðir innlendra og erlendra lögfræðiráðunauta, þeirra Hjartar Torfasonar hrl. og Bandaríkjamannsins Charles D. Kyle, þar sem tekin eru af öll tvímæli um að réttur Íslendinga til þessarar skattinnstæðu væri ótvíræður, t. d. ef hún yrði einhver við samningslok. ÍSAL hafði hins vegar rétt til að nota innstæðuna til greiðslu framleiðslugjalds næsta árs á hverjum tíma.

Sem dæmi um hvernig þessi skattinnstæða hefði þróast samkv. upphaflegum samningi má nefna að við árslok 1980 hefði hún numið um 360 millj. ísl. kr. á núverandi gengi, þ. e. 18.6 millj. dollara, og í árslok 1982 hefði hún numið 526 millj. kr. eða 27.4 millj. dollara og mest af þessu fé hefði ríkissjóður getað haft til ráðstöfunar gegn aðeins 5% vöxtum. Það hefðu þótt bærileg kjör í dag. En það var ekki aðeins að skattinnstæðan væri í samningunum 1975 afhent Alusuisse til eignar, heldur var ríkissjóði gert að greiða af henni breytilega dollaravexti, sem numið hafa þessari innstæðu, 4.4 millj. dollarar, sem var fest frá 1. okt. 1975, og síðan skyldi ríkissjóður greiða af henni breytilega dollaravexti, sem numið hafa 10—13% hin síðustu ár, í stað eldri samningaákvæða um 5% vexti. Á árinu 1980 mun sú breyting ein hafa kostað íslenska ríkið nær 400 þús. dollara eða vel yfir fjórðung af allri skattgreiðslu ÍSALs það ár samkv. upphaflegum ársreikningum fyrirtækisins.

Það þarf auðvitað ekki að taka fram hvaða áhrif þessi breyting á skattgreiðslum hefur haft á tekjur þeirra aðila sem fá hluta af framleiðslugjaldi samkv. samningi, svo sem Hafnarfjarðarbær.

Ofangreindar staðreyndir eru þó ekki nema hluti af þeirri neikvæðu niðurstöðu sem endurskoðun samninganna 1975 leiddi til. Þar mætti m. a. nefna eftirfarandi atriði:

Fyrst er að nefna stækkun álversins, sem þá var heimiluð, en Alusuisse var heimilað að stækka álverið í Straumsvík sem nam 20 megawöttum í afli og greiða fyrir þá stækkun hið lága verð sem um var samið. Stækkunin kom í gagnið á árinu 1980. Jafnhliða þessu hækkaði meðaltalsframleiðslukostnaður Landsvirkjunar af raforku jafnt og þétt, svo að það mark færðist æ fjær að álverið í Straumsvík greiddi framleiðslukostnaðarverð fyrir raforkuna. Þetta ber sannarlega að hafa í huga þegar litið er á kröfur Alusuisse nú um stækkun álversins og þær undirtektir hér innanlands og hér á hv. Alþingi sem þær kröfur fá og birtast okkur svart á hvítu í þeirri þáltill. sem hér er til umr.

Þá er vert að minna á að í samningunum 1975 var Alusuisse heimilað að mynda varasjóð sem dótturfyrirtæki ÍSALs getur hagnýtt sér hér til að leggja í skattfrjálsan hagnað. Og vert er að ítreka að íslenska samninganefndin 1975 féll frá einni meginkröfunni, sem uppi var af Íslands hálfu á þessum tíma, um að fá inn í samningana endurskoðunarákvæði varðandi raforkuverðið á samningstímanum og það þrátt fyrir að nýlega væri þá fram komin verðsprenging á olíu. Frá þessari íslensku kröfu var fallið á sama tíma og margvíslegar kröfur Alusuisse náðu fram að ganga, svo sem hér hefur verið rakið að nokkru.

Íslenska samninganefndin árið 1975 hafði líka undir höndum endurskoðun fyrirtækisins Coopers & Lybrand á ársreikningum ÍSALs frá árinu 1974, sem sýndi verulegt yfirverð á súráli og vantalinn eða dulinn hagnað fyrir árið 1974, sem nam um 60 milljónum kr. á núverandi gengi eða 3.1 millj. Bandaríkjadala. Réttur til skattakröfu á grundvelli þessara upplýsinga var ótvíræður, en sú krafa var aldrei borin fram og mál þetta lá í rauninni í þagnargildi þar til ég gat um það og upplýsti um það í umr. utan dagskrár í Ed. þann 17. des. 1980. Þetta allt saman er vert að hafa í huga þegar litið er á þá till. sem hér er til umr. og vert er að nefna hér að þessi upprifjun á endurskoðun samninganna frá 1975 hefur verið tekin nokkuð óstinnt upp af þeim sem stóðu í þessum samningum, þó að hér sé ekki verið að gera annað af íslensku stjórnvaldi en leiða í ljós blákaldar staðreyndir til að forða mönnum frá því að lenda ofan í sömu vilpuna á ný. Það var reynt. Ég álasa ekkert þeim ágætu mönnum sem voru aðalsamningamenn íslenska ríkisins á þeim tíma, þeim Steingrími Hermannssyni, Jóhannesi Nordal og Ingólfi Jónssyni, fyrir að reikna einhverja vörn inn í þetta mál. Það er svipað og maður hefur heyrt hér á Alþingi á undanförnum árum, þegar þessi mál hafa verið til umr. og menn eru að streitast við það að verja samningana frá 1966 og gera það að aðalatriði að safna rökum gegn okkar eigin málstað.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp þá rýru uppskeru sem fram kom í grg. þeirra þremenninga frá 2. mars 1983 til fjölmiðla varðandi endurskoðun samninga við Alusuisse, enda var þar ekki hrakið eitt einasta atriði af því sem fram hefur verið dregið í þessu máli og ég hef gert hér að umtalsefni og greint frá. Það liggur allt saman skýlaust og óhrakið fyrir. En það er fróðlegt að sjá það í grg. frá þeim og í því samhengi hljótum við að sjálfsögðu að hafa í huga þá till. Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., sem ég rifjaði upp áðan og hann lagði fram í ríkisstj. 3. febr. s. l. En þar segir, með ekki mikilli fyrirferð kannske, í þessari grg. til fjölmiðla svohljóðandi:

„Það var alltaf ljóst við samningagerðina 1975 að á móti hækkun orkuverðs mundi koma lækkun á skatttekjum mismunandi eftir árferði."

Sú hefur einnig orðið raunin á. Ég vil spyrja hér á hv. Alþingi, og það eru hér nokkrir alþm. sem sátu þing 1975—1976, hvort þeim hafi öllum verið það morgunljóst hvað verið var að bera fram sem samningsgrundvöll, sem endurskoðaðan samning við Alusuisse 1975. Ég teldi það fróðlegt fyrir þá hv. alþm. að fara yfir málið eins og það var lagt hér fyrir á þeim tíma og vita hvort þeir geti tekið undir orð í grg. þeirra Steingríms Hermannssonar, Jóhannesar Nordals og Ingólfs Jónssonar um að það hafi alltaf verið ljóst að á móti hækkun orkuverðs mundi koma lækkun á skatttekjum, sem reynst hefur jafna reikningana þannig að Alusuisse hefur frekar hagnast á ákvæðum fram til þessa dags ef nokkuð er.

Iðnrn. hefur svarað þeim aths., sem fram komu í grg. þessara hv. þremenninga sem hér var vitnað til, í fréttatilkynningu til fjölmiðla frá 4. mars 1983 og ég tel ekki þörf á því að vera að lesa þá fréttatilkynningu hér upp, því að efnislega hef ég komið þar að öllum meginatriðum málsins nema kannske atriði um stækkun álversins og raforkuverðið, þar sem segir í fréttatilkynningu rn. svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstaka athygli vekur umfjöllun samningamannanna þriggja varðandi verðlagningu á raforku til þeirrar 20 megawatta stækkunar á ÍSAL, sem samið var um 1975 og komst í gagnið 1980."

Í grg. er sagt að samið hafi verið um sérstakt forgangsorkuverð upp á 12 mill. Þessa niðurstöðu fá samningamennirnir með því að telja 60% af umsaminni orku sem afgangsorku og verðleggja þann hluta á 3 mill á kwst. Staðreyndin er hins vegar sú, að hér var ekki um að ræða raunverulega afgangsorku og hefur raunar Landsvirkjun sjálf staðfest það í skýrslu um framkvæmdaþörf frá apríl 1982, þar sem sagt er að litið verði á, orðrétt í þeirri grg. Landsvirkjunar, „60% af þegar umsaminni afgangsorku sem forgangsorkusölu í áætlunum um framkvæmdaþörf á næstu árum."

„Aðalatriði þessa máls", segir í fréttatilkynningu rn., „er að það meðalorkuverð sem samið var um vegna stækkunarinnar er nú 6.5 mill á kwst., en kostnaður fyrir Landsvirkjun að afhenda þessa orku nemur allt að þrisvar sinnum hærri upphæð."

Það er nauðsynlegt, hv. alþm. að líta á þessar niðurstöður nú þegar það er verið að knýja á um það í sérstakri þáltill. hér á hv. Alþingi að taka undir kröfur Alusuisse um stækkun álversins í Straumsvík. Við hljótum að gera kröfur til þess hver til annars hér á hv. Alþingi að menn gangi sjáandi til leiks og til þess eru vítin að varast og eingöngu í þeim tilgangi hef ég talið sjálfsagt að upplýsa þær niðurstöður sem fyrir liggja af endurskoðun samninganna við Alusuisse 1975. Sú endurskoðun var uppskera af viðleitni af Íslands hálfu, sem stóð í nærfellt 2.5 ár á heildina litið.

Við höfum verið að glíma við Alusuisse um leiðréttingu samninga frá því í des. 1980 og mér er legið sérstaklega á hálsi fyrir að það skuli ekki hafa gefið meiri árangur en raun ber vitni og hefur þó margt áunnist á þeirri ferð. Ég minni á það sem fram hefur komið varðandi skattamálin og þá geysilegu vitneskju sem safnað hefur verið til stuðnings okkar málstað í þessu efni og nýtast mun nú og framvegis. Það er nauðsynlegt að horfa til þessara mála með jákvæðu hugarfari.

En það eru fleiri sem hafa haft áhuga á og raunar rifjað upp niðurstöðu af endurskoðuninni 1975. Þ. á m. er Alusuisse, sem hefur vitnað um það og talsmenn þess hérlendis að þessi endurskoðun hafi verið býsna hagstæð fyrir fyrirtækið og raunar túlka þeir þessa uppskeru sem kaup kaups. Ragnar Halldórsson, forstjóri ÍSALs, segir um þessa endurskoðun — þannig skilgreindi hann megininntak endurskoðunar álsamningsins 1975 í viðtali við dagblaðið Vísi þann 18. júlí 1981:

„Það var samið um breytingar á skattakerfinu, sem

var óframkvæmanlegt eins og það var áður, gegn greiðslu hærra rafmagns. Þetta voru bara kaup kaups", segir framkvæmdastjóri íslenska álversins, álbræðslunnar í Straumsvík.

Í ÍSAL-tíðindum, heimilismálgagni Ragnars Halldórssonar, 1. tbl. 11. árgangs frá júlí 1981, segir um þetta:

„Árið 1975 voru aðstæður þannig, að báðir aðilar þurftu að semja um breytingar á aðalsamningi, ríkisstjórnin og Landsvirkjun, vegna þess að orkuverðið átti að lækka 1. okt. 1975 og verða síðan óbreytt eða því sem næst í nær 20 ár, og Alusuisse vegna þess að þær reglur sem giltu um framleiðslugjaldið höfðu reynst nánast óframkvæmanlegar. Gengið var til samninga og var samið um hækkun á raforkuverði og breytingar á reglum um framleiðslugjöld. Það var sem sagt um að ræða samninga um ákveðnar breytingar sem báðir aðilar töldu sér í hag." Skyldi nokkurn undra, þegar litið er yfir uppskeruna, þó svo sé tekið til orða í ÍSAL-tíðindum á árinu 1981? En þegar talað er um óhjákvæmilegar breytingar skulum við hafa í huga, hv. alþm., að þessi ákvæði, sem endurskoðuð voru 1975, voru samningsbundin og það er á þessa samninga sem dr. Müller og forsvarsmenn Alusuisse nú vísa þegar við Íslendingar berum fram okkar kröfur um lágmarksleiðréttingar á þessum samningum og samkv. þeirri hegðan bar okkur að sjálfsögðu hvorki skylda né nauður til að breyta þessum ákvæðum á árinu 1975.

Á árunum 1971—1977 komu fram ýmsar hugmyndir um breytingar á ÍSAL, bæði varðandi áliðnað og þátttöku í öðrum iðnaði á Íslandi, og voru á dagskrá á þessu tímabili. Fulltrúi íslenskra stjórnvalda í þessum athugunum var svonefnd viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem starfaði 1971—1978, og formaður hennar var Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og stjórnarformaður Landsvirkjunar. Þá var m. a. rætt um álbræðslu á Norðurlandi á vegum Alusuisse, en það mál var ekki til lykta leitt sem kunnugt er. Rannsókn var gerð á hugsanlegri súrálsverksmiðju á Reykjanesi, nánar tiltekið í nágrenni Tröllladyngju, og átti hún að starfa í tengslum við álbræðsluna í Straumsvík. Var hugmyndin að nota jarðhita sem orkugjafa, en venjulega er notuð olía til framleiðslu á súráli úr bauxít. Þrátt fyrir þá kosti sem jarðhitinn gat haft voru þessar áætlanir lagðar á hilluna alveg sérstaklega vegna mengunarvandamála og ákveðinnar andstöðu Náttúruverndarráðs við þessi áform á þessum tíma. Mest var þó rætt um og knúið á um stækkun álbræðslunnar, en bæði þessi stækkun og hugmyndir um súrálsverksmiðjuna urðu hlutar af mikilli áætlun, svonefndri integral-áætlun, sem Alusuisse hafði lagt fyrir íslensk stjórnvöld upphaflega á árinu 1973, en í endurskoðuðu formi 1974 um haustið, eftir að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hafði verið mynduð. Ég held að það sé gagnlegt fyrir hv. alþm. og aðra að hafa í huga nú, þegar knúið er á um hagsbætur af hálfu Alusuisse, hvert var efni áætlunar integral, þess trúnaðarmáls sem sent var íslenskum stjórnvöldum 1973 og aftur 1974.

Yfirskrift þeirrar áætlunar var: „Nýting íslenskrar raforku innan vébanda alþjóðasamsteypu álframleiðenda. Heiti INTEGRAL. Tillaga Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands, okt. 1974, breytt útgáfa. Inngangur."

Ég leyfi mér hér að vitna til þessarar áætlunar, herra forseti:

„Í marsmánuði 1973 lagði Alusuisse till. með heitinu INTEGRAL fyrir ríkisstjórn Íslands. Skýrsla þessi var rædd í Reykjavík hinn 29. mars 1973 við fyrrv. iðnrh., hr. Magnús Kjartansson, og viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Einnig lagði Alusuisse til að mynduð yrði nefnd til að athuga hina ýmsu þætti málsins. Allt fram til þessa [þ. e. í okt. 1974] hefur ríkisstjórn Íslands ekki fylgt eftir tillögum Alusuisse frá því í marsmánuði 1973 og síðari ítrekunum. Sér í lagi hefur aldrei verið svarað tillögum okkar um að fella súrálsverksmiðju, sem rekin yrði með jarðhita, inn í áætlunina, en fyrst var rætt um hana við Kjartansson ráðh. hinn 8. maí 1973.

Alusuisse er enn sannfært um að grundvallarhugmynd áætlunarinnar er rétt. Einnig eru komin til ný sjónarmið, sem vert er að athuga. Alusuisse hefur athugað á ný fyrri tillögur sínar frá í mars 1973 og er ánægjuefni að leggja fyrir ríkisstjórnina endurskoðaða tillögu dags. í okt. 1974."

Svo kemur kaflafyrirsögn:

„Nýting íslenskrar raforku innan vébanda alþjóðasamsteypu álframleiðenda. Heiti: INTEGRAL. Tillaga Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands.

A. Grundvallarstaða og skilgreining vandamáls.

1. I. áfangi. Núverandi ástand.

Talsverðir virkjunarmöguleikar raforku eru fyrir hendi á Íslandi. Ætlað er að hægt sé að framleiða raforku á hagkvæman hátt árið um kring. Virkjanleg orka fer langt fram úr innanlandsþörfum. Álframleiðsla er mjög æskileg til að nýta orku á Íslandi fyrir stóriðnað. Fyrsta skrefið í þá átt hefur þegar verið stigið. ÍSAL nýtir 140 megawött og notar um 1000 gígawattstundir. Stækkun Straumsvíkurálbræðslunnar í 160 megawött er í athugun.

2. II. áfangi.

Annar áfangi er á næsta leiti. Álbræðslan í Straumsvík var hönnuð á þann hátt að aukning afkastagetu hennar er framkvæmanleg án vandkvæða. Ef við er bætt þriðja 80 megawatta kerskálanum er hægt að framleiða 40 þús. tonn af áli í viðbót og bygging fjórða kerskála mundi enn auka framleiðsluna um 40 þús. tonn.

3. III. áfangi.

Þegar virkja á nýjar orkulindir vegna áliðnaðar blasir við það vandamál, að vegna kostnaðarhlutfalla verður að byggja vatnsvirkjanir á Austfjörðum og Norðausturlandi í stórum áföngum. Á þetta sérstaklega við um 1. áfanga byggingar. Hins vegar ætti að koma afköstum nýrra álbræðslna upp með tiltölulega smávægilegum aukningum vegna markaðsástæðna. Við sams konar vandamál er að glíma varðandi fjárhagshliðina. Byggingaráfangar raforkustöðva og álvera ættu að vera viðamiklir til að draga úr einingaverði framleiðslunnar. Hins vegar eru minni áfangar æskilegir til að halda megi fjármögnun við þá stærðargráðu að við hana verði ráðið. Tillögur Alusuisse sýna hvernig hægt er að leysa þetta tvöfalda vandamál.

4. IV. áfangi.

Jarðhiti er að verða mikilvægari vegna olíukreppunnar. Er það sérstaklega staðreyndin ef hægt er að nota jarðgufu beint sem hitagjafa. Með því að talsvert gutumagn er nauðsynlegt til að framleiða súrál úr bauxít virðist æskilegt að athuga möguleika á súrálsverksmiðju á Íslandi. Framkvæmdin verður talsvert ábatavænlegri þar sem hægt er að meðhöndla súrál á staðnum.

5. Stjórnmálasjónarmið.

Áætlað er að ríkisstjórn Íslands óski eftir að orkulindir, sem fyrir hendi eru, verði nýttar á sem besta mögulegan hátt og mundi stjórnin í því skyni stofna til samlagsfélaga við erlenda aðila ef nauðsyn bæri til. Að því er ál varðar er málið flókið. Ísland hefur hvorki hráefni né markað og fjármagnsþörf stórvirkjana og framkvæmda við bræðslu mundi vera þungur baggi fyrir fjárhirslu landsins. Tillaga Alusuisse virðist einnig gefa kost á lausn vandamála stjórnmálasjónarmiðanna.

B. Nánari athuganir.

1. Aukin álnotkun.

Ýmislegt bendir til þess að notkun áls haldi áfram að aukast í framtíðinni. Of mikil afköst á árunum 1972—1973 hafa nær verið étin upp í vaxandi markaði. Í framtíðinni er raforkuskortur í mörgum heimshlutum líklegur til að draga úr aukningu iðnaðarins. Á því sviði gefst tækifæri fyrir Ísland.

2. Lykill að lausninni.

Afgerandi skilyrði fyrir álframleiðslu auk tækniþekkingar er ódýrt bauxít og ódýr raforka. Fyrirtækjasamsteypa sem hefur yfir að ráða bæði bauxít og raforku við lágu verði, hlýtur að vera í sterkri aðstöðu í áliðnaðinum. Vænta má skjóts vaxtar ef markaðurinn er einnig tryggður. Ísland hefur miklar orkulindir. Alusuisse á mikinn bauxítforða í Ástralíu og Afríku og athugar jarðlög í öðrum löndum. Einnig er félagið að athuga ýmsar áætlanir varðandi súrálsframleiðslu úr bauxít.

3. Íslensk álsamsteypa, Alconis.

Vegna hinnar miklu fjármagnsþarfar og markaðsvandamálsins er ekki hægt að anna stórvirkjunum á Íslandi og byggingu álvers með miklum afköstum þegar í byrjun svo og e. t. v. einnig stórrar súrálsverksmiðju nema með alþjóðlegri félagasamsteypu. Alusuisse hefur á prjónunum að skipuleggja slíka samsteypu, en raforka ein nægir ekki til að fá væntanlega aðila til þátttöku. Það sem á þarf að halda er sameiginleg áætlun um framleiðslustig allt frá bauxít til málms þannig að aðilar samsteypunnar hafi bauxítforða, álver, raforkuver og verksmiðju. Ódýra raforku er einnig hægt að fá á Nýja-Sjálandi, í Kanada, Zaire og öðrum löndum. Saman geta Ísland og Alusuisse gert sameiginlega áætlun um álframleiðslu frá málmgrýti til málms, sem ætti að reynast aðlaðandi fyrir fjölda stórra álfélaga um allan heim."

(**Forseti:** Ég verð því miður að biðja hæstv. iðnrh. að gera örstutt hlé á ræðu sinni.) Velkomið herra forseti. (**Gripið fram í:** Upp úr hverju var þessi lestur?) Þessi lestur er upp úr tillögu, sem lögð var fyrir ríkisstjórn Íslands í okt. 1975, frá Alusuisse. [Frh.]

Umr. frestað.

Afbrigði vegna almennra stjórnmálaumræðna.

Forseti (Jón Helgason): Það þarf að leita eftir afbrigðum frá þingsköpum vegna almennra útvarpsumr. Á síðasta þingi voru veitt afbrigði frá þingsköpum um að stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl. fengju 20 mínútna ræðutíma í almennum stjórnmálaumr., sem skiptast milli umr. þannig að 10—15 mínútur yrðu í fyrri umferð og 5—10 mínútur í síðari umferð. Ég leyfi mér að bera fram till. um að sami háttur verði hafður á í almennum stjórnmálaumr. sem ráðgerðar eru mánudaginn 14. þ. m.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur það tíðkast síðan þessi ríkisstj. var mynduð að hópur manna, sem nefndur hefur verið sjálfstæðismenn sem styðja ríkisstj., hefur fengið sérstakan umræðutíma við útvarpsumr. frá Alþingi. Nú hefur það gerst að tveir úr þessum hópi, hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson og hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson, hafa tekið sæti sem efstu menn á listum Sjálfstfl. í komandi þingkosningum. Þeir hafa lýst því yfir að þeir muni ganga til þess leiks undir einingarmerki Sjálfstfl., hvernig svo sem það lítur nú annars út. Þeir munu væntanlega um þessa helgi taka þátt í stefnumótandi fundi með öðrum frambjóðendum flokksins, þar sem stefna flokksins í næstu kosningum verður ákveðin. Þess vegna höfum við ýmsir talið að ekki væri eðlilegt að haldið væri áfram þeim hætti sem hér hefur ríkt. Það væri óeðlilegt að þessir tveir frambjóðendur Sjálfstfl. sem skipa efstu sæti listans í Norðurl. v. og Vesturl., fengju hér aukatíma á hv. Alþingi í útvarpsumr. til að fjalla um málið. Um þetta var fjallað á fundum formanna þingflokka og forseta fyrir nokkrum dögum.

Nú hefur það hins vegar gerst, að hæstv. forsrh. hefur á fundi formanna þingflokka og forseta í dag mótmælt því eindregið að þessir tveir hæstv. ráðherrar, Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson séu þannig merktir Sjálfstfl. sérstaklega að þeir tilheyri honum hér á Alþingi. Hæstv. forsrh. hefur óskað eftir því að þeir verði áfram merktir sér í umr. frá Alþingi og tali sem slíkir. (Gripið fram í.) Þessi ósk hæstv. forsrh., að þessir tveir frambjóðendur Sjálfstfl. gangi þess vegna til leiks í útvarpsumr. sérstaklega eyrnamerktir ráðh. einum, sem ekki verður í framboði fyrir Sjálfstfl., hefur orðið til þess að sú afstaða sem áður hafði verið talin eðlileg af okkur mörgum hefur nú breyst. Það mun koma fram í atkvgr. við þá till., sem hæstv. forseti hefur hér kynnt og sem hæstv. forsrh. óskaði eftir að hann flytti, hverjir hér í þingsalnum telja eðlilegra, að hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson séu áfram merktir forsrh. sérstaklega en ekki Sjálfstfl.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Títtnefndir hv. þm. og hæstv. ráðh., Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson, eru á nákvæmlega sama stað núna í framboði og þeir voru seinast. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum, þannig að aðstæður eru ekki eins breyttar að þessu leytinu og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gefur til kynna. Við tókum þá afstöðu, þm. Alþfl., í upphafi að það væri stuðningsmanna ríkisstj. að bera ábyrgð á aukatímum af því tagi sem hefur verið úthlutað til þessara svonefndu stuðningsmanna ríkisstj. úr Sjálfstfl. Sú afstaða okkar er óbreytt. En stuðningsmönnum ríkisstj. er greinilega farið að líða illa undir ábyrgðinni.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég tel nú rétt að skýra sjálfur mína afstöðu í þessu máli, því að mér virðist bögglast nokkuð fyrir hv. 11. þm. Reykv. að lýsa minni skoðun og var ekki skiljanlegt hvað hann átti við.

Það er svo ákveðið í þingsköpum, að á síðari hluta þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumr. og hver

þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Eftir að núv. ríkisstj. var mynduð var það ákvarðað af Alþingi samkv. till. hæstv. forseta Sþ. að stuðningsmenn ríkisstj. úr Sjálfstfl. skyldu fá 20 mínútur til umráða í þessum almennu stjórnmálaumræðum eða eldhúsdagsumræðum. Mér barst það ekki til eyrna fyrr en síðdegis í dag, þegar ég sat fund með hæstv. forsetum þingsins og formönnum þingflokka og rætt var um þinghaldið, að það stæði til hjá einhverjum að breyta út frá þessari reglu á þá lund að tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. dómsmrh. og landbrh., mættu ekki taka til máls í þessum 20 mínútum sem við ráðherrarnir þrír höfðum gert ráð fyrir að skipta á milli okkar. Ég lýsti því þá yfir að ég hefði undir engum kringumstæðum fallist á slíka niðurstöðu og óskaði eftir því að hæstv. forseti Sþ. bæri upp tillögu um sömu tilhögun og verið hefur sæmilegt samkomulag um undanfarin þrjú ár. Ég hef ekki heyrt nein frambærileg rök fyrir því að breyta út frá því og vænti þess að hv. þingheimur samþykki till. hæstv. forseta Sþ.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er rangt hjá hæstv. forsrh. að það hafi komið fram tillaga um að hæstv. ráðherrar Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson fengju ekki að tala í þessum umr. Það sem hafði verið sagt var að þar sem þeir hafa nú ákveðið að ganga til liðs við þingflokk Sjálfstfl. fullkomlega og af heilum hug — (Gripið fram í.) Já, en þeir hafa kannske ekki verið miklir liðsmenn í þeirri sveit á undanförnum árum. — og munu á morgun og sunnudag sitja sameiginlegan fund með félögum sínum, þar sem þeir ákveða sameiginlega framboðsstefnu sína í næstu kosningum, þá fannst okkur mörgum óeðlilegt að Sjálfstfl. fengi þannig að hafa marga talsmenn hér í umr. fyrir þessa sömu stefnu. En eins og hér hefur komið fram leggur hæstv. forsrh. mikið kapp á að þessir tveir ágætu þm., sem gegnt hafa ráðherrastöðu með honum í þessari ríkisstj., gangi áfram til leiks í umr. undir merki forsrh., en ekki merki Sjálfstfl., jafnvel þótt annar þeirra hafi nú þegar lýst yfir því opinberlega, Pálmi Jónsson, að hann muni ganga undan því merki strax að loknum næstu kosningum og segja af sér ráðherradómi og telur æskilegt að ríkisstj. geri það einnig. Það er alveg ljóst að þessi hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir að hann telur eðlilegt og rétt að ríkisstj. segi af sér strax eftir næstu kosningar. Það hefur ekki komið fram annað. Væntanlega er hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson sömu skoðunar. Okkur fannst að þessar yfirlýsingar um að þeir væru að hætta ráðherradómi í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens og væru að ganga til liðs við þingflokk Sjálfstfl. í heild til að móta sameiginlega stefnuskrá væru réttlætanlegar ástæður til að breyta hér um. En fyrst hæstv. forsrh. leggur svona mikið kapp á að þeir séu áfram eyrnamerktir sér sérstaklega hér á Alþingi, þá er rétt, eins og ég sagði áðan, að þeir sem vilja halda því eyrnamarki og staðfesta þannig klofninginn í Sjálfstfl. formlega fyrir framan þjóðina í útvarpsumr. greiði því atkv. Út af fyrir sig er það alveg útlátalaust af okkar hálfu, ef það er vilji Sjálfstfl., að klofningurinn sé staðfestur með þessum hætti, að láta að þeim vilja.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þessir tveir hæstv. ráðherrar voru kallaðir sjálfstæðismenn sem styðja ríkisstj. og hafa fengið að tala í 20 mínútur út á það. Ég get ekki séð betur en þeir styðji ríkisstj. ennþá og ekkert síður en aðrir og eigi þá að fá að tala.

ATKVGR.

Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IGuðn, IGísl, JE, JÞK ÓlJ, PP, PJ, RA, SalÞ, SkA, StefG, SV, StH, SvG, SvH, TÁ, VG, ÞS, AG, AS, BÍG, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GS, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, JH.

JS, JBH, KSG, KJ, LJ, MHM, MB, ÓE, ÓRG, PS, SteinG, ÞK, EG, GK, HBl greiddu ekki atkv.

8 þm. (KP, MÁM, ÓÞÞ, SighB, StJ, ÁG, GeirG, GeirH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þess ofurkapps sem hv. þm., formaður þingflokks Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, leggur á að þeir hæstv. ráðherrar Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson fái ekki að tala í þessum umrædda sjónvarpsþætti vil ég leggja áherslu á að ég tel það á engan hátt geta skaðað málstað Alþb. að þeir tali sem allra lengst, og því segi ég já.

Viðræðunefnd við Alusuisse, þáltill. (þskj. 467). — Frh. fyrri umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson) (frh.): Herra forseti. Sú umr. sem hér stendur yfir er nokkuð sérkennileg þar sem ég hef þurft að gera alloft hlé á máli mínu vegna annarra funda og atriða sem hér hafa komið til í hv. Sþ. Ég hef einnig orðið þeirrar náðar aðnjótandi að gert var matarhlé. Það var fyrir okkur hæstv. forseta báða kannske, þar sem hér voru þá fáir viðstaddir.

Ég hef verið að fara yfir efnisatriði þessa máls, atriði sem snerta mjög þá þáltill. sem hér er til umr., og var að rifja upp fyrir hv. alþm. sérstakt tilboð sem gert var ríkisstjórn Íslands haustið 1974 undir dulheitinu Integral frá Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands og var kominn að C-lið, sem ber yfirskriftina „Tillaga Alusuisse til ríkisstjórnar Íslands.“

„Grundvallarhugmynd.

Ríkisstjórn Íslands og Alusuisse leggi fram hvor sinn hlut með því að stofna til sameiginlegs félags, sem sé eign hvors aðila að hálfu og nefnist Álfélag Íslands eða ALÍS og sem aðilar afhenda eftirfarandi óáþreifanlegar eignir: Einkaleyfi á raforku, öll nauðsynleg leyfi í sambandi við byggingu og rekstur stórrar álbræðslu og skylda hagsmuni, réttindi til rannsóknar á námuvinnslu bauxít á stóru svæði nærri úthafshöfn í Afríku, réttindi varðandi byggingu álvers á Íslandi eða erlendis, tækni- og verkfræðigetu vegna byggingar og reksturs orkuvera, súrálsverksmiðja og álvera, þjálfað starfsfólk til að reka ofangreind ver, sölustarfsemi og markað fyrir málm ALÍS, þekkingu á áliðnaði um víða veröld og samband við væntanlega aðildarfélaga, reynslu í fjármögnun stóráætlana. ALÍS framkvæmir síðan almenna athugun, sem hefst á bauxít og nær til áætlana um súrál og bræðslu, þannig að fari saman með væntanlegum raforkuframkvæmdum Íslendinga, sem áætlað er að framleiði eigi minna en 8000 gígawattstunda orku er jafngildir 500 þús. tonnum af áli á ári.“

Góðir alþm. Þið heyrið hvað hér var talað um í orkumagni, 8 þús. gígawattstundir á ári. Ég minni á að núverandi heildarframleiðslugeta íslenska raforkukerfisins er 4000 gígawattstundir. Tvöfalt það magn var áformað að leggja í púkkið við stofnun ALÍS. „Mundi þetta leiða af sér fjárfestingarþörf, sem næmi nokkrum billjónum Bandaríkjadollara. ALÍS er ætlað að skilgreina grundvallarreglur samstarfs við þriðja aðila. Á grundvelli framkvæmdarinnar almennt muni ALÍS bjóða takmörkuðum fjölda fjársterkra fyrirtækja, sem nota nokkur hundruð þúsund tonn af áli á ári, aðild til að mynda samsteypu framleiðenda, Álsamsteypu Íslands," — allt skyldi það nú við Ísland kennt, — „Alconis."

„Þegar Alconis verður stofnað," og það fylgir uppdrátturr þessari till. af þessum fyrirtækjasamsteypum, „mun ALÍS afhenda Alconis einkaleyfi sín á raforku og rannsóknar- og námuréttindi vegna bauxíts. Í stað þess fær ALÍS hlutabréf í Alconis. Samkv. því er hægt að halda fjárþörf ALÍS í lágmarki. Það fer eftir því hversu mikinn þátt ALÍS tekur í Alconis hvort jafnvel er hægt að lækka fjárþörf þessa ofan í núll. „Þetta má nú kalla gylliboð." Aðild að bauxítnámunni og súrálsverksmiðjunni mun miðuð við þarfir álversins.

D-tillaga. Lagt er til að ríkisstjórn Íslands athugi ofangreindar tillögur og myndi sér skoðun um hvort æskilegt sé að efna til sameiginlegs fyrirtækis með Alusuisse í þeim tilgangi að skipuleggja algerlega sameiginlega" — takið eftir: „algerlega sameiginlega, samsteypu alþjóðlegra álframleiðenda til þess að virkja íslenskar orkulindir. Verði ákvörðun ríkisstj. jákvæð yrði að gera eftirfarandi ráðstafanir án þess að þær væru bindandi:

Stofnað yrði fyrra félagið, ALÍS, í þeim tilgangi að rannsaka tæknilega, hagfræðilega og fjárhagslega þætti INTEGRAL-áætlunarinnar. Stofnað yrði síðara félagið í þeim tilgangi að rannsaka möguleika á þróun orkulinda Íslands og gera áætlanir um orkusölu til INTEGRAL."

Undirritað: Sviss Aluminium Ltd., sem er hið enska heiti á Alusuisse.

Þessi áætlun, INTEGRAL, sem send var ríkisstjórn Íslands fyrst í marsmánuði 1973 og fékk þá ekki undirtektir, en síðan í breyttu formi 1974, tekur ekki til neinna smáræða, eins og menn hafa gefið gaum, og sem betur fer hefur ekki eftir gengið í sambandi við þessa áætlun og var þó knúið verulega á um það af Alusuisse. Viss atriði gengu þó eftir, en ekki í þeim mæli sem þarna var upp á fitjað. Við endurskoðunina 1974 var samið um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík um 20 megawött. Áformin um súrálsverksmiðju náðu ekki fram að ganga. Það var þegar um andstöðu að ræða af hálfu Náttúruverndarráðs á þeim tíma, en Alusuisse knúði það fast á að farið yrði inn á spor INTEGRAL-áætlunarinnar að íslensk stjórnvöld á þeim tíma sáu sig tilknúin að stíga fyrsta sporið að því að gera þessum svissneska auðhring kleift að kanna íslenskar orkulindir

Sett var á fót sérstök nefnd íslenskra ráðgjafa, aðallega verkfræðinga sumarið 1975 á móti verkfræðilegum aðilum frá Alusuisse og þessi hópur Svisslendinga og Íslendinga fór í rannsóknarferð um Austurland sérstaklega, því að þar var það vatnsafl sem Svisslendingarnir horfðu á, og það var engin tilviljun því þar er að finna næst á eftir Búrfellsvirkjun og kannske Blönduvirkjun hagstæðustu orkuauðlindir Íslands í vatnsafli. Og þessi hópur kannaði jökulfljótin norðan Vatnajökuls á Austurlandi og gerði um þetta efni skýrslu, sem rituð var á ensku og undirrituð af þeim sem í þessu tóku þátt, en sú skýrsla hefur aldrei verið opinber ger því að áður en til þess kom greindi Alþb. frá áætlun INTEGRAL og hafði áhrif í þá átt að öll áform íslenskra stjórnvalda um að stíga lengra eftir þessari áætlun voru kistulögð sem betur fór. Ég vil ekki fullyrða neitt um það til hvers hugur manna stóð í þáv. ríkisstj. umfram það sem raun ber vitni, en upplagið af skýrslu Alusuisse og íslenska hópsins sem með þeim vann að skoðun á orkulindum Austurlands er geymt niður í Seðlabanka, hafi upplagið ekki þegar verið brennt. Ég hef ekki gert á því sérstaka rannsókn. Því var aldrei dreift svo að neinu næmi.

Því er ég að rifja þetta upp hér, að menn átti sig á því hvert Alusuisse hefur stefnt fyrr og síðar í samskiptum við okkur Íslendinga og þær kröfur, sem þeir nú eru að bera fram sem skilyrði fyrir því að taka til athugunar þá sjálfsögðu sanngirniskröfu íslenskra stjórnvalda að leiðrétta samningana frá 1966 og 1975, gegn þeirri kröfu tefla þeir gagnkröfum sér til hagsbóta, ákveðnum þáttum sem voru inni í INTEGRAL-áætluninni, stækkun álbræðslunnar í Straumsvík og með það að markmiði að sjálfsögðu að geta hirt arðinn af íslenskum orkulindum og af vinnu íslenskra handa í ríkari mæli en þeim hefur tekist til þessa.

Það er eðlilegt að sú spurning vakni, hvers vegna var samið við Alusuisse en ekki einhverja aðra á árinu 1966 af íslenskum stjórnvöldum. Ég hef engar endanlegar skýringar á því eða endanleg svör við því, en ég hygg þó að Alusuisse hafi verið talið sæmilega fær auðhringur á þeim tíma í áliðnaði, sæmilega staddur tæknilega séð og fjárhagslega séð. En ég held að það hljóti að vera umhugsunarefni, fyrir þá ekki síst sem eru hér að knýja á um áframhaldandi starfsemi og útfærslu Alusuisse hér á Íslandi, að aðstæður þessa auðhrings eru taldar mjög aðrar en þær voru á 7. áratugnum. Hann er nú ekki hátt skrifaður sem fyrirtæki, sem auðfélag, hvorki tæknilega eða rekstrarlega séð. Er það sjálfgefið fyrir þá, sem vilja binda trúss sitt við erlenda auðhringa, að vera að hlaða undir þetta félag gagnrýnilaust og án þess að átta sig á því hvernig skynsamlegt er að taka á málum, jafnvel út frá þeirri forsendu að við eigum einhverja hlutdeild í samstarfi við útlendinga? Ég minni á þau orð, sem féllu frá hv. 4. þm. Austurl. hér í gær í umr. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni, hv. þm. Sverrir Hermannsson, að við ættum ekki, Íslendingar, að eiga hlutdeild í orkufrekum iðnaði hér, ekki nema þá í mjög litlum mæli, og við ættum ekki að færast það í fang að standa að atvinnurekstri í krafti okkar orkulinda. Hann benti á það alveg réttilega, að í þessum efnum er grundvallarágreiningur milli mín og hans og hann túlkaði sín orð sem afstöðu Sjálfstfl. í heild sinni í sínu máli. Nú vil ég ekkert um það fullyrða. Ég hef nú vænst þess að Sjálfstfl. í heild væri ekki svo heillum horfinn, og ég held að það væri gagnlegt fyrir hv. 4. þm. Austurl. og fyrir hv. 11. landsk. þm., sem eru í framboði á Austurlandi, að yfirfara áætlun INTEGRAL og kanna það sem þar er á ferðinni og fara aðeins yfir hvað við Íslendingar höfum haft upp úr þessu samstarfi, til hvers þetta samstarf hefur leitt.

Ég mæli þessi orð hér m. a. vegna þess að mér er

legið á hálsi fyrir að vera að draga fram staðreyndir þessa máls. Það er túlkað svo, að ég sé að sverta Alusuisse, telji samstarf við Alusuisse óæskilegt, óalandi og óferjandi og alveg sérstakur hatursáróður talinn búa að baki gagnvart erlendum aðilum. Þessi málflutningur byggir ekki á traustum grunni, en hann er viðhafður. Þannig segir t. d. í leiðara Morgunblaðsins, einum af mörgum einkennilegum leiðurum sem ritaðir hafa verið í það dagblað á undanförnum árum, 26. maí 1982:

„Hugur ráðh. Alþb. stendur ekki til þess að yfirgefa ríkisstj. og fyrir setu sinni þar munu þeir berjast til síðasta manns. En hvað um þá sem sitja með Alþb. í ríkisstj.? Hvaða hag sjá þeir sér í því að binda trúss sitt við þennan tapflokk, sem nú mun grípa til örþrifaráða? [Þetta mun vera að loknum sveitarstjórnarkosningum, herra forseti.] Sé það markmið samstarfsaðila Alþb. í ríkisstj. að draga enn úr áhrifamætti þess og fylgi skal ríkisstj. óskað langra lífdaga. Sé það hins vegar ætlunin að áfram fái Alþb. að beita neitunarvaldi um meiri háttar mál og spilla samskiptum við aðra, eins og Alusuisse, er svo sannarlega tímabært að rjúfa stjórnarsamstarfið."

En við höfum reynslu á mörgum fleiri sviðum í samskiptunum við Alusuisse en í sambandi við raforkuverð og aðra þætti samninga. Þar má minna á reynslu okkar af baráttunni fyrir því að fá viðunandi mengunarvarnir við álverið í Straumsvík, en þar tók það hvorki meira né minna en níu ára baráttu að koma sjálfsögðum leiðréttingum varðandi mengunarvarnir í gagnið.

Í aðsemisútreikningum Alusuisse viðvíkjandi álbræðslunni í Straumsvík var ekki gert ráð fyrir hreinsitækjum vegna loftmengunar og urðu um það verulegar umr. Sérstaklega minnti Alfreð Gíslason læknir, þáv. alþm. Alþb., á hættuna af því að hleypa þessum rekstri af stað með þeim frumstæða hætti sem gert var varðandi mengunarmál. Í aðalsamningnum voru almenn ákvæði um ábyrgð ÍSALs á allri mengun, en ekkert skyldaði fyrirtækið að koma upp sérstökum mengunarvörnum. Samstarfsnefnd iðnrn. og Alusuisse, sem gert var ráð fyrir, átti að kanna mengunarhættuna af álverinu, en hún var sett á laggirnar 1967. Hefur nefndin starfað síðan undir heitinu „flúornefnd."

Frá og með 1971 var farið að ganga meira eftir því en áður að ÍSAL kæmi sér upp mengunarvörnum. Það var gert með stoð í nýrri reglugerð um mengunarvarnir, sem sett var af heilbrrn. 1972 á grundvelli laga um eiturefni frá 1968. Í janúar 1973 var ÍSAL gefinn sex mánaða frestur, eins konar úrslitakostir, til að setja upp hreinsitæki og var því hótað að álbræðslunni yrði lokað að öðrum kosti. Þá fyrst gaf Alusuisse sig, gaf upp andstöðu sína við þetta í orði, og í mars 1973 kom bréf frá ÍSAL þar sem lofað var að setja upp hreinsitæki.

En þetta mál var ekki unnið þar með. Það kostaði áframhaldandi baráttu. Núv. hæstv. forsrh., þáv. iðnrh., átti hlut að því máli að knýja á um efndir á því loforði sem þarna var gefið í marsmánuði 1973. Það tók níu ár að efna þetta loforð að fullu. ÍSAL lét þróa nýja gerð hreinsitækja, sem voru tekin smám saman í notkun á árinu 1979—1982, en samtímis uppsetningu þessara hreinsitækja var annar tækjakostur bræðslunnar endurnýjaður að vissu marki.

Auk umr. um loftmengun var mjög á dagskrá 1970—1975 svonefnt kerbrotamál, hvað gera ætti við ákveðin föst úrgangsefni úr álbræðslunni. Formlega leystist málið með gerð gryfju á sjávarströnd 1975 og var sú lausn þó ekki óumdeild.

Á árinu 1980 fór sem kunnugt er fram í iðnrn. almenn athugun á aðföngum ÍSALs og verðlagningu þeirra. En á árinu 1979 höfðu stjórnarmenn íslenska ríkisins í ÍSAL borið fram kröfur um endurbætur á reikningsfærslu fyrirtækisins. Úr framkomnum gögnum varðandi þessa athugun á aðföngum ÍSALs var síðan unnið á vegum rn. og við þær athuganir kom í ljós mikið misræmi í hagskýrslum í Ástralíu og á Íslandi varðandi verð á súráli, eins og menn rekur minni til, eins og það var skráð út frá Ástralíu og inn til Íslands.

Niðurstöður af þeirri athugun á vegum rn. í Ástralíu voru lagðar fyrir Coopers & Lybrand, endurskoðunarfyrirtækið, um mánaðamótin nóv.-des. 1980, en eftir staðfestingu endurskoðunarfirmans á tölulegum mismun súrálsverðsins samkv. áströlskum hagskýrslum annars vegar og aðflutningsskýrslum ÍSALs hins vegar var málið lagt fyrir ríkisstj. 9. des. 1980.

Á fundi sínum þann 9. des. 1980 ályktaði ríkisstj. af þessu tilefni að óska eftir því við Alusuisse, að það gæfi skýringar á þessum verðmismun sem hlaut heitið „hækkun í hafi", og ennfremur að óska eftir því við Alusuisse að teknar yrðu upp samningaviðræður um endurskoðun gildandi samninga milli Alusuisse og Íslands, einkum með hækkun raforkuverðsins í huga. Iðnrn. fól endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand rannsókn málsins og leitaði jafnframt til annarra erlendra aðila.

Coopers & Lybrand lauk þessari rannsókn sinni með skýrslu um súrálsverð og hækkun í hafi í júlí 1981, þar sem staðfest er stórfellt yfirverð á súráli til ÍSALs á tímabilinu 1975 til miðs árs 1980. Eftir framlagningu þessarar skýrslu um súrálsverðið og ítrekaðar óskir ríkisstj. um samningaviðræður og sérstaka samþykkt á fundi hennar 16. júlí 1981 samþykkti Alusuisse loksins að koma til fundar hér í Reykjavík í byrjun ágúst 1981.

Á þessum fyrsta fundi skiptust menn á skoðunum, en formaður sendinefndar Alusuisse, dr. Weibel, lýsti því þar yfir af hálfu Alusuisse að fyrirtækið væri ekki reiðubúið að ræða raforkuverðshækkun eða annað fyrr en fallið hefði verið frá ásökunum, sem þeir kölluðu svo, um yfirverð á súráli. Það var álviðræðunefndin, sem nýbúið var að setja á fót, sem tók þátt í þessum viðræðufundi fyrir Íslands hönd. Ákveðið var að hittast aftur í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1981.

Það er út af fyrir sig athyglisvert að nefna í þessu sambandi að í sérstakri þingflokkssamþykkt Sjálfstfl. í júlí, líklega 24. júlí 1981, var einmitt tekið á máli með sama hætti og Alusuisse gerði á þessum fyrsta viðræðufundi, þ. e. að ekki skyldi tekin fyrir til umr. raforkuverðshækkun eða önnur endurskoðun samninga fyrr en búið væri að fjalla um ágreiningsefni varðandi aðföng.

Fyrir lá á þessum fyrsta viðræðufundi í ágúst 1981 milli álviðræðunefndar og fulltrúa Alusuisse að iðnrn. hafði óskað eftir endurskoðun ársreiknings ÍSALs 1980 með heimild í aðalsamningi og falið endurskoðendum Coopers & Lybrand það verk. Þar var um að ræða almenna endurskoðun allra þátta ársreikningsins, en ekki aðeins yfirverð á súráli. Á fundinum 4. ágúst var þess krafist af Alusuisse að Coopers & Lybrand lykju þessari endurskoðun samkv. tímamörkum aðalsamnings eða eigi síðar en 1. sept. 1981 og var það samþykkt.

Endurskoðendurnir Coopers & Lybrand gerðu eins

og fyrir þá var lagt og skiluðu endurskoðunarskýrslu sinni 1. sept. 1981. Í þessari skýrslu staðhæfa þeir stórfellt yfirverð á súráli fyrir árið 1980 og einnig á rafskautum. Auk þess töldu þeir að nauðsynlegt hefði verið að leiðrétta ársreikninga í mörgum öðrum greinum. Heildarleiðrétting endurskoðendanna nam 8.6 millj. dollara og hækkuðu þeir hagnað ÍSALs þetta árið, 1980, úr 5.5 millj. dollara í 14.2 millj. dollara.

Í miðjum okt. 1981 bárust boð frá Alusuisse með beiðni um frestun fundar, sem ákveðinn hafði verið 4. og 5. nóv. 1981. Þessu var þegar mótmælt af iðnrn., en að lokum var nýr fundur ákveðinn í byrjun des. 1981. Á þeim fundi tókst ekki að leysa úr skoðanaágreiningi aðila, eins og það var orðað í sameiginlegri fréttatilkynningu eftir fundinn. Í lok fréttatilkynningarinnar segir svo:

„Aðilarnir hafa orðið ásáttir um að leggja þennan skoðanaágreining til hliðar í bili og kanna leiðir til áframhaldandi samstarfs. Í því sambandi hafa fulltrúar ríkisstj. áréttað ályktun ríkisstj. frá 16. júlí 1981 varðandi endurskoðun aðalsamnings og fylgisamninganna. Óskuðu fulltrúarnir eftir svörum Alusuisse við þessari ályktun ekki síðar en hinn 15. jan. 1982 og hefur Alusuisse fallist á þau tilmæli. Verði svör Alusuisse jákvæð munu aðilarnir koma saman til fundar innan þriggja vikna frá þeim tíma."

Þetta var orðrétt tilvitnun í fréttatilkynningu eftir þennan fund í öndverðum des. 1981.

Við þessa niðurstöðu voru bundnar nokkrar vonir, en þær áttu eftir að renna út í sandinn. Sú staðreynd liggur einnig hér ljós fyrir, að allan þennan tíma hefur Alusuisse neitað að veita Coopers & Lybrand aðgang að frumgögnum, m. a. varðandi kostnað við framleiðslu rafskauta, og gaf jafnframt rangar og villandi upplýsingar til að tefja málið. Allt til þessa dags hafa umbeðnar upplýsingar um rafskautin ekki komið og fyrir liggur yfirlýsing Coopers & Lybrand um synjun Alusuisse á beiðni þeirra um þessar upplýsingar. Iðnrn. skrifaði Alusuisse bréf á sínum tíma þar sem þessu framferði er sérstaklega mótmælt.

Hinn 1. febr. 1982 fréttist af því að til Íslands væri kominn sendimaður, dr. Müller að nafni. Hann hafði ekki tekið þátt í viðræðufundum við íslensku álviðræðunefndina, en hann er aðalframkvæmdastjóri framkvæmdanefndar Alusuisse og er orðinn nokkuð kunnugur hér á Íslandi, raunar allt frá árinu 1960 eða 1961 að telja, en hann hefur verið í forustu auðhringsins allan þennan tíma ásamt Meyer sem svo er nefndur. Nú er reyndar búið að afmunstra þá félaga af þeirri skútu fyrir tímann, fyrir áætlaðan starfstíma þeirra, og liggja fyrir því ástæður m. a. sem ég rakti hér áðan um það sem talið er fremur bágt ástand og bágur rekstur Alusuisse á undanförnum árum.

Dr. Müller, sem bar að landi þann 1. febr. 1982, hafði ekki í huga að tala við iðnrn., sem stjórnskipulega séð er þó æðsta stjórnvald í málefnum Alusuisse og íslenska ríkisins. Hann hafði heldur ekki áhuga á því að tala við álviðræðunefnd, þar sem sátu fulltrúar allra stjórnmálaflokka og var hinn formlegi aðili til viðræðna við Alusuisse. En hann hafði pantað viðtal við formenn stjórnarandstöðunnar, þá Geir Hallgrímsson og Kjartan Jóhannsson, og fékk fundi með þeim báðum.

Hann hafði meðferðis í ferð sinni hingað bréf á íslensku og ensku stílað til ríkisstjórnar Íslands, þar sem hann lýsir því yfir fyrir hönd Alusuisse, þvert ofan í sameiginlegu fréttatilkynninguna sem ég vitnaði til áðan, að Alusuisse sé ekki reiðubúið til raunhæfra viðræðna um breytingar á samningum aðila fyrr en deilumálin vegna viðskipta Alusuisse við ÍSAL á undanförnum árum hafi verið leyst.

Dr. Müller óskaði einnig eftir viðtali við Steingrím Hermannsson sjútvrh. og fékk það. Eftir desemberfundinn tekur Alusuisse það sem sagt til bragðs að senda oddvita sinn til þess að tala við öll stjórnmálaöfl í landinu önnur en Alþb. Hér var uppi fáheyrð tilraun til þess að tvístra þjóðinni í mikilvægu máli — tilraun sem fer í bága við venjur siðaðra manna og sem er brot á reglum OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, um afskipti fjölþjóðafyrirtækja af stjórnmálum þess ríkis sem þau starfa í. Það verður að segja í ljósi reynslunnar að sendiferð dr. Müllers til Íslands í febrúarbyrjun 1982 virðist ekki hafa orðið með öllu árangurslaus.

Eftir að þessi heiðursmaður kom hér að landi í þetta skipti hófust fundahöld víða hér í Reykjavíkurborg án þess að nokkrar viðræður færu fram milli Alusuisse og álviðræðunefndar eða við iðnrn. Hinn 8. febr. 1982 náðist þó samkomulag milli formanns álviðræðunefndar, dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar, og dr. Weibel, sem einnig var þarna með í för, um að efnt yrði til þriðja viðræðufundar aðilanna í Kaupmannahöfn 3. og 4. mars 1982. Álviðræðunefndin hóf þegar undirbúning þessa fundar, en þegar sá undirbúningur stóð sem hæst kom skeyti, dags. 24. febr. 1982, frá dr. Weibel þar sem Kaupmannahafnarfundinum er aflýst af hálfu Alusuisse. Þessi framkoma sýndi svo ekki varð um villst að Alusuisse var að tefja málið með þeim ásetningi að kljúfa samstöðu Íslendinga með því að spila á hugsanlegar flokkspólitískar væringar hér innanlands.

Það mætti segja margt fleira frá þeim fundum og viðræðum, leyndum og opinberum, sem fram fóru um þetta mál, til að leiða fram hvað hér var á ferðinni, hvernig auðhringurinn bar sig að til þess að deila og drottna hér á Íslandi þegar á reyndi um íslenska samstöðu.

Þegar þetta var ljóst taldi ég þeim mun brýnna að leggja mig fram um að haldið yrði samstöðu í málinu, þó að það reyndi á þolrifin og tæki tímann.

Tveimur dögum eftir að Alusuisse hafði aflýst boðuðum fundi í Kaupmannahöfn 3. mars 1982, þann 26. febr. 1982, náðist fullt samkomulag um það í nefnd þriggja ráðherra, sem falið var fullt umboð til að ganga frá stefnu ríkisstj. í málinu, þ. e. bæði varðandi markmið og leiðir í deilunni við Alusuisse. Strax daginn eftir eða 27. febr. 1982 sendi ég síðan dr. Müller, formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, skeyti þar sem ég tjáði honum að hinar síendurteknu kröfur um frestun funda og tregða Alusuisse til að koma að samningaborði væri að eyðileggja alla möguleika á friðsamlegri lausn deilumála. Með hliðsjón af því bað ég hann að hitta mig að máli til þess að freista þess að ná samkomulagi um meðferð deilumálanna.

Þessu bið ég hv. alþm. að taka eftir. Alusuisse skellir hurðum á álviðræðunefnd. Það er til þess að reyna að brjóta ísinn og reyna að koma á samningaviðræðum og finna grundvöll til þeirra sem ég kem inn í þessi mál með áskorun til dr. Müllers um að koma til fundar til þess að reyna að þoka málum áfram. Þetta varð svo til

þess að við héldum hér fund í Reykjavík, dr. Müller og ég, með aðstoðarmönnum okkar 25. og 26. mars 1982, en þar á meðal var formaður álviðræðunefndar, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson.

Á fundunum með dr. Müller þessa daga fóru fram ítarlegar umræður um ágreiningsmál stjórnvalda og Alusuisse og rædd var þörf endurskoðunar á gildandi samningum. Í upphafi fundanna kynnti ég ríkisstjórnarsamþykktina frá 26. febr. 1982 um meðferð ágreiningsmála. Ennfremur var lögð fram og kynnt greinargerð um brostnar forsendur rafmagnssamningsins við ÍSAL með rökstuðningi fyrir hækkun raforkuverðsins í 15—20 mill. Rakið var í því minnisblaði að þetta væri eðlilegt rafmagnsverð miðað við þær forsendur sem byggt var á við undirbúning samninganna 1966 og eins og málin voru þá lögð fyrir Alþingi. Á fyrri fundardegi lagði Alusuisse fram drög að samkomulagi milli ríkisstj. og Alusuisse. Síðari fundardaginn eða 26. mars voru lögð fram af minni hálfu drög að samkomulagi og voru bæði drögin rædd. Við lok viðræðnanna 26. mars var ákveðið að hittast aftur um mánaðamótin apríl—maí. Var næsti fundur síðan ákveðinn í Kaupmannahöfn 5. og 6. maí 1982 og staðurinn valinn að beiðni Alusuisse. Síðan var fundarstaðnum breytt og ákveðið að fundurinn yrði haldinn hér í Reykjavík.

Eins og ég tók fram lagði Alusuisse fram drög að samkomulagi á fundinum þann 25. mars 1982, sem síðan var svarað daginn eftir með minnisblaði af Íslands hálfu sem grundvelli að samkomulagi. Með hliðsjón af þeim gögnum og umr. um þau bjóst ég við því fastlega að dr. Müller hefði, þegar hann kom til fundar við mig tæpum sex vikum síðar, hinn 5. maí, rannsakað framlögð gögn og ekki síst gagntilboð okkar að samningsgrundvelli frá 26. mars 1982. Ég bjóst við því að sjálfsögðu að hann legði þar fram ef ekki ný drög að sáttagrundvelli, þá a. m. k. munnleg viðbrögð við framlögðum gögnum síðasta fundar okkar og okkar drögum að samkomulagi. Mér til mikilla vonbrigða komu slík viðbrögð hins vegar engin fram. Það var ekki heldur um nein ákveðin viðbrögð að ræða við þeim kröfum sem settar voru fram á fyrri fundum og settar höfðu verið fram ítrekað gagnvart Alusuisse þá 16 mánuði sem þá voru liðnir frá því að ríkisstj. samþykkti að krefjast viðræðna við Alusuisse.

Þann 6. maí 1982 var síðan sett fram af minni hálfu sáttatilboð. Var þar sett á oddinn krafan um hækkun raforkuverðs a. m. k. í framleiðslukostnaðarverð. Jafnframt var í ákvæðum til bráðabirgða tekið tillit til hins bága ástands, sem ríkjandi var þá á álmörkuðum. Sáttatilboð þetta var sett saman á grundvelli þeirra tveggja samkomulagsdraga sem lögð voru fram af aðilum að fundunum 25. og 26. mars og voru í því ekki nein ný efnisatriði eða neinar nýjar kröfur settar fram. Var sáttatilboð þetta þannig að öllu leyti innan ramma samþykktar ríkisstj. frá 26. febr. 1982. Ég kynnti sáttatilboð þetta ítarlega á fundum með dr. Müller að morgni 6. maí 1982. Eftir um klukkutíma umhugsunartíma neitaði hann tilboði mínu og vildi ekki þiggja frest um svo sem viku tíma til að kynna sáttagrundvöllinn stjórn fyrirtækisins.

Það skal áréttað hér vegna villandi frásagna á opinberum vettvangi að dr. Paul Müller var ekki krafinn svara þá á staðnum. Þvert á móti var honum boðinn rýmilegur frestur til að bera sáttagrundvöll þennan undir stjórn Alusuisse.

Á þessum fundi var rædd ítarleg krafa Íslands um hækkað raforkuverð. Niðurstaða ítarlegrar umr. um þetta mál á fundinum var sú, að dr. Müller hafnaði alfarið að nokkur grundvöllur væri til hækkunar rafmagnsverðsins þá. Í fundarlok þarna 6. maí 1982 hlaut ég að lýsa því yfir, að fyrst Alusuisse gæti ekki eftir rúmlega 16 mánaða samningaumleitanir gefið nein ákveðin svör né komið nokkuð til móts við ítrekaðar og sanngjarnar kröfur íslenskra stjórnvalda, m. a. um hækkað raforkuverð, þyrfti að taka samskiptamálin við félagið til rækilegrar skoðunar og ég áskildi íslenskum stjórnvöldum allan rétt í því sambandi. Jafnframt tók ég allar framkomnar tillögur og sáttahugmyndir, sem fram höfðu verið lagðar af Íslands hálfu á fundunum í mars og maí 1982, út af borðinu.

Jafnframt þessari viðleitni til að fá Alusuisse til raunhæfra samningaviðræðna hélt rannsókn og endurskoðun á skattskyldum tekjum ÍSALs áfram. Þann 7. okt. 1982 lagði Coopers & Lybrand fram endanlegar niðurstöður sínar um yfirverð á forskautum þeim sem Alusuisse seldi ÍSAL á tímabilinu 1975—1981. Endanlegt mat Coopers & Lybrand á yfirverði súráls á sama tímabili hafði hins vegar verið lagt fram 6. júlí 1981. Þar með hafði verið lagður grundvöllur að endurákvörðun skattgreiðslna ÍSALs öll þessi ár frá 1975—1981. Ennfremur er þess að geta, að í júlí 1982 var lokið gerð ítarlegrar skýrslu um raforkuverð til ÍSALs. Niðurstöður þessarar skýrslu, sem prentuð er í heild sinni sem fskj. með 204. máli í Nd. Alþingis um leiðréttingu á raforkuverðinu til ÍSALs — (**Forseti:** Má ég biðja ræðumann um að fresta máli sínu.) Já, ég ætla aðeins að ljúka þessari málsgrein, herra forseti, ef ég má — voru að núgildandi raforkuverð til ÍSALs væri innan við þriðjungur af meðalverði til álvera í heiminum og að eðlilegt væri að gera kröfu um hækkun raforkuverðsins í 15—20 mill á kwst. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Nokkur tími er liðinn síðan ég stóð hér fyrr í kvöld. Heyrt hef ég kvartanir hjá einhverjum hv. þm. sem misst hafa eitthvað úr máli mínu. Ég ætla samt ekkert að fara að endurtaka og vísa til þingtíðinda fyrir þá sem eitthvað hafa misst úr og held áfram máli mínu þar sem frá var horfið.

Ég var að gefa hér nokkurt yfirlit yfir samskiptin við Alusuisse síðustu 2—3 árin og viðleitni til þess að fá fram endurskoðun samninga og leiðréttingu á okkar málum. Ég gat þess síðast að á liðnu sumri lá fyrir mjög vel unnin skýrsla á vegum iðnrn. varðandi raforkuverð til álvera og áliðnaðar, ekki aðeins hérlendis heldur í heiminum öllum. Kem ég að því nánar síðar.

Ég vil hér víkja að því, sem ég held m. a. s. að hafi komið fram í máli hv. 10. þm. Reykv. þegar hann mælti fyrir þessari þáltill. fyrr á þessum degi, að hinn 10. nóv. 1982 barst bréf frá Alusuisse, eftir að þeir höfðu ekki haft neina tilburði til að taka upp þráðinn við íslensk stjórnvöld frá því í maí 1982. Í þessu erindi var lagður fram af þeirra hálfu nýr viðræðugrundvöllur og í framhaldi af þessu bréfi fóru fram tveir viðræðufundir í nóv. og des. s. l. Þar var dr. Paul Müller áfram forustumaður af þeirra hálfu. Kvaðst hann enn á ný ekki geta samþykkt neina hækkun raforkuverðsins. Á hinn bóginn lýsti hann sig nú reiðubúinn til þess að leggja til við stjórn Alusuisse hækkun raforkuverðsins að uppfylltum þremur skilyrðum. Í fyrsta lagi mætti Alusuisse stækka álverið um einn kerskála samkv. nánara samkomulagi. Í öðru lagi mætti Alusuisse taka

inn í ÍSAL nýjan 50% eignaraðila. Og í þriðja lagi yrði kaupskyldan á raforku lækkuð niður í 50%. Þetta var að sjálfsögðu með öllu óaðgengilegt af Íslands hálfu, þegar af þeirri ástæðu að öll samningsstaða hlaut að tapast í málinu við slíkar yfirlýsingar, ef gefnar hefðu verið, af okkar hálfu. En þetta kemur nú kannske ekki heim og saman við þau sjónarmið, sem liggja fyrir í þeirri þáltill. sem hér er til umr., að mati þeirra sem þar standa að máli. Þetta var ekki síður óaðgengilegt að mínu mati vegna þeirrar fullyrðingar Alusuisse sem síðar kom fram, þess efnis að það orkuverð sem ÍSAL greiðir nú sé sambærilegt við raunhæft viðmiðunarverð, eins og þeir orða það, og eigi því ekki að hækka að neinu ráði. Nokkru seinna kom fram í skeyti frá Alusuisse að fyrirtækið gæti hugsað sér að fresta í bili þriðja skilyrði sínu, um kaupskyldu rafmagns.

Hér hefur verið stiklað á stóru um sögu samningamála Íslands og Alusuisse á síðustu tveimur árum. Það er augljóst að Alusuisse hefur mikinn fjárhagslegan ávinning af því að draga samningaviðræður á langinn. Með því að forsendur samninganna við Alusuisse um raforkuverðið eru gersamlega brostnar og verð raforku til almenningsnota af þeim sökum nær óbærilegt, þá er ekkert nærtækara en að íslenska ríkið grípi nú til nauðvarnaraðgerða eins og lagt hefur verið til af okkur Alþb.-mönnum.

Það er hvorki við álviðræðunefnd né íslensk stjórnvöld að sakast að Alusuisse hefur neitað að ganga til viðræðna um hækkun raforkuverðs og endurskoðun á samningum við ÍSAL, þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisstj. sem fyrst voru fram bornar í des. 1980. Því hefur ítrekað verið haldið fram að ég hafi tafið alla samninga, eins og það er orðað, spillt fyrir möguleikum að fá fram úrslit og þar fram eftir götunum. Þessu er haldið fram þó að fulltrúar allra þingflokka hafi með aðild að álviðræðunefnd haft alla möguleika til að fylgjast með framvindu mála fram í des. s. l. og ættu ekki að þurfa að velkjast í vafa um hver hefur tafið endurskoðun á reikningsfærslu fyrri ára hjá ÍSAL og hverjir hafa neitað öllum sanngirniskröfum íslenskra stjórnvalda um endurskoðun samninga og hækkað raforkuverð. Þau skeyti sem Alusuisse hefur sent rn. frá því að fundurinn 6. des. s. l. var haldinn sem svar við ítarlegu sáttatilboði, sem þeim var sent enn á ný 21. des. 1982, færa sönnur á að Alusuisse vill ekki semja við íslensk stjórnvöld um neitt sem leiðréttir í reynd samningana við þá og viðurkennir ekki réttmæti kröfu okkar um hærra raforkuverð, nema við færum þeim þá eitthvað á móti sem þeir meta jafngilt. En slíkt eru ekki samningar sem leiða til hagsbóta fyrir okkur Islendinga. Við þekkjum dæmið frá 1975 sem ég hef hér rakið.

Það liggur fyrir að fjmrn. hefur gert upp skattamál við ÍSAL með því að skuldfæra Íslenska álfélagið um samtals 6 660 000 Bandaríkjadali eða nærfellt 130 millj. ísl. kr. vegna endurákvörðunar á framleiðslugjaldi félagsins 1978 — 1980. Fjmrn. tilkynnti ÍSAL með bréfi 10. febr. s. l. að framleiðslugjald félagsins fyrir árin 1977, 1978 og 1979 hefði verið endurákvarðað. Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. víki að þessu máli ef hann talar hér í þessari umr. Þarna var um að ræða uppgjör, sem byggði á varfærnu endurmati og endurskoðun á verðlagningu aðfanga til Íslenska álfélagsins, verðlagningu sem Alusuisse hafði hagað með tilliti til þess að komast hjá eðlilegum skattgreiðslum til íslenska ríkisins. Það sem gerði það kleift að endurákvarða framleiðslugjaldið aftur í tímann voru gild lögfræðiálit, sem fyrir lágu frá íslenskum lögfræðingum, þ. á m. Benedikt Sigurjónssyni, fyrrv. hæstaréttardómara og Ragnari Aðalsteinssyni hrl. Af íslenskum stjórnvöldum hefur því verið gert upp þetta dæmi, sem varðar vantalinn dulinn hagnað Íslenska álfélagsins, ÍSAL, frá árunum 1967—1980 sem nemur háum upphæðum. Þessi duldi hagnaður var að upphæð 35—36 millj. Bandaríkjadala, þannig að þar er um að ræða upphæð sem nemur á sjöunda hundrað millj. kr. og skatturinn, sem endurákvarðaður var, um 130 millj. ísl. kr. á núverandiútvega gengi.

Við þessa gjörð var stuðst við álit álviðræðunefndar sem sett var fram í bréfi til mín dags. 21. nóv. 1981. Þar segir orðrétt: „Það er skoðun álviðræðunefndar að niðurstöður Coopers & Lybrand séu haldbærasta matið á verðlagningu Alusuisse á þessum mikilvægu hráefnum til ÍSALs með hliðsjón af ákvæðum í grein 27.03 í aðalsamningi um „viðskipti óháðra aðila" og ákvæði í grein 2.03 (c) í aðstoðarsamningi um rekstur, er kveður á um að Alusuisse skuli aðstoða ISAL við að útvega aðföng til álversins á „bestu fáanlegu kjörum".

Ég held að sú niðurstaða sem þarna er fengin sé ekki aðeins á traustum grunni reist, eins og er raunar mat álviðræðunefndarinnar á sínum tíma og þeirra sérfræðinga annarra sem iðnrn. hefur stuðst við í þessu máli, heldur sé hér um nokkuð óvanalegt mál að ræða, að það skuli hafa tekist að sanna, með þeim hætti sem þarna um ræðir, misfellur af þessu tagi hjá fjölþjóðafyrirtæki. Mætti út af fyrir sig margt um þá athugun segja, en hún tók nokkurn tíma sem kunnugt er og hefur nú verið til lykta leidd.

Það er athyglisvert, eins og ég hef raunar þegar vakið athygli á, að í þeirri þáltill. sem hér er til umr. er verið að gera því skóna að það eigi að brjóta upp þessa gjörð íslenskra stjórnvalda, endurákvörðun framleiðslugjalds, þ. e. skatta Íslenska álfélagsins fyrir það eitt að Alusuisse lýsi sig reiðubúið að setjast að samningaborði. Ekki út á nein fyrirheit um leiðréttingu samninga, heldur aðeins fyrir það eitt að setjast að samningaborðinu.

Sú lögfræðilega álitsgerð sem ég vitnaði til um þetta efni kveður á um það sem meginniðurstöðu, að ein af almennum grundvallarreglum skattaréttar, sem orðuð er í íslenskum skattalögum nr. 75 1981, sé að endurákvarða megi skatt á skattaðila, ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum eða eignum, og skiptir þá ekki máli hvort um refsiverða háttsemi er að ræða eða ekki. Í öðru lagi að réttur stjórnvalda til að endurákvarða skattaðila skatt sætir þeim takmörkunum í íslenskum skattalögum að endurákvörðun getur aðeins náð til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára á undan því ári sem endurákvörðunin fer fram. Eðlilegt er því talið að þessi regla eigi við um framleiðslugjald ÍSALs og megi endurákvarða framleiðslugjald vegna ársins 1976 og síðari ára.

Ég held, herra forseti, að það hefðu þótt nokkur tíðindi ef ég hefði staðhæft það, þegar þetta mál var upp tekið hér í desembermánuði á hv. Alþingi 1980, að kleift yrði að gera það upp með þeim hætti sem nú er staðreynd og sanna það með þeim gildu rökum sem fyrir liggja að þarna hafi verið brotnir á okkur samning-

ar með þeim hætti sem hér liggur fyrir varðandi verðlagningu. Ég held að þau orð núverandi formanns Alþfl., sem hann lét falla í þeim umr. í desember, að þær upplýsingar og líkur sem leiddar voru að yfirverði á aðföngum hjá álverinu mættu ekki verða vindhögg, hafi sannast í reynd, að ekki var um það að ræða. Niðurstaða þessa máls hefur orðið með skýrari og skilmerkilegri hætti en ég og raunar flestir aðrir þorðu að gera sér vonir um á þeim tíma, því að ég hafði vissulega fyrirvara á þegar þessi mál voru fyrst tekin hér upp seint á árinu 1980.

Ég vil nú aðeins víkja frá þessum málefnum og að endurskoðun samninga milli íslenskra stjórnvalda og Alusuisse, þar sem hækkun raforkuverðs hefur verið í brennidepli af hálfu íslenskra stjórnvalda, þótt margt komi fleira til.

Ég hef áður vísað til samþykktar ríkisstj. um þetta efni frá því í des. 1980, júlí 1981 og febr. 1982, en meginkrafa ríkisstj. varðandi hækkun raforkuverðs í þessum samþykktum, sem borin hefur verið fram gagnvart Alusuisse bréflega og á viðræðufundum, er um hækkun verðs á raforkunni frá því sem nú er, a. m. k. upp að kostnaðarverði við nýja raforkuöflun, ásamt ákvæðum um óskerta verðtryggingu. Gífurlegt starf hefur verið unnið á vegum iðnrn. og fleiri aðila, t. d. Landsvirkjunar til að renna stoðum undir kröfu okkar um stórhækkað raforkuverð hjá álverinu. Þannig skipaði ég starfshóp í ársbyrjun 1981 til þess að afla gagna og upplýsinga fyrir rn. um atriði er varða raforkuverð til ÍSALs, eins og það verð hefur þróast, og til að taka saman greinargerð fyrir rn. um gögn og röksemdir sem einkum komi að haldi í fyrirhuguðum samningaviðræðum við Alusuisse um hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins.

Starfshópi þessum var í þessu sambandi m. a. ætlað að hafa í huga þróun raforkuverðs í heiminum almennt, framleiðslukostnað á raforku frá nýjum virkjunum hér á landi svo og raforkuverð í nýjum og endurskoðuðum samningum við álfyrirtæki annars staðar í heiminum. Þessi grg. starfshóps rn., sem hann skilaði af sér á s. l. sumri, er slíkt grundvallargagn í þessu máli og sýnir svo ljóslega og ótvírætt réttmæti íslensks málstaðar varðandi kröfuna um allt að þreföldun raforkuverðs til ÍSALs að enginn sem kynnir sér hana getur verið í neinum vafa um málstað okkar. Ég get raunar fullyrt að óvíða muni að finna samandregnar á einn stað upplýsingar um þróun orkuverðs til áliðnaðar í heiminum eins og í niðurstöðum þessa starfshóps, en hann skipuðu: Finnbogi Jónsson deildarstjóri, Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins, Gunnlaugur Jónsson deildarstjóri á Orkustofnun og Jóhann Már Maríusson yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun.

Viðbrögð við niðurstöðum skýrslu þeirra voru líka mjög á eina lund í fjölmiðlum sem um hana fjölluðu. „Orkuverðið er aðalmálið," sagði Dagblaðið—Vísir eða DV réttilega í yfirskrift leiðara 7. sept. s. l. „Orkuverðið verður að hækka," skrifaði ritstjóri Tímans sem fyrirsögn yfir ritstjórnargrein. Og meira að segja Morgunblaðið sá sitt óvænna og kúventi myndarlega í ritstjórnargrein, að vísu undir fyrirsögninni „Óhæfur iðnrh.," en þar sagði m. a.: „Eins og raforkuverðsskýrsla, sem ráðh. lagði fram í vikunni, sýnir eru öll rök því til stuðnings að orkuverðið sé hækkað í 15—20 mill."

Ég vitnaði til þess áðan að það hefði slegið í bakseglin hjá Morgunblaðinu frá því að þessi leiðari var skrifaður og þeir hafi dregið alvarlega í land, en við skulum vona að þeir séu ekki með öllu heillum horfnir og ekki farnir í þá stöðu sem var á árunum 1980 og 1981, þegar það var nánast bannorð að tala um kröfur um leiðréttingu á raforkuverði til ÍSALs. Þessar viðtökur við skýrslu starfshópsins um raforkuverð til álversins voru allar hinar ánægjulegustu því þær sýndu svart á hvítu mikla eindrægni að baki kröfunni um stórhækkað raforkuverð, með allt að þreföldun að markmiði, eins og fram hafði verið sett í samþykkt ríkisstj. m. a. í febr. 1982 og ítrekað hafði verið af mér á viðræðufundum með talsmönnum Alusuisse í mars og maí á árinu 1982. Það gerðust líka þau ánægjulegu tíðindi að Landsvirkjun, sem fékk til umsagnar þessa skýrslu, tók undir hana í meginatriðum í umsögn sem iðnrn. barst 30. sept. 1982. Sagði þar m. a.: „Með samningsendurskoðuninni árið 1975 var brautin því rudd til þess að jafnan megi taka samningana við Alusuisse og ISAL til endurskoðunar, ef samningsforsendur breytast, og að áliti stjórnarinnar eru slíkar aðstæður nú fyrir hendi. Stjórn Landsvirkjunar er því sammála þeirri niðurstöðu skýrslunnar að breyttar forsendur nú gefi tilefni til endurskoðunar rafmagnssamningsins með raforkuverðshækkun fyrir augum." Í grg. sem fylgdi um þetta efni var tekið undir að krafa um tvöföldun til þreföldun á raforkuverðinu væri eðlileg.

Þær till. sem Alþb. hefur borið fram og liggja hér fyrir hv. Alþingi í frv.-formi um leiðréttingu á raforkuverðinu byggja að verulegu leyti á niðurstöðum sem þarna eru samandregnar og undir var tekið af Landsvirkjun. En þar að baki liggja líka ítarleg lögfræðileg álit sem tekin hafa verið saman að beiðni ráðuneytisins.

Í maíbyrjun 1982, þegar allt benti til þess að Alusuisse ætlaði ekki að verða við sanngirniskröfum íslenskra stjórnvalda um hækkað raforkuverð, var ákveðið að leita lögfræðilegrar álitsgerðar, bæði innanlands og utan, um rétt okkar Íslendinga til að leiðrétta samningana t. d. með löggjöf. Leitað var til Þorgeirs Örlygssonar lögfræðings, fulltrúa yfirborgardómara til að rita greinargerð um íslenskan rétt og rétt annarra norrænna þjóða að þessu leyti. Leitað var til hans m. a. vegna þess að hann hefur aflað sér framhaldsmenntunar í alþjóðarétti við Harvard Law School í Bandaríkjunum, þar sem hann kynnti sér m. a. samninga milli fjölþjóðafyrirtækja og ríkisstjórna um fjárfestingu í náttúruauðlindum.

Greinargerð Þorgeirs Örlygssonar er að finna sem fylgiskjal með frv. til laga um leiðréttingu á raforkuverði til Íslenska álfélagsins, sem liggur hér fyrir hv. Alþingi. Meginniðurstöður hans, sem skipta máli í því samhengi, eru að ætla verði að Alþingi geti leiðrétt orkuverðið í samningi ÍSALs og Landsvirkjunar, ef það er mat löggjafans að forsendur verðákvæðisins séu brostnar.

Það mætti vitna í marga þætti í þessari lögfræðilegu álitsgerð Þorgeirs Örlygssonar. Vísa ég um það til umræddds fylgiskjals sem er að finna með 204. þingmáli. En ef ástæða þykir til síðar í þessari umr. að taka á þeim málum, þá er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að vitna í kjarna þessarar mjög svo fróðlegu og vönduðu greinargerðar þessa virta íslenska fræðimanns.

Auk Þorgeirs Örlygssonar var leitað til bandaríska

lögmannsins Charles J. Lipton er starfar í New York. Hann er jafnframt prófessor í alþjóðarétti við háskólann í New York og fjallar í starfi sínu sem prófessor um samninga milli erlendra fjárfestingaraðila og ríkisstjórna um langtímanýtingu á auðlindum ríkja. Charles Lipton er og hefur verið ráðgjafi fjölmargra ríkja og alþjóðastofnana á þessu sviði. Hann er einn af lögfræðiráðunautum Center on Transnational Corporations sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Meginniðurstaðan í greinargerð Liptons er sú, að það sé nú viðurkennd grunnregla í rétti flestra þjóða að reglan um helgi samninga og óbreytanleika verði að víkja, þegar aðstæður breytast verulega frá því sem séð var fyrir við samningsgerð, og eigi þetta einkum við í samningum til langs tíma um nýtingu náttúruauðlinda.

Ég vil nefna hér nokkur atriði í greinargerð Charles Lipton sem miklu máli skipta. Í fyrsta lagi segir hann m. a.: „Reglan um að samninga beri að halda (pacta sunt servanda) er vissulega sameiginleg með flestum siðmenntuðum þjóðum og grundvallarregla í alþjóðlegum lögum um samninga. Hins vegar er það viðurkennt í rétti flestra ríkja að regla þessi er ekki ófrávíkjanleg.

Í samræmi við þetta hafa þróast reglur, sem til þess eru sniðnar að leysa aðila undan skyldu samkvæmt samningi, ef ófyrirsjáanlegar aðstæður breyta þeim grundvallarforsendum sem samningurinn var reistur á."

Hann segir einnig: „Í rétti allra helstu ríkja á meginlandi Evrópu eru ákvæði, sem milda hin ósveigjanlegu ákvæði reglnanna um að samninga skuli halda, þegar kringumstæður hafa lagt svo yfirþyrmandi byrðar á skuldara að hann hefur náð því marki sem hinn þýski fræðimaður Heck hefur kallað takmörk fórnarinnar" eða „Opfergrenze", eins og það heitir á þýsku.

Í greinargerð Charles Liptons er ennfremur vikið að svissneskum rétti. Í því sambandi vitnar hann til svissneska fræðimannsins A. von Thur, sem segir svo í kennslubók um kröfurétt: „Það er viðurkennt að meginreglan „pacta sunt servanda" sé takmörkuð af því meginsjónarmiði, sem meira má sín, um sanngirni. Það er ennfremur ósanngjarnt að krefjast efnda af skuldara ef kringumstæður hafa breyst þannig að skuldari fái sem gagngreiðslu annaðhvort ekki neitt eða einungis gagngreiðslu sem er hlægileg í sambandi við efndir hans. Honum er heimilt í samræmi við þetta að ógilda samninginn ef gagnaðili fellst ekki á sanngjarna lausn."

Um breytingu réttarreglna fyrir alþjóðlegum gerðardómi segir í greinargerð Liptons: „Menn, sem setið hafa í gerðardómum á alþjóðlegum vettangi, hafa einnig viðurkennt mikilvægi þess að viðhalda — og ef nauðsyn krefur koma á að nýju — jafnvægi með efndum aðila að alþjóðlegum samningi."

Og um sérstöðu samninga varðandi náttúruauðlindir segir hann í greinargerð sinni: „Um samkomulag þar sem um er að ræða náttúruauðlindir landa gegnir sérstöku máli og réttur ríkis til þess að taka í sínar hendur „algera og virka" stjórn á framtíðarnotkun náttúruauðlinda sinna er viðurkenndur í hinni þýðingarmiklu ályktun Sameinuðu þjóðanna um ævarandi fullveldi yfir náttúruauðlindum, samþykktri af Allsherjarþinginu 1962.

Reglan um ævarandi fullveldi felur í sér að viðurkennt er að einstaklingsbundnir hagsmunir verða að víkja fyrir hagsmunum þjóðarheildarinnar. Reglan hefur verið styrkt af síðari ályktunum Sameinuðu þjóðanna, þ. á m. yfirlýsingu um nýskipan efnahagsmála í heiminum frá 1974 og stofnskrá um efnahagslegan rétt og skyldur ríkja frá sama ári. Að þessu leyti er vatnsorka náttúruauðlind engu síður en jarðefni og fiskveiðar. Þjóðarhagsmunir og fullveldi ríkis verða því að sitja í fyrirrúmi," segir hann.

Þá er rétt að minna á þau lögfræðilegu rök um brostnar forsendur og breyttar aðstæður sem lágu til grundvallar ályktun Alþingis, sem samþykkt var 15. febr. 1972, um landhelgismál, en markmiðið með þeirri ályktun og frv. því sem Alþb. hefur flutt um þessi efni eru þau sömu, þ. e. að tryggja Íslendingum réttlátan arð af auðlindum þjóðarinnar. Í þessari ályktun Alþingis var vísað til lífshagsmuna þjóðarinnar og breyttra aðstæðna og því gætu Íslendingar ekki verið bundnir af ákvæðum landhelgissamningsins við Breta og Vestur-Þýskaland frá árinu 1961. Á sama hátt höfum við Alþb.-menn lagt til að framkvæmd verði leiðrétting samninga er varða verulega þjóðarhagsmuni. Alþingi er að okkar mati ekki einasta rétt, heldur skylt að framkvæma þá leiðréttingu ef hv. þm. telja forsendur brostnar fyrir samningunum. Æskilegast hefði verið að fá fram leiðréttingu með samningum. En þar sem Alusuisse hefur sýnt nánast einstæða óbilgirni og neitað að koma til móts við sanngirniskröfur af Íslands hálfu, þá er það mat okkar að nauðsynlegt sé að nú þegar komi til framkvæmda sú bráðabirgðaleiðrétting sem við höfum lagt til í frv. okkar um leiðréttingu á orkuverðinu til Íslenska álfélagsins.

Rétt er að geta þess, vegna þess að ýmsir hafa dregið í efa að hér sé verið að fara inn á brautir sem séu verjanlegar, að fjölmargir samningar um svipuð efni hafa verið leiðréttir. Á grundvelli meginreglna um fullveldi yfir náttúruauðlindum hafa fjölmargir langtímasamningar milli ríkisstjórna og erlendra fjárfestingaraðila um nýtingu náttúruauðlinda verið endurskoðaðir, í vissum tilvikum einhliða með löggjöf eða á annan hátt. Ennfremur er rétt að minna á að samkv. ofangreindum meginreglum er það ekki einasta réttur, heldur skylda ríkisstjórna að beita fullveldisrétti ríkis til að tryggja þegnunum réttláta hlutdeild í arði af nýtingu náttúruauðlindanna. Með hliðsjón af því að Alusuisse hefur neitað að taka upp raunhæfar viðræður við íslensk stjórnvöld um leiðréttingu orkuverðsákvæða samninganna er eðlilegt að lagt sé til að tryggt verði með löggjöf að hlutdeild þjóðarinnar rýrni ekki frá því sem fyrirhugað var 1966 er samningarnir voru gerðir. Og það er einmitt ástæða til að leggja á það áherslu að þær till. um leiðréttingu sem við berum fram ganga ekki lengra en það að leiðrétta þær forsendur sem gengið var út frá í samningunum á sjöunda áratugnum, þegar samið var fyrst við Alusuisse um álver í Straumsvík.

Verð á raforku til álbræðslunnar var upphaflega 3 mill á kwst. og hélst óbreytt til 1976, en það ár nam það 3.80 millum á kwst. og smáhækkaði síðan í 6.45 mill 1980, en hefur haldist óbreytt síðan.

Það er vert að gefa því gaum, að árið 1969 var hlutfall orkuverðs til álbræðslunnar í Straumsvík u. þ. b. 55% af heildsöluverði Landsvirkjunar til almenningsrafveitna. Hlutfall þetta lækkaði síðan í u. þ. b. 20% árið 1975, hækkaði við endurskoðun samninga í u. þ. b. 28% á árinu 1976, hækkaði í u. þ. b. 34% árið 1978 en hefur síðan farið lækkandi sem hlutfall af verðinu til

almenningsveitna. Þannig var verðið til álbræðslunnar á árinu 1981 u. þ. b. 24.5% að meðalverði til almenningsveitna, en aðeins um 20% í árslok 1982.

Verð á raforku frá Landsvirkjun til álversins hefur einnig lækkað sem hlutfall af skráðu verði á áli, úr 8%, sem það var þegar bræðslan hóf rekstur árið 1969, í 5.9% 1981. Annars staðar hefur þetta kostnaðarhlutfall ekki lækkað heldur hækkað úr 5—10% í 20—25% á sama tíma og það er hér tæp 6% af framleiðslukostnaðarverði á áli. Þá er rafmagnsverðið nú aðeins um 79% af upprunalegu verði eins og það var 1969 ef miðað er við heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum. Sé hins vegar miðað við byggingarvísitölu á Íslandi, sem er kannske eðlilegri mælikvarði, er raforkuverðið nú aðeins u. þ. b. helmingur af upphaflegu raunvirði, þ. e. það hefur lækkað um helming að raungildi frá því að álbræðslan tók til starfa 1969. Tvöföldun raforkuverðsins nú, sem við höfum lagt til að nái fram að ganga strax með leiðréttingu og lögum, gerði því ekki annað en að færa verðið að því marki sem það var þegar álbræðslan tók til starfa.

Til að vega á móti greiðsluhalla Landsvirkjunar á árinu 1982 og áætluðum halla 1983 samanlagt telur Landsvirkjun nauðsynlegt að hækka orkuverð til almenningsveitna enn um 125.9% á tímabilinu 1. febr. til 1. nóv. 1983. Hefur fyrsta hækkunin raunar þegar tekið gildi, 29% hækkun frá 1. febr. s. l. Miðað við slíka hækkun og gengisforsendur Landsvirkjunar mun orkuverð til almenningsveitna í árslok 1983 samsvara 45.6 millum á kwst., sem er sjö sinnum hærra en núgildandi verð til ÍSALs. Þar eð ÍSAL hefur keypt nálægt 50% af seldri orku frá Landsvirkjun undanfarin ár er ljóst að orkuverð til ÍSALs getur ráðið úrslitum og ræður afar miklu um afkomu Landsvirkjunar og þar með hækkunum á verði til almenningsveitna. Ef orkuverð til ÍSALs hefði hækkað í 12.5 mill á kwst. frá og með 1. jan. 1983, eins og lagt er til í till. okkar Alþb.-manna, hefðu áætlaðar tekjur Landsvirkjunar aukist um nálægt 180 millj. kr. á árinu. Þessi tekjuaukning mundi lækka áætlaðan heildargreiðsluhalla Landsvirkjunar fyrir 1982 og 1983 um 38%. Þar með mundi áætluð þörf á hækkun orkuverðs til almenningsveitna á tímabilinu frá 1. febr. í ár til ársloka þessa árs lækka úr 126% tæpum í 51.3%. Til viðbótar þeirri hækkun til almenningsveitna sem þegar er komin til framkvæmda, um 29% 1. febr., þyrfti þá aðeins að koma til 17.3% hækkun 1. maí n. k. og síðan ekki neitt meira á þessu ári. Frekari hækkana væri þá ekki þörf til að jafna greiðslustöðu Landsvirkjunar, og raunar þykir flestum nóg komið af verðhækkunum til almenningsveitna að undanförnu, svo sem ekki er að undra.

Á það ber líka að líta, að hlutdeild Landsvirkjunar í erlendum skuldum og greiðslubyrði þjóðarinnar er mikil. Í árslok 1981 námu erlendar skuldir Landsvirkjunar til langs tíma um 28% allra slíkra skulda landsmanna. Upplýsingar um þetta hlutfall í árslok 1982 liggja ekki fyrir, svo mér sér kunnugt, en ósennilegt er að það hafi lækkað. Frekar eru líkar á að þetta hlutfall hafi hækkað. Mikinn hluta þessara erlendu skulda má rekja til hins lága raforkuverðs sem ÍSAL hefur greitt Landsvirkjun. Það varpar nokkru ljósi á stærðir í þessu samhengi að hækkun raforkuverðs til ISALs í 12.5 mill, þó ekki væri reiknað með að hún væri nema næstu þrjú ár, mundi nægja til að lækka erlendar skuldir Landsvirkjunar til langs tíma um því sem næst 40% og erlendar skuldir þjóðarinnar í heild um 11%.

Í skýrslu fyrrnefnds starfshóps til iðnrn., sem vitnað var til áðan, eru meginniðurstöður þær, að eðlilegt sé að raforkuverðið til ÍSALs hækki í 15—20 mill á kwst. miðað við verðlag sumarið 1982, þ. e. um það bil þrefaldist. Það væri áhugavert að rifja upp helstu niðurstöður í þessari skýrslu, sem ég gat um að hefði að geyma nánast fullkomnustu upplýsingar sem liggja fyrir um þetta efni a. m. k. á Norðurlöndum, því að þangað höfum við leitað fanga auk þess sem leitað hefur verið allmiklu víðar.

Þar kemur fram m. a. að þegar álsamningarnir voru gerðir var olíuverð mjög lágt og talið að almennt orkuverð í heiminum mundi fara lækkandi á næstu árum og áratugum, m. a. vegna tilkomu kjarnorkustöðva. Verð á hráolíu er nú um það bil 30 sinnum hærra en 1966 og framleiðslukostnaður raforku frá kjarnorkuverum hefur reynst miklu hærri en talið var.

Á árunum 1964—1965 var algengt raforkuverð til álvera í heiminum um og innan við 3 mill á kwst. Með hliðsjón af því féllust íslensk stjórnvöld m. a. á að ÍSAL greiddi að meðaltali rúmlega 2.5 mill á kwst. á samningstímanum. Á árinu 1981 var hins vegar meðalraforkuverð til álvera í heiminum rúmlega 22 mill á kwst. Samkv. fyrri forsendum ætti raforkuverð til ÍSALs því að vera rúmlega 18 mill á kwst.

Í samningaviðræðum og ákvörðunum um raforkuverð hefur ætíð verið tekið sérstakt mið af raforkuverði til álvera í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Frá því 1974 hefur raforkuverð til álvera í Bandaríkjunum fimmfaldast og er nú að meðaltali um 22 mill á kwst.

Yfir 95% af framleiðslu ÍSALs eru seld til Vestur-Evrópu. Þegar álsamningarnir voru gerðir á sínum tíma var fallist á það sjónarmið Alusuisse, að raforkuverðið til ÍSALs þyrfti að vera lægra hér á landi vegna þess að greiða þyrfti tolla af áli sem selt yrði til helstu álmarkaða í Vestur-Evrópu. Þessir tollar hafa nú verið felldir niður. Eina óhagræðið af staðsetningu álvers hér á landi felst því í lítið eitt hærri flutningskostnaði en hjá álverum sem staðsett eru í Vestur-Evrópu. Að mati starfshóps iðnrn. má meta þetta óhagræði á um 2 mill á kwst., en til samanburðar má nefna að meðalorkuverð til álvera í Evrópu er um 21 mill á kwst., ef ÍSAL er undanskilið.

Alusuisse á eignaraðild að 13 álverksmiðjum í 8 löndum. Meðalorkuverð til þessara álverksmiðja er 20 mill á kwst. Lægsta orkuverðið er hjá ÍSAL, 6.5 mill, en hæst er verðið í Þýskalandi og Bandaríkjunum, um og yfir 30 mill á kwst. Þetta hefur raunar verið staðfest af framkvæmdastjóra ÍSALs, Ragnari Halldórssyni. Telur hann að jafnvel þótt tekið sé tillit til samdráttar í þeim álverum í eigu Alusuisse sem hæstan raforkukostnað bera, þá sé meðalverðið í þeim álverum sem nú eru í rekstri hjá félaginu 17—18 mill á kwst.

Að mati starfshóps iðnrn. er munur á raforkuverði til almenningsveitna og stóriðju orðinn óeðlilega mikill. Miðað við eðlilega kostnaðarskiptingu telja þeir raunhæft að reikna með því að stóriðja greiði orkuverð sem nemur a. m. k. 65% af verði til almenningsveitna. Samkv. því ætti ÍSAL að greiða nú um 20 mill á kwst.

Samkeppnisstaða Íslands í álframleiðslu er góð með hliðsjón af legu landsins og mörkuðum austan hafs og vestan. Því má telja að samkeppnisfært raforkuverð til

áliðnaðar hér á landi sé um 20 mill á kwst.

Að öllu samanlögðu telur starfshópurinn, þar sem sátu þessir fjórir valinkunnu menn, að gjörbreyttar forsendur frá því að raforkusamningurinn var gerður 1966 og eftir endurskoðun hans 1975 réttlæti kröfur um að raforkuverðið til ÍSALs hækki í 15—20 mill á kwst. miðað við verðlag 1982. Starfshópur þessi telur jafnframt að orkuverðið þurfi að vera að fullu verðtryggt á samningstímanum og kæmi til greina að þeirra mati að miða verðtrygginguna að hálfu við verðþróun á áli og að hálfu við gjaldskrá Landsvirkjunar.

Ég hef áður, herra forseti, vitnað til umsagnar stjórnar Landsvirkjunar um þessa grg., þar sem tekið var í öllum meginatriðum undir það sem fram kom í niðurstöðum þessa starfshóps ráðuneytisins og að raunhæft virðist að fara fram á 2—3 földun á núverandi orkuverði til ÍSALs. Þær till. sem við Alþb.-menn höfum flutt á hv. Alþingi um leiðréttingu á raforkuverðinu eru því studdar hinum gildustu rökum. Má heita mikið langlundargeð þeirra hv. alþm. sem ekki vilja undir þessar till. taka, en leggja þess í stað til ekki aðeins að halda áfram samningaþófi við Alusuisse, án þess að þar hafi verið sýndur hinn minnsti samkomulagsvilji af þeirra hálfu, heldur að taka undir gagnkröfur auðhringsins um viðbótarhagsbætur sér til handa til þess eins að fá þá til að setjast að samningaborði, í fullkominni óvissu um niðurstöður slíkra viðræðna.

Meginniðurstöður grg. með því frv. sem ég hef vitnað til og við sjö Alþb.-menn í Nd. Alþingis stöndum að eru þessar:

1. Íslenskar réttarreglur eru því ekki í vegi, að leiðrétting á verðákvæðum í langtímasamningum geti verið lögmæt.

2. Skilyrði þess eru að upphaflegar forsendur standist ekki eða verulegar breytingar verði á öðrum sviðum.

3. Forsendur rafmagnssamnings aðila um verð fyrir orku eru löngu brostnar og ekki tókst að leiðrétta þær árið 1975, er samningnum var breytt. Þá hafa aðstæður á þessu sviði gjörbreyst bæði hér og annars staðar.

4. Heimilt er samkv. íslenskum rétti að setja almenn lög, sem hafa í för með sér breytingar á raforkuverði til ÍSALs, enda sé sú breyting innan hæfilegra marka miðað við upphaflegar forsendur og breyttar aðstæður.

Herra forseti. Ég hef hér farið yfir samskipti íslenskra stjórnvalda og Alusuisse í hnitmiðuðu máli. Hér hafa aðeins verið dregin fram nokkur meginatriði þessa máls og er fjölmargt, sem miklu skiptir, ótalið og ég mun koma að því hér, ef ástæða verður til, síðar í þessari umr. Rakið hefur verið hvernig mál hafa þróast, svo að forsendur raforkuverðsins til ISALs eru nú brostnar, og farið yfir nokkur lagarök, sem sýna að eðlilegast væri að Alþingi tæki afstöðu til þessa máls á grundvelli þess frv. til laga sem liggur nú fyrir hv. Nd. Alþingis. Það er augljóst að Alusuisse hefur mikinn fjárhagslegan ávinning af að draga samningaviðræður á langinn. Með því að forsendur samninganna við fyrirtækið um raforkuverðið eru gersamlega brostnar og verð raforku til almenningsnota af þeim sökum nær óbærilegt ætti ríkið nú að grípa til nauðvarnaraðgerða, eins og við höfum lagt til.

Frv. okkar um leiðréttingu á raforkuverðinu miðar að þrennu. Í fyrsta lagi að raforkuverðið til álversins sé hækkað hóflega með einhliða lagaboði af hálfu Alþingis við þær aðstæður, að samningsforsendur núverandi orkuverðs eru brostnar. Í öðru lagi er Alusuisse boðið upp á samningaviðræður um raunhæft raforkuverð með því að hækkun sú, sem gerð yrði með því frv. ef að lögum yrði, mundi standa óbreytt til ársloka 1983. Í þriðja lagi gerir það frv. ráð fyrir að náist ekki samningar milli aðila, sem báðir mega við una, hljóti íslenska ríkið að ákveða með löggjöf raforkuverðið til frambúðar í samræmi við það verð sem aðrir raforkunotendur í landinu greiða fyrir raforkuna.

Það væri, herra forseti, ástæða til að draga hér upp samanburð á því raforkuverði sem almenningur í landinu þarf að greiða og íslenskur atvinnurekstur, þ. á m. frystiiðnaðurinn, en ég þykist vita að hv. alþm. þekki þær tölur hver úr sínum heimahögum, hafi heyrt þær frá því fólki sem verður að standa undir þeim miklu byrðum sem þar eru á lagðar og felast í skattgreiðslum til þess erlenda fyrirtækis sem haft hefur starfrækslu í landinu frá því 1969 og hefur fleytt rjómann ofan af þeim arði sem fengist hefur frá okkar hagstæðasta virkjunarkosti, Búrfellsvirkjun.

Ég er ekkert feiminn við það að bornar séu saman okkar till. og okkar störf og sú þáltill. sem hér er til umr. í Sþ. Ég held að allir sanngjarnir menn, sem á þessi mál líta, hljóti að fallast á það að sá málatilbúnaður, sem þar er uppi hafður af hv. 6. þm. Suðurl. Eggert Haukdal og hans förunautum úr atvmn. Sþ., er ekki aðeins til þess fallinn að ljá andstæðingum okkar vopn upp í hendur, heldur er hann stórskaðlegur fyrir okkar málstað. Það eitt, að þessi till. hefur verið flutt hér á hv. Alþingi, hefur valdið okkur tjóni. Eg tala nú ekki um ef það gerðist, að Alþingi ætlaði að fara að skrifa upp á þann tillöguflutning sem þar er fram borinn.

Ég vænti þess, herra forseti, að til þess komi ekki. Ég minnti á það í upphafi míns máls fyrr í þessari umr., að flutningur þáltill. breytir ekki þeim lögum sem í gildi eru og því forræði iðnrn. og iðnrh. sem honum ber samkv. stjórnskipunarlögum og samkv. lögum um Stjórnarráð Íslands. Og ég fullvissa menn um það, að á meðan ég fæ komið að þessu máli mun ég ekki standa að því að farið verði að veita þessum auðhring í forgjöf hagsbætur til viðbótar við það sem orðið er. Ég treysti því, að hv. alþm., sem staðið hafa að þessum tillöguflutningi hér, sjái að sér, endurskoði þann tillöguflutning og málabúnað sem þeir hafa að staðið og fylki sér um íslenskan málstað í þessu efni.

Við höfum að vísu mátt lesa það í einu dagblaði, sem telur sig fjöllesnasta blað í landinu, að þörf sé á þjóðarsamstöðu gegn mér, eins og það er orðað í leiðara 5. mars s. l. Ég held að þeir aðilar sem þar halda á penna og þeir sem reyna nú að hafa í frammi málabúnað af þessu tagi ættu að snúa sér að því, sem nærtækara er, að reyna að skapa hér á hv. Alþingi og meðal þjóðarinnar samstöðu um þá hagsmuni sem um er að tefla, samstöðu um að ná rétti okkar gegn því fyrirtæki sem hér hefur starfað og sem við höfum viljað semja við og erum reiðubúnir að semja við, ef málsvarar þess sýna að þeir séu reiðubúnir að koma til móts við okkar sanngirniskröfur. Við höfum þegar afhent þeim nægar hagsbætur til þessa. Á það er ekki bætandi.

Af þessu taka tillögur okkar Alþb.-manna mið. Við munum berjast fyrir þeim og við munum kynna þær þjóðinni í komandi kosningum. Þar reynir á afstöðu í þessu máli og ég held að það væri vænlegra fyrir þá, sem

standa að þeirri þáltill. sem hér er til umr., að endurskoða sitt mál og koma fram fyrir hv. kjósendur innan nokkurra vikna með annað vegarnesti en felst í þeirri þáltill. sem hér er rædd.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég taldi að hv. 3. þm. Austurl. hefði hugsað sér að tala í þessu máli. Hann er a. m. k. skrifaður í mælendaskrána. Hann er kannske hrokkinn heim og treystist ekki til að gera grein fyrir máli sínu. Þó hefur hann í rauninni meiri skyldur við þingheim en aðrir í þessu efni, þar sem hann er varaformaður Framsfl., og ég vænti þess, að hæstv. forseti geti látið kanna hvort þessi þm. vill nota rétt sinn til að tala. Ég hafði hugsað mér að það gæti verið fróðlegt fyrir þingheim að kynnast því, hvernig Framsfl. ætlar að rökstyðja að hann verði viðhengi við stjórnarandstöðuna í þessu máli og myndi eins konar nýjan meiri hl., álmeirihluta í þinginu, þar sem fara fremst þeir álbarónar sem bera ábyrgð á þessari till. Ég hefði því viljað stíga úr stólnum núna, ef ég mætti með leyfi hæstv. forseta fá að koma næstur á eftir hv. 3. þm. Austurl., ef hann vildi gera grein fyrir afstöðu Framsfl. í þessu máli, því að ég tel að það sé mjög brýnt að frétta af afstöðu þess flokks. (**Forseti:** Hv. 3. þm. Austurl. hafði kvatt sér hljóðs.) (**HÁ:** Ég fell frá orðinu.) (**Forseti:** Hann fellur frá orðinu.)

Herra forseti. Þetta er nú óþarfa lítillæti af hv. þm. Það er allt í lagi fyrir hann að stíga í ræðustól þó að ég hafi verið næst á undan honum. Það er nokkuð sérkennilegt að hann skuli kjósa að tala ekki strax í málinu, miðað við að Framsfl. skuldar þingheimi alveg sérstakar skýringar á því, að hann hefur myndað hér þennan nýja álmeirihluta á Alþingi. Það hafa engar skýringar komið fram af hálfu Framsfl. í því efni hvernig á því stendur að hann ætlar að mynda þennan nýja álmeirihluta. Það hafa engin rök verið flutt af þeirra hálfu fyrir utan þær ræður sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson flutti hérna fyrir nokkrum mánuðum og flestir eru nú búnir að gleyma fyrir löngu sem betur fer. En það væri fróðlegt að fá svar við ýmsum spurningum hér frá þeim hv. framsóknarmönnum eða þá öðrum flm. till., eins og hv. þm. Eggert Haukdal sem situr nú hér samviskusamlega eins og flm. ber að gera. Hins vegar sýnist mér að þar séu farnir af hólmi ýmsir aðrir flm., sem hefði verið fróðlegt að eiga orðastað við. Það hefði t. d. verið fróðlegt að fá að frétta af því hvað Framsóknarflokkurinn segir um það, hver á að vera formaður að þeirra mati í nefnd sem þeir leggja til að kosin verði á þskj. 467. Hvaða maður er það sem á að vera sameiningartákn álmeirihlutans? Hver er það sem á að bera uppi hið djarfa flagg uppgjafarinnar fyrir Alusuisse? Hver er það? Hver er þessi einingarleiðtogi þeirra álmanna, liggur það fyrir hver það eigi að vera? Það væri fróðlegt að fá að vita hver sá mæti maður er og hvernig hann er til kominn. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. flm. um það, vegna þess að þeir hljóta að hafa komið sér saman um það nú þegar, hver eigi að vera formaður í þessari nefnd. Þeir hljóta að vera búnir að koma sér saman um það úr því að þeir á annað borð runnu saman um þessa undarlegu till. sem hér liggur fyrir.

Ég hefði haldið að það væri einnig ástæða fyrir Framsóknarflokkinn til þess að skýra það hér á Alþingi hvernig á því stendur að hann ætlar að gefa álhringnum stækkun álversins í forgjöf í samningum, mér sýnist að þessi auðhringur, Swiss Aluminium, Alusuisse, hafi ekki leikið Íslendinga þannig að það sé ástæða til þess að traktera hann alveg sérstaklega með þeim hætti sem álflokkarnir þrír leggja hér nú til. Þeir leggja það til að það verði fallist á meginskilyrði Alusuisse um að þeir fái stækkun verksmiðjunnar í forgjöf — og er það nú skynsamlegt fyrir Alþingi Íslendinga að gera ályktun um slíkt, jafnvel þó einhverjum kynni að koma það í hug? Ég hygg að það hafi aldrei fyrr gerst í samningum við auðhringa af þessu tagi, að heil löggjafarsamkoma sé upptekin við það klukkutímum eða sólarhringum saman að ræða hvað eigi að gera fyrir þessa aðila og jafnvel að fyrir liggi tillaga, sem hefur stuðning að því er virðist meiri hl. þingsins, um að þetta fyrirtæki eigi að fá stækkun álversins í forgjöf. Þetta eru ekki skynsamleg samningavinnubrögð og það er niðurlægjandi fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar að meiri hl. hennar skuli láta sér detta í hug að leggja hér fram og samþykkja með ofbeldi till. að því tagi sem hér liggur fyrir. Ég segi samþykkja með ofbeldi, þegar það er reynt að knýja svo fast á um það, að það eru haldnir hér næturfundir um málið, haft í hótunum við þingmenn út af þessu máli, og er vandséð hvaða íslenskum hagsmunum þessir hv. þm. — Eggert Haukdal og félagar — eru að þjóna með því að gera þessa till. hér á hv. Alþingi. Hérna er auðvitað um að ræða svo einstök þjónustubrögð við útlendan auðhring að ég vona að þess séu enginn önnur dæmi að á þjóðþingi fullvalda ríkis standi það til að bjóða útlendum auðhring, sem hefur leikið landsmenn jafngrátt í þessum viðskiptum og þessi, sérstaklega og vinsamlegast stækkun fyrirtækis síns í forgjöf í samningum. Hér er auðvitað um að ræða þvílík tíðindi, þvílík stórmerki, að sjálfsagt hefur enginn þeirra, sem stóð að flutningi álmálsins á sínum tíma, látið sér detta það í hug, að eftir aðeins örfá ár — einn og hálfan áratug frá umr. um álverið — kæmi upp hugsanlegur meiri hl. á Alþingi af þessum toga. Hvílík endemi eru það í rauninni að menn skuli láta sér detta slíkt í hug og láta sér koma til hugar að knýja það fram á Alþingi með þessum hætti! Er þar verið að þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar? Er þar verið að þjóna hagsmunum þeirra Íslendinga sem búa nú við dýra raforkureikninga? Hverjum er hér verið að þjóna? Af hverju eru menn að láta sig hafa það að ganga í þetta skítverk fyrir þennan hring?

Ég leyfi mér að vona að í hópi flm. séu menn sem standa að þessari till. vegna þess að þeir vissu ekki hvað þeir voru að gera og þar af leiðandi fyrirgefist þeim, eins og segir frá í gamalli bók sem við allir höfum lesið og öll vel og vandlega vonandi. Ég vona að þessir hv. flm. átti sig á því þó síðar verði hvaða athæfi er hér á ferðinni og þeir sjái þess vegna sóma sinn í því, áður en lengra er haldið í þessum umr., að draga till. til baka. Slík till. er smánarmerki og hlýtur að koma við streng í hjarta hvers einasta manns sem á lágmarkstilfinningu og virðingu fyrir sjálfstæði, sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. Þeir sem hrista hausinn yfir slíku, glotta yfir slíku og telja slíkt tal skrumið eitt eru búnir að gleyma því hvaðan þessi þjóð tók afl sitt og þeir eiga lítið eftir af þeirri kynfylgju sem leiddi kynslóðirnar í gegnum sjö alda sögu sjálfstæðisbaráttu gegn nýlenduvaldi útlendinga.

Á undanförnum árum hefur oft verið tekist á um

sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Í þeim umr. hafa menn skipst í fylkingar, og það hefur oft verið býsna heitt í kolunum. Þannig var það t. d. þegar umr. um álverið fór fram á Alþingi á sínum tíma. Það var 1965 og 1966 sem þær umr. fóru fram og það er fróðlegt, með leyfi hæstv. forseta, að rifja þær upp einmitt hér til að athuga hvort menn sáu þá fyrir þá þróun sem síðan hefur orðið ellegar þann dapurlega fund sem nú er haldinn við auða stóla hér á hv. Alþingi.

Þegar þetta frv. um álbræðslu við Straumsvík var lagt fyrir árið 1965 urðu geysimiklar umr. um það hér á þinginu. Þá var gagnrýnt í upphafi t. d. af hv. þv. þm. Hannibal Valdimarssyni hvernig að verkinu var staðið af hálfu viðreisnarstjórnarinnar, sem lamdi málið í gegn hér af ruddaskap og virðingarleysi fyrir leikreglum lýðræðisins, sem hér eiga þó að vera í hávegum hafðar.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson gagnrýndi alveg sérstaklega að þetta mál var lagt fyrir án þess að Alþingi fengi nokkra möguleika til þess að breyta stafkrók í þeim plöggum sem lögð voru fyrir um álbræðsluna við Straumsvík. Þó var hér verið að stíga skref sem var örlagaríkara í atvinnusögu Íslendinga en flest önnur á liðnum áratug. Þá hefði mátt ætla að undirbúningur málsins á Alþingi Íslendinga væri sérstaklega vandaður og meðferð þess tæki þeim mun lengri tíma sem málið markaði skarpari þáttaskil í sögu lands og þjóðar. Í þeirri ræðu sem Hannibal Valdimarsson flutti réðist hann mjög harkalega að því hvernig með málið hefði verið farið af viðreisnarstjórninni, hvernig á því stæði að hún legði fyrir fullbúið mál af þessum toga án þess að gefa Alþingi kost á því að hafa áhrif á einn einasta stafkrók í sjálfum textanum. Þessi ræða, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson, þáv. formaður Alþýðubandalagsins, flutti, var mjög ítarleg og athyglisverð, en þar kemur ekki fram að Hannibal Valdimarsson léti sér detta það í hug að fram undan gæti verið sú skelfing, sem við upplifum hér í kvöld, að það liggi fyrir till. flutt af mönnum úr Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. — till. sem gerir ráð fyrir að gefa álverinu stækkun í forgjöf og votta því alveg sérstaka hollustu. Þetta er nefnilega till. um að taka ofan fyrir Alusuisse, þetta er till. um að gera eins og Alusuisse segir, þetta er till. um að gegna Alusuisse, þetta er till. um að löggjafarsamkoman á Íslandi lúti hinum stóra auðhring og segi já takk. Ekki einu sinni Hannibal Valdimarsson, þáv. hv. þm., sem flutti ítarlega og gagnmerka ræðu um þetta mál, sá fyrir þau ósköp sem hér eru að gerast.

Ein merkasta ræðan sem flutt var, herra forseti, í þessum umr. var flutt af þv. formanni Framsfl. Ég trúi að hann hafi þá verið formaður, Eysteinn Jónsson, er það ekki rétt, herra forseti, 1965 eða 1966? (**Forseti:** Jú.) Forsetinn þekkir betur sögu Framsóknarflokksins en ég, og forsetinn staðfestir að Eysteinn Jónsson hafi þá verið formaður Framsfl. — Hann flutti ítarlega ræðu um þessi mál, sem er ákaflega merkilegt plagg þegar tillit er tekið til þess að Framsfl. og sjálfur varaformaður Framsfl. standa að því að flytja þá eymdartillögu sem hér liggur fyrir. Eysteinn Jónsson talaði langt mál um þetta, sem tekur yfir 25 dálka í Alþingistíðindum, og væri full ástæða til þess, þó það væri ekki nema fyrir hæstv. forseta Sþ., að ég læsi ræðuna hér alla, svo merk er hún. Ekki síst kæmi slíkt til greina þegar ætlunin mun vera að ræða þessi mál hér fram eftir nóttu eða jafnvel fram undir morgun.

Í þessari umr., sem fjallaði um álbræðsluna í Straumsvík, sagði hv. þáv. þm. Eysteinn Jónsson margt mjög athyglisvert. Hann líkti pólitískum andstæðingum sínum í þessu máli við mann sem að vísu fer upp á háan hól til þess að skyggnast um og sjá vítt yfir, en maðurinn er alveg jafnsettur og ef hann hefði reynt að skyggnast um á jafnsléttu, vegna þess að hann er svo nærsýnn að hann sér engu betur í kringum sig þó hann stigi upp á hina hæstu sjónarhóla til að svipast um. Sérstaklega fannst Eysteini Jónssyni að þetta ætti vel við um þá menn sem lögðu til að leggja inn á þessa nýju braut í atvinnumálum Íslendinga í ljósi kreppunnar frá 1930—1940. Þeir reyndu að rökstyðja mál sitt með því, þessir menn, að ef ekki yrði samið við álhringinn í Straumsvík kæmi kreppa. Um þessa menn og talsmenn þeirra sagði Eysteinn Jónsson þetta, með leyfi hæstv. forseta: „En honum [þessum talsmanni] fórst eins og nærsýnum manni, sem fer upp á háan hól, að hann er litlu nær, litlu betur settur en áður".

Eysteinn Jónsson rifjaði það upp, hvernig brugðist var við vandanum á árunum 1934—1938. Hann spurði: Brugðust menn við því með því að missa kjarkinn og kalla á útlendinga og biðja þá um að taka við atvinnurekstrinum á Íslandi? „Var það þetta sem gert var á þessum árum", spurði Eysteinn Jónsson, og svaraði: „Nei, það var ekki gripið til þessara úrræða. Það var allt annað, sem gert var. Það var hafin í landinu allsherjar uppbygging nýrra atvinnugreina og hlúð að því, sem fyrir var á vegum Íslendinga sjálfra, — á vegum Íslendinga sjálfra".

Hér var hann að leggja áherslu á að frammi fyrir vandanum áttu menn þá reisn að þeir sögðu sig ekki á sveit erlendra auðfélaga, heldur tókust þeir á við vandann sjálfir undir forræði Íslendinga „á vegum Íslendinga sjálfra". Og þarna eru skilin. Ræður vanmetakenndin afstöðu manna eða hafa þeir þrótt til þess að taka sjálfstæða afstöðu fyrir hönd þessarar litlu þjóðar eða er það minnimáttarkenndin sem heltekur þessa menn þegar kemur að því verkefni að leysa spurninguna um þjóðlífið í þessu landi.

Eysteinn Jónsson minnti á það 1965, að á kreppuárunum hlupu menn ekki upp í fangið á útlendingum, heldur reyndu þeir að takast á við vandann á íslenskum forsendum, með því að hlúa að því sem fyrir var og með því að byggja upp nýjar atvinnugreinar undir forræði Íslendinga sjálfra. Í þessari ræðu minnti Eysteinn Jónsson á það, að í framhaldi af þessum ákvörðunum og þessum viðbrögðum við kreppunni hófst fiskfrysting hér í landinu í stórum stíl. Á þessum árum var tekin ákvörðun um fyrstu stóru raforkuvirkjunina á Íslandi, Sogsvirkjunina. Hún kostaði á þeim tíma 7 millj. kr., sem var nálega helmingurinn af þeirri fjárhæð sem fjárlög Íslendinga námu þá. Það væri fróðlegt fyrir okkur að bera það saman við fjárlög ríkisins á þessu ári, sem eru 12 milljarðar kr. 6 milljarða hefði þessi virkjun þá kostað á verðlagi ársins 1983, 6 milljarða, og í þetta réðust menn upp úr kreppunni. Frammi fyrir þessum geigvænlegu vandamálum, sem kreppan birti íslensku þjóðinni, risu menn upp og leituðu nýrra leiða. Menn gáfust ekki upp heldur við að sækja fram við það að treysta sjálfstæði íslensku þjóðarinnar því það var skýlaus krafa allra landsmanna á þessum árum þegar harðast svarf að að íslenska þjóðin ætti að sjálfsögðu að sækja fram til fulls og óskoraðs sjálfstæðis. Í ræðu sinni

sagði Eysteinn Jónsson m. a. um Sogsvirkjunina, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum aðeins staldra þarna við, einmitt við Sogsvirkjunina, vegna þess að nú er verið að tala um virkjun. Búrfellsvirkjun án alúmínverksmiðju er miklu minna átak fyrir íslensku þjóðina nú en Sogsvirkjunin var á sinni tíð."

En þrátt fyrir að þessi staðreynd lægi fyrir að hér var um miklu minna átak að ræða en við Sogsvirkjunina á sinni tíð, þá guggnuðu menn. Þeir treystu sér ekki til þess að ráðast í þessa virkjun, Búrfellsvirkjun, nema með því að leita hófanna hjá hinum erlenda auðhring, og það var þetta sem þáv. formaður Framsóknarflokksins og 1. þm. Austurl. var að mótmæla. Eysteinn Jónsson skýrði þetta með ákaflega athyglisverðum hætti, þ. e. hvers vegna leita menn á náðir útlendinganna, og sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„M. ö. o., það er alveg greinilega sagt og getur ekki misskilist, að ástæðan til þess, að þessir hæstv. ráðh. lenda inn á þessari braut og vefja sig í þessum vanda, sem þeir hafa aldrei getað rifið sig út úr – ástæðan er sú, að þeir eru haldnir minnimáttarkennd, þeir trúa því sjálfir, að það sé ekki hægt að fá lán erlendis til þess að gera Búrfellsvirkjun án þess að hafa alúmínverksmiðjuna með. Þetta er skýringin á öllu þessu, það botnar enginn í þessu, ef hann ekki hefur þetta í huga. Þetta er skýringin á hugsunarhættinum og skýringin á því, hvers vegna í þetta er ráðist."

Í þessum orðum kemur það fram, að það er grundvallarafstaðan sem hér skiptir máli. Hafa menn trú á því að hér sé hægt að byggja upp atvinnuvegi til þess að vera undirstaða sæmilegra lífskjara hér í þessu landi eða eru menn haldnir minnimáttarkennd gagnvart því verkefni sem það óneitanlega er að halda uppi fullu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

Eysteinn Jónsson bætti við um þetta undarlega sálarástand, sem einkennir þessa menn enn þann dag í dag:

„Því er nú verr og miður, að það er minnimáttarkenndin og vanmatið á möguleikum Íslendinga sjálfra og vanmatið á því, að Íslendingar geti komið sér upp nægilega stórbrotnum atvinnurekstri, sem er grundvöllurinn að því, sem nú er verið að gera."– Það er minnimáttarkenndin og vanmatið á möguleikum Íslendinga.

Nú er minnimáttarkenndin komin svo langt að það er farið að flytja till. hér á hv. Alþingi um að löggjafarsamkoman hneigi sig fyrir Alusuisse. Ekki sá sá framsýni maður Eysteinn Jónsson þau ósköp fyrir né heldur spáði hann því, að till. um slíkt yrði flutt með atbeina Framsóknarflokksins, og það af varaformanni Framsfl. Ekki sá hann það heldur fyrir að hæstv. forseti Sþ., þá nótt sem þessi till. er rædd, yrði úr Framsfl. Það var svo sem ekki von heldur að maðurinn sæi þessi ósköp tyrir sér.

Svo langt gengu menn í umr. um álverið á sínum tíma, að þeir héldu því fram að allar gagnrýnisraddir andstæðinga álbræðslunnar væru hrein vitleysa og væri gersamlega ástæðulaust að hlusta á þær. T. d. var fróðlegt að sjá hvernig flm. till. um álverið lofuðu gerðardóminn sem á að kveða upp úr úrskurði varðandi deilumál sem upp kunna að koma samkv. álsamningnum. M. a. var því haldið fram í þessum umr., svo kostulegt sem það nú er og fróðlegt til upprifjunar nú, að í rauninni væri þessi gerðardómur útlendinga alls ekki svo slæmur og það væri gott fyrirkomulag að hafa þannig lagaðan gerðardóm. Það var gengið svo langt að fullyrða að hann væri betri en íslenskir dómstólar. Ef eitthvað væri hann snöggt um skárri. Þessi yfirlýsing vakti mjög mikla athygli á Alþingi á þeim tíma og hvatti menn til mótmæla, sérstaklega vegna þess að á Alþingi sátu þá menn sem höfðu barist fyrir því sjálfir að koma dómsvaldinu inn í landið. Eysteinn Jónsson gerði þetta mál að sérstöku umræðuefni og sagði: „[Hæstv. dómsmrh.] hélt fram þeirri nýstárlegu kenningu, að gerðardómur af þessu tagi gæti verið betri en íslenskir dómstólar. Til hvers höfum við þá verið að berjast fyrir því að fá dómstóla inn í landið og fá sjálfstætt dómsvald? Er það ekki einmitt höfuðeinkenni á sjálfstæðu ríki að hafa sjálfstætt dómsvald? En nú heyrir maður dómsmrh. landsins segja, að gerðardómar erlendis geti verið betri en íslenskir dómstólar til þess að fjalla um málefni fyrirtækis á Íslandi, sem á að heita íslenskt fyrirtæki, a. m. k. að vera skrásett íslenskt fyrirtæki. Það kalla ég heldur nýstárlegt," hélt þm. áfram, „og ég held, að ég hafi heldur ekki misskilið það, að hann hafi sagt, að þessi uppástunga um það að hafa erlendan gerðardóm í stað þess að fyrirtækið kæmi undir íslenska lögsögu, að þessi uppástunga hafi komið frá íslenskri hlið."

Ég vil vekja athygli á þessu atriði, að það er talið í þessum umr. um álbræðsluna í Straumsvík og því er ekki mótmælt sérstaklega, að hugmyndin um útlendan dómstól til að skera úr um ágreiningsefni hafi komið frá íslensku samninganefndinni. Þetta finnst mér vera fróðlegt atriði, eins og allt það sem kemur fram í þeirri ræðu sem Eysteinn Jónsson flutti og eins og ég gat um áðan tekur yfir 25 dálka í Alþingistíðindum. Væri vissulega ástæða til þess að rekja þessa ræðu miklu ítarlegar vegna þess að Framsfl. hefur nú látið snara sig í þessar álviðjar með því að flytja þá till. sem hér liggur fyrir undir forustu hv. 6. þm. Suðurl., Eggerts Haukdals.

Í umr. um álbræðsluna í Straumsvík var eðlilega komið nokkuð víða við og m. a. var fjallað um tilraunir manna á fyrri árum til þess að fá útlendinga hér inn í atvinnulífið í landinu. Það var m. a. minnt á það, að árið 1927 í febr. var lagt fram stjfrv. fyrir Alþingi frá þáv. ríkisstjórn Jóns Þorlákssonar og Magnúsar Guðmundssonar um sérleyfi til handa Títan, erlendu félagi, til þess að fá að leggja járnbraut frá Þjórsá til Reykjavíkur, til þess að fá að virkja Urriðafoss, 160 þús. hestöfl, og til þess að koma upp verksmiðju til saltpétursvinnslu eða annarrar áburðarvinnslu í Skildinganesi. Um afstöðuna til þessarar till., til þessa stjfrv. ríkisstjórnar Jóns Þorlákssonar, skiptust menn. Í frv. var gert ráð fyrir því, að gerður yrði samningur við Títanfélagið til ársins 1997 eða til 70 ára. Það var ríkisstjórnin sjálf sem lagði þetta frv. fyrir 1927, stjórn gamla Íhaldsflokksins, og þetta frv. var svo að lokum samþykkt í heild á þinginu.

Í deilunni um þetta mál, sem var mjög hörð á Alþingi, tóku margir til máls. Meðal þeirra sem gagnrýndu samninginn var einn þm. sem þó tilheyrði ríkisstjórnarliðinu sem þá var. Það var Ólafur Thors, þá nýlega kominn inn á Alþingi. Hann sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er þess nefnilega fullviss", sagði Ólafur Thors, „að ef erlent fjármagn tekur til starfa hér á landi í svo ríkum mæli, mundi sjálfstæði voru stafa af því veruleg

hætta, enda bendir reynsla annarra smáþjóða til þess. Við Íslendingar höfum nokkra reynslu í þessum efnum, þó að hún sé að vísu eigi alveg hliðstæð, þar sem er fiskveiðilöggjöf vor og landhelgislöggjöf. Vér höfum þráfaldlega rekið oss á það, að í hvert skipti sem oss þykir æskilegt að gera einhverjar breytingar á þessum lögum hafa útlendingar risið upp og mótmælt, aðeins vegna þess að þeir eiga hér nokkurra hagsmuna að gæta á þeim sviðum. Það er nú ljóst", hélt hv. þm. áfram," að þeim mun víðtækari sem starfsemi þeirra verður hér á landi, þeim mun oftar munu þeir þykjast þurfa að hafa afskipti af löggjöf vorri og þeim mun tíðara mun það verða að sjálfsákvörðunarréttur vor mun hindraður sakir hagsmuna útlendinga. M. a. í þessu liggur stórvægileg hætta", sagði þessi þm.

Hvaða flokki tilheyra þeir menn nú á Alþingi Íslendinga sem mundu láta sér þessi orð um munn fara? Sjálfstfl., flokki Ólafs Thors? Svarið er nei. Það er löngu liðin tíð að menn tali svona í þeim flokki.

Alþfl.? Svarið er nei. Um það þarf ekki að ræða mikið hér.

Framsfl.? Þeir voru til til skamms tíma, kannske enn, sem gætu látið sér svona orð um munn fara. En þeir eru fáir og það er langt frá orðum til athafna, orðum af þessu tagi sem ég var að vitna í hér, – ekki frá alræmdum kommúnistaleiðtoga af einu eða neinu tagi, heldur frá Ólafi Thors. Það er langt frá þeim orðum yfir til þeirra athafna að leggja fram till. til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse undir forustu hv. þm. Eggerts Haukdals.

„Ég er þess nefnilega fullviss," sagði Ólafur Thors, „að ef erlent fjármagn tekur til starfa hér á landi í svo ríkum mæli, mundi sjálfstæði voru stafa af því veruleg hætta, enda bendir reynsla annarra smáþjóða til þess."

Hér eru mælt orð af framsýni og hyggjuviti. Hér talaði foringi atvinnurekendaauðvaldsins á Íslandi árið 1927. Og svo mikið er víst, að hann var þá framsýnni en þeir þm. Framsfl. sem nú standa að því að flytja þessa till. hér á þskj. 467.

Framsfl. hefði í dag mátt vera stoltur af því að eiga í sínum röðum mann sem mælti slík orð. Og hefði hv. þm. Halldór Ásgrímsson, sem nú er genginn til náða trúi ég, lagt í það að koma í ræðustólinn, þá hefði hann því miður ekki talað eins og Ólafur Thors gerði árið 1927. Svona líður tíminn, bæði fyrir mennina og þjóðina alla og fyrir Framsfl.

En hann bætti við, þessi síðar formaður Sjálfstfl., leiðtogi Kveldúlfsauðvaldsins hér í landinu, þegar hann sagði:

„Ég vil enn fremur benda á, að erlendur atvinnurekstur mun ávallt verða stopull fyrir þjóðfélagið. Erlendir menn hugsa fyrst og fremst um sinn hag, en þeir, sem grónir eru upp með þjóðinni, munu að vonum taka miklu meira tillit til hagsmuna hennar heldur en útlendingar."

Hér er komið að tilteknu grundvallaratriði, sem skiptir ákaflega miklu máli að við ræðum ítarlega. Það er það, hver er munurinn á erlendu auðvaldi annars vegar og fyrirtækjum á vegum þess og innlendu auðvaldi hins vegar og fyrirtækjum á vegum þess. Íslensk verkalýðsstétt hefur alltaf lagt á það áherslu að hún vildi fremur slást við hið íslenska atvinnurekendavald en útlenda útsendara af einhverjum toga. Þess vegna hefur íslensk verkalýðsstétt borið gæfu til þess að tengja saman í allri baráttu sinni kröfuna um sjálfstæði íslensku þjóðarinnar annars vegar og hins vegar kröfuna um jafnrétti og stéttlaust þjóðfélag. Þessi grundvallaratriði eru þannig, að um tíma náðu menn saman um það af hálfu verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og af hálfu atvinnurekendastéttarinnar hins vegar að mynda bandalag um að treysta og efla íslenska framleiðsluatvinnuvegi. Hér var um að ræða ákaflega þýðingarmikið átak og við skulum muna að á þeim grundvelli er það talað sem hér er vitnað í frá Ólafi Thors, fyrrverandi formanni Sjálfstfl. og þá leiðtoga Kveldúlfs og atvinnurekendaauðvaldsins. Það var þessi skilningur sem gerði það kleift að byggja upp íslenska atvinnuvegi með þeim hætti sem gert var í nýsköpunarstjórninni á sínum tíma. Þessi skilningur hefur hins vegar ekki verið til staðar hjá forustuöflum íslenskra atvinnurekenda á síðustu árum, því miður. Þeir hafa kosið að ganga í verkin fyrir aðra og taka meira mið af hagsmunum bandarískra hersins og Atlantshafsbandalagsins hér á Íslandi en af hagsmunum íslenskrar alþýðu og af uppbyggingu íslenskra atvinnuvega.

Þegar atkvæði voru greidd um leyfið handa Títanfélaginu í ársbyrjun 1927, þá gerðist það, að meðal þeirra sem greiddu atkvæði á móti sérleyfinu handa þessu útlenda auðfélagi til 70 ára, það var frá 1927 til 1997, – þeir menn sem greiddu atkvæði á móti voru t. d. Ólafur Thors, Héðinn Valdimarsson, þá líklega formaður Dagsbrúnar, seinna formaður Sósíalistaflokksins og einn af leiðtogum Alþfl., Tryggvi Þórhallsson leiðtogi Framsfl. og Bændaflokksins og Benedikt Sveinsson, einn mesti þingskörungur sem við höfum átt. Þessir fjórir menn, Ólafur Thors, Héðinn Valdimarsson, Tryggvi Þórhallsson og Benedikt Sveinsson, sameinuðust um það þrátt fyrir reginmun í pólitískum skoðunum að greiða atkvæði á móti þessu sérleyfi handa útlenda auðfélaginu.

Býð ég nú velkominn í salinn hv. þm. Friðrik Sophusson, (**FrS:** Þakka þér fyrir vinur.) sem vakti þessa umr. þeirra álbaróna hér í dag.

Árið 1927 taldi Ólafur Thors að það væri ástæða til að bregðast þannig við – og af því að hv. þm. Friðrik Sophusson er genginn í salinn og af því að ég veit að hann hefði gott af því að hlusta á nokkur orð frá Ólafi Thors ætla ég að lesa fyrir hann, með leyfi hæstv. forseta, nokkrar setningar frá árinu 1927:

„Ég er þess nefnilega fullviss," sagði Ólafur Thors," að ef erlent fjármagn tekur til starfa hér á landi í svo ríkum mæli, mundi sjálfstæði voru stafa af því veruleg hætta, enda bendir reynsla annarra smáþjóða til þess. Það er nú ljóst að þeim mun víðtækari, sem starfsemi þeirra verður hér á landi, þeim mun oftar munu þeir þykjast þurfa að hafa afskipti af löggjöf vorri og þeim mun tíðara mun það verða, að sjálfsákvörðunarréttur vor mun hindraður sakir hagsmuna útlendinga. M. a. í þessu liggur stórvægileg hætta."

Ekki minnist ég þess, herra forseti, þegar hv. þm. Friðrik Sophusson ræddi hér um þetta mál í dag, að hann hafi varað við þeirri hættu sem sjálfstæði landsins og þjóðarinnar stafar af erlendu fjármagni í stórum stíl í okkar atvinnulífi. Ég held nefnilega að því miður hafi þau dapurlegu tíðindi gerst að Sjálfstfl., sem einu sinni átti talsmenn íslenskra framleiðsluatvinnuvega, sé nú svo heillum horfinn að hann láti sér ekki detta það í hug – einn einasti af forustumönnum hans – að það geti

stafað af því hætta að binda trúss sitt hér við allt of marga útlendinga. Svona hefur Sjálfstfl. breyst. Það er langur vegur frá þessum orðum Ólafs Thors árið 1927 til framsöguræðu Friðriks Sophussonar, hv. þm., árið 1983. Það eru mörg ár og óravegur í viðhorfum og sjónarmiðum öllum.

Ég held að í rauninni sé það þannig, að verulegur hluti af forustumönnum Sjálfstfl. núna sé þeirrar skoðunar, að það eigi að leggja allt kapp á að kalla útlendinga hér inn í landið með atvinnurekstur, og ég hef aldrei heyrt, og er búinn að fylgjast vel með umr. á Alþingi í mörg ár, frá einum einasta talsmanni Sjálfstfl. svo mikið sem eitt varnaðarorð gagnvart því að of miklum umsvifum útlendinga hér í landinu gæti fylgt hætta fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Það hefur enginn, ég endurtek enginn, af núverandi talsmönnum Sjálfstfl. nokkurn tíma látið sér detta í hug að vara við þessari hættu. (**AG:** Hvaða hættu segir þú?) Í þeim gjörvöllum blaðakosti, sem Morgunblaðið sendir frá sér og Dagblaðið á hverjum degi, hefur aldrei fundist eitt orð sem gæti tekið undir með Benedikt Sveinssyni árið 1927 – og gekk nú úr salnum sá maður sem helst hefði mátt hlýða á orð Benedikts Sveinssonar, þ. e. Halldór Blöndal.

Þessi alvarlega staðreynd segir okkur býsna mikið um Sjálfstfl. og grundvallarbreytingu á eðli Sjálfstfl. Sjálfstfl. er ekki lengur forustuflokkur fyrir íslenska framleiðendur, Sjálfstfl. er með forustulið sem þá fyrst vaknar til lífsins þegar það þarf að tala fyrir Alusuisse eða Ameríkanann. Þá taka þeir við sér. Þá kemur í ljós að þeir eru á varðbergi. Þessi grundvallarbreyting hefur átt sér stað á Sjálfstfl. á liðnum áratugum. Þessi ægilega staðreynd um stærsta stjórnmálaflokk landsins má gjarnan vera okkur föst í huga.

1966, þegar menn ræddu um álbræðsluna í Straumsvík, komu fram frá talsmönnum Sjálfstfl., sérstaklega frá Bjarna Benediktssyni, vissar áhyggjur yfir því hvað síðar kynni að verða með þetta stóra fyrirtæki álverið í Straumsvík. Hann benti á þá hættu, sem af því gæti út af fyrir sig skapast, og sagði þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Við fáum vald á þeim, ekki síður en þeir á okkur, og við getum tekið þá eignarnámi, ef þjóðinni býður svo við að horfa."

1966 sagði Bjarni Benediktsson að það geti komið til greina að taka álverið eignarnámi ef þjóðinni býður svo við að horfa. Hverjir ætli það séu núna í landinu sem nefna þann möguleika að álverið verði tekið eignarnámi? Það er a. m. k. ekki hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson. Hann hefur ekki mikið rætt það núna að undanförnu. Hann vill setja upp eins konar sjálfsafgreiðslu á kröfum Alusuisse hér í landinu, einskonar „automat". (**GGÞ:** Hvaða, þú átt að halda þér við samningana.) Hv. þm. getur beðið hér um orðið. Mælendaskrá er væntanlega opin ennþá. – Hann vill setja upp einskonar sjálfsafgreiðslu handa Alusuisse hér í landinu, „automat" handa þeim. En Bjarni Benediktsson benti á þennan möguleika, að ef þjóðinni býður svo við að horfa getur hún ákveðið að taka álverið eignarnámi.

Í þeim umr. sem þá fóru fram komst Einar Olgeirsson þáverandi þm. Reykv. og formaður Sósíalistaflokksins svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, þegar hann svaraði þessum ábendingum Bjarna Benediktssonar:

„En það, sem fyrir mér vakir, og það, sem veldur mér áhyggjum í þessu sambandi, er þetta: Er öruggt, að við, þótt við tveir hefðum þessa sömu hugsun, hæstv. forsrh. og ég, er öruggt að við gætum eða þeir, sem tækju við af okkur eftir 10–20 ár, gætu þá ráðið við hlutina, þó að okkur finnist báðum, að við gætum ráðið við þetta í dag? Ég býst við, að það sé alveg rétt hugsað hjá hæstv. forsrh. Með þeim hugsunarhætti, sem nú ríkir á Alþingi", hélt Einar Olgeirsson áfram, „hjá öllum flokkum, mundum við, ef við t. d. á næstu 4–5 árum sæjum, að við hefðum misreiknað okkur, mundum við geta breytt þessu. En getum við breytt þessu eftir 10–20 ár?" – Það eru akkúrat þau 10–20 ár sem nú eru liðin. Það eru 15–16 ár síðan þessir samningar voru ræddir. – „Hæstv. forsrh. hefur auðsjáanlega brotið heilann um þetta, því að hann kemur með þær röksemdir, að það sé nú ekki svona hættulegt vald þessa fyrirtækis, eins og ég vildi vera láta. Hann segir: Það eru mörg fyrirtæki hér, sem hafa fleiri aðila í sinni þjónustu: Samband ísl. samvinnufélaga hefur 1300 manns, Loftleiðir hafa yfir 500, Eimskip 700, Flugfélagið hefur 300, en vald þessara fyrirtækja liggur ekki í fjölda þeirra starfsmanna, vegna þess að með því atvinnuástandi, sem nú er, geta þessi fyrirtæki ekki haft það vald, sem þau hefðu haft á atvinnuleysistímum í sambandi við það að hafa svona marga starfsmenn og veita svona mikla vinnu. Vald þess fyrirtækis, sem nú á að koma inn í landið, þ. e. Swiss Aluminium, liggur í auði þeirra og þar með auði, sem er óháður íslenska ríkinu, óháður íslenskum ríkisbönkum. Þrjú af þeim fyrirtækjum, sem hæstv. forsrh. talaði um, Samband ísl. samvinnufélaga, Eimskipafélag Íslands og Flugfélag Íslands, öll þessi þrjú fyrirtæki," hélt þm. áfram, „eru mjög háð íslenskum ríkisbönkum, öll þessi fyrirtæki verða að sækja mjög mikið til þeirra, þannig að ríkisstj. getur á hverjum tíma, ef þessi fyrirtæki ætluðu að reisa sig, þannig að mönnum fyndist það of mikið, haft mjög mikinn hemil á þeim. Við erum að fá alveg nýja aðila. Við erum að fá einhvers konar risa til viðureignar í samanburði við þá svona tiltölulega jafnréttháu aðila frá sjónarmiði t. d. ríkisins, sem við höfum fengist við fram að þessu. Valdið, sem það fyrirtæki hefur, þessi svissneski auðhringur, er þess vegna allt, allt annars eðlis heldur en allra þeirra fyrirtækja, sem við höfum haft hérna á Íslandi. Og þegar þetta fyrirtæki," sagði Einar Olgeirsson, „færi svo, m. a. vegna þess, að það les vafalaust það, sem við segjum hér, bæði hæstv. forsrh. og ég, og ekki síst með mikilli athygli, hvað hann segir, þegar það jafnvel heyrir minnst á það strax og þetta ber á góma, að jafnvel hæstv. forsrh. detti í hug eignarnám, er gefið að svona fyrirtæki", takið eftir, „er gefið, að svona fyrirtæki byrjar að setja sig í varnarstellingar frá upphafi vega og byrjar að skapa sér sinn varnarvegg í íslenskum stjórnmálum, í íslenskum blöðum og í íslenskum flokkum."

Það er þetta sem við horfum upp á á þessari nóttu: að Alusuisse hefur tekist á þessum 15 árum að skapa sér þann varnarvegg í íslenskum stjórnmálaflokkum, í íslenskum blöðum, sem Einar Olgeirsson var að vara við árið 1966. Og ég man það vel, að þegar Einar Olgeirsson mælti þessi orð það ár — vegna þess að þá starfaði ég sem þingfréttaritari Þjóðviljans hér á Alþingi — voru varnaðarorð Einars Olgeirssonar talin bera vitni um

ofstæki og ekkert annað en ofstæki, þau væru markleysa, þau væru rugl, engin ástæða til að hlusta á þau.

En hvað hefur gerst? Hann hefur því miður orðið sannspár. Alusuisse hefur eignast hér varnarlið í íslenskum stjórnmálaflokkum. Það er þessi sorglega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir á þessari nóttu, þegar við ræðum till. um að löggjafarsamkoman á Íslandi hneigi sig fyrir Sviss Aluminium.

Í ræðu sinni sagði Einar Olgeirsson ennfremur:

„Þegar við erum að ræða um þetta fyrirtæki, erum við að deila um það, hvort við eigum að fá erlenda stóriðju inn í landið eða íslenska stóriðju. Við getum vel og höfum vel efni á að koma okkur upp íslenskri stóriðju, meira að segja þó að hún væri eins stórfelld og það, sem þetta alúminiumfyrirtæki vill fara fram á. Við erum *nógu ríkir til þess, Íslendingar,* þannig að deilan stendur ekki um, hvort menn vilji núna tæknilegar framfarir, hvort menn vilji það stórkostlegar framfarir meira að segja, að við reistum alúminiumverksmiðju eða einhverja verksmiðju, sem vinnur úr útlendu hráefni. Deilan stendur um, hvort það ætti að vera íslenskt eða útlent, hvort það ætti að vera íslenskt vald, sem þarna er um að ræða, kannske sambland af ríkisrekstri eða einstaklingsrekstri, eða hvernig sem við vildum hafa það, en í öllu falli íslenskt, eða hvort það á að vera útlent með alls konar sérréttindum."

Það er um þetta sem er barist. Það er um þetta sem var barist 1965. Það er þetta sem barist er um núna. Það er um þetta sem var barist í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Einar Olgeirsson benti síðan á þau áhrif sem þessi auðhringur mundi hafa á kraftahlutföllin, eins og hann kallaði það, á Íslandi, og sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Svissneski auðhringurinn gerbreytir kraftahlutföllunum hér á Íslandi, ekki aðeins á milli atvinnurekendastéttarinnar og verkalýðsstéttarinnar, heldur líka kraftahlutföllunum innan borgarastéttarinnar sjálfrar, kraftahlutföllunum á milli t. d. sjávarútvegsins annars vegar *eða þeirra, sem honum stjórna,* og þess hins vegar, sem erlendis mundi nú vera kallað fjármálaauðvald."

Það er einmitt þetta sem hefur gerst. Kraftahlutföllin hafa breyst, ekki bara á milli launamanna annars vegar og fyrirtækja eigenda hins vegar, heldur innan þeirra atvinnuvega sem hér eru í landinu. Það eru kraftahlutföllin á milli framleiðslugreinanna annars vegar og erlends auðvalds hins vegar. Þetta grundvallaratriði var bent á og líka það, hvaða áhrif þetta hefur haft á Sjálfstfl. Það hefur breytt honum. Hann er hættur að kveðja sér hér hljóðs sem helsti málafylgjuflokkur framleiðsluatvinnuveganna í landinu. Hann kveður sér helst hljóðs hér og af mestum þrótti þegar þarf að taka upp hanskann fyrir Alusuisse. Þá lifnar nú heldur betur yfir þeim sem annars sitja dauðir og daufir, segi ég, í þessum stólum hér. (**FrS:** Jæja.) Það er von að hv. þm. Friðrik Sophusson segi jæja. Það er kominn tími til að hann sendi frá sér hljóð, annað en þá ræðu sem hann flutti í kvöld eða dag. Og ástæðan til þess að hann segir jæja er að sjálfsögðu sú, að hann finnur sárlega fyrir þeirri auðn og flatneskju sem núv. forusta Sjálfstfl. er, miðað við þá reisn sem stundum einkenndi þann flokk fyrr á öldinni. Þvílíkur munur! Það er skelfilegt að hugsa til þess, að á hálfri öld skuli þróunin hafa leikið þennan flokk jafngrátt og birtist í samanburði á þeim leiðtogum Sjálfstfl. sem ég hef vitnað til hér í nótt annars vegar og hins vegar á þeim sem leiða þann flokk nú.

Þegar umr. um álbræðsluna við Straumsvík fór fram á sínum tíma gerðu stjórnarandstöðuflokkarnir þáverandi kröfu um að það færi fram þjóðaratkvgr. um málið áður en þetta yrði samþykkt. Alþb. lagði til að frv. um staðfestingu á samningunum um álbræðsluna í Straumsvík yrði fellt, en til vara var flutt sú till. frá Alþb. og öðrum stjórnarandstæðingum að þetta frv. færi til þjóðaratkvæðis. Þá voru þeir samferða, vinir lýðræðisins, sem kalla sig svo og hafa stofnað félög um það hérna á liðnum áratugum vegna þess að þeir séu einu mennirnir sem vilji viðhalda lýðræði í landinu. Þeir hafa skreytt sig með því löngum og haldið um það langar ræður, en höfnuðu þessari kröfu, Sjálfstfl. og Alþfl., með knöppum þingmeirihluta, höfnuðu þessari kröfu. Þó var verið að taka hér inn í landið erlent auðvald. Það var verið að stíga skref sem markaði stefnubreytingu í atvinnusögu íslensku þjóðarinnar, sem þá hafði öðlast sjálfstæði yfir málum sínum öllum fyrir aðeins 22 árum. Það voru margir sem þá mundu eftir útlendum fyrirtækjum sem höfðu verið hér í landinu og blöskraði þessi framkoma forustumanna Sjálfstfl. og Alþfl. Engu að síður var kröfunni um þjóðaratkvæði hafnað og við skulum muna það, þegar við ræðum um þennan smánarsamning, sem var gerður þarna um árið, fyrir 15—16 árum, að því var neitað að leggja hann undir lýðræðislegan dóm þjóðarinnar, og það var vegna þess að þeir sem fluttu samninginn og keyrðu hann í gegnum þingið með ofbeldi vissu að þeir mundu verða í bullandi minni hluta meðal landsmanna. Alusuisse gerði sér auðvitað grein fyrir þessu líka og það var þess vegna sem Alusuisse tók ákvörðun um að mynda varnarvegg á Íslandi fyrir hagsmuni sína, eins konar álvegg, sem væri með þeim hætti að hann skýldi þeim fyrir árásum og gagnrýni. Þessi álveggur er nú myndaður úr þessari þáltill. á þskj. 467, sem flutt er af Eggert Haukdal og félögum fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Það var neitað um að bera málið undir þjóðina af því að þeir þorðu ekki að fara með málið fyrir þjóðina. Þeir vissu að hún mundi hafna því. Það er ekki nýtt að þeir hafi borið sig þannig að. Þannig var það þegar það var kallað á þjóðaratkv. hér af Austurvelli árið 1949. Þá var því að sjálfsögðu neitað af þessum vinum lýðræðsins, sem skreyta sig með því nafni helst hér á landi.

Hvernig stóð á því árið 1962 og 1963, að jafnágætir *menn og margir þeirra voru, sem fóru fyrir málum* þjóðar okkar þá, skyldu telja að það væri rétt að selja orkuna til áratuga við sem allra lægstu verði? Ekki var það af mannvonsku, ekki var það af því að þessir menn vildu beinlínis koma illa við heildarhag og framtíðarhagsmuni Íslendinga. Nei, það var ekki það. Það var ekki það sem þessu olli, heldur það, að þeir töldu að raforkan frá vatnsaflsvirkjununum væri að verða ónýt, eins konar rusl.

Jóhannes Nordal seðlabankastjóri lýsti því yfir á mjög greinilegan og ótvíræðan hátt strax snemma á árinu 1962, þegar hann var á ferðalagi erlendis til þess að ræða við erlenda aðila um að hefja rekstur útlendinga hér á landi, að Íslendingar þyrftu að losna við sem mesta orku. Hér á landi væri mikil orka föl við mjög

lágu verði. Jónas Haralz, sem var þá einn helsti efnahagsráðgjafi ríkisstj. var þessarar skoðunar líka. Hann taldi að kjarnorkan mundi innan skamms leysa vatnsaflsvirkjanirnar af hólmi og þess vegna væri nauðsynlegt fyrir Íslendinga að drífa þetta allt saman út sem allra fyrst, jafnvel þótt það væri fyrir spottprís. Það var þá sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, — sem er nú sennilega farinn að sofa eins og flestir aðrir vinir álverksmiðjunnar sýnist mér, hafa lagt sig blessaðir, — skrifaði greinarnar og hélt ræðuna um að hérna þyrftu að vera ekki bara ein eða tvær álverksmiðjur, ekki þrjár, ekki fjórar, ekki ein í kjördæmi, — 20 stykki áttu það að vera. 20 álverksmiðjur, það var framtíðarsýnin, spúandi drekar allt í kringum landið. Það var það sem átti að bjarga Íslandi þá, 20 álverksmiðjur!

Við erum hér að ræða um eina. Við erum hér að ræða um eina slíka og við erum að ræða um hvernig hún hefur komið fram við Íslendinga í sambandi við verðlagningu á súráli og rafskautum á liðnum árum. En það var ekki ein. Það voru 20 fabrikkur. Það hefði orðið lítið, er ég hræddur um, úr efnahagslegu sjálfstæði og forræði íslensku þjóðarinnar, ef þessir framtíðardraumar íhaldsins hefðu fengið að rætast. Og af hverju fengu þeir ekki að rætast? Þeir fengu ekki að rætast vegna þess að stjórnarandstaðan, sem þá var í landinu, var það sterk og öflug að hún gat fylkt þjóðinni til sigurs og samstöðu gegn þessari stefnu, svoleiðis að íhaldið þorði ekki lengra, og hafði kratana með sér eins og fyrri daginn, þorði ekki lengra, þannig að það varð ein verksmiðja.

Nú hefur það hins vegar gerst, að á þskj. 467 hefur nýr flokkur slegist í hóp álflokkanna tveggja, þriðji álflokkurinn, Framsfl. Getur það verið fyrirboði þess að þessi stefna, sem var boðuð fyrir 15—16 árum, verði framkvæmd hér á landi? Er hætta á því, raunveruleg hætta á því, að slíkt gerist? Ég bið ykkur að hugsa það alvarlega: Er það virkilega til í dæminu að hér sé Alusuisse búið að koma sér upp þeirri varnarsveit og sóknarsveit, að það sé hugsanlegt að það sé jafnvel verulegur hluti á Alþingi Íslendinga sem er tilbúinn að segja: Verksmiðjan skal ekki vera ein, heldur skulu þær hugsanlega vera tvær, og hugsanlega vera þrjár og fjórar í eigu útlendinga eða jafnvel 20. (Gripið fram í.) Er þm. þreyttur? (**Gripið fram í:** Mér heyrist ráðh. vera farinn að rugla.) Er hv. þm. orðinn lúinn? Vill hann fara heim? Ég er viss um að hæstv. forseti veitir honum heimferðarleyfi.

Hæstv. forseti er almennilegur við flokksbræður sína, sem hefðu þurft að vera hér í kvöld til að tala fyrir máli sínu, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, en hann er núna farinn heim að lúra og ég er viss um, að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson getur líka fengið heimferðarleyfi. En það er annars merkilegt með hann, að í hvert skipti sem ég vík að álverinu, Alusuisse og Framsfl., þá hrekkur hann í einhvern undarlegan baklás með frammíköllum og látum, þessi annars friðsami og prúði maður. Það er nokkuð sérkennilegt að það er eins og það sé komið við hjartað í honum, taugarnar. Vonandi á hann góðar og ærlegar taugar og það eru þær sem svara þegar bankað er, og það er vel að það skuli enn vera til í þessum hv. þm.

Hér, herra forseti, hef ég rakið í fáeinum orðum eitt og annað sem kom fram á Alþingi Íslendinga þegar umr. fóru fram um álverið á sínum tíma. Ég hef sýnt fram á að Eysteinn Jónsson og Einar Olgeirsson vöruðu við hinum miklu hættum sem gætu verið af því að innleiða erlent auðmagn hér í atvinnulíf Íslendinga og ég benti á hvernig Bjarni Benediktsson, þáv. forsrh., vísaði til þess að þrátt fyrir allt ætti þjóðin þann möguleika að taka þetta fyrirtæki eignarnámi, ef hún vildi.

En ég vil einnig víkja nokkuð að annarri hlið þessa máls, sem kom fram í umr. árið 1966. Það er mengunarþátturinn frá álverinu í Straumsvík. Ég minnist þess ákaflega vel, að þegar umr. fóru fram um álverið voru aðaláhersluatriðin þau, að raforkuverðið væri mjög óhagstætt. Það viðurkenna allir nú orðið, líka Sjálfstfl. Hann viðurkennir nú orðið að það hafi verið afglöp sem þeir gerðu þá í raforkumálunum, þannig að það eru allir sammála um það nú orðið. En önnur atriði til gagnrýni á þessum álsamningi heyrðust í sjálfu sér ekki eins vel og það er nokkuð athyglisvert að umræðan um mengunina frá álverinu var mjög lítil. Og ég man eftir því, að það er ekki lengra síðan en 1966 að orðið „mengun" þótti vera svo kostulegt hér í sölum Alþingis að menn settu á langar ræður um hvernig best væri að nefna þau ósköp sem á bak við það orð leynast.

Einn af þeim þm. sem vaskast gekk fram í því að ræða um mengunina var Alfreð Gíslason læknir. Alfreð átti þá sæti í Ed. og hann fór mjög rækilega yfir þessi mál varðandi mengun frá álverinu og hann gagnrýndi mjög harðlega að ekki væri gerð tilraun til þess í samningum að tryggja hreinsun og uppsetningu hreinsitækja þar. Í ræðu sinni sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég bendi á, að hér er um stórt heilbrigðismál að ræða og kannske miklu stærra en okkur órar fyrir í dag. Það er alkunna, að mengun andrúmsloftsins í þéttbýli nútímans er vaxandi vandamál. Við getum allt eins búist við því að hér sé á ferðinni stórfellt heilbrigðislegt vandamál, sem krefst þess að við verðum varkárari gagnvart aðila eins og Alusuisse."

Alfreð var þá og er enn starfandi læknir í Reykjavík og því sérfræðingur á þessu sviði. Hvernig tóku menn aðvörunarorðum þessa læknis? Tóku menn undir aðvörunarorð hans og sögðu sem svo, að þeir mundu reyna að leggja sig fram um að mengun frá verksmiðjunni yrði sem minnst, það yrði reynt að koma þar upp mengunarvörnum? Greindu þeir frá því að þeir hefðu í bígerð að krefjast þess að sett yrðu hreinsitæki á þessa verksmiðju? Nei, það var nú eitthvað annað. Þessum orðum Alfreðs Gíslasonar, aðvörunarorðum hans, var tekið af fádæma skilningsleyfi og hroka í umr. í þinginu. Það var sagt: Ég lýsi stórkostlegri undrun minni, sagði einn talsmaður álsamningsins, á því hvernig þm. talar. Og ég hef „sjaldan heyrt sérfræðinga, eins og þessi hv. þm. er sem læknir, tala eins gáleysislega og hann gerði ... Hér eiga Hafnfirðingar að detta niður í tugum og hundraðatali steindauðir áður en varir, og röðin kemur að Reykvíkingum næst".

Svona var afgreiðsla viðreisnarleiðtoganna á aðvörunarorðum Alfreðs Gíslasonar læknis vegna mengunarinnar frá álverinu í Straumsvík. Það var ekki verið að taka undir það, að það gæti nú kannske verið einhver hætta frá þessari fabrikku. Það var ekki nokkur vottur af sanngirni af slíkum toga og þetta var afgreitt með skætingi og sagt: „Hér eiga Hafnfirðingar að detta niður í tugum og hundraðatali steindauðir áður en varir, og röðin kemur að Reykvíkingum næst." Það var talin

þvílík fjarstæða að gera kröfur um mengunarvarnir í Straumsvík að engir nema ofstækismenn af versta toga, sem vildu eyðileggja lýðræðið í landinu, gætu látið sér detta annað eins í hug.

Ég man þegar þessi umr. stóð sem hæst., m. a. í okkar blaði Þjóðviljanum. Þá kom það fram að þeir vísindamenn sem vildu vara við hættunni frá álverinu áttu hvergi inni — fengu hvergi inni fyrir sín aðvörunarorð nema í Þjóðviljanum. Þeim var neitað um birtingu á aðvörunargreinum sínum í öðrum blöðum, Morgunblaðinu, blaði allra landsmanna, Vísi, Alþýðublaðinu. Það mátti ekki nefna hugsanlega mengun frá þessu fyrirtæki. Þeir vísindamenn sem beittu sér fyrir því að ræða um mengunina frá álverinu í Straumsvík voru hundeltir. Það var ekki nóg með að það væri reynt að frysta það sem þeir höfðu að segja, loka það inni, heldur voru þeir hundeltir og taldir tortryggilegir útsendarar heimskommúnismans. Svona menn gætu í raun og veru ekki verið á vegum neinna annarra en þess sem kallað hefur verið heimskommúnismi hér í þessu landi þegar borgarastéttin verður algerlega rökþrota og veit ekkert hvað hún á að segja. Þá reynir hún að bregða fyrir sig þessari gömlu grýlu frekar en engu.

Við umr. um álmálið þótti umr. um mengun í raun og veru beint aukaatriði og það var ekki fyrr en mörgum árum seinna að Magnús Kjartansson, heilbrrh. 1971—1974, tók á þessu máli. Hann gerði það með því að setja reglugerð um eiturefni og hættuleg efni. Þessi reglugerð kvað á um hreinsitæki og hreinsun frá verksmiðjum og starfsleyfi fyrir slíkar verksmiðjur. Síðan hafa starfsleyfi verið gefin út fyrir verksmiðjur hér á landi og í hitteðfyrra gerðist það í fyrsta sinn að ákveðin lög voru sett í landinu um það, hvernig ætti að taka á slíkum málum varðandi starfsleyfi frá verksmiðjum. Það voru lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Svo langt tókst að ná þessu máli á 15 ára afmæli þeirrar yfirlýsingar að í raun og veru væri þetta ómerkilegt tal sem Alfreð Gíslason var með og hótanir um að hér ættu Hafnfirðingar að detta niður í tugum og hundraðatali steindauðir áður en varir og röðin kæmi að Reykvíkingum næst, á 15 ára afmæli þessara skilningsríku ummæla voru samþykkt hér lög shlj. um að taka á fyrirtækjum af þessum toga. Það hefur verið komið upp hreinsitækjum við álverið í Straumsvík og þeirri framkvæmd var lokið í tíð núv. ríkisstj.

Einn af þeim mönnum sem ræddi álbræðsluna í Straumsvík var hv. þm. Ásgeir Bjarnason sem seinna varð forseti Sþ. Hann var síðastur þeirra ræðumanna sem töluðu í umr. um álbræðsluna í Straumsvík og ég nefni hann hér sérstaklega vegna þess að hann varð seinna forseti þessarar virðulegu samkomu og hann mælti nokkur orð í lok ræðu sinnar sem mér finnst að eigi mjög vel við núna. Hann sagði:

„Takist þjóðinni að velja sér slíka forustu, sem sameinar krafta sína um heill og hag landsmanna almennt, en hugsar ekki um hag auðhyggjumanna." — Hag auðhyggjumanna! Hvaða framsóknarmaður ætli segði þetta nú til dags? Þetta sagði þessi bóndi vestan úr Dölum. — „en hugsar ekki um hag auðhyggjumannanna ..vona ég, að betur takist til í framtíðinni með framkvæmd þessa samnings en nú horfir, og það er eina von okkar Íslendinga nú á þessari stundu, þar sem þjóðin fær ekki að segja sitt álit á þessum samningi með þjóðaratkvgr., að hún standi sameinuð um það að skaffa öðrum framsýnni og betri mönnum forustu þjóðmálanna í framtíðinni og þar með meðferð þessara mála, svo að betur takist til heldur en við má búast hjá þeirri stjórn, sem nú situr að völdum. Í þeirri von og þeirri trú óska ég," sagði Ásgeir Bjarnason í Ásgarði, „að þjóðin skilji sitt hlutverk, þegar til kosninga kemur, og velji sér forustu í landsmálum með það fyrir augum, að hún hafi sitt að segja, þótt henni hafi ekki verið gefið tækifæri til að segja sitt álit á þessu máli með sérstakri atkvgr., þá skilji hún sitt hlutverk í næstu kosningum og veiti þar með núverandi þingmeirihluta þá ráðningu, sem honum væri fyrir bestu, þ. e. að hann kæmi ekki nálægt slíkum stjórnarstörfum framvegis."

Þessi orð eiga vel við á þessari stundu. Þau eiga ákaflega vel við þann álmeirihluta undir forustu Eggerts Haukdals sem hér hefur myndast á hv. Alþingi. Staðreyndin er sú, að á undanförnum áratugum eða hálfum öðrum áratug, sem þessi álsamningur hefur verið í gildi, þá hefur ekki alltaf auðnast að velja til forustu menn sem hefðu kjark til þess að taka á málum þessa auðhrings. Einn þeirra manna sem hefur haft kjark til þess er núv. hæstv. iðnrh. og staðreyndin er sú, að enginn íslenskur ráðh. hefur setið undir öðrum eins fúkyrðaflaumi og sefasýkisköstum í borgarablöðunum í landinu eins og þessi hæstv. ráðh. Það er vegna þess að þeim finnst, þessum blöðum og talsmönnum þessara flokka, eins og þessi ráðh. sé að ganga inn í heilög vé, hann sé að saurga helgidóminn, því að þar eigi ekki þeir að koma sem eru vantrúaðir, heldur aðeins þeir sem eru rétttrúaðir.

Núv. hæstv. iðnrh. hefur sýnt fram á hvernig auðhringurinn hefur verðlagt súrál og rafskaut á liðnum árum. Hann hefur sýnt fram á hvernig hann hefur leikið sér að íslenskum samningamönnum í samningum árið 1975, þannig að minna en ekkert stendur eftir af þeim afrekum, og hann hefur sýnt fram á að þessi auðhringur vill ekki semja við Íslendinga um hækkun raforkuverðs. Það liggur fyrir. Þá snúast þessir æðstu prestar álmusterisins hinir verstu við og segja: Iðnrh. hvorki vill né getur samið. Iðnrh. vill ekki semja. Þetta er auðvitað þvílík fjarstæða, þvílíkur barnaskapur og endileysa að engu tali tekur, því auðvitað vill iðnrh. gera allt sem hægt er til að knýja fram hærra raforkuverð. Með því að hækka raforkuverð eins og eðlilegt er væri hægt að lækka raforkuverð í heildsölu í landinu um 50%, hvorki meira né minna. Haldið þið að iðnrh., sem kemur úr dreifbýliskjördæmi þar sem menn fá svimandi háa rafmagnsreikninga um þessar mundir, hljóti ekki að leggja ofurkapp á að ná samningum um hækkun raforkuverðs frá álverinu?

Umr. um að hæstv. núv. iðnrh. vilji ekki semja eru til marks um rökþrot þeirra talsmanna Alusuisse hér á Íslandi. Auðvitað hlýtur iðnrh. að leggja á það ofurkapp að hækka raforkuverðið. Þar er um að ræða ríka hagsmuni íslensku þjóðarinnar, þannig að það getur skipt sköpum um ýmsar meginstærðir í lífskjörum landsmanna. Þegar við stöndum frammi fyrir því að ekki fást samningar um hækkun raforkuverðs förum við auðvitað þá leið sem ríkisstj. gerði samþykkt um snemma á síðasta ári. Við segjum: Það er ekkert annað að gera en að hækka samningana einhliða, hækka verðið einhliða og taka um það ákvörðun með lögum frá Alþingi. Þess vegna höfum við lagt fyrir frv. til l. um leiðréttingu orkuverðs til ÍSALs. Við höfum lagt þetta

frv. fyrir vegna þess að við teljum að þarna verði Íslendingar að ná sínum rétti og við teljum að við stöndum þarna á mjög svipuðum krossgötum, svipuðum vegamótum, og þjóðin stóð þegar landhelgin var færð út á sínum tíma og útlenskir togarar voru reknir úr fiskveiðilandhelgi. Staðan núna er hins vegar þannig, að þrír stjórnmálaflokkar hafa sameinast um að standa við hliðina á álverksmiðjunni í þessu máli, því miður. Einn stjórnmálaflokkur stendur fast á rétti Íslendinga, eins fast og hann getur. Hann mun leita til þjóðarinnar í næstu kosningum og biðja hana um stuðning við íslenska atvinnustefnu gegn hinni útlendu stefnu, gegn þeim flokkum sem hér flytja tillögu á Alþingi Íslendinga um að hneigja sig fyrir Alusuisse.

Við Alþb.-menn, sem stöndum að því að flytja till. um leiðréttingu á raforkuverði álversins, verulega hækkun á því, erum sammála þeim sem stóðu að því á sínum tíma að lögleiða lýðveldi á Íslandi árið 1944. Við teljum að þeir hafi gert rétt en ekki rangt með sinni ákvörðun. Við teljum að það sé ekki ástæða til þess fyrir þjóðina að sjá eftir því að hún samþykkti í allsherjaratkvgr. að hér skyldi stofnað lýðveldi 17. júní 1944. Við minnum á að á undanförnum áratugum hefur baráttan í þessu landi snúist um hvort menn hafa haft trú á því að menn gætu lifað hér í þessu landi sem sjálfstæð þjóð og fullvalda ríki eða hvort við þyrftum að segja okkur á sveit erlendra auðfélaga eða að ganga undir jarðarmen stórveldanna með einhverjum hætti.

Við höfum sýnt fram á það með nýsköpunarstjórninni 1944—1946 að það var hægt að treysta svo grundvöll íslenskra atvinnuvega að byggja mátti upp góð lífskjör í landinu. Við höfum sýnt fram á að hermangsvinnan var ekki nauðsyn, en það töldu svokallaðir lýðræðisflokkar hér eftir 1950. Þeir töldu að hermangsvinnan væri brýn nauðsyn og Íslendingar gætu ekki lifað af eigin atvinnu í landinu. Það var á þeim árum sem fjórða hver króna í gjaldeyristekjum Íslendinga var komin af vellinum og menn töldu að það væri í raun og veru útilokað annað en við mundum um aldur og ævi vera háðir hermangsvinnunni hér á þessu landi. Alþb., sem var aðili að ríkisstjórn árið 1956—1958, beitti sér fyrir uppbyggingarstefnu atvinnuveganna og útfærslu landhelginnar, sem hafði það í för með sér að stefnu hermangsvinnunnar var hnekkt. Þeir menn sem töldu að Íslendingar gætu ekki unnið hér við eigin bjargræðisvegi urðu sér til skammar. Reynslan setti þá út í horn. En þeir komust aftur hér til valda í landinu upp úr 1960 og það var stofnuð viðreisnarstjórnin, sem var til hér í 10 ár. Sú stjórn vann verulegt tjón, verulegt og alvarlegt tjón á möguleikum okkar þjóðar til þess að ráða málum sínum sjálf, með því að troða álverinu upp á landsmenn með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Sú stjórn taldi að hér þyrfti að reisa 20 álver vegna þess að við hefðum fært landhelgina út að fullu í 12 mílur og það væri ekki hægt að bæta þar neinu við. Sú stjórn gerði nauðungarsamninga við Breta og Vestur-Þjóðverja um að landhelgin skyldi aldrei færð út úr 12 mílum nema með leyfi Breta og Vestur-Þjóðverja. Sem betur fer var þessari stefnu hnekkt. Þessari stefnu var hnekkt með stofnun vinstri stjórnarinnar 1971, sem starfaði til 1974. Það var ríkisstjórn þar sem Alþb. fór með sjávarútvegsmál og landhelgin var færð út í 50 sjómílur. Álstefnan varð sér þá til skammar. Orkusölustefna hinna erlendu auðhringa varð sér þá til skammar.

Við höfum nú á liðnum árum verið að byggja upp hér í landinu íslenska stefnu í orkunýtingarmálum, íslenska iðnaðar- og atvinnustefnu. Við höfum trú á að sú stefna sé affarasælli fyrir sjálfstæði þjóðarinnar en sú stefna sem álbarónarnir boða með þáltill. sem hér liggur fyrir. Virðingarleysi þeirra við málið og Alþingi og hæstv. forseta er hins vegar með slíkum endemum að aldrei hefur annað eins sést á þeim árum, fáum að vísu, sem ég hef verið hér í þinginu. Flm. láta ekki sjá sig. Þeir forðast að koma hér í salinn og þá sjaldan þeir koma í salinn gjamma þeir fram í eitthvert ráðleysisnöldur og örsjaldan bregður þó fyrir hv. þm. Friðrik Sophussyni. (**FrS:** Ég hlustaði á hæstv. ráðh.)

Að lokum væri kannske fróðlegt, úr því að hv. þm. Friðrik Sophusson er kominn í salinn, að spyrja hann nokkurra spurninga um þessi mál. Ég spurði í upphafi ræðu minnar hvort ákveðið hefði verið hver yrði formaður í þeirri nefnd sem þarna á að fara að kjósa. Hver verður formaður í þeirri nefnd? Ég legg þá spurningu fyrir hv. þm. Friðrik Sophusson. (**FrS:** Það stendur í þáltill., er það ekki? Þeir eru miklu síður í Alþb.) Nei, því miður. Það er nú kominn tími til að þú kannaðist við það að þú hefðir lítið lært af okkur. En kannske geturðu lært eitthvað aðeins af okkur í þessum efnum og þess vegna erum við að reyna að tala við þig hér og þykir vænt um að sjá þig hér í salnum. En hér er það að gerast að álhringurinn Alusuisse er að kljúfa Íslendinga. Það er verið að byggja hér múr á milli manna á Íslandi, annars vegar Alþb. og þeirra sem vilja standa fast á íslenskum málstað og hinna sem vilja ganga í verkin fyrir Alusuisse. Hér er komið að grundvallaratriði í allri stjórnmálasögu eftirstríðsáranna á Íslandi.

Hér stöndum við og ræðum um þetta mál á löggjafarsamkomu þessarar litlu þjóðar um hánótt til að ræða um þessi grundvallaratriði og hvað er að gerast? Það bíða menn í Zürich, í höfuðstöðvum Alusuisse, eftir niðurstöðum þessara umr. Verður samþykkt hér till. um að Alþingi Íslendinga hneigi sig fyrir Alusuisse eða sjá menn sóma sinn í því að draga skömmina til baka? Þá yrði sómi flm. meiri en ella.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Kosningar hafa verið boðaðar 23. apríl n. k. Í kosningalögum segir að framboðum skuli skilað eigi síðar en fjórum vikum og þremur dögum áður en kosningar fara fram. Sem sagt, framboðsfrestur fyrir þær kosningar sem fram undan eru rennur út eftir aðeins 11 daga. (**Gripið fram í:** Það er búið að stytta frestinn.) Til þess að stytta þessa fresti þarf löggjöf og engar tillögur hafa verið lagðar fram um slíka löggjöf hér í þinginu. Ljóst er að til þess að unnt sé að láta kosningar fara fram 23. apríl, eins og boðað hefur verið og flokkarnir eru sammála um að verði, verður að rjúfa þing nú um þessa helgi, ef eiga að vera tæknilegir möguleikar á því að koma fram kosningum um þá helgi, 23. apríl með skaplegum hætti og án þess að Alþingi samþykki sérstaklega undanþágu frá kosningalögum um lengd framboðsfrests og lengd kosningabaráttu, sem engar tillögur hafa verið gerðar um.

Ljóst er að þing hlýtur að verða rofið innan mjög skamms tíma, sennilega er einn þingdagur eftir. Á dagskrá Ed. Alþingis í dag voru 14 mál, á dagskrá Nd. Alþingis voru 14 mál og á dagskrá Sþ. voru 27 mál.

Mjög fá þessara mála voru til umr. hér í dag og enn færri hlutu afgreiðslu. Mörg helstu stórmál þingsins bíða þess að verða afgreidd á þessum örstutta tíma sem til ráðstöfunar er. En tími gefst ekki til slíkra verka. Tími gefst ekki til þess að ræða hér um vegalög og afgreiða þau ellegar ræða hér um vegáætlun. Tími gefst ekki til þess að taka fyrir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í Ed. vegna þess að hér eru ákveðin mál látin hafa algeran forgang.

Það mál sem allra mestan forgang hefur er það mál sem nú er til umr. og flutt er af talsmönnum þriggja flokka sem slegið hafa sér saman í eina sæng og ætla sér að móta nýja stefnu á einu mikilvægasta sviði íslenskra stjórnmála. Hvert er þá þetta þingmál, sem er svona gífurlega mikilvægt að öll önnur mál verða að víkja fyrir því? Jú, það er till. á þskj. 467, till. til þál. um viðræðunefnd við Alusuisse. Þessi till. hefur vakið mikla furðu allt frá því að hún kom fyrst fram og það sannarlega af mörgum ástæðum.

Eitt það fyrsta sem menn ráku augun í var það, að þessi þáltill. var flutt af meiri hl. atvmn., eins og hann var nefndur, en hvergi í till. var þess getið hverjir skipuðu þennan meiri hl. Þegar fluttar eru tillögur annaðhvort af meiri hl. eða minni hl. n., þá fylgir þeim ævinlega grg. ellegar sérstakt nál. undirritað af ákveðnum nm. En svo hroðvirknislega var að þessum tillöguflutningi staðið, að það kom hvergi fram í till. hverjir skipuðu þennan meiri hl., hvort það væru 4, 5 eða 6 menn í n. og hverjir þeir væru. (**Gripið fram í:** Ráðh. hefur ekki lesið tillöguna.) Ég hef lesið till., en það er bara allt önnur till. Það er greinilegt af öllu að það hefur orðið að endurprenta þskj. og setja í sviga nöfn þeirra sem flytja till. Þetta er svo sem ekki stórmál, en hins vegar kannske dæmigert um þau hroðvirknislegu vinnubrögð, sem einkenndu þennan tillöguflutning alveg frá öndverðu, og það óðagot, sem lýsir sér í samstöðu þessara þriggja flokka, sem telja það nú þýðingarmest allra mála að koma þessu þingmáli fram.

Þetta er till. um að skipa skuli sex manna viðræðunefnd og þessi viðræðunefnd á að hefja tafarlausar viðræður við Alusuisse um endurskoðun á samningi íslenska ríkisins við fyrirtækið um rekstur Íslenska álfélagsins, eins og segir í till. Hver þingflokkur á að tilnefna einn fulltrúa, forsrh. einn og Landsvirkjun einn fulltrúa. Nefndin kýs sér formann. Menn reka auðvitað strax augun í það, að hér á iðnrn. hvergi að koma nærri, það rn. sem hefur með iðnaðarmál að gera, þ. á m. öll viðskipti við þetta fyrirtæki. Hér er sem sagt verið að gera tilraun til þess að taka stóran málaflokk úr höndum iðnrh. Hann á ekki einu sinni að fá að skipa mann í nefndina. Það er verið að taka þennan málaflokk úr höndum ríkisstj. og fela hann ákveðinni viðræðunefnd. Nú er spurningin hvað gerist, ef viðræðunefndin kemst að ákveðinni niðurstöðu og gerir samning við Alusuisse, en iðnrn. og ríkisstj. vill ekki samþykkja viðkomandi samning. Ekki er þess getið í till. hvað gera skal, ef slík staða kemur upp. En auðvitað er ljóst að ef þetta gerðist, þá stæði viðræðunefndin uppi eins og þvara og gæti engan löglegan samning gert, svo einfalt mál er það. Staðreyndin er auðvitað sú, að það er lögleysa, fáheyrð lögleysa, sem hér er gerð till. um, að Alþingi geri tilraun til þess að taka heilan málaflokk úr höndum ákveðins ráðh. og fela sérstakri nefnd. Það er margsannað í íslenskum stjórnskipunarrétti að slík vinnubrögð standast ekki. (**FrS:** Þetta er rangt.)

Hv. þm. Friðrik Sophusson segir að þetta sé rangt. Ég vil minna hv. þm. á það, að í 14. gr. stjórnarskrárinnar segir að ráðh. beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Í lögum nr. 73/1969 um stjórnarráðið eru ákvæði um skiptingu starfa milli rn. og greiningu stjórnarráðsins í rn. og í auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, hún mun vera nr. 96 frá 1969, er stjórnarmálefnum skipt milli rn. og þar segir að mál er varða iðju og iðnað heyri undir iðnrn. Málefni álversins eiga samkv. þessu að heyra undir iðnrh. og meðan lögum hefur ekki verið breytt, það dugar ekki þáltill. ber iðnrh. stjórnskipulega ábyrgð á meðferð þessa máls. Forræði málsins verður einfaldlega ekki tekið úr hans höndum með þáltill. af þessu tagi.

Á það hefur verið bent hér í þessum umr. að Alþingi hefur a. m. k. einu sinni áður reynt að skipa málefni, sem ákveðið var í lögum, með þál. Sú ráðstöfun leiddi til dómsmáls sem kom til kasta Hæstaréttar. Ég hygg að iðnrh. hafi fyrr í þessum umr. rakið þau málaferli og ætla ég ekki að endurtaka þau hér, en mergurinn málsins var sá, að Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þar sem fjmrh. hefði verið fengin yfirstjórn bifreiðasölu gæti Alþingi ekki með samþykkt þáltill. kosið nefnd til að gegna þessu hlutverki, að annast úthlutun bifreiða. Þá ríktu að vísu aðrir tímar í landinu en nú. Þá þurftu menn að sækja um til ríkisins að mega kaupa bifreið. Einhverjum kom til hugar að páv. fjmrh. væri ekki treystandi til að úthluta bifreiðum og réttast væri að sérstök nefnd, væntanlega með kommissörum frá öllum flokkum, fengi þetta hlutverk. En Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að slík afskipti Alþingis væru með öllu ólögleg.

Í þessu sambandi er líka rétt að benda á að í riti sínu Stjórnskipun Íslands segir Ólafur Jóhannesson: „Þingsályktanir eru samþykktir Alþingis. Til þeirra þarf ekki atbeina forseta. Þær fela fyrst og fremst í sér yfirlýsingar Alþingis, en geta þó skipt máli sem réttarheimild. Lagagildi hafa þær auðvitað ekki, og geta ekki komið í stað laga, þar sem þau eru nauðsynleg. Þær geta eigi heldur breytt lögum og verða að þoka að því leyti sem þær verða ekki samþýddar settum lögum, sbr. Hrd. XIV bls. 92" en það er einmitt dómurinn sem ég vitnaði í nú rétt áðan.

Sem sagt, aðalatriðið er að málefni af því tagi sem hér um ræðir verður ekki skipað svo löglegt sé með þál., aðeins með lögum. Að því leyti er þetta mál ranglega flutt hér inn á Alþingi. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þennan þátt málsins.

Í till. til þál. er þess sérstaklega getið, að við endurskoðun á samningnum verði lögð rík áhersla á verulega hækkun raforkuverðs. Jafnframt verði leitað eftir hækkun á raforkuverði sem gildi aftur í tímann. Ég hefði nú talið æskilegt að ekki væri notað svo innilega loðið orðalag sem hér um ræðir, að leitað verði eftir verulegri hækkun raforkuverðs, vegna þess að auðvitað er það jafn teygjanlegt hugtak eins og teygjanlegur rabarbaragrautur. Það er hægt að teygja á þessu í allar áttir.

Hvað þýðir þetta hugtak, veruleg hækkun á raforkuverði? Ég vek á því athygli að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson taldi að veruleg hækkun á raforkuverði,

sem hann teldi að gæti komið til greina nú sem næsta skref, væri hækkun um 20—25% og ég hef heyrt menn nefna hliðstæða prósentutölu. Ég vil spyrja hv. þm. Friðrik Sophusson, sem gerir okkur þann heiður að vera þó hér til andsvara, og vil ég þakka honum fyrir það, en það er meiri og betri framkoma en aðrir hv. flm. þessa frv. sýna, að undanteknum ágætum þm. Alþfl. Jóni Baldvin Hannibalssyni, ég vil spyrja Friðrik Sophusson: Hvaða rammi er hugsanlega utan um þetta hugtak, veruleg hækkun raforkuverðs? Er þar átt við hækkun af stærðargráðunni 10—30%, svo að ég auðveldi honum svarið, ellegar getur veruleg hækkun þýtt talsvert miklu meiri hækkun verðsins?

Ég vil vekja á því athygli og kem nú raunar að því hér síðar á eftir, að raforkuverðið til ÍSALs í dag er ekki nema um það bil ⅓ af því sem getur talist hæfilegt verð, miðað við þá samninga sem víða hafa verið gerðir erlendis og miðað við framleiðslukostnaðarverð raforku frá innlendum orkuverum. Því má segja að hæfileg hækkun orkuverðs væri hækkun upp á 200%. Kannske verðum við að sætta okkur við eitthvað minni áfanga fyrst í stað. T. d. hefur hæstv. iðnrh. nefnt það sem hugsanlegan fyrsta áfanga, að raforkuverðið sé hækkað um 100%, þ. e. um sé að ræða tvöföldun á raforkuverði. Það teldi ég að gæti hugsanlega talist veruleg hækkun. En ég tel að 20—25% hækkun geti ekki talist nein teljandi hækkun sem vit væri í að fallast á. Alþingi verður að fá að vita hvað flm. hafa í huga þegar þeir nefna hugtak af þessu tagi. Þarna eru því auðvitað ein skringilegheitin, einn veikleikinn við þennan tillöguflutning, að hann er harla loðinn hvað þetta atriði snertir.

Síðan komum við að því furðulega ákvæði, sem finna má í 3. mgr. tillgr., þar sem tillögumenn ætlast til þess að Alþingi lýsi því yfir áður en samningar hefjast og gefi álverinu það í forgjöf, að Alþingi sé reiðubúið að fallast á stækkun álversins í tengslum við viðunandi hækkun á raforkuverði.

Ég ætla nú að víkja hér á eftir að forsögu þessa máls, að reynslu Íslendinga af viðskiptum sínum við álverið í Straumsvík. En getur það virkilega verið ætlun tillögumanna að þessi auðhringur, sem hér hefur fengið að reisa mikið iðjuver, fái forgang umfram alla aðra framkvæmdaaðila að byggja stóriðju á Íslandi í náinni framtíð? Er það virkilega ætlunin að þeim sé afhent þetta loforð svona nánast í morgungjöf á fyrsta degi samningaviðræðna þegar menn setjast að samningaborðinu? Það væri fáheyrt slys ef Íslendingar slysuðust til þess að stíga slíkt ógæfuspor. Og raunar má segja að það að leggja fram till. um slíkt hér á Alþingi, till. sem fyrir löngu er orðin opinbert gagn og hefur vafalaust þegar verið hengd upp á vegg í aðalstöðvum svissneska álhringsins í Zürich, að hún skuli koma fram er sannarlega mikið hneyksli.

Loks segir í þessari till.: „Til að stuðla að því, að viðræður geti hafist án tafar, verði fallist á að setja deilumál um verð á súráli, rafskautum og skatta í gerðardóm sem aðilar koma sér saman um.“

Það liggur fyrir, að nýlega hefur verið gengið frá nær öllum óútkljáðum skattamálum þessa fyrirtækis á undanförnum árum og fjmrn. hefur nýlega lokið við skuldfærslu Íslenska álfélagsins, sem samtals nemur 6 660 030 Bandaríkjadölum eða hvorki meira né minna en samtals 127 millj. ísl. kr. vegna endurákvörðunar á framleiðslugjaldi sem félagið greiddi á árunum 1976—1980. Nefndin gerir sem sagt að till. sinni að þessi ákvörðun fjmrn. sé rifin upp, sé ómerk gerð og Íslendingar leggi nú mál þetta í gerðardóm og uni því, að sú skuldfærsla sem gerð hefur verið sé hugsanlega endurskoðuð og henni breytt, ef í þessum gerðardómi sitja menn sem ekki líta þær ákvarðanir réttu auga sem teknar hafa verið. Ég vil benda á í þessu sambandi að ÍSAL átti verulega skattinneign hjá ríkissjóði. En að þessari skuldfærslu lokinni er hún ekki lengur til staðar. Þess í stað á ríkissjóður nú inneign hjá ÍSAL sem nemur hvorki meira né minna en rúmlega 1.8 millj. Bandaríkjadala miðað við árslok 1980. Inneignin jafngildir 35 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Er það virkilega ætlun nefndarinnar að þessi ákvörðun verði rifin upp? Hvað er það í þessari ákvörðun fjrmn. sem nefndin getur ekki sætt sig við?

Ég vil vekja á því athygli í þessu sambandi, að fjmrn. hafði tvívegis áður endurákvarðað skatt Íslenska álfélagsins. Við vorum búnir að ákveða skattinn fyrir árin 1976 og 1980. Og það hafði hvorki heyrst hósti eða stuna frá neinum innlendum aðila, hvorki frá stjórnarandstöðunni eða frá samstarfsaðilum okkar í ríkisstj. Þó er meira en ár liðið síðan fyrsta ákvörðunin af þessu tagi var tekin. Það hefur enginn gert tilraun til að gagnrýna þessa ákvörðun. Meira að segja hafði svissneska álfélagið alls ekki kært þessa ákvörðun til gerðardóms, hafði að vísu mótmælt henni en í hvorugt skiptið kært hana til gerðardóms. Seinasta ákvörðunin er svo tekin núna fyrir skemmstu eða 10. febr. s. l. Þá rýkur stjórnarandstaðan upp til handa og fóta og mótmælir. Það skyldi ekki vera að við ættum eftir að sjá Alusuisse skjóta þessu máli til gerðardóms? Það kynni kannske að vera að þessi viðbrögð stjórnarandstöðunnar í málinu, þessar ábendingar stjórnarandstöðunnar í málinu yrðu til þess að þeir hefðu einhverja meiri von um að vinna sitt mál, úr því að íslenskir aðilar taka svo óvenjulega og óþjóðholla afstöðu í deilumáli íslenska ríkisins við erlenda aðila. Staðreyndin er auðvitað sú, að ef stjórnarandstaðan hefði hegðað sér með svipuðum hætti í þessu máli eins og hún gerði áður þegar skatturinn var ákveðinn, þá eru allar líkur á því að ÍSAL hefði látið kyrrt liggja. A. m. k. skilur maður ekki, úr því að þeir kærðu ekki tvö fyrstu skiptin, af hverju þeir hefðu þá átt að fara að kæra í þriðja sinnið. En þegar stjórnarandstaðan kemur þeim alveg sérstaklega til hjálpar í þessu máli, þá er auðvitað ekki á góðu von.

Ég vil vekja á því athygli, að með skipun þessarar nefndar væri ekki aðeins verið að setja á fót einhverja litla nefnd sem ætti að standa fyrir viðræðum. Í tillgr. segir: „Viðræðunefndin skal hafa fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem þegar liggja fyrir um mál þetta. Ennfremur er nefndinni heimilt að leita samstarfs við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Það er greinilegt að þarna er engin smástofnun á ferðinni. Það er verið að setja hér upp alveg sjálfstæða stofnun, þó að það verði að sjálfsögðu ekki gert nema með lögum, ef rétt er á haldið. Það er greinilegt að tillögumenn, flm. þessarar till. gera ráð fyrir því að kostnaður af störfum nefndarinnar geti orðið töluvert mikill. Þegar þannig er háttað ber lögum samkvæmt að

gera áætlanir um hversu mikill þessi kostnaður verður. Ég vil vekja athygli forseta á því, að enn hefur ekki verið gerð till. um að sú þáltill. sem hér er til umr. fari til nefndar. Flm. hafa ekki gert till. um það. Ég vil því leyfa mér að gera þá till. og vil biðja forseta að punkta það hjá sér, svo að aðalforseti Sþ. viti það, að gerð hefur verið till. um að mál þetta fari til nefndar. Og þar sem málið er flutt af meiri hl. atvmn. hygg ég að ekki sé viðeigandi að till. sé send til sömu nefndar. Ég geri því till. um að málið sé sent til hv. fjvn. og geri það með þeim ótvíræðu rökum, að í 15. gr. þingskapalaga segir með leyfi forseta:

„Fjvn. fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þáltill. sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði."

Í þessari till. er alveg sérstaklega tekið fram að kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Það er því alveg ótvírætt að till. ber að vísa til fjvn. Það er ekki hægt að skorast undan því. Það er ljóst af þingskapalögum að ætlast er til þess að tillögur, sem hafa kostnað í för með sér, fari til fjvn. Því ber að samþykkja það hér að lokinni þessari umr. að svo verði gert. Ég efast ekki um að það verði gert. En ég vil þá sérstaklega benda hv. fjvn. á að þegar till. verður komin til nefndarinnar beri henni að snúa sér til fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjárlaga- og hagsýslustofnun á þá í samráði við tillögumenn að gera áætlun um hvaða kostnaður verður af störfum nefndarinnar. Vænti ég þess að hv. þm. (**FrS:** Eins og venja er.) Friðrik Sophusson, sem hlær nú svo dátt og er ánægjulegt að heyra í honum stöku sinnum, verði hjálplegur við að gera slíka áætlun svo að hún geti fylgt nál. fjvn. þegar því verður skilað hingað aftur til þingsins. (**FrS:** Ég skal minnast þessara orða.) Um þessa till. er að öðru leyti ekki ástæða til að fjölyrða. Hér er tillraun gerð til þess að svipta ríkisstj. umráðum yfir einu mikilvægasta málefni sem er á dagskrá íslenskra stjórnmála í dag. *Þessi tilraun er lögleysa í sjálfu sér og því að engu hafandi.*

Áreiðanlega hafa menn tekið eftir því, að orka hefur hækkað mjög í verði á undanförnum mánuðum, misserum og árum. Það er talið að heildsöluverð á raforku til almenningsveitna í landinu hafi hækkað um hvorki meira né minna en 1440% á undanförum fjórum árum. En hvað skyldi byggingarvísitala hafa hækkað um mörg prósentustig á sama tíma? Ég hygg að það sé um 440%. Sem sagt, á sama tíma og heildsöluverð frá Landsvirkjun hefur hækkað um 1440%, þá hefur byggingarvísitala hækkað um 440%. Þetta er skuggaleg hækkun sem kemur niður á öllum íslenskum heimilum. Sérstaklega veldur þetta drápsklyfjum á herðar þeirra fjölmörgu landsmanna sem verða að kynda hús sín með olíu.

Hvað veldur nú þvílíkum ósköpum? Hver er ástæðan fyrir því að svo illa hefur til tekist, að raforka hefur hækkað svo gífurlega? Ýmsar geta ástæðurnar verið. Ég hygg að ein helsta ástæðan verði að teljast sú, að á seinustu tveimur árum hefur dollar hækkað mjög verulega í verði. Hann hefur hækkað umfram allar aðrar myntir, en verulegur hluti af skuldum Landsvirkjunar er einmitt í dollurum. Og það eru engar smáskuldir sem hvíla á Landsvirkjun. Ég hygg að meiri hluti allra skulda landsmanna séu skuldir Landsvirkjunar, og mikill meiri hluti þeirra er í dollurum, þannig að þegar hann hefur hækkað svo gífurlega sem raun ber vitni hefur fyrirtækið auðvitað lent í miklum vanda.

En það ber fleira til. Fyrirtækið hefur á seinasta áratug reist orkumannvirki sem hafa verið misjafnlega hagkvæm. Eitt þessara orkumannvirkja er Sigölduvirkjun, sem hefur reynst að ýmsu leyti verkfræðileg mistök. Sigölduvirkjun hefur alls ekki skilað þeirri orku sem gert var ráð fyrir að hún skilaði. Lónið hefur reynst mjög lekt. Ég hygg að ef reiknað væri út hvað orkan frá þeirri virkjun hafi reynst kosta í raun og veru, þá muni þessi virkjun reynast með þeim óhagkvæmari sem hér hafa verið reistar. Ég segi kannske ekki að hún sé eins óhagkvæm og allra minnstu virkjanir, en hún er áreiðanlega óhagkvæmust allra stærri virkjana sem hér hafa verið reistar.

Það er mikið talað um að Kröfluvirkjun sé óhagkvæm virkjun og hafi reynst dýr. Ég þekki það mál nokkuð vel, enda átti ég sæti í Kröflunefnd og tel mig þekkja allvel sögu þess máls og hversu dýr orkan er frá þeirri virkjun. Þar hefur vandinn að sjálfsögðu verið sá, að gos kom til skjalanna sem olli því að verulega var hægt á orkuöflun til virkjunarinnar. Einnig komu fram miklir erfiðleikar í orkuöflun sem enginn sá fyrir. Bortækni reyndist mönnum erfiðari en nokkur reiknaði með og því hefur tekið miklu lengri tíma að afla orku fyrir þá virkjun en menn áttu von á í upphafi. Þó hygg ég nú að Kröfluvirkjun muni eftir nokkur ár skila fullum afköstum. Henni hefur aukist afl með hverju árinu sem hefur liðið og sérstaklega á seinasta ári varð veruleg aflaukning hjá þessu fyrirtæki. Ég er sannfærður um að þegar öll kurl verða komin til grafar, þegar Kröfluvirkjun hefur náð fullum afköstum, jafnvel þótt þessi langi biðtími sé meðtalinn og það óhagræði sem í því felst að virkjunin hefur ekki getað skilað afköstum á þessum tíma, muni sú virkjun jafnvel reynast hagkvæmari en Sigölduvirkjun, sem Landsvirkjun reisti hér sunnanlands. Ég hygg sem sagt að ef nánar er farið í saumana á málum Landsvirkjunar og skoðað hvaða verkfræðileg mistök voru gerð við Sigöldu kunni að koma í ljós að mistökin, sem voru gerð í sambandi við Sigölduvirkjun, hafi verið talsvert alvarlegri en svonefnd mistök, sem sagt er að hafi verið gerð við Kröflu og ég skal ekki draga úr að voru til staðar, menn voru ekki eins framsýnir og þeir héldu. Menn héldu að þeir réðu yfir tækni, sem reyndist þeim miklu örðugri en ætlað var og hið sama á greinilega við um Sigölduvirkjun. Þetta hygg ég að sé önnur aðalástæðan fyrir því hversu mjög orkan frá Landsvirkjun hefur hækkað í verði.

En þetta er ekki aðalástæðan. Aðalástæðan fyrir hækkuninni á orkunni frá Landsvirkjun, sem m. a. lýsir sér í því að það varð að hækka orkuna frá Landsvirkjun um 25% í haust, þegar vísitala framfærslukostnaðar og verðbótavísitala hækkaði nálægt 12–13%. Og svo aftur núna nýlega, þegar verðbótavísitala hækkaði um 18%, þegar framfærsluvísitala hækkaði um 17–18% og launafólk fékk ekki í sinn hlut nema 7.70%, þá fær Landsvirkjun 29% hækkun. Þessir atburðir, endalaus röð af hækkunum í þágu Landsvirkjunar langt umfram almennar verðbreytingar í landinu, stafar auðvitað fyrst og fremst af því, að þeir erfiðleikar sem Landsvirkjun hefur lent í, þær hækkanir á dollar og þau vandamál sem hafa komið fram í Sigöldu, þær kostnaðarhækkanir sem hafa orðið hjá Landsvirkjun eru allar uppi bornar af aðeins helmingnum af þeim orkuneytendum sem fá orkuna frá Landsvirkjun, því að Alusuisse kaupir um

það bil helminginn af orkunni frá Landsvirkjun. Alusuisse tekur engan þátt í erfiðleikum Landsvirkjunar vegna þeirra vandræða sem ég hef nú lýst. Því verður að velta allri kostnaðarbyrðinni yfir á íslenska neytendur.

Það er rétt hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni að við höfum getað hlíft áburðarverksmiðjunni við þessum miklu hækkunum. Við höfum ekki hækkað verðið til áburðarverksmiðjunnar með sama hætti og hækkað hefur verið til innlendra neytenda. Ástæðan er ósköp einfaldlega sú, að áburðarverksmiðjan er ekki með forgangsorku af sama tagi og Swiss Aluminium nýtur. Áburðarverksmiðjan verður að sætta sig við það að lokað sé hjá þeim þegar þess gerist þörf í íslenska orkukerfinu, en Swiss Aluminium tekur forgangsorku. Því er ekki um sambærilega hluti að ræða, þannig að þessi athugasemd átti ekki að öllu leyti rétt á sér. Nei, það sem gerist er það, að hækkuninni, sem verður á kostnaði hjá Landsvirkjun, er allri velt yfir á neytendur og þess vegna hækkar verðið til almenningsrafveitna um 1440% þegar verðlag í landinu hækkar aðeins um 400%.

Nú er staðan sú, að ÍSAL fær orkuna frá Landsvirkjun á 12 aura kwst meðan almenningsrafveitur verða að borga 65 aura fyrir kwst. Ég er ekki hér að nefna verðið í smásölu, sem er á þriðju krónu. Auðvitað er það ekki sanngjarnt að bera saman verð annars vegar til ÍSALs, sem kaupir svo verulega mikið magn af orku á einu bretti, og svo aftur verðið til neytanda sem kaupir kannske orku í nokkrar ljósaperur og e. t. v. rafhitun í húsum sínum. Það er ekki sambærilegt. En það ætti að vera eðlilegt að bera saman annars vegar orkusöluna til ÍSALs og svo hins vegar orkusöluna til t. d. Rafmagnsveitna ríkisins eða almenningsrafveitna, sem kaupa orku í heildsölu, og þar er munurinn sem sagt meiri en fimmfaldur, þegar verðið er 12 aurar til ÍSALs, þá er það 65 aurar til almenningsrafveitnanna. Ég vil benda á að hugsanlegt væri að þrefalda orkuverðið til ÍSALs. Hver væri hækkunin þá? Úr 12 aurum í 36 aura. Eftir sem áður væri orkuverðið meira en helmingi lægra til ÍSALs en það er til almenningsrafveitna í landinu. Nei, staðreyndin er sú, að ef við næðum þessu markmiði, að þrefalda orkuverðið til svissneska álfélagsins eða leppfyrirtækis þess, Íslenska álfélagsins, þá mætti lækka verð á raforku til innlendra aðila um 50–60% og þá eru áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan meðtaldar. Ef við aftur á móti undanskiljum og áburðarverksmiðjuna mætti lækka orkuverðið um 80%. Það eru engir smáhagsmunir, sem hér eru í húfi, eins og menn sjá af þessum tölum.

Till. sem hér liggur fyrir verður að sjálfsögðu að skoða í því ljósi sem ég hef hér gert að umtalsefni. Aðili, sem þannig hefur farið með okkur Íslendinga, hefur verið ófáanlegur í langan tíma til að hækka þetta smánarlega raforkuverð, á að njóta sérstakra forréttinda ef byggð verður ný álverksmiðja í landinu. Hann á að njóta algers forgangs.

Mér er kunnugt um það að hv. þm. sem nú er að koma hér inn í salinn, Ólafur Þórðarson, hefur löngum litið á það sem eitt af verkefnum síns flokks að verja íslensk landsréttindi. Og ég hygg að þegar álverksmiðjan í Straumsvík var byggð hafi hann verið andstæðingur þess, að hún fengi þá forréttindaaðstöðu í íslensku atvinnulífi sem hún fékk þá, eins og ég mun víkja að hér á eftir. Ég vil því sérstaklega beina þeirri spurningu til hans hvort hann sé samþykkur því eða hvort það séu mistök að hann sé aðili að till. af þessu tagi, hvort hann sé virkilega sammála því, að ef áliðnaður verður aukinn á Íslandi í náinni framtíð skuli þetta fyrirtæki, sem svo illa hefur með oss Íslendinga farið, hafa algeran forgang þegar það verður næst á döfinni að auka við álvinnslu hér á Íslandi. Eða kann að vera að (**ÓÞÞ:** Það voru fyrst og fremst Íslendingar sjálfir sem fóru illa með landsréttindin með því að gera samning upphaflega.) Hárrétt hjá hv. þm. Batnandi manni er best að lifa, segir orðtakið. Þetta voru orð að sönnu. Ég veit að hann er því reiðubúinn að svara spurningum mínum á jákvæðan hátt, en þær eru einmitt um það, hvort honum finnist rétt að Íslendingar geri önnur slík mistök. Er eitthvert vit í því að láta þennan auðhring hafa forgang umfram öll önnur fyrirtæki, sem hugsanlega yrðu fyrir valinu, þegar á dagskrá væri að auka við álvinnslu hér á landi? Eða er kannske þm. sama sinnis og ég, að við Íslendingar eigum að hugsa okkur tvisvar um áður en við hleypum öðrum auðhring inn í landið með starfrækslu af því tagi sem hér um ræðir? Hvernig í ósköpunum stendur á því, að þessi ágæti þm. er meðflm. að till. sem þessari, sem beinlínis gerir ráð fyrir því að þessi auðhringur hafi forgangs- og forréttindaaðstöðu til stækkunar á álveri hér á Íslandi? Ég hefði trúað því á flesta þm. Sjálfstfl. að þeir stæðu að slíkri till., kannske ekki alla. Og sumir þm. Framsfl. hefðu hugsanlega getað staðið að þessari till. En ekki hv. þm. Ólafur Þórðarson. Það kom mér sannarlega á óvart. Það er hins vegar sagt að hv. þm. Friðrik Sophusson sé góður vinur álversins og það var enginn hissa á því þó að hann flytti þessa till. En það er önnur saga.

Það hefur verið minnst á það í þessum umr. að mál þetta á sér langa forsögu. Ég hef hér í upphafsorðum mínum vikið að þeirri þáltill. sem hér er til umr. og hvernig hún birtist í ljósi þróunar orkuverðs. Nú er ég kominn að því atriði sem ég vil gera að aðalumræðuefni hér að loknum þessum upphafsorðum. Það er samningurinn sem gerður var árið 1966 við svissneska álhringinn. Það er saga sem sannarlega er tímabært að rifja upp.

Ég minnist þess nefnilega alveg sérstaklega og það mun seint hverfa mér úr minni, að miðvikudaginn 30. mars 1960 var boðað til blaðamannafundar af forustumönnum Swiss Aluminium sem hér voru staddir. Á fund þennan kom aðalforstjóri Swiss Aluminium, að nafni Emanuel R. Meyer. Hann var afskaplega glaður í bragði, þessi aðalforstjóri sem mætti á þessum blaðamannafundi, og hafði mikil tíðindi fram að færa, enda stóð ekki á fyrirsögnum í blöðunum daginn eftir. Hann var ófeiminn að segja frá því hversu geysilega góða samninga fyrirtæki hans hefði nú gert við íslensk stjórnvöld. Nú þegar allt var klappað og klárt, búið að undirrita samningana, búið að staðfesta þá á Alþingi og ekkert gat lengur komið í veg fyrir að þeir gengju í gildi, gekk hann fram á sjónarsviðið á blaðamannafundi hér í Reykjavík og lýsti því yfir, að fyrirtæki hans ætti verksmiðjur um víða veröld, fjöldamargar verksmiðjur, en það hefði aldrei gerst á 80 ára ferli fyrirtækisins að nokkur þjóð hefði gert samning um svo lágt raforkuverð sem nú hefði verið gert. Og hann bætti því við að það hefði heldur aldrei gerst í allri sögu fyrirtækisins að nokkurt ríki hefði afsalað sér dómsvaldi gagnvart dótturfyrirtæki á vegum hins stóra móðurfyrirtækis sem

hann stýrði. Fréttamaður Ríkisútvarpsins hafði eftir þessum fræga manni, aðalforstjóra Swiss Aluminium, Emanuel Meyer, daginn eftir: Að þessu leyti er samningurinn einstæður í sögu fyritækisins. Ef menn trúa ekki því sem ég segi nú vil ég benda mönnum á fyrirsögn í Tímanum fimmtudaginn 31. mars 1966, en þar var fyrirsögnin: „Tvö einsdæmi. Alþjóðlegur gerðardómur. Hvergi lægra rafmagnsverð." Og það vantaði ekki að önnur blöð greindu einnig frá þessum tíðindum.

Í Alþýðublaðinu, en Alþfl.-menn stóðu mjög ákveðið að þessari samningsgerð eins og menn þekkja og áttu sæti í þáv. ríkisstj., var skýrt frá fundinum með þessum orðum með leyfi forseta. Fyrst kemur inngangur blaðamanns, en síðan segir blaðamaður:

„Emanuel Meyer, aðalforstjóri Swiss Aluminium Ltd., rakti stuttlega sögu fyrirtækisins á fundi með blaðamönnum í gær. Swiss Aluminium var stofnað árið 1889 og var fyrsta fyrirtækið í Evrópu sem fékkst við álframleiðslu með elektróanalýsu. Sama ár var annað stórt álfyrirtæki stofnað í Bandaríkjunum, Alcoa, og eru þessi tvö því elstu álfyrirtæki heims. Frá stofnun hefur Swiss Aluminium síðan vaxið og eflst og á nú hagsmuna að gæta í öllum álfum. Félagið er opið, sem kallað er, þ. e. hlutabréf í því eru til sölu í kauphöllum í Sviss. Hlutafé er 140 millj. svissneskra franka, hlutabréf eru 140. þús. og eigendur þeirra um 12 þús. Enginn einn aðili eða hagsmunahópur á meiri hluta eða stóran hluta bréfa, heldur skiptast þau í margar hendur."

Allt er þetta mjög fróðlegt að rifja upp. Og áfram segir blaðamaðurinn: „Meyer sagði að fyrirtækið hefði engin tengsl við erlend fyrirtæki að því er snertir stjórn eða eignaraðild, en það er eitt af 10 stærstu álfyrirtækjum í heimi, sem samanlagt framleiða 90% af öllu áli sem framleitt er í heiminum. Æðsta vald í málum fyrirtækisins er hjá 10 manna stjórn, en enginn þeirra á stóran hlut í fyrirtækinu. Með daglega stjórn fer framkvæmdastjórn skipuð fjórum mönnum. Framkvæmdastjórarnir eiga ekki fleiri hlutabréf í fyrirtækinu en nauðsynlegt er svissneskum lögum samkv.

Þá sagði Mayer að því færi fjarri að auðmannastétt eða efnaðar fjölskyldur í Sviss stjórnuðu þessu fyrirtæki. Eru t. d. bæði hann og aðalframkvæmdastjórinn, Müller" — en hann er nokkuð þekktur af sögu málsins nú á seinustu árum, svo að ég skjóti nú inn í þessa frásögn blaðsins — „af almúgafólki komnir, en hefðu unnið sig upp. Meyer er kennarasonur frá Sviss, en Müller sonur bæjarstarfsmanns í smábæ í Sviss.

Forstjórinn skýrði blaðamönnum frá því, að Swiss Aluminium ætti námur og verksmiðjur á öllum stigum framleiðslunnar. Auk álframleiðslunnar fæst fyrirtækið einnig við plastiðnað, en ál og plast eru víða í harðri samkeppni og sums staðar hefur plastið orðið álinu sigursælla.

Aðeins 10% af verksmiðjum fyrirtækisins eru í Sviss, segir Meyer. Félagið á bauxítnámur í Suður-Frakklandi, Ítalíu, Grikklandi og Sierra Leone og í norðurhluta Ástralíu. Úr bauxíti er síðan framleitt áloxíð eða álduft, sem er hvítt á lit, og á félagið þrjár verksmiðjur á því framleiðslustigi. Þá á félagið 9 álbræðslur eins og þá sem á að reisa hér, en Straumsvíkurverksmiðjan verður sú tíunda. Þar er álduftinu breytt í ál, sem enn aðrar verksmiðjur taka svo við og fullmóta í markaðsvörur.

Síðan árið 1958 hafa umsvif fyrirtækisins þrefaldast, sagði Meyer, og álframleiðslan á þessu ári muni verða 300 þús. tonn. Til að framleiða eitt tonn af áli þarf tvö tonn af álduftí, en hráefnið til verksmiðjunnar hér mun að líkindum koma frá Guienu- lýðveldinu í Afríku eða frá Astralíu. Óhugsandi hefði verið fyrir 10 árum, sagði Meyer, að flutningar svo langa vegalengd gætu borgað sig, en þeir gera það hins vegar í dag og væri fyrir að þakka tilkomu stórra flutningaskipa.

Verksmiðjan, sem fyrirhugað er að reisa í Straumsvík, verður eins fullkomin og frekast er unnt, sagði Meyer." Það er gott að hafa þessi orð í huga þegar við komum að mengunarmálunum hér á eftir. Ég endurtek: „Verksmiðjan, sem fyrirhugað er að reisa í Straumsvík, verður eins fullkomin og frekast er unnt, sagði Meyer, og hvað hann fyrirtækið mundu stefna að því, að íslenskt starfslið sjái að öllu leyti um starfrækslu hennar, en nauðsynlegt væri þó að fyrstu árin mundu útlendingar hafa þar yfirumsjón með höndum.

Alþýðublaðið beindi spurningum til Meyers um hvort fyrirtæki hans hygðist gerast aðili að íslenskum atvinnurekendasamtökum, en Alþfl. hefði gert það að skilyrði fyrir stuðningi sínum við málið að svo yrði ekki. Meyer svaraði á þá lund, að engin ákvörðun hefði verið tekin í þessum efnum og mundi aðeins tekin að vandlega athuguðu máli og þá í samráði við íslensk stjórnvöld. Hann gat þess í þessu sambandi, að í ÍSAL, Íslenska álfélaginu muni Íslendingar eiga fimm fulltrúa af sjö í stjórninni og ættu þeir því að eiga auðvelt með að koma sínum sjónarmiðum þar á framfæri." Síðan er rætt um rafmagnsverðið og takið þið nú eftir hvað segir í Alþýðublaðinu á sínum tíma:

„Um rafmagnsverðið sagði hann að þetta væri lægsta verð sem fyrirtæki hans greiddi fyrir rafmagn eða 2.5 mill á kwst. Hann sagði að hægt væri að fá rafmagn t. d. á vesturströnd Bandaríkjanna, í Oregon og Washington, fyrir talsvert lægra verð en þetta eða 2 til 2.2 mill, en hér er verðið 2.5 mill, en fyrirtækið hefði ekki hug á starfrækslu á álbræðslu þar um slóðir.

Þá var Meyer að því spurður hvort fyrirtæki hans mundi hafa á móti því að á Íslandi yrði viðhöfð þjóðaratkvgr. um þetta mál. Hann kvaðst að sjálfsögðu ekkert hafa um það að segja, það væri mál sem Íslendingum einum kæmi við og hans fyrirtæki léti sig engu skipta.

Alþýðublaðið beindi þeirri spurningu til Meyers, hve marga útlenda sérfræðinga mundi þurfa við byggingu og rekstur álbræðslunnar. Hann kvaðst ekki geta sagt nákvæmlega um það, það færi eftir því hve mikið af fólki þeir fengju hér. Við sjálfan rekstur bræðslunnar mundi til að byrja með þurfa 12—24 erlenda sérfræðinga, sagði hann, en síðar mundi sú tala lækka. Hann lét svo ummælt, að ef farið yrði fram á það að fyrirtækið flytti inn verkamenn til að byggja verksmiðjuna vegna þenslu á vinnumarkaðinum hér mundi að sjálfsögðu orðið við þeim tilmælum, og yrðu það þá væntanlega norskir verkamenn sem kæmu hingað, en í Noregi væri einmitt nýbúið að byggja sams konar bræðslu á vegum fyrirtækisins."

Og hér nefnir forstjórinn sannarlega snöru í hengds manns húsi, þar sem er samningurinn við norsku stjórnvöldin um byggingu álbræðslu þar, eins og ég mun víkja að hér á eftir.

„Um skattamálin sagði Meyer að í samanburði við Noreg þá væri samkomulagið við Ísland óhagstæðara fyrirtæki hans a. m. k. fyrstu 7—8 árin, en síðar mundi

það að verulegu leyti fara eftir því hvert heimsmarkaðsverð yrði á áli, hvort samkomulagið mundi hagstæðara.“ Það er fróðlegt að heyra þessi ummæli forstjórans í ljósi þess sem síðar reyndist sannleikurinn.

„Um framleiðslu úr áli sagði forstjórinn að fyrirtæki hans mundi ekki hafa frumkvæði um slíkt hér á landi, en mundi hins vegar reiðubúið að veita margvíslega tæknilega aðstoð í því sambandi. Hann taldi að íslenski markaðurinn leyfði það fullkomlega að hér væri komið á slíkum iðnaði og nefndi hann þar dæmi, að framleiða mætti hér álbáruplötur á húsþök, fiskkassa og pönnur í frystihúsum og fleira.“

Hér er enn eitt dæmi um það hvernig Íslendingar voru blekktir á sínum tíma. Því var haldið blákalt fram bæði af erindrekum álhringsins, sem ég var að vitna í hér áðan, og af talsmönnum íslenskra stjórnvalda, að með tilkomu álversins mundi blómstra hér á landi einhvers konar áliðnaður, úrvinnsluiðnaður úr áli. Það yrði farið að framleiða fiskkassa, plötur í frystihús, álbáruplötur. Mundum við fá fyrirtæki af þessu tagi bæði sunnanlands og norðan og við mundum gerast iðnaðarþjóð á þessu sviði.

Við sem vorum andvígir þessum samningi á sínum tíma andmæltum öllum skýjaborgum af þessu tagi. Við töldum engar líkur vera á því að slíkur iðnaður mundi rísa hér á landi. Og hvað hefur reynst rétt í þeim efnum? Ekki eitt einasta fyrirtæki hefur verið byggt hér á landi sem byggir framleiðslu sína á áli. Þó eru liðin 15 ár frá því að þetta fyrirtæki hóf starfsemi sína hér á landi. Það hefur aldrei bólað á því að þetta ljúfa fyrirheit, sem gekk svo greiðlega ofan í marga á sínum tíma, væri nokkurs staðar nærri því að vera uppfyllt.

„Í samningunum við Ísland,“ segir blaðamaður Alþýðublaðsins, „er fram tekið að deilumálum megi vísa í alþjóðlegan gerðardóm, þar sem aðilar tilnefna hvor sinn mann, og ef þeir ekki koma sér saman um oddamann, þá tilnefni forseti Alþjóðadómstólsins í Haag hann.“ Þetta segir blaðamaður Alþýðublaðsins og hefur eftir forstjóranum á fundinum — og takið þið nú eftir — með leyfi forseta:

„Meyer sagði að ákvæði um þetta væru ekki í hliðstæðum samningum fyrirtækisins við önnur lönd, en rétt hefði þótt að hafa þetta ákvæði vegna þess að hér væri því ekki fyrir að fara eins og víða erlendis, að dómstólar hefðu fjallað um mörg deilumál af þessu tagi, og hér væru engir dómar í þessum efnum til að styðjast við. Hann sagði jafnframt að það væri mjög dýrt og umfangsmikið í framkvæmd að setja mál í alþjóðlega gerð og væri þetta eins konar neyðarúrræði, sem aðeins mundi beitt ef í nauðir ræki.“

Sem sagt, hann gaf fyllilega í skyn að íslenska réttarríkið væri svo ófullkomið, dómstólar á Íslandi væru svo ómerkilegir, að þeim væri ekki treystandi með hliðstæðum hætti eins og dómstólum í öðrum löndum. Ég hygg að sjaldan hafi íslensku réttarfari verið veittur þvílíkur löðrungur eins og forstjóri Swiss Aluminium veitti íslenskum dómstólum á sínum tíma með yfirlýsingunni um það, að þeim væri ekki treystandi eins og dómstólum í öðrum löndum til að fara með slík mál. Enda sagði þáverandi prófessor í stjórnlagarétti við Háskóla Íslands, maður að nafni Ólafur Jóhannesson, að ákvæði þetta væri sannarlega ósæmilegt gagnvart sjálfstæðri þjóð. Hann mætti sannarlega sem fyrrv. prófessor í stjórnlagarétti og sem fyrrv. formaður Framsfl. og einn af núv. leiðtogum þess flokks vera minnugur afstöðu sinnar til þessara samninga á sínum tíma og ágætra ræðna, sem hann flutti á sínum tíma gegn samningum við svissneska álfélagið, maður sem nú virðist styðja það að Íslendingar geri nýjan samning um stækkun álversins í Straumsvík.

Í frásögn Alþýðublaðsins segir auk þessa: „Meyer var spurður hvort hætta gæti stafað frá gastegundum frá verksmiðjunni.“ Og nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir frásögn Alþýðublaðsins af blaðamannafundinum við Emanuel Meyer, því að aðalforstjórinn komst svo að orði þegar hann var spurður um hættu af gastegundum frá verksmiðjunni: „Hann kvað svo alls ekki vera, en gastegundir gætu skapað vissa hættu, t. d. þar sem verksmiðjur væru staðsettar í þröngum dölum, þar sem lítil hreyfing væri á loftinu, en hér þyrfti engar áhyggjur að hafa af slíku.“

Þetta var nú viðhorf svissneska álhringsins til mengunarmálanna á sínum tíma, þrátt fyrir vísindalegar aðvaranir, eins og hæstv. félmrh. rakti hér rétt áðan. Blekkingar hafðar uppi um hættuna sem af álverinu stafaði. Þetta skýrir það, eins og ég mun víkja að hér á eftir, hvers vegna það dróst síðan í 9 ár frá því að verksmiðjan hóf starfsemi sína að sett væru upp reykhreinsunartæki við fyrirtækið. Í frásögn Alþýðublaðsins af þessari hlið málsins segir:

„Ritstjóri Þjóðviljans spurði hvort það væri ekki rétt, að Íslendingar yrðu sjálfir að setja upp lofthreinsunartæki ef ástæða væri talin til. Meyer og Müller, tæknilegur framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sögðu slíkt aldrei hafa komið til mála. Auðvitað mundi fyrirtækið borga slík tæki og uppsetningu þeirra, ef með þyrfti, en þeir ítrekuðu að alls engin þörf væri á slíkum tækjum í Straumsvík og þar mundi ekki stafa minnsta hætta af starfrækslu verksmiðjunnar, hvorki nálægt henni né lengra í burtu frá henni.“

Það er sannarlega athyglisvert að hlusta á þessar yfirlýsingar forstjóranna frægu, Müllers og Meyers, í ljósi þess sem síðar kom í ljós.

Auðvitað var ætlast til þess að Íslendingar settu upp þessi tæki sjálfir, ef þeir vildu fá þau, og það tók Íslendinga 9 ára baráttu að koma fram vilja sínum í þessum efnum.

Í frásögn Alþýðublaðsins segir að lokum:

„Að lokum sagðist Meyer vera þeirrar skoðunar, að eftir svo sem 10—15 ár yrði kjarnorka orðin betri og hagkvæmari orkugjafi til álframleiðslu en vatnsorkan og þá mundi hægt að staðsetja álbræðslur á sjálfum mörkuðunum en ekki elta uppi orkuna eins og nú er gert. Ef Íslendingar vildu láta byggja álbræðslu hjá sér, sagði hann, væri annaðhvort að gera það nú eða alls ekki. Því skammt getur orðið þar til vatnsorkan er ekki lengur samkeppnisfær.“

Það er fróðlegt að rifja upp þessi ummæli aðalforstjórans í ljósi þess sem síðar hefur komið fram og í ljósi þeirra umr. sem fram fóru á sínum tíma. Þetta var einmitt aðaldeilumálið, þegar ákvarðanir voru teknar um byggingu álbræðslunnar í Straumsvík, hvort það væri virkilega rétt að Íslendingar væru að missa af strætisvagninum vegna þess að kjarnorka væri að taka við af vatnsorkunni. Ég minnist frægra funda hér á Hótel Borg, þar sem annars vegar rökræddu málið Magnús heitinn Kjartansson og núverandi orkumálastjóri, Jakob Björnsson, sem færði rök fyrir því að

röksemdafærsla af þessu tagi væri algerlega út í bláinn og Íslendingar væru hreint ekkert að missa af neinum strætisvagni, meðan aftur á móti Jóhannes Nordal þáverandi seðlabankastjóri taldi fólki trú um að svo væri, rétt eins og álforstjórinn gerir í þessari klausu, að ef Íslendingar ætluðu að nýta auðlindir sínar yrðu þeir að flýta sér að gera samning, jafnvel þótt um væri að ræða svo fáránlega lágt orkuverð, að slíks væru nánast engin dæmi í víðri veröld.

Ég vek athygli á því, að aðalforstjórinn tók svo til orða að eftir svo sem 10—15 ár, sem sagt á árunum 1976—1981, það voru orð hans, á árunum 1976—1981 yrði kjarnorkan orðin betri og hagkvæmari orkugjafi til álframleiðslu. Og hann sagði: Því skammt getur orðið þar til vatnsorkan er ekki lengur samkeppnisfær. Hverjir höfðu rétt fyrir sér á þessum tíma, hv. þm. Friðrik Sophusson? Það má vel vera að hv. þm. hafi á þeim tíma ekki tekið mikinn þátt í íslenskum stjórnmálum. Það má vel vera að buxur hans hafi ekki verið mjög síðar í félagsskap þeim, sem hann hefur sjálfsagt verið þá þegar verið orðinn meðlimur í, Heimdalli. En hann ætti að minnast þess, að þetta var ein aðaldeilan í sambandi við þetta mál, hvort okkur lægi á því að fórna hagkvæmasta virkjunarvalkosti, sem þá var völ á og hét Búrfellsvirkjun, í þágu svissnesks álhrings og selja orkuna á fáránlega lágu raforkuverði eða hvort við ættum að nýta hana í þágu þjóðarinnar allrar. Ég minni á það í þessu sambandi, að við Alþb.-menn bentum á það að Búrfellsvirkjun gætum við byggt fyrir Íslendinga sjálfa. Það var rangt, sem þá var sagt, og það er rangt, sem síðar hefur verið sagt, að Íslendingar hafi ekki getað ráðist í Búrfellsvirkjun nema álverið kæmi til og keypti verulegan hluta af orkunni. Það var rangt á sínum tíma og er að sjálfsögðu enn fáránlegra í ljósi þess sem síðar kom í ljós. Ef svissneska álverið hefði ekki fengið svona veigamikinn hluta af orkunni, sem Búrfellsvirkjun framleiddi, heldur hefði sú orka verið notuð til að byggja upp önnur fyrirtæki, sem greitt hefðu hærra orkuverð og hefðu að sjálfsögðu komið að miklu meiri notum í íslensku atvinnulífi, þá værum við betur á vegi staddir með orkuverðið frá Landsvirkjun heldur en nú er. Þá væri staðan sannarlega talsvert ólík því sem hún er nú.

Þessa sömu daga sem samningurinn við svissneska álhringinn var gerður var á það bent í blöðum um hvaða verð væri verið að semja í öðrum löndum. Það gæti verið fróðlegt fyrir menn að vita hvað þar var talað um. Ég vil t. d. leyfa mér að vitna í hið ágæta blað Tímann, blað forseta vors, Jóns Helgasonar, sem segir á þessum tíma, í marsmánuði 1966 með leyfi forseta:

„Upplýsingar þær sem fram komu á blaðamannafundi með forustumönnum Swiss Aluminium Ltd. í fyrradag sýna í skörpu ljósi hve álsamningarnir eru Íslendingum óhagstæðir og óviðunandi. Þessir forustumenn stóriðjuhringsins skýrðu hiklaust frá því, að rafmagnsverð það sem álhringurinn á að greiða íslenska orkuverinu er það langsamlega lægsta sem hann greiðir nokkurs staðar í samtals tíu álbræðslum sínum í átta löndum, Sviss, Ítalíu, Vestur-Þýskalandi, Austurríki, Bandaríkjunum og Noregi. Í Noregi er verðið t. d. 12.7 aurar kwst., en hér á það að vera 10.7 aurar.

Þetta verða meira að segja stjórnarblöðin að játa í gær og hafa það eftir nauðug viljug. Morgunblaðið orðar þetta svo: „Hann kvað hagstætt raforkuverð hafa fengist hér og kvað það hafa ráðið úrslitum í málinu, er ákvörðun var tekin um byggingu bræðslunnar.““

Menn taka nú eftir því hversu Morgunblaðið fer pent með staðreyndir málsins. Það er ekki að orða þetta á svipaðan hátt og Þjóðviljinn og Tíminn og jafnvel Alþýðublaðið hafði gert. Það þorir ekki að segja meira en það, að fengist hafi hagstætt raforkuverð hér. En að þetta sé langlægsta raforkuverð sem þekkist í hliðstæðum samningum í veröldinni á þessum tíma telur blaðið að sjálfsögðu ekki ástæðu til að greina lesendum sínum frá.

Í Tímanum segir til viðbótar: „Við eigum m. ö. o. að kaupa okkur bræðsluna hingað með því að láta rafmagn við svo lágu verði, að ekki er einu sinni nein trygging fyrir því að það verði kostnaðarverð, og þar að auki taka á okkur stórfellda áhættu af að verða e. t. v. að framleiða handa útlendingum þessa orku dögum og vikum saman með fimmföldu verði með olíu. „Þá er verið að ræða um forgangsorkuna. Síðan víkur blaðið að gerðardómnum og bendir á að ekki sé um að ræða slíkt ákvæði í hliðstæðum samningum. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þann þátt málsins, enda hef ég þegar gert grein fyrir honum.

Sjálfsagt þekkja það flestir að frændur okkar Norðmenn eru rómaðir fyrir gestrisni og hlýjar móttökur, þegar útlendinga ber að garði, og þangað þykir flestum gott að koma. Skömmu áður en svissnesku álforstjórarnir voru á ferðinni á Íslandi árið 1966 höfðu þeir barið að dyrum hjá norskum ráðamönnum. Þeir vildu nefnilega fá að reisa álverksmiðju í Noregi, eða alúmínverksmiðju eins og það hét þá, og væntu sér mikilla fríðinda. Norðmenn svöruðu hins vegar á þeim tíma og sögðust engin fríðindi veita umfram þau sem norskir atvinnuvegir búa við, hvorki fríðindi í tollum eða sköttum. Þar að auki kröfðust Norðmennirnir að verksmiðjan yrði staðsett í útkjálkabyggð, þar sem atvinnuástand væri lélegt, en ekki í blómstrandi byggðum þar sem vinnuafl skorti. Staðreyndin varð sú, að samninganefndarmennirnir frá Swiss Aluminium beygðu sig fyrir þessum kröfum Norðmanna, létu kröfu sína niður falla og gengu að skilyrðum Norðmanna. En þegar þessir sömu álforstjórar bönkuðu upp á hjá Íslendingum og settu fram sömu kröfurnar og þeir höfðu sett fram við Norðmenn þá var annað uppi á teningnum. Vissulega eru Íslendingar líka rómaðir fyrir gestrisni og góðar móttökur þegar útlendinga ber að garði. Ekki eru þeir minni vinir gesta sinna en Norðmenn, enda fór það svo að ríkisstjórn Íslendinga setti engin skilyrði sambærileg þeim sem norska ríkisstjórnin hafði sett. Hún beygði sig fyrir þeim kröfum sem settar voru fram og samþykkti sömu fríðindi og Norðmenn höfðu neitað. Það var á þessum grundvelli sem við Alþb.-menn vöruðum við þeim samningum sem til stóð að gera á sínum tíma, bentum á að þetta væru einhverjir mestu smánarsamningar sem nokkru sinni hefðu verið gerðir í sögu Íslendinga, og væri þá langt til jafnað ef leitað væri aftur í sögu Íslendinga.

Gagnrýni okkar Alþb.-manna beindist að átta atriðum. Við bentum í fyrsta lagi á það, sem ég hef hér gert verulega að umtalsefni, að orkuverðið væri allt of lágt. Það væri svo fáránlega lágt að það næði ekki einu sinni væntanlegu framleiðslukostnaðarverði frá Búrfellsvirkjun. Í öðru lagi var á það bent, að samkv. samningnum höfðu íslenskir dómstólar ekki úrskurðar-

vald í ágreiningsmálum, sem upp risu vegna þessarar verksmiðju, og með því væri sá einstæði atburður að gerast, að verið væri að flytja dómsvaldið úr landinu. Þetta ákvæði var raunar ekki aðeins gagnrýnt af okkur Alþb.-mönnum, heldur einnig mjög sterklega af páv. prófessor í lögum við Háskólann, hv. núv. þm. og hæstv. ráðh. Ólafi Jóhannessyni. Og það er einmitt þetta ákvæði sem kann að reynast okkur dýrkeyptast, ef svo fer að mál fara til alþjóðlegs gerðardóms, sem reynist okkur óhagstæður, að við reynumst bundnari í báða skó en við gjarnan vildum á þeirri stundu sem nú er upp risin.

Hér var um einstætt ákvæði að ræða og það verður sennilega að fara margar aldir aftur í tímann til þess að finna jafnhrikalegt afsal landsréttinda eins og þarna var um að ræða, kannske að undanskildum samningunum sem gerðir voru 1946 í Keflavík eða 1949 við Atlantshafsbandalagið eða 1951 við Bandaríkjastjórn um Keflavíkurflugvöll. Það er kannske rétt að undanskilja þá samninga, enda gerðir af nokkuð sömu aðilum.

Þriðja atriðið sem við gagnrýndum mjög sterklega var það, að fyrirtækið átti ekki að heyra undir íslensk lög. Það var líka mjög óvenjulegt, ég vil ekki segja einsdæmi, en mjög óvenjulegt miðað við samninga sem gerðir voru í öðrum löndum. Í Noregi varð fyrirtækið að sætta sig við að það félli undir norska tollalöggjöf. En hér var fyrirtækinu veitt sú einstæða forréttindaaðstaða að þurfa ekki að greiða nokkurn toll af einu eða neinu sem flutt var hingað til landsins á vegum þessa fyrirtækis. Því má segja að með uppbyggingu þessa fyrirtækis í Straumsvík hafi verið byggt sjálfstætt borgríki innan íslenska ríkisins, borgríki nr. 2, sem kemur næst á eftir borgríkinu í Miðnesheiði, en þar gilda, eins og menn þekkja, sérstök lög. Þar gilda ekki almenn íslensk lög og þar gilir ekki venjulegt íslenskt réttarfar, heldur er þar um hluta af landinu að ræða sem segja má að sé undir bandarískri lögsögu. Þarna var annar partur af landinu tekinn og settur undir sérstaka lögsögu, ekki undir íslensk stjórnvöld nema að hálfu leyti, að hinu leytinu undir erlend stjórnvöld.

En það sem verst var hvað þetta atriði snertir, að fyrirtækið skyldi ekki heyra undir íslensk lög, var að það skyldi ekki heyra undir íslensk skattalög. Við höfum svo sannarlega brennt okkur alvarlega á því að svo fór. Nægir að minna á það sem ég rakti hér áðan um skattaumfjöllun fyrirtækisins, en nærri lætur að sú upphæð sem aðföng til fyrirtækisins á tímabilinu 1975—1981 reyndust ranglega verðlögð hafi numið um 600 millj. ísl. kr., hvorki meira né minna. Sú skattaleiðrétting, sem þörf reyndist á, nam hvorki meira né minna en 127 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem sagt hefur verið um skattahlið þessa máls, enda höfum við rætt það áður hér í þinginu og ég vil reyna að hafa þessi orð eins fá og ég get og er ekki ástæða til að orðlengja neitt. Hins vegar er þörf á því að rekja margar þær hliðar þessa máls sem lítt hefur verið á minnst. Ég vil þá minnast á eitt, sem við gagnrýndum mjög sterklega á sínum tíma, en það er sú staðreynd að ágóðinn af þessu fyrirtæki verður ekki eftir í íslensku atvinnulífi, íslensku efnahagslífi, heldur flytja eigendur fyrirtækisins arðinn af rekstrinum jafnóðum út úr landinu. Þetta er auðvitað eitt hið alvarlegasta við uppbyggingu fyrirtækja af þessu tagi, sem eru alfarið í eign erlendra manna, að hér á Íslandi verða einungis eftir verklaun þeirra manna sem vinna hjá fyrirtækinu og síðan hugsanlega hagnaður af einhverri þjónustu sem fyrirtækinu er seld. Kannske skattar, ef um skatta er að ræða, en eins og menn þekkja eru þeir harla litlir hjá þessu fyrirtæki. Tollar engir, aðflutningsgjöld engin og allt sem heitir hugsanlegur arður eða hagnaður af fyrirtækinu rennur jafnóðum út úr landinu aftur. Hann er ekki notaður til uppbyggingar í landinu sjálfu. Hann rennur til annarra landa. Þetta er einmitt alvarlegasta hliðin á þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af Alþfl. og Sjálfstfl. hér á landi, að vilja leyfa erlenda stóriðju í landinu, stefnu sem Framsfl. virðist nú ætla að sameinast þessum tveimur flokkum um, að þessi fyrirtæki nýtast ekki Íslendingum og hagkerfi okkar með sama hætti og þau fyrirtæki gera sem eru í eigu okkar Íslendinga sjálfra.

Ég hef getið hér um að þegar fyrirtæki eru reist hér og þau framleiða ákveðna vörutegund, þá er afskaplega mikilvægt að um sé að ræða þess háttar framleiðslu sem getur af sér aðra framleiðslu, t. d. úrvinnslu af ýmsu tagi, ellegar að aðföngin tengist íslensku atvinnulífi með einum eða öðrum hætti. En engu slíku er til að dreifa í þessu tilviki. Hér er um að ræða sölu á raforku á allra lægsta verði sem þekkist og svo sölu á vinnuafli. Annað hafa Íslendingar ekki upp úr þessu fyrirtæki nema hvað það þarf kannske að veita því allra nauðsynlegustu þjónustu, eins og að selja landbúnaðarafurðir til fyrirtækisins ellegar að veita því einhverja einföldustu þjónustu iðnaðarmanna. Íslendingar eiga einmitt ekki að halda uppi orkustefnu eða iðnaðarstefnu af þessu tagi. Þeir eiga að kappkosta að öll fyrirtæki á Íslandi séu í eigu Íslendinga sjálfra og að arðurinn af rekstrinum renni inn í íslenskt efnahagslíf.

Fimmta atriðið sem við Alþb.-menn gagnrýndum mjög sterklega á sínum tíma var það, að engar mengunarvarnir voru ákveðnar þegar fyrirtækið var sett á fót. Það er rétt, sem nefnt hefur verið hér, að einmitt þetta atriði var mjög harðlega gagnrýnt af talsmönnum Alþb. hér á Alþingi á sínum tíma. Forustumaður í þeirri gagnrýni var Alfreð Gíslason læknir. Ég minnist þess hversu hastarlega var tekið á gagnrýni Alfreðs Gíslasonar læknis af talsmönnum Sjálfstfl. og Alþfl. í umr. hér á Alþingi um þetta mál. Það var reynt að láta líta út eins og hinn ágæti þm. og læknir Alfreð Gíslason hefði fengið einhvers konar móðursýkiskast og væri að fara með eintómt fleipur þegar hann talaði um að hætta væri af þessu fyrirtæki. Og það var reynt að láta líta út eins og alls engin hætta stafaði af þessu fyrirtæki.

Staðreyndin var sú, að í arðsemisútreikningum Alusuisse viðvíkjandi álbræðslunni í Straumsvík var alls ekki gert ráð fyrir hreinsitækjum vegna loftmengunar. Í aðalsamningnum voru almenn ákvæði um ábyrgð ÍSALs á allri mengun, en ekkert skyldaði fyrirtækið til að koma upp sérstökum mengunarvörnum. Það liðu síðan mörg ár þar til þetta mál komst aftur á dagskrá, hvað þá meir. Samstarfsnefnd iðnrn. og Alusuisse, sem átti að kanna mengunarhættu af álverinu, var þó stofnsett 1969 vegna þeirra aðvarana sem læknirinn Alfreð Gíslason kom fram með á sínum tíma. Þessi nefnd, sem nefnd var flúornefnd, hefur síðan starfað. En það tók æðilangan tíma að nokkur árangur yrði af störfum hennar. Frá og með 1971, eftir að Magnús heitinn Kjartansson tók við iðnrn., var þó loksins farið að ganga harðar eftir því en áður að ÍSAL kæmi upp

mengunarvörnum. Til þess að undirbyggja sóknina á hendur ÍSAL var þá fyrst, á árinu 1971 sett reglugerð um mengunarvarnir. Þá vildi nefnilega svo vel til að sami ráðh., ráðh. Alþb., gegndi bæði störfum heilbrmrh. og iðnrh. Það er ekki víst að tekist hefði að skipuleggja sóknina gegn álverinu, ef svo hefði ekki staðið á, að Magnús heitinn Kjartansson gegndi báðum þessum embættum á sama tíma. Hann var heilbrmrh., eins og menn þekkja, og heilbrmrn. setti 1972, á grundvelli laga um eiturefni frá 1968, reglugerð um mengunarvarnir.

Á grundvelli þessarar reglugerðar var svo ÍSAL í janúar 1973 gefinn sex mánaða frestur til að setja upp hreinsitæki. Var því hótað að álbræðslunni yrði lokað að öðrum kosti. Takið eftir þessu, að í jan. 1973 er ÍSAL gefinn sex mánaða frestur og því hótað að álbræðslunni skuli lokað að öðrum kosti. Hafið í huga hver endirinn varð á, að mengunarvarnatækin voru sett upp átta árum síðar en þessi hótun var framsett.

Það fór nefnilega svo, að svissneski álhringurinn hafði alveg sérstakt lag á því að draga Íslendinga á asnaeyrunum. Fyrst í stað var kannske eðlilegt að menn tryðu loforðunum. Og vegna þess að vitað var að páv. iðnrh. var mjög andvígur því að svissneski álhringurinn fengi að byggja iðjuverið í Straumsvík þótti ekki við hæfi að framfylgja þessari hótun eftir að ÍSAL hafði, innan þess tíma sem því hafði verið gefinn frestur, lofað með bréfi að upp yrðu sett hreinsitæki. Hótunin hreif strax. Tveimur mánuðum eftir að bréfið er sent lofar ÍSAL að setja upp hreinsitæki í marsmánuði 1973. En það tók líklega níu ár, ekki átta ár eins og ég sagði hér áðan, það tók líklega níu ár að fyrirtækið efndi þetta loforð að fullu. ÍSAL byrjaði nefnilega á því að láta menn finna upp hreinsitæki sem væru nógu ódýr fyrir fyrirtækið. Það vildi ekki una því að upp væru sett hliðstæð hreinsitæki og annars staðar höfðu verið sett upp. Það vildi reyna að spara sér þennan kostnað í lengstu lög. Því voru fengnir uppfinningamenn til að hugleiða málið í nokkur ár áður en hægt væri að gera nokkuð, þó að fyrirtækið hefði lofað því, vegna hótunar um lokun, árið 1973 að setja strax upp hreinsitæki.

Auk umr. um loftmengun voru auðvitað á dagskrá ýmiss konar önnur mál, sem snerta þetta fyrirtæki, t. d. svonefnt kerbrotamál, þ. e. hvað gera ætti við ákveðin föst úrgangsefni úr álbræðslunni. Það væri saga út af fyrir sig sem vissulega væri ástæða til að rekja fyrir hv. alþm. Ég veit ekki hvort hún hefur verið rakin svo nákvæmlega, að hún hafi enn verið skráð í þingtíðindi, en það skal ekki gert hér. Formlega leystist málið með gerð gryfju á sjávarströnd í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Það var lausnin, sem þá var gripið til, að gera gryfju á sjávarströnd til að pota þessum eiturefnum niður í. Sannarlega verður það að segjast eins og er, að sú lausn var ekki óumdeild.

Ég vil vekja á því athygli að hv. þm. Matthías Bjarnason, sem gegndi störfum heilbr.- og trmrh. árið 1977, var spurður spurninga sem sneru að mengunarhlið þessa máls. Fsp. var svohljóðandi: „1. Hefur farið fram rannsókn á mengun innan veggja álversins í Straumsvík eða öðrum atriðum, sem kunna að vera hættuleg heilsu starfsmanna? 2. Hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins látið í ljós álit sitt á starfsumhverfi innan veggja álversins og heilsugæslu þar?"

Þetta er sannarlega mál sem ástæða er til að hyggja nánar að. Hver voru svör hæstv. ráðh. við þessari spurningu? Við þurfum sannarlega að átta okkur á því hver hefur verið reynslan af þessu fyrirtæki. Hvernig hefur það brugðist við óskum Íslendinga um óhjákvæmilegar umbætur á starfseminni, þegar þess hefur verið krafist? Við skulum aðeins líta hér nánar í svör hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, sem þá gegndi störfum heilbrmrh. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Leitað var til Heilbrigðiseftirlits ríkisins eftir svörum við þessum spurningum og eru svör þess svohljóðandi:

Veruleg bein afskipti af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins af starfsemi álversins í Straumsvík hófust ekki fyrr en 1972 þegar út komu eftirfarandi reglugerðir: 1. Heilbrigðisreglugerðir fyrir Ísland frá 8. febr. 1972, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. 2. Reglugerð frá 15. júní 1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna."

Þarna viðurkennir Matthías Bjarnason m. ö. o. að það er ekkert gert í mengunarmálum fyrirtækisins fyrr en Magnús heitinn Kjartansson verður iðnrh. og heilbrmrh. Og áfram segir í svari páv. heilbrmrh.:

„Í síðarnefndu reglugerðinni er Heilbrigðiseftirliti ríkisins falið að fjalla um umsóknir um starfsleyfi þeirra, er reisa vilja verksmiðjur eða iðjuver, og gera rökstuddar tillögur um skilyrði slíks rekstrar ásamt með mengunarmörkum til heilbrrh. sem endanlega úrskurðar málið.

Í samræmi við reglugerðina sendi Heilbrigðiseftirlit ríkisins páv. heilbr. og iðnrh. umsögn sína um mengunarhættu við álverið í Straumsvík með bréfi dags. 22. jan. 1973 og taldi óhjákvæmilegt að setja upp hreinsunartæki við álverið, er taka ættu megnið af flúorsamböndum úr ræstilofti verksmiðjunnar, þannig að komið verði í veg fyrir frekari flúormengun umhverfisins og þar með skemmdir á gróðri og hugsanlegt heilsutjón á mönnum og dýrum. Var ályktun þessi í fullu samræmi við samþykkt Heilbrigðisráðs Hafnarfjarðar og álit borgarlæknisins í Reykjavík og ráðstafanir sem sjálfsagðar eru annars staðar í heiminum þar sem álframleiðsla fer fram. Staðfesti rn. þessa skoðun Heilbrigðiseftirlits ríkisins með bréfi, dags. 31. jan. 1973, til Íslenska álfélagsins.

Ástæðan fyrir því, að hér er bent á kröfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins um hreinsibúnað í álverinu, er sú staðreynd að í umr. um þau mál hefur nær eingöngu verið einblínt á nauðsyn slíks varnarbúnaðar til verndar gróðri og heilsufari manna og dýra í næsta nágrenni verksmiðjunnar með tilliti til flúormengunar, en minna eða lítið sem ekkert verið rætt um þá staðreynd, að með uppsetningu slíkra tækja „batnar andrúmsloft á vinnustað mjög verulega," svo að vitnað sé í orðalag og skoðun forráðamanna Íslenska álfélagsins í bréfi til Heilbrigðiseftirlits ríkisins 23. des. 1975."

Ég vek athygli á því, að hér eru þó forráðamenn Íslenska álfélagsins loksins farnir að viðurkenna það, að andrúmsloft á vinnustað sé ekki það allra besta sem hugsast getur. En þeir fara varlega í ummælum sínum og segja að það kunni að batna verulega við breytingar sem kynnu að vera gerðar. Og áfram segir í svari ráðh.:

„Það er skoðun Heilbrigðiseftirlitsins, að viðunandi andrúmsloft á vinnustað við álverið í Straumsvík verði ekki til staðar fyrr en uppsetningu og starfrækslu fullkomins hreinsibúnaðar til hreinsunar á ræstilofti verksmiðjunnar er komið í gang."

Síðan segir: „Hér fer á eftir skýrsla um heilbrigðis- og öryggiseftirlit ásamt rannsóknum þeirra aðila er um þessi mál fjalla, sem líta má á sem svar við spurningum þessum um rannsóknir á mengun innan veggja álversins í Straumsvík eða öðrum atriðum sem kunna að vera hættuleg heilsu starfsmanna þar.

Héraðslæknirinn í Hafnarfirði og Öryggiseftirlit ríkisins sáu um heilbrigðis- og öryggiseftirlitið í álverinu frá upphafi byggingarframkvæmda í mars 1967 fram til 1969 og 1970, en þá bættust við í eftirlitið heilbrigðisfulltrúinn í Hafnarfirði og Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

Einnig hefur um alllangt skeið verið starfandi trúnaðarlæknir við álverið og síðan 1. mars 1976 hefur svo „hollustunefnd" verið starfandi þar, en í þeirri nefnd á aðaltrúnaðarmaður verkalýðsfélagsins sæti.

Frá upphafi byggingarframkvæmda í mars 1967 hefur héraðslæknirinn í Hafnarfirði haft meira eða minna regluleg bein eða óbein afskipti af heilbrigðis- og hollustumálum starfsmanna við álverið í Straumsvík, þar með talið starfsumhverfi og ytri mengunarmál. Frá 1969 hefur heilbrigðisfulltrúinn í Hafnarfirði undir umsjón héraðslæknis séð um hið reglulega eftirlit fyrir hönd heilbrigðisnefndar Hafnfirðinga.

Of langt mál yrði að telja upp alla þá mörgu og margvíslegu þætti, sem þeir hafa haft afskipti af og beitt sér fyrir úrbótum á og miklu máli skipta fyrir heilbrigði og heilsufar starfsmanna álversins, aðeins stiklað á stóru. Þeir hafa beitt sér fyrir endurbótum á mötuneyti og eldhúsi þess og fengið framgengt að nýtt eldhús var byggt, en eitthvað hafði borið á því, að starfsmenn fengju iðrakvef vegna lélegrar aðstöðu í eldhúsi." – Starfsmennirnir fengu sem sagt iðrakvef vegna lélegrar aðstöðu í álbræðslunni. – „Í því sambandi héldu þeir fræðslufundi um hollustumál fyrir starfsfólk mötuneytisins í hollustuháttum og fengu til þess sérfróðan aðila. Sýni af matvælum og áhöldum eru tekin reglulega til gerlarannsókna og hafa niðurstöður verið góðar. Þrátt fyrir langa baráttu fyrir nýju og stærra mötuneyti og loforð forráðamanna álversins hefur ekki enn verið hafin bygging þess.

Neysluvatnssýni eru rannsökuð reglulega og hefur vatnið uppfyllt lágmarksskilyrði um hollustu með tilliti til efnasamsetningar og gerlagróðurs. Sérstaklega hafa sýnin verið rannsökuð með tilliti til flúorinnihalds, sem hefur verið á bilinu 0.05–0.06 mg í lítra, sem er eðlilegt magn, og aldrei hefur fundist cýaníð í vatninu vegna hugsanlegrar mengunar á grunnvatni frá fyrrverandi öskuhaugum Hafnarfjarðar, þar sem kerbrotum var komið fyrir í upphafi. Í þessu sambandi beittu þeir sér fyrir rannsóknum á grunnvatnsrennsli á Straumsvíkursvæðinu, sem framkvæmd var að ósk heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar af Orkustofnun í mars 1966, og kostaði álverið þá athugun.

Þeir hafa og beitt sér fyrir endurbótum á starfsumhverfinu í verksmiðjunni með ráðleggingum og leiðbeiningum með forsvarsmönnum álversins og verkamönnum, þó einkum trúnaðarmönnum. Í því sambandi hafa þeir lagt áherslu á að menn noti rykgrímur reglulega, þar sem rykmengun er mikil, og lagt áherslu á að rykbinda og hreinsa reglulega vinnusvæðin. Sérstaka áherslu hafa þeir lagt á betri aðbúnað í skautasmiðju og kerskála með tilliti til minni rykmyndunar með betri loftræstingu."

Menn athugi nú þessi ummæli vísindamannanna og beri þau saman við loforðin, sem forstjórar álhringsins gáfu á sínum tíma, þegar þeir héldu blaðamannafundinn fræga og verksmiðjan var sett á fót.

Enn segir hér í skýrslunni: „Krafist hefur verið, en án árangurs, betri úrlausnar á uppskipun og meðferð súráls, sem er mjög rykugt starf, og að fylgst sé með loftræstingu í vélaviðgerðarverkstæði.

Sérstaklega skal bent á árverkni og framtakssemi héraðslæknisins og heilbrigðisfulltrúans um heilbrigðishættu sem stafað getur af asbestryki á vinnustað. En niðurstöður erlendra rannsókna fóru að birtast í erlendum tímaritum á árinu 1975, þar sem bent var á að asbestryk gæti valdið krabbameini í brjóst- og lífhimnu ásamt lungum, en áður hefur lengi verið þekkt til óeðlilegrar bandvefsmyndunar í lungum vegna þessa ryks, en þessi sjúkdómur er fyllilega jafn alvarlegur og svonefnd kísillungu eða kísilveiki, sem stafar af innöndun kísilryks. Var fyrirtækinu gert að gera grein fyrir asbestnotkun sinni og gefin fyrirmæli um að draga úr þeirri notkun ásamt því að viðhafa sérstaka gát og varnir við sögun og aðra meðferð á efninu. Skilaði Íslenska álfélagið ítarlegri skýrslu um asbestnotkun sína, og drógu þeir tafarlaust úr notkun þess eins og þeir gátu, ásamt loforði um að ekki yrði sagað asbest eða mulið lengur og að tilraunir til að draga úr notkun þess héldu áfram."

Þetta er hér dregið fram vegna þess að þetta er þó álverinu til hróss, að það gat þó aðeins tekið við sér þótt seint væri.

„Í skýrslu félagsins kom fram að alls nam notkunin 62 500 kg á ári miðað við framleiðslu á 70 þús. tonnum áls og fóðruð 100 ker.

Auk þess sem hér hefur verið upp talið um almennar ráðleggingar og endurbætur á starfsumhverfi og almennum hollustu- og heilbrigðismálum var fylgst með heilsufari starfsmanna bæði af héraðslækni, trúnaðarlækni félagsins og heimilislæknum starfsmanna, sem sendu þá til rannsóknar hjá sérfræðingum í ríkisspítölunum eftir því sem við átti. En strax á fyrstu árum álbræðslunnar fór að bera á ýmsum óþægindum, einkum frá slímhúðum nefs og öndunarfæra, hjá nokkrum starfsmönnum í kerskálunum, eins og dæmi eru til um frá öðrum álverum. Ekki voru þessir starfsmenn þó tilkynntir til héraðslæknis sem hafandi atvinnusjúkdóma.

Þegar haldið var áfram stækkun álversins á árunum 1970–1971 og menn héldu að hreinsitæki fyrir útblástur væru á næstu grösum óttuðust starfsmenn í kerskálunum að skaðleg efni og mengun mundi aukast í andrúmslofti þeirra. Urðu þessar umræður til þess, að héraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi gátu fyrr en ella hafið mælingar á loft- og ryksýnum í andrúmslofti á vinnustað til efnagreiningar ásamt mælingu á flúormagni í sólarhringsþvagi frá starfsmönnum álversins, en það er talinn allgóður mælikvarði á flúorupptöku og mengun starfsmanna. Hófust þessar rannsóknir 1971, en verkið sóttist seint vegna ófullkomins tækjabúnaðar og ófullnægjandi rannsóknaraðstöðu.

Að ósk verkalýðsforustunnar fól þá ráðh. Heilbrigðiseftirliti ríkisins að taka þessa rannsókn að sér og hraða henni." Ég vek sérstaka athygli hv. þm. Friðriks Sophussonar, sem gerir mér þann heiður að reka nefið hér inn í þingsalinn, á því að það var ekki fyrr en (**FrS:** Ég hlustaði allan tímann.) iðnrh. og heilbrmrh. þess

tíma, Magnús Kjartansson, tók við störfum í þeim rn. að þessi mál voru tekin föstum tökum, eins og hér hefur greinilega komið fram. (**FrS:** Var það þegar hann skrifaði forstjóra Union Carbide?) Nei, það var nú ekki þá. Hann átti viss bréfaskipti við Union Carbide og (Gripið fram í.) hann gerði tilraun til þess að gera skynsamlega samninga við erlenda aðila um uppbyggingu stóriðju hér á landi. En því miður báru þessir erlendu aðilar ekki gæfu til þess að ganga að þeim úrslitaskilyrðum sem Magnús Kjartansson setti á sínum tíma fyrir því að unnt væri að gera samninga við erlendan aðila um mál af þessu tagi. Þess vegna varð ekki af neinum slíkum samningi í tíð Magnúsar Kjartanssonar. Þetta veit hv. þm. vel og hv. þm. veit líka að Magnús Kjartansson greiddi því atkv. á móti samningum við Union Carbide um byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Það þarf ekki að rifja það upp, svo að þessi aths. hin ágæta flm. till., Friðrik Sophussonar, er gersamlega út í hött.

Ég var að vekja athygli hv. þm. á því, að meðan ráðherrar Sjálfstfl. fóru með málefni iðnrn. og meðan ráðherrar Alþfl. fóru með málefni heilbrmrn. í gömlu viðreisnarstjórninni á árunum 1968–1971 var nákvæmlega ekkert gert í þessum málum og mengunarmálin látin sitja gersamlega á hakanum. Ég veit að hv. þm. Friðrik Sophusson getur ekki andmælt þessu. En ef hann hefur aths. að gera þá skora ég á hann að koma hér næstan í ræðustól á eftir mér. Ég veit að hann hefur ýmislegt til málanna að leggja í þessum efnum og vill gjarnan gera þessa umr. sem fróðlegasta fyrir þá sem á hana hlýða.

Ég var þar kominn að að ósk verkalýðsforustunnar á þeim tíma fól Magnús Kjartansson, þáv. heilbrmrh. Heilbrigðiseftirliti ríkisins að taka þessa rannsókn að sér og hraða henni. Framkvæmd og niðurstöðum þeirrar rannsóknar, sem hófst í nóv. 1971, hefur fyrrv. forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins lýst í greinargerð til heilbr.- og trmrh. dags. 11. ágúst 1972, og verða hér í stuttu máli raktar helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar.

Rannsókninni var hagað þannig: 1. Vinnustaðir verksmiðjunnar skoðaðir, og var niðurstaða skoðunarinnar sú, að allmikið ryk væri í þessum vinnustöðum og fann skoðunarmaðurinn til óþæginda í öndunarfærum vegna hins mengaða lofts.

2. Rannsakað var loftkennt flúormagn í kerskála (þ. e. flúorvetni), en niðurstöðu þeirra rannsókna er ekki getið í skýrslunni. Aftur á móti eru til rannsóknir á flúorvetni frá nóv. 1971, en þar er sagt að niðurstöður séu lægri en búast mátti við, sennilega vegna vandkvæða við sýnishornatökuna að einhverju leyti.

3. Brennisteinssýrlingur var rannsakaður í andrúmslofti í kerskála og skautasmiðju og reyndist vera að meðaltali 0.14 mg á rúmmetra, en hæstu tölur einstakra mælinga fóru upp í 0.475 mg á rúmmetra, og var talið að þessar tölur væru innan uppgefinna hættumarka.

4. Ryksýni voru tekin í kerskála og skautasmiðju, en ekki rannsökuð með tilliti til magns eða efnasamsetningar.

5. Teknar voru stikkprufur af innihaldi andrúmslofts af kolsýrlingi og súrefni og reyndust þessar lofttegundir innan eðlilegra marka.

7. Flúor í sólarhringsþvagi var rannsakað frá 10 starfsmönnum fyrirtækisins, þar af þremur skrifstofumönnum. Reyndist það vera frá 0.6 mg í lítra til 3.2 mg í lítra, en miðað er við 4.8–5 mg í lítra sem hættumörk eftir 48 tíma.

8. 7 menn af 8, sem veikst höfðu í álverinu, voru kallaðir til viðtals og tekin af þeim nákvæm sjúkrasaga og aflað upplýsinga um rannsóknir á þeim frá öðrum læknum eða stofnunum. Allir höfðu reynst einkennalausir við læknisskoðun þegar þeir hófu störf hjá álverinu. Niðurstöður þessara rannsókna leiddu í ljós að þessir menn þjáðust af einkennum frá öndunarfærum, sem í sumum tilvikum voru mjög slæm. Einnig kom fram ofnæmi hjá sumum þessara manna, en auk þess bar mikið á sleni og þreytu að vinnu lokinni. Flestir höfðu unnið í kerskála, en margir við súrálsuppskipun og haft mikla yfirvinnu."

Svona var nú heilsufarið hjá þessum mönnum sem unnið höfðu hjá álverinu. En forstjórar þessa fyrirtækis höfðu fullyrt og svarið og sárt við lagt á opinberum blaðamannafundum að vinna af þessu tagi væri algerlega hættulaus og engin ástæða til að hafa áhyggjur af því að eiturefni gætu borist frá þeirri framleiðslu sem þarna var á ferðinni. Er ekki ástæða til að hafa þessar staðreyndir í huga, þegar hér kemur fram á Alþingi till. um það, að þeir sem standa að þessu álveri hafi sérstakan forgang umfram alla aðra, að þeir eigi að njóta þess að hafa forgang þegar næst verður byggð álframleiðsla hér á landi? Ég held að það sé sannarlega ástæða til að hafa allar þessar staðreyndir í huga þegar menn skoða þá till. sem hér er til umr.

Í skýrslunni segir ennfremur: „Talið var að mengun andrúmslofts á vinnustöðum þessara manna svo og visst næmi fjögurra af sjö mönnum væru samverkandi orsök sjúkdómseinkenna þeirra og öll veikindatilfelli ættu að flokkast undir atvinnusjúkdóma. Þannig er talið af Heilbrigðiseftirliti ríkisins að aðstæður í Straumsvík séu þannig, að hætta sé á atvinnusjúkdómum hjá starfsmönnum."

Takið eftir því, að þetta er 10 árum áður en krafa íslenskra stjórnvalda um uppsetningu hreinsitækja í Straumsvík nær fram að ganga. Þá þegar er sannað af Heilbrigðiseftirliti ríkisins að menn veikjast við störf sín hjá álbræðslunni í Straumsvík og það líða 10 ár áður en tekst að knýja þennan svissneska auðhring til þess að setja upp hreinsitæki.

Í skýrslunni segir ennfremur: „Bent er á varnaðarráðstafanir, sem beita verði við álverið gegn atvinnusjúkdómum, t. d. hreinlætis-, öryggis- og loftræstiráðstafanir. Bent er á að auk athugunar á almennu heilsufari beri sérstaklega að athuga ástand öndunarfæra og ofnæmistilhneigingar hjá starfsmönnum, og í þriðja lagi verði að stilla vinnutíma í hóf.

Þótt ljóst sé að fyrrnefndar mengunarrannsóknir séu meira eða minna ófullnægjandi hefur niðurstaða rannsóknarinnar í heild verið í fullu samræmi við reynslu og þekkingu frá niðurstöðum rannsókna frá öðrum löndum við svipaðan atvinnurekstur og aðstæður."

Þetta var mönnum sem sagt þegar ljóst árið 1972 og það líða 10 ár þar til tækin hafa verið sett upp.

Ennfremur segir hér í skýrslunni: „Þá er þáttur Öryggiseftirlits ríkisins ótalinn, en starfsmenn þess fara vikulega í eftirlitsferð í verksmiðjuna og skoða þungavinnuvélar, verkstæði og aðbúnað starfsfólks, auk þess sem gasmælingar eru framkvæmdar til að finna leka í

leiðslum (bútan- og própangas.)"

Það var búið að fullyrða að eiturgas gæti ekki borist frá þessari verksmiðju. Fullyrðingin kom frá engum öðrum en álforstjóranum sem hélt blaðamannafundinn fræga. Hér segir ennfremur:

„Samkvæmt skrá Öryggiseftirlitsins frá 9. nóv. 1976 voru skráð 16 atriði, sem lagfæra þurfti, og er þar um að ræða atriði vegna lélegrar loftræstingar, vöntunar á neyðarútgangi, hávaða, hitastigs og almennrar hreinlætisaðstöðu ásamt fatageymslum. Sumt hefur verið lagfært, annað er í athugun. Einnig fór fram hávaðamæling 1972 í nokkrum vinnusölum álverins og var hávaði við mælingartilfelli undir hættumörkum á vinnustöðum. Þó skal þess getið, að þessar mælingar segja ekkert um hávaða við einstök störf starfsmanna.

10.–15. febr. 1974 framkvæmdi heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur heyrnarmælingar á 117 starfsmönnum álversins, þar með talið fólk úr eldhúsi og fleiri stöðum, og reyndust 97 starfsmenn hafa skerta heyrn, þar af 30 með verulegt heyrnartap. Þótt samanburði sé ekki lokið á tíðni heyrnartaps við önnur hávaðasöm störf, t. d. vinnu í blikksmiðjum o. s. frv., virðast þessar tölur – þ. e. 83% með skerta heyrn og 25.6% af öllum með verulegt heyrnartap eða 31% af þeim sem hafa skerta heyrn – benda til þess að um óeðlilega háa tíðni heyrnartaps sé að ræða hjá starfsmönnum álversins og full ástæða til að endurtaka rannsóknina hið fyrsta."

Svona var nú ástandið í álverinu í Straumsvík eftir að það hafði verið starfrækt í 8 ár. Svona var mikið að marka loforðin sem Müller og Meyer gáfu. Annar þessara manna er enn í forustu svissneska álhringsins, og meira að segja væntanlegur hingað til lands eftir fáeina daga til þess að setjast hugsanlega að samningaborði við viðræðunefndina, sem þríflokkarnir hér á Alþingi, álflokkarnir hér á Alþingi leggja nú alla áherslu á að fá samþykkta, svo að hún geti sest að samningaborði með þessum sama Meyer, sem blekkti oss svo herfilega fyrir 17 árum síðan, eins og ég hef verið að rekja hér. Og þetta mál, að álflokkarnir þrír fái að taka forustuna í þessu máli, er svo mikið áhugamál hæstv. forseta vors og hv. samstarfsmanna okkar í Framsfl., að þeir vinna það til að sitja hér heila nótt til að freista þess að koma þessu máli fram áður en þingi er lokið, enda stutt þar til Meyer kemur. Nefndin þarf að vera viðbúin að taka til starfa, svo að hægt sé að makka við hana um nýtt álver. Það gera sömu mennirnir sem sviku okkur, gáfu okkur fölsk loforð og gerðu við okkur þessa einstæðu samninga sem ég hef nú gert að umtalsefni. Nei, svo sannarlega hef ég ætlað hinum ágæta forseta okkar, hv. þm. Jóni Helgasyni, annað hlutverk en það að leggja slíkt ofurkapp á þetta mál, því að ég hef ekki reynt hann að því að vera sérstakan áhugamann í þessum efnum og hef verið sannfærður um að hann fylgdi hinni gömlu stefnu síns flokks, sem byggðist á því að vera á móti svikasamningum af þessu tagi, samningum við menn, sem aldrei standa við sín orð, samningum við menn, sem lofa því árið 1973 að setja upp hreinsitæki við álverið í Straumsvík og efna það níu árum seinna.

Í skýrslunni um mengunarvarnir (**Forseti:** Ég hafði nú vænst þess að hæstv. ráðh. mundi takast að ljúka ræðu sinni. Ég ætlaði ekki að trufla hana.) Ég á mikið eftir, því miður. (**Forseti:** En mér sýnist að ekki muni vinnast tími til þess, þar sem þessi fundur hefur staðið lengur en ég ætlaði. Mætti ég þá biðja þig að gera hlé á þinni ræðu?) Ég skal að sjálfsögðu verða við tilmælum forseta. Ég tek það fram að ég á töluvert eftir.

Umr. frestað.

Efri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 14. mars, kl. 10 árdegis.

Vegalög, frv. (þskj. 557, n. 628). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Samgn. hv. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á vegalögum, 201. mál Nd. Það var niðurstaða nefndarinnar að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 387, n. 606). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. Ed. hefur tekið frv. þetta til meðferðar og mælir með því að það verði samþ. óbreytt. Ég þarf ekki að lýsa efni þessa frv. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan því voru gerð ítarleg skil hér við 1. umr. Hér er um merkilegt frv. og mikilvægt að ræða og sem byggir m. a. á samkomulagi milli eignaraðila Landsvirkjunar, eins og þeir verða samkv. þessu frv., þ. e. Laxárvirkjunar auk ríkis og Reykjavíkurborgar sem verið hafa.

Ég vil sérstaklega láta þess getið, vegna þess að mér er málið nokkuð skylt, að þetta frv. rúmast að öllu leyti innan þeirra marka sem sett eru í frv. að nýjum orkulögum þar sem gert er ráð fyrir rammalögum um orkumál landsins. En þetta frv. er flutt af mér og öðrum sjálfstæðismanni í þessari deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 540, n. 629). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hv. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar. Nefndin mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 538, n. 619). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Menntmn. Ed. hefur fjallað um frv. um grunnskóla og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 434, n. 636). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér að bæta einum starfshópi inn í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Nefndin hefur fjallað um frv. og finnst eðlilegt að þessi breyting sé gerð. Hún mælir með því að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 483 (sbr. 241), n. 620, 621). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fyrr í vetur var flutt hér í hv. Ed. frv. sem fól í sér takmarkanir á möguleikum barna og unglinga til að horfa á ofbeldiskvikmyndir, hvort sem þær væru sýndar í kvikmyndahúsum eða á myndböndum. Hv. þm. Eiður Guðnason og Kjartan Jóhannsson fluttu frv.

Þegar hv. menntmn. Ed. fékk til meðferðar frv. ríkisstj. um bann við sýningu ofbeldiskvikmynda ákvað nefndin að reyna að samræma grundvallarhugsun þess þmfrv., sem hér hafði verið flutt á sínum tíma, við stjfrv. Þess vegna hefur n. flutt tvær brtt. við frv. sem fela í sér skyldur yfirvalda að hafa eftirlit með því að börn og unglingar hafi ekki aðgang að því myndefni sem byggt er á ofbeldi og öðru því sem talið er að hafi óæskileg áhrif á viðhorf og athafnir barna og unglinga. Nefndin mælir því með því að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Í Nd. var samþykkt brtt. við stjfrv., sem fól í sér að gildi þess er bundið við ákveðinn árafjölda, og teljum við rétt að svo sé því að hér er að vissu leyti farið inn á nýjar brautir og eðlilegt að skoða að loknu nokkru árabili þá reynslu sem fengist hefur af þessari löggjöf.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hv. menntmn. Ed. fyrir að hafa tekið tillit til efnisatriða úr frv. sem ég flutti hér um sama efni og fyrir að flytja þau efnisatriði sem brtt. við frv. til l. um bann gegn ofbeldiskvikmyndum. Ég held að fullyrða megi að bæði þessi atriði séu til bóta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 621,1 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 621,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—5. gr. (verða 4.—6. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Stjórnskipunarlög, frv. (þskj. 537). — 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen, forsrh.): Herra forseti. Á þeim árum er stofnun lýðveldis var í undirbúningi þótti það einsýnt og virtust menn almennt um það sammála að endurskoða þyrfti stjórnarskrána frá 1874 í heild.

Á árunum fyrir 1944 var þetta mál mjög rætt, en niðurstaðan var sú, að endurskoðun væri það viðamikil að ekki væri unnt að ljúka henni fyrir stofnun lýðveldisins 17. júní 1944. Það varð því að ráði að breyta stjórnarskránni þá aðeins á þá lund sem leiddi af sambandsslitum við Danmörku og stofnun lýðveldis á Íslandi. Jafnframt var ákveðið að halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Að því skyldu vinna tvær nefndir: Önnur var stjórnarskrárnefnd undir formennsku Gísla Sveinssonar, sem hafði þá um stund unnið að þessum málum, en jafnframt var ákveðið að skipa svokallaða ráðgjafarnefnd, sem Sigurður Eggerz var formaður fyrir.

Nokkrum árum síðar, 1947, tók við stjórnarskrárnefnd sem Bjarni Benediktsson var formaður fyrir. Árið 1974 var enn skipuð stjórnarskrárnefnd og var Hannibal Valdimarsson formaður hennar.

Í maímánuði 1978 var svo gerð ályktun um endurskoðun stjórnarskrárinnar og þar ákvarðað að þingflokkar skyldu að loknum alþingiskosningum á því ári skipa nýja nefnd, þar sem flokkarnir ættu fulltrúa í hlutfalli við þm.-tölu þeirra á nýkjörnu Alþingi.

Hæstv. þáverandi forsrh., Ólafur Jóhannesson, boðaði þessa nefnd til 1. fundar 1. des. 1978 og gekkst fyrir kosningu formanns. Í þessari nefnd eiga sæti Gylfi Þ. Gíslason, Jón Baldvin Hannibalsson, Matthías Bjarnason, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Sigurður Gizurarson, Tómas Tómasson, Þórarinn Þórarinsson og Gunnar Thoroddsen, sem var kjörinn formaður.

Ráðunautur nefndarinnar er Gunnar Schram og ritari Guðmundur Benediktsson.

Í ágústmánuði 1980 sendi nefndin frá sér tvær skýrslur. Önnur þeirra var „yfirlit um ýmis atriði, sem koma til athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar", m. ö. o. almennt um endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild. Hin skýrslan var „hugmyndir um breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi". Þetta var í ágúst 1980.

2. des. 1982 gaf svo nefndin út skýrslu um kjördæmamálið og í jan. 1983 skýrslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild.

Í formála þeirrar skýrslu segir: „hefur ýmsum greinum stjórnarskrárinnar verið breytt allverulega frá því sem nú er, en aðrar greinar eru óbreyttar ... Hefur náðst samstaða í nefndinni um að senda þingflokkunum þessa skýrslu sem grundvöll að umræðum innan þeirra um textann. Nefndarmenn hafa gert fyrirvara um afstöðu flokka sinna og sína, þegar málið kemur fyrir Alþingi".

Í sambandi við flutning málsins vil ég geta þess, að það var vilji stjórnarskrárnefndar að fullbúið yrði frv. til nýrrar stjórnarskrár, sem lagt yrði fyrir Alþingi nú, en ekki látnar nægja þær skýrslur sem samdar höfðu verið og útbúnar. Þetta þótti æskilegt til þess að skapa betri og aðgengilegri grundvöll að öllum umr., bæði á Alþingi og meðal þjóðarinnar, um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Að þessu var síðan og meiri hluti stjórnarskrárnefndar var fylgjandi því að frv. yrði hér á Alþingi flutt af forsrh. Í því sambandi má geta þess, að samkvæmt lögum og reglugerðum Stjórnarráðs Íslands heyrir stjórnarskráin og þar með endurskoðun hennar, stjórnskipulega og stjórnarfarslega, undir forsætisráðuneytið.

Í grg. frv. er gefið nokkurt yfirlit um helstu breytingar og nýmæli í stjórnarskránni og áður en ég fer út í einstakar greinar vil ég aðeins renna yfir þá skrá.

Þá er í fyrsta lagi: Lýðræði, þingræði og jafnrétti skulu vera grundvallarreglur stjórnskipunarinnar. Stjórnvöld ríkisins fari með vald sitt í umboði þjóðarinnar.

2. Þingræðisreglan er staðfest með því að ríkisstjórn skuli njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis.

3. Hafi viðræður um stjórnarmyndun ekki leitt til nýrrar ríkisstjórnar innan átta vikna er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.

4. Breytt ákvæði eru um skipan og setningu ríkisstarfsmanna.

5. Samningar Íslands við önnur ríki skulu allir kunngjörðir Alþingi.

6. Forseti getur aðeins rofið Alþingi með samþykki þess sjálfs og þingrofsrétturinn er þrengdur.

7. Alþingismenn skuli halda umboðum sínum til kjördags, þegar þing er rofið.

8. Synjunarvaldi forseta er breytt, þannig að frv. fái ekki lagagildi fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu sé það þar samþykkt.

9. Heimild til brbl. er þrengd frá því sem nú er.

10. Alþingi starfi í einni málstofu.

11. Kosningaaldur er lækkaður og lögheimilisskilyrði rýmkað.

12. Veruleg breyting er gerð á ákvæðum um nefndir Alþingis, störf þeirra og vald.

13. Nýtt fyrirkomulag er á endurskoðun ríkisreikninga.

14. Landsdómur er lagður niður.

15. Ákvæði um ríkissaksóknara eru tekin í stjórnarskrá.

16. Skýrt er tekið fram að ráðherrar fari með vald forseta nema á tveim sviðum, við stjórnarmyndanir og staðfestingarneitun laga.

17. Ákvæði eru tekin upp um Hæstarétt og dómsmálakaflinn gerður allur ítarlegri og fyllri.

18. Mannréttindakaflinn er gerður miklum mun ítarlegri, breytt er ákvæðum og þau gerð rækilegri og ný mannréttindi tekin upp í kaflann.

19. Þá eru mun ítarlegri ákvæði sett um réttindi sveitarfélaga landsins.

20. Bann við afturvirkni skattalaga.

21. Ákvæði um auðlindir landsins.
22. Ákvæði um náttúruvernd.
23. Ákvæði um heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu.
24. Ný ákvæði um hvernig stjórnarskránni skuli breytt.
25. Umboðsmaður eða ármaður Alþingis verði lögfestur. Hlutverk hans sé að kanna kærur vegna meintra misgerða yfirvalda gagnvart borgurunum.

1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar er samkvæmt þessum tillögum mjög breytt frá því sem nú er. Þar segir í 1. gr.: „Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi. Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands. Handhafar ríkisvaldsins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar."

2. gr. mælir fyrir um handhafa ríkisvaldsins.

Hér segir í upphafi eins og fram hefur verið tekið: Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi. Það er til áherslu á frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar í eigin málum og gagnvart öðrum ríkjum. Með því er jafnframt minnt á þann merka viðburð í þjóðarsögunni er Ísland hlaut viðurkenningu fullveldis 1. des. 1918. Í því sambandi er rétt að geta þess sem áður var lögð á mikil áhersla og viðkvæmara var þá kannske en hjá sumum í seinni tíð, sem kunna ekki glögg skil á því. Það sem gerðist 1918 hét það, að Danmörk viðurkennir fullveldi Íslands. Það var ekki svo að Ísland öðlaðist fullveldi, því að öll okkar sjálfstæðisbarátta undir forustu Jóns Sigurðssonar byggðist á því að Ísland hefði jafnan verið fullvalda ríki og var m. a. byggt þar mjög á Gamla sáttmála. Hér var því um að ræða viðurkenningu á fullveldi, en ekki það að Ísland öðlaðist fullveldi.

Þá er í 1. gr. tekið fram að grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands skuli vera lýðræði, þingræði og jafnrétti. Þessi þrjú atriði hafa í raun verið og eru hornsteinar íslenskrar stjórnskipunar. Þeirra hefur ekki verið getið í stjórnarskrá til þessa, en eru nú skýrt tekin fram og undirstrikuð.

Þingræðisreglan er nú á órækan hátt lögfest í stjórnarskrá, en eitt meginmarkmið sjálfstæðisbaráttunnar var að fá innlenda stjórn sem ábyrg væri gagnvart Alþingi.

Þótt Alþingi væri með stjórnarskránni 1874 veitt hlutdeild í löggjafarvaldinu í hinum svokölluðu sérmálum fékk það ekki rétt til áhrifa á meðferð framkvæmdavaldsins. Einn af ráðherrum dönsku stjórnarinnar fór með málefni Íslands. Alþingi hafði engin áhrif á skipun hans og hann átti ekki sæti á Alþingi. Æðsti fulltrúi konungsvaldsins hér á landi var landshöfðingi. Hann sat á Alþingi stöðu sinni samkvæmt, en bar enga ábyrgð gagnvart Alþingi og það réði engu um skipun hans í embætti.

Á þessu ástandi varð grundvallarbreyting með stjórnarskipunarlögunum árið 1903, þegar heimastjórn var lögfest. Samkvæmt þeim skyldi ráðherra Íslands vera innlendur maður og hafa aðsetur í Reykjavík, eiga stöðu sinni samkvæmt sæti á Alþingi og bera ábyrgð fyrir því. Árið eftir, 1904, voru sett sérstök lög um ábyrgð ráðherra Íslands.

Það hefur verið talið að með heimastjórnarlögunum 1903 hafi þingræðið verið í raun lögleitt hér á landi, þótt þess væri hvergi getið berum orðum í þeim stjórnskipunarlögum. Það má vel vera, en hins vegar er það ekki rétt, sem stundum er haldið fram, að fyrsti ráðherra Íslands, Hannes Hafstein, hafi verið valinn af Alþingi eða meiri hluta þess. Það var danska stjórnin eða danski Íslandsráðherrann sem réði því vali, og m. a. hafði hann boðið öðrum manni ráðherrastólinn áður. Hins vegar kom það í ljós strax að þessi fyrsti ráðherra, Hannes Hafstein, naut stuðnings meiri hluta Alþingis, þó að aðdragandinn væri þessi, sem ég lýsti, og við næstu kosningar á eftir lýsti Hannes Hafstein því yfir að hann viki úr starfi eingöngu fyrir vantrausti, sem síðan var samþykkt. Þar með var náttúrlega þingræðisreglunni formlega slegið fastri.

Með stjórnlagabreytingum sem fylgdu í kjölfar sambandslagasamningsins frá 1918 og fullveldisviðurkenningar var tekið upp það ákvæði í stjórnarskrána að stjórnskipulagið skyldi vera þingbundin konungsstjórn. Með því ákvæði var þingræðinu veitt ótvírætt stoð í stjórnarskránni. Það var tekið óbreytt í lýðveldisstjórnarskrána 1944 nema að lýðveldi kom í stað konungsstjórnar.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er þetta skýrar orðað og beinlínis fram tekið að þingræðið sé ein af grundvallarreglum stjórnskipunarinnar, en nánari ákvæði um hvað í þingræðisreglum felst og um framkvæmd hennar er að finna í 13. gr. frv.

Ákvæði um að jafnrétti skuli vera ein af grundvallarreglum stjórnarskrárinnar er nýmæli í stjórnarskrá. Í margvíslegri löggjöf sér þess hins vegar stað, að gert er ráð fyrir almennu jafnrétti landsmanna, og þess hefur verið gætt í vaxandi mæli í margvíslegri lagasetningu, sem ber þessa vitni. Árið 1976 voru sett almenn lög um jafnrétti kvenna og karla. Nú er hin almenna jafnréttisregla hins vegar í fyrsta sinn lögbundin í stjórnarskrá samkv. þessum till. og tekur hún til allra sviða í íslenskum rétti.

Í mannréttindakafla frv. er síðan nánar vikið að jafnréttisreglunni, bæði í 62. og 63. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. frv. er einnig nýmæli. Hér er sú grundvallarregla lögfest að handhafar ríkisvaldsins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar. Uppspretta alls ríkisvalds er því hjá þjóðinni og má þar vitna til hinnar frægu 3. gr. frönsku mannréttindayfirlýsingarinnar frá 1789: „Allt þjóðfélagsvald á rætur sínar hjá þjóðinni."

Framkvæmd þessa ákvæðis endurspeglast m. a. í því, að þjóðin velur í almennum, leynilegum kosningum þjóðhöfðingjann og æðstu handhafa ríkisvaldsins.

Um margar greinar frv. þessa vil ég vísa til athugasemda eða greinargerðar með frv., þar sem víða er um ítarlegar skýringar að ræða, en mun þó minnast á nokkrar þessara greina.

Í 11. gr. frv. er fjallað um valdsvið forseta. Umr. urðu um það töluverðar í stjórnarskrárnefnd hvort lagt skyldi til að breytingar yrðu gerðar á valdsviði og verkefnum forseta frá því sem nú er. Ýmsir kostir voru ræddir í því efni.

Það var rætt um þær hugmyndir, sem upp komu við endurskoðun stjórnarskrárinnar á árunum 1942—1944, að löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið skyldu með öllu aðskilin, forseti kjörinn sem oddviti framkvæmdavaldsins, er skipaði ráðherra sína úr hópi utanþingsmanna, og þingræðið þar með afnumið. Hér væri um stjórnarfyrirkomulag að ræða áþekkt hinu bandaríska forsetaveldi.

Í öðru lagi var rætt um að ganga nokkru skemmra til breytinga, auka vald forseta frá því sem nú er, en afnema þó ekki þingræðið. M. a. var rætt um valdsvið forseta Finnlands, en stjórnarskrá þess lands mælir

m. a. fyrir um veruleg áhrif hans á mótun utanríkisstefnu landsins. Þá var þeim hugmyndum og hreyft að forseti fengi aukið vald í þeirri mynd að hann skipaði upp á sitt eindæmi hæstaréttardómara og ef til vill nokkra æðstu starfsmenn landsins.

Það er skemmst frá því að segja um þessar umr. allar, að sú hugmynd að taka upp forsetaveldi og afnema þingræðið fékk ekki hljómgrunn í stjórnarskrárnefnd. Ekki þótti heldur ástæða til að auka valdsvið og verkefni forseta frá því sem nú er.

Efni 13. gr. frv. er að mestu leyti nýmæli. Þar er fjallað um þingræði og stjórnarmyndanir, en um hvorugt atriðið eru skýr ákvæði í gildandi stjórnlögum.

Í 1. mgr. er nú beinlínis tekið fram að forseti Íslands ákveði hverju sinni hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hér er drepið á eitt mikilvægasta hlutverk forseta í stjórnskipuninni, verk sem hann vinnur á eigin ábyrgð, en ekki eftir tillögum ráðherra sem oftast endranær. Hér var honum það í sjálfsvald sett til hverra forustumanna í stjórnmálum hann leitar um stjórnarmyndun og er það vald forseta undirstrikað í þessari málsgrein.

Í 2. mgr. 13. gr. er vikið að kjarna þingræðisreglunnar. Það ófrávíkjandi skilyrði er sett að ríkisstjórn skuli njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hér er um að ræða hina hefðbundnu skilgreiningu á þingræðinu og þótti rétt og sjálfsagt að festa hana í stjórnarskrá.

Í 3. málsgr. er fjallað um stjórnarmyndanir. Ekki eru nú í stjórnarskrá eða lögum nein ákvæði sem mæla fyrir um það, hve langan frest forseti skuli veita þingflokkum til stjórnarmyndunar áður en gripið verði til þess ráðs að forseti skipi ríkisstjórn. Menn tala stundum um utanþingsstjórn. Raunar eru önnur heiti þar notuð, eins og embættismannastjórn eða forsetastjórn, en það er nú undir mati forseta sjálfs komið hvenær hann telur að til þess þurfi að grípa. Þess eru ýmis dæmi að stjórnarmyndanir hafi dregist mjög á langinn og hafa allt að fjórir mánuðir liðið frá því að stjórn segir af sér þar til ný var mynduð. Utanþingsstjórn hefur hins vegar aðeins einu sinni verið skipuð, sú er sat hér árin 1942—1944.

Nefndin taldi eðlilegt að í stjórnarskrá yrðu sett ákvæði um tiltekin tímamörk í þessu efni. Því er lagt til að fram sé tekið að forseta sé heimilt að skipa slíka stjórn, ef viðræður flokkanna um stjórnarmyndun hafa ekki leitt til myndunar nýrrar ríkisstjórnar innan átta vikna. Með þessu ákvæði er flokkunum veittur þessi tiltekni frestur til stjórnarmyndunar. Orðalagið ber hins vegar með sér að sú stjórn sem forseti skipar að fresti liðnum þarf ekki að vera utanþingsstjórn, eins og ég drap á hér áður, heldur gæti hún verið skipuð mönnum bæði utan þings og innan, jafnvel þm. eingöngu. Meginmarkmið þessa ákvæðis er að veita flokkunum aukið aðhald við stjórnarmyndanir, koma í veg fyrir að þær dragist óhóflega á langinn og veita forseta skýrari heimildir til skipunar ríkisstjórnar að eigin frumkvæði en nú er.

Þá er í 15. gr. sú meginbreyting gerð frá ríkjandi skipan að Landsdómur er lagður niður. Er svo mælt fyrir að Hæstiréttur dæmi í þeim málum, er Alþingi kærir ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra.

Landsdómur var upphaflega settur á stofn með lögum frá 1905, en nú gilda um hann lög nr. 3 frá 1963. Hlutverk Landsdóms er að fara með og dæma þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisverkum þeirra.

Landsdómur hefur aldrei komið saman og Hæstiréttur getur að sjálfsögðu eins vel fjallað um þau mál, er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum vegna embættisbrota, og ekki ástæða til að halda í stjórnarskrá ákvæðum um sérstakan dómstól í því efni.

Að því er ráðherraábyrgð varðar er engin tillaga gerð um breytingar á þeim ákvæðum í stjórnarskránni, sem um hana fjalla og þau eru nánar útfærð í lögum um ráðherraábyrgð.

Í 19. gr. er fjallað um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Er um það mál rætt ítarlega í greinargerð, sem ég ætla ekki að rekja hér nánar, en vísa til hennar.

Í 20. gr. er fjallað um sama efni og nú er í 21. gr. Þar eru tvö nýmæli. Annars vegar er hér bætt lofthelgi við land og landhelgi og ennfremur að gera skuli Alþingi grein fyrir gerð allra samninga við önnur ríki, og getur það gerst með ýmsum hætti, eins og rakið er í athugasemdum.

21. gr. frv. fjallar um það ákvæði að forseti Íslands stefni saman Alþingi og bætt er við orðunum, sem eru staðfesting á framkvæmd þessa ákvæðis, að það skuli gert að tillögu forsrh.

Í stjórnarskrárnefndinni gerðu fulltrúar Alþfl. tillögu um að þessu yrði breytt þannig, að það verði ekki forseti Íslands heldur forseti Alþingis sem stefni Alþingi saman ár hvert.

22. gr. fjallar um frestun á fundum Alþingis og gerði Alþfl. þar einnig till. um að það væri forseti Alþingis en ekki forseti Íslands sem hefði heimildina til slíkrar frestunar.

23. gr. frv. fjallar um þingrof og eru þar gerðar verulegar breytingar. Í fyrsta lagi sú meginbreyting, að í stað þess að þingrofsréttur er nú í höndum forseta Íslands og þá á ábyrgð forsætisráðherra skuli aðeins heimilt að rjúfa Alþingi með samþykkt þess sjálfs. Ennfremur að stofna skuli til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því að það var rofið og Alþingi komi saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að það var rofið. Þessir frestir báðir eru styttir, annar úr tveim mánuðum í 45 daga og hinn úr átta mánuðum í fjóra mánuði. Loks er sú breyting gerð að alþm. skuli halda umboði sínu til kjördags. Um það hefur ekki verið ákveðið í stjórnarskránni og hefur það hvort tveggja gerst við þingrof að alþm. hafa haldið umboðum til kjördags eða umboð þeirra hafa fallið niður um leið og þing var rofið.

Fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd gerðu till. um að greinin yrði á annan veg, eins og tekið er fram í aths.

Ég kem þá að 24. gr. frv., þ. e. um neitunarvald gagnvart lögum.

Á meðan konungsstjórn var hér á landi hafði konungur algjört neitunarvald gagnvart lögum sem Alþingi hafði samþykkt. Í framkvæmd var það hins vegar svo að eftir 1914 synjaði konungur aldrei staðfestingar. Með lýðveldisstjórnarskránni varð breyting á þessari skipan. Það var ekki lengur um synjunarvald forseta að ræða, hvorki algert né frestandi, heldur var forseta heimilt að neita að staðfesta lagafrv., en það skyldi engu að síður fá lagagildi, en þá skyldi svo skjótt sem kostur væri bera það undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu.

Lögin féllu úr gildi, ef samþykkis var synjað, ella halda þau gildi sínu. Þetta eru þau ákvæði sem nú eru.

Hér er lagt til að veruleg breyting verði á þessu ákvæði. Hún er á þá lund, að áður en forseti tekur ákvörðun um hvort hann staðfestir lagafrv. getur hann óskað eftir því, að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Ef frv. er fellt er forseta heimilt að neita að staðfesta það. Sé það samþykkt skal hann á hinn bóginn staðfesta það. Ástæðan fyrir þessari breytingu, sem stjórnarskrárnefnd leggur til, er aðallega þessi: Ef forseti neitar nú að staðfesta lagafrv. hefur það í för með sér þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Forseti er þá væntanlega á öndverðum meiði við þing og ríkisstjórn, sem þegar hafa fallist á lögin. Það er óhjákvæmilegt að í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar komi þessir aðilar fram sem andstæðingar. Það er á allan hátt óæskilegt. Hins vegar skerst ekki í odda á sama hátt ef forseti getur áður en hann tekur afstöðu til málsins látið kanna hug þjóðarinnar til málsins og síðan tekið sína ákvörðun.

26. gr. frv. fjallar um rétt til útgáfu brbl. Taldi nefndin rétt að gera þar ýmsar breytingar á og þrengja og takmarka þann rétt sem hingað til hefur verið um útgáfu brbl.

Það er í fyrsta lagi nýmæli að brbl. skuli ætíð lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings, en slík skylda er ekki samkvæmt núgildandi stjórnarskrá.

Í öðru lagi: Hafi Alþingi ekki samþ. brbl. þrem mánuðum eftir þingsetningu falla þau úr gildi í stað þess að nú gildir sú regla að þau falla úr gildi við þinglausnir hafi þau ekki verið felld áður.

Þá er það nýmæli að kynna skal viðkomandi þingnefnd efni brbl. áður en þau eru sett.

Fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd lögðu hins vegar til að heimildin til útgáfu brbl. yrði felld niður úr stjórnarskránni.

28. gr. fjallar um kjördæmaskipan og kosningatilhögun og þarf ég ekki að fara um það mál mörgum orðum þar sem umr. hafa verið miklar á þingi um það undanfarnar vikur.

Það frv. sem formenn stjórnmálaflokkanna hafa flutt á Alþingi nýtur stuðnings mikils meiri hluta á Alþingi og verður væntanlega samþykkt á Alþingi nú í dag. Miðað við þessa afstöðu mikils meiri hluta alþm. er texti 1. gr. kjördæmafrv. formannanna tekinn upp í 28. gr. þessa frv.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá því í desembermánuði er fjallað mjög ítarlega um leiðir og kosti um breytingar á kjördæmaskipan landsins og þær meginreglur sem eftir skuli fara. Það voru þrjár meginreglur sem stjórnarskrárnefndin setti sér í upphafi: Í fyrsta lagi að stjórnmálaflokkar skyldu fá þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölur sínar við almennar kosningar, í öðru lagi að draga stórlega úr misvægi atkvæða eftir búsetu kjósenda og í þriðja lagi að auka möguleika kjósenda til að hafa áhrif á val frambjóðenda og þingmanna. Stjórnarskrárnefndin setti fram margar hugmyndir og lét kanna þær og reikna út hvernig fram kæmu, en nokkru áður en nefndin skilaði sinni grg. um kjördæmamálið höfðu formenn stjórnmálaflokkanna hafið viðræður sín á milli um leiðir í því máli til að reyna að finna þar lausn og með hliðsjón af því starfi taldi nefndin ekki ástæðu til að gera ákveðnar tillögur um kjördæmamálið eða setja fram hina margvíslegu kosti. Hún gerði sem sagt ekki ákveðna tillögu um kjördæmamálið, eins og hún gerði um önnur atriði stjórnarskrárinnar.

Í athugasemdum við frv. er getið sérstaklega einnar aðferðar, þeirrar sem í skýrslu stjórnarskrárnefndar er merkt A3 og sem flutningsmaður þessa frv. hefur talið að mörgu leyti æskilegasta og lýst er í grg. um 28. gr.

Með 29. gr. frv. er lagt til að deildaskipting Alþingis verði afnumin og það starfi í einni málstofu. Frá því er Alþingi var endurreist og fram til 1874 starfaði það í einni deild. Með stjórnarskránni 1874 var deildaskipting upp tekin, og þótt stjórnarskráin væri ekki sett í samræmi við vilja Alþingis var þetta ákvæði í samræmi við hana og efnisleg rök lágu til hennar á þeim tíma, svipuð og voru grundvallaratriði deildaskiptingar þjóðþinga um heim allan á þeim tíma. En grundvallarrökin voru þau, að kjörið var með mismunandi hætti til hinna tveggja deilda. Þannig var ákveðið 1874 að í Ed. skyldu sitja tólf þm., sex þeirra konungkjörnir þm. og sex aðrir sem kjörnir voru af Alþingi. Konungur eða ríkisstjórn hafði með þessum hætti stöðvunarvald í Ed., a. m. k. að því leyti sem hinir konungkjörnu töldu sér skylt að fylgja vilja stjórnarinnar eða konungs, sem var mjög oft, en þó ekki undantekningalaust.

Konungkjörið var svo afnumið 1915 og landskjör sett í staðinn. Hinir landskjörnu þingmenn skyldu allir sitja í Ed., voru sjálfkjörnir þangað, en það var ákveðið að kosningarréttar- og kjörgengisskilyrði skyldu vera önnur. Það var miðað við 35 ára aldur í staðinn fyrir 25 ára. En svo gerist það 1934 að landskjörið, sem kom í stað konungkjörs, var fellt niður og jöfnunarþingsæti tekin upp í staðinn og síðan eða í nærri hálfa öld hafa þm. allir verið kosnir til Alþingis með sama hætti og þeir kjósa svo úr sínum hópi lögboðna tölu til Ed. eða 20 þm., þriðjung þingmanna. Því má segja að deildaskiptingin hafi að vissu leyti misst sína fyrri þýðingu þar sem um langt skeið hefur enginn munur verið á kjöri til hinna tveggja deilda og flestar hinar fyrri sögulegu forsendur deildaskiptingar eru horfnar.

Fyrir nokkru var deildaskipting þjóðþinga Dana og Svía afnumin. Stjórnarskrárnefnd kynnti sér rækilega hver reynsla hefði orðið í þessum löndum, bæði með skriflegum upplýsingum og persónuviðtölum við forseta beggja þinganna og ýmsa framámenn í stjórnmálum þessara landa. Þeir luku upp einum munni um það, að breytingin í báðum löndum hefði verið til bóta og í hvorugu landinu hafa síðan komið fram tillögur um afturhvarf til hins fyrra forms. Aðalkostina telja þeir vera þá, að mál gangi greiðar og hraðar og þátttaka þingmanna í þingstörfum hafi almennt aukist. Í danska þjóðþinginu eru umræður um hvert frv. þrjár, eins og er um fjárlög hér á landi. Á hinn bóginn er almenna reglan sú, að aðeins ein umr. fer fram um hvert lagafrv. í Svíþjóð, en þá hefur það líka hlotið mjög ítarlega athugun í þingnefnd.

Í athugasemdum við frv. er drepið á samtal sem formaður stjórnarskrárnefndar og ráðunautur áttu við dómsmrh. Svíþjóðar og getið er um í skýrslu nefndarinnar, þar sem hann sagði m. a. að tvímælalaust væri góð reynsla af störfum sænska þingsins í einni málstofu. Kostir breytingarinnar hafa fyrst og fremst verið þeir, að málsmeðferð nú er öll miklu einfaldari og afleiðing einföldunar málsmeðferðar hafi verið sú, að afgreiðsla gengur öll miklu hraðar fyrir sig en áður. Hins vegar tók

dómsmrh. það fram, að þótt hafi nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á skipan og störfum þingnefnda þegar deildaskipting var afnumin.

Hér er vikið að mjög mikilvægu atriði því tvímælalaust verður nauðsynlegt að gera miklar breytingar á störfum þingnefnda þegar þingið verður ein málstofa. Um það þarf að fjalla ítarlega í lögum um þingsköp, en í 39. gr. þessa frv. eru þegar gerðar tillögur um gerbreytt stjórnarskrárákvæði um þingnefndir. Það er ætlast til þess að þingnefndir fái mun meiri völd en þær hafa í dag og verði virkari í störfum.

Við afnám deildafyrirkomulags er gert ráð fyrir því samkv. frv., að hvert lagafrv. verði rætt við þrjár umr. í þinginu, auk þess sem ítarlegar umr. fari fram í n. og mun ítarlegri en nú tíðkast. Í þessu sambandi má benda á, að eitt mikilvægasta frv. þingsins, fjárlagafrv., hefur núna í nær 50 ár eða frá 1934 aðeins sætt þremur umr. í Sþ. og hefur það verið talið fullnægjandi, en fram til þess tíma var fjárlagafrv. lagt fyrir og fjallað um það í báðum deildum þingsins, eins og venjulegt lagafrv., við þrjár umræður. Þessi 50 ára reynsla virðist hafa gefist vel og hafa ekki verið uppi raddir í seinni tíð um að þyrfti að breyta því aftur í hið fyrra horf.

Í sambandi við eina málstofu gerðu fulltrúar Alþb. fyrirvara, eins og greint er í athugasemdum. Aðrir nm. höfðu einnig fyrirvara um þetta efni, en þó má fullyrða að það var skýr meiri hluti í stjórnarskrárnefnd fyrir þeirri breytingu að Alþingi verði ein málstofa.

Í 30. gr. frv. eru gerðar breytingar á skilyrðum kosningarréttar frá því sem nú er.

Kosningaaldurinn er lækkaður úr 20 í 18 ár. Það er í samræmi við lækkun á aldurslágmarki í lögum sem lúta að ýmiss konar réttindaneyslu í þjóðfélaginu, sbr. að giftingaraldur var lækkaður 1979. Í flestum nágrannalöndum hefur kosningaaldurinn verið lækkaður í 18 ár og stjórnarskrárnefnd gerir því einróma tillögu um að kosningaaldurinn verði færður úr 20 í 18 ár. Þetta ákvæði hafa formenn flokkanna tekið upp í sitt kjördæmafrv.

Önnur breytingin er um lögheimilisskilyrði sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Var upphaflega tillaga stjórnarskrárnefndar að það yrði rýmkað þannig að lögheimili hefðu menn þurft að eiga hér einhvern tíma á næstu fjórum árum fyrir kosningar. Er það mikil rýmkun frá því sem nú er. Niðurstaðan varð svo sú eftir ábendingu og tillögu hagstofustjóra, sem hefur mestan kunnugleika á þessum efnum, að rýmka það þannig, að með almennum lögum sé heimilt að gera undanþágur frá lögheimilisskilyrðinu í stað þess að ákveða það, eins og stjórnarskrárnefndin hafði uppálagt hér.

Þá er sú breyting gerð á þessari grein einnig, að niður er fellt það kosningarréttarskilyrði að menn hafi óflekkað mannorð, en það skilyrði er úrelt talið. Nefnd sem fjallaði um endurskoðun hegningarlaga á sinni tíð lagði til að þetta ákvæði yrði niður fellt, og er það mál rakið nánar í grg. frv.

Í 31. gr. er rætt um kjörgengi. Þar segir nú í stjórnarskrá að dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á höndum, skuli ekki kjörgengir. Nú er þessu breytt þannig, að það er beinlínis ákveðið að kjörgengir skuli ekki dómarar Hæstaréttar né ríkissaksóknari.

32. gr. fjallar um samkomudag reglulegs Alþingis. Í stjórnarskránni sjálfri stendur að reglulegt Alþingi skuli koma saman ár hvert eigi síðar en 15. febrúar, en breyta megi því með lögum. Það var gert 1967, sett lög um það sem gilda ekki frá ári til árs, heldur áframhaldandi. Hins vegar hefur þessi háttur, að Alþingi kæmi saman um 10. okt., verið viðhafður miklu lengur. Sú dagsetning er hér sett inn, en haldið ákvæðinu um að þessu megi breyta með lögum. Fulltrúar Alþfl. gerðu hins vegar tillögu um að bætt skyldi inn í þessa grein því ákvæði að hvert þing skuli standa þar til næsta reglulegt Alþingi kæmi saman.

Í 37. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um það sem nú segir í 48. gr., en þar segir að alþm. séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum og að embættismenn sem kosnir eru af Alþingi þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna o. s. frv. Þessi síðari ákvæði eru felld niður í þessu frv. Það er að sjálfsögðu haldið því grundvallarákvæði í okkar stjórnskipun að alþm. séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en fellt er niður, talið ástæðulaust að taka fram, að þeir séu ekki bundnir við reglur frá kjósendum og fellt niður ákvæðið um að þeir þurfi ekki leyfi yfirvalda til að taka kosningu. Meginatriðinu er sem sagt haldið.

Í 39. gr. er svo farið nánar út í það atriði sem ég minntist á hér áður um ný ákvæði um aukin störf og vald nefnda á þingi í beinu sambandi við það að deildaskipting verði afnumin. Í 39. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi kýs fastanefndir til upphafs næsta þings til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum. Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál, er almenning varða, og veitt þeim rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum og einstökum samtökum eða fyrirtækjum. Þá getur Alþingi kjörið sérstakar nefndir þingmanna til að rannsaka mál, þegar brýn ástæða þykir til, og skal í lögum kveðið á um réttindi, skyldur og starfsháttu slíkra nefnda."

Þessi grein, 39. gr., eins og hún er í frv., er mjög mikilvæg í sambandi við þær hugmyndir að Alþingi verði ein málstofa. Þetta mál allt saman er rakið ítarlega í athugasemdum frv. um 39. gr. og vil ég ekki lengja mál mitt með því að fara frekar út í það að sinni, en vísa til þeirrar grg.

Í 44. gr. er fjallað um nýmæli, sem er endurskoðun á fjárreiðum ríkisins. Þar segir svo í frv., að „endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess." „Nánar skal fjallað um endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í lögum."

Uppi hafa verið tillögur um það á undanförnum árum hér á landi að ríkisendurskoðun yrði ekki undir yfirstjórn fjmrh., heldur undir yfirstjórn Alþingis, og í ýmsum öðrum löndum hefur orðið mikil breyting á þessum efnum hin síðari ár þannig að löggjafarþingin eða þjóðþingin hafa tekið í sínar hendur slíka endurskoðun og breytt henni efnislega þannig að hún er ekki aðallega reikningsleg endurskoðun, heldur miklu fremur málefnaleg og gagnrýnin endurskoðun, eiginlega stjórnsýsluendurskoðun sem sums staðar hefur verið kallað. Í stjórnarskrárnefndinni var þetta mál rætt ítarlega og var það einróma skoðun manna að hér skyldi á gerð breyting og lagt til með 44. gr. að þetta verði

ákveðið í sjálfri stjórnarskránni.

V. kafli stjórnarskrárinnar, sem hefst á 50. gr. og nær til 55., er gerður miklu ítarlegri en verið hefur, en hann fjallar um dómsvaldið. Aðaltilgangurinn með þessum ítarlegri ákvæðum er að gera dómstólana sem sjálfstæðasta og tryggja þeirra hlutleysi. Í fyrsta lagi þykir nú eðlilegt að æðsti dómstóll þjóðarinnar sé nefndur í stjórnarskránni, enda segir hér í 51. gr. frv. að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll landsins. Slíkt ákvæði er ekki í stjórnarskránni sem nú gildir. Þá er í 52. gr. beinlínis ákveðið í stjórnarskránni að ríkissaksóknari fari með ákæruvaldið, hann sé í embættisstörfum sínum einungis bundinn af lögunum. Áður fyrr var ákæruvaldið í höndum ráðherra, en fyrir u. þ. b. tveim áratugum var það tekið úr höndum ráðherra og fengið óháðum embættismanni, ríkissaksóknara, eins og lengi hafði verið um rætt og óskir og tillögur um. Þetta vald, meðferð ákæruvaldsins og starf ríkissaksóknara í þessu, er svo mikilvægt að sjálfsagt þykir að kveða á um það í sjálfri stjórnarskránni.

Í 54. gr. er rætt um og ákveðið að dómstólar eigi úrskurðarvald um réttarágreining og skeri úr öllum ágreiningi um valdmörk stjórnvalda. Hér er breytt orðalagi. Í staðinn fyrir embættistakmörk yfirvalda er rætt um valdmörk stjórnvalda. En í þeirri grein, 54. grein, er það nýmæli að dómstólar skuli skera úr öllum ágreiningi um hvort lög brjóta í bága við stjórnarskrána. Það er ekkert ákvæði um slíkt í núgildandi stjórnarskrá, en hins vegar hefur Hæstiréttur Íslands talið svo vera að dómstólar hefðu úrskurðarvald hér um. Hér er um svo mikið grundvallaratriði að ræða að rétt þykir að leggja til að ákvæði um það sé sett í sjálfa stjórnarskrána.

Þá er tekinn inn nýr VI. kafli í þessum till., sem fjallar um sveitarfélög. Nú er stuttlega fjallað um þau í stjórnarskránni, í 76. gr. hennar, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum."

Stjórnarskrárnefndin taldi rétt að setja ítarlegri ákvæði um sjálfstæði sveitarfélaganna og stöðu þeirra og réttindi. Og eru nú í þessum VI. kafla þrjár greinar þar um og er þar því slegið föstu að landinu skuli skipt í sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstj. Stjórnir sveitarfélaga skuli kjörnar í almennum leynilegum kosningum.

57. gr.: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum, sem og skiptingu á verkefnum sveitarfélaga og ríkisins, skal skipað með lögum. Um tekjustofna sveitarfélaga skal einnig fjallað í lögum."

Hér er um grundvallaryfirlýsingar að ræða sem skipta verulegu máli.

Nýmæli er í 58. gr.: „Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvgr. um málefni sveitarfélags skal og skipað með lögum", en slíkur réttur er í lögum sumra landa og hefur lengi verið, eins og Sviss og Bandaríkjanna, og gefið góða raun.

VII. kafli stjórnarskrárinnar fjallar um þjóðkirkjuna. Eru þau ákvæði sem þarna eru í 59. gr. og 60. gr. frv. óbreytt frá því sem er í gildandi stjórnarskrá, að hin evangeliska-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda, og í 60. gr., um trúfrelsi, að landsmenn eigi rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti sem best á við sannfæringu hvers eins. Þetta eru óbreytt ákvæði.

Í 61. gr. er þess getið að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu. Þetta er óbreytt ákvæði, en hins vegar varðandi þá menn sem eru utan þjóðkirkjunnar er svo ákveðið í núgildandi stjórnarskrá að gjalda skuli til Háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs þau gjöld sem ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki en viðurkenndur sé í landinu. Þetta ákvæði er rýmkað þannig, að slíkur maður getur goldið til Háskólans eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, sem hann sjálfur tilnefnir, slík gjöld.

Við komum þá að síðasta kafla stjórnarskrárinnar, VIII. kafla, um mannréttindi, og er þar um að ræða margvíslegar og mikilsverðar breytingar frá því sem nú er í stjórnarskrá. Í fyrstu tveim greinunum, 62. og 63., eru almenn ákvæði. Allir skuli njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum og mannréttinda skuli menn njóta án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti. Í þessum kafla eru bæði endurskoðuð mörg ákvæði um þau mannréttindi sem fyrir eru í stjórnarskrá, gerð fyllri og ítarlegri með hliðsjón af þróun og breytingum sem gerst hafa í þjóðfélaginu, og ennfremur tekin upp ný ákvæði um réttindi, höfð hér mjög hliðsjón af ýmsum hinum nýrri stjórnarskrám og m. a. af mannréttindasáttmála Evrópuráðs, félagsmálasáttmála Evrópu, alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eða Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi einnig samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Í 63. gr. gerir Alþb. brtt. og um nokkrar aðrar greinar í mannréttindakaflanum eru sértillögur frá Alþb. og Alþfl., eins og rækilega er rakið í grg.

Í 64. gr. er reynt að tryggja menn gegn frelsissviptingu og ákvæði er um handtöku og gæslu sakaðra manna.

65. gr. á að tryggja réttláta meðferð mála fyrir dómstólum. Í 66. gr. er bann lagt við því að refsilög verði látin hafa afturvirk áhrif og er þetta nýmæli.

Í 67. gr. er ákvæði um heimili og einkalíf, sem vernda skuli sem mannréttindi.

68. gr. er um tjáningarfrelsi, sem er orðað mjög á annan veg en nú er og miklu rýmra og tryggður réttur manna til að afla sér upplýsinga eða til að mynda sér skoðanir og koma skoðunum sínum og hvers konar upplýsingum á framfæri við aðra.

Í 69. gr. er ákvæði um fundafrelsi og félagafrelsi.

Í 70. gr. er ákvæði til verndar eignarrétti. Meiri hluti n. lagði til að þau ákvæði sem þar eru skyldu óbreytt, m. a. það, að ef um eignarnám er að ræða þurfi að uppfylla viss skilyrði og m. a. að komi fullt verð fyrir, en Alþb. og Alþfl. leggja til að í staðinn fyrir orðin „fullt verð fyrir" komi orðin: sanngjarnt verð fyrir.

71. gr. er óbreytt, um atvinnufrelsi.

72. gr. fjallar um frelsi íslenskra ríkisborgara til að flytja eða koma óhindraðir til landsins, ráða för sinni og dvöl innanlands og rétt til að fara úr landi. — (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég á ekki eftir nema eina eða tvær mínútur. (**Forseti:** Já.)

73., 74. og 75. gr. tryggja margvísleg félagsleg réttindi og er þar um stefnumörkun að ræða sem löggjafinn verður að útfæra nánar í almennum lögum. Þar eru einnig fyrirvarar frá fulltrúum Alþb. um breyt. á orðalagi og nýjar greinar. Þarna eru ákvæði um fasteignir og náttúruauðæfi.

Nú skal ég stytta mál mitt vegna þess að annað stendur nú til og þarf að fresta þessum fundi eftir skamma stund.

Það er bann í 77. gr. við afturvirkni skattalaga.

Það er tillaga um að ármaður eða umboðsmaður Alþingis skuli kosinn til þess að þeir geti leitað þangað sem vilja fá leiðréttingu mála sinna og telja á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda. Þetta hefur verið tekið upp í nokkrum löndum og gefist mjög vel, en er mikilvæg vernd fyrir borgarana.

Þá er það nýmæli einnig, að í sambandi við stjórnarskrárbreytingar í framtíðinni skuli þær lagðar beint undir þjóðaratkvæði, sem ekki er nú, þ. e. þurfi samþykki tveggja þinga með kosningum í milli, en eftir samþykkt fyrra þingsins skuli frv. lagt undir þjóðaratkvæði.

Herra forseti. Ég hef nú reynt að kynna í meginatriðum efni þessa frv., sem hér liggur nú fyrir, og þar sem svo langt er á þinghaldið liðið að ekki verður tími til að fjalla um það frekar mun ég ekki gera till. um að því verði vísað til n. á þessu stigi, en að sjálfsögðu formsins vegna til 2. umr. En það er von mín, að með því að þetta frv. verður lagt fram gefist bæði alþm. og þjóðinni allri betri kostur en ella til þess að hugleiða þetta mikla mál.

Umr. frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 586, 609). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 609 tekin aftur.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 649).

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 521 (sbr. 367)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, TÁ, ÞK, DA, EG, EKJ, GeirG, GB, GK, GTh, JH, KSG, KJ, LJ, ÓRG, ÓlJ, HS.

nei: StefG, EgJ.

1 þm. (StJ) fjarstaddur.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Salome Þorkelsdóttir: Þetta frv., sem samkomulag varð um að leggja fram með formönnum þingflokkanna, gerir ráð fyrir fjölgun þm. um þrjá. Það liggur fyrir að sá áfangi í réttlætisátt, sem frv. gerir ráð fyrir varðandi jöfnun á vægi atkvæða, næst ekki án fjölgunar þm. um þessa þrjá. Þrátt fyrir að ég sé á móti fjölgun þm. og ég telji það grundvallarmannréttindi að atkvæðisréttur landsmanna sé jafn án tillits til búsetu tel ég þetta frv. það þýðingarmikinn áfanga, þótt lítill sé í réttlætisátt, að ég segi já.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vísa til fyrri grg. minnar í umr. um þetta mál og segi nei.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég leyfi mér að vísa til þess þegar ég gerði grein fyrir atkv. mínu við atkvgr. við 1. umr. málsins og vil undirstrika það, að þó ég fylgi þessu máli nú sem sáttamáli er ég þeirrar skoðunar að stjórnskipuleg réttindi þegnanna í landinu felist ekki eingöngu í atkvæðisrétti til þess að kjósa þm. til Alþingis, heldur í ýmsu fleira. Ég vil undirstrika þetta sjónarmið mitt nú og segi já.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vísa til fyrri afstöðu minnar varðandi þetta mál, en til viðbótar vildi ég kannske mega minna á að landsfundur Sjálfstæðisflokksins setti fram till. um kjördæmaskipanina. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins, eins og menn væntanlega vita, er valdamesta stofnun flokksins og á þeim landsfundi var samkomulag um tillögugerð við stjórnarskrármálið og m. a. að því er varðaði kjördæmabreytinguna. Þar var gert ráð fyrir fleiri þm. en eru í frv. um stjórnskipunarlögin og greiddi þar enginn maður atkv. á móti. Á þeim fundi var líka gert ráð fyrir því, að hið svokallaða vægi atkvæða væri ekki miðað við að það væri alls staðar einn á móti einum. Það hafa sem sagt sumir hv. þm. orðið nokkuð vitrari í þessum málum frá því að landsfundur Sjálfstfl. var haldinn og allir voru þar sammála. En rétt til viðbótar við þetta, af því að það er svo mikið verið að tala um hið svokallaða misvægi, get ég fagnað þeim yfirlýsingum sem um það hafa gengið og það verður látið á það reyna í umr. hér í þjóðfélaginu og hér á Alþingi hvort alþm. muni verða tilbúnir að hafa vægi í aðstöðu og kjörum íslensku þjóðarinnar það sama hvar sem er á Íslandi, og segi ég nei.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í þessu máli er hætt við að aldrei finnist sú niðurstaða sem allir telji sig geta vel við unað. Sú niðurstaða, sem við erum að greiða atkv. um í dag, er málamiðlun og samkomulagslausn og auðvitað er auðvelt að egna til ófriðar um þessa lausn, en þeir sem það gera hafa held ég heldur lítinn sóma af. Ég tel þetta eðlilega og skynsamlega málamiðlun og þess vegna segi ég já.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Svo sem fram hefur komið í umr. um frv. það sem hér er til afgreiðslu og í ræðum margra hv. þm. hefur náðst í þinginu allvíðtækt samkomulag um flutning og afgreiðslu máls þessa milli formanna flokkanna og í þingflokkum. Þegar samkomulag næst milli manna með ólík sjónarmið er vart við því að búast að nokkur sé fullkomlega ánægður eða hafi náð fram öllu því sem hann helst óskar sér. Ég vil minna á að fleira telst til mannréttinda

en kosningarréttur einn og um það verður að fjalla ítarlega við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Máli mínu til áréttingar vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa örfáar línur úr grg. frv. Þar segir:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

...2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnahagslega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Með hliðsjón af framangreindu og í trausti þess að staðið verði við gefin fyrirheit segi ég já.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel þá leið sem hér hefur verið farin vera málamiðlun sem menn verða að una við. Það tekst ekki að koma í framkvæmd breytingum á kosningalögum öðruvísi en slík málamiðlun sé gerð vegna þess að fulltrúar dreifbýlisins geta ráðið því algerlega í krafti fjölda síns hvernig með mál þessi er farið. Ég er þeirrar skoðunar að jafna eigi atkvæðisréttinn enn frekar en gert hefur verið, það eigi að vera einn maður á eitt atkv., og við hljótum að stefna að því. Þetta er áfangasigur. Það er ljóst, eins og kom fram hjá hv. 11. landsk. þm., að bæði Sjálfstæðisflokkur og Alþýðubandalag hafa gert samþykktir um að fjölga ætti þm. meira en nú er gert. Það tókst þó að koma fjölguninni niður í þrjá, sem út af fyrir sig er ágætt. Ég tel að þm.-fjöldinn ætti ekki að fara upp fyrir 60 og að jafna beri atkvæðisréttinn algerlega. En þar sem ég hef gerst aðili að þessari málamiðlun, sem ég tel skynsamlegt í þessari stöðu, segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 650).

Efri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 14. mars, að loknum 68. fundi.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 646). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 387). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 651).

Vegalög, frv. (þskj. 557). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 652).

Vísitala byggingarkostnaðar, frv. (þskj. 540). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 653).

Grunnskólar, frv. (þskj. 538). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 655).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 434). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá

Alþingi (þskj. 656).

Notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts, frv. (þskj. 507). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. til Nd.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Helgi Seljan): Nú er nokkuð liðið á matartíma og ég veit ekki að hvaða samkomulagi ég get komist við hv. deildarmenn um nýjan fund. Ég sé að ekki hefur verið útbýtt ennþá minnihlutaáliti um lánsfjárlagafrv. Ég hef ekki lagt í vana minn að taka mál á dagskrá án þess að minnihlutaálit lægi fyrir, en frv. til lánsfjárlaga er það mál sem ég vonast til þess að hv. þdm. muni vera sammála um að taka fyrir síðar í dag og afgreiða. Hér er sömuleiðis um mál að ræða sem ég vil gjarnan koma að, þ. e. eignarréttur ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Það er 2. umr. um það mál. Það er einróma nál. sem liggur fyrir um það mál þó málið muni ekki ganga lengra samkv. því nál. Einnig hef ég verið beðinn sérstaklega að taka fyrir 6. dagskrármálið frá 68. fundi, lán vegna björgunar skipsins „Het Wapen".

Á þessu stigi málsins er nokkuð erfitt um það að segja hvort framhald verður á fundum, en ég nefni þessi mál hér sérstaklega þar sem þau eru öll á því stigi að ég hygg að hv. deildarmenn séu sammála um að við hljótum að reyna að fá afgreiðslu á þeim þar til þá annað kemur í ljós. En ég hygg að á þessu stigi málsins verði vart annað gert en að fresta þessum fundi þar til að loknum fundi í Sþ., sem hefur verið boðaður klukkan eitt, og er þá óvíst hvenær næsti fundur verður. Dagskrá þess fundar verður þó vonandi orðin ljós, hvaða mál þar verða fyrir tekin. Þessum fundi er þá frestað þar til að loknum fundi í Sþ. — [Fundarhlé.]

Efri deild, 70. fundur.

Mánudaginn 14. mars, að loknum 69. fundi.

Lánsfjárlög 1983, frv. (þskj. 605, n. 641 og 647). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hv. Ed. tók þátt í umfjöllun Nd. um málið. Síðan málið kom hingað til hv. Ed. hefur nefndin haldið tvo fundi um frv. og fengið viðbótarupplýsingar frá Seðlabanka og Húsnæðisstofnun.

Það hefur komið fram í umræðum um þetta mál, bæði hér og í hv. Nd., að æskilegt hefði verið að fá lengri tíma til að fjalla um frv. Ljóst er þó að mikla nauðsyn ber til þess að afgreiða það hér og nú, einkum og sér í lagi vegna þess að í frv. felast veigamiklar takmarkanir á erlendum lántökum og það er skoðun okkar margra að ef afgreiðslu málsins yrði frestað mundi það fyrst og fremst hafa í för með sér aukinn þrýsting á að taka meiri erlend lán en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég þakka hv. meðnefndarmönnum mínum fyrir gott samstarf við afgreiðslu þessa máls við erfiðar aðstæður og óska minni hl. nefndarinnar til hamingju með það að honum hefur tekist, þrátt fyrir lítinn tíma, að útbúa hér myndarlegt nál. upp á 15 vélritaðar síður, sem mælt verður fyrir hér á eftir. Það sýnir að innan þessarar nefndar eru ötulir og duglegir starfsmenn, sem geta tekið fyrir hin stærstu mál við erfiðar kringumstæður. Þótt ég sé ekki sammála öllu því sem í þessu minnihlutaáliti er, þá er það engu að síður vel úr garði gert.

Við úr meiri hl. leggjum hins vegar til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom hér hjá frsm. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. hefur n. haft til athugunar frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983 og eins og fram kom raunar við 1. umr. var þetta síðbúna mál til athugunar hjá fjh.- og viðskn. beggja deilda.

Í nál. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. Nd. segir svo, með leyfi forseta:

„Hins vegar telur n. nauðsynlegt að vandlega verði fjallað um notkun fjármagnsins og ekki komi fram fullnægjandi skýringar í frv. varðandi öll atriðin, enda liggur fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ekki fyrir."

Það er því alveg ljóst að bæði hv. þm. sem eiga sæti í þessum n. og styðja enn ríkisstjórnina og öðrum þm., sem í þessum n. eiga sæti, er ljóst að þetta mál hefur hvergi nærri hlotið þá athugun sem vert væri um svo stefnumótandi frv. sem frv. til lánsfjárlaga er.

Á fundi n. komu fulltrúar frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun og þessir aðilar bentu á margvíslega ágalla í þessu frv. og greinargerð þess, enda liggur engin fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir, en skylt er, eins og kunnugt er, samkv. svonefndum Ólafslögum að leggja þá áætlun fyrir jafnframt frv. til fjárlaga. Það er því augljóst að þetta frv. er ófullburða eins og það er frá hálfu hæstv. ríkisstj.

Í fskj. með nál. minni hl. fjh.- og viðskn., þ. e. þm. sem styðja ríkisstjórnina í Nd., er fylgiskjal frá Seðlabanka Íslands þar sem skýrt kemur fram hversu þessi áætlun um lánsfjáröflun, sem gert er ráð fyrir samkv. frv., er vanáætluð og fjarri því að vera í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið. Það er mikið alvörumál að þetta mál skuli vera þannig úr garði gert, þar sem lánsfjárlög eru mjög mikilvægt stjórntæki í efnahagsmálum. Það hefur verið sagt að lánsfjárlög séu meira stefnumarkandi en fjárlög og má það til sanns vegar færa.

Ég vil þá gera hér, herra forseti, nokkur atriði að umræðuefni við 2. umr. um þetta mál. Þá eru það þessi helst:

Í fyrsta lagi eru forsendur þessa frv. algerlega brostnar. Forsendur frv. eru þær, að verðbreytingar milli áranna 1982–1983 verði 42%, þ. e. sama forsenda og fjárlög eru byggð á, svonefnd reiknitala, en þetta þýddi um 30–32% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á árinu 1983. Nú er spáð 60–70% meðalhækkun verðlags milli áranna og 70–80% verðbólgu á árinu 1983. Þeir

fjármunir, sem ákveðnir eru til tiltekinna verkáfanga á slíkum forsendum í fastri krónutölu, verða stórlega vanáætlaðir eða þá að það verður að gera ráð fyrir stórfelldum niðurskurði á framkvæmdamagni þar sem forsendur frv. eru svo rangar sem raun ber vitni.

Annað atriði, sem ég vil gera hér að umræðuefni, er innlend fjáröflun, en hún er augljóslega ofmetin, eins og raunar hefur verið undanfarin ár í þeim lánsfjárlögum sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi. Hún er talin 821 millj. kr., en Seðlabankinn hefur þegar endurmetið þessa áætlun og telur að 623 millj. kr. séu nær sanni. Úr lífeyrissjóðunum er ætlað að afla 860 millj. kr., en 40% af ráðstöfunarfé þeirra er áætlað 770 millj. Sem kunnugt er er lögboðið að lífeyrissjóðirnir kaupi fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu verðtryggð skuldabréf hjá ríkissjóði, Framkvæmdasjóði og fleiri aðilum. Þessi lánsfjáröflun er því augljóslega ofmetin.

Um erlendar lántökur væri hægt að hafa langt mál, en mikið er búið að ræða um erlendar lántökur hér á undanförnum árum og misserum. Ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. sagði við umr. um lánsfjárlög í fyrra að margvísleg fjarstæða kæmi fram í máli stjórnarandstæðinga um efnahagsmál, en þó fimbulfömbuðu þeir aldrei meira og segðu meiri vitleysur en þegar væri verið að tala um erlendar lántökur. Síðan hefur hæstv. ráðh. skrifað í blað sitt Þjóðviljann að við séum að sökkva í óskyggilega skuldasöfnun erlendis. Ég vænti þess að við, hæstv. ráðh. og ég, getum orðið alveg sammála um þetta orðalag, þannig að það verði ekki lengur ágreiningur um það milli okkar og ég verði ekki kallaður fimbulfambari þó að ég noti orð hæstv. ráðh. sjálfs í þessu efni.

Í skýrslu Seðlabankans segir, sem hann gaf út 1. febr. um stöðu efnahagsmála, með leyfi forseta:

„Skuldasöfnun Íslendinga gagnvart umheiminum er nú hins vegar orðin svo mikil að háskalegt væri að halda lengra áfram á þeirri braut. Háu atvinnustigi verður því ekki enn haldið uppi með þessum ráðum nema um skamman tíma."

Þegar rætt er um erlendar lántökur verður það fyrst fyrir að benda á hvað viðskiptahallinn hefur orðið geigvænlegur undanfarin ár. Í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. er gerð grein fyrir þessu. Þar kemur fram að jafnvel í metgóðærunum 1980–1981 var verulegur viðskiptahalli, 2.4% 1980 og 4.5% af þjóðarframleiðslu 1981. Þessi viðskiptahalli varð mun meiri í fyrra, eins og kunnugt er, eða rúm 11%. Spáð hefur verið í ár að viðskiptahallinn verði 6%. Opinberar spár um að hann verði enn verri en það liggja ekki fyrir, en öll framvinda sem af er þessu ári og það sem menn geta séð fyrir í þeim efnum bendir til þess að hann verði mun verri eða jafnvel 8–10%.

Til þess að mæta þessum mikla viðskiptahalla hefur þurft að taka mjög mikið af eyðslulánum erlendis. Að þetta séu eyðslulán er mjög auðvelt að sjá á því, að á þessum árum – 1980, 1981, 1982 og á árinu í ár – hefur fjármunamyndunin í landinu staðið nokkurn veginn í stað og dregst verulega saman í ár, en skuldaaukning okkar erlendis verður gífurlega mikil á þessu tímabili.

Árið 1978 voru löng erlend lán 33.7% af þjóðarframleiðslu, en verða yfir 50% í lok þessa árs, að mati Seðlabankans. Þetta gerist á sama tíma sem fjárfesting í landinu fer ekki vaxandi, heldur þvert á móti heldur minnkandi. Greiðslubyrði þessara lána er orðin svo mikil að 25–26% af útflutningstekjum okkar ganga nú til greiðslu erlendra lána, en árið 1978 voru þetta 13%. Og það er athyglisvert að greiðslubyrði erlendra lána var aðeins 16.7% af útflutningstekjum þegar verst lét eftir erfiðleikaárin 1968–1969, sem voru miklu meiri erfiðleikaár en við höfum við að glíma nú, og greiðslubyrðin var 14.2% árið 1975, sem var eftir það erfiðleikatímabil sem þá gekk yfir.

Menn hafa talað um að ekki væri eðlilegt að tala um þessi hlutföll, mikla greiðslubyrði, í prósentum af þjóðarframleiðslu þar sem þjóðarframleiðslan hefði dregist saman og því væri eðlilegt að fengjust út hærri tölur nú en áður. Við þennan málflutning er það að athuga, að þó að þjóðarframleiðslan hafi dregist saman nú um skeið er hún ekki minni en hún var á þeim árum sem miðað er við. Það er einmitt vegna þess að íslenskt efnahagslíf er svo sveiflukennt. Útflutningstekjur okkar fara eftir afla og við erum mjög háð viðskiptakjörum við önnur lönd. Þess vegna er einmitt ástæða til að fara varlega á þessum sviðum. Menn geta því ekki afsakað sig með því að þjóðartekjur dragist saman, heldur ættu menn að segja þvert á móti að hér væri ljóst dæmi um að ekki má fara á ystu nöf í erlendri skuldasöfnun og alveg sérstaklega ekki í erlendri skuldasöfnun til eyðslu, eins og við höfum gert núna síðustu misseri.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt mjög við 2. umr., herra forseti, en fara mun ég nokkrum orðum um erlendar lántökur á árinu 1983, eins og þær eru fyrirhugaðar, og um þær forsendur sem gengið er út frá í þessu frv.

Fulltrúar Seðlabankans komu á fund fjh.- og viðskn. í morgun og þar voru þeir spurðir um hvort staða þjóðarbúsins mundi ekki versna meir, ef þau erlendu lán sem frv. gerir ráð fyrir yrðu tekin, en gengið er út frá í frv., en þar er gert ráð fyrir að raungildi langra erlendra lána aukist ekki. Svar þeirra var, að þegar litið væri á heildargreiðslustöðuna í heild mundi hún versna. Það væri aðeins litið þarna á löng erlend lán, en það yrði nauðsynlegt að ganga á gjaldeyrisforðann á þessu ári ef stefnt væri að því sem í frv. segir. Þess vegna er það rétt, sem ég sagði hér við 1. umr. og vil ítreka, að staða þjóðarbúsins mun versna á þessu ári gagnvart útlöndum um a. m. k. 2 þús. millj. kr. á áætluðu verðlagi ársins 1983.

Herra forseti. Það munu liggja fyrir nú frumupplýsingar um framkvæmd lánsfjárlaga árið 1982. Þegar þau voru hér til afgreiðslu gagnrýndi ég nokkra þætti þess frv. sem þá var til afgreiðslu. Það voru í fyrsta lagi forsendur frv. Ég gagnrýndi innlenda fjáröflun, erlend fjáröflun væri vanáætluð og óvissa um fjármögnun Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóðanna og að fjölmargir lausir endar væru í þessari áætlun.

Nú liggja fyrir upplýsingar um þetta. Þar kemur í ljós að öll þessi gagnrýni átti rétt á sér. Það má eiginlega segja að það sé skólabókardæmi um hvernig lánsfjárlög, sem giltu árið 1982, voru framkvæmd, hvernig staðið hefur verið að lánsfjáráætlunargerð frá hálfu núverandi hæstv. ríkisstj. Allt þetta, sem gagnrýnt var í því sambandi, kom fram. Innlend fjáröflun var miklum mun minni en gert var ráð fyrir í þeim lánsfjárlögum. (**Fjmrh.:** Það er ekki rétt. Það er vitlaust lagt saman í dálkinum hjá hv. þm.) Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. (**Fjmrh.:** Þessi niðurstöðutala er kolvitlaus.) Það kann að vera að það hafi orðið einhvers konar prentvilla í

þessu, ég hef þetta ekki í höfðinu, en niðurstaðan er rétt, að því miður tókst ekki að afla þess fjár sem gert var ráð fyrir innanlands í sambandi við framkvæmd lánsfjárlaga í fyrra. Það er kjarni málsins. (**Fjmrh.:** Það er bara ekki rétt.) Hæstv. ráðh. verður þá að koma og sanna að svo sé ekki. Ég bendi á að sala spariskírteina var minni, ég bendi á að skuldabréfakaup banka urðu minni, ég bendi á að úr lífeyrissjóðunum kom miklu minna fé í Framkvæmdasjóð og Byggingarsjóð ríkisins en gert var ráð fyrir, þannig að innlend fjáröflun samkvæmt gildandi lánsfjárlögum í fyrra var miklu minni og slakari en gert var ráð fyrir í lögunum, enda hafði ég bent á þetta fyrir fram.

Erlendar lántökur fóru á hinn bóginn langt fram úr því sem lánsfjárlög gerðu ráð fyrir. Ef reiknað er á föstu gengi fóru erlendar lántökur 751 millj. kr. fram úr lánsfjárlögum, löng erlend lán, eða 26.5%. Langmestur munurinn varð á erlendum lántökum sem sveitarfélög tóku. Þær fóru 144% fram úr lánsfjárlögum. Opinberir aðilar fóru 21.7% fram úr, atvinnufyrirtæki 28.2% og lánastofnanir 56.5%.

Það er nokkuð merkilegt í sambandi við lánakerfið að hæstv. ráðh. verður að leggja saman aftur og aftur til að fá þá útkomu sem hann var að tala um áðan. Það er athyglisvert við erlendar lántökur að sjóðakerfið þarf sífellt að taka meiri og meiri erlend lán. Nú vita hv. þm. að framlög til þessara sjóða eru sífellt skorin niður á fjárlögum. Það er út af fyrir sig kannske ekkert við það að athuga, vegna þess að sjóðirnir eiga að lána út með verðtryggingu og einhverjum raunvöxtum, en ein afleiðingin hefur orðið að þeir hafa þurft á hærri og hærri erlendum lánum að halda.

Ég sagði áðan, herra forseti, að ég ætlaði ekki í þessari þröngu stöðu að verða langorður og ég skal efna það. Þessi atriði, sem ég hef talið til nú um framkvæmd lánsfjárlaga í fyrra, sýna og sanna að sú gagnrýni, sem ég hef hér haft uppi um gerð lánsfjárlaga fyrri ára, hefur sýnst vera rétt í reynd. Það má geta nærri að þegar þannig er að þessum málum staðið nú, sem raun ber vitni, verður árangurinn þeim mun verri og það er illt til þess að vita vegna þess að lánsfjárlög eru jafnvel mikilvægara stjórntæki í efnahagsmálum en sjálf fjárlögin.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það gerist nú heldur þunnskipað í salnum til þess að taki því að halda stefnumarkandi ræðu, en eins og kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, 3. þm. Norðurl. e., er margvísleg vansmíð á þessu frv. til lánsfjárlaga. Lánsfjárlög og lánsfjáráætlun eru þó ekki síður stefnumarkandi, og að mínum dómi langtum frekar, um efnahagsstjórn í landinu en fjárlögin sjálf. Þess vegna er fyllsta ástæða til að vanda til gerðar lánsfjáráætlunar og leitast við að sjá til þess að lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun sé fylgt til hins ýtrasta.

Í umfjöllun nefndarinnar um þetta frv. til lánsfjárlaga komu fram margvíslegar upplýsingar, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur hér rakið, og í nál. frá formanni fjh.- og viðskn. hv. Nd. kom fram að brýna nauðsyn bæri til að takmarka lántökur eftir föngum á þessu ári. Samt var það útkoman úr meðferð Nd. á þessu frv. til l. að það hækkaði heldur.

Nú virðist vera ljóst að það eigi ekki að gefast tækifæri til að fjalla eins ítarlega um þetta mál og eðlilegt og sjálfsagt væri. Það var ákveðið í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar gegn mótmælum mínum í morgun að ljúka umfjöllun um málið. Er þá fátt til ráða, þegar gagnasöfnun getur ekki verið með eðlilegum hætti og ekki gefur tækifæri til að bera saman bækur sínar með þeim hætti sem nauðsynlegt er. En vegna þess að ég held að öllum hér hljóti að vera ljóst að eitthvert brýnasta viðfangsefnið sem við höfum á þessu ári er að halda aftur af erlendri skuldasöfnun tel ég þrátt fyrir þessar aðstæður að það sé alveg nauðsynlegt að það komi stefnumarkandi samþykkt frá Alþingi um takmörkun á erlendum lántökum á þessu ári.

Í samræmi við þetta hef ég flutt hér brtt. sem dreift hefur verið á borð þm. Í þeirri brtt. eru að vísu tvær prentvillur. Í fyrsta lagi er sagt að sú grein sem hér er gerð till. um bætist við 28. gr., en hún á að bætast við 29. gr. Í öðru lagi kemur fyrir orðið „langtímanefndar" í brtt., en á að vera langlánanefndar. Bið ég forseta að sjá til þess að þessari breytingu verði komið á framfæri þegar þskj. verður prentað, að þessar villur verði leiðréttar, og eins bið ég hv. þm. um að taka eftir þessum villum og leiðrétta þær.

Brtt. er í sjálfu sér afar einföld. Hún hljóðar svo:

„Við ráðstöfun þessa fjár og í starfi langlánanefndar skal við það miðað, að erlendar lántökur í heild á árinu 1983 verði innan við 3 300 millj. kr."

Í fskj. 7 með frv. til lánsfjárlaga er yfirlit yfir erlendar langtímalántökur á árinu 1983. Þar er heildartala þeirra tilgreind sem 3 388.6 millj. kr. Sú till. sem ég hér flyt gerir ráð fyrir að takmarka erlendu lántökurnar nokkuð frá þessari till. eða lækka heildarlántökurnar samkv. frv. um 88.6 millj. kr. En þar með er ekki öll sagan sögð því að í umfjöllun Nd. voru lántökur hækkaðar um 73 millj. kr. Í heild er hér því till. um takmörkun frá því sem frv. lítur út þegar það kemur hér til þessarar hv. deildar um 160 millj. kr.

Það hefur verið reynsla okkar að erlendar lántökur hafi haft tilhneigingu til þess að fara fram úr því sem heimilað hefur verið. En nú er meiri nauðsyn en um mörg undanfarin ár að hafa hóf á erlendum lántökum og strangt aðhald. Úr því að ekki gefst annað tækifæri til þess að koma því markmiði á framfæri þykir mér rétt að Alþingi marki stefnuna að þessu leyti og setji í rauninni þak á erlendar lántökur við 3 300 millj. kr.

Eins og hv. þm. er kunnugt er í 16. gr. laga nr. 13/1979 gert ráð fyrir því að með skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skuli einmitt lagt fram frv. um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frv. til fjárlaga. Lánsfjáráætlun hefur ekki verið lögð fram, en engu að síður er nauðsynlegt að marka stefnuna eftir því sem mögulegt er. En ég ætla að leyfa mér að lesa þá grein sem hér um ræðir að öðru leyti. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við.

Skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal og fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja sem hámarksáætlun."

Hér var um að ræða á sínum tíma merkt nýmæli að því er varðaði hagstjórn á Íslandi. Það hefur ekki verið efnt til þessa og það hefur tekist illa að efna önnur ákvæði þessarar greinar. En einmitt vegna þessa ákvæðis, þar sem gert er ráð fyrir að langlánanefnd skuli starfa eftir rammaáætlun, er ennþá frekar ástæða til þess að flytja till. af því tagi sem ég hér geri. Í þessari till., sem ég geri hér, er einmitt gert ráð fyrir að langlánanefnd viti hver sá heildarrammi er sem á að fara eftir og langlánanefnd sé gert að starfa innan þess heildarramma. Að því leytinu mundi hér reyndar líka vera um framför að ræða frá því sem áður hefur gilt hjá okkur hér á landi. En meginatriðið er að það er eindregin skoðun okkar Alþýðuflokksmanna að við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu, þegar erlendar skuldir hafa sífellt verið að hlaðast upp, dugi ekki að þm. kvarti undan því að nú aukist erlendu lánin, en flytji ekki till. um takmarkanir á erlendum lántökum í samræmi við þann málflutning sem þeir hafa í frammi. Það er skoðun okkar Alþýðuflokksmanna, að við þessar aðstæður verði að taka af skarið í þessum efnum og setja þak á erlendar lántökur, sem opinberum aðilum og langlánanefnd, sem starfar við úthlutun lána til einkaaðila, verði gert að starfa eftir.

Það er af þessum sökum, herra forseti, sem þessi brtt. er flutt og ég vænti þess að hún fái góðan stuðning hér í Ed., ekki síst með tilliti til þess að fulltrúi hvers flokksins á fætur öðrum hefur einmitt talað um nauðsyn þess að takmarka erlendar lántökur.

Við þær aðstæður sem nú ríkja hefur ekki gefist möguleiki til þess að fara nánar ofan í saumana á þessu máli eða athuga með hvaða hætti þessi takmörkun eigi að fara fram á einstökum liðum. Ef ráðrúm hefði gefist til þess hefði að sjálfsögðu verið hægt að flytja sundurliðaða till. um það efni. Nú er það ekki hægt. En það er hins vegar ekki síður mikilvægt í þessari till. að hér er langlánanefnd tekin með inn í dæmið, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir að það séu heildarlántökurnar erlendis sem verið er að takmarka, – ekki bara lántökur hins opinbera, heldur allar erlendar lántökur.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara hér, á þeim stutta tíma sem við höfum, að ræða almennt um frv. þetta, enda hefur hv. 3. þm. Noðurl. e. gert því eins góð skil og kostur er á svo stuttum tíma sem hér er til umráða, en ég sé ástæðu til þess að víkja sérstaklega að nokkrum þáttum sem mér þykir ekki hægt að láta fara fram hjá okkur með öðrum hætti en þeim séu gerð frekari skil. Þá á ég við sérstaklega 14. og 15. gr. frv., en í þessum greinum er annars vegar takmarkað framlag samkvæmt lögum til Byggingarsjóðs ríkisins og hins vegar takmarkað framlag samkvæmt lögum til Byggingarsjóðs verkamanna.

Það er ekki nýtt að í lánsfjárlögum í tíð núverandi ríkisstj. hafi staðið hliðstæð ákvæði og hér er að finna. En ég hef alltaf, þegar frv. til lánsfjáráætlunar hefur verið til afgreiðslu, gert athugasemd sérstaklega við þessa liði af þeirri ástæðu að það hefði mátt vera augljóst að allra síst var ástæða til að takmarka framlög til byggingarmálanna, til íbúðabygginga, umfram það sem þau takmarkast af þeirri löggjöf sem er í gildi. En þessu hefur verið svarað af hálfu fjmrh. og annarra ráðherra, yfirmanna húsnæðismálanna, hæstv. félmrh., á þann veg að það væri í lagi að takmarka framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og láta ekki gilda ákvæði um að 2% launaskattsins ættu að ganga til Byggingarsjóðsins og það væri í lagi að takmarka framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, sem byggist á því að 1% launaskatts eigi að ganga til þess sjóðs. Og hvers vegna skyldi það vera í lagi að mati hæstv. ráðh.? Jú, þeir hafa haldið því fram hér ár eftir ár að fjármál þessara sjóða væru í góðu lagi fyrir aðgerðir ríkisstj. og þess vegna væri mögulegt að grípa til þeirra ráða að svipta þessa byggingarsjóði lögmætum framlögum samkvæmt gildandi lögum.

En allt tal af hálfu ríkisstj. í þessu efni hefur verið eintómar blekkingar frá rótum. Það hefur verið séð svo um þessi mál að allt stefnir í ófremdarástand í húsbyggingarmálum landsmanna. Ég ætla ekki hér að fara að lýsa þessu ástandi. Ástandið er þannig nú, að jafnvel af hálfu talsmanna ríkisstj. er þetta viðurkennt í dag. Það er breyting frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Með tilliti til þessa skyldi maður halda að nú féllist hæstv. ríkisstj. á það sjónarmið að ekki stoði lengur að svipta byggingarsjóðina þeim tekjum sem þeim eru ætlaðar. Ég vildi með þessum fáu orðum leggja áherslu á þetta og mikilvægi þess að bæði 14. og 15. gr. frv. verði felldar.

En ég vildi víkja örlítið að öðru atriði, og nú þykir mér vart stætt á því að halda áfram máli mínu nema hæstv. fjmrh. sýni þessu frv. þá virðingu að vera viðstaddur umr. (**Forseti:** Ég mun senda eftir hæstv. fjmrh.) Ég mun á meðan gera hlé á ræðu minni. – Ég sé að hæstv. fjmrh. hefur gengið í salinn og mun ég þá halda áfram máli mínu.

Ég vil víkja að því, að samkvæmt þessu frv. til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð erlends lánsfjár nemi 3 milljörðum og 386 millj. kr., svo sem fram kemur og í fskj. 7 með frv. þessu. Ég beini athyglinni sérstaklega að einum lið. Það er liðurinn Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag. Það er gert ráð fyrir lántökum að upphæð 80 millj. kr. í þessu skyni og það er vísað til neðanmáls á þessu fskj., en þar segir: „Heimild er til lántöku samkvæmt sérlögum, þ. e. lög nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lög nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og lög nr. 59/1981 um stálbræðslu.“ Og hvað er það sem segir í þessum lögum og sérstaklega skiptir máli að mínu viti þegar við erum að afgreiða lánsheimildir sem varða fjármögnun þessara fyrirtækja af hálfu ríkisins?

Um stálbræðsluna segir í ákvæði til bráðabirgða að ríkisstj. sé ekki heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu, sem lögin gera ráð fyrir, né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé né veita ríkisábyrgð eða taka lán, svo sem lögin gera ráð fyrir, fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að áliti viðskrn. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það liggi fyrir að fullnægt sé þessum skilyrðum, sem lögin gera ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði, um stálbræðsluna, hvort það hafi verið tryggt að hlutafjárframlög annarra aðila en ríkisins nemi nú 60% hlutafjár og hvort það sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði, svo sem lögin gera ráð fyrir.

Ég vil þá ennfremur að því er viðkemur steinullarverksmiðjunni vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða í

lögum um steinullarverksmiðju. Þar segir að ríkisstjórninni sé ekki heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, sem lögin gera ráð fyrir, né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé, né veita ríkisábyrgð eða taka lán, er lögin gera ráð fyrir, fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda, eins og segir í bráðabirgðaákvæði. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort það liggi nú fyrir að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt, að tryggð hafi verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé og hvort aflað hafi verið öruggra viðskiptasambanda.

Það var líka vitnað til sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Ég geri mér ekki ljóst til hvers það fjármagn, sem ætlað er til sjóefnavinnslunnar, á að ganga. Ég geri ráð fyrir að það sé ekki til framkvæmda við stækkun verksmiðjunnar í 40 þúsund tonna afköst. En ef svo er ekki væri fróðlegt að vita um hvað er að ræða. En ef svo skyldi vera að hér væri um að ræða stækkunina er spurningin sú, hvort það hafi verið fullnægt þeim skilyrðum sem sett voru um framlög og þátttöku ríkisins í þessum framkvæmdum. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. gefi svör við þessum spurningum.

Það hefði verið að sjálfsögðu mjög æskilegt og fróðlegt fyrir hæstv. fjmrh. ef hann hefði verið hér viðstaddur og hlýtt á fyrri hluta ræðu minnar, sem fjallaði um 14. og 15. gr. frv., og till. mína um að þær greinar væru felldar, vegna þess að þær fjalla um takmörkun á fjármagni til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Þó að till. frá okkur sjálfstæðismönnum um að fella slíkar takmarkanir niður við afgreiðslu lánsfjárlaga á undanförnum árum hafi verið felldar hefur það að nafninu til verið gert á þeirri forsendu að ástand húsnæðismálanna væri það gott að það þyrfti ekki á þessu fjármagni að halda. Nú hefur komið í ljós að allt talið um þetta hafi verið blekkingar. Jafnvel er nú svo komið, að úr herbúðum stjórnarliðsins heyrist að ekki sé allt með felldu í þessum efnum. Nú tala allir um vandræðaástand í húsnæðismálunum. Spurningin er því sú, hvort hæstv. fjmrh. er nú ekki tilleiðanlegri til skynsamlegra viðbragða við slíkum till. sem þessum að fella niður skerðingar á fjármagni til húsnæðislána.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur lagt nokkrar spurningar fyrir mig, sem ég vil leitast við að svara. Hann spyr í fyrsta lagi um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og í hvaða skyni verið sé að taka lán með heimild í lánsfjáráætlun.

Eins og kunnugt er hefur verið ráðgert að sjóefnavinnslan á Reykjanesi verði byggð í nokkrum áföngum og nú er stefnt að því að stækka verksmiðjuna upp í 9 þús. tonna afköst, en síðar er áformað að verksmiðjan verði stækkuð í 40 þús. tonna afköst. Ég vek á því athygli, að ákvæði til bráðabirgða í lögunum, þar sem fyrirvari er gerður um að Alþingi fjalli um málið áður en stækkun á sér stað, er bundin við 40 þús. tonnin, þ. e. stærstu gerðina, og er ekki gert ráð fyrir að Alþingi fjalli sérstaklega um málið þegar um er að ræða að stækka verksmiðjuna í 9 þús., en það er það sem verið er að gera nú. Ég hygg þess vegna auðvelt að svara því til að vafalaust hlýtur málið að koma til meðferðar Alþingis þegar um verður að ræða að stækka verksmiðjuna í 40 þús. tonna afköst, en það er ekki það sem er á dagskrá um þessar mundir.

Hv. þm. spurði síðan um stálbræðslu og vakti athygli á að í ákvæði til bráðabirgða væri kveðið svo á að ríkisstj. væri ekki heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu og ekki leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé né veita ríkisábyrgð eða taka lán fyrr en tryggð hefðu verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár. Hann spurði að því, hvort hlutafé hefði verið lagt fram í þessu fyrirtæki og því er óhjákvæmilegt að svara neitandi. Það er ekki um það að ræða að félagið hafi uppfyllt þetta skilyrði og því ekki um það að ræða að ríkið hafi lagt fram sitt hlutafé. Hvort það verður á því ári sem nú er að líða get ég ekkert um sagt. Ég veit að félagið hefur átt í miklum erfiðleikum með að uppfylla þetta skilyrði og hefur enn ekki séð fyrir endann á því hvernig það má verða. Talsmenn félagsins hafa haft orð á því við mig hvort til greina kæmi að breyta þessu skilyrði þar sem óvíst er að þeir geti uppfyllt það, en það er þá mál sem yrði að fjalla um hér á Alþingi, ef slíkt yrði gert. Málið stendur sem sagt þannig nú, að ekki hefur tekist að uppfylla skilyrðið og hlutafélð hefur því ekki verið lagt fram.

Öðru máli gegnir um lög um steinullarverksmiðju og áform um byggingu hennar á Sauðárkróki, en eins og kunnugt er hefur ríkisstj. ákveðið að svo verði gert. Svo er litið á, að ákvæði í lögum um steinullarverksmiðju, sem þar eru til bráðabirgða, séu uppfyllt og hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags hafi verið tryggð og aflað hafi verið öruggra viðskiptasambanda. Þess vegna hefur hlutafé þegar verið lagt fram í þessu fyrirtæki, en að vísu aðeins í réttu hlutfalli við hlutafjárframlög annarra aðila og ég hygg að enn hafi ekki verið lagt fram hlutafé nema sem nemur 20% af væntanlegu hlutafé. (**Gripið fram í:** Ríkisins?) Já, bæði ríkisins og annarra aðila. Hins vegar liggja fyrir skýr og klár hlutafjárloforð um framlagningu alls hlutafjárins og það er því talið að fullnægt sé þessum fyrirvara.

Hvað varðar athugasemd hv. þm. varðandi Byggingarsjóð ríkisins verð ég nú að valda honum þeim vonbrigðum, að ég er ekki reiðubúinn að styðja till. hans í þessum efnum. Ég held að við verðum að halda okkur við fjárlagatölur. Ég verð að láta mér nægja að vekja athygli á því, að í fjárlögum og þar með í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir verulega mikilli aukningu á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins, þar sem nú er gert ráð fyrir að framlög til sjóðsins verði 141.5 millj. og fari ekki fram úr þeirri tölu, en það er mjög veruleg aukning á fjárframlögum til sjóðsins frá fyrra ári. Ég hef ekki þá tölu fyrir framan mig, en ég get látið mér detta í hug að hækkunin á milli ára sé vel á annað hundrað prósent, sennilega einhversstaðar nærri því að vera kringum 130% hækkun milli ára. Þar er því um verulega aukningu að ræða og við verðum að vona sameiginlega að svo verði áframhaldandi og að mönnum verði gert kleift að inna sitt mikilvæga hlutverk af hendi með viðunandi hætti.

Í sambandi við lánsfjáráætlunina að öðru leyti vil ég sem minnst um hana ræða til að fara ekki að vekja hér umr. Það er skammt eftir af fundartíma deildarinnar og ég vil ekki fara að vekja hér umræðu. En vegna þess að ég greip fram í fyrir hv. þm. Lárusi Jónssyni áðan, sem var talsmaður fyrir minni hl. fjh.- og viðskn., og vakti athygli á því að hann færi ekki alls kostar með rétt mál

varðandi innlenda lánsfjáröflun á seinasta ári, þá er kannske eðlilegt að ég útskýri það í örfáum orðum.

Hann hélt því sem sagt fram að innlend fjáröflun ríkissjóðs hefði mistekist á árinu 1982 og spádómar hans um þá lánsfjáröflun hefðu reynst réttir. En það er ekki alls kostar rétt. Ef menn líta að vísu á bls. 13 í nefndaráliti hans, þar sem gerð er grein fyrir þessum málum, sjá menn að það vantar verulega mikið upp á að endar hafi náð saman, því að hans tala er 377 millj., en í lánsfjáráætlun hafði verið 440 millj. En þegar tölurnar eru nánar skoðaðar sjá auðvitað allir að hér er vitlaust lagt saman. Svo einfalt er það. Það er vitlaust lagt saman í dálkinum. Ef menn leggja saman tölurnar, sem hv. þm. er með á bls. 13, fáum við ekki út 377 millj., heldur fá menn út 432 millj., sem er nokkurn veginn hliðstæð tala og var í lánsfjáráætlun. Þetta sjá menn auðvitað þegar menn bera saman upphæðirnar, að sumar tölurnar eru kannske aðeins lægri, en aðrar heldur hærri, þannig að niðurstaðan hlýtur að vera nokkuð svipuð og var. T. d. má nefna að sala spariskírteina og innheimt endurlán spariskírteina áttu að nema samkvæmt lánsfjáráætlun 257 millj., en nema 252 millj., skakkar ekki miklu. Frá lífeyrissjóðum kom töluvert meira en gert hafði verið ráð fyrir og fjáröflun af öðru tagi var töluvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir og það vegur upp að skuldabréfakaup banka eru minni. Þannig er það alveg ljóst að innlend fjáröflun ríkissjóðs, þegar tekið hefur verið tillit til þessarar mistalningar í dálkinum, er mjög hliðstæð því sem spáð hefur verið.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þm., að innlend fjáröflun Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins varð ekki eins og ráð var fyrir gert. Þar vantaði 150 millj. upp á. En það er önnur saga. Lánsfjáráætlunin var auðvitað fyrst og fremst lánsfjáráætlun ríkisins og þá um leið lánsfjáráætlun þessara sjóða, en þeir leystu sín mál, bæði Framkvæmdasjóður og Byggingarsjóður ríkisins, með því einfaldlega að skera niður áformuð útlán og dæmi þeirra gekk að lokum upp þannig að það olli ekki neinum stórvandræðum í sjálfu sér. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að það var hjá þessum tveimur félögum að fjáröflunin brást. Hjá ríkissjóði stóðst hún.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans við spurningum mínum varðandi sjóefnaverksmiðjuna, stálbræðsluna og steinullarverksmiðjuna.

Hann sagði að nú væri gert ráð fyrir að stækka sjóefnaverksmiðjuna upp í um 9 þús. tonna framleiðslu og verksmiðjan væri stækkuð þannig í áföngum. En ef það verður haldið áfram með þessa áfanga verður væntanlega komist einhvern tíma upp í 40 þús. tonna stækkun. Mér virðist að það sé eðlilegt að líta á hvern áfanga fyrir sig þegar við gerum okkur grein fyrir því hvort skilyrðum laganna er fullnægt, því það mundi vera nokkuð seint að gera það ef það væri gert við síðasta áfangann, á síðasta spottanum, upp í 40 þús. tonn. Ég vildi vekja athygli á þessu.

Ég skildi hæstv. ráðh. þannig varðandi stálbræðsluna, að það yrði ekkert fé látið rakna af hendi úr ríkissjóði eða fyrir atbeina ríkissjóðs fyrr en fullnægt væri þeim skilyrðum sem lögin gera ráð fyrir. Ég hef áður greint frá því að þeim skilyrðum sé ekki fullnægt í dag.

Hins vegar er samkvæmt því sem ráðh. sagði bjartara yfir steinullarverksmiðjunni, því að samkvæmt hans upplýsingum virðist mér að það sé fullnægt þeim skilyrðum sem eru fyrir því að ríkisstj. hafi heimild til þátttöku í því félagi, þ. e. bæði með því að það hefur verið tryggt hlutafjárframlag annarra aðila fyrir 60% af hlutafé og það hefur verið aflað öruggra viðskiptasambanda. Það hefði verið ósköp æskilegt að heyra nánar um þá hlið málsins.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég þakka hæstv. ráðh. þær upplýsingar sem hann hefur gefið og svör hans við spurningum mínum.

Hæstv. ráðh. vék svo nokkrum orðum að því sem ég sagði um húsnæðismálin, 14. og 15. gr. frv., og gaf nú ekkert undir fótinn með það að afstaða hans til þeirra mála yrði jákvæðari en á undanförnum árum. Hins vegar sagði ráðh. að nú hefði hann bætt ráð sitt – mér skildist það á orðum hans – frá því sem var í fyrra því að það hefðu aukist verulega framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna frá því í fyrra. Ég hef nú ekki þessar tölur fyrir framan mig. Það skiptir ekki miklu máli þó að það fjölgi eitthvað krónum, verðminni krónum í ár en voru í fyrra. En ég fullyrði að það hefur ekkert batnað í þessum efnum raunverulega frá því sem áður var. Og hæstv. ráðh. hefur sannarlega ekki efni á því að vera að gera því skóna að ástandið í þessum málum sé harla gott og fari batnandi.

Kjarni málsins er sá, að hæstv. ráðh. er að svipta Byggingarsjóð ríkisins löglegum tekjustofni sínum – og hvað er sú upphæð há á þessu ári? Það nemur 200 millj. sem hæstv. ráðh. sviptir Byggingarsjóð ríkisins í tekjum af launaskattinum. Launaskatturinn á að gefa Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt lögum um 340 millj. kr., en hér er gert ráð fyrir að hann fái einungis um 140 millj. kr. Er þetta nú eitthvað til þess að hæla sér af? Þetta eru staðreyndir.

Hvað um Byggingarsjóð verkamanna? Af hverju er hæstv. ráðh. að guma í því efni? Samkvæmt lögum á Byggingarsjóður verkamanna að fá í sinn hlut af launaskatti sem nemur 170 millj. kr. á þessu ári. En ráðh. vill að hann fái ekki nema 158 millj. Og þetta er Byggingarsjóður verkamanna, sem þeir hv. Alþb.-menn eru sýknt og heilagt að guma af að sé óskabarn þeirra í byggingarmálunum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta efni í tilefni af ummælum hæstv. fjmrh. Málið er augljóst og skiljanlegt öllum sem vilja sjá og skilja.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það var rætt hér um sjóefnaverksmiðjuna á Reykjanesi rétt áðan og fjmrh. talaði um að það ætti að stækka verksmiðjuna upp í 9 þús. tonn. Mig langaði nú til að forvitnast um hvort ekki er um mismæli að ræða, því að það er skýrt á kveðið í lögum um að það skuli byggja 8 þús. tonna áfanga og málið þurfi að koma fyrir Alþingi eigi að stækka hana frekar. (**Fjmrh.:** Já, það var það sem ég átti við.) Áttirðu við 8 þús.? (**Fjmrh.:** Í staðinn fyrir 9, já.) Þá er það leiðrétt. Þá held ég að ég láti máli mínu lokið að þessu sinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2.–9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10.–13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 10:6 atkv.
15. gr. samþ. með 9:8 atkv.
16.–24. gr. samþ. með 9:5 atkv.
25.–28. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 648 felld með 7:4 atkv.
29.–30. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, frv. (þskj. 373, n. 541 og 570, 587). – 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég kynni nú betur við að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur þessa umr. og ennfremur hæstv. viðskrh. (**Forseti:** Þá verður umr. frestað.) Nei, nei, við skulum ekki gera það að úrslitaatriði þá. En ástæðan er sú, að þeir óskuðu eftir því hér við 1. umr. að fjh.- og viðskn. athugaði þetta mál sérstaklega og ég vildi gjarnan geta skýrt þessum hæstv. ráðh. frá því að það hefur farið fram mjög ítarleg og vönduð vinna í n. um þetta mál. En fyrst ráðh. hafa einhverjum öðrum hnöppum að hneppa ætla ég að treysta á að þeir lesi þskj. og hafi séð á þskj. 541, nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., að nefndin hefur orðið við þeim óskum, sem hér komu fram frá þessum tveimur hæstv. ráðh., um að athuga þetta mál vel. Tilefni þessara óska ráðh. var að í fjh.- og viðskn. Nd., sem situr undir öruggri forustu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, hefði ekki farið fram nægilega vönduð vinna varðandi þetta frv.

Eins og fram kemur í nál. fengum við upplýsingar frá tveimur starfsmönnum Þjóðminjasafnsins, Þór Magnússyni þjóðminjaverði og Guðmundi Ólafssyni, og ennfremur komu á fund n. tveir sérfræðingar frá Raunvísindastofnun Háskólans, Leó Kristjánsson og Sveinbjörn Björnsson. Ennfremur átti n. fund með Kristni Guðbrandssyni fulltrúa þeirra aðila sem unnið hafa að könnun á björgun skipsins Het Wapen. Sem fylgiskjal með nál. er álitsgerð frá Leó Kristjánssyni forstöðumanni jarðeðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans, en þar kemur fram ítarleg lýsing á þeim mælingum og athugunum sem fram hafa farið á staðnum, og ennfremur eru birt afrit af segulmælinganiðurstöðum sem framkvæmdar hafa verið á sandinum.

Það er niðurstaða meiri hl. n., eftir að hafa kynnt sér rækilega þessar upplýsingar, að mæla með því að frv. verði samþ., en við beinum því til fjvn., sem á samkvæmt frv. að fjalla um afgreiðslu ábyrgðarinnar, að í fyrsta lagi verði frekari boranir framkvæmdar til að afla nánari upplýsinga, en í öðru lagi verði í fyrstu veitt ábyrgð fyrir aðeins hluta af þeirri upphæð sem tilgreind er í 1. gr. frv. og viðbótarfé ábyrgst þegar í ljós er komið við fyrsta áfanga í uppgreftri hvaða skip er hér um að ræða og í þriðja lagi, að komi það í ljós að hér sé um að ræða skipið Het Wapen skuli rætt um varðveislu skipsins eftir uppgröft áður en lengra er haldið. Ljóst er að varðveisla skips af þessu tagi getur verið ýmsum erfiðleikum háð og það getur þurft sérhannaðar byggingar og sérstakt varðveislukerfi, líkt því sem tíðkast í ýmsum löndum, þar sem skip sem grafin hafa verið upp eru geymd sem safngripir, og þess vegna finnst okkur nauðsynlegt að sú athugun fari fram áður en lengra verður haldið. Því má segja að meiri hl. n. leggi til að í þessu máli verði unnið í áföngum og við teljum þá áfanga skynsamlega og raunhæfa, eins og nú er komið, og á grundvelli þeirra upplýsinga sem sérfræðingar og aðrir kynntu okkur varðandi þær rannsóknir sem fram hafa farið á tilvist skipsins Het Wapen í sandinum við suðurströnd Íslands.

Samkvæmt íslenskum lögum telst skipið vera íslenskar fornminjar og íslensk stjórnvöld hafa þess vegna á valdi sínu hvað við fundinn verður gert. En ég vil að lokum segja það við þá hv. alþm. sem eru andstæðingar þess að þessi ábyrgð verði veitt, að í raun og veru er ekki hægt að leggjast gegn því að íslensk stjórnvöld veiti þessum íslensku aðilum fjárhagsábyrgð af þessu tagi og meina þeim einnig að leita fjárstuðnings hjá erlendum aðilum, sem hefðu áhuga á að eignast skipið, ef það fyndist, hvort sem það eru hollenskir sjóliðar eða hollensk stjórnvöld, en slíkar ráðstafanir geta björgunaraðilar ekki gert vegna þeirra lagakvaða sem hvíla á skipinu sem íslenskum fornminjum. Það er samkvæmt lögum sem það telst vera íslenskar fornminjar.

Hv. þm. Eiður Guðnason. Hvað svo sem mönnum finnst um eðli skipsins hefur háttvirtur þjóðminjavörður upplýst nefndina um að fundur í sandinum frá þessu tímaskeiði verði samkvæmt lögum að teljast íslenskar fornminjar, hvað sem mönnum finnst um menningarsögulegt inntak þessa grips. Þess vegna finnst okkur í meiri hl. nauðsynlegt að íslenskir aðilar standi að þessu og við leggjum til að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. séu hér viðstaddir áður en ég hef ræðu mína.

Forseti (Helgi Seljan): Ég frestaði nú afgreiðslu lánsfjárlaganna einmitt vegna þess að ég var að bíða eftir þessum ágætu hæstv. ráðh. Ég verð þá að fresta þessu máli um sinn, ef eftir því er sérstaklega óskað. Ég hygg að hvorugur ráðh. sé kominn í húsið enn. Ég skal láta athuga það reyndar. – Þeir eru fjarstaddir. Umr. um þetta dagskrármál er þá einnig frestað um stund.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er rétt, sem kemur fram hjá forseta, að ég hef fallist á að reifa þetta mál eftir eindregnar óskir forseta, þó að ekki séu allir mættir sem ég óskaði að væru viðstaddir.

Það er um þetta mál að segja, eins og kemur fram í nál. frá mér, að við umfjöllun nefndarinnar komu fram margvíslegar mjög mikilvægar upplýsingar.

Þær voru mikilvægastar í fyrsta lagi, að það væri nú ekki vitað um nákvæma staðsetningu skipsins þó að hér hefði verið dreift uppdráttum, sem virtust gefa það til kynna þó það væri hvergi nákvæmlega sagt, heldur þyrfti að framkvæma frekari boranir til að ganga úr skugga um staðsetningu þess hlutar sem greinilega væri þarna fyrir neðan, hvort heldur það væri þetta skip eða eitthvað annað. Boranir af þessu tagi þyrftu ekki að kosta stórfé.

Hin upplýsingin, sem var mjög mikilvæg, var sú og ekki síður mikilvæg, að það að grafa upp skipið kostaði að vísu kannske 50 millj. kr., en að vernda það eftir að

það kæmi upp mundi kosta langtum meira. Ég minnist þess, að þegar ég var við nám í Svíþjóð var þar úr sæ dregið Vasa-skipið og það voru náttúrlega feikilegar tilfæringar við að hindra þornun þess því að ef viður sem hefur geymst svo lengi í raka nær að koma upp á yfirborðið og um hann leikur andrúmsloft molnar hann og verður að engu á mjög skammri hríð nema gripið sé til mjög víðtækra ráðstafana. Við stöndum sem sagt frammi fyrir því, að annaðhvort þarf stórfé, ef hér er um þetta skip að ræða, til þess að sjá til þess að þessar fornminjar geymist og séu verndaðar, ellegar þá að hætta er á því að ört skemmist og verði að engu í höndum okkar.

Það kom líka fram í máli þjóðminjavarðar að hér væri í sjálfu sér ekki um íslensk menningarverðmæti að ræða. Ef hér væri um þetta skip að ræða, og við göngum út frá því, væri náttúrlega um hollensk verðmæti að ræða. Þó að mönnum geti þótt gaman og spennandi að leita að þessu skipi og við eigum sögusagnir um strand þess og þar fram eftir götunum og munnmælasagnir sem hafa gengið allar götur síðan, m. a. í Skaftafellssýslunni, er engu að síður ekki um íslensk menningarverðmæti að ræða.

Nú hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. brugðið á það ráð að setja hér alls konar skilyrði varðandi ábyrgð á láni af þessu tagi. Ég tel reyndar að Alþingi hafi nokkra reynslu af því að svona skilyrði séu ekki sérlega haldgóð. Ég minni t. d. á Flugleiðamálið á sínum tíma, sem var afgreitt með alls konar skilyrðum í nál., en hafði náttúrlega ekkert lagahald og niðurstaðan varð sú að þau skilyrði voru haldin svona upp og ofan. Ég tel að það sé langtum réttara í þessu máli að Alþingi taki afdráttarlausa ákvörðun um hvað það telji rétt vera. Mín skoðun er sú eftir þessar upplýsingar, að það sem eigi að gera sé að framkvæma þarna frekari rannsóknir í sumar og ganga betur úr skugga um hvað þarna sé niðri fyrir, reyna að komast að því hvort um sé að ræða það skip sem menn telja að sé þarna og vissulega benda margvíslegar líkur til, en ekki halda öllu lengra.

Í samræmi við þetta hef ég flutt hér brtt. um að það verði heimilað að ábyrgjast lán allt að 3 millj. kr. til rannsóknaborana. Ég legg það í rauninni í vald fjmrn. og fjvn. hverjum sé veitt sú heimild. Mín skoðun er sú, að það sé eðlilegt að rannsóknastofnanir, eins og Þjóðminjasafnið og raunvísindadeild Háskólans, hafi þarna hönd í bagga og það verði gert ráð fyrir að þær komi inn í þessa mynd og vitneskja þeirra verði nýtt, en að öðru leyti er það lagt í vald fjmrh. og fjvn. hverjum sé veitt þessi heimild.

Ég vil vekja athygli á fskj. með nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. þar sem kemur fram ítarleg úttekt á þessu frá Leó Kristjánssyni forstöðumanni jarðeðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans. Hann bendir á að það sé í sjálfu sér ekki hægt að fullyrða annað en að þarna séu einhvers staðar á bilinu 100–400 tonn af járni. En hann bendir líka á að það sé nauðsynlegt að framkvæma frekari rannsóknir til þess að komast að því hvað niðri fyrir búi.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi, herra forseti, en ég tel að umfjöllun nefndarinnar hafi leitt í ljós að menn verði að fara fram í þessu máli með gát.

ATKVGR.

Brtt. 587 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, KSG, KJ, HS.

nei: ÞK, DA, EgJ, GB, JH, LJ, ÓRG, SalÞ, StefG.

EKJ, GK, TÁ greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (GeirG, GTh, ÓlJ, StJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv.

2. gr. samþ. með 9:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Eignarréttur ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frv. (þskj. 183, n. 542). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Allshn. hv. Ed. hefur rætt mál þetta allítarlega og komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki nægilega undirbúið og þyrfti að gera breytingar á frv. til þess að það næði þeim tilgangi sem við teljum mikilvægastan, þ. e. að tryggja fiskveiðiréttindi á hafsbotninum og á hafinu yfir honum raunar líka. — Formaður allshn. er þarna inni, vildi hann kannske ... (**Forseti:** Formaður allshn. Það er óskað eftir honum.) Ég kunni betur við að formaður minnar ágætu nefndar væri hér viðstaddur af því að ég vitna nokkuð til umr. sem hann átti við Hans G. Andersen. Og til þess að það sé nú örugglega rétt með farið, þá hafði formaður fyrir okkar hönd frumkvæði að því að tala við Hans G. Andersen um málið og við reyndum að athuga það eins mikið og við gátum og urðum sammála um að þessi málefni ættu að heyra undir sjútvrn., þ. e. að yfirborð hafsbotnsins utan 200 mílnanna eins og innan þeirra ætti að vera málefni sjútvrn., og að ráðstafanir væru gerðar til að reyna að tryggja þær lífverur sem á botninum eru og raunar að koma í veg fyrir allt rask á botninum, sem við getum gert í framtíðinni.

Nú vill svo til að ég ræddi nokkuð um þessi málefni í Sþ. í dag og tel ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég þar sagði, því að tíminn er mjög knappur og menn vilja reyna að afgreiða þau mál sem á dagskrá eru búin að vera núna í nokkra daga. Ég ætla svo sannarlega ekki að þreyta menn með því að endurtaka það sem ég sagði í Sþ. En sem sagt: Við teljum þetta vera mjög mikilvægt mál og það þurfi að athugast betur. Þess vegna leggjum við til að því verði vísað til ríkisstj. og, eins og í niðurlagi segir, „til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga, þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi“, þ. e. að á næstu árum verði okkar fiskveiðiréttindi allt út í 350 mílur tryggð og það sé brýnna verkefni en hitt að hugsa til einhverrar vinnslu jarðefna úr hafsbotninum sjálfum. Um það gætu verið aðrar reglur. En það er eðlilegt að hæfustu sérfræðingar skoði þetta og leggi málið að nýju fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Till. á þskj. 542 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 14. mars, að loknum 70. fundi.

Lánsfjárlög 1983, frv. (þskj. 605). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég víkja örlítið að vinnubrögðum á þingi þessa dagana.

Ég hef sagt áður að ég skilji mætavel afstöðu hæstv. ríkisstj. og að hún vilji fá afgreidd lánsfjárlög og ég hef lagt mig í líma við að vinna að því máli eins og aðrir hv. þm. í þeim n. sem hafa haft þetta mál til afgreiðslu. En hæstv. ríkisstj., stuðningslið hennar á Alþingi, hefur tekið það til bragðs síðustu daga til að koma í veg fyrir framgang þingmála, sem njóta augljóslega mikils þingmeirihluta, að standa í pontu hér hálfar og heilar nætur og halda uppi málþófi. Í þessari hv. deild var haldin löng ræða í dag um mál sem allir vita að mundi ekki komast áleiðis á þingi. Ég álít að hér sé um forkastanleg vinnubrögð að ræða og dæmalaust virðingarleysi fyrir þingræði og fyrir því að hv. þm. séu að leggja sig fram um afgreiðslu mála eins og þessa máls hér.

Ég hef lýst því hvað þetta mál er illa undirbúið á allan hátt. Aðeins því til áréttingar vil ég benda á fskj. með nál. stuðningsliðs hæstv. ríkisstj. Í plaggi sem þeir birta frá Seðlabanka Íslands frá 21. febrúar kemur fram að innlend lánsfjáröflun er ofáætluð um nálægt 200 millj. kr. að mati Seðlabankans. Engin skýring hefur verið gefin á þessu né áform um að mæta þessari ofáætlan.

Hæstv. ráðh. fór áðan nokkrum orðum um málflutning minn að því er varðaði innlenda lánsfjáröflun í fyrra. Ég vil segja honum að ég átti að sjálfsögðu við innlenda lánsfjáröflun í heild, en ekki einungis lánsfjáröflun ríkissjóðs, enda er fjáröflun til hans aðeins hluti af lánsfjáröflunardæminu í heild. Nú lítur þetta þannig út að mati Seðlabankans þegar verið er að afgreiða þetta mál: Ef litið er á lánsfjáröflun til fjárfestingarsjóða er gert ráð fyrir að afla fjár samkv. þessu frv. upp á 1020 millj. kr., en Seðlabankinn gerir ráð fyrir að horfast beri í augu við að það verði ekki hægt að afla nema 890 millj. Í sambandi við erlendar lántökur tekur þó steininn úr. Það er sagt hér í fskj. með nál. stuðningsliðs ríkisstj. og vitnað í Seðlabankann að það sé búið að taka ákvarðanir um erlendar lántökur upp á 4215 millj. kr., en þetta frv. gerir ráð fyrir 3400 millj. Í þessu áliti segir:

„Knýjandi nauðsyn ber til að beita þrengri takmörkunum en felast í endurskoðaðri áætlun, 4215 millj. kr. Sú tala kemur eigi að síður fram við það, að ekki er sjáanlegur neinn kostur á að komast lægra eftir allt sem á undan er gengið. Þarf jafnvel að beita verulegri ýtni og hörku til þess að komast niður í það mark frá hinum upphaflegu áætlunum."

Þetta eru beinar tilvitnanir, herra forseti, í gögn sem stuðningslið hæstv. ríkisstj. lætur fylgja nál. sínu.

Á síðasta fundi fjh.- og viðskn. komu fram viðbótarupplýsingar, sem hv. þm. Þorv. Garðar gerði raunar að umtalsefni hér, þ. e. í sambandi við húsnæðismálin. Þar kom fram að menn hafa uppi áform um að afla miklu meira fjár úr lífeyrissjóðakerfinu í ár til húsnæðismála, eins og raunar var gert í fyrra, en raunsætt er.

Ég vil aðeins, af því að hæstv. ráðh. vék að því að gagnrýni mín væri ekki rétt um framkvæmd lánsfjáráætlunar í fyrra, fara nokkrum orðum um það. Ég vil taka það fram að ég ætla ekki hér að halda neina málþófsræðu út af þessu máli, en ég vildi koma þessum ábendingum mínum og þessari gagnrýni á vinnubrögð hér í þingi á framfæri.

Í nál. sem gefið var út um frv. til lánsfjárlaga í fyrra voru eftirfarandi aðalgagnrýnisatriði: Forsendur frv. voru 33% verðbreyting milli áranna 1981 og 1982 og þar er um að ræða nákvæmlega sams konar villandi og beinlínis rangar forsendur fyrir allri áætlanagerðinni og eru í ár. Það kom í ljós að þau lánsfjárlög fóru langt fram úr því sem þar var verið að fjalla um, eins og t. d. erlend lán.

Hér segir um innlenda fjáröflun, en hæstv. ráðh. talaði um að eitthvað væri að í minni gagnrýni á hana:

„Innlend fjáröflun er augljóslega í lausu lofti og stórlega ofmetin samkvæmt frv. T. d. er ætlunin að selja spariskírteini á næsta ári fyrir 150 millj. kr., en salan í ár er 43 millj. Úr lífeyrissjóðum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í ár var þessi fjáröflun 1. nóv. 227 millj. kr."

Þessi þáttur innlendu fjáröflunarinnar, eins og hér er spáð, *reyndist stórlega ofmetinn.* — Erlend fjáröflun hefur stóraukist. Um hana segir; með leyfi forseta:

„Erlend fjáröflun er aukin um 176.7 millj. kr. frá frv., en hún var ærin fyrir þegar haft er í huga að orkuframkvæmdir dragast saman milli 40 og 50% að magni til á árinu. Skuldastaða erlendra lána í árslok er áætluð af Seðlabankanum 39% og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar."

Nú er þessi skuldastaða áætluð yfir 50%, svo hæstv. ráðh. er iðinn við að setja met á þessu sviði.

Í fjórða lagi var sagt í nál. að alger óvissa væri um fjármögnun Framkvæmdasjóðs. Það voru orð að sönnu vegna þess að fjáröflun Framkvæmdasjóðs reyndist mjög örðug á árinu 1982 og miklum mun minni en gert var ráð fyrir, sérstaklega að því er varðaði innlenda fjáröflun. Þetta gerði það að verkum að sjóðakerfið í landinu var oft og tíðum í algerum þrotum.

Þá er rætt hér um fjármögnun húsnæðismálasjóðanna, en það er nákvæmlega það sama sem er að gerast nú á þessu ári og í fyrra, að þar er vísað á lífeyrissjóðina með svimandi háum tölum um fjáröflun sem sjálfir stjórnendur Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna vita að eru algerlega vonlausar.

Ég vildi benda á þetta hér út af orðum hæstv. ráðh. við 2. umr. þessa máls, en eins og ég sagði hér áðan ætla ég ekki að hafa þessi orð allmiklu fleiri. Ég vil þó ítreka að ekki er sambærilegt hvernig við stjórnarandstæðingar tökum á þessu máli, sem okkur er ljóst að við getum mjög auðveldlega stöðvað fyrir hæstv. ríkisstj., þegar höfð er hliðsjón af því, hvernig stjórnarsinnar taka á þingmálum, sem ég hér minntist á, og setja á langar tölur til að koma beinlínis í veg fyrir að vilji meiri hl. Alþingis nái fram að ganga.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér við 3. umr. brtt. við 29. gr., sem gerir ráð fyrir að *takmarka erlendar lántökur við 3390 millj. kr.* Þetta er nánast sama tala og kemur fram í frv. ríkisstj. til

lánsfjárlaga eins og það birtist á sínum tíma.

Ég ætla ekki að endurtaka nema að takmörkuðu leyti þau rök sem ég flutti hér áðan fyrir nauðsyn þess að takmarka erlendar lántökur. Fulltrúar allra flokka hafa haft á orði nauðsyn þess að takmarka erlendar lántökur, en engu að síður hefur orðið svo í umfjöllun hv. Nd. að heildarupphæð í frv. hefur hækkað eins og það liggur fyrir. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að setja þak á erlendar lántökur við 3390 millj. kr., sem er það hámark sem var í frv. eins og það kom frá ríkisstj. Þetta er gert ráð fyrir að sé gert í sambandi við störf fjvn. og eins að starf langlánanefndar miðist við þennan ramma. Ég hef áður talað fyrir því að þetta yrði takmarkað við 3300 millj. kr., en hér er sem sagt gert ráð fyrir að það takmarkist við 3390 millj. kr., og vænti ég þess að það njóti stuðnings deildarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 654, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 654 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, EgJ, EG, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ.

nei: DA, GeirG, GB, GTh, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, TÁ, HS.

2 þm. (EKJ, StJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisstj. hefur markað þá stefnu sem skýrt kemur fram í grg. með lánsfjárlögum og hefur verið útskýrð hér af hæstv. fjmrh., en hún er sú, að í ár skuli erlendar skuldir ekki hækka að raungildi. Ég vil halda mig fast við þá meginstefnu og segi því nei við þessari till.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kom fram í framsögu minni fyrir þessari till. er sú takmörkun á erlendum lántökum sem hér er gerð tillaga um nákvæmlega sú sama og kom fram í frv. ríkisstj. um lánsfjárlög og stefnumörkun ríkisstj. í þeim efnum. Með þessari till. er þess vegna verið að framfylgja stefnumörkun ríkisstj. um takmörkun á erlendum lántökum samkv. hennar frv. Ég segi já.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun kom það fram að áformaðar lántökur samkvæmt þessu frv. mundu fara fram úr því, sem hæstv. forsrh. sagði hér, að hækka ekki að raungildi, ef reiknað er með því að taka lán vegna viðskiptahalla sem í stefnir. Þetta kom fram hjá fulltrúum Seðlabankans. Ég tel að þessi till. miði að því að setja ákveðið þak á lántökur í ár og segi því já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í ræðum hæstv. fjmrh. og einnig í grg. hæstv. forsrh. fyrir atkv. hans að markmið og stefna ríkisstj. er að erlendar lántökur aukist ekki að raungildi á þessu ári. Það er ljóst að á árinu 1982 voru erlendar lántökur nokkru meiri en samþykkt hafði verið í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir það ár. Nú er hins vegar ljóst að sú tala sem gengið hefur verið frá hér felur í sér að erlendar lántökur mega ekki aukast neitt eigi þær að vera í samræmi við þetta yfirlýsta markmið. Í vinnu fjh.- og viðskn. kom fram að það er fyrst og fremst á starfssviði langlánanefndar sem erlendar lántökur hafa farið úr skorðum eða gætu farið úr skorðum á árinu 1983. Í trausti þess að hæstv. ráðh. sem nú sitja í stólum og þeir sem á eftir þeim koma síðar á þessu ári standi við það stefnuheit sem fulltrúar allra flokka hafa nú lýst yfir, að erlendar lántökur verði ekki auknar að raungildi á þessu ári, tel ég óþarfa að samþykkja þessa sérstöku till. og segi nei.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 659).

Lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, frv. (þskj. 373). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, JH, LJ, ÓRG, SalÞ, ÞK, DA, EgJ.

nei: GK, KSG, KJ, StefG, TÁ, EG, HS.

EKJ greiddi ekki atkv.

4 þm. (GTh, ÓlJ, StJ, GeirG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Með fyrirvara til þeirra skilyrða sem sett eru fram í nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frekari athugun á málinu og samþykki fjvn. segi ég já.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er mjög svo tilfinnanlegur skortur á fjármagni til rekstrar, til fjárfestingar og til uppbyggingar í atvinnulífi landsmanna. Ég tel ekki að mál af þessu tagi eigi við þær aðstæður sem nú eru að hafa forgang fyrir þörfum atvinnulífsins um meira fjármagn og segi nei.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér hefur verið vitnað til fyrirvara varðandi fjvn. Ef nú heldur sem horfir og þing verður rofið í kvöld getur liðið nokkur tími þangað til ný fjvn. verður kosin og tekur til starfa. Mér finnst allsendis ótækt að samþykkja slíka lánsheimild, eins og hér er um að ræða, á jafnhæpnum forsendum og fram koma í þeim þskj. sem hv. þm. hafa hér á borðum sínum, að samþykkja 50 millj. kr. lánsheimild eða ríkisábyrgð í þessu skyni meðan atvinnutæki í þorpum sums staðar úti á landi, togarar, eru að stöðvast vegna þess að þau fá ekki eðlilega lánsfyrirgreiðslu og fólkið í landinu missir þá atvinnu sína. Það er svo sem eftir öðru að þetta skuli að líkindum verða síðasta málið sem afgreitt er á þessu þingi, og ég held að það sé okkur frekar til minnkunar en hitt, því miður, og ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 660).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þetta mun að öllum líkindum verða síðasti fundur þessarar hv. þingdeildar á 105. löggjafarþingi vil ég leyfa mér að nota þetta tækifæri til að færa hv. þdm. mínar innilegustu þakkir fyrir hið ágætasta samstarf í hvívetna og mikið umburðarlyndi í minn garð sem forseta. Ég vil færa varaforsetum mínum og skrifurum sérstakar þakkir fyrir þeirra vel unnu störf. Ég færi skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins mínar bestu þakkir fyrir þeirra störf, sem hafa af mikilli samviskusemi og elju verið í okkar þágu unnin. Ég óska þeim hv. þdm., sem um langan veg eiga heim að sækja, góðrar heimferðar og heimkomu. Ég árna hv. þdm. öllum alls velfarnaðar, hver svo sem auðna þeirra verður í orustunni fram undan. Megi góð gifta fylgja ykkur öllum.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Í nafni okkar alþm. þakka ég forseta góðar óskir í okkar garð. Jafnframt þakka ég honum fyrir í senn réttláta og röggsama fundarstjórn og umburðarlyndi í garð okkar þingdeildarmanna. Ég flyt einnig þakkir okkar þdm. skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki þingsins. Ég vil jafnframt flytja hæstv. forseta og fjölskyldu hans og starfsfólki þingsins velfarnaðaróskir okkar allra. Ég bið hv. þdm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Helgi Seljan): Ég þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka undir. Um leið endurtek ég óskir mínar um farsæld og heill í framtíðinni til ykkar allra.

Neðri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 14. mars, kl. 10 árdegis.

Samkomudagur Alþingis, þáltill. (þskj. 562). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 571). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 402). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 642).

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 370). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 643).

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 574, 599, 603, 607, 608, 611, 631, 632). — Frh. 3. umr.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þegar 2. umr. þessa máls fór fram hafði tæplega gefist tími til að fjalla um málið í hv. fjh.- og viðskn. Þó var því lokið, en ekki hafði gefist tími til að vinna nál. fyrir minni hl. fjh.- og viðskn. er formaður n. mælti fyrir meirihlutaáliti. Því varð að ráði við upphaf 3. umr. að henni væri frestað og gerð yrði grein fyrir afstöðu minni hl. fjh.- og viðskn. við 3. umr.

Minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. hefur gefið út nál. á þskj. 610. Þar kemur fram að þeir sem hann skipa, sem eru auk mín hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Reykv., mæla gegn þessu frv., gegn þeim nýja skatti sem hér er verið að leggja á.

Í rökstuðningi með þessum þungaskatti er látið í það skína að áður hafi verið búið að létta af bifreiðaeigendum útgjöldum með lækkun innflutningsgjalds. Sú upphæð var okkur tjáð að væri aðeins 7 millj. kr., en það sem gert er ráð fyrir að innheimta með þungaskattinum á þessu ári eru um 110 millj. eftir að gerð var á frv. breyting í hv. Ed.

Það er ljóst að hér er enn einu sinni verið að höggva í þann knérunn að láta bifreiðaeigendur greiða. Það stafar einfaldlega af því, að af þeim tekjustofnum sem áður voru og eru enn hefur ríkissjóður — Á fundinum að halda þarna áfram? (**Forseti:** Það er óskað eftir því að það séu ekki fleiri fundir inni í salnum. Ef menn þurfa að tala saman, þá eiga þeir að gera svo vel að fara út fyrir salinn.) Ég veit ekki nema þetta sé kærkomið tækifæri fyrir þá sem eru andvígir málinu til að tefja. Sá sem er í ræðustól hefur ekki látið það á sig fá þó að svolítið sé blásið utanhúss.

Þeir tekjustofnar, sem fyrir hendi eru til vegaframkvæmda, hafa í síauknum mæli verið teknir í ríkissjóð og nú kemur fram nýtt frv. til að bæta þar um.

1974 var þungaskatti breytt, þeim þungaskatti sem hér er verið að leggja á aftur, og bensíngjald þá ætlað sem tekjustofn til vegaframkvæmda og út frá því sjónarmiði hugsað að þeir sem nota vegina væru látnir greiða fyrir þá, en mönnum væri heimilt að eiga sína bifreið, hversu þung sem hún er, þó þeir ekki notuðu vegina. Ég held að þá hafi allir verið um það sammála að hér væri skynsamlega að farið. Jafnframt, þar sem ekki var um bensínneyslu að ræða, var sett fram sú hugmynd, sem síðan varð að veruleika, að þeir sem ættu bifreiðir sem nota olíu greiddu af mæli, þannig að

þar kæmi fram hversu mikið þeir notuðu vegina. Það lægi ljóst fyrir hversu margir km aksturinn væri hjá þeim og þar af leiðandi lægi að baki nákvæmlega sama sjónarmið og að baki bensíngjaldi. Það er svo auðvitað matsatriði, hversu hátt bensíngjaldið á að vera. Það er svo líka matsatriði, hversu hár sá skattur skal vera sem greiddur er samkv. ökumæli í þessu tilfelli. Það er þeirra að meta sem vinna að vegamálum á vegum ríkisstj. og Alþingis og þar verður að sjálfsögðu ævinlega matsatriði hvort meira eða minna á að vinna í vegamálum og hversu miklar tekjur skuli koma af bensíngjaldi og af mælum þeirra bifreiða sem nota olíu.

Þetta frv. er svo enn eitt dæmið um það sem hefur verið að gerast í tíð núv. ríkisstj., hófst 1. sept. 1978, þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við, og sýnist ætla að verða síðasta verk núv. ríkisstj. á Alþingi, þ. e. aukin skattlagning.

Það var á það bent strax 1978, það hefur verið á það bent margsinnis síðan, hvernig þær ríkisstjórnir sem setið hafa, ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar og núv. ríkisstj., hafa verið gersamlega úrræðalausar, hafa ekki haft nein önnur ráð til að koma fram þeirri stefnu sinni að auka ríkisumsvifin, ná meira fjármagni til hins opinbera, en auka skattlagningu og auka erlendar lántökur.

Herra forseti. Ég hefði viljað spyrja hvort flm. frv., hæstv. fjmrh., hefði getað gefið sér tíma til að vera viðstaddur þessar umr. (**Forseti:** Ég skal láta athuga það.) Sú skattlagning, sem hér er ætluð, er að mínum dómi mjög ósanngjörn og kemur óréttlátlega niður, sbr. það sem ég sagði áðan, fyrir nú utan það, að á þessu tímabili, sem ég hef hér vikið að, hafa þessir skattar hækkað ótrúlega mikið, svo mikið að ég ímynda mér að það sé ekki aðeins Íslandsmet þar um að ræða, heldur jafnframt heimsmet. Skattar af bensíni hafa hækkað á tímabilinu 1978—1983 um 438 millj. kr. á föstu verðlagi, þ. e. verðlagi þeirrar vegáætlunar sem Alþingi fjallar um nú. — Þessi skattahækkun er jafnvirði 42% af ráðstöfunarfjármagni samkv. vegáætluninni 1983. Og þessi hækkun hefur nær einvörðungu — ég undirstrika — hefur nær einvörðungu runnið í eyðsluhít ríkissjóðs, en ekki í vegagerð. Þungaskattur samkv. mælum hefur auk þess hækkað svo mjög að hann er nú 2,97 kr., og það eru nýkr., en var í des. 1978 15,60 gkr. Hækkunin nemur 1804% á sama tíma sem vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað úr 240 stigum í 1482 eða um 518%. Hækkunin á þungaskattinum er rúmlega þrisvar sinnum meiri en hækkunin á vísitölu byggingarkostnaðar. Það er því óskaplega mikil blekking þegar því er haldið fram af hæstv. fjmrh., sem enn er nú ekki kominn í salinn, að þessi skattur, sem miðast við þunga af bifreiðum, komi á móti einhverri skattalækkun sem bifreiðaeigendur hafa notið á undanförnum árum.

Mér er ekki ljóst hvernig hugsunin er hjá hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. þegar framlag ríkissjóðs í ár er ætlað 20 millj. kr., en á næsta ári 140 millj. Og þá verður ekki á annað horft en að þessir hæstv. ráðherrar sýnast ekki vera í stakk búnir nú til að gera mönnum grein fyrir því hverjar hugmyndir þeirra eru í sambandi við þá miklu tekjuaukningu sem hér er boðuð, þ. e. um 120 millj. kr. á næsta ári, en það er um það bil eða örlítið hærri tala en þessi skattur gefur í ár.

Mér er ekki ljóst hvernig það er rökstutt að hér sé um að ræða skattlagningu á bifreiðar, ef menn hafa einhverja þá hugsun að forðast verðbólguaukningu, því að það liggur alveg ljóst fyrir að þeir aðilar sem hafa atvinnu af því að aka bifreiðum hljóta að fá, um leið og slíkur skattur er lagður á, um leið og rekstrarkostnaður bifreiða þeirra hækkar sem því nemur, að breyta þeirri gjaldskrá sem þeir vinna eftir. Það eru því borgararnir í landinu sem greiða þennan skatt. Það er ein og sama aðferðin sem hæstv. ríkisstj. hefur haft, enda skattbyrði á landsmenn í dag orðin slík að fjölmargir hópar eiga erfitt með að sjá heimilum sínum farborða. Aðeins skattahækkanir ríkisins á tímabilinu 1978—1983 nema um það bil 5.7% af þjóðarframleiðslu eða 2 370 millj. kr., sem jafngildir yfir 50 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu, og er þetta þó á því verðlagi sem fjárlagafrv. er á, þ. e. miðað við 30—32% verðbólgu, þ. e. þegar fjárlagafrv. var samþykkt í des. með reiknitölunni 42%. En við stöndum nú frammi fyrir að verðbólgan frá upphafi árs til loka verður ekki 30—32%. Samkv. þeim mælikvarða sem notaður er mun hún verða einhvers staðar á milli 70 og 80%, ef ekkert verður að gert, og því þessi byrði sýnu þyngri.

Ef við tökum núv. ríkisstj. og hennar þátt í þessari miklu skattaaukningu er þar um að ræða 3.1% af þjóðarframleiðslunni, sem jafngildir 1 290 millj. kr. eða tæpum 30 þús. á hverja fimm manna fjölskyldu. Þessu til viðbótar eru svo hækkanir á sköttum til sveitarfélaganna, sem nema um það bil 3 600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu, og það er fyrir áhrif og ákvarðanatöku núv. hæstv. félmrh. Svavars Gestssonar. Það var hann sem heimilaði sveitarfélögunum þessa auknu skattlagningu, þannig að hún verður fyrst og fremst skrifuð á núv. hæstv. ríkisstj. og þann ráðh. sem fer með sveitarstjórnarmál þar.

Ef nú þetta mál er skoðað ofan í kjölinn og menn gera sér grein fyrir því hvers vegna horfið var frá þungaskatti yfir til bensíngjalds og gjalds samkv. sérstökum mælum 1974, þá liggur alveg ljóst fyrir að bifreiðanotkun manna er ákaflega misjöfn. Ég held að það tali enginn um það í dag að það sé lúxus á Íslandi að eiga bifreið. Ég get ekki ímyndað mér að það sem áður var talið, þó ekki nema fyrir kannske 20—30 árum, sé lengur mat manna. Það sem gert er í sambandi við bifreiðar hittir hvern einstakling og hverja fjölskyldu og æðimisjöfn er notkun manna á bifreiðum.

Við skulum t. d. skoða málið út frá því að margt aldrað fólk á sína bifreið, en notar hana ekki mikið. Það vill þó gjarnan leggja sitt fjármagn í slíkt tæki og geta notað það þegar því sýnist. Hér er verið að leggja þungan skatt á þetta fólk. Á öryrkja, sem ekki komast leiðar sinnar öðruvísi en akandi, er verið að leggja þungan skatt.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég átti ekki von á að þeir sem hafa talið sig fulltrúa þess fólks sem minna má sín í þjóðfélaginu stæðu að slíku frv. án þess að athuga hvaða afleiðingar það hefði eða að aðrir þeir sem hafa talið sig vera fulltrúa þeirra sem minna mega sín, þ. e. Alþfl.-mennirnir hér á þingi, skyldu taka undir þessa skattheimtu og mæla með henni, eins og gerðist í Ed., að vísu með örlítilli lækkun eftir því sem þungi bifreiðarinnar varð meiri. En þetta er auðvitað allt í samræmi við það sem hefur verið hjá þeim áður. Þeir hafa staðið að allri þeirri skattheimtu sem hefur verið allt frá því að þeir settust í ríkisstjórn í septem-

bermánuði 1978. Þeir mönnuðu sig þó upp í það nú um daginn, þegar frv. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var hér til umr., að greiða atkv. á móti því, en þá fékk nú ríkisstj. góðan liðsmann. Það var, eins og orðað hefur verið, sjálfskipaður formaður Bandalags jafnaðarmanna, Vilmundur nokkur Gylfason, hv. þm., sem hljóp undir baggann með þeim, greiddi atkv. og skatturinn verður lagður á einu sinni enn. Það er nákvæmlega sama hvort þeir eru í flokki sem heitir Alþfl. eða Bandalag jafnaðarmanna. Þannig standa þeir að þessum hlutum. Um leið og þeir eru að greiða atkv. gegn skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði mæla þeir með því að leggja á þungaskatt á bifreiðar. Ég fæ ekki skilið samhengi í þessu.

Ég fæ ekki heldur skilið þegar þessir aðilar, eins og ég gat um hér áðan, eru með skattheimtu eins og þessa, eins óréttlát og hún er. (**Gripið fram í:** Er ekki þm. einn af þeim sem vill leggja veg á stundinni malbikaðan til Akureyrar?) Þm. er einn af þeim sem gjarnan vilja leggja vegi eins og mögulegt er. Hann er líka einn af þeim sem felldu niður þungaskattinn 1974, taldi hitt skynsamlegra og eðlilegra, og hefur verið í hópi þeirra sem hafa talið að þeir sem notuðu vegina ættu að greiða, en ekki hinir, sem nota ekki vegina. Þannig kæmi skatturinn réttlátast niður. Og ég er alveg sannfærður um að formaður Verkamannasambandsins er þm. Guðmundi J. Guðmundssyni sammála í þessum efnum. Væntanlega breytir hann um skoðun í þessu máli, því að ekki er hægt að álasa neinum manni þó að hann í upphafi skoði ekki málið ofan í kjölinn. Ég er svo sannfærður um að ef hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., skoðar þennan skatt ofan í kjölinn og þau sjónarmið sem liggja að baki breytingunni 1974 verður hann þeirri breytingu sem þá var gerð og þeim sjónarmiðum sammála. Og þá segi ég: Þá eiga menn að breyta um skoðun. Það veit ég að hann tekur til greina. Svo oft hefur hann breytt um skoðun í málum þegar hann hefur séð að betur mátti fara. (**MB:** Og látið skynsemina ráða.) Já, látið skynsemina ráða. Það er öllum mönnum til hróss.

Í sambandi við þetta fluttum við þrír, minni hl. fjh.- og viðskn., auk mín hv. þm. Matthías Bjarnason og Albert Guðmundsson, till. við 1. gr. frv. um að aftan við hana bætist nýr málsl. er orðist svo:

„Undanþegin gjaldinu eru ökutæki sem skráð eru í eigu manna, sem náð hafa 67 ára aldri frá upphafi gjaldárs, og manna, sem njóta örorkulífeyris samkv. lögum um almannatryggingar."

Þegar þessi till. sá dagsins ljós vaknaði allt lið, þá vöknuðu allir þeir málsvarar sem höfðu verið hér á þingi fyrir þá sem aldraðir eru og öryrkjar, og þá voru fluttar tillögur. En enn kom að því: gamla fólkið átti ekki að njóta. Till. var þrengd. Aðeins skyldu njóta undanþágu örorkuþegar þeir sem nytu ellilífeyris og í hinu tillfellinu aðeins þeir sem hefðu fengið niðurfelld þau gjöld sem eru nú lögð á bifreiðar. Það hafa komið fram tillögur um að þessir aðilar skuli ekki greiða þennan skatt. En mér er alveg óskiljanlegt í hverju það liggur að þeir aðilar sem slíkar tillögur flytja standa ekki heldur hér uppi í ræðustól og lýsa sig samþykka þeirri till. sem við minnihlutamenn í fjh.- og viðskn. höfum flutt. (**Gripið fram í:** Það er lítið vit í henni.) Það er lítið vit í henni, sagði þm. Þá heyrir maður hvernig hann hugsar til gamla fólksins og öryrkjanna. Það er ósköp auðvelt, þegar menn eru svona hreinskilnir, að átta sig á því hvar þeir standa þegar málefni þessa fólks eru hér til umr. — En eins og ég sagði áðan: Ég fæ ekki skilið hvers vegna þessir aðilar, sem flytja nú brtt., standa ekki hér uppi í ræðustól og lýsa því yfir að þeir styðji till. þá sem við flytjum, ef frv. á annað borð verður samþykkt, og flytji þá sínar tillögur, ef þessi verður felld sem varatillaga. Má vera að þeir hafi eitthvað slíkt í huga, að hér sé um að ræða varatill., en það mun ábyggilega reyna á það og það mun auðvitað sjást hverjir það eru sem vilja undanþiggja aldraða og öryrkja greiðslu á þessum ég segi mjög svo rangláta skatti.

Ég hefði haldið að í staðinn fyrir vinnubrögð eins og hér eru viðhöfð hefðu samgrh. og fjmrh. átt að leggja fram einhverjar hugmyndir um að draga úr ríkisútgjöldunum til þess að spara fé til vegagerðar. Það hefði verið skemmtilegra fyrir þá að ganga til kosningabaráttu með eitthvað slíkt heldur en að leggja á þungaskatt, bæta einum pinklinum við, sem þeir vita að sjálfsögðu að lendir á fólkinu. En þetta er, eins og ég sagði áðan, allt á sömu bókina lært. Vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar hóf störf sín með því að leggja á skatta, með því að auka erlendar lántökur til að geta tekið meira fjármagn í ríkishítina og það vera seinustu spor þessarar stjórnar á þingi. Það er ný skattlagning, það er aukning erlendrar lántöku, allt til þess að auka á ríkisútgjöldin, til þess að ríkishítin verði meiri og stærri. Þá skiptir engu máli að hér er enn verið að þyngja byrðar fólksins og gera erfiðara fyrir það að standast þá óðaverðbólgu sem geisar í þessu landi og stefnir upp í nærri 100% áður en þessu ári er lokið.

Ég ítreka, herra forseti, að minni hl. fjh.- og viðskn. er andvígur þessu frv. Hann flytur till. til þess að forða öldruðum og öryrkjum frá þessum rangláta skatti, en hann vonast til þess að þm. hafi nú áttað sig á því hvað hér er á ferðinni og þeir muni ekki veita frv. brautargengi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ræða síðasta ræðumanns er dæmigerð ræða um það, hvernig menn eru að höfða til tilfinninga manna, ræða um öryrkja og gamalt fólk. Þetta er ræða sem á vondu máli er kölluð „vemmileg" ræða. Ég vil minna menn á að sá maður sem talaði síðast var fjmrh. um nokkurra ára skeið og hann lagði á þjóðina æðiríflega skatta í sinni fjármálaráðherratíð, en hann er líklega búinn að gleyma því.

Ég vil segja það, að á sama tíma og menn standa hér upp, eins og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, og krefjast þess að það verði felldir niður skattar til vegagerðar á Íslandi á að koma með till. um tekjustofn á móti og segja okkur hvernig við getum haldið uppi vegagerð og viðhaldi vega í þessu landi án þess að fá til þess fjármagn. Annað er auðvitað fullkomið ábyrgðarleysi. Þessi afstaða Sjálfstfl. í þessu máli núna rétt fyrir kosningar stafar ekki af ábyrgð. Hún stafar einfaldlega af því, að Sjálfstfl. telur þetta gott kosningamál. Þetta tel ég mjög ómerkilega afstöðu. Hún er ekki byggð á ígrundun eða athuguðu máli.

En ég vil segja það sem mína skoðun, að ég hef frá upphafi, frá því að hugmyndin um þennan skatt kom fram, haft um réttmæti hans mjög verulegar efasemdir. Ég hef talið að hann kæmi óréttlátlega niður á hópa manna og ég mun gera nánari grein fyrir því.

Ég held að þetta mál hafi hvergi nærri nóg verið skoðað, ég held að það hafi verið kastað til þess höndunum og ég tel að þeir menn sem unnu þetta frv. hafi ekki gætt þess hvernig þessi skattur kemur t. d. niður á atvinnurekstri í landinu og hafi ekki gætt þess hvernig hann mun valda verðhækkunum og hvernig hann mun beinlínis verða verðbólguhvetjandi. Ég vil minna á að þessi skattur kemur illa við stór atvinnufyrirtæki í landinu. Hann kemur illa við fyrirtæki. Við skulum bara taka kaupfélög, við skulum taka mjólkurbú, við skulum taka steypustöðvar, við skulum taka flutningafyrirtæki, sérleyfishafa hópferða, hópferðamenn og aðra slíka, við getum nefnt strætisvagna og fleira af því tagi. (Gripið fram í.) Þeir aðilar sem hafa tækifæri til að veita þessum skatti beint út í verðlagið þurfa ekki að hafa hátt og hljóða undan þessum skatti, vegna þess að það verður að endingu sá sem þjónustunnar nýtur sem borgar skattinn. Það er alveg augljóst mál. Við skulum taka sem dæmi, að þeir aðilar sem hafa mikla vöruflutninga frá t. d. Reykjavík og út á landsbyggðina verða að setja þennan skatt beint út í vöruverðið. Það er alveg augljóst mál. Mjólkurbúin verða að koma þessum skatti einhvern veginn inn í mjólkurverðið. Steypustöðvar verða að koma þessum skatti út í steypuverðið. Ég tel að þessi skattur bitni hvað ranglátast á fólkinu sem er með einkabílana, sem getur ekki sett skattinn út í verðlagið. (**FrS:** Styður hv. þm. frv.?) Ég kem að því síðar, hv. varaformaður Sjálfstæðisflokksins.

Ég vil segja það, að skattar af þessu tagi, sem lagðir hafa verið á á undanförnum árum, hafa ekki skilað sér nema að óverulegu leyti til vegagerðar í landinu. Það er svo, og ég get tekið undir það með hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, að þessir skattar, sem hafa verið lagðir á bifreiðaeigendur í landinu á undanförnum árum, hafa meira eða minna farið í ríkishítina, en þeir gerðu það líka í fjármálaráðherratíð hans alveg örugglega. Þó hann veifi hendi og biðjist undan þessari ákæru var það svo.

Það hefur verið á undanförnum árum reynt að leita leiða látlaust til þess að afla fjármagns til vegagerðar í landinu. Ég vildi óska þess að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefði setið með mér á laugardagskvöldið í bifreið á leið frá Húsavík til Akureyrar. Þá hefði hann séð ástand vega á Íslandi. Og ég er alveg sannfærður um að á leiðarenda hefði þm. sagt: Hér verður að verða breyting á. Hér verður að lagfæra. Hér verður að koma bundið slitlag. Þá hefði ég kannske spurt hann um leið: En hvar eigum við að taka peningana í þetta? Hvar eigum við að fá þá? Eigum við að prenta þá í Seðlabankanum eða eigum við að taka erlend lán fyrir þessu? Hvernig eigum við að fara að þessu? (**Gripið fram í:** Spara ríkisútgjöldin.) Spara ríkisútgjöldin, segir þessi hv. þm. Þá legg ég til að hann komi hér upp á eftir og geri grein fyrir því hvernig hann vill spara ríkisútgjöldin.

Hans till. og sjálfstæðismanna í þessu máli um það hvernig afla ber þessa fjármagns, sem þeir eru að leggja til að verði ekki náð í, hafa ekki komið fram. Hér er um að ræða 100 millj. kr. og ef þetta fjármagn fæst ekki til vegáætlunar á þessu ári vil ég að þm. geri grein fyrir því, bæði í mínu kjördæmi og öðrum kjördæmum á landinu sínu, hvernig á að vinna að þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að vinna. Það er ekki nóg að segja að við verðum að fella niður skatta. Við verðum að halda uppi í þessu þjóðfélagi ákveðinni þjónustu, fram hjá því verður ekki komist, hvort sem það heitir vegagerð, heilbrigðisþjónusta eða annað. Allt skraf um að fella niður skatta án þess að koma með till. á móti um hvernig aflað skal fjármagns í þessar framkvæmdir, í þessi verkefni, er fullkomlega óábyrgt hjal. Hins vegar geta menn haft efasemdir og gagnrýnt einstakar skattaleiðir.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að það verður engin krónutöluraunhækkun á milli ára í vegagerð á Íslandi ef miðað er við vegáætlun í ár og í fyrra. Það verður sem sagt samdráttur í vegáætlun. Ef við fáum ekki þá peninga, sem hér um ræðir, með einhverjum hætti verður samdrátturinn ennþá meiri. Og þá, þegar líður fram á næsta kjörtímabil hjá hv. þm. og öðrum þm., verða þeir að svara fyrir það, hvers vegna ástand vega er eins slæmt og það er. (**HBl:** Þetta er nú hundalógík.) Ég veit ekki hvort hundalógík hv. skrifara er betri eða verri en mín, en mörg hundalógíkin hefur komið frá honum úr þessum ræðustól.

Ég vil líka segja það sem mína skoðun, að ef þm. hefðu ekki beitt sér fyrir umtalsverðum breytingum á þessu frv. frá því sem það var í upphafi, þegar krónugjaldið pr. kg átti að ganga alveg frá minnstu bílum og upp í þá stærstu óbreytt, liti þetta mál öðruvísi út. Þá yrðu 20 tonna steypubílar að borga 20 þús. kr. Í meðförum þingnefnda hefur þó sú upphæð lækkað niður í 7600 kr. sem hámark á þessum skatti. Ég vil benda á að það er búið að lækka gjaldið samkvæmt till. fjh.- og viðskn. á bíla á milli 2000 og 5000 kg úr 1 kr. í 70 aura og frá 5000 kg og upp úr í 50 aura pr. kg, og það er talsverður munur á þessu og frv. eins og það var upphaflega. Ég vil líka benda á að inni í brtt. fjh.- og viðskn. eru áætlanir og ákvarðanir um lækkun á tollum á hjólbörðum, sem lækka þennan skatt á að giska um rösklega 7 millj. kr. Ég vil líka benda á að það eru eigendur einkabílanna sem borga yfir 90% af þessum skatti. Ég vil að menn hafi það hugfast.

Ég sagði áðan að ég hefði haft af því mikinn ama á undanförnum árum að það sem hefur verið kallað „markaðir tekjustofnar til vegagerðar í landinu“ hefur hvergi nærri runnið til vegagerðar. Ég vil líka minna á þá mótsögn sem hefur komið fram í máli hæstv. fjmrh. Hann hefur talað um að hann hafi í sinni ráðherratíð lækkað innflutningsgjöld á litlum bílum. Ég flutti fyrir þremur árum till. um þetta og líklega tók ráðh. hana upp nær óbreytta. Þessi lækkun varð til mikilla hagsbóta fyrir bifreiðaeigendur og eigendur einkabíla hér á landi. En mér skilst hins vegar að þessi breyting sé einhverra hluta vegna að hverfa og að þessi lækkun sé hvergi nærri í sama gildi og upphaflega. Væri nú gott að fá skýringar hæstv. fjmrh. á þessu.

Ég sagði frá því, að ég hefði haft umtalsverðar áhyggjur af þessu gjaldi þegar það kom til umr. í þingflokki Alþfl. og satt best að segja var ég á móti því. Hins vegar beygi ég mig undir þau rök að við verðum að afla fjármagns til vegagerðar hér á landi. Annað er hreinn loddaraskapur, ef menn halda því fram að við getum haldið uppi því vegakerfi að við getum endurnýjað og endurbætt án þess að ná í fjármagn til endurbótanna. Og það ættu þeir menn að þekkja sem aka um í dreifbýli þessa lands og þar eru engar hraðbrautir. Það eru engar sæluferðir sem menn fara um þá vegi, allra síst að vetrarlagi, og kannske eiga þm. a. m. k.

dreifbýliskjördæmanna eftir að komast að því í kosningabaráttunni í apríl, þegar aurmyndun verður og frost fer að fara úr vegum, hvernig er að fara um þá.

Við erum á stigi þróunarlanda í vegagerð. Ég vona að menn geri sér grein fyrir því. Það eru örfáir malbikaðir kaflar utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Það þarf gífurlegt fjármagn til vegagerðar. Auðvitað hefði átt að leysa þetta mál með áætlunargerð og með því að afla fjármagns eftir öðrum leiðum og gera „massíft" átak í vegagerð. Auðvitað eru þær óþolandi þessar sífelldu skattaálögur, í hvaða formi sem þær eru, en einhver verður þó að borga þetta. Hér var um eina aðferð að ræða. Hún hefur verið til umræðu hér á þingi, hún hefur verið til umr. úti í þjóðfélaginu og þeir menn, þeir hópar, hagsmunaaðilar, sem verða fyrir þessum skatti og verða að greiða hvað hæstar upphæðir, mótmæla honum. Ég skil þeirra afstöðu mætavel, en það kemur að því fyrr eða síðar í þeim efnahagshrunadansi sem hér er dansaður nú þessa dagana, að einhvers staðar verður að taka þessa peninga og á endanum seilist ríkisvaldið ævinlega og ávallt í vasa skattborgarans. Það er raunverulega eina leiðin sem ríkisvaldið hefur um að velja. Við búum ekki til peninga til þess að framkvæma fyrir án þess að þeir peningar verði til sem verðmæti í þjóðfélaginu fyrir vinnu manna og þaðan koma peningarnir til alls, hvernig sem á það er litið.

Herra forseti. Ég hef hér flutt brtt. ásamt hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni. Við viljum með henni gera tilraun til að koma í veg fyrir að þessi skattur verði einn af þeim sköttum sem lagðir eru á, eins og stundum er sagt, til bráðabirgða, en verða eilífir. Við viljum að þessi lög gildi aðeins í eitt ár. Við viljum að þetta ár verði notað til að aðgæta hvernig þessi skattur kemur niður á einstökum hópum í þjóðfélaginu, á eigendum einkabifreiða, á eigendum atvinnutækja, manna sem hafa lífsframfæri sitt af því að aka bílum, hvernig þetta kemur niður á atvinnurekstrinum, hvernig þetta fer út í verðlagið, hver verðbólguáhrifin verða af þessum skatti. Þetta er tilraun af minni hálfu til að koma í veg fyrir að þetta verði eilífur skattur. Ég skora þess vegna á hv. þm. að þeir greiði þessari till. atkv. Það er þó verið að setja undir þann leka að menn líti á þennan skatt sem eilífan skatt. Þá gefst tækifæri til að endurskoða á tímabilinu réttmæti þessa skatts, hvort hann kemur fram sem skattur í anda þess jafnaðar sem við þurfum ævinlega að hafa á bak við eyrað.

Ég get lýst því yfir að ég er sammála mörgum þeim brtt. sem hér hafa komið fram og auðvitað treysti ég því t. d. að hv. sjálfstæðismenn greiði þessari till. minni atkv. Þeir hafa talað svo fjálglega gegn þessum skatti. Ég veit að skattur af þessu tagi kemur illa við fólk. Það gera yfirleitt allir skattar. Við viljum helst öll vera skattlaus, en það bara gengur ekki í nútímasamfélagi sem vill halda uppi þeirri velferð og þeim „status" sem við erum að rembast við að halda uppi með misjöfnum árangri í þjóðfélagi okkar. Því miður get ég ekki glatt áhugamenn um niðurfellingu þessa skatts með því að ég ætli að taka þá ábyrgðarlausu afstöðu að vera á móti honum án þess að ég geti komið fram með till. um annan tekjustofn á móti. Ég ætla ekki að gera því fólki það, sem þarf að nota vegi þessa lands, að skera niður í einu vetfangi 100 millj. kr. til vegaframkvæmda á þessu ári, sem gert er ráð fyrir í vegáætlun, sem á að byrja að starfa eftir í vor. Það kemur ekki til greina. Ef hv. þm. Matthías Á. Mathiesen og hans félagar í Sjálfstæðisflokknum eru tilbúnir að fella þennan skatt og koma með till. á móti sem jafngildir honum í krónutölu skal ég styðja þá tillögu. En á meðan þeir ekki gera það og nota þennan skatt sem kosningamál, þ. e. að fella hann niður, er ég ekki með þeim. Þá skil ég þá ekki. Það gefur byr undir báða vængi þeirri skoðun, sem ég nefndi hér áðan, að auðvitað væri þeirra afstaða tekin með tilliti til þess að það eru fimm vikur til kosninga og þeir geti slegið sér upp á því meðal ákveðins hóps í þjóðfélaginu að þeir hafi nú verið góðu mennirnir, góðu drengirnir, verið á móti skattinum. En ég efast um að t. d. þeirra flokksbræður í mínu kjördæmi, sem heimta nýja vegi, heimta betrumbætur á vegum, sem eru aldeilis fyrir neðan allar hellur, þakki þeim fyrir þessa afstöðu. Ég er ekki sannfærður um að það fólk sem verður að ferðast um víðfeðm kjördæmi, víðfeðma landshluta, þakki þeim fyrir að skera niður um 100 millj. kr.

Ég endurtek: Komið með tillögu á móti, sem ekki er af þessum toga, tillögu sem þið getið sýnt fram á að er ekki þess eðlis að sé verið að skattleggja einstaklinga í þjóðfélaginu beint. Þá skal ég vera með ykkur. Það er alveg klárt. En á meðan þið talið eins og þið talið og segið einfaldlega að þennan skatt beri að leggja niður, án þess að koma með nokkra fjáröflun á móti þegar verið er að undirbúa vegáætlun, eruð þið bara í kosningaleikjum. Og það er ykkar mál.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Um málflutning hv. 1. þm. Reykn. vil ég segja það, að það þýðir lítið að samþykkja langtímaáætlun í vegagerð, en neita svo að samþykkja tekjur til að standa undir þeim framkvæmdum sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Ég hef, ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, leyft mér að flytja brtt. við dagskrármálið á þskj. 632. Brtt. gengur út á það, að þeir einir verði undanþegnir veggjaldinu sem njóta elli- og örorkulífeyris með tekjutryggingu samkv. lögum um almannatryggingar. Með þessu er tryggt að þeim allra tekjulægstu verði hlíft við gjaldinu, öðrum ekki. Annars vegar er það haft í huga að þeim allra tekjulægstu verði hlíft við auknum álögum og hins vegar að lækkun tekna af gjaldinu verði sem allra minnst.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að segja við hv. 6. þm. Norðurl. e., sem talaði áðan hátt og mikið og ásakar okkur sjálfstæðismenn fyrir það að vera í einhverjum kosningaleik þegar við lýsum því yfir að við séum andvígir þessum skatti, að afstaða Alþfl. til þessa máls kemur að sjálfsögðu engum á óvart. Alþfl. hefur verið fyrstur til að rétta upp hendi með öllum nýjum sköttum sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt til að settir verði á og Alþfl. í vinstri stjórninni, sem mynduð var 1978 og er raunar forveri þessarar stjórnar, átti reyndar frumkvæðið að mörgum þeim skattahækkunum sem síðan hafa haldist í gildi og hafa gert að verkum að skattbyrði á landsmönnum hefur aukist ár frá ári.

Það eru ákaflega auðveld rök að koma hér og segja að ekki sé hægt að vera á móti nýjum sköttum nema menn beri fram einhverjar till. á móti. Allir nýir skattar eru rökstuddir með þessum hætti. Ég vil hins vegar benda á að það eru ekki nema sennilega um 10 dagar síðan hæstv. fjmrh. kom í Ríkisútvarpið og lýsti því yfir

að það væri enginn vandi að taka á ríkissjóð ný stórfelld útgjöld. Þá var verið að ræða um að almennar tryggingar tækju á sig 20% tannlæknakostnaðar, sem sumir hafa talið að þýddi ekki minna en 100 millj. á ári. Þá kom hæstv. fjmrh. í Ríkisútvarpið og sagði að það væri enginn vandi að standa undir þessum gjöldum vegna tekjuafgangs ríkissjóðs. Hér er um að ræða svipaða upphæð og verið er að tala um í sambandi við þennan nýja skatt. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu. Með því geta menn séð hve haldlítill er málflutningur Alþfl.-manna í þessu máli.

Ég vil í annan stað mæla hér fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni, en hún snertir gjalddaga á þessu gjaldi. Það hafa að vísu orðið breytingar á þessu frv. á þá leið að í stað þess að gjalddagi átti að verða 1. apríl og eindagi 1. maí hefur sú nefnd sem með þetta mál hafði að gera gert þær breytingar að gjalddagi færist til 1. júní. Hér er um að ræða nýtt gjald og ég flyt þessa brtt. vegna þess að mér sýnist að vonlaust sé að koma í veg fyrir að þessi skattur verði á lagður. Það er greinilega mikill meiri hluti fyrir honum hér í þessari hv. deild, þar sem stjórnarliðar og Alþfl. hafa sameinast í þessu máli. En sú brtt. sem við flytjum gerir það að verkum að innheimta skattsins verði nokkuð milduð frá því sem ráðgert er. Okkar till. birtist á þskj. 599 og er á þá leið, að á árinu 1983 megi skipta greiðslu gjaldsins í tvo jafna hluta á tveimur gjalddögum, þ. e. 1. júní og 1. sept., og að eindagar hvors hluta gjaldsins séu einum mánuði eftir gjalddaga. Ég held að það sé alveg ljóst að þegar verið er að leggja á nýja skatta, eins og hér um ræðir, skatta sem menn hafa ekki gert ráð fyrir í sínum útgjaldaáætlunum, ekki gert ráð fyrir þessum sköttum í sínum rekstri, sé eðlilegt að milda nokkuð þessa innheimtu, og okkar till. miðar að því að það sé gert með því að skipta greiðslu gjaldsins í tvo jafna hluta.

Ég vil þá örlítið víkja nokkuð að fjármálum almennt, skattlagningu og tekjuöflun í sambandi við vegagerð hér á undanförnum árum. Samhliða þessum skatti er verið að fjalla um till. til þál. um vegáætlun, sem á eftir að koma til endanlegrar afgreiðslu í Sþ. Það er því nauðsynlegt að líta á þessi mál nokkuð í samhengi.

Ef við aðeins áttum okkur á nokkrum höfuðatriðum í skattlagningu á bifreiðar og rekstur þeirra og vegamála á valdatíma þeirra flokka sem flestu hafa ráðið í þessum efnum síðan 1978, þ. e. Alþb. og Framsfl., eru megindrættirnir í þeirri stefnu eins og hér segir:

Í fyrsta lagi hafa skattar á bensín hækkað milli áranna 1978 og 1983 á föstu verðlagi um 438 millj. kr. eða um 54%. Hér er að sjálfsögðu um að ræða mjög mikla hækkun, en hækkunin sem þó er í fullkomnu samræmi við aðrar þær skattahækkanir sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Í öðru lagi: Þó að hér sé um mikla skattahækkun að ræða hefur hún ekki verið notuð til vegamála nema að sáralitlu leyti. Þessi skattahækkun hefur nánast öll farið til að auka eyðsluútgjöld ríkissjóðs. Það er sáralítill hluti þessara skatta sem hefur farið í að bæta vegakerfið í landinu, eins og þó er núna fyrirhugað með skattinum sem hér liggur fyrir till. um.

Í þriðja lagi er rétt að átta sig á að þessi skattahækkun um 438 millj. kr. jafngildir tvöföldun á nýbyggingarfé vega samkvæmt vegáætlun í ár og hefði nægt ríflega til að framkvæma þá stefnu sem við sjálfstæðismenn höfum borið hér fram í formi þáltill. í vegamálum og ég skal aðeins koma nánar að á eftir.

Í fjórða lagi hafa lántökur til vegamála verið tvöfaldaðar frá árinu 1978. Þegar skattar á bensín hafa verið hækkaðir um 54% og allt það fé notað sem eyðslufé ríkissjóðs, en ekki verið lagt til vegamála, hafa lántökur verið tvöfaldaðar frá árinu 1978. Hér er gripið til þess sama ráðs í þessum málaflokki eins og hæstv. ríkisstj. gerir í hverjum málaflokknum á fætur öðrum að velta byrðunum yfir til framtíðarinnar. Það eru skattgreiðendur framtíðarinnar sem eiga að greiða reikninginn vegna þeirra vegaframkvæmda sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Í fimmta lagi, og það er athyglisvert að átta sig á því, hafa heildarframlög til vegamála sáralítið aukist á árunum 1979—1983 þrátt fyrir þessar skattahækkanir og þrátt fyrir auknar lántökur.

Í sjötta lagi er rétt að benda á að á fyrsta framkvæmdaári langtímaáætlunar í vegamálum, en þessi áætlun var samhljóða samþykkt hér á Alþingi og var fyrirmæli Alþingis til hæstv. ríkisstj., er hún vanefnd og það verður frekar samdráttur í nýframkvæmdum en hitt, miðað við eðlilegar og raunsæjar verðlagsforsendur.

Vegáætlanir undanfarinna ára hafa verið stórkostlega skornar niður. Nýframkvæmdir t. d. í vegáætlun 1983 eru skornar niður um 10—12% samkvæmt því sem Alþingi samþykkti. Það er talið að vegaframkvæmdir séu með arðsömustu framkvæmdum sem við getum lagt í. Samkv. þeim arðsemisútreikningum sem notaðir eru af vegamálastjórn er talið að um 700 km af vegakerfinu gefi yfir 20% í arð, þar af 400 km yfir 30%. Það er rétt að gefa þessari staðreynd gaum í ljósi þeirrar staðreyndar að stöðugt er dregið úr framkvæmdum í þessum veigamikla málaflokki.

Þetta eru nokkur grundvallaratriði, nokkur meginatriði í stefnu þessarar hæstv. ríkisstj. í vegamálum og í skattlagningu vegna vegamála. En við skulum aðeins hugleiða nú, hver hefur verið þróun í skattheimtu á bifreiðar og rekstur þeirra og lántöku til vegagerðar á valdatíma þessara flokka frá árunum 1978, þ. e. Framsfl. og Alþb., sem hafa borið höfuðábyrgð á þessum málaflokkum. Við skulum skoða það betur.

Í fyrsta lagi skulum við átta okkur á að það er látið að því liggja að í staðinn fyrir þennan skatt eða á móti þessum aukna skatti eigi að koma lækkun á aðflutningsgjöldum. (**Forseti:** Gæti hv. ræðumaður hugsað sér að gera hlé á ræðu sinni? Ég þarf að setja nýjan fund með nýju máli.) Já, það er sjálfsagt, herra forseti.

Umr. frestað.

Neðri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 14. mars, að loknum 63. fundi.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 571, n. 644). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 38 frá 1973, um fangelsi og vinnuhæli. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það kom frá Ed., en nefndinni virðist eðlilegra að 2. gr. frv. hæfist á orðunum: Aftan við 2. málsgr. 8. gr. laganna komi ný málsgr. Við flytjum ekki um þetta sérstaka brtt., heldur viljum við aðeins geta þessa í framsögu og teljum að rétt sé að lesa í málið með þessum hætti þegar lögin verða gefin út.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 14. mars, að loknum 64. fundi.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 571). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 657).

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hefur verið lesinn upp langur listi yfir mál sem á að afgreiða á þessum fundi. Það var einnig mikið málaflóð á dagskrá fyrsta fundarins og mér sýnist að það sé mjög ólíklegt að þau mál verði öll afgreidd á þeim fundi sem nú er. Ég sé því ekki ástæðu til að bætt sé málum á dagskrána nema forseti telji markleysu eina það sem hann sagði hér áður um þau mál sem hann ætlar að taka fyrir.

Neðri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 14. mars, að loknum 65. fundi.

Samkomudagur Alþingis, þáltill. (þskj. 562). — Ein umr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég var hér á mælendaskrá um annað mál, sem var sams konar, og mér sýnist að það sé eiginlega upp á stafkrók sama málið, en nú skilst mér að þetta mál sé komið frá Ed. og þess vegna sé það tekið fyrir hér. Ég vænti þess hins vegar, þótt aðrir flutningsmenn séu að því máli, að flm. hins málsins geti svarað spurningum varðandi það, og verður nú með öllu óskiljanlegt hvers vegna málið var flutt í báðum deildum Alþingis, enda var óskiljanlegt vegna hvers það var almennt flutt í deildum. Að sjálfsögðu átti að flytja þetta mál í sameinuðu þingi.

Það hafa komið fram mjög mismunandi skoðanir á því vegna hvers þetta mál er flutt og aðstandendum þessa máls kemur ekki saman um hvers vegna það er. Það kom t. d. mjög skýrt fram hjá hæstv. félmrh. í umr. hér að það væri mjög nauðsynlegt að Alþingi kæmi saman til að taka mjög ákveðið á efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar væri mjög alvarlegt ástand — og ég er honum algerlega sammála um það — og þess vegna þyrfti að tryggja að Alþingi kæmi saman til að taka á efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég held að mikilvægt væri að við ræddum það allnáið hér í þinginu hvað þar er að og á hverju þarf að taka og við gætum þá fengið nokkuð skýr svör frá þeim meiri hluta, sem þarna hefur myndast um málið, með hvaða hætti hann hyggst gera það, t. d. með hvaða hætti hann hyggst taka á álmálinu.

Hins vegar kom fram hjá hæstv. ráðh. Ragnari Arnalds að það væri engin trygging fyrir því að þingið kæmi saman eftir kosningar til að ræða stjórnarskrármálið og það þyrfti að tryggja að Alþingi kæmi saman til að ræða það mál og ganga frá því og þess vegna væri nauðsynlegt að þing kæmi saman.

Hvað er hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds að fara í þessu sambandi? Er svo brýnt að ræða stjórnarskrármálið strax eftir kosningar að það þurfi að gera sérstaka samþykkt um að þingið komi saman 18 dögum eftir kosningar? Og hvernig stendur á því að hér er talað um 18 daga? Af hverju mættu það ekki alveg eins vera 20 dagar eða 30 dagar — já, eða 5 dagar?

Þetta mál er allt hið undarlegasta. Ég vil fá um það skýr svör frá þessum mönnum hvað þarna býr undir. Ég held að það geti ekkert annað búið undir en að það þurfi að kalla þingið saman og efna til tvennra kosninga. Eins og ég tók fram hér þegar hitt málið var rætt, herra forseti, málið sem var flutt í Nd., en mér hefur skilist að sé sama málið, þurfum við að fá svör við því, hvernig menn hyggjast standa að þessum kosningum.

Ég hafði þá næst ætlað mér, herra forseti, að ræða dálítið um ástand og horfur í efnahagsmálum til þess að geta spurt um það þá flm. sem standa að málinu með hvaða hætti þeir hyggjast taka á því lið fyrir lið og hafði ég búist við því að fá um það skýr svör, en ég sé nú að þessar sex mínútur eru alveg að verða liðnar svo það er spurning hvort ég ætti ekki að byrja á því eftir að fundi hefur verið frestað. (**Forseti:** Jú, það væri þénugt.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég mun þá halda áfram við að ræða það mál sem hér er á dagskrá. Það er 249. mál Ed. flutt af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Lárusi Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Guðmundi Karlssyni.

Eins og ég gat um áðan hefur mér skilist að þetta mál sé tekið hér fyrir frá Ed. og þar með hafi 248. mál verið tekið út af dagskrá, en flm. að því máli og væntanlegir umboðsmenn hinna hér í Nd. eru hv. þm. Matthías Bjarnason, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds, hv. þm. Magnús H. Magnússon, Matthías Á. Mathiesen og Birgir Ísl. Gunnarsson. Það er afskaplega erfitt, herra

forseti, að ræða þetta mál ef enginn af umboðsmönnum er hér viðstaddur. (**Forseti:** Já, það er trúlegt. Ég mun nú gera gangskör að því að athuga um Birgi Ísl. Gunnarsson. Hverjir voru fleiri?) Matthías Bjarnason, Ragnar Arnalds, Magnús H. Magnússon og Matthías Á. Mathiesen. — Herra forseti. Ég sé nú að einn af umboðsmönnum flm. í Ed. er genginn í salinn og get ég þá haldið áfram máli mínu.

Ég vildi aftur spyrja umboðsmenn málsins hér í deildinni þeirrar spurningar, umboðsmenn þeirra hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, Karls Steinars Guðnasonar, Lárusar Jónssonar, Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Guðmundar Karlssonar, hvað þeir ætlist fyrir í þessu máli. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst það hér, að það eina sem standi til sé að koma saman til að ræða stjórnarskrármálið 18 dögum eftir að kosningum er lokið. (**Fjmrh.:** Fjalla um efnahagsaðgerðir.) Nú. Hæstv. félmrh. sagði hins vegar að það bæri brýna nauðsyn til að taka á efnahagsmálunum, og hefði ég eiginlega trúað hæstv. fjmrh. betur til þess en hæstv. félmrh. og er það því gleðilegt að hæstv. fjmrh. er sömu skoðunar.

En eins og ég gat um áðan er augljóst að ekki verður tekið á efnahagsmálum nema myndaður verði meiri hluti hér á Alþingi. Má þá aftur vitna til þess, að það hefur ekkert gengið að taka á þeim málum hér í vetur, kannske fyrst og fremst vegna þess að ekki hefur verið meiri hluti í þinginu. Það sjá allir, að ef Alþingi á að koma saman til að ræða stjórnarskrármálið eitt er það ekki nægileg ástæða til að kalla saman Alþingi. Það ber enga nauðsyn til að ræða það mál 18 dögum eftir kosningar. Það eru engar slíkar breytingar á ferðinni í sambandi við stjórnarskrá landsins að það liggi lífið við að koma þeim í framkvæmd. Það getur alveg beðið í nokkur ár og er gjörsamlega fráleitt að leggja önnur mál til hliðar á meðan á því stendur. Hæstv. fjmrh. hlýtur því að eiga við að hér verði efnt til tvennra kosninga og tekið á efnahagsmálum.

Af því að þeir eru nú allir staddir hér maraþonmennirnir úr álumræðunum má vel vera að þeir hyggist reyna að fá þennan nýja meiri hl. til að taka á þeim málum með sér, og væri út af fyrir sig fróðlegt að fá upplýst hvernig það á að eiga sér stað. Það liggur alveg fyrir að álmálið er gjörsamlega komið í strand og ef ekkert á að taka á því fyrr en einhvern tíma eftir kosningar er það mjög alvarlegt mál fyrir hagsmuni þjóðarinnar að það mál skuli gjörsamlega liggja niðri. Hæstv. iðnrh. hefur ekki verið til viðtals um það við aðra flokka að ná um það þjóðarsamstöðu. Alþb. hefur metið pólitíska hagsmuni ofar öllu öðru í þessu máli, sett málið upp á þann hátt sem pólitískt mál hvernig það gæti best þjónað áróðurshagsmunum Alþb. og þjóðarhagsmunir gjörsamlega verið látnir víkja.

Síðan eru menn hér sakaðir um svik gagnvart þjóðfélaginu. Menn eru ásakaðir fyrir ómerkilegan málflutning og að átelja hæstv. iðnrh. fyrir að hafa ekki náð samningum við álverið. Menn eru sakaðir um að bregðast á úrslitastundu.

Þetta er út af fyrir sig ekki í fyrsta skipti sem Íslendingar standa í vanda frammi fyrir erlendum aðilum eða í fyrsta skipti sem þeir þurfa að taka á hinum stóra sínum í samskiptum við útlendinga. (**Forseti:** Má ég biðja um einn fund í salnum.)

Árið 1973 var gerður samningur við Englendinga. Alþb. lagðist mjög hart gegn þeim samningi og sakaði menn um þjóðarsvik. 1976 var gerður samningur við Vestur-Þjóðverja og síðan var gerður Oslóarsamningurinn. Þetta voru allt samningar sem voru mikilvægur áfangi í því mikla baráttumáli Íslendinga að ná fullum yfirráðum yfir landhelginni. Í hvert einasta skipti voru þeir sem stóðu að þessum samningum ásakaðir um svik gagnvart þjóðinni. Alþb. vildi aldrei taka ábyrgð á þessum samningum, vegna þess að í þessum málum eins og í ýmsum öðrum tóku þeir pólitíska hagsmuni fram yfir þjóðarhag og töldu það þjóna best málstað sínum að vera á móti þessum samningum. Alveg sama er upp á teningnum í dag. Það má út af fyrir sig deila um alla samninga og samningar eru náttúrlega alltaf að einhverju leyti slæmir. Ef samningur er góður fyrir einhvern hlýtur hann að vera slæmur fyrir annan. Það er hægt að segja að allir samningar séu slæmir, þó að þeir séu misslæmir. Það var pólitísk áhætta sem menn tóku í sambandi við þessa samninga í baráttunni um landhelgismálið, en hver er það sem vill halda því fram í dag að þetta hafi ekki verið rétt skref til að ná fram þessu mikilvæga hagsmunamáli Íslendinga?

Árið 1979 eða 1980 gerðum við mjög mikilvægan samning við Norðmenn um Jan Mayen, sem er áreiðanlegt að verður okkur mikilvægur í framtíðinni. Alþb. lagðist gegn þeim samningi og talaði enn um svik gagnvart þjóðfélaginu. Hver heldur því fram í dag að sá samningur hafi verið slæmur? Norðmenn kvarta sáran yfir því hvað þeir hafi gert slæman samning þar við Íslendinga og sú hægri stjórn sem situr þar núna hefur fullyrt að hann hefði aldrei verið gerður með hennar samþykki.

Sannleikurinn er sá, að hæstv. iðnrh. hefur komið álmálinu í strand. Það ber til þess brýna nauðsyn að koma því inn á nýjar brautir. Hann heldur því fram í löngu máli að það sé verið að taka málið úr höndum iðnrh. Það liggur alveg fyrir, eins og hann rakti hér og vísaði til 14. gr. stjórnarskrárinnar, að ekki er hægt að taka málið sem slíkt algjörlega úr höndum hans. Hins vegar ber til þess brýna nauðsyn að setja í málið nefnd sem vinni með öðrum hætti en hæstv. iðnrh. hefur gert og komi þessu máli eitthvað áleiðis til þess að við getum náð fram rétti okkar gagnvart þessum auðhring. Það er kjarni þess máls, sem hér var flutt, og er það mjög alvarlegt ef Alþb. ætlar nú að bera ábyrgð á því að þetta mál verði gjörsamlega óhreyft e. t. v. alllangt fram yfir næstu kosningar. Það má vera að eitt af þeim málum sem nú standi til að taka til við 18 dögum eftir kosningar sé einmitt þetta mál, og væri fróðlegt að fá það upplýst með hvaða hætti það á að gerast.

Herra forseti. Ég vildi einnig spyrja um það, með hvaða hætti stendur til að taka á efnahagsmálum þjóðarinnar 18 dögum eftir kosningar, án þess að meiri hl. verði myndaður um nýja ríkisstjórn hér í landinu, og spyrja hv. umboðsmenn flm. till. í Ed. með hvaða hætti það skuli gert.

Það liggur alveg fyrir að ástand og horfur í efnahagsmálum eru mjög alvarlegar. Það er ekki aðeins hér á Íslandi sem þessar horfur eru alvarlegar. Þær eru það einnig í löndunum í kringum okkur. Vöxtur þjóðarframleiðslu hefur verið sáralítill eða enginn. Má t. d. nefna að þjóðarframleiðsla dróst saman í Bandaríkjunum á árinu 1982 um 1.75%. Sama sagan var í Þýskalandi, þar sem samdrátturinn var 1¼%. Þá var samdráttur mjög mikill í Kanada eða 5%, sem er mjög

mikið fyrir svo stórt land. Samdráttur stærstu iðnríkja heimsins var um ½% og í OECD-löndunum öllum einnig um ½%.

Þetta er afskaplega alvarleg þróun, sem hefur mikil áhrif hér á landi og getur haft mun meiri áhrif hér á landi ef ekki er tekið rétt á málum. Japan er í reynd eina ríkið þar sem vöxtur þjóðarframleiðslu hefur verið nokkuð stöðugur á undanförnum árum, en vöxtur þjóðarframleiðslu í Japan hefur verið um 4.8% að meðaltali á árunum 1970—1980, 3% 1981 og 2½% 1982, þannig að þetta ríki hefur algerlega skorið sig úr varðandi vöxt þjóðarframleiðslu í heiminum. Ef við lítum til ársins 1983, til okkar umhverfis, er enn spáð að þessi vöxtur haldi áfram í Japan og gert ráð fyrir því að vöxtur þjóðarframleiðslu þar verði um 3½% á árinu 1983.

Nokkur bjartsýni ríkir í Bandaríkjunum, sem er okkar mikilvægasta viðskiptaþjóð, og gert ráð fyrir að vöxtur þjóðarframleiðslu á árinu 1983 geti orðið þar um 2%, þannig að heldur virðist horfa til hins betra í heiminum. Ef við tökum öll OECD-löndin má búast við að vöxturinn þar verði 1½%. Þetta hefur að sjálfsögðu allnokkur áhrif fyrir okkur Íslendinga.

Það er rétt að geta þess að á sama tíma og þetta er að gerast má búast við að verðbólga í löndunum í kringum okkur fari nokkuð lækkandi. Verðbólgan í Bandaríkjunum hefur lækkað mjög verulega að undanförnu. Hún var alveg um 10% 1981, en því er spáð að á árinu 1983 fari hún niður í allt að því 5% og jafnvel eru uppi spádómar um að hún muni alveg hverfa. Ef við hins vegar lítum á OECD-löndin alls er verðbólguminnkunin heldur minni og gert ráð fyrir að verðbólgan verði komin niður í 6¾% á árinu 1983.

Það sem er jákvætt í löndunum í kringum okkur er minnkun verðbólgu og dálítill vöxtur þjóðarframleiðslu, en það sem er alvarlegt er hið mikla atvinnuleysi sem alls staðar er að skjóta upp kollinum í löndunum í kringum okkur. Það er t. d. gert ráð fyrir að atvinnuleysi í Bandaríkjunum verði einhvers staðar á milli 10 og 11% á árinu 1983 og hefur þá farið úr 7.6% 1981. Ef við lítum á land eins og Kanada, þar sem atvinnuleysi var um 7.6% 1981, er nú gert ráð fyrir að það fari upp í 13% 1983.

Það sem hræðir í sambandi við samanburð við Kanada er sú staðreynd að þjóðarframleiðsla dróst þar mjög mikið saman á árinu 1982 eða heldur minna en þjóðarframleiðsla dróst saman hjá okkur Íslendingum. Þetta kemur fram í mjög mikilli aukningu atvinnuleysis í Kanada og hefur það aukist allmiklu meira þar en í Bandaríkjunum. Það er mikil ástæða fyrir okkur Íslendinga að horfa til þessarar staðreyndar í sambandi við Kanada því að það má búast við að ef þjóðarframleiðsla heldur áfram að dragast saman svo mikið sem þar hér á landi muni ekkert annað gerast hér á Íslandi en að atvinnuleysi muni fara mjög ört vaxandi.

Eina leiðin til þess að komast hjá því er að koma efnahagslífinu í mjög ákveðnar skorður, tryggja að verðlag hækki ekki umfram ákveðna prósentu, að laun og ýmsir þeir þættir sem ákveða verðlagið hækki ekki umfram það sem efnahagslífið þolir. Og það er athyglisvert að löndin í kringum okkur eru alltaf að komast betur og betur að raun um að hið frjálsa markaðskerfi og hin frjálsu lögmál markaðskerfisins ráða ekki við þann vanda sem steðjar að þeim. Þau hafa komist að niðurstöðu um að það eina sem getur ráðið við þessi vandamál er að hið opinbera stýri efnahagslífinu eftir því sem nokkur kostur er, hvort sem það er verðlagsþróun, launaþróun, gengisþróun, þróun fjármagnskostnaðar eða annarra mikilvægustu þátta efnahagslífsins.

Sú mikla hrifning sem kom upp í heiminum um efnahagsstefnu Ronalds Reagans, svokallaða Reagan-economics, er mjög á undanhaldi, enda hefur hún tekist þannig, að að vísu hefur verðbólga minnkað verulega í Bandaríkjunum, en á sama tíma hefur atvinnuleysi farið mjög vaxandi. Sama þróunin hefur átt sér stað í Bretlandi, en þar er atvinnuleysi áætlað á árinu 1983 13¼%, sem er mjög hátt. Hins vegar má geta þess, að ef við tökum alla Vestur-Evrópu munu 18½ millj. manna verða atvinnulausar á árinu 1983. Í allri Norður-Ameríku eru það 13 millj. og 250 þús. sem er áætlað að verði atvinnulausar í þeim hluta heimsins og í öllum OECD-ríkjunum tæpar 34 millj. manna.

Það er því alveg ljóst að ekki er sjálfgefið að við Íslendingar komumst fram hjá þessum málum, að við getum komið í veg fyrir að þetta böl komi yfir okkur og það er deginum ljósara að hjá slíku böli munum við ekki geta komist nema taka mjög ákveðið á okkar efnahagsmálum. Það verður ekki gert með þeim hætti að menn séu í stöðugum samningum um það í þjóðfélaginu hvernig það skuli gert og ríkisstjórnin standi í stöðugu samningaþófi, ekki bara samningum milli stjórnmálaflokkanna heldur við öll hagsmunasamtök í þjóðfélaginu. Þetta verður að gerast og þess vegna vil ég mjög taka undir það með þeim mönnum sem flytja þetta mál, að það ber brýna nauðsyn til að taka ákveðið á efnahagsmálunum strax að loknum kosningum. Ég trúi því hins vegar ekki, og það hefur ekki verið sýnt fram á að það sé tilgangurinn með flutningi þessa máls, jafnvel þótt hæstv. félmrh. hafi sagt það hér í ræðustól að það væri aðaltilgangurinn með málinu að taka ákveðið á efnahagsmálunum, og af því að hæstv. félmrh. er ekki flm. þessa máls mundi ég vilja heyra það frá flutningsmönnum þáltill. eða réttara sagt umboðsmönnum þeirra Ólafs Ragnars Grímssonar o. fl. úr Ed. hér í Nd. hvort þetta sé rétt hjá félmrh., og veit ég að hv. 1. þm. Vestf. mundi örugglega upplýsa mig um hvort félmrh. hafi rétt til að túlka þetta mál með þeim hætti. (**MB:** Ég er enginn umboðsmaður Ólafs Ragnars.) En mér sýndist að Ólafur Ragnar Grímsson væri 1. flm. þessa máls og ég get séð hér á þskj. 248 að 1. flm. samkynja máls í Nd. er hv. þm. Matthías Bjarnason. Ég hef þá leyft mér að líta svo á, að hv. þm. Matthías Bjarnason væri 1. umboðsmaður Ólafs Ragnars Grímssonar hér í Nd. Það er þess vegna sem ég hef leyft mér að hafa þennan skilning á málinu.

En ég get ekki séð að þetta skipti meginmáli í sambandi við þetta, heldur skiptir meginmáli hver er tilgangur flutningsmanna með þessari þáltill. Hæstv. félmrh. heldur því fram að það sé flutt til að tryggja að tekið verði á efnahagsmálunum. Ég legg engan trúnað á það. Hæstv. fjmrh. heldur því fram að það sé flutt til að tryggja að Alþingi geti komið saman til að ræða stjórnarskrármálið. Það þykir mér heldur ólíklegt vegna þess sérstaklega að það ber enga brýna nauðsyn til og það er ekkert í hættu hér þótt lengur dragist að ræða þetta stjórnarskrármál. Aðalatriði þessa stjórnarskrármáls er að fjölga þm. um þrjá. Það er ákveðið

samkomulag, sem menn hafa gert með sér, að fjölga þm. og með því hefur verið hægt að ná samkomulagi milli allra flokkanna, en það er ekki það sem liggur mest á í þessu þjóðfélagi og það skiptir út af fyrir sig engu máli þótt það dragist í fjögur ár, þannig að það verði gert þegar kosið verður. Nú verður kosið á næstunni og ef allt gengur með eðlilegum hætti verður kosið næst 1987. Það væri algjörlega fullnægjandi, að mínu mati, að það samkomulag, sem menn höfðu gert með sér, komi til framkvæmda 1987, því það mun ekki af veita að nota fjögur ár til að koma efnahagsmálum þjóðfélagsins í sem best horf og takast á við þau vandamál sem að okkur hafa steðjað.

Ég vil þá enn leyfa mér að spyrja þá sem standa að þessu máli hvort það sé ekki réttur skilningur að með þessu vilji þeir tryggja það, þó að ég geti ekki séð að það sé einu sinni tryggt með því, að komið verði á tvennum kosningum á þessu ári og þeir séu þá tilbúnir að axla þá ábyrgð sem því fylgir, taka ábyrgð á stjórn þjóðfélagsins á meðan á því stendur. Og ég vildi einnig leyfa mér að spyrja þá að því, hvort þeir telji að það sé heppilegt að eyða svo miklum tíma í kosningar á þessu ári, hvort það sé ekki heppilegra að takast frekar á við þau alvarlegu vandamál sem að okkur steðja, hvort sem þau eru utanaðkomandi eða hafa sprottið upp í þjóðfélaginu sjálfu. (**Forseti:** Það var ákveðið að gera fundarhlé kl. 12.30. Vildi ræðumaður fresta ræðu sinni?) Er nokkuð ákveðið um næsta fund? (**Forseti:** Það er ekki endanlega ákveðið hvenær næsti fundur verði boðaður, en það kemur í ljós. Vill ræðumaður samþykkja það?) Já.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 65. fundur.

Mánudaginn 14. mars, kl. 14.48 miðdegis.

Hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, þáltill. (þskj. 32, n. 321). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 321 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 661).

Hafsbotnsréttindi á Reykjaneshrygg, þáltill. (þskj. 34, n. 322). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þáltill. Péturs Sigurðssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg á mörgum fundum og m. a. hefur Hans G. Andersen sendiherra komið hingað til lands til fundar með nefndinni í sambandi við meðferð þessa máls.

Eins og kunnugt er hefur verið svo ákveðið í hafréttarsáttmálanum að strandríki hafi fullveldisrétt yfir landgrunninu innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar og einnig utan þeirra marka allt að útjaðri landgrunnsbrekkunnar, svo sem nánar er skýrgreint í ákvæðum hafréttarsáttmálans. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að strandríkið sjálft ákveði mörk landgrunnsins, einnig utan 200 sjómílna, í samráði við sérstaka landamæranefnd, sem stofnsett verður samkvæmt 76. gr. hafréttarsáttmálans og fskj. 2 við hann. Hér er um það að ræða að draga mörk milli landgrunns strandríkis og alþjóðahafsbotnssvæðisins, eins og reglur mæla fyrir um í hafréttarsáttmála. Með tilvísun til þessa gerir nefndin það að tillögu sinni að till. þeirra Péturs Sigurðssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar verði samþ. með þeirri breytingu sem um er getið á þskj. 322.

Það sem nú liggur fyrir er það, að stjórnvöld sjái um að nauðsynlegar mælingar fari fram, þannig að við séum tilbúnir, Íslendingar, að tilkynna hvaða svæði það er sem við helgum okkur á grundvelli hafréttarsáttmálans. Ég vænti þess að till. n. nái fram að ganga.

Herra forseti. Ég vil aðeins minnast á að á dagskrá er ekki þriðja þáltill. um hafréttarmálefni, þ. e. till. til þál. um laxveiðar Færeyinga í sjó, en fyrir liggur nál. utanrmn. um þá þáltill. og vænti ég að unnt verði að taka hana á dagskrá hér á eftir.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Um leið og ég tek undir tilmælin, sem komu fram í síðustu orðum hv. þm., formanns utanrmn., vil ég aðeins leyfa mér að þakka nefndarmönnum hv. n. fyrir þá samstöðu, sem tekist hefur hjá þeim um afgreiðslu þeirrar till. sem við ræðum hér nú. Reyndar vil ég leyfa mér að þakka einnig öðrum aðilum, sem þar komu að. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég veit að allir hv. þm. gera sér fulla grein fyrir þýðingu þess að við stígum það skref sem stigið er með samþykkt þessarar till.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt málefni og raunar eru tvær till. aðrar hér til afgreiðslu. Önnur hefur raunar þegar verið samþ., þ. e. till. um Rockallsvæðið og samninga við Breta, Íra og Færeyinga um það, en samkvæmt greinargerð, sem Hans G. Andersen flutti í utanrmn., eru réttindi okkar á því svæði ótvíræð og ber að fylgja þeim fram nú alveg á næstu mánuðum og misserum — vonandi einungis mánuðum.

En sú till. sem sérstaklega er hér til umfjöllunar nú er varðandi Reykjaneshrygginn, að við helgum okkur hafsbotninn út að 350 mílum á Reykjaneshrygg.

Það má segja að við stöndum enn á ný á tímamótum í landhelgisbaráttu okkar. Það er nauðsynlegt að við rifjum upp að við höfum aldrei unnið neina sigra nema fyrir harða baráttu. Stundum höfum við verið taldir óbilgjarnir, en reynslan hefur sýnt að við höfðum rétt fyrir okkur og aðrir hafa fetað í fótsporin.

Því miður er sá misskilningur æðiútbreiddur að landhelgisbaráttu okkar sé lokið. Þegar við fyrst gerðum kröfur til réttinda á Jan Mayen-svæðinu varð að heyja harða baráttu hér innanlands til að gera mönnum grein fyrir að við ættum rétt að sækja, en sem betur fer tókst að lokum að sameina öll stjórnmálaöfl um gæslu réttinda okkar og það leiddi til glæsilegs sigurs í fullri vinsemd við vina- og frændþjóð okkar Norðmenn.

En nú er nýr þáttur landhelgisbaráttunnar hafinn og

engum tíma má lengur glata til að fylgja réttmætum kröfum okkar fram. Á mestu ríður auðvitað að sameina kraftana nú sem fyrrum og hagnýta alla þá þekkingu sem við höfum yfir að ráða og þá fyrst og fremst að sjálfsögðu þekkingu Hans G. Andersens sendiherra, sem viðurkennt er að stendur engum að baki í hafréttarmálum og nýtur viðurkenningar og virðingar á alþjóðavettvangi. Ég vona að hans kraftar verði á næstu vikum og mánuðum nýttir og treystir í raun.

Ég mun leitast við í stuttu máli að gera grein fyrir því hvernig standa beri að þeirri baráttu sem fram undan er. Hún verður auðvitað háð á grundvelli þeirra þriggja þáttill. sem utanrmn. hefur orðið sammála um og væntanlega verða allar afgreiddar hér á þessum fundi.

Í fyrsta lagi er það till. um að stöðva laxveiðar Færeyinga, sem eru brot á 76. gr. hafréttarsáttmálans, en sú grein er löngu orðinn venjuréttur, eða lög de facto, en samkvæmt till. utanrmn. látum við ekki staðar numið við það, heldur munum við beita okkur fyrir því að alfriða Atlantshafslaxinn, þannig að engar veiðar verði heimilaðar í hafinu. Þetta er einfalt og sjálfsagt mál. Að því er Færeyinga varðar er þess að gæta að laxveiðar í hafinu hófu þeir eftir að bann við þeim var orðið að alþjóðalögum og enga stoð er unnt að finna í hafréttarsáttmálanum fyrir því atferli.

En þetta er þó kannske smámál á móti því sem nú er fyrir dyrum. Í allshn. Ed. hefur frv. til l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins verið til umr. á allmörgum fundum. Í frv. er gert ráð fyrir því að öll hafsbotnsréttindi heyri undir iðnrn. og þar með undirstrikað að auðæfi hafsbotnsins séu fyrst og fremst fólgin í einhvers konar vinnslu jarðefna. Allshn. deildarinnar hefur hafnað þessu sjónarmiði og leggur til að meginhersla verði lögð á að tryggja veiðirétt okkar á landgrunninu utan 200 mílnanna og varðveislu auðæfa hafsins þar sem það hljóti að vera meginhagsmunir okkar a. m. k. næstu áratugina.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp nál. allshn. því það skýrir þetta mál nokkuð. Í því segir:

„Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál, að ógerlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen-svæðinu fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotnsins. Samkv. 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera, sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotnsins er einnig ótvírætt eign strandríkisins.

Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbotn þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar, en tilheyrir Íslandi samkvæmt 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig, að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða yfirborð landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg, Jan Mayen-svæðinu og Rockall-hásléttu falli undir sjútvrn., en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú vísað til ríkisstjórnarinnar til skjótrar, en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga, þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi."

Eins og ég gat um voru allir nm. sammála um þessa afgreiðslu og mun ég nú nokkru nánar rökstyðja hvers vegna við hljótum að fylgja þeirri stefnu.

Það kann í fljótu bragði að virðast að hér sé ekki um veigamikla hagsmuni að ræða, en því fer víðs fjarri. Ef rétt er á málum haldið er ekki ósennilegt að við getum því sem næst tvöfaldað landhelgi Íslands á næstu misserum.

Í fyrsta lagi er þess að gæta, að samninga okkar við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið ber að túlka þannig að við höfum helmings réttindi á móti þeim að því er allar veiðar varðar og raunar meiri þar sem við getum einir ákveðið hámarksveiðar loðnunnar. Þeim réttindum verður að halda til streitu af fullri einurð. Hitt er ekki síður mikilvægt, að við eigum hafsbotnsréttindin á Reykjaneshrygg út í 350 mílur og mest tilkall allra þjóða til Rockall-hásléttunnar, eins og glöggt kemur í ljós í þeirri skýrslu sem Hans G. Andersen hefur flutt utanrmn. eftir náið samráð við hæfustu sérfræðinga á sviði hafsbotnsmála.

Í 77. gr. hafréttarsáttmálans er það beint og skýrt tekið fram að hafsbotninum tilheyri allar lífverur sem botnlægar eru taldar, þ. e. öll skeldýr og krabbadýr. Engir erlendir aðilar hafa því heimildir til að raska einu eða neinu á hafsbotninum. Þannig eru t. d. botnvörpuveiðar Sovétríkjanna á Reykjaneshrygg lögbrot, þær eru brot á alþjóðalögum. Hvert það erlent skip sem kemur upp með skelfisk eða krabbadýr og jafnvel stein er að brjóta hafréttarsáttmálann. Það veiðiskip ber að færa til hafnar og skipstjórann á að sækja til ábyrgðar þegar við höfum lögfest ótvíræð réttindi okkar í þessu efni. Þetta sjónarmið má styðja með margháttuðum rökum.

Í VI. kafla hafréttarsáttmálans, sem fjallar um landgrunnið utan 200 mílnanna, eru fiskveiðiréttindi erlendra þjóða hvergi nefnd á nafn. En hins vegar er rækilega undirstrikað í VII. kaflanum, sem fjallar um úthafið, að þau skuli vera frjáls. Þannig er gerður rækilegur greinarmunur á réttindum á hafsvæðum yfir landgrunninu annars vegar og úthafssvæðum hins vegar.

Í 78. gr. hafréttarsáttmálans, sem er í VI. kaflanum, er siglingaréttur sérstaklega nefndur, en fiskveiðirétturinn hins vegar ekki. Tel ég alveg ótvírætt að gagnálykta megi frá 78. gr. á þann veg að á veiðiréttindi beri að líta með allt öðrum hætti en siglingarétt og auðvitað verður þróunin sú að sá sem hafsbotninn á eignast líka auðlindirnar yfir honum, ef hann hefur þá manndóm til að halda réttindum sínum til haga. Þess er þó skylt að geta, að allar þessar reglur eru nú í mótun og svo óákveðið er orðalag víða að það verður venjuréttarinn sem úrslitum ræður. Þess vegna má engan tíma missa til að tryggja þann rétt. Þess vegna megum við ekki lengur hika eða bíða.

Í 79. gr. hafréttarsáttmálans er skýrt tekið fram að erlendar þjóðir megi leggja kapla og leiðslur á hafsbotninum. Frá þeirri grein má einnig gagnálykta að öll önnur snerting erlendra aðila við hafsbotninn sé óheimil. Það liggur raunar í augum uppi að það ber að gagnálykta á þennan veg.

Þau rök, sem ég hef nú nefnt fyrir því að við eigum þegar í stað að helga okkur landgrunnsréttindin á Reykjaneshrygg og hraða sem mest má verða samningaumleitunum við Færeyinga, Breta og Íra um Rockall-svæðið vegna fiskveiðiréttinda okkar og verndarráðstafana í bráð og lengd, ættu að nægja til að sýna mönnum fram á hve fánýtt hjal hefur stundum verið stundað hér í þingsölunum miðað við þau stórmál sem hér eru á ferðinni.

En meginröksemd okkar á að vera samanburður á VI. kafla hafréttarsáttmálans annars vegar, þar sem landgrunnið innan 350 mílnanna er rætt, og VII. kaflanum hins vegar, þar sem fjallað er um úthafið. Í VI. kaflanum eru fiskveiðar látnar liggja á milli hluta og gengið út frá því að þróunin muni þar ráða réttarreglum. En í VII. kaflanum er skýrt tekið fram að fiskveiðar séu öllum frjálsar.

Í VI. kaflanum er raunar enn ein réttarregla, sem gagnálykta má frá, en hún er í 82. gr. Þar er gert ráð fyrir að til Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar beri að greiða þóknun vegna vinnslu jarðefna úr hafsbotninum, en hins vegar er hvergi nefnt að eitthvert fé eigi að greiða vegna þess að strandríkin nýti sér lífverur á botninum, t. d. humar og skelfisk.

Þegar mál þetta allt er grannt skoðað hljóta menn að sannfærast um hve gífurlegra réttinda við eigum að gæta á þessu sviði. Við alþm. erum oft skammaðir og fyrir margt með réttu kannske, en þeim sem á næsta þingi kunna að sitja verður ekki fyrirgefið ef þeir glutra niður þeim gífurlegu réttindum sem við eigum ósótt á alþjóðavettvangi. Í þetta skipti verða menn bæði að hlusta og framkvæma og ég er ekki í vafa um að þingheimur muni sameinast um að afgreiða allar þessar hafréttartillögur og stjórnvöld fylgja rétti okkar eftir á alþjóðavettvangi.

ATKVGR.

Brtt. 322 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 662).

Hafnaraðstaða í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 146, n. 481). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. Nefndin er sammála um að mæla með till. með svofelldri breytingu:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, með hverjum hætti hagkvæmast muni að bæta hafnaraðstöðuna í Þorlákshöfn. Sú könnun beinist einkum að:

1) möguleikum á stækkun hafnarinnar, bæði til að auka og bæta aðstöðu fiskiskipa og til að geta tekið inn stærri skip,

2) möguleikum á að hindra sandburð inn í höfnina og fyrir innsiglingu til hafnarinnar,

3) norðurgarði hafnarinnar sem hefur þegar skemmst og liggur undir frekari skemmdum.

Vita- og hafnamálastofnun skal hraða þessari rannsókn eins og kostur er og skila kostnaðaráætlun í tæka tíð fyrir afgreiðslu næstu fjárl."

Hv. 1. flm. rakti í ítarlegu máli nauðsyn þessa máls við 1. umr. og sé ég ekki ástæðu til þess í því tímaleysi sem hér er nú að bæta þar nokkru við, en vænti þess að þar sem n. stendur öll að nál. nái till. fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 481 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 663).

Rafvæðing dreifbýlis, þáltill. (þskj. 61, n. 634, 635). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um till. til þál. um rafvæðingu dreifbýlis og mælir n. með því að till. verði samþykkt með breytingu sem flutt er till. um á þskj. 635. Brtt. er efnislega samhljóða upphaflegu till. Stefnt er að því að ljúka þessu verkefni á tveimur árum, þ. e. 1983 og 1984, en nokkrar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar og hljóðar brtt. svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að á árinu 1984 verði lokið rafvæðingu í sveitum og verði miðað við jarðir með allt að 6 km meðalfjarlægð frá samveitu.

Jafnframt verði gerð áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla, sem samkv. framangreindri áætlun verða ekki tengd samveitu."

Herra forseti. Ég leyfi mér að vænta þess að till. nái fram að ganga svo breytt.

ATKVGR.

Brtt. 635 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 664).

Laxveiðar Færeyinga í sjó, þáltill. (þskj. 36, n. 532). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur haft þáltill. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Alberts Guðmundssonar um laxveiðar Færeyinga í sjó til athugunar og rætt hana á mörgum fundum og orðið sammála að mæla með samþykkt till. svo breyttrar, sem getur á þskj. 532.

Það er ekki ástæða til að fjalla í löngu máli um till. þessa, en nýlega bárust fréttir um athafnasemi Færeyinga, sem ekki falla saman við hvorki okkar hagsmuni né að því er við teljum þau ákvæði sem hafréttarsáttmálinn hefur inni að halda, og því er enn frekari ástæða að ályktum um þetta mál en jafnvel var þegar þáltill. var flutt.

Ég vænti þess að samstaða geti náðst hér á Alþingi um afgreiðslu till. með þeim hætti sem utanrmn. gerir till. um.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil ein-

ungis þakka hv. utanrmn. fyrir afgreiðslu þessa máls og raunar líka utanrrh., sem hefur tekið þátt í fundum þar sem mál þetta var til lykta leitt, og vona ég að þingheimur geti sameinast um að afgreiða þessa till. — samþykkja hana eins og utanrmn. var sammála um.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Um leið og fregnir birtust um veiðar Færeyinga skammt fyrir utan línu skrifaði ég lögmanni Færeyinga bréf, sem ég held að birt hafi verið í blöðum, og ég þarf ekki að endursegja efni þess hér. M. a. fór ég fram á að viðræður væru teknar upp. Lögmaðurinn hefur þegar svarað þessu bréfi jákvætt og er reiðubúinn til viðræðna. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í þessari umr.

ATKVGR.

Brtt. 532 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 665).

Kosning fimm manna í Orkuráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1983 til jafnlengdar 1987, samkv. 69. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:
Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. (A),
Daníel Ágústínusson aðalbókari (B),
Aage Steinsson tæknifræðingur (C),
Þóroddur Th. Sigurðsson vatnsveitustjóri (A),
Ingólfur Árnason rafveitustjóri (D).

Kosning þriggja fulltrúa ríkisins og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar h. f. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1983 til jafnlengdar 1987, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Lárus Jónsson alþm. (A),
Jón Illugason bóndi (B),
Sigurður Rúnar Ragnarsson vélavörður (C).

Varamenn:
Ingvar Þórarinsson bóksali (A),
Tryggvi Finnsson forstjóri (B),
Stefán Jónsson alþm. (C).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar, allra til fjögurra ára, frá 1. júlí 1983 til 1. júlí 1987, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. nýafgreiddum lögum.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Árni Grétar Finnsson hrl. (A),
Böðvar Bragason sýslumaður (B),
Ólafur Ragnar Grímsson alþm. (C),
Baldvin Jónsson hrl. (D).

Varamenn:
Steinþór Gestsson alþm. (A),
Páll Pétursson alþm. (B),
Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri (C),
Erling Garðar Jónasson rafveitustjóri (D).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 27. maí 1983 til jafnlengdar 1987, samkv. 2. gr. laga nr. 52 27. maí 1975.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jóhannes Árnason sýslumaður (A),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (B),
Ólafur Jónsson formaður húsnæðismálastjórnar (C).

Varamenn:
Úlfar Thoroddsen sveitarstjóri (A),
Benedikt Sigurðsson lögfræðingur (B),
Erlingur Viggósson skipasmiður (C).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1983 til jafnlengdar 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var Ragnar Jónsson, á B-lista var Sigurgeir Bóasson, á C-lista var Sveinn Aðalsteinsson. — A-listi hlaut 18 atkv., B-listi 16 atkv. og C-listi 17 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (A),
Sveinn Aðalsteinsson viðskiptafræðingur (C).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1983 til

jafnlengdar 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 12 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Ingi R. Jóhannsson lögg. endurskoðandi (A),
Haukur Harðarson skrifstofustjóri (B).

Kosning eins manns í yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis í stað Jóns Ólafs Þórðarsonar lögfræðings til næsta þings eftir almennar þingkosningar.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Guðmundur Sigurjónsson fulltrúi.

Kosning eins manns í stjórn Landshafnar í Keflavíkurkaupstað til ársloka 1985 í stað Páls Jónssonar sparisjóðsstjóra, sem sagt hefur af sér.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Margeir Jónsson útgerðarmaður.

Kosning fjögurra manna í nefnd til að endurskoða lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. ákvæði til bráðabirgða í nýafgreiddum lögum um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason alþm. (A),
Marteinn Friðriksson framkvæmdastjóri (B),
Garðar Sigurðsson alþm. (C),
Sighvatur Björgvinsson alþm. (D).

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil hér leyfa mér, þar sem tími gefst væntanlega ekki annar til, að vekja hér athygli á skýrslu sem við höfum fengið hér á þskj. 630 um norrænt samstarf árið 1982. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að við getum kannske ekki alltaf þess sem vel er gert. Það er óvenjulega að verki verið, að hér skuli þessi skýrsla liggja fyrir svo skjótt eftir þing Norðurlandaráðs. Ég vil leyfa mér að færa þakkir hv. formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og starfsfólki hans fyrir þessi vinnubrögð. Þau eru til fyrirmyndar. Hér er allt of sjaldan ráðrúm til að ræða störf Norðurlandaráðs, en það er þm. til mikilla þæginda að fá skýrslu sem þessa svo fljótt og fyrir það vil ég þakka.

Neðri deild, 67. fundur.

Mánudaginn 14. mars, kl. 14.35.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. (þskj. 646). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. um bann við ofbeldiskvikmyndum er táknrænt fyrir þau störf sem unnin eru í þessari virðulegu stofnun. Það væri mikil þörf á því að gera víðtækar breytingar á þessu ofbeldisfrv. og koma inn á ýmis önnur mál, þó að það sé ekki alveg stöðugt kvikmyndað frá því ofbeldi sem þar er verið að beita.

Á fyrsta tímanum í dag stóð varaformaður Framsfl. í ræðustól alveg þangað til fundi var frestað og lagði fjölda fsp. fyrir menn og fór vítt og breitt bæði innanlands og utan. Hann fór austur á firði og vestur á land, staðnæmdist um tíma í höfuðborginni, skrapp síðan þó nokkrum sinnum til útlanda í ræðunni og hann spurði og spurði. Og hann svaraði sjálfum sér og minnti á svör ýmissa ráðh. Hann bað menn að svara, sem væru umboðsmenn annarra þm. í annarri deild, og hann veitti mér þann vafasama heiður að gera mig að umboðsmanni Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns þingflokks Alþb., og ég átti að svara fyrir hugrenningar Ólafs Ragnars úr þessum ræðustól. Ég leyfi mér, fyrst hér er bann við ofbeldiskvikmyndum á dagskrá, að nota þetta einstæða tækifæri, sem hæstv. forseti gefur loksins stjórnarandstöðu til að tala, eftir að ráðherrar hafa verið að hnakkrífast hér og halda uppi málþófi dag eftir dag.

Alþb. notar tíma þingsins, marga klukkutíma, og iðnrh., sem er þekktur fyrir að vera stuttorður og gagnorður, hefur meira að segja talað sennilega um fjórðung úr sólarhring um álverið. (Gripið fram í.) Ja, það hlustaði enginn maður á iðnrh. lesa sjö ára gamla skýrslu. Það er óvirðing við Alþingi. Er iðnrh. eitthvað slappur? Hefur orðið skammhlaup? Má ekki skipta um peru og jafnvel um tappa í töflunni? — Undir málflutning iðnrh. hafa tekið hæstv. félmrh., hæstv. fjmrh., hv. 4. þm. Suðurl. o. fl.

Jú, framsóknarmenn vildu nú ekki vera minni en Alþb.-mennirnir. Þeir hafa haldið uppi hér umr. um till. um samkomudag Alþingis í báðum deildum. Þeir hafa gert sig að viðundrum og meira að segja sá þm., hv. 3. þm. Austurl., sem hefur þó verið að rembast lengst af við það að halda virðuleika sínum og Alþingis hefur fallið í sömu gjótuna og kemst ekki upp úr henni aftur. Það verður að draga hann upp aftur af því að þetta er maður á besta aldri og synd að láta hann vera þarna lengi. — Þannig er nú spegilmyndin af löggjafar-

samkundu þjóðarinnar í marsmánuði 1983.

En hvar er nú þriðja hjólið undir vagni ríkisstj.? Það fór loksins af stað líka, hæstv. forsrh., og fylgir nú úr hlaði frv. sínu um stjórnskipunarlög, sem er ávöxtur af starfi stjórnarskrárnefnda í fjöldamörg ár. Hann hefur verið lengst af í stjórnarskrárnefnd sjálfur eða a. m. k. heilan mannsaldur. Nú notar hann síðustu dagana til að flytja frv. til l. um stjórnskipunarlög, en tekur fram í ræðu sinni í Ed. að hann ætlist ekki til þess að þetta mál fari til nefndar. Hann segir það hreint og beint að hann ætlist ekki til annars en hann fái einn að eiga þetta barn — það vita allir hvað þetta barn kostar íslenska lýðveldið — og hann megi fá að bera sitt barn hér fram, en hann ætlast ekki til þess að það sé blásið neinum lífsanda í krakkann eftir allt saman. — Þetta er skemmtileg mynd af löggjafarsamkundu þjóðarinnar!

Svo koma hinir alvöruþrungnustu framsóknarmenn, eins og Halldór Ásgrímsson, og segja: Hvað á að gera í efnahagsmálunum? Formaður fjh.- og viðskn. Nd. Voru ekki gefin út brbl. í ágúst, sem áttu að duga um ófyrirsjáanlega framtíð, en allt var komið í harðan hnút þegar komið var að áramótum? Hefur ekki Framsfl. setið í ríkisstj. í allan vetur án þess að gera nokkurn skapaðan hlut? Hafa þeir ekki verið að hæla sér af því að þeir hafi farið niðurtalningarleið? A. m. k. hef ég oft heyrt hæstv. viðskrh. nefna þá leið og segja að hún hafi tekist bara ljómandi vel á árinu 1981. Þeir hafa komið framleiðsluatvinnuvegunum alveg í harðan hnút og þeir hafa ekki beðið þess bætur síðan. Hvað hefur svo gerst í þessu máli? Nákvæmlega ekki neitt. Það vita allir menn. Svo furða þessir menn sig á að það skuli vera svo ósvífnir menn hér á Alþingi Íslendinga að þeir ætlist til þess að Alþingi verði kallað saman 18 dögum eftir næstu kosningar. Ætli það hafi ekki verið þörf á því að kalla Alþingi saman þegar í haust eftir útgáfu brbl., láta þá reyna á þessi úrræði, sem þá var verið að boða þjóðinni með miklum fjálgleik. Þegar séð var að þessi úrræði komu of seint og þau voru of lítil, eins og hæstv. utanrrh. hefur best lýst stjórnarathöfnum þessarar stjórnar í efnahagsmálum, átti að rjúfa þing og ganga til kosninga á haustdögum og fá landinu sterka stjórn. Svo kemur maður eins og 3. þm. Austurl. og ber fram hér sæg af fsp., sem hann ýmist svarar sjálfur eða aðrir eiga að svara þegar vitað er að aðrir eiga ekki að komast að. Það er svo tekið fyrir frv. um bann við ofbeldiskvikmyndum á eftir. Þetta er í fullu samræmi við gerðir þessarar hæstv. ríkisstj.

Ég vil nú spyrja hæstv. félmrh. að því, því að það á vel heima undir þessum lið, í umr. um frv. um bann við ofbeldiskvikmyndum: Hvar stendur hann í þessu máli? Þrír stjórnmálaflokkar hafa orðið sammála um að flytja tillögur um samkomudag Alþingis. Hefur hæstv. félmrh. samið við hæstv. forsrh. og hans flokkur um að rjúfa þing áður en þessar tillögur fá afgreiðslu hér á hv. Alþingi? Hefur hann samið við forsrh. og Framsfl. um að falla frá þeim till., sem þeir standa að í Alþb., fyrir það að bjarga iðnrh., þ. e. að álmálið verði ekki tekið úr hans höndum?

Hér hafa átt sér stað, eftir því sem best er vitað, viðamestu hrossakaup sem farið hafa fram. Það er ástæðulaust að tala um önnur hrossakaup á meðan jafnstórfelld hrossakaup og þessi hafa farið fram. Er ekki næg sönnun fyrir því að það er tilkynnt í Ríkisútvarpinu að þingrof eigi að fara fram eftir útvarpsumr. og sjónvarpsumr. í kvöld? Þjóðinni er tilkynnt það á öldum ljósvakans, en kjörnir fulltrúar þjóðarinnar — þeir sem gátu hlustað á fréttir — fengu það það an. Þetta eru vinnubrögðin, þetta er þingræðið sem íslenska þjóðin á við að búa. Hver er sá sem stýrir þessu? Formaður stjórnarskrárnefndar í heilan mannsaldur, í heilan mannsaldur, stýrir þessu. Mikil lifandis ósköp verður þetta skemmtileg áletrun á einu leiði síðar meir fyrir mann þingræðis og lýðræðis. Ég vona að einhverjir vinir hans verði þá til að mála yfir það bara vegna hans fyrri daga. Þetta á að mínum dómi skylt við það frv., sem hæstv. forseti var að leggja hér fram til umr., um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Það er svo komið að maður fagnar því að komast orðið út úr þessu húsi eftir allt sem á undan er gengið, eftir öll óheilindin sem hér hafa átt sér stað. Hér hefur enginn vitað neitt frá stund til stundar, hvað þá heldur frá degi til dags. Hér er þm. í öllum flokkum haldið í spennu á meðan hrossaprangararnir eru að ráða sínum ráðum. Er ekki ástæða til að gera brtt. við frv. um bann við ofbeldiskvikmyndum?

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir þessa glimrandi áróðursræðu fyrir Bandalag jafnaðarmanna, sem hann var hér að flytja, og ég vænti þess og vona að þessa ræðu flytji hann sem víðast í Vestfjarðakjördæmi í þeirri kosningabaráttu sem er að byrja. Og af hverju er það? Vegna þess að lýsing hans á háttum hv. Alþingis og á starfi þess í vetur og á þessu „djóki" núna síðast, að taka til umr. þetta frv. með þeim hætti sem gert er, er auðvitað í öllum atriðum laukrétt. En engu að síður er þetta kerfi, sem hv. þm. er að verja öðrum þræði, ónýtt og öll þjóðin horfir á það sem er að gerast.

Þetta var laukrétt lýsing. Hv. 3. þm. Austurl. hefur haldið hér uppi málþófi og þeir aðrir hv. þm. Framsfl. gegn ótrúlega sjálfsagðri tillögu, sem hv. þrír aðrir alþm. hafa flutt. Nú, þegar verið er að rjúfa þing í byrjaðan marsmánuð, er komið í veg fyrir að Alþingi sé kallað saman 18 dögum eftir að kosningum lýkur. Og vita menn hvað þetta getur þýtt? Þetta getur þýtt að ósvífið framkvæmdavald gæti spilað úr þessum spilum.

Hér eru menn að leika sér og bera upp í Ed. frv. um bann við ofbeldiskvikmyndum, blygðunarlaust. Ég vil segja það, að ef það eru til röksemdir fyrir þeim stjórnkerfisbreytingum sem við höfum verið að leggja til verða þær til þessa síðustu daga þar sem hver þvælist fyrir öðrum og af fullkomnu ábyrgðarleysi er verið að fleygja sér út í kosningar. Og til hvers? Til þess að skipta með sér ránsfengnum aftur að kosningum loknum og halda áfram nákvæmlega eins. Allt er þetta auðvitað „show", allt er þetta leikur gagnvart fólkinu í þessu landi. Af þessari ástæðu var ræða hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar í fyrsta lagi orð í tíma töluð, því hún er það, í öðru lagi laukrétt lýsing á þeirri starfsemi sem fram fer í þessu húsi og síst orðum aukin, en í þriðja lagi lýsing á að það er eitthvað skakkt í þeirri kerfisuppbyggingu sem við stöndum fyrir. Þess vildi ég óska að þennan sannleika segði hann víðar en hér í þessu lokaða húsi öðrum og betri málum til styrktar.

Hér hefur verið borin upp till., sem vitað er að nýtur stuðnings meiri hl. hv. þm., og þó ég sé ekki flm. hennar er ég stuðningsmaður hennar, um að þetta þing álykti um samkomudag að loknum kosningum. Þeir

menn sem hér eru hafa stöðugt orðið „þingræði“ á hraðbergi og snúa út úr því raunar, en látum það allt vera. Með hverjum hætti getur þetta Alþingi hætt öðruvísi en að með einhverjum hætti sé eftirleikurinn tryggður? Með fullkomnum skrípalátum héðan úr ræðustól er komið í veg fyrir þetta, og þegar það blandast saman við að beita á þingrofsréttinum, sem er auðvitað eitt af þeim gömlu ólýðræðislegu tækjum sem þessi gamla ónýta stjórnarskrá gerir ráð fyrir, og koma í veg fyrir að þetta þing, sem verið er að leysa upp, klári sig með þeim hætti, þá er verið að gefa undir fótinn ósvífnu framkvæmdavaldi, að það haldi þjóð án þings fram til 10. okt. Samkv. strangasta bókstaf má fara þannig að. Og mér er spurn: Hvað ætla þeir að gera eftir kosningar, burtséð frá kosningaúrslitum, sem svona vinna núna? Svo erum við sökuð um það, sem leggjum til að framkvæmdavald sé kosið af þjóðinni og ekki af þinginu, að við séum að ráðast gegn sjálfu þingræðinu. Hvað eru þessir menn að gera? Það er leitt að þm., sem að öllu öðru leyti nánast á heiður skilið fyrir sinn þátt, og á ég þar við hv. 3. þm. Austurl., skuli taka þátt í þessu, sem eru augljós skrípalæti til að koma í veg fyrir að vilji meiri hluta nái fram að ganga. Og með hverjum hætti geta sömu menn verið að skreyta sig með orði eins og þingræði, sem þeir vita ekkert hvað þýðir þar fyrir utan? Það er þessi kjarni málsins sem er auðvitað aðalatriðið.

Veit ég, herra forseti, að þetta fjallar ekki beinlínis um bann við ofbeldiskvikmyndum, en af fullkominni ástæðu hóf hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, þessa umræðu. Og hitt vil ég segja, að flytji hann þessa ræðu víðar skilst væntanlega betur hvað við, sem stöndum að Bandalagi jafnaðarmanna, eigum við með þeim hugmyndum sem við erum að leggja til í stjórnkerfismálum, því þetta stjórnkerfi er ónýtt eins og það er, og það er kjarni málsins.

Og ég spyr, herra forseti. Nú á síðasta degi þessa þings, væntanlega, langar mig til að spyrja einnar grundvallarspurningar. Hver kaus hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen til þeirra starfa? Og velti menn því fyrir sér. Með hverjum hætti gerðist það? Þingið er búið að vera svona í þrjú ár, með nákvæmlega þessum hætti, en kjarni málsins er sá, að það er engin trygging að óbreyttu. Hvort sem Sjálfstfl. og öll brotabrotin renna inn með Framsókn eða með Alþb., þá er engin trygging fyrir öðru. Þetta verður nákvæmlega eins að kosningum loknum, nema annarra og nýrra sjónarmiða fari að gæta. Það er kjarni málsins.

Hér hefur hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, gefið þinginu laukrétta lýsingu á öllu umhverfinu. Hann hefur notað orðið óheilindi. Það er auðvitað rétt þegar þm. hv. eru að vafra hér um sali og hafa ekki hugmynd um hvort á að svipta þá umboði eftir klukkutíma eða tvo daga, eins og þetta er búið að vera núna vikum saman. Svo standa þeir upp Morgunblaðsmenn hér og tala um að einhverjir séu að gera árásir á þingræðið. Hvaða þingræði? Mér er spurn. Kjörnir fulltrúar hafa ekki hugmynd um hvort einhver einn maður með annarlegar hvatir getur sent þá heim með klukkutíma fyrirvara eða ekki. Væri ekki nær að líta þangað? Það er það sem nú er að gerast.

Hér stendur upp gamalreyndur þm., hv. 1. þm. Vestf., væntanlega í umr. um síðasta mál sem við erum að fjalla um á þessu þingi, og allir vita að sá sem hóf þessa umr. hefur langa þingreynslu. Hann lýsir í fyrsta lagi störfum hv. alþm. Hann er að lýsa stjórnkerfi sem stenst ekki lengur. Í öðru lagi lýsir hann því og lýsir því réttilega, að afleiðingar af þessu eru alveg botnlaus óheilindi manna á milli. En ég spyr ykkur, herrar mínir: Af hverju talið þið svona hér innan sala? Af hverju farið þið ekki út, til þjóðarinnar, og segið nákvæmlega frá því, með hverjum hætti hér er starfað? Ef þið gerið það þurfum við í Bandalaginu enga kosningabaráttu að heyja. Þá kemur þetta af sjálfu sér, því að þetta er sjálfur kjarni málsins. Af þessum ástæðum erum við að leggja það til sem við höfum lagt til. Við stöndum frammi fyrir því núna að við erum að ræða hálfgert gamanmál, sem þetta frv. er andspænis t. d. hinni tillögunni, um að Alþingi nú ákveði samkomudag. Lítill minni hl. þm. hefur beitt hér fullkomnum bolabrögðum til að koma í veg fyrir að þessi augljósi þingvilji minn og a. m. k. þriggja þingflokka nái fram að ganga. Hér á síðan að beita þingrofsrétti hugsanlega í nótt og að því loknu er samkv. stjórnarskrá frá 1874 engin trygging fyrir öðru en því, að þing verði kallað saman 10. okt.

Í dag er byrjun marsmánaðar. Átta menn sig á því hvað menn eru að gera? Ég efast um það. Þessir værukæru framsóknarmenn, sem sjaldan taka hér til máls og eru lekandi um bankakerfið, ég held að þeir hafi ekki hugmynd um hvað þeir eru að gera. Hver stýrir þessu með þessum hætti? Hér er hugsanlega verið að afnema þing í sex mánuði. Svo ræða þeir ofbeldiskvikmyndir og eru alveg á því að banna þær allir saman.

Herra forseti. Starfsemin í þessu húsi er komin á hættulegt stig. Og við vitum að sá ágreiningur, sem hér á sér stað, sem er auðvitað verulegur, er ekki lengur á milli stjórnmálaflokka fyrst og fremst. Hann skerst eftir allt, allt öðrum línum. Við berum sennilega allir ábyrgð á því að við höfum falið þennan raunverulega ágreining allt of lengi, til þess m. a. að halda lífi í félagskerfi sem raunverulega er dautt og farið að þvælast fyrir. Fyrir vikið taka þeir sem hér bera ábyrgð, 59 alþm., þátt í því að hraða kosningum þar sem þetta sama kerfi kemur fram með sömu andlit — þá á ég við skoðanir en ekki einstaklinga — og það á að halda lífi enn í þessari goðsögn. En þá gerist það, að heiðarlegur þm. eins og hv. 1. þm. Vestf. stendur hér upp í umr. um frv. til l. um ofbeldiskvikmyndir og gefur rétta lýsingu á því sem hér á sér stað.

Ég vil aðeins segja það að lokum við hv. þm. Matthías Bjarnason, að hann er að fremja óhæfuverk ef hann segir þetta ekki utan þessa húss, ef hann fer ekki um alla Vestfirði og lýsir því Alþingi sem hann lýsti hér áðan, vegna þess að það er rangt gagnvart fólkinu í þessu landi að halda þeirri goðsögn gangandi að hér sé að gerast allt annað en raunverulega er að gerast. Með málþófi hefur hv. 3. þm. Austurl. og aðrir flokksbræður hans komið í veg fyrir að þingvilji nái fram að ganga, þ. e. að fulltrúalýðræðið, fulltrúaþingið í þessu landi, fái að njóta sín svo sem því ber. Það er það sem hann hefur gert og þetta vita auðvitað allir. En samtryggingin hefur verið slík, að mönnum er hlíft við hugmyndum af þessu tagi í nafni þingræðisins, í nafni flokkakerfisins. Flytji hv. þm. Matthías Bjarnason þessa ræðu sína víðar mun líka aukast skilningur hjá upplýstu fólki á því að þetta stjórnkerfi er veikleiki okkar. Þá taka skynsamir og ábyrgðarfullir einstaklingar sig saman og innan allra þeirra laga og leikreglna, sem gera verður ráð fyrir, og

breyta þessu stjórnkerfi. Kannske verðum við hv. þm. Matthías Bjarnason báðir á næsta þingi, en með þessum hætti gengur þetta ekki lengur.

Ég vil enn þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir þá ræðu sem hann flutti áðan. Það voru orð í tíma töluð.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þessi umr., sem hér er hafin um valdið sem birtist í ýmsum myndum, er mjög merkileg fyrir margra hluta sakir. Ég vil minna á að hv. þm. Matthías Bjarnason er ekki fyrsti maður á þingi í vetur til að vekja athygli á því hvernig komið er fyrir þingstörfum.

En eitt vil ég þó minnast á að gefnu tilefni og það er eftirfarandi: Hér hefur verið rætt um að hæstv. forsrh. sé að rjúfa þing í andstöðu við meiri hl. þingheims, sem gerir sér grein fyrir því að hér eru óafgreidd fjölmörg mál, m. a. lánsfjáráætlun, vegáætlun o. fl. En nú skulum við velta því fyrir okkur hvernig hæstv. forsrh. fer að því að rjúfa þing. Hann gerir það vegna þess að hann hefur vald til þess. Nú hefur mikið verið talað um kenningar um aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds og þar hefur komið fram sú hugmynd að auka vald forsrh. Hvernig telja menn að ástandið væri hér ef slíkt yrði? Halda menn að það yrði verra eða betra?

Hæstv. forsrh. hefur þingrofsréttinn í hendi sér. En ég vil varpa fram einni spurningu til hv. þm. Framsfl. og Alþb.: Mér skilst að í stjórnarsáttmála sé ráð fyrir því gert, eins og ævinlega, að þing sé ekki rofið nema með samþykki allra aðildarflokka í ríkisstj. Hefur þessi ákvörðun verið rædd í þingflokkum Framsóknar og Alþb., að rjúfa þing hér eftir útvarpsumr. í kvöld, án þess að taka hið minnsta tillit til þjóðarinnar, sem er fyrir utan þinghúsveggina og á kröfu til þess að þetta þing afgreiði mikilvæga málaflokka sem hér liggja fyrir? Á ég að trúa því að þeir menn sem standa að ríkisstj. með hæstv. forsrh. ætli að láta bjóða sér það að hann taki þá ákvörðun upp á eigin spýtur? Ég vildi gjarnan heyra í þessum hv. þm. og álit þeirra á þessu máli. Ég hef spurst fyrir um það, hvort þetta hafi verið rætt í viðkomandi þingflokkum og mér er sagt að það hafi ekki verið rætt. Ég er alveg sannfærður um það og sannfærist æ betur um það, að orðið er nauðsynlegt að rýra vald forsrh. frekar en hitt. Ég er sannfærður um að það verður að takmarka þingrofsrétt forsrh. Ég er sannfærður um að það verður að takmarka rétt hans til útgáfu brbl. ríkisstjórna á hverjum tíma. Þetta gengur þvert á þær skoðanir sem komið hafa fram um að það beri að auka vald forsrh., að fá hinn sterka mann til að stjórna þessu landi. Menn hafa beðið um sterka menn á öllum tímum, þegar upplausn hefur ríkt í þjóðfélögum víða um heim, og menn þekkja afleiðingar þess.

Ég vil líka minnast á að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að ríkisstj. skuli geta lafað í marga mánuði, eins og hér hefur orðið raunin á, án þess að hafa meiri hl. á hinu háa Alþingi. Sá meiri hl. glataðist í ágústmánuði á s. l. ári. Samt hefur þessi ríkisstj. þráast við að deyja.

Herra forseti. Þessi umr. er að öllum líkindum síðasta umr. í þessari virðulegu deild á þessu þingi. Menn geta litið yfir störf þessa þings, metið þau og vegið. Og ég er sammála hv. 1. þm. Vestf. um að niðurstaðan af því mati og þeirri mælingu verður ekki mjög jákvæð.

Eitt vil ég segja að lokum, herra forseti. Ég er sannfærður um, ég er ekki í minnsta vafa um það, að ástandið sem hér hefur skapast er að umtalsverðum hluta hæstv. forsrh. að kenna. Ég hef gagnrýnt verkstjórn hans hér á þinginu. Menn segja að forsrh. eigi ekki að hafa verkstjórn á höndum. En hæstv. forsrh. hlýtur að hluta til að stjórna störfum þingsins. Það er hann sem óskar eftir því hvaða mál fari hér í gegn og það er hann sem á að hafa samstarf og samráð við stjórnarandstöðu. Ekkert af þessu hefur gerst, ekki neitt. Hér hafa menn síðustu vikur og mánuði randað um í hreinu ráðleysi. Ekki eru nema örfáir dagar síðan ég vakti athygli á þessu. Ég benti á að það hefði verið hæg leið fyrir hæstv. forsrh. að tilkynna þingrof á ákveðnum degi, en heimila þingi að starfa áfram til þess að þinginu gæfist kostur á að afgreiða þau mál sem eru mjög mikilvæg fyrir þessa þjóð — eða hvernig ætla menn á næstu dögum og vikum að halda atvinnurekstrinum í þessu landi gangandi þegar ekki hefur verið afgreidd lánsfjáráætlun og allir sjóðir eru tómir? Ég skil ekki og ég lýsi megnustu vanþóknun á þeirri ráðstöfun að senda þingið heim áður en þessi mál hafa verið afgreidd.

Það hefur ekki verið afgreidd vegáætlun. Hvað á að gera í þeim efnum? Ætlar ríkisstj. að gefa út brbl. á færibandi næstu daga? Ætla Alþb. og Framsfl. að standa að brbl.-útgáfu af því tagi rétt fyrir kosningar? Herra forseti. Þetta, sem nú er að gerast, á líklega eftir að færast á spjöld sögunnar sem einhver einstæðasti atburður í allri þingsögunni. Þetta er þvílík óvirðing, ekki bara við þingið heldur alla þjóðina, að það nær ekki nokkurri átt. Má með sanni segja að hæstv. forsrh. hafi rekið út úr sér tunguna framan í þjóðina, það skipti hann engu máli hvernig mál þróast hér á landi á næstu vikum og næstu mánuðum. Það er líka augljóst að þingið muni ekki koma saman fyrr en 10. okt. n. k. Hvað gerist á þeim mánuðum sem fram undan eru? Við vitum að allir atvinnuvegir, grundvallaratvinnuvegir þjóðarinnar, riða til falls. Þeir eru komnir fram á ystu brún fjárhagslegrar getu sinnar og það er enginn möguleiki í dag að bjarga þessum atvinnugreinum nema með mjög áhrifamiklum aðgerðum. Ég tel, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð, að með þessari ákvörðun og þessari framkomu, sem þinginu og þjóðinni hefur verið sýnd í dag, sé verið að stofna atvinnulífi, rekstri fyrirtækja í landinu, í stórfellda og háskalega hættu. Og við skyldum gera okkur grein fyrir því, sem höfum verið kosnir hingað af fólkinu í landinu, að okkar er ábyrgðin þegar upp er staðið. En við þessa ábyrgð fáum við ekki ráðið vegna þess að ég tel að hæstv. forsrh. hafi of mikil völd og þess vegna er ég þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé út í hött og það sé hættuleg kenning að auka eigi völd forsrh.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er ekkert nýtt, þó að menn haldi svo, að Alþingi sé gagnrýnt í almennri umr. og lítið sé gert úr alþm. Menn geta lesið það alveg frá því núverandi flokkakerfi hófst og raunar frá því miklu fyrr. Alþm., sem eru í minningu nú orðnir mætir forustumenn, sættu mikilli persónulegri gagnrýni og Alþingi einnig. En það gerist í fyrsta skipti nú, að þær leikreglur sem Alþingi byggist á og störf slíkrar samkomu eru meira en gagnrýndar. Þess er krafist að þeim verði breytt. Það eru leikreglur sem íslenskt sjálfstæði, íslensk menning, íslensk þjóð hefur byggt

tilveru sína á um áratuga skeið.

Það hefur komið fram stjórnmálaflokkur í landinu með þá kröfu að þingræðið í þeirri mynd sem við þekkjum það sé afnumið. Menn geta deilt um þá till. Um hitt verður ekki deilt, að það sem gerst hefur í vetur að tilhlutan hæstv. forsrh. er sennilega alvarlegasta tilræði við þingræðið, eins og við höfum þekkt það, sem gert hefur verið. Stofnun nýs flokks, upplausn í stjórnmálum, órói í stjórnmálaflokkunum er hégómi einn samanborið við það tilræði — ekki gegn alþm. sem slíkum heldur gegn Alþingi sem stofnun — sem hæstv. forsrh. hefur gert sig sekan um.

Tilgangur hans nú er að gera sér leik að því með stuðningi þm. úr Framsfl. að láta þingi nú lokið með fjölmörg stór mál óafgreidd, þar á meðal óafgreitt hvenær þing eigi að koma saman á ný til þess að taka til við úrlausn þeirra erfiðu efnahagsmála sem fyrir eru. Hvers vegna hyggst forsrh. framkvæma þetta þó að honum hafi staðið til boða og standi til boða enn samvinna við stjórnarandstöðuflokkana um afgreiðslu þessara mikilvægu mála? Skýringin er einfaldlega sú, að verið getur að hæstv. forsrh. og þm. Framsfl. hyggist sitja áfram í ríkisstjórn að kosningum loknum í allt að sjö mánuði gegn vilja kjósenda, gegn vilja þingsins. Það hefur komið fram að samkv. stjórnarskránni, sem við enn notum, er það vald algerlega í höndum eins manns hvenær Alþingi, löggjafarsamkunda þjóðarinnar, sem ríkisstjórnin á að hvíla á, er kallað saman. Hæstv. forsrh. ræður þessu einn. Hann gæti tekið þá ákvörðun eftir kosningar að boða ekki þing til funda fyrr en á hefðbundnum samkomudegi Alþingis þann 10. okt. á næsta hausti og sitja áfram og stjórna landinu með tilskipunum fram til þess tíma, annaðhvort með stuðningi framsóknarmanna í ríkisstj. eða án hans. Þá dugar ekkert hver vilji Alþingis er. Þá skiptir ekki heldur máli hver vilji kemur fram hjá kjósendum í þeim kosningum sem fram undan eru. Þetta er valdið sem hæstv. forsrh. hefur með höndum og afgreiðsla hans á þingrofi, sem boðuð hefur verið, bendir til þess að hann hyggist nota það vald svona.

Það getur vel verið að það séu einhverjir með þessari þjóð sem finnst slík valdbeiting sniðug, sem geta litið upp til manns sem beitir völdum sínum með þeim hætti. Ég get það ekki, sama hvar í flokki sem hann stendur, því að þó að svo kunni að fara að hæstv. forsrh. noti vald sitt með þessum hætti, þó að hæstv. forsrh., sem nú situr, misbeiti ekki slíku valdi, hver er þá kominn til með að segja að aðrir þeir sem eftir fylgja í þeim stól einhvern tíma síðar eigi ekki eftir að nota vald sitt öðruvísi? Það hefur ágerst að slíkir atburðir, eins og hér á að fara að hefja, hafi verið upphafið að öðru verra.

Það er ekkert við því að segja þó að almenningur í landinu gagnrýni Alþingi og alþm. og telji alþm. litla fyrir sér, smásálarlega að öllu leyti. En ég vara menn við þegar gagnrýnin er farin að færast út í þá sálma að reyna að ryðja um koll því þingræðiskerfi sem Ísland hefur byggt tilveru sína á.

Herra forseti. Þegar ljóst var í ágústmánuði s. l. að ríkisstj. hafði misst meiri hluta sinn í Nd. Alþingis blasti við að hæstv. ríkisstj. gat ekki komið málum fram og stjórnarandstaðan gat það ekki heldur. Stjórnarandstaðan gat ekki fengið samþykktar neinar tillögur sem hún lagði fram. Hæstv. ríkisstj. gat ekki fengið samþykktar neinar tillögur frá sér. Brtt. frá stjórnarandstöðunni féllu, mál frá ríkisstj. fengust ekki samþykkt óbreytt. Þetta lá fyrir þegar í ágústmánuði. Alþfl. óskaði þá eftir því að ekki yrði farið í þinghald við slíkar aðstæður. Af hverju? Ekki vegna þess að Alþfl. treysti ekki núv. hæstv. ríkisstj. til að ráða fram úr vandamálum, heldur vegna hins, að Alþfl. kveið fyrir því hver örlög þingræðisins á Íslandi mundu e. t. v. verða við slíkar aðstæður, þegar ætti að fara að hefja heilt þing með sjálfheldu milli stjórnar og stjórnarandstöðu, sem ekki væri hægt að rjúfa.

Þegar ekki var fallist á þær ábendingar Alþfl. buðumst við til þess, Alþfl.-menn, að ganga til samkomulags við hæstv. ríkisstj. um afgreiðslu mála gegn því að hæstv. ríkisstj. fengist til að segja af sér og ákveða nýjan kjördag og boða til kosninga. Það fékkst ekki. Það var tekið vel í tilboð Alþfl. um samstarf um að koma málum fram, en því algerlega hafnað að flokkurinn fengi einhver áhrif að hafa á kjördag, kosningar, né heldur að ríkisstj. fengist til að segja af sér þó að hún sæti áfram fram að kosningum. Þá var ekki um annað að ræða fyrir okkur Alþfl.-menn en reyna að koma hæstv. ríkisstj. frá með vantrauststill. Slíka till. fluttum við, en lýstum því jafnframt yfir, að þó hún yrði samþykkt mundum við fella okkur við að hæstv. ríkisstj. sæti áfram sem starfsstjórn svo að hægt væri að kjósa sem allra fyrst og höggva á þennan hnút sjálfheldu. Sú till. var ekki heldur samþykkt.

Núna höfum við Alþfl.-menn boðist til þess að hjálpa ríkisstj. til að afgreiða þau mál sem verður að afgreiða til þess að allt sigli ekki hér meira og minna í strand á meðan verið er að kjósa og mynda nýja ríkisstj. Með afstöðu hæstv. forsrh. hefur því tilboði einnig verið hafnað því nú á að rjúfa þing með lánsfjárlög óafgreidd, sem þýðir það, að t. d. ekkert sveitarfélag í landinu getur gert framkvæmdaáætlanir fyrir yfirstandandi ár. Það á að rjúfa þing með vegáætlun óafgreidda, sem þýðir það, að Vegagerð ríkisins getur engan undirbúning hafið að framkvæmdum í vegamálum í haust. Það á að rjúfa þing án þess að farið hafi fram atkvæðagreiðsla um till. þriggja flokka um að Alþingi komi saman á ný fljótlega að kosningum loknum til að takast á við þann erfiða efnahagsvanda sem beðið hefur óleystur um margra mánaða skeið.

Þetta, herra forseti, er ábyrgðarleysi af hálfu hæstv. ráðh., ekki bara gagnvart Alþingi sem stofnun, heldur gagnvart þjóðinni fyrst og fremst. Ég er nú búinn að sitja á þingi í bráðum níu ár og ég verð að segja það eins og er að það er ekki gaman að því að þurfa að flytja e. t. v. sína síðustu ræðu hér á Alþingi við þessar aðstæður.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um bann við ofbeldiskvikmyndum og þær brtt. sem gerðar voru við frv. þetta í hv. Ed. Þegar frv. þetta var rætt hér í Nd. við 3. umr. lögðum við fram brtt. við frv., ég og hv. 4. þm. Reykv., sem var samþykkt, en þá var mikið að því fundið að fram færu of miklar umr. um þetta mál við 3. umr., jafnvel þótt um brtt. væri að ræða.

Ég hef ekki heyrt á þm., sem hér hafa talað til þessa, að nokkuð hafi verið minnst á þær brtt. sem koma til okkar nú frá Ed. til samþykkktar án þess að yfir þær sé farið. Ég vil með örfáum orðum lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel að þær séu til bóta. Það má t. d. benda

á að sú breyting sem hefur verið gerð á 2. gr. fjallar m. a. um að það verði fleiri aðilar kallaðir til að borga þann óhjákvæmilega kostnað sem verður af því að skoða það myndefni sem flutt er til landsins. Hingað til hafa það aðeins verið kvikmyndahúsin, sem flytja inn kvikmyndir, sem hafa þurft að gera þetta, en við vitum að nú eru ekki tugir heldur kannske á annað hundrað innflytjendur myndefnis sem sýnt er í myndböndum.

Í flestum ofbeldiskvikmyndum er leikið og það er oft leikið hart í þessum myndum. En við vitum að í leiknum kvikmyndum jafnvel leyfa margir leikstjórar sér að „improvisera" og breyta frá handriti. Hér hafa einmitt komið til umr. í dag þau verk sem verið er að vinna á hv. Alþingi af þeim sem ráðin hafa. Þeir eru að „improvisera", þeir eru að breyta frá því handriti sem við eigum að fara eftir á Alþingi Íslendinga, handritinu sem segir okkur að fylgja lýðræði og þingræði. Við fáum að heyra það í hádegisfréttum hjá Ríkisútvarpinu að það eigi að rjúfa þing strax að loknum útvarpsumræðum í kvöld. Þetta kalla ég ofbeldisleik. Eins og hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, vakti athygli á í dag, þegar þetta mál kom til umr., er hér um ofbeldisverk að ræða gagnvart okkur þm. og gagnvart þingræðinu í landinu.

Það er vitað mál að hér á Alþingi hefur skapast meiri hluti fyrir tveimur þáltill. Annars vegar er þáltill. um nýja viðræðunefnd í sambandi við álverið í Straumsvík. Í raun fjallar þessi þáltill. um vantraust á hæstv. iðnrh. Það hefur skapast meiri hluti hjá öðrum þingflokkum en þingflokki Alþb. fyrir þessu vantrausti á hæstv. iðnrh. Alþb. hefur hins vegar haldið uppi málþófi um þetta mál sólarhringum saman. Það hefur verið upplýst að sjálfur iðnrh. hafi talað hér í nær fjórðung sólarhrings og þó aðeins haldið sig við gömul skjöl, sem hann fann í iðnrn., varðandi þá samninga sem gerðir voru þegar verksmiðjan var sett á stofn. Eftir því mætti halda að það mundi taka hann næstu 10 ár ef hann kæmist að sínum eigin pappírshlaða, og bið ég þá guð að hjálpa okkur ef honum tækist að gera það.

Hin þáltill. var um samkomudag Alþingis, um það að Alþingi yrði kallað saman 18 dögum eftir næstu alþingiskosningar, sem eru fyrirhugaðar 23. apríl, en þó hefur engin opinber tilskipun verið gefin út um að kosningarnar fari fram þá. Viðkomandi ráðh. hefur ekki tilkynnt það ennþá. Forsrh. hefur lýst yfir á Alþingi í umr. að þær eigi að fara fram þá, en það hefur engin opinber tilskipun verið gefin út um það ennþá. Hæstv. ráðh., sem sitja í ríkisstjórninni núverandi, geta því þess vegna svikið það loforð sem þeir hafa gefið og þær yfirlýsingar sem þeir hafa gefið varðandi þetta mál, eins og þeir eru að svíkja það samkomulag sem hefur verið gert í viðkomandi tveim þáltill. Um þáltill. um samkomudag Alþingis var fullt samkomulag á milli stjórnarandstöðu hér á Alþingi og þingflokks Alþb.

Nú yfir þá helgi sem við höfum haft hið mesta að vinna, ýmsir þm., utan þings hafa ráðherrar og þingflokkarnir tveir, Alþb. og Framsfl., skrið saman og náð samkomulagi um að svíkja hvort tveggja. Það er lítilmannlegt, enda er svo komið að við stöndum frammi fyrir því hér á Alþingi, eins og þegar hefur verið drepið á, að það á eftir að samþykkja fjáröflun til vegagerðar, sem er á dagskrá þingdeildarinnar í dag. Hingað koma menn úr fjölmennri stétt og pípa og pípa á hæstv. ráðh. Þeir flykkjast hingað í nágrenni Alþingis með atvinnutæki sín og pípa á formann Framsfl., formann Alþb. og aðra hæstv. ráðh. Við eigum eftir að afgreiða lánsfjáráætlun. Þjóðin á að vita hvernig hún er og hvenær hún kom fram. Hún kom fram mörgum mánuðum eftir að gildandi lög segja að hún hafi átt að koma fram. Það átti að leggja hana fram með fjárlögum, en hún er ekki lögð fram fyrr en fyrir nokkrum dögum og við eigum að fara heim af þingi án þess að hún sé afgreidd. Á það hefur verið bent að dynja munu yfir þjóðina brbl. frá þessari hæstv. ríkisstj., frá viðkomandi ráðh., sem hafa ekki meiri hl. hér á Alþingi og hafa ekki lengur meiri hluta meðal þjóðarinnar. Ef þetta er ekki brot á þingræði og lýðræði er ekki til brot á þeim hugsjónum.

Ég hef m. a. kvatt mér hljóðs hér vegna orða sem komu fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv., Vilmundar Gylfasonar. Á það hefur verið bent, í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, hve fráleitar þær kenningar eru, sem þessi hv. þm. boðar. Að sjálfsögðu munum við taka upp áskorun hans, ekki aðeins í Vestfjarðakjördæmi heldur í öllum kjördæmum landsins, og benda á hve fáránlegar kenningar hans eru. Það sem hv. þm. vill og hans nýi flokkur boðar er að fela hinum sterka manni, sem nú er hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, enn meira vald, fela honum ennþá meira vald en hann hefur og sem hann hefur beitt fram til þessa hér á Alþingi með því að ganga á lýðræðis- og þingræðisheiðir. Jú, hv. þm., við skulum koma því áleiðis til kjósenda hvað felst í till. þínum í sambandi við stjórnskipulag landsins. En það er merkilegt með þennan hv. þm., að hann kvartaði yfir því hér, þegar hann stóð í ræðustól áðan, að svona sé það búið að vera í þrjú ár, allt þetta kjörtímabil sé þetta ástand búið að vera eins og það er, en það er ekki fyrr en hann fellur í framboði sem varaformaður í Alþfl. að honum finnst ástæða til að vekja athygli á þessu máli, fyrir aðeins örfáum vikum. Við munum líka benda á þetta í þeirri kosningabaráttu sem fram undan er, hv. 4. þm. Reykv.

Ég tek undir þau aðvörunarorð, sem hér hafa komið fram frá hv. þm. sem hér hafa talað, að við getum fengið að búa við það þrátt fyrir alþingiskosningarnar, ef þær þá verða 23. apríl, að þing verði ekki kallað saman fyrr en í haust eins og lög kveða á um, og vissulega gæti hæstv. forsrh. með stuðningi sinna samráðherra gefið út brbl. í sumar um að samkomudegi Alþingis 10. okt. verði frestað. Annað eins hefur þessi hæstv. makalausa ríkisstj. gert.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er eðlilegt að þessar umr., sem hér hafa átt sér stað í dag, fari fram undir þessum dagskrárlið, um ofbeldiskvikmyndir, því að vissulega kemur það hugtak upp í hugann þegar þann veg er staðið að málum eins og gerst hefur hér í dag og útvarpsfréttir greindu frá.

Það hafa ýmsir talað fyrr í þessum umr., þar á meðal hv. 4. þm. Reykv. Honum hefur verið svarað að langmestu leyti. Ég sé enga ástæðu til þess að vera að hella mér yfir hann. Það er ekkert víst að hann verði efstur í prófkjöri í nýja flokknum, Bandalagi jafnaðarmanna. Það er ekkert víst að hann komist á þing. Það er beðið eftir því hvenær prófkjör verður í þessum nýja flokki. Hv. 4. þm. Reykv. er postuli prófkjaranna. Hann kom þeim á í Alþfl. Var það gamall flokkur á nýjum grunni eða nýr flokkur á gömlum grunni? Það

skiptir ekki neinu máli hvort það var, en hv. þm. kom þessu í gegn. Hv. fyrrverandi tilvonandi varaformaður Alþfl., Vilmundur Gylfason. Við bíðum eftir úrslitum prófkjörsins hjá hv. núverandi þm. Ég tel enga ástæðu til þess að vera að skamma hann fyrr en við vitum hvort hann lendir í öruggu sæti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fékk að kenna á því og hver veit nema kjósendur eigi eitthvað vantalað við Vilmund Gylfason. Við skulum bíða með að skamma hann meira þar til við sjáum hvernig prófkjörið fer hjá Bandalagi jafnaðarmanna.

Það sem hefur gerst í dag og þarf að taka skýrt og skorinort fram er það, að tveir minni hlutar á hv. Alþingi í tveimur málum, annars vegar Framsfl., sem ekki þorir að láta Alþingi koma saman eftir kosningar, og hins vegar Alþb., sem þorir ekki að hætta á að álmálið sé tekið úr höndunum á ónýtum hæstv. ráðh., hafa gert bandalag, bandalag óttans, bandalag valdahrokans hér á Alþingi og þeir hafa fórnað miklu til. Þeir hafa fórnað því til að hægt væri að setja með eðlilegum hætti lög um bráðnauðsynlega hluti, vegna þess að þessir sömu menn ætla núna út af hv. Alþingi og byrja sama leikinn og þeir hafa iðkað þegar Alþingi hefur ekki setið að störfum, en það er að stjórna með brbl. Þetta er það sem þeir ætla að gera. Annars vegar hefur Framsfl. fórnað hagsmunum Íslendinga í álmálinu í hendur á manni, sem hæstv. samgrh. hefur sagt að hafi með mjög klaufalegum hætti klúðrað samningunum við ÍSAL og Alusuisse, manni sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur sagt réttilega að hvorki gæti né vildi semja um þessi mál, og Alþb., hinn minni hl. í hinu málinu, fórnar því að fá tryggingu fyrir því að Alþingi verði kallað saman að loknum kosningum. Þetta er bandalag óttans og bandalag valdahrokans. Eftir því verður munað.

Eitt sinn var ritstjóri á Þjóðviljanum, sem hét Svavar Gestsson. Þessi sami Svavar Gestsson er nú hæstv. félmrh. Í febr. 1978 skrifaði Svavar Gestsson ritstjóri Þjóðviljans mergjaðar forustugreinar í Þjóðviljann. Þá sagði Svavar Gestsson ritstjóri þetta, með leyfi forseta: „Alþingi götunnar þarf að sýna hrokagikkjum valdsins við Austurvöll hver það er sem ræður úrslitum um allt efnahagslíf þessa þjóðfélags.“ Þetta var tilvitnun í Svavar Gestsson, ritstjóra Þjóðviljans. Nú er þessi sami maður hæstv. félmrh. og formaður Alþb. Hver hefur sýnt meiri hroka í störfum en einmitt þessi maður? Hver hefur sýnt það með því að gera bandalag, eitthvert mesta aumingjabandalag sem hefur verið gert á síðari tímum í stjórnmálum, nema einmitt þessi hrokagikkur valdsins? En hann ætlar ekki að sitja við Austurvöll. Hann ætlar að sitja í rn. Þar ætlar hann að sitja á sinni boru og stjórna með brbl. Er hægt að láta viðgangast að slíkt geti skeð árið 1983 á Íslandi?

Hvar í heiminum, hvar í hinum vestræna heimi mundi slíkt geta gerst annars staðar en hér á landi, að slík siðspillingaröfl taki saman höndum um stjórn landsins? Á einni helgi féllu þeir frá öllum sínum málum, létu þau bara detta í ruslakörfuna og sögðu: Nú skulum við koma okkur saman um að verma ráðherrastólana nokkra mánuði í viðbót. Eftir þessu verður munað.

Það er kominn tími til að íslenska þjóðin fái að vita hvernig þetta bandalag er gert — þetta bandalag hrokans og bandalag óttans. Því þarf að koma til skila hvernig ofbeldi hefur verið notað og það er vel á síðasta degi þessa þings að það gerist í umr. um ofbeldi í kvikmyndum. Í raun og veru hefði þurft að kvikmynda þessa sögu alla og sýna hana hverju mannsbarni sem tryggingu fyrir því að lýðræði og þingræði verði ekki fótum troðið í framtíðinni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Undir þessum lið – um ofbeldiskvikmyndir – hafa menn einkum rætt ímyndað ofbeldi hæstv. forsrh. og jafnvel teygt þá sögu svo langt að fullyrða hér að hann muni beita ofbeldi til að sitja allt fram á haustdaga. Ég vil í þessu sambandi leggja á það ríka áherslu að við framsóknarmenn munum gera allt sem í okkar valdi er, og ég held að við höfum æðimikið vald á því satt að segja, til að sterkur meiri hl. geti tekið við eftir kosningar. Við munum því segja af okkur eftir kosningar og rýma fyrir sterkum meiri hluta, sem þarf að myndast til að taka á efnahagsmálum þjóðarinnar. Á þetta vil ég leggja mikla áherslu. Það verður enginn leikaraskapur í þeim efnum, um það er ekki að ræða.

Menn tala hér um þá till. sem lögð hefur verið fram í báðum deildum um samkomudag Alþingis. Ég vil andmæla því að við framsóknarmenn höfum iðkað málþóf í því sambandi. Við vildum hins vegar fá að ræða á eðlilegan hátt um þau mikilvægu málefni sem framundan eru. Hvernig á að halda á málefnum þjóðarinnar á næstunni? Þykir mönnum þetta þing hafa verið svo til fyrirmyndar og okkur svo til hróss að það sé ástæða til að kalla saman nýtt þing strax í maí og halda áfram þessum leikaraskap í allt sumar? (Gripið fram í.) Nei, áður en það er gert þarf að myndast meiri hluti sem leiðir þingið til aðgerða sem eru nauðsynlegar í íslenskum efnahagsmálum. (**Gripið fram í:** Á að leiða Alþingi?) Ég skora á hv. þm. sem hér hafa talað að beita sér fyrir slíku og taka ábyrgð á þeim málum sem knýja á hjá þessari þjóð.

Ég vísa því á bug að við munum á nokkurn hátt standa í vegi fyrir því að hér myndist meiri hluti. Við munum þvert á móti þrýsta á að svo verði. Ég vísa því algjörlega á bug að við höfum beitt málþófi við umræðu um þá sýndartillögu sem var á dagskrá. Ég vek athygli á því, eins og margsinnis hefur verið upplýst, að sú till. tryggir alls ekki á nokkurn máta að þing verði kvatt saman í maímánuði. Það hefur verið upplýst hér af þeim mönnum sem gerst þekkja til stjórnarskrár, að það er forseti Íslands sem ákveður hvenær þing verði kvatt saman að till. forsrh. Þetta þing getur ekki ákveðið hvenær næsta þing, sem kjörið verður í kosningum 23. apríl næstkomandi, kemur saman. Meira að segja verða sumir flm. að þeirri till., sem hér átti að vera til umr. og var reyndar til umr. fyrir hádegi, að öllum líkindum ekki á næsta þingi. Hvernig eiga þeir að ákveða hvenær næsta þing kemur saman? Það er mikill misskilningur sem komið hefur fram í þessu máli, að kosningum verði e. t. v. frestað.

Því hefur verið lýst yfir að kosningar fari ekki fram síðar en 23. apríl n. k. Það er tími til kominn að kosningar fari fram og þetta þing má reyndar ekki standa lengur til þess að frestir verði ekki of stuttir til framboðs fyrir þær kosningar. (Gripið fram í). Það má stytta fresti og kann að verða nauðsynlegt að gera það til að unnt sé að hafa kosningarnar 23. apríl, en ef þing stendur miklu lengur er það með hverjum deginum erfiðara.

Ég vildi aðeins með þessum orðum vísa á bug þeim fullyrðingum sem hér hafa komið fram.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þessi umr. ætlar að verða gagnleg og taka á sig hinar ótrúlegustu myndir, ekki síst eftir að síðasti hv. ræðumaður tók til máls. Hér koma þeir til skiptis og tuða þetta uppáhaldsorð sitt „þingræði", en í hinu orðinu er verið að leggja til að störf þingsins liggi niðri til hausts fyrir eitthvað sem þeir blygðunarlaust kalla „sterka stjórn" — ég endurtek, herra forseti, að „sterk stjórn" eru orðin sem þeir nota. Og ég spyr: Hvað er sterk stjórn, sem þessir herramenn eru að tala um og hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson nefnir hér aftur og aftur? Sterka stjórnin er væntanlega sú, að Sjálfstfl. muni að loknum kosningum velja á milli Framsfl. og Alþb. og sterka stjórnin verði mynduð — og sterk stjórn í hvaða skilningi? Í skilningi talinna höfuða í þessu húsi, sem kemur hins vegar þjóðinni lítið eða ekkert við frekar en fyrri daginn. Að þessu er blygðunarlaust stefnt.

Það er talað fyrir því að það verði ekkert þing. Jú, jú, við megum kjósa 23. apríl, en af hverju er verið að kjósa 23. apríl en ekki í júní, ef ekki stendur til að þingið komi saman fyrr en í haust, heldur bara sterk stjórn? Sterk stjórn, segja þeir. Svo koma þeir hinum megin úr kerfinu, hv. þm. Sjálfstfl., Pétur Sigurðsson og Friðrik Sophusson, og hella sér yfir þær till., sem við höfum flutt. (Gripið fram í.) Þakka þér fyrir stuðninginn um kosningalögin, hv. þm., um að kjósendur fái að velja sjálfir í kosningunum. Það verður ekkert prófkjör haft. (Gripið fram í.) Ó, já, já.

Kjarni málsins er sá, að raunverulega er verið samkvæmt hugmyndum þessara manna að leggja til að þingræðið sé afnumið í sex mánuði eða sjö mánuði. Það er út á það sem þessi leikur gengur og blygðunarlaust er talað fyrir. Hins vegar koma þeir og fjalla um það í umr. um ofbeldiskvikmyndir að forsrh. ríkisins sé kosinn af þjóðinni og ekki þessari samkomu hér, sem þeir hver á fætur öðrum lýsa sem skrípasamkomu, hann sé kosinn af þjóðinni og ekki af þingræðinu, og segja að það sé ákall á hinn sterka mann. Þó er ekki verið að leggja til neinar grundvallarbreytingar á embættinu sjálfu, aðeins aðferðinni við að kjósa í það. Vitaskuld eru þeir hræddir. Það er furðulegt að menn skuli í öðru orðinu halda uppi vörn fyrir þann orðaleik í þessu samhengi málsins sem er „þingræði" og tala svo eins og hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson talaði áðan og efalítið fleiri hugsa.

Af hverju er verið að kjósa 23. apríl? Jú, til þess að það sé hægt að mynda sterka stjórn, segir hann. Sterka stjórn hverra? Reyni menn að skoða spilin frá sjónarhorni gömlu flokkanna. Þessi sterka stjórn er íhaldið og annaðhvort framsóknarmenn eða kommar. Það er ekki annað. Sterka stjórn, segja þeir. Sannleikurinn er sá, að það sem hér er að gerast er hnefahögg framan í það sem menn hafa kallað lýðræði. Það er af þeim ástæðum að kosningar eru ákveðnar einvörðungu með hagsmuni þessa kerfis fyrir augum. Auðvitað sjá þeir enga málefnalega niðurstöðu neins staðar bak við horn. Það eru engar till. um að breyta um stefnu. Það er ekkert slíkt á spilunum.

Þennan kjarna málsins, herra forseti, hefur þessi umr. leitt í ljós, að krafa hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar er annars vegar um sterka stjórn og hins vegar þinglaust land til hausts. Ef tala má um pólitískt óhæfuverk er verið að vinna það með þessu. En síðan koma þeir, einkum hv. þm. Sjálfstfl., og hella sér yfir þá hugmynd þegar ekki er verið að leggja til formbreytingu á framkvæmdavaldinu sjálfu, heldur formbreytingu á aðferðinni við að kjósa það, sem er allt og sumt, og dylgja með það í leiðurum Morgunblaðsins og hér í ræðustól og segjast ætla að gera það víðar að þar sé um að ræða ákall á hinn sterka mann vegna upplausnarinnar. Vitaskuld verður framkvæmdavald svo kosið að því leytinu til sterkara að það er einhver trygging fyrir því að það hafi þjóðarvilja að baki sér. En það er allt og sumt. Það gerist með því að einn maður hafi eitt atkvæði. Það er líka allt og sumt. En að það sé um að ræða breytingu á formi embættisins sjálfs er rangt hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni o. fl. sem hér hafa talað í þá veru.

En allt það sem hér er að gerast í dag, misbeiting þingrofsins, misbeiting á tímasetningu kosninga, ákall hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar á sterka stjórn, hinn raunverulegi vilji fyrir þingleysi til hausts, það er undirstrikun á því að það er stjórnkerfið sjálft sem er orðið skakkt, og þegar við sjáum skekkjur fyrir framan okkur, þá lögum við þær.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það hefur áður í þessum umr. komið fram fsp., sem beint var til formanns Alþb., formanns Framsfl. og hæstv. forsrh., um það, hvort samningur væri til staðar meðal aðila stjórnarsamstarfsins, núverandi hæstv. ríkisstjórnar, um að þing væri ekki rofið nema allir aðilar að stjórnarsamstarfinu stæðu að slíku þingrofi. Ég hlýt að ítreka þessa fsp., sem við höfum ekki fengið beint svar við. En upplýst hefur verið áður eftir öðrum leiðum og ekki verið mótmælt að slíkur samningur aðila stjórnarsamstarfsins sé fyrir hendi. Með tilvísun til þess að slíkur samningur er til staðar er ljóst að þing verður ekki rofið í dag eða nótt nema allir aðilar stjórnarsamstarfsins hafi samþykkt og þá liggur sömuleiðis fyrir að Framsfl. hefur gengið á bak orða sinna og yfirlýsinga um að rétt væri að haga samningaviðræðum um raforkuverð og fleiri samskiptaefni við Alusuisse með öðrum hætti en gert hefur verið hingað til.

Framsóknarmenn hafa haft um það stór orð að nauðsynlegt væri að taka málið úr höndum iðnrh. Þeir hafa, að því er virðist, opinberlega verið sammála um að leggja áherslu á að það væri þjóðarvoði ef hæstv. iðnrh. hefði málið áfram með höndum. Nú heykjast framsóknarmenn á þessari skoðun sinni og ganga á bak orða sinna.

Með sama hætti hafa Alþb.-menn gengið á bak orða sinna, þeirra að nauðsynlegt væri að Alþingi segði álit sitt um það að þing yrði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir næstu kosningar. Hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., var áðan að segja að slík till. hefði enga þýðingu, en hann hefur lagt svo mikið upp úr þessum till.-flutningi að hann hefur hótað afsögn sinni úr núv. ríkisstj. ef sú till. yrði samþykkt. Er hann að gera till. sem enga þýðingu hefur að fráfararatriði? Þarna gengur orð á móti orði, yfirlýsing á móti yfirlýsingu, og er það ekki óvenjulegt af hálfu hæstv. ráðh. Sannleikurinn er sá, að auðvitað skiptir máli að núverandi Alþingi segi til um hvenær Alþingi verði kvatt saman að loknum kosningum. Auðvitað hljóta forseti og forsrh. að taka það til greina sem Alþingi hefur samþykkt. Það liggur fyrir að það er meirihlutavilji í báðum deildum Alþingis, það er

meirihlutavilji í Sþ. að Alþingi verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir næstu kosningar. Svo kemur hæstv. samgrh., formaður Framsóknarflokksins, og segist ekki vilja skuldbinda sig til þess að kveðja Alþingi saman, vegna þess að það þurfi að mynda sterka ríkisstjórn. En hvernig er sterk ríkisstjórn mynduð? Hún er mynduð með því að tryggja henni meiri hluta á Alþingi Íslendinga og til þess að kanna fylgi væntanlegrar ríkisstjórnar þarf Alþingi að vera til staðar og kveða upp úr um það, hvort það styður þá ríkisstjórn sem á við þann geigvænlega vanda að glíma sem við alþm. allir gerum okkur grein fyrir að er fyrir hendi.

Herra forseti. Hinn sjálfskipaði formaður Bandalags jafnaðarmanna, fimmta stjórnmálaflokksins á Íslandi, hafði stór orð um að annaðhvort yrði hér mynduð eftir næstu kosningar stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eða stjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags. Hann reiknaði sem sagt hvorki með sínum gamla flokki, Alþýðuflokknum, né sínum nýja flokki, Bandalagi jafnaðarmanna. Þetta voru núll og nix flokkar að hans eigin mati. Látum svo vera og ekki skal ég andmæla honum í þeim efnum, en ég hygg að það sé umhugsunarefni fyrir kjósendur þessa lands að hverfa frá stuðningi við Alþýðubandalag og Framsóknarflokk samhliða og þeir hverfa frá stuðningi við Alþfl. og fimmta flokkinn, Bandalag jafnaðarmanna. Það hlýtur að vera umhugsunarefni, hvort nú sé ekki kominn tími til að styðja Sjálfstæðisflokkinn. Það liggur ljóst fyrir að bæði Framsfl. og Alþb. hafa gerst ómerkingar orða sinna, að bæði Alþb. og Framsfl. hafa nú í 3—5 ár setið í stjórn saman, en ekkert afrekað annað en Íslandsmet í verðbólgu og erlendri skuldasöfnun þannig að vá er fyrir dyrum. Þeir enda nú þennan stjórnarferil sinn með því að misbeita valdi sínu í stjórnarstólum, misbeita þingrofsvaldi sínu og ættu því ekki að eiga skilið stuðning kjósenda í landinu. Sá kostur einn er fyrir hendi af hálfu kjósenda að veita Sjálfstæðisflokknum aukið brautargengi, meirihlutafylgi, þannig að það þurfi ekki að semja við einn eða neinn þessara ómerkinga, stjórnmálaflokka, sem við því miður höfum orðið vitni að, ekki síst í þessum umr. í dag, að þeir eru.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég spurði formann Alþýðubandalagsins, hæstv. félmrh., í dag að því, hvort Alþb. hefði ekki örugglega gert samning við Gunnar Thoroddsen og Framsóknarflokkinn um að beita hér þingrofsvaldi í kvöld eða nótt. Hann hefur ekki svarað og er horfinn út úr þingdeildinni, en ég sé að hæstv. fjmrh. er hér.

Við áttum samleið í breytingum á stjórnskipunarlögum og samleið í sambandi við flutning á þáltill. um samkomudag Alþingis. Í þeim umr. og viðræðum, sem fóru fram á milli okkar, kom það fram að um þingrofsréttinn var samið sérstaklega. Hann er ekki birtur í stjórnarsáttmála þessarar hæstv. ríkisstj. heldur um hann samið, að til hans yrði ekki gripið nema með samþykki allra aðila stjórnarsamstarfsins. Og nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Það er þá rétt að Alþb. hefur svikið till. um að samþykkja þáltill. um samkomudag Alþingis eigi síðar en 18 dögum eftir næstu kosningar? Það var þá ekki meira á þessari samvinnu að græða en þetta að ekki var hægt að standa við þetta samkomulag lengur en raun ber vitni. Ástæðan til þess að þetta samkomulag var svikið var að það þurfti að fá Framsfl. til þess að svíkja það samkomulag sem fulltrúar hans höfðu gert í sambandi við álmálið. Það þurfti að skera iðnrh. niður úr snörunni því hann var kominn að því að hengjast í öllum sínum skýrslum og álitsgerðum sem fyrir lágu í álmálinu. Þegar sterkur þingmeirihluti var fyrir öðru — yfir 40 þm. eða sennilega 49 þm. — má ekki þingviljinn koma fram. Það verður að fótumtroða þingræðið og lýðræðið og þessir hrossaprangarar semja um þetta sín á milli yfir helgina.

En hafa þeir ekki samið um meira en þetta? Hafa þeir ekki samið um að sitja áfram? Hafa þeir sýnt ykkur hv. þm., sem hafa staðið með þeim hér, þá virðingu að ræða þetta mál við ykkur? Nei, það er farið á bak við ykkur marga hverja. Það eru vanir hrossaprangarar sem ganga frá þessum málum. Svo kemur formaður Framsfl., hæstv. samgrh., hér og er alveg undrandi yfir því að Alþingi vilji lýsa yfir þeim vilja sínum að þing verði kallað saman 18 dögum eftir kosningar og segir: Það er ekki Alþingi sem á að ráða því hvenær þing kemur saman, heldur er það forseti Íslands sem kallar þingið saman að till. forsrh. Það er aðeins formsatriði að forseti Íslands kalli þing saman, það er forsrh., það er sem sagt hann einn, það er gamli maðurinn, sem búinn er að leika svikahlutverkið í þrjú ár, sem á að ráða því hvenær þing kemur saman. Ég hef fengið nóg af þeim manni og þeir eru fleiri og þeir voru orðnir þreyttir, bæði í Alþb. og Framsfl., á þessum hæstv. karli.

En hvar stendur lýðræði og þingræði í þessu landi? Stjórnarskrárnefndin, sem hæstv. forsrh. hefur verið í í heilan mannsaldur og formaður í síðustu tæp fjögur ár, hefur lagt til, og þar með hæstv. fjmrh., ég o. fl., að þingrofsréttinum væri beitt á þann veg að þing yrði ekki rofið nema meiri hl. Alþingis væri því samþykkur. Nú er vitað og hefur verið vitað að meiri hl. Alþingis er því ósamþykkur að beita þingrofsréttinum strax, ekki fyrr en ákveðin mál eru afgreidd, en þá er farið í hrossakaupin. Sami maður, hæstv. forsrh., tekur öll verk stjórnarskrárnefndar og gerir þau að sínum, flytur þau í frv.-formi í Ed., og hann leggur svo mikið kapp á að fylgja málinu úr hlaði í morgun að það er gert. Það er látið eftir honum á meðan mikilvæg þingmál bíða, en hann tekur það jafnframt fram að hann vilji ekki einu sinni að málið fari til n. Hann tók það fram í þingræðu sinni. Maður sem leggur til að breyting sé gerð á þingrofsréttinum hefur gert það að till. sinni. Ég, hæstv. fjmrh. og fleiri erum siðferðilega skuldbundnir að þingrofsrétti sé ekki beitt nema meiri hl. Alþingis sé því samþykkur. Þarna er því verið að fótumtroða lýðræði og þingræði í þessu landi.

Nú á að afgreiða mál, eins og t. d. vegáætlun, með brbl. eða kannske að hafa enga vegagerð. Það er ekki einu sinni hægt að afgreiða þetta mál. Hæstv. samgrh. finnst þetta sennilega miklu betra en eiga við þetta árans Alþingi. Verður ekki langbest að leggja þing niður eða þá að fækka þm. niður í einn eða kannske þrjá? Þeir geta verið hérna þrír, Gunnar Thoroddsen, Svavar og Steingrímur. Það verður þá þingræðið sem við höfum í framtíðinni. Þetta er siðlaust. Það er siðlaust athæfi sem þessir menn eru að framkvæma hér og það er furðulegt að þingmenn úr þessum flokkum skuli láta þessa hrossaprangara bjóða sér þetta. Það sýnir geðleysi þm. sem láta bjóða sér þetta.

Það fer vel á því að umr. sem þessi fari fram undir dagskrárliðnum banni við ofbeldiskvikmyndum. Það er

alveg í samræmi við annað hjá þessari hæstv. ríkisstj. Hún var mynduð með svikum og hún hefur verið að svíkja allt frá því að hún var mynduð. Hún hefur misst alla stjórn og öll tök á efnahagsmálum þjóðarinnar og þessi þjóð er stjórnlaus. Í framhaldi af því stjórnleysi sem hér ríkir ríkir upplausn á ýmsum öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Nú segja allir undir slíkri upplausn: Við viljum bara fá þetta eða hitt. Þessi stjórn er því stórsek og hún er hættuleg, þessi stjórn, og það vita það allir. Ég trúi að til sé það sterkur vilji meðal þessarar þjóðar að menn sem þannig haga sér fái eftirminnilega hirtingu þann 23. apríl. Ég vona svo sannarlega að það verði, enda er það eina leiðin til að bjarga heiðri þingræðis og lýðræðis í þessu landi að veita þessum lýðskrumurum og hrossapröngurum almennilega hirtingu 23. apríl.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar vil ég aðeins segja að ég tel ekki að það hafi neitt komið fram á þessum fundi eða á fyrri fundum í dag sem leiði líkur að því að meiri hl. Alþingis sé á móti því að þingrof fari fram. Þvert á móti hygg ég að leiða megi nokkrar líkur að því að þessu sé öfugt farið. Ég hygg líka að flestir geri sér grein fyrir að þingstörfin eru komin í nokkra sjálfheldu. Ég efast ekki um að allir hv. þm. gera sér ljóst að við erum komnir með mjög mörg mál í sjálfheldu og það er því óhjákvæmilegt að þing verði rofið senn hvað líður, enda dregur óðfluga að því að kosningar fari fram, miðað við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið, og auðvitað verður að ætla mönnum hæfilegan framboðsfrest. Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að ég gat ekki fallist á þau orð hv. þm. að hugsanlega væri verið að rjúfa þing gegn meirihlutavilja Alþingis. Eg held að það sé á einhverjum misskilningi byggt.

Ég vil hins vegar vegna orða hans taka skýrt fram, að það er eindregin ósk og vilji okkar Alþb.-manna að þing komi saman að hæfilegum tíma liðnum eftir næstu kosningar. Við höfum t. d. verið reiðubúnir að fallast á að gefinn yrði 18 daga frestur til stjórnarmyndunar, — kannske þrjár vikur ef menn kysu það frekar eða fjórar, — en síðan kæmi þing saman. Ég hygg að það hafi komið fram nokkuð skýrt í umr. hér á Alþingi að mikill meiri hl. þm. óskar eftir þessu og vill að þing komi saman að kosningum loknum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. ræddi ekki nægilega skýrt um hvort hann hefði tryggingu fyrir því að Alþingi kæmi saman í síðasta lagi 18 dögum, 20 dögum eða 21 degi eftir kosningar. Hann hefur fallist á og lýst því yfir, að það sé meiri hluti á Alþingi fyrir þingrofi, en hefur hæstv. ráðh. tryggingu fyrir því að þing verði kallað saman með þeim hætti sem hann sjálfur, hans flokkur, allt Alþb., setti fram í þáltill.? Þegar sú till. var sett fram treysti Alþb. ekki samstjórnarflokki sínum nægilega vel til þess að standa þannig að málum. Hvað er það sem hefur gerst frá því á föstudaginn sem verður til þess að hæstv. ráðh. telur nú að það séu breyttar forsendur? Að þeir vilji nú standa að þingrofi til að bjarga núv. hæstv. ríkisstj. frá falli, frá því að segja af sér, frá þeirri niðurlægingu sem fram undan var? Eru það nýjar upplýsingar? Er það trygging fyrir þessum sjónarmiðum Alþb. eða hleypur Alþb. frá sínum sjónarmiðum vegna þess að þeir eru að tefja fyrir því að álmálið fái eðlilega meðferð, sem mikill meiri hl. Alþingis vill? Þessu svaraði hæstv. ráðh. ekki. Þögnin var æpandi.

Við krefjumst þess að hann segi hér umbúðalaust ef gerður hefur verið einhver leynisamningur um helgina, sem hefur gert það að verkum að Alþb., hæstv. félmrh., hæstv. fjmrh., hæstv. iðnrh., hafi fengið tryggingu fyrir því að það meginsjónarmið flokksins, sem sett var fram í þáltill. sem flutt var í báðum deildum, nái fram að ganga. Hæstv. ráðh. ber siðferðileg skylda, bæði vegna þingsins og vegna eigin kjósenda, að koma hér í þennan ræðustól og tala svo skýrt mannamál að við skiljum hér á hv. Alþingi og þjóðin öll.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., enda hef ég áhuga á því að þetta frv., sem hér er á dagskrá, verði afgreitt, en ég get hins vegar ekki stillt mig vegna orða hæstv. fjmrh. hér áðan að beina til hans mjög ákveðinni spurningu. Hann segir nánast orðrétt að hann telji fullvíst að það sé þingmeirihluti fyrir þingrofi og að meiri hluti þm. mundi samþykkja þingrof ef atkvæði yrðu um það látin ganga.

Ég vil af þessu tilefni segja við hæstv. fjmrh., að með þessum orðum er hann að lýsa því yfir að meiri hluti þingheims sé óábyrgir menn, gjörsamlega óábyrgir menn sem séu tilbúnir að fara heim af þingi án þess að afgreiða hin veigamestu mál sem liggja fyrir þingi og þarfnast afgreiðslu þess á hverjum tíma. Ef þetta er hugmynd hæstv. fjmrh. um það þing sem hann hefur starfað með á þessu kjörtímabili, þá vildi ég gjarnan fá hann hingað upp í ræðustól og hann lýsi því ákveðið yfir sem skoðun sinni, að ef atkvæði yrðu látin ganga í þessu máli væri meiri hluti þingheims með þingrofi. Þetta eru býsna stór orð. Ég vil bara lýsa því yfir að ég, eins og ég hef sagt áður, tel það ábyrgðarleysi og fásinnu að þingið fari heim án þess að afgreiða jafnveigamikla málaflokka og lánsfjáráætlun, vegalög og vegáætlun.

Ég sagði áðan að mér væri ekki kunnugt um að till. um þingrof hefði verið rædd í þingflokkum Alþb. og Framsfl. Ef þetta er rangt getur auðvitað hæstv. fjmrh. sagt það hér á eftir að þetta mál hafi verið rætt í þingflokki Alþb. En minn skilningur hefur verið sá í fyrsta lagi, að með málefnasamningi hafi flokkarnir þrír, sem stjórnað hafa þessu landi með talsverðum endemum á síðustu röskum þremur árum, gert með sér samkomulag um að þing yrði ekki rofið, nema með samkomulagi allra þessara þriggja aðila. Nú vil ég fá svar við því, hæstv. fjmrh., og gott væri að fá svar t. d. frá þingflokksformanni Framsfl. um það, hvort till. af þessu tagi hafi verið rædd í þessum þingflokkum og þm. þessara flokka spurðir ráða í þessu máli yfir höfuð. Ég held nefnilega að í þingflokkum beggja þessara flokka séu menn sem hugsi svipað og ég og telji það ýtrasta ábyrgðarleysi að haga störfum sínum eins og hér hefur verið ákveðið.

Ég sagði líka áðan, herra forseti, að sumum mönnum væri umhugað um að auka vald forsrh. lýðveldisins Íslands með því að aðskilja framkvæmdavald og löggjafarvald, en ég endurtek og segi: Guð hjálpi þjóðinni ef forsrh. á borð við hæstv. núverandi forsrh. sæti áfram með þvílíkt vald í höndum. Ég er sannfærður um að hér hefur valdi verið misbeitt. Það hefur verið gengið þvert á allar hefðir og allar reglur sem okkar virtustu stjórnmálamenn hafa virt í verki í þessari virðulegu stofnun

um áratuga skeið. Ég er líka sannfærður um, herra forseti, að þetta, sem nú er að gerast, kórónar valdaferil hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. Þetta eru einhver undarlegustu vinnubrögð sem ég hef orðið vitni að og sem ég hef lesið um í þingsögu nokkurrar þjóðar. Þegar hæstv. forsrh. ætlar að rjúfa þing í lok þeirrar umr., sem hér á að fara fram í kvöld, er hann að brjóta hefðir þingræðis og lýðræðis. Hann er að brjóta þær hefðir sem eiga að vera heilagari en allt annað. Ég segi fyrir mig, að þessi framkoma er fyrir neðan allar hellur og ég hef það stolt fyrir hönd þessarar stofnunar að ég tel það nálgast myrkraverk þegar nokkrir ráðherrar taka sig saman um það, vegna þess að þeir óttast um ráðherrastóla sína, að rjúfa þing án þess að það hafi verið borið undir einstaka þm. í flokkum þeirra. Vera kann að þeir menn sem að þessu standa muni ekki njóta þeirrar virðingar, sem þeir vænta fyrir þessa ákvörðun, og þá er vel. Ég held að þetta mál í heild sinni sé ein versta hneisa sem þetta þing hefur orðið fyrir um langt árabil og ég lýsi ábyrgð á hendur þeim mönnum sem að þessu standa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 658).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þetta er síðasti fundur í hv. Nd. á þessu þingi. Ég vil þakka hv. þdm. innilega fyrir samvinnuna og þolinmæði sem mér hefur verið sýnd, sem ég því miður stundum hefi átt í erfiðleikum með að endurgjalda í sama máta.

Ég þakka varaforsetum fyrir mjög góða samvinnu og hjálpsemi og skrifurum vorum skilgóðum þakka ég. Skrifstofustjóra Alþingis færi ég þakkir, og ég veit að hv. dm. taka undir það, og starfsfólki öllu í Alþingi.

Ég bið fjölskyldum hv. þm. heilla og blessunar og óska þeim, sem eiga um langan veg heim að sækja, góðrar heimferðar og heimkomu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar Nd.-manna þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil ennfremur þakka honum fyrir röggsama og glaðværa fundarstjórn. Hér í Nd. hefur nú um sinn verið forseti úr hópi stjórnarandstæðinga, en ég vil alveg sérstaklega sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar þakka hæstv. forseta fyrir mjög réttláta stjórn á fundum Nd. og lipurð, samviskusemi og lagni við öll þau stjórnarstörf.

Ég vil ennfremur fyrir hönd okkar dm. þakka skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis vel unnin störf í okkar þágu. Ég vona að kosningabarátta hæstv. forseta verði ánægjuleg og við hittum hann heilan og hressan hér á næsta þingi. Ég árna fjölskyldu hans allra heilla og ég vil biðja hv. þm. að árétta þökk mína með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir góð orð í minn garð og fjölskyldu minnar, alveg sérstaklega fyrir árnaðaróskir vegna kosningabaráttunnar sem í hönd fer. Ég ítreka óskir mínar yður til handa. — Fundi er slitið.

Sameinað þing, 66. fundur.

Mánudaginn 14. mars kl. 8.30 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (sjónvarps- og útvarpsumræður).

Forseti (Jón Helgason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Auk þess fá sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., 20 mínútna ræðutíma og Vilmundur Gylfason fær 15 mínútur til umráða í samræmi við 53. gr. þingskapa. Umferðir verða tvær, 15—20 mínútur í fyrri umferð og 10—15 í þeirri síðari, en sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., fá til umráða 10—15 mínútur í fyrri umferð og 5—10 mínútur í síðari umferð.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., Framsfl., Alþfl. og Alþb. Vilmundur Gylfason talar síðastur í fyrri umferð.

Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., og Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Halldór Blöndal, 7. landsk. þm., og Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu sjálfstæðismanna, sem styðja ríkisstj., talar Gunnar Thoroddsen forsrh. í fyrri umferð, en Friðjón Þórðarson dómsmrh. og Pálmi Jónsson landbrh. í þeirri síðari. Fyrir Framsfl. tala Tómas Árnason viðskrh., Jón Helgason, 3. þm. Suðurl., og Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð, en Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn., og Steingrímur Hermannsson sjútvrh. í þeirri síðari. Ræðumenn fyrir Alþfl. verða Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm., og Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð, en Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., og Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., í síðari umferð. Fyrir Alþb. tala Svavar Gestsson félmrh., Ragnar Arnalds fjmrh. og Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., í fyrri umferð og Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., og talar af hálfu Sjálfstfl.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þegar eldhúsdagsumr. fara nú fram hér á Alþingi blasa við í íslensku þjóðlífi meiri vandamál til úrlausnar en nokkru sinni fyrr. Gengið verður til væntanlegra kosninga við aðstæður, sem vart eiga sér hliðstæðu í íslenskri stjórnmálasögu, hvort heldur er í efnahagslegu eða stjórnarfarslegu tilliti. Efnahagslegt öngþveiti blasir við og útlitið hjá atvinnufyrirtækjunum hefur sjaldan verið dekkra. Það er svo dökkt að Alþb.-mennirnir tala um að gera þurfi fjögurra ára neyðaráætlun til þess að komast út úr ógöngunum.

Framsóknarmenn, sem eru hræddir við að kjósa eftir nýrri kosningaskipan, vilja alls ekki að Alþingi komi saman strax að loknum kosningum. Þeir segja að efnahagsvandinn sé svo hrikalegur að ekki megi tefja í tvo mánuði, gjaldþrot þjóðarbúsins og fjölda fyrirtækja blasi við. Þetta er ófögur lýsing, en henni eru flestir sammála. Skiptir þar engu hvort um andstöðu við ríkisstj. er að ræða eða stuðning. Þetta vekur hins vegar upp tvær spurningar, sem ég vil leitast við að svara. Sú fyrri er: Hvað hefur verið að gerast hin síðari ár, hvað getum við gert til bjargar?

Hverfum nú stutta stund til sept. 1978, er Ólafur Jóhannesson myndaði síðari vinstri stjórn sína. Niðurtalningarleið Framsóknar, sem þeir Steingrímur og Tómas hafa talað svo mikið um, skyldi nú leysa allan vanda. Alþb. boðaði markvissa framleiðslustefnu, íslenska atvinnustefnu, og þeir Svavar og Guðmundur J. ætluðu auðvitað að setja samningana í gildi, eins og þeir höfðu sagt og skrifað í Þjóðviljann. Nýi Alþfl. á gamla grunninum ætlaði heldur betur að sópa í burtu verðbólgunni, undirrót allrar spillingar. Fyrstu aðgerðir sáu dagsins ljós: brbl., nýir skattar, meira að segja afturvirkir. Slíkt var siðgæðið. Þrengt var að heimilunum og staða atvinnuveganna versnaði. Auknar voru erlendar lántökur til að mæta hallarekstri ríkisfyrirtækja, allt til að auka á ríkisumsvifin, hagræða vísitölunni, sem þó dugði ekki til. Verðbólgan fór vaxandi. Ríkisstj. hrökklaðist frá völdum. Alþfl. gafst upp við hreingerninguna. Niðurtalning Framsóknar varð að upptalningu. Hjá Alþb. varð íslensk atvinnustefna að atvinnuleysisstefnu. Og menn spyrja í dag: Er það ásetningur Hjörleifs að loka álverinu ef hann verður iðnrh. eftir kosningar?

Í febr. 1980 var svo núverandi ríkisstj. mynduð „til þess að bjarga heiðri Alþingis". Með því að þrír þm. Sjálfstfl. urðu ráðherrar í ríkisstj. og hún varð undir forsæti þáv. varaformanns Sjálfstfl. létu fjölmargir sjálfstæðismenn sér til hugar koma að nú væri brotið í blað. Þeir sem gerst þekktu til gerðu sér grein fyrir öðru. Enn hefur komið í ljós að Alþb. og Framsókn hafa ráðið ferðinni: bráðabirgðaráðstafanir á þriggja mánaða fresti, sömu úrræðin, nýir skattar, auknar erlendar lántökur, vísitölufeluleikur og enn þrengt að atvinnuvegunum með óraunhæfum rekstrargrundvelli.

Síðan í sept. 1978 nema nýir skattar á hverja fimm manna fjölskyldu meira en 50 þús. kr. og enn í dag reynir ríkisstj. með aðstoð Alþfl.-manna að leggja á nýja skatta. Erlendar skuldir hafa meira en tvöfaldast síðan 1977 og eru nú um 450 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Ríkið er farið að taka til sín til eyðslu nær því þriðju hverja krónu af þjóðarframleiðslunni. Verðbólgan æðir áfram og nálgast nú 80%. Getur verið að ráðherrarnir og stuðningsmenn þeirra hafi gert sér grein fyrir því að störf þeirra og stefna leiddu til þess ástands í atvinnulífinu sem raun ber vitni og gleggst kemur fram í sjávarútveginum? Getur verið að ráðherrarnir og stuðningsmenn þeirra hafi gert sér grein fyrir því hversu þeir binda hendur ungs fólks í framtíðinni með þeirri miklu töku eyðslulána sem þeir hafa staðið fyrir? Ég vil ekki trúa því á nokkurn þessara manna að þeir hafi viljandi staðið að málum með þeim hætti sem raun ber vitni, heldur hitt: Störf þeirra og stefna, ef stefnu skyldi kalla, gátu ekki leitt til annars. Hvað er þá til bjargar? Hér er eins og annars staðar: Sagan endurtekur sig. Hversu oft höfum við ekki haft vinstri stjórnir og ævinlega hafa sjálfstæðismenn mátt rétta þjóðarskútuna af til endurreisnar í þjóðlífinu.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir og hvetjum fólk til þess að veita okkur stuðning. Við munum leggja megináherslu á að skapa atvinnuvegunum rekstrargrundvöll. Við viljum að orkulindir landsins verði hagnýttar til þess að atvinna sé tryggð og lífskjör geti batnað. Þetta gerist ekki öðruvísi en að fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé tryggt á ný, efnahagslegu jafnvægi verði náð og hamlað verði gegn því upplausnarástandi sem ríkt hefur að undanförnu, ekki hvað síst á stjórnarheimilinu, og samhent ríkisstjórn taki forustu í þjóðmálunum. Sjálfstfl. einn höfðar til allra stétta þjóðfélagsins, þar sem kallað er á einstaklinginn til athafna og ábyrgðar og áhersla lögð á að þjóðfélagið er fyrir þegnana en ekki þegnarnir fyrir þjóðfélagið. Sjálfstfl. er því eina stjórnmálaaflið sem getur veitt ábyrga forustu á öllum sviðum þjóðlífsins.

Sjálfstæðisfólk bar gæfu til að standa saman í síðustu bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Árangurinn var líka eftir því. Sjálfstæðismenn unnu mikinn og góðan sigur víða um land. Þjóðinni er nauðsynlegt í dag að kjölfestan í íslenskum þjóðmálum verði á ný samhentur flokkur sjálfstæðismanna, flokkur frelsis og framfara. — Góða nótt.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hér á Alþingi hafa tvö mál verið fyrirferðarmest í umr. undanfarna daga. Annars vegar er það till. þriggja flokka um að taka viðræðurnar við Alusuisse úr höndum iðnrh. og setja þær í hendur sérstakrar nefndar, sem kjörin sé á breiðum grundvelli. Hitt er till. þriggja flokka um að Alþingi komi saman ekki síðar en 18 dögum eftir næstu kosningar.

Um báðar þessar tillögur hefur orðið mikið málþóf hér á Alþingi. Alþb. hefur þæft álmálið, en Framsfl. hefur þæft till. um að þingið skuli koma saman. Nú liggur ljóst fyrir að þessir flokkar hafa nú sameinast í því að koma í veg fyrir að þessar tillögur verði afgreiddar hér á Alþingi.

Það liggur ljóst fyrir að þingið mun verða rofið hér í kvöld. Um það heyrðu þm. í útvarpinu í hádegi. Um það var ekkert samráð haft við stjórnarandstöðu. Með því er beitt bolabrögðum til að koma í veg fyrir að tveimur mikilvægum málum verði ráðið til lykta hér á Alþingi — málum sem vitað er að meiri hluti er fyrir.

Till. um meðferð álmálsins er mjög sérstök. Það er einstakt að mikill meiri hl. Alþingis sameinist í því að flytja vantrauststill. á einn ráðh. í því formi sem hér hefur verið gert. Þó að Alþb. ætli að takast að koma í veg fyrir samþykkt þessarar till., m. a. með því að beita bolabrögðum og með því að misnota þingsköp, en hæstv. iðnrh. talaði m. a. í fimm klukkutíma hér aðfaranótt laugardags, er vitað að mikill meiri hl. Alþingis treystir ekki þessum hæstv. ráðh. til þess að leiða þetta mál eða nokkuð annað til lykta. Afrek Alþb. í iðnaðar- og orkumálum liggja í löngum ræðum og þykkum skýrslum og heldur hefur okkur miðað aftur á bak en áfram í þessum mikilvæga málaflokki.

Til marks um mikilvægi orkufreks iðnaðar fyrir þjóðarbúið má nefna að útflutningsverðmæti framleiðslunnar úr iðjuverunum undanfarin ár hafa verið meiri að verðmæti en síldar- og loðnuafli landsmanna og það á einnig við um þau ár þegar loðnuaflinn var hvað mestur. Nú hefur afli loðnunnar minnkað og það er talinn mikil héraðsbrestur í okkar efnahagslífi. Þessi samanburður sýnir með öðru, hversu mikilvæg stoð hinn orkufreki iðnaður er þegar orðinn í atvinnulífi og lífskjörum okkar landsmanna. Því meiri ástæða er til að taka þessi mál föstum og jákvæðum tökum, en það hefur gersamlega mistekist hjá Alþb.

Hitt málið, sem ég gat um, er ekki síður sérkennilegt. Framsfl. hamast gegn því af öllum mætti að Alþingi fái að koma saman sem fyrst eftir kosningar. Í till. um

samkomudag Alþingis felst ekki að efna eigi til annarra kosninga. Við sjálfstæðismenn viljum hins vegar ekki útiloka þann möguleika, eins og ávallt hefur verið þegar kjördæmabreyting hefur átt sér stað. Hitt er óskiljanlegt, að Framsfl. skuli ekki vilja að Alþingi komi saman sem fyrst eftir kosningar til að takast á við vanda efnahagslífsins. Það verður ekki skýrt með neinum öðrum hætti en þeim, að Framsfl. hyggist sitja áfram í sömu ríkisstj. og stjórna með brbl. til hausts eða þar til nýtt Alþingi kemur saman hinn 10. okt. Enginn tekur mark á yfirlýsingum hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar um að hann telji rétt að stjórnin segi af sér eftir kosningar. Yfirlýsingar hans eru yfirleitt marklausar. Það veit þingið og það veit þjóðin.

Það er ekkert ábyrgðarleysi fólgið í því, þvert á móti, að vilja kalla Alþingi saman sem fyrst eftir kosningar. Ábyrgðarleysið er fólgið í því að þessi ríkisstj. skuli hafa stritast við að sitja í allan vetur, getulaus, hugmyndalaus og án alls frumkvæðis. Stjórnarandstaðan hefur ekki brugðið fæti fyrir neitt mál þessarar ríkisstj. Málin hafa strandað á innbyrðis sundrungu ríkisstj.-flokka.

Á tímum upplausnar, eins og þeim sem núv. ríkisstjórn hefur skapað, er hætta á að fólk fari að leita að töfralausnum á vandamálum þjóðfélagsins. Nýir stjórnmálaflokkar eru stofnaðir, nýir framboðshópar spretta upp, allir með töfrasprotann á lofti. Reynslan alls staðar sýnir að slíkt skapar ringulreið og vitleysu í þjóðfélaginu. Allir þekkja Weimarlýðveldið, sem var undanfari Hitlers-Þýskalands, og allir þekkja ringulreiðina í ýmsum löndum Suður-Evrópu. Í þessum jarðvegi sprettur upp hv. þm. Vilmundur Gylfason og stofnar utan um sig stjórnmálaflokk. Töfralausn hans er að breyta stjórnskipulaginu, afnema þingræðið, slíta á tengsl milli þings og stjórnar, eins og í Bandaríkjunum og í Frakklandi. Ég vara við þessum hugmyndum, sem felast í aðalstefnumáli Bandalags jafnaðarmanna.

Í fyrsta lagi væri með þessu verið að safna meiri völdum á hendur eins manns en nokkur dæmi eru til að gert hafi verið áður hér á Íslandi.

Í öðru lagi er mikil hætta á árekstrum milli þings og stjórnar. Það er ekkert líklegra en að þing vilji fara eina leið, stjórnin aðra, þegar verið er að leysa mikil vandamál. Þetta kerfi býður því upp á stórfelldari þjóðfélagsátök en nokkur dæmi eru til um hér á Íslandi.

Þessi till. felur í þriðja lagi í sér að embætti forseta Íslands yrði lagt niður, enda yrði það óþarft.

Í fjórða lagi tengist þessi till. hugmyndum um hinn sterka mann, og slíkan hugsunarhátt ber að varast. Þessar tillögur bandalagsflokksins leysa engan vanda. Þær magna hann frekar.

Við Íslendingar þurfum öðrum fremur að sameinast í því að vinna okkur út úr vandanum. Sjálfstfl. er reiðubúinn til að taka forustu í því að leiða þjóðina frá upplausn til ábyrgðar. Nú verður að breyta til. Kostirnir eru aðeins tveir: Óbreytt ástand undir forustu vinstri flokkanna, sama hvaða nafni þeir heita, eða breyting til hins betra undir forustu Sjálfstfl.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar það lá fyrir á s. l. ári að þjóðarbúið hefði orðið og yrði fyrir miklum áföllum af ytri og innri ástæðum, óviðráðanlegum, þá ákvað ríkisstj. að undirbúa efnahagsaðgerðir og tóku þær gildi í ágústmánuði. Það var ljóst, að einn helsti vandinn, sem við var að glíma, var hinn mikli viðskiptahalli sem á okkur skall á óvart. Nú, eftir rúmlega eitt misseri, liggja fyrir ýmsar upplýsingar um það, hver árangur hefur orðið af þessum aðgerðum í ágúst.

Þess er fyrst að geta, að ríkisstj. setti sér það mark að reyna að draga úr þessum viðskiptahalla og eyða honum á næstu tveimur árum þannig að þá hefðum við náð jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Því var spáð að viðskiptahallinn í fyrra mundi verða um 12% af þjóðarframleiðslu. Nú liggur það fyrir að hann verður ívið lægri, væntanlega um eða undir 11%. Því var spáð að viðskiptahallinn í ár mundi verða af sömu stærð eða um 12%. Svo horfir sem hann verði um helmingur af því eða um 6% í mesta lagi, að sjálfsögðu með fyrirvara um viðunandi aflabrögð og vertíð. Í þessum efnum hefur því þegar náðst nokkur árangur. Þetta þýðir einnig að erlend skuldasöfnun verður að þessu leyti minni en ella hefði orðið.

En varðandi verðbólguna, þá liggur það nú fyrir að án aðgerðanna frá því í ágúst mundi verðbólgan nú vera 10—15% meiri en hún er og vöxturinn örari. En þrátt fyrir sýnilegan árangur af þessum aðgerðum, þá er vandinn gífurlegur, sem fram undan er, og fyrst er þá til að nefna að verðbólgan er miklu meiri nú en gert var ráð fyrir í ágúst. Orsakirnar eru bæði efnahagskreppan í umheiminum, en ekki síst þær miklu þrengingar sem útgerðin íslenska hefur orðið fyrir, sem hefur orðið til þess að það hefur þurft að hækka fiskverð meira en ráð var fyrir gert, lækka gengið meira, en hvort tveggja veldur aukinni verðbólgu.

Í sambandi við hinar erlendu skuldir hafa landsmenn þungar áhyggjur sem eðlilegt er og ríkisstj. ekki síst. Við skulum þó hafa það í huga að mikið eða mest af hinum erlendu skuldum Íslendinga stafar af virkjunum og hitaveitum — framkvæmdum sem spara okkur gjaldeyri. Í öðru lagi þurfum við aðeins að vara okkur á þeim upplýsingum sem gefa mönnum til kynna að erlendar skuldir stóraukist, vegna þess að prósenttala af vergri þjóðarframleiðslu hækkar jafnvel þó að erlendar skuldir hækkuðu ekkert, en þegar þjóðarframleiðslan hrapar eins og í fyrra og nú hækkar auðvitað þessi hlutfallstala. Eins mega menn ekki láta það villa sig þó að erlendar skuldir í íslenskri krónutölu hækki þegar íslenska krónan lækkar.

Þessar upplýsingar eru brot úr mynd, en ekki heildarmynd. Það sem skiptir máli er auðvitað raungildi hinna erlendu skulda. Ríkisstj. hefur ákveðið og fest þá stefnu í lánsfjáráætlun og yfirlýsingum frá þingi, að hún vill hér setja skorður við erlendri skuldasöfnun og hefur markað þá stefnu að nú í ár skuli erlendar skuldir ekki vaxa að raungildi.

Góðir hlustendur. Í Sjálfstfl. hef ég starfað frá stofnun hans. Á ungum aldri vann ég að því ásamt félögum mínum að flokkurinn yrði víðsýnn frjálslyndur flokkur með hagsmuni allra stétta fyrir augum og með fullum skilningi á félagslegum þörfum fólksins. En ekki síður var okkur það hugleikið að flokkurinn yrði umburðarlyndur flokkur í samræmi við þann kjarna sjálfstæðisstefnunnar að sérhver maður ætti rétt á að vera sjálfstæður í hugsun, orði og verki og hefði rétt til að fylgja samvisku sinni og sannfæringu eins og stjórnarskráin býður þm. að gera.

Nú í seinni tíð hefur syrt í álinn og blikur dregið á loft. Því er ekki að neita að nokkurt fráhvarf hefur orðið frá

þeim hugmyndum og grundvallarhugsjónum sem við á sínum tíma gerðum okkur og sem Sjálfstfl. hefur lengst af starfað eftir. Þar má tilnefna þröngsýni í stefnumótun og hugmyndir um harkalegt flokksræði.

Þegar ég hóf afskipti af stjórnmálum var það hugsjón mín og annarra ungra sjálfstæðismanna að það væri frumskylda hvers stjórnmálamanns og hvers stjórnmálaflokks að gera allt sem í mannlegu valdi stæði til þess að allir menn hefðu atvinnu. Nú hrýs mér hugur við að heyra það kæruleysi sem oft kemur fram í tali sumra manna um þetta geigvænlega böl atvinnuleysisins, eins og það snerti ekki einn einasta hjartastreng í brjóstum þeirra. Þetta birtist m. a. í ályktunum sumra samtaka. Það birtist í ódulinni aðdáun á efnahagsþróun og stefnu sumra grannríkja, þar sem tíundi eða jafnvel áttundi hver maður er atvinnulaus árum saman. Það birtist í útvarpserindum nýlega, þar sem fordæmd er sú tillaga stjórnarskrárnefndar að leggja til að í stjórnarskránni verði grundvallaratriði að allir menn eigi rétt á vinnu eftir því sem lög kveða nánar á um. Þó er ekki síður alvarlegt það hugarfar sem beinist frá umburðarlyndinu og lýðræðinu yfir í aukið flokksræði. Í samkomum flokksins og meira að segja á landsfundi hafa komið fram tillögur og ályktanir um að víkja mönnum úr flokknum ef þeir fylgja sannfæringu sinni. Hvenær hvarflaði það að Ólafi Thors að láta reka fimm þm. úr Sjálfstfl. þegar þeir neituðu að styðja nýsköpunarstjórn hans og snerust til andstöðu?

Sjálfstæðisstefnan á hljómgrunn í hugum Íslendinga og Sjálfstfl. getur átt glæsta framtíð ef hann gætir þess að fylgja þeim grundvallaratriðum sem ég hef gert hér að umtalsefni. Og vissulega ber það, sem nú hefur gerst í þjóðfélaginu að undanförnu, t. d. prófkjörin, vott um hvað fólkið vill. Það hafa komið fram ábendingar, aðvaranir, straumar. Hinir glæsilegu fulltrúar frjálslyndis og víðsýni, eins og þeir hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh., hafa fengið glæsilega stórsigra í sínum prófkjörum meðan foringjarnir, sem ferðinni ráða, hafa farið aðra leið.

Það er tími til kominn að staldra við og taka mark á þessum straumum, ábendingum og aðvörunum. Það er von mín að Sjálfstfl. fylgi fram þeirri stefnu og þeim grundvallaratriðum sem ég tel að hann hafi verið stofnaður til að fylgja og sem hann hefur gert lengst af. Það er von mín að sú stefna verði tekin upp sem fyrst að nýju, bæði út á við og inn á við, í flokknum.

Á þessu þingi hefur verið lagt fram frv. til nýrrar stjórnarskrár fyrir lýðveldið Ísland. Það eru nú liðin rúm 40 ár síðan fyrst komu fram hugmyndir um að það væri nauðsynlegt að endurskoða hina gömlu stjórnarskrá okkar. Margar nefndir hafa að þessu starfað, en sú nefnd, sem skipuð var og tók til starfa í des. 1978, er nú langt komin störfum og hefur skilað af sér tillögum um nýja stjórnarskrá. Hún hefur verið lögð fyrir þetta þing, enda var það skoðun stjórnarskrárnefndarinnar að það þyrfti ekki aðeins að skila skýrslu, heldur þyrfti að útbúa formlegt frv. til þess að þjóð og þm. gætu sem best kynnt sér þessi mál og hefðu aðstöðu til að mynda sér skoðanir.

Út af gagnrýni á því hvernig þetta mál er borið fram, þ. e. á forsrh., vil ég taka það fram að meiri hl. stjórnarskrárnefndar var einmitt fylgjandi þeirri aðferð að forsrh. bæri frv. fram, enda er það nú þannig líka **samkv**. okkar stjórnskipun og stjórnarfari að stjórnarskráin og þar með endurskoðun hennar heyrir undir forsrh.

Í þessu frv. til nýrrar stjórnarskrár er komið inn á margvíslegar breytingar, sem nauðsynlegar voru frá þeirri gömlu stjórnarskrá, sem er 100 ára gömul og vel það. Og það er von mín, að áður en langt um líður auðnist hinni íslensku þjóð að eignast nýja stjórnarskrá, sem verður grunnur að sönnu lýðræði, frelsi og framförum í anda bestu sona þessarar þjóðar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var verðbólga í landinu rúmlega 60% og var á uppleið. Því miður fékk Framsfl. því ekki framgengt í ríkisstj. að niðurtalningarstefnunni, sem gaf góða raun á árinu 1981, yrði fylgt nægilega eftir. Á aðeins átta mánuðum lækkaði verðbólga þá úr 60% niður í 40%. Það strandaði á Alþb. að fylgja málinu nægilega eftir.

Alþjóðleg efnahagskreppa, sú versta síðan 1930, ásamt stórfelldum samdrætti í þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum, svo og óraunhæfum kjarasamningum á seinasta ári, hefur valdið verulegri hækkun verðbólgu á seinustu mánuðum. Í ágústmánuði s. l. samþykkti ríkisstj. að taka upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun til að lækka verðbólgu. Einnig var samþykkt að lækka gengi. Þá var og samþykkt að skerða verðbætur launa 1. des. s. l., að greiða láglaunabætur og lengja orlof. Þessar samþykktir voru allar framkvæmdar nema ein, sú þýðingarmesta, að breyta viðmiðunarkerfinu, að breyta ranglátu og úreltu vísitölukerfi. Því miður brást Alþb. í þessu efni og skorti kjark til að standa við gerða samninga.

Hlutur stjórnarandstöðunnar á Alþingi í vetur hefur í senn verið neikvæður og næsta ömurlegur og hefur byggst á því fyrst og seinast að torvelda skynsamlegar aðgerðir til viðnáms verðbólgunni. Samdráttur Alþb., Alþfl. og Sjálfstfl. verður stöðugt meira áberandi með degi hverjum. Hann hófst með því að þessir flokkar tóku höndum saman um að stöðva frv. forsrh. og hans manna og framsóknarmanna hér á Alþingi og með hinni neikvæðu þróun efnahags- og atvinnumála ásamt stöðvun þessa máls steyptist yfir þjóðina nú 1. mars s. l. verðbólguflóð sem vandséð er hvernig mönnum gengur að ráða við. Nú beinist þetta samstarf þessara flokka að því að leggja til hliðar nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum fram á haust og leggja áherslu á að ganga til tvennra kosninga í vor og sumar.

Verðbólgan mun að lokum leiða yfir þjóðina atvinnuleysi og upplausn í efnahagsmálum. Jákvæð þróun lífskjara er mjög háð því að það takist að beisla verðbólguna. Það verða settar fram aðallega tvær kenningar í þessu efni: Annars vegar er sú stefna Sjálfstfl. — leiftursókn gegn verðbólgu — að reyna að slá verðbólguna niður nánast í einu höggi. Sú stefna mun leiða af sér fjöldaatvinnuleysi. Hins vegar er sú stefna Framsfl. að telja verðbólguna niður í áföngum, t. d. á tveggja ára tímabili. Niðurtalning verðbólgu var framkvæmd mestan hluta ársins 1981 með ágætum árangri og án þess að þá kæmi til skerðing á kaupmætti launa.

Síðan í janúar 1982 hefur glíman staðið um það í ríkisstj. og síðar á Alþingi að gera róttækar breytingar á vísitölukerfinu til þess að bremsa verðbólguna. Framsfl. telur það brýnasta verkefni næstu mánaða að bæta

rekstrarstöðu atvinnuveganna, auka framleiðslu og reyna að draga úr hinum hættulega viðskiptahalla við útlönd. Flokkurinn leggur til að gerð verði tveggja ára efnahagsáætlun sem leiðir til hjöðnunar verðbólgu. Nýtt og breytt viðmiðunarkerfi ásamt hliðarráðstöfunum til þess að verja kaupmátt launa, svo og samræmdri stefnu í efnahagsmálum að öðru leyti, er að okkar mati forsenda þess að hægt sé að ná tökum á verðbólgunni. Ef ekki næst samkomulag um slíka áætlun verður að lögfesta hana og halda lögin.

Í full þúsund ár hafa Íslendingar byggt ríki sitt á lögum og rétti. Alþingi hefur verið burðarás þjóðskipulagsins. Ef sameiginleg vandamál þjóðarinnar verða ekki leyst með öðrum hætti, er þá um annað að ræða en að rétt kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi leiði málin til lykta? Ég held ekki. Og þá verða Íslendingar að minnast hinna fornu spakmæla, að með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða. — Ég þakka áheyrnina.

Jón Helgason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Umr. um þau áföll sem íslenskur þjóðarbúskapur varð fyrir á s. l. ári munu ekki hafa farið fram hjá neinum. Fram að því höfðu þjóðartekjur farið vaxandi. En vandi landbúnaðarins á sér þó nokkru lengri aðdraganda, er verðfall á erlendum mörkuðum varð svo mikið að útflutningur margra búvara var útilokaður. Íslensk bændastétt hefur þó með sameiginlegu átaki til að miða framleiðslu við markaðsaðstæður komið í veg fyrir miklu meira tjón en ella hefði orðið.

Sem betur fer hefur þó ekki þurft að snúast til varnar eingöngu með neikvæðum aðgerðum. Loðdýraræktin hefur náð öruggri fótfestu svo að þar gætir vaxandi bjartsýni, enda gefur hún hlutfallslega miklar gjaldeyristekjur. Þar er einnig dæmi um hvernig hagsmunir og möguleikar atvinnuveganna tengjast, þar sem í fóður nýtist betur úrgangur við vinnslu sjávarafla, en betri nýting og úrvinnsla hráefnis er forsenda batnandi lífskjara.

Vonir hafa vaknað um að rækta megi hér nokkuð af því korni sem nú er flutt inn í svo miklum mæli til fóðurs. Þannig má rekja áfram. En á öllum sviðum þurfum við að leita nýrra leiða. Erfið staða Áburðarverksmiðju ríkisins veldur bændum áhyggjum. Framsfl. leggur áherslu á að eigandi verksmiðjunnar verði að hlaupa undir bagga svo að verðhækkun áburðar verði ekki meiri en almenns verðlags í landinu.

Því er ekki að neita að hagsmunir landbúnaðarins eiga nokkuð þungt fyrir fæti. Allir minnast útgönguliðsins hér á Alþingi vorið 1979, þegar verja skyldi bændur að nokkru fyrir þungu áfalli á hörðu vori. Og á s. l. sumri virtist Alþb. sameinast útgönguliðinu þegar það lagði til við samninga um efnahagsmál að útflutningsbótaréttur landbúnaðarins yrði afnuminn.

En tvímælalaust er það verðbólgan sem veldur þyngstum búsifjum hjá bændum eins og öðrum atvinnurekstri í landinu og einstaklingum. Það urðu framsóknarmönnum því ákaflega mikil vonbrigði þegar hinir flokkarnir fengust ekki til að styðja aðgerðir til að draga úr verðhækkunum 1. mars s. l. Fyrst lögðust þeir gegn vísitölufrv. og síðan fékkst ekki stuðningur við auknar niðurgreiðslur.

Það er ekki hægt að hafa nógu sterk orð um hversu ábyrgðarlaus slík afstaða er, sérstaklega þó með tilliti til þess, að á sama tíma kom fram í viðræðum um stjórnarskrármálið till. frá þessum sömu flokkum um að allir flokkar gerðu með sér samkomulag um tvennar kosningar á næstu mánuðum án myndunar ríkisstj. sem styddist við nægan meiri hl. til að taka á efnahagsmálum. Framsóknarmenn höfnuðu þessu algerlega. En hinir flokkarnir hafa nú myndað nýjan meiri hl. til að stýra gangi íslenskra stjórnmála að kosningum loknum og innsigla bráðralagið með óvenjulegum tillöguflutningi hér á Alþingi. En hvernig verður forusta þar?

Framsfl. telur þessa stefnu hins nýja meiri hluta óábyrga.

Framsfl. stendur að stjórnarskrárbreytingunni, enda hefði margt farið þar á verri veg að okkar mati án hans áhrifa. En Framsfl. telur að sú breyting geti náð fram með eðlilegum hraða án þess að valda öngþveiti í efnahagsmálum og stofna atvinnulífinu í hættu. Framsfl. leggur því áherslu á að mynduð verði sterk meirihlutastjórn þegar að loknum kosningum 23. apríl n. k. Slík stjórn mun síðan kveðja saman þing til að samþykkja nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum og breytingarnar á stjórnarskránni.

Um þessar andstæðu skoðanir Framsfl. og þríflokkabandalagsins verður kosið í komandi kosningum. Úrslit kosninganna munu ráða hve staða Framsfl. verður sterk til að koma á festu í íslenskum stjórnmálum. Vandi þjóðfélagsins verður ekki leystur með því að auka á úlfúð og sundrungu í þjóðfélaginu. Hann verður ekki leystur með ásökunum um illar hvatir og mannvonsku þeirra sem hafa önnur sjónarmið. Í kosningum á að velja forustu til að byggja upp fyrir framtíðina, en ekki rífa niður. Kosningar eiga að vera jákvæð athöfn. Framsfl. leggur áherslu á, að aðeins með samstarfi og samvinnu leysum við vandamál okkar. Með tilliti til þess ástands sem nú ríkir í stjórnmálum er Framsfl. eina aflið sem getur haft forustu um það.

Guðmundur Bjarnason: Góðir áheyrendur. Störf þess þings, sem nú er senn að ljúka, hafa verið með nokkuð sérkennilegum hætti og seinustu dagana hafa þau því miður verið nánast með eindæmum. Nýr meiri hl. hefur myndast um þáltill. sem kveður á um samkomudag Alþingis í maíbyrjun. Till. þessi er alger sýndarmennska. Yfirskinið er að takast á við efnahagsmál að loknum kosningum, en tilgangurinn sá einn að knýja á um nýjar síðar í sumar til að endurreisa á þingi fallkandídata úr fyrri kosningum, þingflokksformenn Alþb. og Sjálfstfl., sem óttast nú mjög um sinn hag og ganga þessa dagana sem trúlofaðir um sali Alþingis. Það er því að vonum að till. þessari hafi verið gefið nafnið hringavitleysa.

Hvort á heldur að sitja í fyrirrúmi, nýjar kosningar og stjórnarfarsleg sjálfhelda fram í ágúst eða jafnvel sept. að tillögu Alþb. og Sjálfstfl. eða uppbygging atvinnulífs og úrbætur í efnahagsmálum, eins og við framsóknarmenn leggjum til?

Kjörtímabilinu er að ljúka. Stjórnvöldum hefur tekist að koma áfram ýmsum mikilvægum framfaramálum. Ég vil nefna samgöngumálin. Miklar framkvæmdir hafa verið í vegamálum og bundið slitlag lagt á fleiri km en nokkru sinni fyrr. Bundið slitlag er nú á um það bil 600 km vega og þar af hafa fast að 400 km verið lagðir á seinustu þremur árum, í tíð Steingríms Hermannssonar samgrh., og áætlað er að bæta 150 km við í sumar.

Þessar framkvæmdir spara bifreiðaeigendum stórfé í lækkuðum rekstrarútgjöldum.

Einnig má nefna lagningu sjálfvirks síma í sveitum, sem miðað hefur vel áfram, og í dag samþykkti Alþingi till. okkar framsóknarmanna um að ljúka við rafvæðingu dreifbýlis á næsta ári.

Þá hafa miklar framkvæmdir átt sér stað í hafnargerð, byggingu skólamannvirkja, ýmissa menningarstofnana, svo sem útvarpshúss, þjóðarbókhlöðu og heilbrigðisstofnana, svo að eitthvað sé nefnt af hinum fjölmörgu framfaramálum.

Því miður hefur ekki tekist jafnvel til á öllum sviðum. Við höfum orðið undir í glímunni við verðbólguna. Er þar að sjálfsögðu ýmsu um að kenna, en ekki síst því, að samstarfsaðilar okkar hafa ætíð færst undan, dregið úr og ekki þorað að taka á málum. Afleiðingar þess koma víða við. Raforkuverð hefur farið upp úr öllu valdi og er nú nánast óbærilegt þeim sem þurfa að hita upp hús sín með rafmagni. Mikil verðbólga, dýrar orkuframkvæmdir og erlendar lántökur eiga auðvitað sinn þátt í því hvernig komið er. En mestu munar þó um að iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni hefur ekki tekist að ná fram hækkun á orkuverði til stóriðju. Hvort hér er um að kenna getuleysi eða viljaleysi hæstv. ráðh. skal ósagt látið, en ljóst er að ekki verður lengur við unað og eitt af brýnustu verkefnum nýrra stjórnvalda er að jafna orkukostnaðinn, ef ekki á að leiða til stórfelldrar byggðaröskunar.

Þá hefur verðbólgan orðið húsbyggjendum þung í skauti og forusta félmrh., Svavars Gestssonar, ekki dugað til að leysa þau vandamál sem þar blasa við, einkum hjá ungu fólki og þeim sem byggja eða kaupa húsnæði í fyrsta sinn. Við framsóknarmenn höfum lagt til að mæta þörfum þessa fólks með hærri lánum og lengri lánstíma auk þess sem við höfum lagt áherslu á mikilvægi byggingarsamvinnufélaga.

Senn verður gengið til kosninga. Framsfl. leggur til að eftir kosningar verði tekið á hinu alvarlega ástandi í efnahagsmálum af festu — festu sem nær tökum á verðbólgunni, festu sem rýfur þann vítahring verðlags og kaupgjalds sem nú er nánast lögbundinn og ekki er lengur nein trygging fyrir það fólk sem helst þarf á vernd að halda heldur þvert á móti magnar verðbólguna og skerðir á þann hátt mest hlut þess sem vernda átti. Af festu verði tryggð undanbragðalaus niðurtalning verðbólgunnar.

Síðan viljum við framsóknarmenn leggja áherslu á sókn — sókn sem tryggi og treysti undirstöður atvinnuveganna og fjölbreytni atvinnulífsins þannig að allar vinnufúsar hendur fái verk við hæfi og atvinnuleysisvofunni verði bægt frá. Með nýrri sókn þarf að efla og styrkja hefðbundnar atvinnugreinar og skapa nýjar.

Með þessu viljum við framsóknarmenn búa þjóðinni framtíð — framtíð sem áfram tryggir börnum okkar og komandi kynslóðum þau lífskjör sem við nú búum við. Við viljum vara við og minna á að það er ekkert *sjálfsagt mál* að svo verði ætíð. Í *nágrannalöndum* okkar ríkir víða alvarlegt ástand, þar sem hörmungar atvinnuleysis hafa haldið innreið sína. Gegn slíku ástandi verðum við að berjast.

Með festu í efnahagsmálum og sókn í atvinnulífi viljum við framsóknarmenn tryggja þá framtíð sem felur í sér áframhaldandi velmegun, efnahagslegt sjálfstæði og jöfnuð í þjóðfélaginu. — Ég þakka áheyrnina.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í ölduróti verðbólgu og upplausnar, sem verið hefur í þjóðfélaginu mörg undanfarin ár, hefur hornsteinn þjóðfélagsins, heimilið og fjölskyldan, orðið undir. Unga fólkið, sem er að stofna heimili og leggja grunn að sinni framtíð, býr við áhyggjur og öryggisleysi. Því fer fjarri að okkur hafi tekist að gefa því trú á framtíðina. Oft er um að ræða ungt fólk í námi sem hefur litlar tekjur. Á leigumarkaðinum er ekkert að hafa. Lán lífeyrissjóða og Húsnæðisstofnunar duga hvergi og hefja verður píslargöngu milli bankastofnana og brúa bilið með þungbærum skammtímalánum, sem enda síðan oft með að unga fólkið sligast undir greiðslubyrðunum og gjaldþrot heimilanna og jafnvel upplausn þeirra blasir við. Alþfl. knúði hart á um aðrar breytingar samhliða verðtryggingunni 1979, en allt kom fyrir ekki. Vaxtastefna ríkisstj. hefur því komið niður á húsbyggjendum með fullum þunga.

Þær margvíslegu tillögur, sem Alþfl. hefur lagt fram á Alþingi í húsnæðismálum s. l. þrjú ár, hafa fæstar náð fram að ganga, svo sem lenging lánstímans, viðbótarlán úr bankakerfinu og að greiðslubyrði verði aldrei meiri en nemur hækkun launa.

Það eru ekki bara heimili unga fólksins sem á hafa verið lagðar drápsklyfjar. Mörg alþýðuheimili í þessu landi berjast í bökkum og eiga ekki fyrir brýnustu nauðsynjum. Bág rekstrarstaða heimilanna rekur báða foreldrana út á vinnumarkaðinn og margir foreldrar búa við nánast vinnuþrældóm. Ekki síst bitnar þetta á konum.

Sundurslitinn skóladagur barnanna, skortur á dagvistarrými og athvarfi fyrir börnin eftir að skólatíma lýkur er þeim sífellt áhyggjuefni og skapar þeim öryggisleysi á vinnumarkaðinum. Þar á ofan bætist misréttið í launamálum, þegar vinnuframlag kvenna er oft og tíðum metið til lægri launa en karla, jafnvel fyrir sömu störf. Öryggisleysi þeirra er einnig mikið ef þær búa í óvígðri sambúð. Þá er eigna- og erfðaréttur þeirra mjög ótryggur og lífeyrisréttindi þeirra eru oft ótrygg séu þær heimavinnandi. En þrátt fyrir misrétti í lífeyrismálum landsmanna er því enn slegið á frest að koma á samræmdu lífeyrisréttindakerfi.

En þessi mál og fleiri hafa orðið útundan í þeirri efnahagslegu upplausn, sem að mestu rangar ákvarðanir í efnahags- og atvinnumálum hafa leitt yfir þjóðina. Öll viðvörunarorð Alþfl. allt frá 1978 hafa reynst á rökum reist. Þá átti að þröngva Alþfl. til að ganga gegn eigin stefnu og fylgja hinum flokkunum á braut skammtímaráðstafana. En nú verður vandanum ekki lengur velt yfir á heimilin í landinu, sem eru að kikna undan byrðum sem á þau hafa verið lagðar.

Það gengur ekki lengur að þeir, sem trúað er fyrir stjórn þessa lands, sigli þjóðinni hvað eftir annað í slíkar ógöngur að fólk fyllist vonleysi og bölsýni yfir framtíðinni og búsetu í þessu landi. Það gengur ekki lengur að halda sér á floti með erlendum lántökum sem á tímum þriggja bestu aflaára í sögu þjóðarinnar hafa vaxið úr 3 milljörðum í nærfellt 20 milljarða. Nú er svo komið að efnahagslegt sjálfstæði okkar er í húfi.

Sannleikurinn er líka sá, að undirstöður atvinnulífsins eru að bresta og atvinnuöryggið er í hættu vegna ábyrgðarleysis valdhafa og margra atvinnurekenda. Þeir sem ábyrgð hafa borið á stjórn landsmálanna hafa

áunnið sér þann vafasama sess í þjóðarsögunni að ræna eldri kynslóðina sparifé sínu og veðsetja erlendum lánardrottnum framtíð uppvaxandi kynslóðar. Vanskilaskuldir verðbólguáratugarins eru sá arfur sem þeir skila næstu kynslóð. Þetta ábyrgðarleysi bitnar nú með ofurþunga á velferð fjölskyldunnar og afkomu heimilanna.

Þetta land býr yfir óþrjótandi verkefnum og ónýttum möguleikum til að skapa hér betri lífskjör, atvinnuöryggi og félagslegar framkvæmdir. Rányrkjustefnu til sjávar og sveita verður að linna. Fjárfestingarstefnan í landbúnaði og fiskiskipastól hefur reynst þjóðinni dýrkeypt í skuldasöfnun og sköttum og lækkandi launum sjómanna og verkafólks, hvernig svo sem Steingrímur sjútvrh. eða Pálmi landbrh. reyna að réttlæta vitleysuna. Þessar atvinnugreinar taka ekki við mannaflaaukningu á vinnumarkaðinum næstu árin. Það verður að beina fjárfestingunni í auknum mæli í fiskirækt, í úrvinnsluiðnað og fullnýtingu sjávarafurða, sem margfalda verðmæti hráefnanna, svo og orkuframkvæmdir, orkufrekan iðnað og almennan iðnað, sem allt of lengi hefur verið hornreka eins og dæmin sanna. Á þennan hátt má skapa fjölmörg ný atvinnutækifæri.

Í þeirri baráttu, sem fram undan er til að leysa aðsteðjandi vanda, verður að vera í öndvegi þjóðarsátt, ábyrgð og samstaða. Þeirri upplausn, sem verið hefur á Alþingi í vetur og reyndar s. l. þrjú ár, verður að linna.

Í reynd eru nú þegar sex þingflokkar á Alþingi. Reynsla þessa vetrar sýnir að tilvist fleiri þingflokka mun magna öngþveitið. Slík þróun getur leitt til lömunar þingræðisins. Það er tímanna tákn að ný stjórnmálasamtök hafa gert afnám þingræðisins að sínu aðalmáli og skeyta því engu að afleiðingin getur orðið sú að gera ríkjandi stjórnleysi að varanlegu ástandi.

Það er dæmigert um tíðarandann, að mönnum sem sækjast eftir frama í stjórnmálum verður bumbult af eigin meðulum og sætta sig ekki lengur við niðurstöður prófkjara eða kosninga á flokksþingum og stofna því eigin bandalög. Og eitt er víst: Stjórnmálamenn sem ekki geta tekið ósigri með æðruleysi og jafnaðargeði munu aldrei leysa annarra vanda, hvað þá heldur þjóðarheildarinnar, og erfiðleikarnir minnka ekki þó að einhver reyni að spenna regnhlíf yfir alla óánægju í þjóðfélaginu.

Góðir Íslendingar. Okkar bíður ný sjálfstæðisbarátta á næstu árum. Efnahagslegt sjálfstæði og pólitískt sjálfsforræði þjóðarinnar er í veði. Öll verðum við að leggja okkar af mörkum, hvert eftir efnum og ástæðum. Þessa nýju sjálfstæðisbaráttu eigum við ekki að heyja undir merkjum þjóðernisrembings eða einangrunarstefnu. Á hinni pólitísku forustu hvílir sú skylda að setja þjóðinni markmið, að sætta andstæð öfl og fylkja þeim til sameiginlegrar baráttu í þágu þjóðarinnar allrar.

Hin nýja sjálfstæðisbarátta snýst um atvinnuöryggi launafólks, endurreisn efnahags- og atvinnulífs, afkomuöryggi heimilanna og mannréttindabaráttu unga fólksins í húsnæðismálum. Í þeirri uppstokkun, sem óhjákvæmilega er fram undan, verður að tryggja afkomu láglaunaheimilanna og hlífa þeim við að bera aukna byrði, þó þeir betur settu verði að taka á sig enn um sinn tímabundnar fórnir. Þau kjör sem láglaunaheimilum eru búin eru til háborinnar skammar þessu þjóðfélagi. Tekjuskiptingunni verður að breyta, því sannleikurinn er sá, að hluti þjóðarinnar skammtar sér sjálfur kjör meðan öðrum er skammtað úr hnefa.

Lægstu launin í þjóðfélaginu verður að hækka verulega. Meðan atvinnurekendur, sem einhliða ráða stórum hluta launa í landinu, telja sig geta hyglað þeim betur settu með yfirborgunum, duldum greiðslum og fríðindum, þá er þeim vorkunnarlaust að hækka verulega skammarlega lág laun margra í þessu þjóðfélagi, þess fólks sem oft vinnur erfiðustu störfin. Tryggja verður afkomu heimilanna með því að ábyrgjast öllum lágmarkslífskjarastig, sem verðbólga, tekjumissir vegna sjúkdóms, aldurs og örorku eða annarra óviðráðanlegra ástæðna fá ekki hróflað við.

Góðir hlustendur. Látum ekki erfiðleikana buga okkur eða draga úr okkur kjark. Þrátt fyrir mistök í fortíðinni getum við enn skapað þjóðinni bjartari framtíð. Til þess þarf þjóðarsátt og samstöðu um nýjar leiðir. Leiðir hinna flokkanna hafa verið þrautreyndar án árangurs. Alþfl. mun hér eftir sem hingað til berjast fyrir breyttri stefnu í efnahags- og atvinnumálum og er reiðubúinn að axla þá ábyrgð sem nýjum leiðum fylgir. Þær leiðir munu skila sér í betri lífskjörum og framþróun í þessu landi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Núv. ríkisstj. hefur haft þrjú ár til þess að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í lag. Núv. ríkisstj. hefur nákvæmlega ekkert gert. Það liggur ekkert eftir hana sem máli skiptir. Verðbólgan æðir áfram og þarf ekki að rekja þá sögu.

Ég held að endalok þessa þings séu með einhverjum óvenjulegasta hætti sem þm. hafa orðið vitni að um langt árabil og senn lýkur störfum núv. ríkisstj., sem er um margt einhver óvenjulegasta ríkisstj. sem hefur verið við völd í þessu landi. Ég held að menn verði að átta sig á því, og alþjóð ekki síður en þm. og kannske miklu fremur, að efla verður það sem við Alþfl.-menn höfum kallað þjóðarsátt. Það er ekkert annað sem gildir. Það er alveg ljóst, að sú upplausn og sá órói, sem nú ríkir í þjóðfélaginu, er ekkert annað en eldsmatur þeirra afla sem geta komið þjóðfélaginu á kaldan klakann. Ég held að við verðum að líta á það sem raunverulega skiptir máli núna.

Við björgum engu með látlausum deilum. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum. Við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir sem við okkur blasa og taka mark á þeim. Við verðum að horfast í augu við það, að langtímaskuldir þjóðarinnar nema nú tæplega 100 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn og sú lánsfjáráætlun, sem hér átti að afgreiða, en varð því miður ekki afgreidd og mun það koma mjög illa við atvinnuvegi þjóðarinnar, bætir við 15 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu í erlendum skuldum. Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel að nú dugi ekkert annað en sátt á milli þéttbýlis og dreifbýlis, sem óábyrgir menn hafa stuðlað að ósátt með. Ég er þeirrar skoðunar, að hér verði maður að standa með manni, ef við eigum að ná árangri. Við getum ekki leyft okkur það áfram að standa í óvígum fylkingum hver á móti öðrum. Slíkt gengur ekki til lengdar. Ég held að við mættum á þessari stundu huga að ýmsum fornum dyggðum, sem hafa gefist þjóðinni vel, að aðhaldi og nýtni og sparnaði, sem ég tel að ríkið verði að hafa forgöngu um. Það er hægt að spara og það geta margir sparað, en það geta ekki allir sparað. Sumir hafa lítið annað en tekjur fyrir nauðþurftum.

Ég held líka á þessari stundu að við megum ekki

gleyma þeim sannindum að öflugur atvinnurekstur í landinu er hagsmunir launþega og það eru hagsmunir launþega, að atvinnureksturinn geti gengið og það eru líka hagsmunir atvinnurekstrarins að launþegar hafi lífvænleg kjör. Við verðum að snúa við blaðinu, eins og við höfum kallað það og sagt, Alþfl.-menn, og hefja nýja sjálfstæðisbaráttu í efnahagslegu tilliti. Annað dugar ekki. Frá árinu 1978 höfum við þráfaldlega klifað á því að það yrði að taka hér upp gjörbreytta efnahagsstefnu. Við endurtókum þetta 1979. Við endurtókum það við stjórnarmyndunarviðræður 1980. Það var ekki tekið mark á orðum okkar, því miður. Við sögðum þá við þjóð og þing að við stefndum á vit kreppu. Þau orð hafa sannast. Kreppan er að ganga í garð.

Nú, fyrir þær kosningar sem fram undan eru, erum við ennþá sannfærðari um að tillögur okkar eru í fullu gildi og við munum berjast fyrir þeim. Ég held, herra forseti, af því að mér er naumt skammtaður tíminn, að ég hljóti að hafa það að mínum lokaorðum að reyna að efla með þjóðinni bjartsýni á orkulind sem fæstir hafa talað um. Það er orkulindin sem felst í þjóðinni sjálfri, í þekkingu, þrautseigju, dugnaði og krafti við það að takast á við erfiðleikana. Þjóðin hefur áður staðið saman í miklum erfiðleikum. Ég vil minna á landhelgisstríðin, sem þjóðin hefur háð. Þar stóð hún saman sem einn maður. Ég er sannfærður um að ef við hefðum getað orðið sammála um nýja og gerbreytta efnahagsstefnu gætum við með sameiginlegu átaki brotist út úr þeim vítahring sem við erum nú í og stofnar öllum atvinnurekstri og kjörum allra launþega í stórfellda hættu.

Ég vil að endingu segja þetta við fólkið í þessu landi og þm.: Við skulum hætta þessu svartagallsrausi og við skulum taka upp bjartsýni á landið okkar og þjóðina okkar, því að landið er góð móðir þó að hún sé stundum hörð.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Eru þjóðleg viðhorf á undanhaldi? Er að hverfa sú reisn sem einkenndi þessa þjóð í sjö aldir og dugði henni vel í baráttu gegn nýlenduáþján og kúgun? Spurt er að gefnu tilefni.

Fyrir Alþingi liggur till. til þál. um samninga við Alusuisse. Till. gerir ráð fyrir að auðhringurinn fái stækkun á álverinu í forgjöf áður en samningar hefjast. Hún fjallar m. ö. o. um að Alþingi Íslendinga, elsta löggjafarsamkoma í heimi, hneigi sig fyrir auðhringnum Alusuisse. Flm. eru sex, úr þremur stjórnmálaflokkum, undir forustu Eggerts Haukdals, stjórnarformanns Framkvæmdastofnunar ríkisins. Með honum í för eru Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl., og Halldór Ásgrímsson, varaformaður Framsfl., svo að nokkrir séu nefndir úr þessari sveit liðsmanna Alusuisse, sem hefur gengið fram fyrir skjöldu hér á Alþingi Íslendinga á undanförnum sólarhringum.

Þessir menn eiga vafalaust einhvern stuðning á Alþingi Íslendinga, en till. þeirra náði ekki fram að ganga. Hún var stöðvuð. Hins vegar hefur hún þegar haft nokkur áhrif. Forstjóri ÍSALs er farinn með till. í farangri sínum suður til Sviss. Þangað fór hann á laugardagsmorguninn um það leyti sem við gengum hér út úr Alþingishúsinu, að umræðum var að ljúka um álmálið hér í þessu húsi. Með Ragnari Halldórssyni fór Guðmundur H. Garðarsson, formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

Kannske hafa þeir fært Müller og Meyer tillöguna í gylltum ramma, kannske skrautritaða, kannske með myndum af flm. sex úr álflokkunum þremur. Ekki veit ég það, en hitt veit ég, að þessi tillöguflutningur er til marks um niðurlægingu og þau áhrif sem hinn erlendi auðhringur hefur nú þegar á Íslandi. Till. er einnig hápunkturinn á rógsherferð álflokkanna þriggja gegn Hjörleifi Guttormssyni. Hún er flutt sama daginn og samkomulag hafði náðst við formann Framsfl. í ríkisstj. um meðferð þessa máls. Þeirri till. hafnaði Framsfl. Halldór Ásgrímsson og Ólafur Þ. Þórðarson tóku völdin af formanni sínum og fluttu till. dæmalausu.

Á leiðinni til Sviss hafa þeir Ragnar Halldórsson og Guðmundur H. Garðarsson vafalaust einnig fjallað um stefnumál Sjálfstfl. og Verslunarráðs Íslands, en Ragnar Halldórsson er formaður þess sem kunnugt er. Í þeirri stefnu er nú gert ráð fyrir því að fella niður öll framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er gert ráð fyrir að fella niður öll framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og það er gert ráð fyrir að fella niður öll framlög til Byggingarsjóðs verkamanna. Húsnæðislánin eiga því samkv. þessari stefnu Sjálfstfl. ekki að hækka, eins og við gerum kröfu til, heldur að lækka.

Í till. Alþb. innan núv. ríkisstj. hefur legið fyrir till. um að hækka hin almennu húsnæðislán verulega, einkum til þeirra sem byggja og kaupa í fyrsta sinn, með því að taka bankakerfið og lífeyrissjóðina með inn í myndina. Alþb. hefur einnig lýst sig reiðubúið til sérstakrar fjáröflunar, t. d. með söluskattsstigi, til að standa undir hærri húsnæðislánum. Þessar tillögur hafa legið fyrir ríkisstj. lengi. Þeim hefur enn verið hafnað.

Við leggjum á það áherslu, Alþb.-menn, í þeirri kosningabaráttu, sem nú er að hefjast, að verulegt skref verði stigið í átt til lausnar á þessum vandamálum húsbyggjenda í landinu — og við höfum aldrei séð þær tillögur um húsnæðismál sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason talaði um áðan í ræðu sinni.

Gegn stefnu Verslunarráðs Íslands, Varðarfélagsins og borgarstjórnaríhaldsins í Reykjavík teflir Alþb. fram stefnu sinni og leggur til að farin verði íslensk leið að markinu út úr þeim vandamálum, sem þjóðin nú býr við, gegn kreppu og gegn atvinnuleysi. Sú íslenska leið felur m. a. í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Fulla atvinnu, aukna framleiðslu, sparnað og minni innflutning til að draga úr erlendum lánum og viðskiptahalla.
2. Íslenska auðlindastefnu og umhverfisvernd gegn arðráni og mengun erlendra stórfyrirtækja.
3. Baráttu gegn verðbólgu og sjálfvirkni í efnahagskerfinu, sem nú setur allt á annan endann.
4. Baráttu fyrir friði, gegn herstöðvum í stað vígbúnaðar herveldanna.

Við höfum orðið vör við það, að ákall okkar um einingu hefur vakið mikla athygli. Ungt fók hefur lýst áhuga á því að starfa með Alþb. í vaxandi mæli. Þeir sem hingað til hafa stutt Alþfl. vilja nú margir verða samferða Alþb. Alþb. er eini stjórnmálaflokkurinn sem gengur nú heill til kosninga. Allir hinir flokkarnir eru klofnir niður í rót.

Við leggjum á það áherslu, að strax að kosningum loknum verði mynduð ríkisstjórn sem fyrir 1. maí geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gang atvinnuveganna — ríkisstjórn sem getur dregið úr hraða

verðbólgunnar án þess að það komi niður á kaupmætti almennra launa. Við viljum verja Ísland fyrir atvinnuleysinu. Það er eðlilegt verkefni nýrrar ríkisstjórnar að ákveða þetta eftir kosningar, þar sem núv. ríkisstj. segir af sér þá samkv. yfirlýsingum sem þeir hafa gefið Pálmi Jónsson og Steingrímur Hermannsson. Þannig er ljóst að ný ríkisstjórn og nýtt þing verða að taka á vandanum og það strax. Það var þess vegna sem við fluttum tillögu að viljayfirlýsingu um að Alþingi skuli koma saman hið fyrsta eftir kosningar og eigi síðar en 18 dögum eftir þær. Það væri ábyrgðarleysi að kalla þingið ekki saman. Alþingi hefur fallist á þessa afstöðu okkar og tveggja annarra stjórnmálaflokka.

Í upphafi var spurt hvort þjóðleg viðhorf, íslensk sjónarmið, væru á undanhaldi. Tilefnið var tillaga sexmenninganna úr álflokkunum þremur. Svarið við spurningunni liggur ekki fyrir enn, en það liggur fyrir eftir kosningarnar. Þá verður kosið um það, hvort þjóðin vill skapa víðtæka einingu um íslenska leið eða hvort menn kjósa að slást í för með formanni Verslunarráðsins og formanni fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna til Sviss. Það er spurningin.

Góðir hlustendur. Veitið Alþb. athygli í kosningabaráttunni sem nú er að hefjast. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góðir hlustendur. Forustumönnum stjórnarandstöðunnar þykir bera vel í veiði í komandi kosningum. Er ekki útlitið dökkt hjá atvinnuvegunum?, sagði Matthías Mathiesen hér áðan. Hefur ekki kaupmáttur launa minnkað?, spyrja þeir líka. Er ekki verðbólgan í hámarki? Og þeir bæta við: Allt er þetta ríkisstj. að kenna. Það sem nú þarf fyrst og fremst að gera er að losna við núv. ríkisstj. Svo einfalt er það, góðir hlustendur.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa ekki orð á því að nú sé kreppa í öllum nálægum löndum. Þeir ræða minna um það, að íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir meira áfalli á seinasta ári en nokkru sinni fyrr um áratuga skeið. Nei, þetta er allt mjög einfalt. Við þurfum að losna við þessa ríkisstj. og síðan verður allt í lagi. En ég spyr: Eru þeir menn traustvekjandi, eru þeir menn verðir trausts, sem ekki viðurkenna staðreyndir veruleikans?

Staðreyndir veruleikans blasa við allt í kringum okkur: 30 millj. manna eru á Vesturlöndum án atvinnu. Þúsundum fyrirtækja hefur verið lokað. Ríkisgjaldþrot vofir yfir mörgum þjóðum. En ofan á það ástand, sem er allt í kringum okkur og hefur margvísleg áhrif til hins verra á ástandið hér heima, bætist það að loðnan veiðist ekki, skreiðin selst ekki úr landi og þorskafli hefur minnkað. Þess vegna eru atvinnuvegir okkar í kreppu. Þess vegna hefur orðið að fella gengið verulega til stuðnings útflutningi. Þess vegna hefur verðbólgan aukist aftur.

Alþb. hefur horfst í augu við veruleikann. Framleiðslan hefur dregist saman. Þess vegna tekur þessi forustuflokkur verkalýðshreyfingarinnar hiklaust þátt í því að draga úr neyslu þjóðarinnar, m. a. með því að draga úr kaupmætti launa. En Alþb. setur þrjú skilyrði: Tryggja verður atvinnu fyrir alla um land allt, samdrátturinn í kaupmætti á ekki að verða meiri en samdrátturinn í framleiðslu þjóðarinnar og aðgerðum stjórnvalda má ekki beina að launanum einum. Þetta er okkar stefna. Við gerum ekki grundvallarbreytingar á verðbótakerfi launa nema jafnhliða séu gerðar breytingar á verðlagskerfi sjávarútvegs og landbúnaðar og á eyðslukerfi verslunar. Milliliðirnir verða að leggja sitt af mörkum. Við leysum ekki vandann með því að þykjast ekki sjá hann og enn síður leysum við vandann með því einu að skera niður verðbætur á laun, eins og Sjálfstfl. og Framsfl. hafa löngum hamrað á. Vísitölufrv., sem lagt var fram um daginn, hefði engan vanda leyst. Þar var till. um að fresta greiðslu verðbóta í einn mánuð, sem auðvitað hefði engu breytt nema því einu að valda launafólki stórfelldum vandræðum í marsmánuði. Hins vegar var ekki nokkur till. í þessu frv. um hámark verðbóta á hæstu laun, eins og við höfum oft lagt til og full þörf er á.

Núverandi vísitölukerfi má sannarlega breyta á ýmsa vegu, en breytinguna má ekki nota til að keyra almenn launakjör langt niður fyrir það sem samdrátturinn í þjóðfélaginu kallar á. Þetta er kjarninn í afstöðu okkar Alþb.-manna til efnahags- og kjaramála. Við viljum ekki að þjóðin lifi um efni fram. Við viljum ekki að þjóðarbúið sé rekið með halla. En þessu marki má ná án þess að skerða launakjörin meira en orðið er. Nákvæmlega sama gildir um rekstur ríkissjóðs.

Flokkur okkar, Alþb., er félagshyggjuflokkur. Við viljum auka félagslega þjónustu, t. d. þjónustu við sjúka og aldraða, þjónustu við börnin, þjónustu við lágtekjufólk. En samt er það grundvallarstefna okkar að ríkið eyði ekki meira en aflað er. Við gagnrýndum það harðlega á seinasta áratug þegar ríkissjóður var rekinn með miklum halla ár eftir ár og safnaði sívaxandi skuldum í Seðlabankanum með stöðugri seðlaprentun. En við höfum sýnt fram á það undanfarin þrjú ár að unnt er að reka ríkissjóð hallalausan og jafnvel skila afgangi upp í eldri skuldir, eins og gert hefur verið öll árin frá 1980, án þess að skerða félagslega þjónustu við fólkið í landinu.

Við höfum jafnvel sótt verulega fram á ýmsum mikilvægum sviðum. Ég minni á málefni fatlaðra og þroskaheftra eða húsnæðismál aldraðra. Stórátak hefur verið gert í öllum þessum málaflokkum. Lítum á uppbyggingu vegakerfisins. Sjá ekki allir hvílík stökkbreyting til batnaðar hefur orðið í uppbyggingu vegakerfisins?

Framlög til lista hafa tvöfaldast að raungildi á fáum árum, bæði til starfsemi atvinnufólks og áhugamanna. Félagslegar íbúðabyggingar á vegum Byggingarsjóðs verkamanna hafa aukist mjög verulega og stuðningur við námsmenn stóraukist. Þannig mætti lengi telja. Ég ítreka að þetta hefur tekist um leið og jafnvægi hefur verið skapað í rekstri ríkissjóðs. Þetta sama, nákvæmlega þetta sama, þarf að gerast í rekstri þjóðarbúsins. En þá þarf að gera fleira en fikta við vísitölu, sem sumir halda að sé allra meina bót. Við þurfum kerfisbreytingu á mörgum sviðum samtímis og róttækar aðgerðir, bæði til að spara í rekstri þjóðarbúsins og til að auka tekjur þess. Óðruvísi ná endarnir aldrei saman.

Í komandi kosningum standa Íslendingar frammi fyrir mörgum spurningum. Flokkum fjölgar, framboðum og flokksbrotum fjölgar. Varla verður það til góðs. Hvað tekur við að kosningum loknum? Framsóknarmenn eru að áfellast okkur fyrir að vilja fyrst gefa flokkunum 18 daga hlé til stjórnarmyndunar, en síðan komi þing saman aftur. Þetta felur alls ekki í sér neina

ákvörðun um nýjar kosningar, eins og þeir hafa haldið fram. Það verður algerlega á valdi nýrrar ríkisstjórnar að ákveða hvenær hún telur heppilegast að ákveða hvenær síðari kosningarnar fari fram.

Hlálegt er að horfa á tilburði forustumanna Framsfl. til að þyrla því moldviðri upp að sameiginleg ósk þriggja flokka um samkomudag Alþingis jafngildi því að þessir þrír flokkar ætli senn að fara að mynda stjórn. Þannig tala þeir einir sem vita upp á sig skömmina. Tvisvar sinnum á skömmum tíma hefur Framsfl. farið í bónorðsferð til Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og beðið um nýjan meiri hluta í veigamiklum málum þrátt fyrir yfirlýsta harða andstöðu okkar. Fyrst var það kuklið í vísitöluna 1. mars, sem ég nefndi áðan. En þá voru þeir hryggbrotnir af Sjálfstfl. *Sjálfstæðismönnum líkar ekki svona kukl.* Þeir vilja afnema verðbætur á laun.

Í seinna sinnið leitaði Framsókn til stjórnarandstöðunnar, hvort hún vildi ekki afhjúpa Hjörleif Guttormsson og skelegga stefnu hans gagnvart Álfélaginu. Þá sló Sjálfstfl. til ásamt Alþfl. og saman brugguðu þessir þrír flokkar nýja stefnu í álmálinu, sem felst í því að semja frið við auðhringinn. Í fyrsta lagi um smávægilega hækkun á raforkuverði til álhringsins, þótt ljóst sé að tvöföldun á raforkuverði sé það minnsta sem sanngjarnt getur talist ef unnt á að reynast að lækka raforkuverð til innlendra neytenda. Í öðru lagi að gefa þessum erlenda auðhring forgang um frekari aukningu álvinnslu á Íslandi. Þetta erlenda fyrirtæki, sem hefur blekkt okkur árum saman, bæði í skattamálum og ekki síður í mengunarmálum, á að fá það í morgungjöf á fyrsta samningadegi samkv. þál. Alþingis að það megi auka og stækka umsvif sín á Íslandi, og þessa þokkalegu stefnu sóttu forustumenn Framsfl. af slíku ofurkappi s. l. föstudag að umr. um till. var haldið áfram til kl. hálffimm um nóttina. Eftir þessa nótt er farið að tala um álflokkana þrjá manna á meðal — flokkana þrjá sem leggja slíkt ofurkapp á að koma höggi á okkur Alþb.- menn að þeir eyðileggja samningsstöðu okkar gagnvart erlendum andstæðingi með tillöguflutningi á Alþingi. En hver skyldi hafa glaðst meira yfir till. Halldórs Ásgrímssonar og Friðriks Sophussonar en einmitt svissneski álforstjórinn, sem væntanlegur er til landsins eftir nokkra daga.

Góðir Íslendingar. Það hefur margsinnis sýnt sig að einbeitt stefna Alþb. getur borið sigurorð af hólmi, þótt við ofurefli sé að etja við fyrstu sýn. Þetta gerðist í landhelgismálinu. Þar sigraði djörf stefna Alþb. að lokum. Þetta hefur einnig verið að gerast í flugstöðvarmálinu, svo að annað dæmi sé nefnt. Ef álflokkarnir svonefndu hefðu þar mátt ráða væru Íslendingar á annað hundrað millj. kr. skuldugri við erlenda banka, en ættu hins vegar mannvirki í sameign með bandaríska hernum, sem væri a. m. k. þrisvar sinnum of stórt fyrir þarfir landsmanna.

Þegar Íslendingar reisa nýja flugstöð af hæfilegri stærð eiga margir eftir að þakka okkur fyrir að hafa stöðvað risaútgáfu af flugstöð, sem orðið hefði okkur eilíf byrði í rekstri. Í álmálinu hefur Alþb. líka nokkra sérstöðu í svip. En í baráttunni við svissneska álhringinn treystum við því að fólkið í landinu muni hjálpa okkur að fylkja öðrum íslenskum stjórnmálamönnum bak við þá ófrávíkjanlegu kröfu að orkuverðið til álversins verði a. m. k. tvöfaldað svo að lækka megi innlent heildsöluverð á raforku um þriðjung. — Góða nótt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Almenningur í landinu hefur ekki áhuga á pólitískum leikfléttum, sem fitjað er upp á innan veggja hins háa Alþingis, ekki heldur þeim sem leiknustu garpar í þeim efnum bregða fyrir sig. Almenningur hefur hins vegar fullan áhuga á því að reynt sé að glíma við vandamálin og vill taka þátt í þeim erfiðleikum, sem fylgja því að leysa vanda líðandi stundar og framtíðar, þó aðeins að aðgerðir séu trúverðugar. Fólk er orðið þreytt á því að þola ráðstafanir, sem gera ekki betur en skila okkur aftur í sömu sporin eins og eftir fjóra mánuði eða svo.

Almenningur, a. m. k. fólk úti á landsbyggðinni, sem er í beinum tengslum við framleiðsluatvinnuvegina, veit að vandamál kreppu og samdráttar í útflutningi landsmanna hlýtur að koma niður á kjörum fólks og það hefur skömm á þeim stjórnmálamönnum sem halda því fram að hægt sé að leysa þau mál með einhverju pennastriki, svo að ekki sé talað um þá sem vilja leysa efnahagsvandann með því að kjósa forsrh. sér á parti og þingið á öðrum. Sjómenn þurfa ekkert að láta stjórnmálamenn segja sér að þeir fái minna fyrir minni afla og fiskvinnslufólkið, sem ásamt sjómönnum skapar mestan hluta þeirra verðmæta sem þjóðin lifir á, veit að seðlar eru ekki verðmæti, heldur aðeins ávísanir á fisk. Þetta fólk veit að hvorki lög né reglugerðir og þaðan af síður delluályktanir viðskiptaþings halda uppi verðmæti gjaldmiðilsins, heldur þeirra afli og þeirra verðmætasköpun. Það eru þess vegna atvinnumálin sem brenna á þessu fólki. Það eru atvinnumálin sem eru efst á baugi, — ekki það, hversu lengi íhaldið berst gegn brbl., sem það samþykkir með þögninni að lokum og vildi raunar alltaf ganga lengra.

Ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar er að sönnu mjög alvarlegt og gera sér flestir grein fyrir því. Í eitt ár eða svo hafa menn sungið mikinn og samfelldan bölsýnissöng, en svo mikill má hann ekki vera að bölmóðurinn fari að draga kjark úr fólki. Víst gerir fólk sér grein fyrir því að við þurfum ekki aðeins að taka við sífellt fleira fólki inn á vinnumarkaðinn, heldur þarf að skapa því tækifæri til að vinna arðbær störf. Nú er aðallega horft á iðnað og jafnvel stóriðju til að taka við obbanum af því fólki. Hvernig sem gengur að feta sig þá braut er það staðreynd, að enn um sinn verður sjávarútvegurinn meginundirstaða mannlífs í þessu landi, að ógleymdum landbúnaði og framleiðsluiðnaði að sjálfsögðu.

Vissulega hefur hallað verulega undan fæti í þeim efnum. Þá verðum við líka að bregðast við þeim vanda með viðeigandi ráðstöfunum. Þar hefur yfirstjórn sjávarútvegsmála brugðist allhrapallega nú til nokkurra ára. Ráðið er auðvitað ekki fólgið í því að bæta við skipum, sem einungis auka kostnað og draga jafnframt úr tekjum þeirra sem fyrir eru. Eina ráðið við minnkandi afla er að auka verðmæti þess sem fæst með alhliða aðgerðum, með því að bæta meðferð aflans og koma honum í sem verðmætasta söluvöru. Þar hefur einnig verið sofið á verðinum.

Það er auðvitað deginum ljósara að undirstöðuatvinnuvegir hverrar þjóðar verða að bera sig. Til að rétta af bókhald sjávarútvegsins er ekki einhlítt að gerbreyta meðferð aflans á sjó og í landi, heldur þarf að lækka tilkostnað í sóknina. Sannleikurinn er sá, og það segi ég þrátt fyrir að það sé óvinsælt af mörgum, að ekki er mögulegt lengur að notast við það skrapdagakerfi sem

brúkað hefur verið um skeið, heldur er engin skynsamleg leið önnur en að setja kvóta á hvert skip sem sækir í þá stofna sem heildarkvóti er á. Þetta er auðvitað meira en segja það, en ávinningurinn er augljós: minni olíukostnaður, minni veiðarfærakostnaður og annar kostnaður. Og varla sækjast menn mikið eftir því að fylla veiðikvóta sinn með skemmdum fiski og langtum verðminni. Þar hafa allir sömu hagsmuna að gæta.

Annars gæti dregið úr óþolandi smáfiskadrápi, sem gerir ekkert annað en draga úr afla á næstu árum. Það er svona álíka vitlegt og að slátra lömbum í júlí, en ekki á haustin. Þar hefur skort miklu virkara eftirlit, auk þess sem stjórnvöld hafa gefið eftir varðandi stærðarmörk á þorski í stað þess að gefa ekkert eftir í þeim efnum. Rangar stjórnarathafnir eru dýrar, en dýrastar eru þær í sjávarútveginum og hef ég orðið fyrir miklum vonbrigðum með stjórn Framsóknar á þessum málaflokki. Að mínu mati hefði þurft að taka sjávarútveginn miklu fastari tökum og öðrum tökum fyrir eins og 6—7 árum.

Þó ég hafi nú nefnt nokkur atriði varðandi sjávarútveg má enginn skilja orð mín svo, að höfuðvandi þjóðarinnar liggi í því að veiðar og vinnsla séu einhver sökudólgur í efnahagskerfinu. Það er af og frá. Offjárfesting er víðar en þar og er raunar einkenni í flestum atvinnugreinum á Íslandi, og það er deginum ljósara að alltof margir vinna óarðbær störf í þessu landi á sama tíma og um talsverðan innflutning á fólki er að ræða í fiskvinnslu og enn á sama tíma er fiskvinnslufólk atvinnulaust vegna þess að skipin sigla til útlanda með aflann. Það er skylda stjórnvalda að koma í veg fyrir slíkt þó að það sé auðvitað nauðsynlegt að nýta ferskfiskmarkaði erlendis þegar það á við.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það andar heldur á móti um þessar mundir. Efnahagsmálin eru erfið úrlausnar, en út úr þeim vanda getum við unnið okkur og munum gera. En við verðum að gera það með þeim hætti að ekki komi til atvinnuleysis. Það böl er meira og verra en allt annað. Það eru erfiðleikar fram undan. Til þess að vinna bug á þeim dugar ekki að leika pólitískan skrípaleik, heldur takast sameiginlega á við vandamálin. Til þess þarf ábyrga stjórnmálamenn.

Alþb. vill ekki víkjast undan þeirri ábyrgð. Alþb. er tilbúið að axla hana með öðrum góðum mönnum. — Góða nótt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Undanfarið hefur verið starfað á Alþingi daga og nætur. Hv. alþm., sem margir hverjir hafa þann meginstarfa að sitja í sjóðum, nefndum og ráðum ríkisins og útdeila þaðan fjármagni og greiða án sjáanlegs ágreinings á milli flokka og fylkinga, eru nú allt í einu uppteknir á daginn og helst á nóttunni líka við að setja lög. Við þessar aðstæður er lagavinnan auðvitað hroðvirknisleg og í ólagi, en það skiptir þó ekki meginmáli. Fjórflokkarnir eru að fara í kosningar og að kosningum loknum ætla þeir ekki fyrst og fremst að setja lög, hvorki á daginn né nóttunni, heldur skipta upp á nýtt stjórnum, nefndum og ráðum á milli flokkanna í ljósi kosningaúrslita og halda síðan áfram með nákvæmlega sama hætti og verið hefur.

Það sem við erum að horfa á er sviðsetning til varnar hagsmunum. Fari svo að flokkarnir fjórir sigri í þessum kosningum með einum eða öðrum hætti er alveg ljóst að áfram verður haldið með nákvæmlega sama og óbreyttum hætti. Þá skipta kosningar í sjálfu sér ekki máli og ekki kosningaúrslitin. Þeir skipta aðstöðunni á milli sín. Sjálfstæðisflokkurinn í öllum sínum brotabrotum, þar sem Þorsteinn Pálsson hefur það hlutverk að koma hv. þm. Eggert Haukdal inn á þing og styrkja þar með Framkvæmdastofnun ríkisins og þar sem Pálmi Jónsson hefur það hlutverk að koma hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni inn á þing og styrkja þar með stjórnarandstöðuna, sá flokkur mun annaðhvort reyna að mynda stjórn með Framsóknarflokki eða, sem er líklegra, Alþb. og svo skipta þeir aðstöðunni á milli sín. Þetta mun gerast nema nýtt afl komi til.

Gjaldþrot stjórnmálaflokkanna nú, þegar ríkisstjórn dr. Gunnars er að hrökklast frá, blasir við. Og við skulum muna að sama gerðist með síðustu meirihlutastjórn og þá næstsíðustu. Þeir kenna því núna um að þeir hafi misst meiri hluta í annarri þingdeildinni. Þetta er auðvitað rangt. Slíkur örlagavaldur er hv. þm. Eggert Haukdal ekki. Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar hafði meiri hl. og mistókst samt. Ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hafði mikinn meiri hluta. Hún var sú sterka stjórn, sem hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson ákallar nú í tíma og ótíma, og mistókst samt einnig.

Það verður að leita dýpri skýringa á mistökum í stjórnarfari og efnahagslífi heldur en í hv. þm. Eggert Haukdal, sem fjórflokkakerfið hefur gert að skálkaskjóli ógæfu sinnar. Stjórnmálaflokkarnir sjálfir eru þröngar valdastofnanir sem standa ekki lengur fyrir stjórnmálaskoðanir, heldur fyrst og fremst fyrir hagsmunavörslu og þessa hagsmuni verja þeir af oddi og egg. Þeir eru stofnanir, en ekki hreyfingar. Ég spyr – og hugsi menn sig nú vandlega um: Hver er munurinn á stjórnmálaskoðun hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og Guðmundar J. Guðmundssonar? Ég hef starfað hér í fjögur ár og ég svara: Enginn.

Ef þetta er svo, af hverju eru fjórflokkarnir þá að bjóða fram í fernu lagi, þegar allir vita að að afloknum kosningum geta þeir ekki myndað ríkisstjórn nema sem verður nákvæmlega eins og sú sem nú er að hrökklast frá? Svarið er að höfuðskýringin á þessu skoðanalega öngþveiti er hin bitra barátta um yfirráðin yfir sjóða- og skömmtunarvaldinu. Orðum spurninguna öðruvísi: Hversu mikið af því valdakerfi sem eftir er í Sjálfstfl. rekur sig beint til yfirráða þeirra og fjármagnsskömmtunar í Framkvæmdastofnun ríkisins eða ríkisbönkum — og Framkvæmdastofnun þóttumst við þó ætla að leggja niður fyrir mörgum árum — og hvað eigum við hin að gera, sem höfum skömm og andstyggð á þeim atkvæðakaupum sem þar og annars staðar fara fram, stöndum fyrir utan þetta, viljum breyta því, en ekki og aldrei taka þátt í því?

En þarna er komið að kjarna málsins. Fjórflokkarnir eru í höfuðatriðum allir eins. Þeir eru ekki valkostur hver gegn öðrum. Blæbrigðamunur skoðana er meiri innan þeirra en á milli þeirra.

Þeir segja að við aðstandendur Bandalags jafnaðarmanna séum að spila á upplausnina, kynda undir óánægju, safna um okkur óánægðu fólki, eins og svo smekklega er orðað, en við spyrjum: Hver ber ábyrgðina á því hvernig komið er?

Auðvitað erum við, sem stöndum að Bandalagi jafnaðarmanna, gagnrýnin á stjórnarfarið samhliða

bjartsýni á möguleika og getu fólksins í þessu landi. En mörg undanfarin ár hefur á vegum flokkakerfisins verið unnið að breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins. Árangurinn hefur séð dagsins ljós og verið samþykktur hér, en bæði í miklum flýti og að undangenginni lítilli kynningu á meðal almennings. Árangurinn er sá einn að því er stjórnkerfið varðar að fjölga á alþm. í 63. Árangurinn er sá einn. Þegar til átti að taka gat flokkakerfið ekki komið sér saman um neitt annað og ekki vegna hugsjóna, heldur vegna hagsmuna. Þetta frv. er fullkomin blekking, tilraun flokkakerfisins til að skrökva því að þjóðinni að eitthvert samkomulag hafi náðst í máli þar sem ekkert samkomulag hefur náðst nema um það að fjölga hv. þm. um þrjá. Það er allt og sumt.

Við höfum verið að lifa mestu aflaár í sögu lýðveldisins. Við erum matvælaframleiðendur á landinu og sjónum. Við höfum öll tækifæri til þess að byggja upp heilbrigt samfélag hins dreifða valds, hinna smáu eininga réttlætis, jafnaðar og mannlegrar reisnar. Samt horfum við á gegndarlausa skuldasöfnun, óviðráðanlega verðbólgu, efnahagskerfi sem er óheiðarlegt — ég nefni skattsvik og óeðlilegar pólitískar fyrirgreiðslur — og stjórnkerfi þar sem Alþingi er og hefur verið í fullkominni upplausn. En við viljum að allt öðruvísi sé farið að.

Við viljum að algerlega verði skilið á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, að þeir sem eru kjörnir til löggjafarstarfa setji landinu lög og leikreglur og hafi eftirlit með framkvæmd þeirra, að komið sé í veg fyrir þau ósæmilegu atkvæðakaup og þá útdeilingu pólitískra greiða sem nú á sér stað og hefur átt sér stað. — Fólk veit auðvitað mismikið um störf Alþingis, en ég get upplýst að hér um sali ganga hv. þm. sem sjaldan eða aldrei flytja lagafrv., en þar sem víxlabunkarnir standa út úr töskunum. Hér frammi á gangi er rekki fyrir dagblöð og fyrir óútfyllt víxileyðublöð. Vissum við þó ekki að Alþingi væri viðskiptabanki.

En það sem verður að skiljast er hvernig þetta kerfi, þetta samkrull löggjafarvalds og framkvæmdavalds, hefur valdið félagslegri og efnahagslegri ógæfu. Alþingi þarf að setja lög í verðbólgusamfélagi, t. d. um stig vaxta miðað við verðbólgu, en hvernig á Alþingi að geta það þegar annar hver hv. alþm. situr við það á morgnana að skammta fjármagn úr sjóðakerfinu, hvort sem það heitir Framkvæmdastofnun, ríkisbankar eða eitthvað annað?

Það er þetta sem hefur ekki gengið upp, hefur meira og minna lamað alla hagstjórn, gert stjórnsýsluna forspillta og hefur t. d. gert prófkjörin víða svo bitur og ofsafengin sem raun ber vitni. Flokkarnir gömlu eru ekki að takast á um stjórnmálaskoðanir, heldur um aðgöngumiða að skömmtunarkerfinu.

Við viljum jafna kosningarrétt með því að í stað þingkjörs og þingræðisríkisstjórnar komi þjóðkjör og þjóðræði, m. ö. o. að forsrh. sé kosinn beinni kosningu með einu og jöfnu atkv. allra, án tillits til búsetu, í tvöfaldri umferð, hljóti enginn meiri hl. í þeirri fyrri. Með þessu er kosningarréttur raunverulega jafnaður að svo miklu leyti sem hægt er og um getur náðst skynsamlegt samkomulag. Ég spyr einfaldrar spurningar, án þess að leggja dóm á þann mann að öðru leyti: Hver kaus hæstv. núv. forsrh. til slíkrar stöðu í des. 1979?

Við leggjum til að að þessu gjörðu sé hagur hinna dreifðu byggða réttur með því að hafa kjördæmaskipan og tölu þm. óbreytta. Með þessu á að nást fullkominn friður og skynsamlegt jafnvægi milli þéttbýlis og dreifbýlis, stjórnkerfi í okkar stóra landi sem leiðir annars vegar til styrkari efnahagsstjórnar og hins vegar mikillar valddreifingar til landshluta og sveitarfélaga.

Fjórflokkarnir snúast auðvitað gegn þessum hugmyndum. Þeir segja að verið sé að afnema þingræðið. Þetta er útúrsnúningur og orðaleikur. Að því er tekur til ríkisstjórnar er verið að leggja til það eitt að hana kjósi þjóðin en ekki þingið, enda má nú segja að þinginu hafi tekist misjafnlega til. Það er breytingin sem verið er að leggja til. En aðalatriðið er þó hitt, að fjórflokkarnir vita að ef skilið verður á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds er um leið klippt á hin spilltu og óeðlilegu flokkavöld. Þá verða t. d. flokkablöðin ekki lengur rekin af pólitískum sjóðum. Þá mun aðstöðubraskið a. m. k. minnka.

Við skulum ævinlega hafa hugfast að ríkisbankarnir í þessu landi eru eldri en sósíalismi, enda mundi heiðarlegur heiðursmaður eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson ekki taka til máls eins og hann gerði hér í kvöld að tala um Weimarlýðveldið og Adolf Hitler — þannig tala ekki sómamenn — nema mikla hagsmuni sé verið að verja.

Sem þáttur í sömu valddreifingarhugmyndum leggjum við til að þegar menn og konur greiða atkv. í kosningum geti þau merkt við og raðað upp á lista — tekið einstaklinga af einum eða fleiri listum — allt upp í tölu kjörinna þingmanna. Slíkar hugmyndir viljum við útfæra um samfélagið allt. Slík till. fjallar auðvitað um að flokkakerfið í landinu er ekki lengur mælikvarði á lífsskoðanir fólks og langanir. Ef einhverjir vilja t. d. kjósa konur sérstaklega eða einhver sjónarmið önnur, þá skipta þau sjónarmið máli og eiga sinn lýðræðislega rétt. Allt er þetta hægt og þetta er skynsamlegur valkostur gegn uppgjöf og upplausn flokkanna fjögurra.

Við trúum því, að hljóti þessar hugmyndir brautargengi fólksins í landinu muni félagskerfið einnig taka örum breytingum, lýðræði aukast og ábyrgð aukast. Við trúum því, að við séum valkostur gegn flokkakerfi sem var eðlilegt á sinni tíð, en er það ekki lengur. Annaðhvort gerist að hugmyndir okkar hljóta brautargengi eða hin félagslega stöðnun heldur áfram og upplausn fjórflokkanna heldur áfram.

Hin heimatilbúna kreppa, sem þeir tala um, hið heimatilbúna vonleysi, á að vera ástæðulaust. Í almennum efnahagsmálum leggjum við til að tímabili ábyrgðarleysis og inngripi ríkisvalds í samninga ljúki og um leið hefjist tímabil ábyrgðar einstaklinga og samtaka þeirra. Við viljum að einstaklingar og samtök þeirra semji með frjálsum hætti og beri að fullu og öllu ábyrgð á því sem samið er um. Þegar samið er um fiskverð t. d. á ríkisvaldið engin afskipti að hafa af því, heldur eiga kaupendur og seljendur að semja eins og frjálsir menn og bera að fullu og öllu ábyrgð á því sem samið er um. Það gengur ekki að ríkisvaldið beri ábyrgð á slíkum samningum, sem síðar eru innistæðulausir, og millifæri síðar til óhæfra atvinnurekenda með því að lækka gengið, skattleggi innflutning til að millifæra til þeirra sem sömdu um pappírsverðmætin.

Sama verður að gilda um kaup og kjör. Það er ekki og á ekki að vera hlutverk ríkisvaldsins að grípa inn í

gerða samninga vegna þess að ábyrgðarlaust hefur verið samið. Mönnum og samtökum þeirra mun undrafljótt lærast að beri þeir ábyrgð á samningum, sem gerðir eru, er skynsamlega samið á grundvelli þeirra verðmæta sem til skipta eru. Við eigum að hafa trú á mannfólkinu og samtökum þess.

Þetta eru tillögur um grundvallarbreytingu í efnahagsgerðinni, þar sem ábyrgð á því sem menn gera og frelsið til þess skipta meginmáli. Inngripin í þágu hagsmuna hefur reynst röng leið og úr sér gengin og sem auk þess hittir ævinlega launafólkið fyrir. Þeir spyrja: Hvað ætlið þið að gera í efnahagsmálum? Við svörum og segjum: Þetta er það sem við ætlum að gera. Þetta eru till. sem munu leiða til jafnvægis á skömmum tíma vegna þess að fólki er treystandi ef stjórnkerfið er heilbrigt.

Herra forseti og góðir áheyrendur. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að leika hinn hefðbundna leik flokkakerfisins og vil ekki vera að metast um fortíðina. Okkur er líka alveg sama. Fortíðin skiptir ekki meginmáli að þessu leyti. En við horfum til framtíðar. Við horfum á fjörbrot flokkakerfis, sem stendur ekki lengur fyrir mismunandi skoðanir fólksins í landinu, heldur forskrúfaða hagsmuni fárra, en um leið er þó atlaga að hinum mörgu. Þeir eru nú að sviðsetja ágreining til þess að geta skipt með sér upp á nýtt að afloknum kosningum.

Félagskerfið á Íslandi er staðnað og það er hættuleg stöðnun. Það svarar ekki lengur til þeirra meginhugmynda sem bærast í brjóstum fólksins í þessu landi. Það býst ekki til varnar á tölvuöld. Það er ekki fulltrúi fyrir þann húmanisma, fyrir það manngildi sem hlýtur að vera svar næstu framtíðar. Ef svo fer engu að síður að fjórflokkarnir hljóti brautargengi mun hin félagslega stöðnun halda áfram.

Bandalag jafnaðarmanna, hugmyndir okkar um breytt stjórnkerfi og dreift vald, ábyrgð og frelsi hinnar litlu einingar, er kall nýrrar tíðar gegn þessari þróun. Við erum bjartsýn vegna þess að þetta er hægt. Við erum bjartsýn vegna þess að við trúum því að þessar skoðanir eigi samhljóm um landið vítt og breitt, að tímabili stöðnunar og þessarar upplausnar ljúki og við taki ný hreyfanlegri og betri tíð. Það vorar brátt í þessu landi og við viljum að það vori víðar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Góðir áheyrendur, ungir og gamlir, konur og karlar. Það gat ekki hjá því farið, þegar ég hlýddi á ræðu Vilmundar Gylfasonar hér áðan, að mér kæmi í hug gömul þingvísa eftir Eirík Einarsson frá Hæli:

> Ertu ei þreyttur, munnur minn?
> Mjög var reynt á þrekið.
> Nú höfum við í sjötta sinn
> sama rjómann skekið.

Það er fyrsta setning í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens: „Meginverkefni ríkisstjórnarinnar er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar."

Nú hefur ríkisstj. setið við völd í þrjú ár. Við heyrðum hér áðan hversu uppnæmir þeir ráðh. eru fyrir þessu samstarfi, viðkæmir fyrir ummælum hvers annars, að ekki sé talað um þegar imprað er á því hvar efndirnar séu. Kjarni málsins er að sjálfsögðu sá, að þeim hefur ekki aðeins mistekist að efla grundvöll atvinnulífsins, auka framleiðsluna í þjóðfélaginu, heldur er nú svo komið að verkefni næstu ríkisstjórnar verður að endurreisa efnahagslegt sjálfstæði hennar. Á tímanum frá 1978 hefur greiðslubyrði af erlendum lántökum vaxið úr 13% í 25%. Það er óþarfi að taka það fram að ríkisstj. setti sér það markmið að greiðslubyrðin færi ekki fram úr 15% af útflutningstekjum.

Hvernig skyldi nú standa á því að ríkisstj. hefur mistekist svo hörmulega? Ástæðan er í fyrsta lagi sú, að á þessum árum, sem síðan eru liðin, hefur margvísleg breyting orðið í efnahagskerfinu. Við höfum tekið upp verðtryggingu fjárskuldbindinga og atvinnuvegirnir verða að taka erlend lán í miklu ríkara mæli en áður. Til þessarar höfuðbreytingar á íslensku efnahagskerfi hefur ríkisstj. ekki tekið tillit. Af þeim sökum hafa atvinnufyrirtækin veikst efnahagslega.

Ég vil rifja upp að í árslok 1981, þegar mesta góðæri sem Íslendingar hafa lifað hafði gengið yfir þjóðina, var það helsti boðskapur hæstv. sjútvrh., að þótt verðbólgunni hefði að vísu tekist að ná nokkuð niður hefði það orðið á kostnað útflutningsatvinnuveganna. Slíku væri ekki hægt að halda áfram. Þess vegna yrði ríkisstj. að snúa við blaðinu og röðin væri komin að fyrirtækjunum. Að öðrum kosti væri útilokað að halda uppi atvinnu til frambúðar og viðunandi lífskjörum án þess að til verulegrar skuldasöfnunar erlendis kæmi. Auðvitað var þetta rétt hjá hæstv. sjútvrh. Niðurstaðan var rétt. Og ég efast ekki um að hann hafi á þeim tíma haft fullan vilja til þess að rétta efnahaginn við að nýju. Hann veit það vel, þm. þeirra Vestfirðinga, að fátt veikir byggðarlögin meir en atvinnustefna sem í því er fólgin að veikja undirstöðu framleiðslunnar í landinu.

Þegar við tölum um sjálfstæði byggðarlaga, sjálfstæði þjóðar, þá er auðvitað mikið undir því komið að hver einstakur landshluti, hvert byggðarlag geti verið nokkurn veginn fjárhagslega sjálfstætt. Hitt vitum við líka, Íslendingar, að ógerningur er fyrir okkur að halda hér uppi menningarþjóðfélagi, sem við viljum halda uppi, nema við hyggjum að undirstöðunni. Okkur hefði aldrei tekist að byggja hér upp þau lífskjör sem þó eru hér nema vegna þess að forverar þessarar ríkisstj. settu sjávarútveginn í öndvegi og útflutningsiðnaðinn í heild. Höfuðmistök ríkisstj. voru þessi: Hún skóp atvinnuvegunum ekki nægilega góð rekstrarskilyrði.

Við höfum heyrt það hér í kvöld, eins og oft endranær, að brbl. frá því í ágústmánuði hafi verið mikil bjargráð. Hæstv. forsrh. sagði áðan að þau hefðu valdið því að verðbólga væri nú 10—15% minni en ella mundi. Ekki hef ég tölur um það, en hitt veit ég, að ef sú var niðurstaðan í ágústmánuði að nauðsynlegt væri að skerða lífskjörin verulega og höggva á verðbætur launa hefði verið skynsamlegra og betra að gera það strax en draga það í þrjá mánuði. Ef þessi kjaraskerðing hefði komið 1. september í staðinn fyrir 1. desember hefði aldrei komið til gengisfellingarinnar í septembermánuði. Þá væri verðbólgan í dag ekki 70%, heldur á miklu lægri stigum. Þá væri efnahagur þjóðarinnar betri.

Við sjálfstæðismenn áttum fund saman um síðustu helgi upp í Borgarnesi, og hvort sem hæstv. forsrh. er það nú ljúft eða leitt tókst fullkomin samstaða með öllum frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins um þá leið sem við viljum ganga að næstu kosningum loknum. Við

mörkuðum þar stefnu í höfuðmálum, og skal ég nú rekja nokkur atriði þeirrar stefnumörkunar, sem raunar hefur komið fram hér á Alþingi í tillögugerð og málflutningi okkar sjálfstæðismanna.

Eins og við vitum hefur efnahagsþróunin valdið því, að ungt fólk getur ekki með sama hætti og áður reist íbúðir vegna þess að lán til þeirra hafa mjög dregist saman. Þessu viljum við breyta. Við viljum lengja lánin í 42 ár og láta þá sem byggja í fyrsta skipti njóta betri lánskjara en aðra og fá lán að 80%. Svavar Gestsson hrósaði sér hér áðan af því að sér hefði vel tekist í húsnæðismálunum. Sannleikurinn er sá, að hann hefur staðið gegn því á Alþingi að nægilegt fé væri veitt til húsnæðismála og hann hefur einnig ásamt þessari ríkisstj. staðið gegn því að við fyrirheitin um lækkun húshitunarkostnaðar yrði staðið.

Góðir áheyrendur. Tíma mínum er lokið. Ég vil aðeins hafa það sem mín lokaorð: Við sjálfstæðismenn teljum að höfuðmeinsemdin í þjóðfélaginu í dag sé sú, að ríkið hefur tekið of mikið til sín frá þegnunum. Ef við ætlum að ná verðbólgunni niður, ef við ætlum að byggja atvinnulífið upp að nýju, þá verðum við að gera það með þeim hætti að ríkissjóður skili til baka nokkru af því sem hann hefur tekið. Við verðum að minnka eyðsluna, við verðum að lækka skattana og við verðum að reisa einstaklinginn til öndvegis íslensku þjóðlífi og atvinnulífi. — Góða nótt. Ég þakka þeim sem hlýddu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sendi sjálfstæðismönnum og Sjálfstfl. kveðju í ræðu sinni áðan. Sú kveðja var högg undir belti og ég vil segja: Sjálfstfl. hefur aldrei brugðist stefnu sinni og skyldum þótt einn og einn flokksmaður hafi tekið víxlspor. Ræða forsrh. var tímaskekkja á þessu herrans ári 1983.

Herra forseti. Góðir áheyrendur nær og fjær. Við höfum nú heyrt fulltrúa vinstri flokkanna flytja sinn boðskap til þjóðarinnar. Við höfum einnig heyrt fulltrúa Sjálfstfl. ræða hina ýmsu málaflokka sem snerta lífsafkomu íslensku þjóðarinnar og framtíð hennar. Hlustendum er því ljóst á hvaða villigötum stjórnarliðar hafa ráfað og hvers vegna bæði hæstv. ríkisstj. og hv. Alþingi hafa verið og eru í sjálfheldu. Misklíð og sundurlyndi hefur einkennt störf ríkisstj. og stjórnarliða. Spor þessarar ríkisstj. hræða. Frekari umr. eru því óþarfar svo að ég sný mér að framtíðinni, því að búist er við þingrofi hér í kvöld, og ég mun því tala til stuðningsmanna Sjálfstfl. sem mál mitt heyra.

Erfiðar kosningar eru fram undan. Miðstjórn og frambjóðendur Sjálfstfl. komu saman um helgina í Borgarnesi. Kom þar fram sterkur vilji frambjóðenda flokksins að hefja nú sókn að því háleita marki, sem þjóðinni er tvímælalaust fyrir bestu, að Sjálfstfl. fái hreinan meiri hl. eftir næstu kosningar. En til þess að það megi takast þarf hver sjálfstæðismaður að skilja að flokkurinn krefst þess að hann hefji þegar í stað kosningabaráttu svo að árangur náist. Talið við vini og kunningja. Kynnið og verjið stefnu Sjálfstfl. af fullum krafti um land allt. Takið málstað frambjóðenda Sjálfstfl. hvenær og hvar sem tækifæri gefst. Við verðum að eiga málsvara á öllum vinnustöðum, í öllum vinahópum. Hugsjón Sjálfstfl. verður að ná til allra fjölskyldna á landinu. Við erum flokkur allra stétta og nú búum við okkur til varnar landi og þjóð gegn vinstri öflum, sem stjórnað hafa þessu ástkæra landi okkar of lengi með þeim árangri sem kom fram og var svo vel skýrður af fulltrúum Sjálfstfl. fyrr í þessum umr.

Á fundi fjh.- og viðskn. nýlega kom fram hjá seðlabankastjóra, sem lýsti ástandinu í þjóðfélaginu þannig, að við værum að sökkva í fen. Upp úr feninu stefnir nú Sjálfstfl. til bjartari framtíðar með stefnuskrá flokksins að leiðarljósi. Við göngum til starfa ákveðnir og traustvekjandi. Stefnuskrá okkar verður kynnt seinna í þessari viku — stefnuskrá sem er fyrirheit um betri tíma nái Sjálfstfl. meiri hluta í næstu kosningum. Lífshamingja þín, góður hlustandi, er undir velgengni Sjálfstfl. komin. Þess vegna óska ég að þú takir þátt í þeirri baráttu sem fram undan er. Eldmóður æskunnar fær þar útrás. Komið til starfa með okkur. Starfið fyrir Sjálfstfl. og fyrir bjartari framtíð, fyrir alíslenska stefnu með alíslenska og djarfa stefnuskrá í vegarnestið. Hver trúir þeim kjörorðum, sem hrutu af vörum Alþb.-formannsins í þessum ræðustól áðan, að Alþb. hafi einingu um íslenska stefnu? Það hljómar einkennilega þegar það kemur úr röðum þeirra manna sem rekja rætur sínar til Sovétríkjanna.

Framsfl. sækir líka sínar hugsjónir erlendis. Ekki er samvinnustefnan íslensk stefna, það er svo langt frá því. Alþfl. er alþjóðasósíalistaflokkur, sem ber sömu rós í barmi á Íslandi sem í öllum öðrum löndum, og stefna hans er þýðing úr samþykktum alþjóðasamtaka jafnaðarmanna. En Bandalag jafnaðarmanna sækir sína stefnu ekki til útlanda þó að hún sé ekki íslensk. Það sækir sína stefnu í framlagðar till. Alþfl. hér á Alþingi. Sjálfstfl. einn er alíslenskur stjórnmálaflokkur, sem byggir á traustri fortíð og er að sigla út úr ólgu nútíðar og kallar nú á fleiri sér til stuðnings til að tryggja íslenskri þjóð bjartari og betri framtíð. Upp úr feninu, gegn upplausn og til ábyrgðar.

Þessi þjóð á ærinn auð ef menn kunna að nota hann. Ég leyfi mér að segja: Íslendingar til lands og sjávar. Héðan, úr helgustu véum þjóðarinnar, skora ég á ykkur alla að fylkja ykkur um stefnu Sjálfstfl. Minn hugur og bjargfasta trú er sú, að þú, hlustandi góður, eigir framtíð í Sjálfstfl. Talsmenn Sjálfstfl. hafa í kvöld sýnt það með föstum rökum hvernig núverandi ríkisstj. hefur siglt öllum málum þjóðarinnar í sjálfheldu. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu á þar enga sök. Ríkisstj. á að biðjast lausnar. Henni hefur mistekist í hlutverki sínu.

Íslendingar. Við vitum að kosningabaráttan er hafin, ekki bara hér á Alþingi heldur um land allt. Sjálfstfl. er flokkur allra stétta. Það er þjóðarnauðsyn að Sjálfstfl. nái hreinum meiri hl. á Alþingi í næstu kosningum. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í eldhúsdagsumræðum við lok kjörtímabils, en alþingiskosningar á næsta leiti, tel ég rétt að minnast örfáum orðum á þau ráðuneyti og málasvið sem ég hef farið með í ríkisstj., en það eru dóms- og kirkjumál og málefni er varða samstarf Norðurlanda. Þó verður á fátt eitt drepið á skömmum tíma.

Í stjórnarsáttmálanum frá 1980 segir svo um dómsmál: „Unnið verði að umbótum í dómsmálum og stuðlað að hraðari meðferð dómsmála, með því m. a. að einfalda meðferð minni háttar mála.“

Að þessu hefur verið unnið, bæði með nýrri og bættri

löggjöf og lagaframkvæmd, og mikið áunnist, eins og glöggt má sjá á skýrslu um meðferð dómsmála sem ég lagði fram á Alþingi nú nýlega.

Í stjórnarsáttmála segir ennfremur: „Athugað verði, hvernig þeim efnaminni í þjóðfélaginu verði tryggð lögfræðiaðstoð til þess að ná rétti sínum."

Að þessu hefur markvisst verið unnið, ekki með því að koma á fót ókeypis lögfræðiaðstoð fyrir hvern sem er, sem kostað gæti ríkið fúlgur fjármuna, heldur með því m. a. að styrkja lögfræðiaðstoð laganema við Háskóla Íslands við almenning, að hafa í rn. sérstakan starfsmann sem leiðbeinir og veitir upplýsingar um hin margvíslegustu málefni, að veita þeim gjafsókn eða gjafvörn sem á þurfa að halda að athuguðu máli og loks með því að bæta og styrkja aðstöðu dómara, fógeta og sýslumanna um allt land svo þeir eigi hægara með að greiða úr málum manna á allan hátt.

Um dóms- og löggæslumál er það annars að segja að þar er yfirleitt lítt á loft haldið öðru en því sem úrskeiðis kann að fara og fréttnæmt þykir. Menn átta sig ekki á því að það kostar mikla vinnu og vökult starf fjölda manna að halda uppi því sem stundum er kallað almannafriður og allsherjarregla og á að veita hverjum og einum öryggi, vörn og skjól ef út af ber og á þarf að reyna.

Um kirkjumálin mun ég ekki orðlengja, aðeins geta þess að þar hefur verið reynt að vinna vel, svo sem stjórnarskrá og önnur lög mæla fyrir um, með því að styðja og vernda þjóðkirkjuna og búa í haginn fyrir starfsmenn hennar, styðja að góðri samvinnu kennimanna og leikmanna.

Um norræn samstarfsmál mætti margt segja. Ríkisstj. hefur lagt áherslu á að styrkja samstarf af því tagi og hygg ég að þar hafi vel til tekist í mörgum greinum.

Við meiri erfiðleika er nú að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar en verið hefur á síðustu 15 árum. Rætur vandans má einkum rekja til tveggja grundvallaratriða. Langvinn kreppa hefur verið í alþjóðaefnahagsmálum, sem einkennst hefur af stöðnun í framleiðslu og vaxandi atvinnuleysi. Framleiðsla OECD-landa hefur nær ekkert aukist á síðustu þremur árum og atvinnuleysi nær tvöfaldast. Þetta eru alvarlegustu efnahagsþrengingar hjá vestrænum þjóðum frá stríðslokum.

Íslenskur þjóðarbúskapur hefur ekki farið varhluta af þessari öfugþróun og koma áhrifin bæði fram í afkomu íslenskra atvinnuvega og stöðu þjóðarbúsins út á við. Til viðbótar við þá erfiðleika, sem má rekja til þeirrar lægðar sem verið hefur í heimsbúskapnum, kemur mikill og óvæntur samdráttur í afla og framleiðslu sjávarafurða. Heildarafli landsmanna á árinu 1982 var tæplega 770 þús. tonn samanborið við rúmlega 1430 þús. tonna afla árið áður. Fiskafli 1982 var þannig einungis 54% af afla ársins 1981. Fiskafli í tonnum talið hefur ekki verið minni síðan árið 1972 og því miður sjást engin batamerki að því er fiskverð varðar enn.

Þegar vandamálin hrannast upp með þeim hætti sem hér hefur verið nefnt liggur í augum uppi að róttækra efnahagsaðgerða er þörf. Ríkisstj. steig þýðingarmikið skref með efnahagsráðstöfunum í ágústmánuði s. l., en með þeim tókst að sveigja nokkuð frá því ískyggilega ástandi sem við blasti að því er snerti stöðu þjóðarbúsins út á við og verðbólguþróun innanlands. Engu að síður er ljóst að þær aðgerðir sem þá voru ákveðnar duga ekki til að leysa þann efnahagsvanda sem þjóðarbúið stendur nú frammi fyrir. Þetta á ekki síst við þar sem ekki tókst að framfylgja einum mikilvægum þætti efnahagsaðgerðanna um breytingu á vísitölukerfinu vegna þess að einn stjórnarflokkurinn treysti sér ekki til að standa við það samkomulag sem gert var í ágúst um það efni. Þegar það tvennt fer saman að miklir erfiðleikar steðja að og kosningar nálgast virðist vera tilhneiging til þess að stýra undan öldunni og reyna að forðast verstu áföllin í stað þess að horfast í augu við vandann í heild og takast á við hann með þeim hætti sem mestum árangri skilar fyrir land og þjóð.

Við undirritun hafréttarsáttmálans seint á síðasta ári má segja að Íslendingar hafi unnið fullnaðarsigur í baráttunni fyrir 200 sjómílna auðlindalögsögu á hafinu umhverfis landið. Hafði þá baráttan fyrir stækkun fiskveiðilögsögunnar staðið yfir í meira en þriðjung aldar. Saga þessa máls sýnir að íslenska þjóðin getur unnið stóra sigra ef hún nær að keppa einhuga að settu marki, beitir þori og þrautseigju og styður mál sitt réttum rökum. Hún sýnir einnig að þrátt fyrir mikið ósamkomulag og harðar deilur milli þjóða tekst þó stöku sinnum að finna farsæla lausn á stórmálum með friðsamlegum hætti, þegar unnið er saman af heilindum og þekkingu.

En erfiðleikar eru ekki til að mikla þá fyrir sér, heldur til þess að sigrast á þeim. Óhjákvæmilegt er að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar og treysta grundvöll atvinnulífsins. Við Íslendingar höfum öll skilyrði til að geta búið vel í landi okkar og haft stjórn á eigin málum. Verkefnin eru næg. Við viljum byggja landið allt, bæta og jafna aðstöðu þegnanna, ekki síst á sviði orku- og húshitunarkostnaðar þar sem misrétti nú er langt úr hófi fram, svo dæmi sé tekið.

En öll él birtir upp um síðir. Sjálfstæðismenn um land allt munu fylkja liði í komandi alþingiskosningum. Á stefnuskrá þeirra verða margþætt framfaramál auk nauðsynlegra viðnámsaðgerða. Þeir munu m. a. beita sér fyrir því að staðið verði við fyrirheit um stórátak í varanlegri vegagerð samhliða úrbótum í samgöngum á sjó og í lofti. En markmið og stefnumótun verða enn sem áður byggð á víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu, sem skírskotar til einstaklingsins hvar í stétt sem hann stendur og manngildis hans. Áfram verður unnið að þeim málefnum og því takmarki sem miðar að aukinni farsæld og hagsæld allra landsmanna. — Lifið heil.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Alþingi það sem nú er að ljúka störfum hefur borið nokkurn svip af því að kosningar eru fram undan. Störf þess hafa einnig mótast af því að ríkisstj. hefur ekki haft nægan meiri hluta í Nd. Alþingis. Því hafa deilur um málsmeðferð verið tíðari en oftast áður, karp um vinnubrögð tekið tíma frá efnislegri vinnu og afgreiðslu mála. Slíkt háttalag verður sjaldan til álitsauka. Þrátt fyrir það hefur ríkisstj. tekist að fá afgreidd flest þau mál sem nauðsynleg geta talist og samstaða hefur verið um innan hennar.

Á hinn bóginn hefur ríkisstj. mistekist að ná samstöðu um aðgerðir í efnahagsmálum svo sem nauðsynlegt hefði verið til þess að hefta þá miklu verðbólgu sem nú geisar. Það olli mér miklum vonbrigðum að ríkisstj. sem heild skyldi ekki treysta sér til að standa að löggjöf um nýtt viðmiðunarkerfi og lengingu verðbótatímabila svo sem ég hef hvatt til frá því skömmu eftir að ríkisstj.

var mynduð. Ef þetta hefði tekist hefði dregið úr hraða verðbólgunnar, margfeldisáhrif vísitölukerfisins hefðu minnkað og svigrúm aukist til frekari aðgerða í efnahagsmálum. Önnur úrræði, sem till. voru gerðar um til að draga úr hækkun verðlags og launa 1. mars, áttu ekki heldur nægan hljómgrunn innan ríkisstj.

Verðbólga og efnahagsmál verða því enn sem fyrr alvarleg og þýðingarmikil viðfangsefni á næstu mánuðum. Þrjú af fjórum síðustu árum hafa verið meðal hinna köldustu á þessari öld, tvö þeirra síðan 1882. Þessi staðreynd ásamt samdrætti í hefðbundinni búvöruframleiðslu hefur óhjákvæmilega komið fram í misjafnri afkomu bændastéttarinnar. Með tilliti til þessa er nú unnið að sérstakri athugun á fjárhagsstöðu bænda. Vænti ég niðurstöðu úr þeirri vinnu og tillagna á næstunni.

Í tíð núverandi ríkisstj. hefur verið mótuð heilsteypt stefna í öllum meginþáttum landbúnaðarmála. Sú stefna liggur fyrir á Alþingi og í samræmi við hana hefur markvisst verið unnið með stjórnvaldsaðgerðum, hvatningu og málefnalegri umræðu yfirleitt í ágætri samvinnu við forustumenn bænda. Hér skulu örfá atriði tilgreind:

Tekist hefur að ná jafnvægi í framleiðslumálum. Mjólkurframleiðslan hefur verið sem mest við hæfi innanlandsneyslu í þrjú ár. Útflutningsuppbætur dugðu á síðasta ári til að fá fullt verð fyrir útflutt kindakjöt og osta og munu væntanlega gera það á þessu ári. Fjölbreytni fer vaxandi í vinnslu landbúnaðarvara. Ostar og aðrar mjólkurvörur eru til fyrirmyndar. Kjötvinnsla er og í örri framþróun, sem byggist á rannsóknum, aukinni þekkingu og tækni. Sölustarfsemi og kynningarstarf hefur verið eflt og leitast er við að koma til móts við þarfir og óskir markaðarins, neytenda. Stuðlað er að aukinni hagræðingu í landbúnaði og nýjum búgreinum. Refabú eru þrefalt fleiri nú en fyrir ári eða 87. Fyrir liggja tillögur um skipulega uppbyggingu fóðurstöðva fyrir loðdýrafóður og fé ætlað samkvæmt lánsfjárlögum til að fylgja þeim till. eftir. Starfsskilyrði loðdýraræktar hafa verið bætt til samræmis við það sem útflutningsiðnaðurinn býr við. Fiskeldi og fiskrækt hafa verið efld og kennsla í þeim greinum færð inn í landið. Lögð er aukin áhersla á rannsóknir og merkingar á seiðum víða um land m. a. til að fá marktækari niðurstöður úr leit okkar að íslenskum laxi í afla Færeyinga. Garðyrkja og ylrækt hefur eflst, ekki síst fyrir áhrif frá Garðyrkjuskóla ríkisins. Stuðningur hefur verið aukinn við fóðurverkun og fóðuriðnað í þeim tilgangi að nýta innlend hráefni, en spara aðkeypt fóður. Hólaskóli hefur risið úr niðurlægingu og aðsókn að landbúnaðarskólunum er meiri en þeir geta rúmað. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur styrkt stöðu sína og er nú með jákvæðan höfuðstól gagnstætt því að hún var í raun gjaldþrota þegar þessi ríkisstjórn tók við. Deildin mun áfram byggja upp stöðu sína að óbreyttu. Unnið er að því að leysa vandamál Áburðarverksmiðju ríkisins í þeim tilgangi að áburðarverð þurfi ekki að hækka umfram verðlagshækkanir. Ríkisstj. hefur staðfest greiðlega allar ákvarðanir Sexmannanefndar um búvöruverð. Rekstrarlán landbúnaðarins voru á síðasta ári hækkuð um 96.2%. Kvótakerfið er í endurskoðun.

Þótt hér sé ýmislegt talið er fleira órætt. Vandamál eru víða, einkum vegna misjafnrar fjárhagsstöðu svo sem fyrr var að vikið. Landbúnaðurinn á mikið undir því að skilningur ríki á málum hans hjá þjóðinni í heild. Fyrir nokkrum árum voru háværar deilur um landbúnaðarmál daglegt brauð. Þessar deilur um landbúnaðinn og árásir í hans garð hafa hljóðnað með örfáum undantekningum. Skýrt mörkuð stefna, nauðsynleg túlkun hennar og sýnilegur árangur í því að mæta óskum neytenda með fjölbreytni í framleiðslu og vinnslu búvara hafa án efa aukið skilning á stöðu og málefnum bændastéttarinnar. Það er nauðsyn að þessi skilningur haldist og dafni: Hann getur skorið úr um hvort hagsmunamál landbúnaðarins eigi hljómgrunn eða ekki hjá stjórnvöldum á hverjum tíma. — Góða nótt.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Senn líður að lokum þessa þings, sem um margt hefur verið sérstakt. Ríkisstj. var mynduð til þess að auka virðingu Alþingis og til að leiða þjóðina áleiðis út úr ógöngum óðaverðbólgu og vaxandi hættu á atvinnuleysi og upplausn. Ríkisstj. hefur um margt tekist allvel, en um annað miður, einkum í baráttunni við verðbólguna.

Um fá mál hefur verið meira rætt nú síðustu dagana en álmálið. Ekki skal ég eyða mörgum orðum um það, en leggja vil ég áherslu á að illa hefur verið að því máli staðið af núv. hæstv. iðnrh. Hann hefur eytt s. l. þremur árum til þess eins að finna ágreiningsefni við stjórn fyrirtækisins Alusuisse í stað þess að leysa þau. Heppilegra hefði verið og árangursríkara að setja strax ágreiningsefnin í gerðardóm, sem aðilar samþykktu, og hlíta niðurstöðum hans. Þá hefði verið unnt að hefja þegar í stað umræður um endurskoðun samninga um skattgreiðslur og orkuverð.

Hér er um margfalt meira hagsmunamál að ræða en áframhaldandi karp um fortíðina. Ljóst er af fyrirliggjandi gögnum að stjórnendur ÍSALs eru reiðubúnir að ganga til samninga um hækkað orkuverð að uppfylltum ákveðnum, en ekki óaðgengilegum skilyrðum. Hve mikil sú hækkun gæti orðið get ég ekki fullyrt um, en ég er þess alveg viss að árangur þeirra samninga mun skila mun meiri tekjum og fyrr en áframhaldandi karp um fortíðina. Jafnvel gæti hér verið um að ræða allt að 1 millj. dollara á mánuði, sem hæstv. iðnrh. hefur sparað Álfélaginu, en ekki varið íslenska hagsmuni, eins og hæstv. félmrh. lýsti svo fjálglega fyrr í kvöld.

Hækkað orkuverð mundi ekki einungis tryggja hagkvæmt rafmagnsverð til almennings til húshitunar sem annars. Í allri þessari umræðu má ekki gleyma þeim sem hjá fyrirtækinu starfa og fjölskyldum þeirra, en um 700 fjölskyldur byggja afkomu sína á áframhaldandi rekstri fyrirtækisins.

Einn af þeim málaflokkum sem ég tel að vel hafi tekist til um er meðferð utanríkismála. Ólafur Jóhannesson utanrrh. hefur haldið á þeim málum af festu, en lipurð. Hvassir vindar hafa oft leikið um hann frá Alþýðubandalagsmönnum, en ávallt hafa þau mál snúist í höndum þeirra, enda er hjá þeim meira barist af kappi en forsjá.

Meðal þeirra mála sem heyra undir utanrrh. eru málefni Keflavíkurflugvallar og varnarliðsins. Það er samdóma álit þeirra sem í raun til þekkja, að ekki hafi um árabil betur til tekist um meðferð þeirra en nú. Tekist hefur að tryggja endurbætur á geymslu og löndun á olíuvörum varnarliðsins í samræmi við vilja Alþingis og óskir sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Unnið er áfram að málefnum flugstöðvarinnar þrátt fyrir óskiljanlega andstöðu ráðh. Alþb. gegn flugstöðinni. Það hefur áfram verið unnið að undirbúningi málsins og jafnframt hefur mótframlag Bandaríkjastjórnar til framkvæmda við flugstöðina fengist framlengt til 1. okt. n. k. Reikna má með að öllum undirbúningi verði lokið u. þ. b. er ný stjórn tekur við og því hafi framkvæmdir um byggingu flugstöðvarinnar í raun ekki tafist svo mikið. Hér er um stórmál að ræða, ekki einungis með tilliti til þeirrar auknu umferðar sem um Keflavíkurflugvöll er, bæði af íslenskum og erlendum aðilum, heldur er hér um að ræða nauðsynlega framkvæmd til að tryggja sem mestan aðskilnað hers og þjóðar. Utanrrh. hefur og lagt áherslu á að umfang framkvæmda á vegum varnarliðsins verði sem jafnast á milli ára til þess að framkvæmdir þessar hafi sem minnst áhrif á vinnumarkaðinn á Suðurnesjum.

Herra forseti. Ég get ekki lokið máli mínu án þess að fagna því að fyrir þingslit tókst að samþykkja frv. til stjórnskipunarlaga, sem stundum hefur verið nefnt formannasamkomulagið. Lög þessi tryggja íbúum suðvesturhorns landsins svipað vægi atkvæða og var eftir kjördæmabreytinguna 1959. Ég vil þakka formanni Framsóknarflokksins Steingrími Hermannssyni fyrir hans þátt í þessu máli. Mér er til efs að svo vel hefði tekist til við þetta samkomulag, sem er í raun sátt á milli landshluta, ef hans hefði ekki notið við við afgreiðslu þess.

Margt hefði betur mátt fara á valdatíma þessarar ríkisstj., en margt hefur líka verið vel gert. En í ljós hefur komið að vilji er ekki allt sem þarf. Það þarf líka kjark — kjark til þess að fylgja málum fram, kjark til þess að fylgja sannfæringu sinni. En síðast en ekki síst þarf heilindi — heilindi til þess að viðurkenna það sem miður hefur tekist, heilindi til þess að gera þjóðinni grein fyrir þeim vandamálum sem að steðja og ekki síst heilindi við samstarfsaðila sína. Vilji, kjarkur og heilindi er það sem þarf. Því hlýtur það að vera heilladrýgst að auka áhrif Framsóknarflokksins í komandi kosningum fremur en styrkja þá upplausn og þann klofning sem ríkjum ræður í hinum flokkunum og flokksbrotum.

Ég þakka áheyrnina og býð góða nótt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við alþm. getum varla verið stoltir af því þingi sem nú er að ljúka. Ég hef a. m. k. ekki setið annað þing þar sem gætt hefur meira ábyrgðarleysis og upplausnar. Að hluta stafar þetta af því að ríkisstj. hefur ekki haft nægan meiri hl. til þess að leiða þetta þing svo vel fari. Stjórnarandstaðan hefur notað sér þetta, skákað í því skjólinu og leikið sinn ábyrgðarlausa leik, að vísu með nokkurri aðstoð frá nokkrum Alþb.-mönnum þar sem gætt hefur vaxandi kosningaskjálfta.

Margar furðulegar yfirlýsingar hafa verið gefnar í þessum umræðum. Þó þótti mér það undarlegast þegar hinn nýi leiðtogi Sjálfstfl., Albert Guðmundsson, lýsti því yfir hér áðan að Íhaldið eitt væri alíslenskt.

Raunar má segja að þetta ástand blasti við þegar þingið kom saman s. l. haust. Því lagði ég þá ríka áherslu á að leitað yrði samstarfs við stjórnarandstöðuna um meðferð þingmála og kosningar. Þeir mættu til nokkurra funda, en þeir kusu ábyrgðarleysið. Ég gerði enn á ný tilraun til að fá slíkt samstarf þegar fiskverð var ákveðið um s. l. áramót. Jú, þeir mættu til fundar og þáðu að mega fylgjast með, en þeir lýstu því þá yfir í áheyrn alþjóðar að ábyrgðarleysið kysu þeir þó. Og þennan leik hafa þeir leikið á sama tíma og óðaverðbólgan hefur aukist og valdið atvinnuvegunum gífurlega miklum erfiðleikum.

23. apríl n. k. lýkur þessu stjórnarsamstarfi. Það er sjálfgefið að ríkisstj. segi af sér eftir þær kosningar. Margt hefur þessari ríkisstj. vel tekist, annað verr. Ræðumenn Framsóknarflokksins hafa rakið hin ýmsu málefni sem hafa verið til meðferðar og skal ég ekki lengja það. Ég vil aðeins nefna hluti eins og stórauknar framkvæmdir í vegamálum. Ég nefni jöfnun símakostnaðar og lagningu sjálfvirks síma. Ég nefni festu í utanríkismálum, ýmislegt ágætt í félagsmálum og síðast en ekki síst vil ég nefna árangursríka viðureign við verðbólguna fyrri hluta ársins 1981. Þá tókst, og það er ómótmælanlegt, að draga úr verðbólgu úr 60 í 40% og án þess að skerða kaupmáttinn. Satt að segja jókst hann. Þá sannaði niðurtalningin ágæti sitt. Þó er líklega eitt mesta afrek þessarar ríkisstj. að halda fullri atvinnu á sama tíma og atvinnuleysi hefur stóraukist í öllum nágrannalöndum okkar.

Því miður verðum við þó að viðurkenna að tilraunir til þess að ná fram áframhaldandi aðgerðum í efnahagsmálum hafa strandað í þrasi. Það er rétt, sem sagt er, að skrefin urðu síðan of lítil og of stutt. Afleiðingin er því yfir 70% verðbólga. Það er hins vegar alls ekki réttmætt að kenna ríkisstj. um þá erfiðleika alla sem við blasa. Það vita allir sem vilja viðurkenna það, að í kringum okkur hefur geisað gífurlega mikil kreppa sem að sjálfsögðu hefur teygt anga sína hingað til lands. Þá hefur eflaust það valdið enn meiri erfiðleikum hve mikill samdráttur hefur orðið hér í afla, um 16% samdráttur að verðmæti á síðasta ári, það munar um minna, og vísa ég jafnframt í þær tölur sem dómsmrh. nefndi hér áðan.

Vitanlega hefur þetta bitnað mjög á íslenskum sjávarútvegi. Þess vegna hefur verið gripið til fjölmargra aðgerða til þess að létta sjávarútveginum róðurinn. Afurðalánin voru hækkuð tímabundið 1981. Yfir 100 millj. voru endurgreiddar í vöxtum og gengismun 1981. Afurðalánum var breytt úr dollaralánum í lán með innlenda vexti og það tiltölulega lága vexti. Og ég nefni einnig skuldbreytinguna, sem á tveimur árum er orðin um 700—800 millj. kr.

Íslenskur sjávarútvegur á þó enn í erfiðleikum, en því veldur fyrst og fremst sú mikla óðaverðbólga sem við eigum nú við að stríða. Enginn atvinnuvegur þolir það ástand sem hér er nú í verðbólgumálum. Erfiðleikum veldur einnig tregur afli. Því miður hefur hann ekki glæðst sem nokkru nemur þó við vonum hið besta, en þetta veldur miklum erfiðleikum. Erfiðleikum veldur einnig sú staðreynd að skreiðarsalan hefur nánast stöðvast og miklar skreiðarbirgðir eru í landinu og rekstrarfjárskortur er gífurlegur.

Ríkisstj. hefur gert og mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að láta erfiðleikana ekki leiða til stöðvunar og atvinnuleysis. Úttekt hefur verið gerð á rekstri fjölmargra fyrirtækja og með þeim unnið að því að lagfæra reksturinn, hagræða og endurskipuleggja þessi fyrirtæki fjárhagslega. Lán hafa verið veitt í þessu skyni og aukin lán munu verða veitt á næstunni til þess að koma í veg fyrir að þessir erfiðleikar í sjávarútvegi

valdi stöðvun og atvinnuleysi.

Ríkisstj. er ákveðin í því að aðstoða þau fyrirtæki sem á annað borð hafa rekstrargrundvöll. Þetta verður gert þrátt fyrir það að sú holskefla hækkana sem yfir gekk í kringum 1. mars s. l. veldur miklum erfiðleikum. Ég vil leggja á það ríka áherslu að þessu verður ekki bjargað til lengdar ef ekki tekst að ná tökum á verðbólgunni.

Garðar Sigurðsson sagði hér áðan réttilega að sjávarútvegi eða íslenskum þjóðarbúskap yrði ekki bjargað með fjölgun skipa. Þetta er alveg hárrétt hjá honum. En það skiptir máli hvort skip þessi eru erlend eða innlend, hvort þau eru smíðuð í raðsmíð eða eftir einhverjum öðrum leiðum. Mér þótti hann satt að segja vega nokkuð þungt að iðnrh., sem hefur leitast við að skapa skipasmíðastöðvunum verkefni. Ég hef lagt áherslu á að viðhalda flotanum og ég vara við því ef það verður ekki gert. Við eigum að sækja fiskinn á fullkomnum bestu skipum.

Garðar Sigurðsson nefndi einnig áðan að lausn á þessum málum öllum væri hið svokallaða kvótakerfi. Garðar Sigurðsson veit mætavel að áhersla hefur verið lögð á að ná breiðri samstöðu með hagsmunaaðilum um stefnuna í sjávarútvegi. Enginn þessara aðila hefur fylgt fram hugmyndum um kvóta á allar þorskveiðar, enda er nánast ógerningur að ákveða fjölda þorska, ef ég má orða það svo, á skip allt frá trillum upp í stærstu togara. Staðreyndin er sú, að erfiðleikar í sjávarútvegi stafa fyrst og fremst, eins og ég hef áður sagt, af efnahagsástandinu sem ríkir í þessu landi.

Við framsóknarmenn höfum undanfarna mánuði tekið þátt í því að endurskoða kosningalögin og þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem nauðsynlegt er að endurskoða í því sambandi. Ég vil lýsa ánægju minni með það samkomulag sem hefur náðst. Ég vek athygli á því að andstæðingar þessa samkomulags skiptast í tvo hópa: Annars vegar eru þeir, sem telja of langt gengið til þess að leiðrétta það misvægi sem er orðið á milli atkvæða í þéttbýli og dreifbýli, og hins vegar hinir, sem telja allt of skammt gengið. Líklega eru engin betri meðmæli með þessu samkomulagi en þessi staðreynd.

Í þessu sambandi hafa Alþb. og stjórnarandstaðan lagt á það mjög mikla áherslu að þing verði kvatt saman sem allra fyrst eftir fyrri kosningarnar og efnt til annarra kosninga fljótlega. Satt að segja þykir mér ekki karlmennskan mikil þegar forustumenn þessara flokka afneita þessari skoðun sinni nú. Bæði formaður Alþb. og formaður Sjálfstfl. lýstu því hér heiðarlega í umræðu um þessar breytingar að þeir vildu kosningar sem allra fyrst. Við framsóknarmenn höfum út af fyrir sig ekkert á móti kosningum fljótlega, en við teljum það óðs manns æði að etja þjóðinni út í hálfs árs kosningabaráttu og taka á meðan ekki á efnahagsmálunum. Því leggjum við áherslu á að mynduð verði sterk ríkisstjórn, sem tekur á efnahagsmálunum. Sú ríkisstjórn getur vitanlega kvatt saman þing og þarf enga samþykkt héðan til þess og hún getur efnt til kosninga þegar henni þykir aðstaða vera til slíks.

Mér þótti satt að segja koma úr hörðustu átt hjá Birgi Ísleifi hér áðan þegar hann fyrir fram ber á mig að ekki verði staðið við það sem ég sagði. Þetta segir maðurinn sem belgdi sig út ásamt öðrum sjálfstæðismönnum hér í haust og kvaðst mundu fella brbl. ríkisstj. við fyrsta tækifæri. Síðan sá alþjóð hvernig þeir sátu hér með hendur í skauti sér og horfðu niður.

Ég verð að viðurkenna að ýmislegt í efnahagsmálum hefur valdið okkur framsóknarmönnum miklum vonbrigðum. Það verður ekki haldið lengur áfram á þeirri braut að stöðva ýmsar mikilvægar breytingar sem verður að gera. Við viljum engin undanbrögð. Við leggjum því áherslu á að aðgerðir í efnahagsmálum verði lögbundnar — aðgerðir sem draga úr verðbólgu, aðgerðir sem stöðva erlenda skuldasöfnun, aðgerðir sem treysta grundvöll atvinnuveganna og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Við teljum jafnframt rétt að breyta vísitöluviðmiðun þannig að víxlverkun verðlags og launa verði miklu minni en hún er nú. Um slíka stefnu erum við reiðubúnir til samstarfs.

Góðir Íslendingar. Í 40 ár höfum við Íslendingar búið við hagsæld og vaxandi hagvöxt. Að verulegu leyti má þakka þetta framförum á sviði vísinda og tækni og ítrustu nýtingu náttúruauðæfa. En það er alls ekki sjálfgefið að svo haldi áfram. Við erum auðugir, Íslendingar. Við eigum að leggja áherslu á að verja þennan auð. Við eigum að draga úr lífskjarakapphlaupinu. Við eigum að sækja fram til betra mannlífs. Þar er mikið að vinna. Þar er framtíðin björt. Þetta er framsóknarstefnan.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Nú erum við Íslendingar þjóð á tímamótum. Undanfarinn áratug hefur sífellt sigið meira á ógæfuhliðina í íslenskum efnahagsmálum. Snúningur verðbólgu- og vísitöluhringekjunnar hefur orðið hraðari með hverju árinu, uns nú stefnir í fullkomið óefni. Við erum komin í ógöngur eftir þriggja ára samstjórn Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl. Þjóðfélagið er búið að þrautreyna allar þær leiðir sem þeir hafa upp á að bjóða. Þeirra ráð hafa reynst okkur óráð. Þess vegna þarf nú að fara nýjar leiðir, taka upp nýja stefnu. Það bjóðast nefnilega betri leiðir.

Alþfl. hefur markað skýra stefnu, gerbreytta efnahagsstefnu frá því sem nú er, nýja atvinnustefnu, afkomutryggingu heimilanna, lífskjaratryggingu, nýja sókn til farsældar og framfara.

Hvað, hlustendur góðir, hefur einkennt undanfarin þrjú ár, samstjórnarár þeirra Svavars, Steingríms og Gunnars? Vaxandi verðbólga, verðhækkanir upp úr öllu valdi, kjararýrnun, afkomu íslenskra heimila og atvinnuöryggi þorra fólks er nú stefnt í hættu.

Ríkisstj. missti starfhæfan meiri hluta á miðju síðasta sumri. Stjórnarfarslegt þrátefli og sjálfhelda hafa sett svip á þingstörfin í vetur. Alþingi hefur sætt ámæli fyrir. En sökin er forsrh. og stjórnarflokkanna, sem virtu leikreglur lýðræðis og þingræðis að vettugi valdanna vegna. Þeir hafa sannarlega fengið að spreyta sig, en þeir féllu á prófinu.

Þegar slíkt ástand skapast, sem hér hefur ríkt undanfarna mánuði, þá hefur það auðvitað sín áhrif um gervallt þjóðfélagið. Þá myndast jarðvegur sem skrum og gaspur geta blómstrað í. Innihaldslausar upphrópanir fá hljómgrunn. Auðveldast af öllu er að tala eins og hver vill heyra, oft meiningar- og merkingarlaust þegar betur er að gáð. Þetta getur vissulega haft hættu í för með sér, svo mikið hefur sagan kennt okkur. Þótt pólitískir upphlaupsmenn vaði nú elginn íklæddir hinum nýju fötum keisarans úr ævintýrinu góða, þá bjargar það auðvitað ekki neinu, jafnvel þótt hinir sömu þykist

nú ætla að frelsa þjóðina frá flokkunum með því að stofna nýjan flokk þar sem hið tvöfalda siðgæði virðist eiga að skipa öndvegi. Þar er ekkert nýtt að finna, hvorki nýjar lausnir né nýjar leiðir, enda leikurinn ekki til þess gerður. Okkur er áreiðanlega margs vant á mörgum sviðum, en það er örugglega ekki þetta sem okkur er nú brýnast.

Til er hugtakið „pólitískt hugrekki", en það getur verið með ýmsum hætti. Það þarf pólitískt hugrekki til að grípa hvað eftir annað til kjaraskerðingar án þess að gera nokkuð annað, eins og Alþb. hefur gert í þessari ríkisstj. Það þarf líka pólitískt hugrekki til að brjóta niður húsnæðislánakerfið, eins og Alþb. hefur tekist. Það þarf pólitískt hugrekki til að hygla flokksgæðingum, eins og Framsfl. undir forustu Steingríms Hermannssonar hefur svo eftirminnilega gert í þessari ríkisstj. Og það þarf pólitískt hugrekki til að koma hér í þennan ræðustól og segja ykkur, hlustendur góðir, frá niðurtalningunni, eins og formaður Framsfl. gerði hér áðan. Það þarf pólitískt hugrekki til að bera ábyrgð á Iscargo-hneykslinu og öllu sem því fylgdi.

Þeir sjálfstæðismenn hafa leikið hér sérkennilegan trúðleik í kvöld, eins og staða þess flokks raunar gefur tilefni til. Þið heyrðuð ræðu Gunnars Thoroddsens, þið heyrðuð ræðu Alberts Guðmundssonar. Þessir menn biðja ykkur um að kjósa Sjálfstfl., en ég spyr og ég veit að þið spyrjið líka: Hvaða Sjálfstfl.? Sjálfstfl. Gunnars, Friðjóns og Pálma eða Sjálfstfl. Sverris, Geirs og Alberts? Hvaða Sjálfstfl.? Þennan mjúka og manneskjulega eða þennan harða og óbilgjarna? Báknið burt eða báknið kjurt. Hvaða Sjálfstfl.? Því get ég ekki svarað og ég er sannfærður um að þið eigið erfitt með að svara því líka.

Það þarf pólitískt hugrekki til að leika tveimur skjöldum, til að svíkjast undan merkjum og sitja í ríkisstjórn í trássi við leikreglur lýðræðis og þingræðis. Það þarf pólitískt hugrekki til að segja: allt, sem miður hefur farið, er öðrum að kenna, ekki okkur, sem setið höfum í stjórn landsins, eins og þeir Gunnarsmenn hafa gert. En nú spyr ég ykkur: Er það pólitískt hugrekki eða kannske pólitískur heigulsháttur af þessu tagi sem við þurfum á að halda? Svarið er auðvitað nei og aftur nei. Nú þurfum við öll að hafa pólitískt hugrekki í jákvæðri merkingu. Pólitískt hugrekki til að horfast í augu við staðreyndir, til að horfast í augu við gífurlegan efnahagsvanda, vaxandi horfur á atvinnuleysi, óheyrilega erlenda skuldasöfnun, m. a. vegna eyðslu og óráðsíulána til að fjármagna hallarekstur ríkisfyrirtækja.

Við þurfum að taka okkur tak, Íslendingar. Nú þarf að endurreisa heilbrigt efnahagslíf, láta einstaklinga og samtök standa ábyrg gerða sinna. Ábyrgð, en ekki ábyrgðarleysi. Nú þarf nýja atvinnustefnu. Það þarf að gera uppskurð á kerfinu og taka upp gjörbreytta efnahagsstefnu. Það bjóðast vissulega betri leiðir en þær sem þeir herrar hafa valið sem landinu hafa stjórnað að undanförnu.

Enn á ný pólitískt hugrekki: Alþfl. sagði hingað og ekki lengra haustið 1979 og sleit stjórnarsamstarfi við Framsfl. og Alþb. Þá var þrautreynt að það var ekki hægt að ná samkomulagi við þá um skynsamlega efnahagsstefnu. Þá stóðum við Alþfl.-menn fast á okkar stefnu. Það gerum við enn og munum gera.

Með afkomutryggingu heimilanna, lífskjaratryggingu og nýrri atvinnustefnu getum við treyst þann grundvöll sem allt líf í þessu landi hvílir á. Við verðum að nýta þau verðmæti sem nú fara til spillis, taka upp nýja fjárfestingarstefnu og veita fé í það sem er arðbærast okkur og afkomendum okkar. Við eigum ekki að skila þeim skuldum einum. Við eigum að skila þeim betra landi og betra lífi. Þannig skulum við í anda hinnar sönnu jafnaðarstefnu horfa saman til farsællar framtíðar. — Þökk sé þeim er hlýddu. Góðar stundir.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það hefur margt verið sagt hér í kvöld. Það var til dæmis athyglisvert að heyra Ragnar Arnalds fjmrh. tala um kreppuna í útlöndum. Hann hefði mátt líta sér nær. Veit hann ekki að ungt fólk á Íslandi getur ekki komið sér þaki yfir höfuðið eða er að kikna undir því verkefni? Veit hann ekki að það eru dæmi um að íslenskt launafólk verði að leita til hjálparstofnana til þess að geta komist af? Veit hann ekki að launafólk, smáatvinnurekendur og fyrirtæki geta ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar? Íslendingar vilja vera skilamenn, en þeir eru að kikna undir því núna. Þetta hefði Ragnar Arnalds mátt ræða. Hann hefði líka mátt hafa orð á atvinnuleysinu á Suðurnesjum. Af þessu fólki höfum við Alþfl.-menn áhyggjur.

Steingrímur Hermannsson kvartaði hér áðan undan efnahagsástandinu. Hann hefði mátt ræða hvern hlut togarainnflutningur hans sjálfs hefur átt í að skapa þetta efnahagsástand. A. m. k. 17% gengisfellingu og tilsvarandi verðbólgu má rekja til togarainnflutnings Steingríms Hermannssonar. Hann hefði líka mátt ræða hvers vegna íslenskt þjóðfélag er þannig, að bændur slíta sér út á meðan vinnslustöðvar og milliliðir græða á tá og fingri og byggja hverja höllina á fætur annarri.

Þeir Svavar Gestsson og Ragnar Arnalds börðust um hér áðan vegna ÍSALmálsins. Það mál er mjög einfalt. Málið er nefnilega það, að í rúmlega tvö ár hefur Hjörleifur Guttormsson iðnrh. verið með málið án þess að ná nokkrum árangri. A slíku háttalagi höfum við Íslendingar ekki efni. Við höfum tapað á þessu gífurlegum fjárhæðum og við höfum einfaldlega ekki efni á því að tapa meira. Þess vegna verður að taka málið úr höndum ráðh. til þess að firra okkur meira tapi. Það þýðir ekkert að kvarta og kveina, eins og þeir gerðu hér áðan félagar, Svavar Gestsson og Ragnar Arnalds, undan því að Alusuisse-menn séu vondir menn. Þeir Alusuisse-menn eru auðvitað að verja sína hagsmuni. Við eigum árangurinn ekki undir þeim. Við eigum árangurinn einungis undir málafylgju okkar sjálfra. Það er það sem hefur mistekist hjá hæstv. iðnrh.

Þeir framsóknarmenn hafa mótmælt því hér í umr. og reyndar seinustu daga að þing komi fljótlega saman eftir kosningar. Þeir segjast vilja láta kjósa, en þeir vilja ekki að nýtt þing komi saman. Og þeir hótuðu meira að segja að fara úr ríkisstj. út af þessu. Það er áreiðanlega einsdæmi að flokkur hóti að fara úr ríkisstj. af því að þing eigi að koma saman. En úr þessari hótun varð auðvitað ekki neitt frekar en öðrum hótunum framsóknarmanna í þessari ríkisstj. öll árin sem hún hefur setið. Annað mál er það hvenær eigi að kjósa öðru sinni. Við Alþfl.-menn teljum að úrlausn efnahagsmála verði að hafa forgang og tímasetning seinni kosninga verði að ráðast af því. En einmitt af því að það verður að taka á efnahagsmálunum á þingið að koma saman fljótlega eftir kosningar. Svo einfalt er það mál.

Við stöndum að ýmsu leyti á tímamótum núna, Íslendingar. Þau efnahagsráð, sem fylgt hefur verið, eru komin í þrot. Allan síðastliðinn áratug hefur verið að halla á ógæfuhliðina og nú keyrir um þverbak. Það er athyglisvert að þennan áratug og vel það eða reyndar s. l. 12 ár, þá hafa þrír flokkar, nefnilega Framsóknarflokkurinn, Alþýðubandalagið og sjálfstæðismenn, skipst á um að vera í ríkisstjórn. Framsfl. hefur setið öll árin 12 í ríkisstjórn. Alþb. í 8 ár og sjálfstæðismenn hafa verið 8 ár í ríkisstjórn af þessum 12 árum. Það eru því þessir flokkar sem bera ábyrgð á þróuninni undanfarinn áratug. Þeir hafa fengið að ráða. Árangurinn blasir við. Hann er þessi: 70% verðbólga, erlendar skuldir sem nema nú um helmingi af árlegum þjóðartekjum og greiðsluþrot hjá fólki og fyrirtækjum og vandræði hjá ungu fólki við að koma sér fyrir.

Það sjá auðvitað allir að það breytir engu, ef þessir flokkar eða menn eiga að stjórna áfram, hvort heldur þeir taka saman höndum Ólafur Jóhannesson og Geir Hallgrímsson, eins og þeir gerðu 1974—1978 og frægt er orðið, eða þeir Svavar Gestsson og Steingrímur Hermannsson, eins og núna er. Hvort heldur sem verður þýðir einungis sama áframhald á þeirri þróun sem við höfum lifað við undanfarinn áratug. Ráð þessara manna, þessara flokka, hafa verið reynd. Þau hafa ætíð og ævinlega verið einungis til bráðabirgða, oftast vísitölublekkingar, og þessi ráð þeirra hafa skilað þeim árangri að við búum við það ástand sem nú ríkir.

Í rúmlega eitt ár á þessu 12 ára tímabili átti Alþfl. aðild að ríkisstj. og þá var reynt að þröngva Alþfl. til að beita sömu ráðum og hinir flokkarnir hafa notast við fyrr og síðar. Því neitaði Alþfl. Hann krafðist gerbreyttrar efnahagsstefnu og hann stóð á stefnu sinni, en seldi hana ekki fyrir ráðherrastóla eins og hinir flokkarnir hafa leikið æ ofan í æ og eru enn að. Við töldum það, Alþfl.-menn, ábyrgðarleysi að sitja í ríkisstj. án þess að stjórna, að sitja án þess að ná árangri, eins og núv. ríkisstj. ástundar. Slíkt er ekki Alþfl. að skapi því hann krefst árangurs.

Já, góðir hlustendur. Það eru fullreynd ráð þeirra Alþb.-manna, framsóknar- og sjálfstæðismanna. Vilji menn breytingu er ráðið ekki að endurnýja umboð þessara flokka né heldur að kjósa ný framboð, sem munu reynast áhrifalítil á Alþingi jafnvel þótt þau fengju þingmenn kjörna. Ráðið er að veðja á Alþfl. og knýja fram gerbreytta efnahagsstefnu. Alþfl. er eini valkosturinn til að ná fram slíkum breytingum.

Við Íslendingar verðum vitaskuld að horfast í augu við staðreyndirnar núna. Það duga engin gylliboð og þau munu ekki koma frá okkur Alþfl.-mönnum. Nú verður að leggja hagsmunapotið og togstreituna til hliðar. Málið snýst um að brjótast úr vítahring erlendrar skuldasöfnunar og verðbólgu. Málið snýst um að tryggja afkomu okkar allra og framtíð í þessu landi. Málið snýst um að nýta skynsamlega þá peninga sem við höfum á milli handanna, en ekki í ævintýramennsku, Kröflufjárfestingar, óþarfa togara eða óarðbæra fjárfestingu.

Fyrsti áfanginn verður erfiður og mun krefjast samstöðu og þá mun reyna á styrk Íslendinga. — Og við skulum viðurkenna að vísitölukerfið hefur gengið sér til húðar. Það tryggir nú orðið útgjöldin frekar en launin eða kaupmátt launanna. Þetta kerfi úthlutaði hátekjumönnum heilum verkamannalaunum í launahækkun um s. l. áramót. Krukk í vísitölukerfið dugar ekki heldur. Það er margsannað. Vísitölufrv. hæstv. forsrh. með dyggum stuðningi Framsóknar var besta dæmið um það, þar sem átti að lækna 70% verðbólgu með 5% árangri. Við verðum að fara nýjar leiðir til þess að vernda hag launafólks. Í stað vísitölukerfisins verður að koma samningur um launaþróun og afkomutryggingu — afkomutryggingu sem verndar hag launafólksins. Við skulum viðurkenna að við getum ekki fjárfest um efni fram og hengt okkur þannig í ól erlendra skulda. Það er auðvelt að segja já við öllum kröfum og óskum, en nú verða menn að kunna að segja nei, menn verða að kunna að velja og hafna, og það er það sem hefur skort þennan áratug. Það er enn ekki of seint að grípa í taumana og byrja að stjórna, en það getur orðið of seint ef beðið er öllu lengur.

Gömlu ráðin duga ekki. Það þarf gerbreytta efnahagsstefnu — stefnu sem snýr til framtíðarinnar. Við þurfum að taka upp nýja atvinnustefnu. Við verðum að stokka upp í ríkisbúskapnum, hindra bruðl og sukk og komast fyrir skattsvik með nýju skattkerfi. Við verðum að endurreisa ábyrg samskipti milli allra aðila þjóðfélagsins. Þetta er stefna Alþfl. Við getum treyst atvinnuna í þessu landi, ef við nýtum peningana í að skapa arðbær störf í stað þess að þeir fari í rangar fjárfestingar, og við getum náð okkur úr verðbólgu og dýrtíðarfarinu ef við sameinumst um það, ef það er stjórnað í stað þess að hrekjast.

Við getum haft það lífvænlegt í þessu landi, en þá þarf að skipta um stefnu. Það bjóðast betri leiðir en Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og sjálfstæðismenn hafa farið í samkrulli sínu s. l. 12 ár. Alþfl. býður þessar leiðir. Þær fela í sér afkomutryggingu, nýja atvinnustefnu, ábyrg samskipti allra aðila í þjóðfélaginu. Á þeim grunni skulum við standa vörð um velferðarþjóðfélagið og vinna að auknu jafnrétti og öryggi. Það er markmið Alþýðuflokksins.

Herra forseti. Kosningar eru á næsta leiti. Þær geta orðið örlagaríkar. Spurningin er hvort menn vilja breytingu á stjórn þjóðarskútunnar. Með því að kjósa Alþfl. geta menn tryggt kaflaskil í stjórn efnahagsmála, nýja og betri tíma. Við Alþfl.-menn stöndum á stefnu okkar og við krefjumst árangurs, ekki bara af öðrum heldur líka af okkur sjálfum. Því geta menn treyst. Það höfum við sannað og það er meginmálið. — Góðar stundir.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fram undan eru erfið ár — tímar sem krefjast ábyrgðar og hreinskilni, forustu, samstöðu og sóknar. Reynsla milljóna í nágrannalöndum okkar sýnir okkur að vofur atvinnuleysisins, kjaraskerðingar og niðurskurðar á félagslegri þjónustu bíða við næsta horn. Íslendingar, sem hafa kosið okkur sem erum í þessum sal til ábyrgðar, eiga kröfu á það að flokkarnir sýni á slíkum tíma samstöðu og innri styrk, en því miður er það þannig, eins og umr. hér í kvöld hefur sýnt, að innan hinna flokkanna þriggja ríkir nú upplausn og ágreiningur.

Í Sjálfstæðisflokknum er vopnaglamrið í algleymingi. Gunnar birtist hér enn í kvöld í baráttu við Geir — og hvað gerði Albert svo? Hann kom upp og skammaði Gunnar. En utan þingsins bíður unga leiftursóknarsveitin með kenningar Thatchers og Reagans að vopni.

Hásetarnir hjá Verslunarráðinu og VSÍ bíða óþreyjufullir eftir því að komast hér inn í þingsalina eftir kosningar til þess að skora gömlu fyrirgreiðslujálkana í þingflokknum á hólm.

Og Alþfl. Hvað gerði Kjartan, sem var að tala hérna áðan? Hann rak Benedikt í útlegð. Og hvað gerði Karvel? Hann vó Sighvat úr launsátri. Og hvað gerði Jón Baldvin? Hann bíður eftir því að finna höggstað á Kjartani. Og Vilmundur? Vilmundur hljóp bölvandi burt þegar hann tapaði með sjö atkv. mun í vegtyllukosningu fyrir Magnúsi Magnússyni. Svo kemur hann hér í kvöld og segir: Það eru allir flokkarnir eins. Eru þeir allir eins? Hvar var Vilmundur þegar við börðumst heila nótt við álflokkana hér á Alþingi? Hvar var Vilmundur þegar við börðumst gegn vísitölufrv. Gunnars og Framsóknar? Ekki hér í þinghúsinu. Og hvar er Vilmundur í ágreiningnum um NATO? Hann er í miðri NATO-sveitinni, erfðaprins gamla NATO-kjarnans í Alþýðuflokknum, dyggur og trúr gömlu hugsjóninni. Svo kemur þessi maður hér í kvöld og segir: Ég boða ykkur nýja stefnu. Það eina sem gerðist var það, að fyrir fjórum mánuðum tapaði hann í vegtyllukosningu í Alþfl. með sjö atkv. mun.

Og Framsóknarflokkurinn. Þar hefur það nú gerst að þm. bjóða fram klofningsframboð hver gegn öðrum og hin þjóðlega rót frá tímum Hermanns og Eysteins er nú orðin að herleiðingu í þágu hagsmuna Alusuisse. Tómas Árnason birtist í ræðustól Ed. á föstudagskvöld og tilkynnti að að loknum næstu kosningum mundi Framsóknarflokkurinn mynda ríkisstjórn með Íhaldi, nýja íhaldsríkisstjórn, líkt og Ólafur Jóhannesson myndaði fyrir Geir Hallgrímsson forðum. Það er sterka stjórnin sem Steingrímur Hermannsson var að tala hér um fyrr í kvöld. Hann er meira að segja búinn að sætta sig við að Ólafur Jóhannesson eigi að vera forsrh. í þessari nýju stjórn.

Utan þings eru svo sveitir kvenna og karla að leita inngöngu í þetta hús í krafti sundurlyndis meðal þjóðarinnar.

Það er staðreynd að Alþb. er eini flokkurinn sem gengur til þessara kosninga heill og óklofinn. Alþb. er eini flokkurinn sem kemur fram sem órofin sveit. Engu að síður var klofningur hinna okkur áhyggjuefni, því að þjóðin þarf nú á því að halda að hér sé eining og sterk forusta, eining um íslenska leið út úr þeim erfiðleikum sem við blasa. Sú íslenska leið felur í sér virka atvinnustefnu í stað þeirrar leiftursóknar sem Verslunarráðið boðar nú. Hún felur í sér íslenskt forræði yfir auðlindum í stað arðráns útlendra auðhringa. Hún felur í sér félagslegan jöfnuð og velferðarþjónustu í stað markaðsdrottnunar hinna sterku. Hún felur í sér frið og afvopnun í stað vígbúnaðar og herstöðva. Það er sú íslenska leið sem við boðum, grundvöllur sóknar og samstöðu í íslensku þjóðfélagi á næstu árum.

Alþýðubandalagið býður í einlægni öllum almenningi í landinu til umr. og þátttöku í sköpun þeirrar einingar. Við höfum sýnt ábyrgð og hollustu í þessari ríkisstj. Það er vissulega rétt að við erum ekki alls kostar ánægðir með allt það sem þar hefur gerst. En engu að síður er það staðreynd að Ísland er eina landið í Evrópu sem tekist hefur að verja gegn atvinnuleysinu. Ísland er eina landið í Evrópu þar sem félagslegur jöfnuður, framlög til menningar og mennta hafa aukist að raungildi, og Ísland er eina landið í Evrópu þar sem tekist hefur að snúa halla á ríkisfjármálum á réttan kjöl á skömmum tíma. Á þessum sviðum hefur vel tekist. Á þessum sviðum höfum við haft forustuna.

Það er á grundvelli þessarar reynslu sem við teljum að við séum bærir til þess að meta hvaða leið sé best fyrir íslensku þjóðina þegar markaðskreppur kreppa að, þegar hrun verður á skreiðarmörkuðum erlendis, þegar sjávarafli minnkar og þegar þrengir að stóriðjunni í landinu. En við vörum kröftuglega almenning í landinu, launafólk og ungt fólk, við þeirri leiftursóknarstefnu, sem birtist nú hjá nýju öflunum í Sjálfstfl., og við biðjum umbótasinna og félagshyggjufólk, vinstrimenn og verkalýðssinna, raunverulega jafnaðarmenn og alla þá sem unna auknu lýðræði í landinu að hugleiða hætturnar sem felast í því að dreifa kröftunum þegar íhaldið sækir nú fram hér á landi og um allan heim. Þá síst á vinstra fólk á Íslandi að dreifa kröftunum. Þess vegna býður Alþb. nú til umr. um víðtækt einingarafl um samstöðu okkar allra í stað sundrungar. Við boðum íslenska leið sem setur á oddinn eflingu atvinnulífsins, aukna og fjölþætta útflutningsstarfsemi, varðveislu félagslegra réttinda, eflingu menningar og almennrar velferðar. Og við vörum, eins og hér hefur verið gert í kvöld, við áhrifum erlendra stóriðjurisa sem kappkosta arðrán um heim allan, sem knýja smáþjóðir eins og okkur til að selja orkuna á gjafverði á grundvelli úreltra samninga sem skammsýnir menn gerðu fyrir mörgum árum.

Baráttan við álhringinn er ekki aðeins brýnt hagsmunamál. Hún er þjóðfrelsismál. Hún er spurningin um rétt lítillar þjóðar til þess að sækja arðinn frá eigin auðlindum. Því miður hafa sundrungaröflin í hinum flokkunum myndað varnarsveit í þágu Alusuisse, sem hér hefur birst í kvöld og veikt þannig möguleika Íslendinga til að ná samningum. Skammsýni þessara manna getur reynst okkur dýrkeypt. Það er því brýnt að þjóðin grípi í taumana á næstu vikum og dragi álflokkana þrjá burt úr herbúðum Alusuisse.

Þetta er okkar þjóðfrelsisbarátta. Hún á að tengjast friðarbaráttu um heim allan, þar sem milljónir í Evrópu og Bandaríkjunum hafa nú tekið höndum saman í baráttunni gegn vígbúnaðarkapphlaupinu, því risaveldin hafa nú tortímingu jarðarinnar í höndum sér, og annað þeirra, eins og við vitum, hefur í áratugi búið sér víghreiður hér á Íslandi. Stefna Alþb. í þeim efnum er ljós og hún er skýr, en hún dugir ekki hér ein sér til árangurs. Þess vegna verður nú að mynda breiðfylkingu um áfanga í friðarbaráttu — áfanga sem fela í sér bann við öllum frekari vígbúnaði á Íslandi, fela í sér löggjöf um þátttöku Íslands í kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum og bann við því að kjarnorkubátar sigli um fiskimið okkar, því geislavirkni getur á örskotsstund gereyðilagt dýrmætustu auðlindir okkar.

Góðir Íslendingar. Sjálfstæðið er dýrmætur fengur. Áratugum saman var í þessu húsi settur fram sá draumur forfeðranna að það gæti orðið að veruleika. Sjálfstæði, friður og farsæld voru þær framtíðaróskir sem fluttar voru í þessum stól. En sundrungin ógnar nú sjálfstæði þjóðarinnar. Næstu ár knýja því á um einingu, um kröftugar athafnir, um samstöðu og sókn. Alþb. hefur sýnt það öðrum fremur að við setjum á oddinn umræðu um sköpun slíkrar einingar — einingar gegn því að framkvæma hér erlendar íhaldskenningar, einingar gegn ítökum erlends hers, einingar gegn arð-

ráni erlendra stóriðjufyrirtækja, einingar sem byggist á samstöðu um íslenska leið út úr þeim erfiðleikum sem við blasa. En við sköpum þá einingu ekki nema almenningur í landinu veiti okkur liðsinni. Þess vegna skulum við öll taka höndum saman Íslandi til heilla. — Góða nótt.

Þingrof og þinglausnir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Þar eð Alþingi, er nú situr, 105. löggjafarþing, hefur samþykkt frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, ber samkv. 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samkv. þessu er Alþingi hér með rofið, frá og með 23. apríl 1983. Jafnframt er ákveðið að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, laugardaginn 23. apríl 1983. Hér með veiti ég forsrh. umboð til þess að slíta Alþingi, 105. löggjafarþingi, mánudaginn 14. þessa mánaðar.

Gjört á Bessastöðum, 14. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen."

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi, sem nú situr, er slitið.

Var síðan af þingi gengið.

Viðauki

Yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið yfir frá 11. okt. til 18. des. 1982 og frá 17. jan. til 14. mars 1983, alls 126 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	67
Í efri deild	71
Í sameinuðu þingi	66
Alls	204

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. **Stjórnarfrumvörp:**			
a. Lögð fyrir neðri deild	37		
b. Lögð fyrir efri deild	37		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2		
		76	
2. **Þingmannafrumvörp:**			
a. Borin fram í neðri deild	65		
b. Borin fram í efri deild	19		
		84	
			160

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	36		
Þingmannafrumvörp	16		
		52	
b. Frv. til stjórnarskipunarlaga		1	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Stjórnarfrumvarpi		1	
d. Felld:			
Þingmannafrumvörp		3	
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	39		
Þingmannafrumvörp	64		
		103	
			160

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	68	
b. Borin fram í neðri deild	1	
c. Borin fram í efri deild	1	
		70

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	15
b. Felld	1
c. Tekin aftur	1
d. Ekki útræddar	53
	70

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi 47. Sumar eru fleiri saman á þingskjali svo málatala þeirra er ekki nema 30.

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema	12
Mál til meðferðar í þinginu alls	260
Skýrslur ráðherra voru	5
Tala prentaðra þingskjala	668